Sþ. # 1. Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 1936.

(Lagt fyrir Alþingi 1935).

I. KAFLI.

Tekjur:

1. gr.

Árið 1936 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Ætlað er á, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	370000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	1950000	
3.	Lestagjald af skipum	50000	
			2370000
4.	Aukatekjur	620000	
5.	Erfðafjárskattur	50000	
6.	Vitagjald	470000	
7.	Leyfisbréfagjöld	25000	
8.	Stimpilgjald	500000	
9.	Stimpilgjald af ávísunum og kvittunum	150000	
10.	Bifreiðaskattur	380000	
			2195000
11.	Útflutningsgjald	700000	
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	630000	
	Flyt ...	1330000	4565000

			kr.	kr.
		Flutt ...	1330000	4565000
13.	Tóbakstollur		1380000	
14.	Kaffi- og sykurtollur		900000	
15.	Annað aðflutningsgjald		50000	
16.	Vörutollur		1250000	
17.	Verðtollur		1130000	
				6040000
18.	Gjald af innlendum tollvörum			420000
19.	Skemmtanaskattur			150000
20.	Veitingaskattur			100000
		Samtals ...	... ...	11275000

3. gr.

				kr.	kr.
		A.			
Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:					
1.	Rekstrarhagn.	póstsjóðs		53860	
2.	—	landssímans		423000	
3.	—	áfengisverzlunar		750000	
4.	—	tóbakseinkasölu		600000	
5.	—	ríkisútvarps		77000	
6.	—	ríkisprentsmiðju		60000	
7.	—	landssmiðju		10000	
8.	—	Vífilsstaðabús		5000	
9.	—	Kleppsbús		5000	
10.	—	Reykjabús		4000	
			Samtals ...	... ...	1987860
		Sundurliðun.			
		1. Póstsjóður.			
I.	Tekjur				650000
II.	Gjöld:				
	1. Laun:				
	a. Eftir launalögum		100000		
		Flyt ...	100000	... ...	650000

		kr.	kr.
	Flutt ...	100000	 650000
b.	Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	75000	
c.	Bréfhirðingamenn	23000	
			198000
2.	Póstflutningar		250000
3.	Annar kostnaður:		
a.	Skrifstofukostnaður í Reykjavík, eftir reikningi	22500	
b.	Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur	28500	
c.	Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	13000	
d.	Önnur gjöld	80000	
e.	Fyrning húsa (sjá 20. gr.)...	4140	
			148140
			596140
	Fært á 3. gr. A. I. 1		 53860
	2. Landssíminn.		
I.	Tekjur		1950000
II.	Gjöld:		
a.	Til einkasíma í sveitum		25000
b.	Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
1.	Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna...	60000	
2.	Ritsímastöðin í Reykjavík	157000	
3.	Loftskeytastöðin í Reykjavík.	31000	
4.	Stuttbylgjustöð í Reykjavík...	45000	
5.	Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	500000	
6.	Áhaldahúsið	12000	
7.	Ritsímastöðin á Akureyri	45000	
8.	Ritsímastöðin á Seyðisfirði	56000	
9.	Ritsímastöðin á Ísafirði...	28000	
10.	Símastöðin á Borðeyri	15000	
11.	Símastöðin í Vestmannaeyjum	25000	
12.	Símastöðin á Siglufirði	20000	
13.	Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	125000	
			1119000
	Flyt ...		1144000 1950000

	kr.	kr.
Flutt ...	1144000	1950000
Uppbót á launum greiðist eftir sömu reglum sem verið hefir, enda færist þær greiðslur á framangreinda liði viðkomandi stöðva.		
c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	50000	
d. Viðbót og viðhald stöðvanna	50000	
e. Kostnaður af ferðalögum vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, allt að	10000	
f. Viðhald landssímanna...	200000	
g. Framhaldsgjald	23000	
h. Til kennslu handa símamönnum	2000	
i. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern	3000	
j. Burðareyrir	15000	
k. Ýmis gjöld	5000	
l. Fyrning á húsum og áhöldum	25000	
		1527000
Fært á 3. gr. A. I. 2	... ...	423000
Eignabreytingar.		
Út.		
I. Afborgun af lánum L. M. Ericsson, Marconi o. fl. ...		210000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		45000
III. Til nýrra símalína ... ... að því tilskildu, að samkomulag náist við héruð, er hlut eiga að máli.		90000
IV. Til byggingar áhaldahúss		15000
Fært á 20. gr. Út I. 2. a og II. 1	.. ...	360000
3. Áfengisverzlun ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó hagnaður)		915000
II. Gjöld:		
Laun starfsmanna og vinnulaun	98500	
Útsvar og flutningsgjöld	35000	
Húsaleiga, ljós, hiti	6000	
Annar kostnaður	18000	
Fyrning á fasteign og áhöldum	7500	
		165000
Fært á 3. gr. A. I. 3	... ...	750000

		kr.	kr.
4. Tóbakseinkasalan.			
I. Tekjur (brúttóhagnaður)			785000
II. Gjöld:			
Rekstrarkostnaður		140000	
Útsvar, áætlað tap á skuldum o. fl.		45000	
			185000
Fært á 3. gr. A. I. 4		... ...	600000
5. Ríkisútvarpið.			
I. Tekjur:			
a. Afnotagjöld		300000	
b. Ágóði viðtækjaverzlunar		100000	
c. Aðrar tekjur		30000	
			430000
II. Gjöld:			
a. Starfræksla:			
1. Yfirstjórn	20000		
2. Kostnaður við dagskrá	100000		
3. Skrifstofan...	19000		
4. Innheimta afnotagjalda	22000		
5. Útvarpssalur	30000		
6. Húsaleiga, ljós, hiti...	25000		
7. Útvarpsstöðin á Vatnsenda	62000		
8. Til að greiða fyrir útvarpsnotum eftir ákvörðun stjórnarráðs. ...	10000		
9. Óviss útgjöld	15000		
		303000	
b. Afborgun og vextir af Marconiláni '33 til endurbóta á stöðinni		21000	
c. Fyrning á húsi, vélum og áhöldum		29000	
			353000
Fært á 3. gr. A. I. 5		... ...	77000
B.			
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:			
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..			20000
Flyt ...		... ...	20000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	20000
2. Arnarhvoll:			
a. Tekjur		60000	
b. Gjöld:			
1. Vextir (6,2% af 350000)	21700		
2. Ýmiskonar rekstrarkostnaður	30000		
3. Fyrning hússins (sjá 20. gr.)	3650		
		55350	
			4650
	Samtals ...	... ...	24650

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Vextir af bankavaxtabréfum og jarðræktarbréfum		20000
2. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3 millj.		180000
3. Vextir af veðd.bréfum Búnaðarbankans, 6% af 1410000		84600
4. Aðrir vextir...		230875
Samtals ...	... ...	515475

5. gr.

Óvissar tekjur eru taldar 50000 kr.

II. KAFLI.

Gjöld:

6. gr.

Árið 1936 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		164192
2. Dönsk lán, d. kr. 97990 á 100.00		92344
3. Ensk lán, £ 43985 - 7 - 8 á 22.15		974276
4. Vextir af lausaskuldum		300000
Samtals ...	... ...	1530812

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfé Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		245000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		3750
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2170
Samtals ...	... ...	250920

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I.	Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun 30000		
	b. Til risnu 6000		
		36000	
2.	Til utanferða ráðherra	6000	
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins	88000	
4.	Annar kostnaður	50000	
5.	Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum	35000	
	Þar af 1000 kr. persónuleg launabót til núverandi ríkisbókara.		
6.	Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga	4000	
7.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl. 700		
	b. Til pappírs og prentunar 20000		
	c. Til kostnaðar af sendingu með póstum 1000		
		21700	
8.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans	10000	
9.	Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)	2046	
			252746
II.	Hagstofan:		
1.	Laun	11000	
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	14000	
3.	Prentun eyðublaða	2000	
4.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	6000	
5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	24000	
			57000
III.	Utanríkismál o. fl.		
1.	Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun sendiherra 20000		
	b. Húsaleiga 6000		
	c. Kostnaður við embættið 20000		
	d. Til skrifstofuhalds 20000		
		66000	
	Flyt ...	66000	309746

	kr.	kr.
Flutt ...	66000	309746
2. Til meðferðar utanríkismála	17000	
3. Ríkisráðskostnaður	4000	
4. Kostnaður af sambandslaganefnd	2000	
5. — vegna samninga við erlend ríki	15000	
		104000
Samtals ...	... ...	413746

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1. Hæstiréttur:		
a. Laun.	26000	
b. Annar kostnaður	5000	
Núverandi ritari gegni ritarastörfum endurgjaldslaust meðan hann tekur fulltrúalaun.	—	31000
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		126500
3. Laun hreppstjóra..		22000
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
a. Laun 3 fulltrúa og 2 skrifara	25000	
b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	4860	
c. Ýmis gjöld	6500	
d. Til samningar spjaldskrár yfir afsals- og veðmálabækur	500	
		36860
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
a. Laun skrifara	25000	
b. Laun tollritara	30000	
c. Aðstoð	10000	
d. Húsaleiga, ljós og hiti	8400	
Flyt ...	73400	216360

	kr.	kr.
Flutt ...	73400	216360
e. Innheimtukostnaður	25000	
f. Ýmis gjöld	14000	
		112400
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun 2 fulltrúa og 5 skrifara	28000	
b. Húsaleiga, ljós og hiti	9000	
c. Ýmis gjöld	6000	
		43000
7. Toll- og löggæzla		140000
8. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta		112100
9. Til landhelgisgæzlu		350000
Þar af til landhelgissjóðs 20000 kr.		
10. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		15000
(Þar af fyrning kr. 1770, sjá 20. gr.).		
11. Til vinnuhælisins í Litla-Hrauni		40000
(Þar af fyrning kr. 5300, sjá 20. gr.).		
12. Sakamálakostnaður og lögreglumála		60000
13. Borgun til sjódómsmanna		2000
14. Borgun til setu- og varadómara		10000
15. Til endurskoðunar réttarfarslöggjafarinnar		3000
16. Kostnaður við löggildingu vogar- og mælitækja, samkv. l. nr. 13 1924		5500
17. Kostnaður við barnavernd, samkv. l. nr. 43 1932 ...		1000
18. Laun sáttasemjara í vinnudeilum, sbr. l. nr. 55 1925		1500
Samtals A. ...	... ...	1111860
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	45000	
b. Fyrir embættisskeyti	55005	
		100000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald nokkurra ríkisfasteigna		25000
3. Til embættiseftirlitsferða		6000
Flyt ...	... ...	131000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	131000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		70000
5. Til ríkisskattanefndar		10000
6. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		35000
Samtals B. ...	... ...	246000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

		kr.	kr.
1. Laun			215000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi ...			6000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn, eftir reikningum			7850
Í Borgarneshéraði:			
Kolbeinsstaðahreppur	200		
Eyjahreppur	200		
Í Ólafsvíkurhéraði:			
Staðarsveit	200		
Breiðavíkurhreppur	300		
Í Stykkishólmshéraði:			
Eyrarsveit	200		
Miklaholtshreppur	200		
Í Dalahéraði:			
Klofningshreppur..	100		
Skarðshreppur	100		
Fellsstrandarhreppur (utan Kjarlaksstaðaár)	100		
Í Flateyjarhéraði:			
Múlahreppur..	250		
Í Patreksfjarðarhéraði:			
Rauðasandshreppur	150		
Barðastrandarhreppur	150		
Í Flateyrarhéraði:			
Suðureyrarhreppur	200		
Flyt ...	2350	... ...	228850

		kr.	kr.
Flutt ...	2350	... ...	228850
Í Ögurhéraði:			
Reykjarfjarðarhreppur..	150		
Nauteyrarhreppur	300		
Snæfjallahreppur	300		
Í Hesteyrarhéraði:			
Grunnavíkurhreppur	300		
Sléttuhreppur	300		
Í Reykjarfjarðarhéraði:			
Árneshreppur (sé héraðið læknislaust)... ...	600		
Í Miðfjarðarhéraði:			
Bæjarhreppur	300		
Í Hofsóshéraði:			
Haganeshreppur	150		
Holtshreppur..	150		
Í Húsavíkurhéraði:			
Flateyjarhreppur	200		
Grímseyjarhreppur	400		
Í Öxarfjarðarhéraði:			
Fjallahreppur	200		
Í Hróarstunguhéraði:			
Borgarfjarðarhreppur	300		
Í Fljótsdalshéraði:			
Jökuldalshr. (vegna byggðar í Möðrudalsheiði)	200		
Í Seyðisfjarðarhéraði:			
Loðmundarfjarðarhreppur	150		
Í Berufjarðarhéraði:			
Breiðdalshreppur	300		
Í Hornafjarðarhéraði:			
Hofshreppur	400		
Í Síðuhéraði:			
Álftavershreppur	250		
Í Mýrdalshéraði:			
Austur-Eyjafjallahreppur	100		
Í Rangárhéraði:			
Vestur-Eyjafjallahreppur	100		
Í Eyrarbakkahéraði:			
Selvogshreppur	150		
Í Grímsneshreppi:			
Þingvallahreppur...	200		
Samtals ...	7850	... ...	228850

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	228850
4.	Til læknis í Reykjavík, er skylt sé að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi, Mosfellssveit, Þingvallasveit og Reykjavíkurhéraði, utan kaupstaðarins, og fara eftir taxta héraðslækna		1200
5.	Til augnlækningaferða skv. l. nr. 12 1934		2400
6.	Styrkur til tannlæknis Vilhelms Bernhöfts í Reykjavík		800
7.	Styrkur til háls-, nef- og eyrnalæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		800
	Styrkur læknanna Vilhelms Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentum í læknadeild háskólans til í sinni sérfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 4 sinnum á mánuði, og gefi skýrslu um það.		
8.	Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til radíumlækninga		2000
9.	Til styrktar lækni til að nema lyfjafræði, gegn að minnsta kosti 1000 kr. framlagi annarsstaðar að, lokagreiðsla...		2000
10.	Til utanferða héraðslækna		3000
11.	Til tveggja lækna eða læknakandidata til að nema geðveikrafræði erlendis		3000
12.	Landsspítalinn:		
	Rekstrarkostnaður		95000
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun lækna	42000	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsfólks 90000		
	2. Fæði 88000		
	3. Þvottur og ræsting 40000		
	4. Lyf og umbúðir 20000		
	5. Ljós og hiti 26500		
	6. Viðhald og umbætur 30000		
	7. Skattar 6000		
	8. Röntgenfilmur og áhöld 15000		
	9. Ýmis gjöld 12500		
	10. Fyrning húsa og áhalda 36500		
		364500	
	C. Til ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskólans, þar í fæði ljósmæðranema	9500	
	Flyt ...	416000	339050

			kr.	kr.
		Flutt ...	416000	339050
	Þar frá dregst:			
	1. Daggjöld sjúklinga	255000		
	2. Tekjur af röntgendeild	50000		
	3. Skurðstofugjald o. fl.	16000		
			321000	
		Mismunur ...	95000	
13.	Holdsveikraspítalinn			58282
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		3600	
	B. Annar kostnaður:			
	1. Laun starfsmanna	11000		
	2. Viðurværi 30 manna	12000		
	3. Klæðnaður	1200		
	4. Lyf og sáraumbúðir	1500		
	5. Ljós og hiti	9000		
	6. Húsbúnaður og áhöld	1500		
	7. Viðhald á húsum	6500		
	8. Þvottur og ræsting	1000		
	9. Flutningskostnaður	1000		
	10. Greftrunarkostnaður	500		
	11. Skemmtanir	500		
	12. Skattar o. fl.	3500		
	13. Ýmisleg gjöld	1000		
	14. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	4482		
			54682	
			58282	
14.	Geðveikrahælið á Kleppi:			
	I. Gamli spítalinn			51064
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		5000	
	B. Önnur gjöld:			
	1. Kaup fastra starfsmanna	17000		
	2. Kaup daglaunamanna	800		
	3. Matvæli	31000		
		Flyt ...	48800	5000	448396

		kr.	kr.
Flutt ...	48800	5000	448396
4. Fatnaður	5000		
5. Lyf og sáraumbúðir	500		
6. Ljós og hiti	9500		
7. Viðhald og áhöld	7000		
8. Þvottur og ræsting...	4000		
9. Flutningskostnaður...	2000		
10. Skemmtanir	500		
11. Skattar m. m....	2200		
12. Óviss gjöld	2000		
13. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	3064		
		84564	
		89564	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með sjúklingum		38500	
Mismunur ...		51064	
II. Nýi spítalinn			86155
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		5000	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup fastra starfsmanna	35000		
2. Kaup daglaunamanna	1500		
3. Matvæli	50000		
4. Fatnaður	7500		
5. Lyf og sáraumbúðir	1500		
6. Ljós og hiti	12000		
7. Viðhald og áhöld	8000		
8. Þvottur og ræsting	10000		
9. Flutningskostnaður	3000		
10. Skattar og tryggingar	3500		
11. Skemmtanir	500		
12. Óviss útgjöld	2500		
13. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)...	3355		
		138355	
Flyt ...		143355	534551

		kr.	kr.
	Flutt ...	143355	534551
Þar frá dregst:			
Innborgað frá sjúklingum		57200	
	Mismunur ...	86155	
15. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			1025
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun yfirlæknis		5000	
B. Laun aðstoðarlæknis		5000	
C. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	48000		
2. Viðurværi..	100000		
3. Lyf og hjúkrunargögn...	10000		
4. Ljós og hiti	20000		
5. Þvottur og ræsting..	20000		
6. Viðhald húsa...	10000		
7. Viðhald véla	8000		
8. Húsbúnaður og áhöld...	15000		
9. Flutningskostnaður..	6000		
10. Óviss gjöld	8000		
11. Fyrning á húsum (sjá 20. gr.)... ...	3350		
		248350	
		258350	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 140 sjúklingum, 4,75 kr. á dag	242725		
Meðgjöf með 10 börnum, 4 kr. á dag ...	14600		
		257325	
	Mismunur ...	1025	
16. Heilsuhælið á Reykjum í Ölfusi:			
Rekstrarkostnaður			1100
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis og annars starfsfólks		13000	
B. Annar kostnaður:			
1. Fæði...	21000		
2. Lyf og hjúkrunargögn	1500		
3. Ljós	1000		
Flyt ...	23500	13000	536676

		kr.	kr.
Flutt ...	23500	13000	536676
4. Þvottur og ræsting...	1500		
5. Viðhald húsa og áhalda	2500		
6. Flutningur og símakostnaður	2000		
7. Óviss gjöld	2000		
8. Fyrning húsa	1600		
		33100	
		46100	
Þar frá dregst:			
Daggjald sjúklinga 10000 legud., 4,50 kr. á dag		45000	
Mismunur ...		1100	
17. Heilsuhælið í Kristnesi:			
Rekstrarkostnaður			395
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis og aðstoð		7000	
B. Annar kostnaður:			
1. Laun starfsfólks	25000		
2. Fæði...	45000		
3. Lyf og hjúkrunargögn...	5300		
4. Ljós og hiti	12000		
5. Þvottur og ræsting...	3500		
6. Viðhald húsa og véla	6000		
7. Viðhald læknistækja	1000		
8. Húsbúnaður og áhöld...	6500		
9. Flutningskostnaður	4500		
10. Ýmis gjöld	5800		
11. Fyrning húsa og áhalda	8370		
		122970	
		129970	
Hér frá dregst:			
Daggjald 71 sjúklinga, 5 kr. á dag		129575	
Mismunur ...		395	
Flyt ...		... ...	537071

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	537071
18. Önnur gjöld:		
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, allt að ... Sjúkrahús og sjúkraskýli, sem styrksins vilja verða aðnjótandi, sendi umsóknir um hann fyrir 1. október, enda fylgi umsóknunum rekstrarreikningar, gerðir eftir fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar. Styrkupphæðirnar miðast við fjölda legudaga, enda fari tekjur þær, sem sjúkrahúsið eða sjúkraskýlið hefir af hverjum sjúklingi á legudag, að viðbættum styrknum fyrir hvern legudag, ekki fram úr þeirri upphæð, sem talizt getur sanngjarnt kostnaðarverð á hverjum stað, miðað við sjúkrahúsrekstur í landinu yfirleitt. Það er og skilyrði fyrir styrkveitingu, að sjúklingar þeir, sem ríkissjóður greiðir sjúkrahúsunum eða sjúkraskýlunum fyrir, njóti sömu kjara sem innanhéraðssjúklingar.	15000	
b. Til sjúkrahúsbyggingar í Reyðarfjarðarhéraði, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að, 2. greiðsla af þremur	10000	
c. Styrkur til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli...	10000	
d. Styrkur til greiðslu vaxta af skuldum vegna læknisbústaða í Ögurhéraði og Grímsneshéraði, 1200 kr. til hvors, og til greiðslu vaxta og afborgana af skuld Reykhólahéraðs við landsverzlun, 1200 kr.	3600	
e. Styrkur til fávita, er dvelja á hælum	5000	
f. Bólusetningarkostnaður	3500	
g. Gjöld samkv. lögum nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	11000	
h. Gjöld samkv. lögum nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands	2000	
i. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	30000	
j. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	2000	
k. Til annara heilbrigðisráðstafana	2000	
l. Til hjálparstöðvar hjúkrunarfélagsins Líknar, gegn a. m. k. jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur ...	6000	
Flyt ...	100100	537071

	kr.	kr.
Flutt ...	100100	537071
m. Til hjálparstöðvar Rauðakrossdeildar Akureyrar fyrir berklaveika, gegn jafnmiklu frá bæjarsjóði Akureyrar	500	
n. Til Rauðakross Íslands, til sjúkraskýlis sjómanna í Sandgerði	3500	
o. Styrkur til Súgfirðinga til að hafa lærða hjúkrunarkonu	1000	
p. Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sér gervilimi	4000	
q. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launabót annarsstaðar að	300	
r. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2000	
s. Til Páls Sigurðssonar fyrrv. héraðslæknis, biðlaun	1800	
t. Til ýmsra sjúklinga, eftir úthlutun landlæknis ...	1500	
		114700
19. Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra		65000
Samtals ...	... ...	716771

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Vegamál.		
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
1. Laun vegamálastjóra...	6000	
2. Laun aðstoðarverkfræðings	5750	
3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi	6000	
4. Til aðstoðarmanna og mælinga	24000	
5. Skrifstofukostnaður	15000	
		56750
II. Þjóðvegir.		
a. Til nýrra akvega:		
1. Kjósarvegur 10000		
2. Mýravegur 6000		
Flyt ... 16000	... ...	56750

		kr.	kr.
	Flutt ...	16000	 56750
3.	Stykkishólmsvegur	5000	
4.	Ólafsvíkurvegur	3000	
5.	Geiradalsvegur	3000	
6.	Patreksfjarðarvegur áleiðis til Bíldudals	3000	
7.	Breiðadalsheiðarvegur...	10000	
8.	Langadalsvegur	4000	
9.	Kollafjarðarvegur	3000	
10.	Bitruvegur	4000	
11.	Holtavörðuheiðarvegur	40000	
12.	Hrútafjarðarvegur í Húnavatnssýslu	6000	
13.	Blönduhlíðarvegur	5000	
14.	Hofsósvegur	8000	
15.	Fljótavegur	4000	
16.	Siglufjarðarskarð	10000	
17.	Öxnadalsvegur	5000	
18.	Ljósavatnsskarðsvegur	15000	
19.	Raufarhafnarvegur	5000	
20.	Bakkafjarðarvegur	3000	
21.	Vopnafjarðarvegur	5000	
22.	Jökulsárhlíðarvegur	3000	
23.	Úthéraðsvegur	5000	
24.	Fjarðarheiðarvegur	8000	
25.	Skriðdalsvegur	5000	
26.	Fáskrúðsfjarðarvegur frá Reyðarfirði	3000	
27.	Breiðdalsvegur	6000	
28.	Síðuvegur	3000	
29.	Mýrdalsvegur	5000	
30.	Eyjafjallavegur	5000	
31.	Gnúpverjahreppsvegur	5000	
32.	Hrunamannahreppsvegur	5000	
33.	Sogsvegur, gegn jafnmiklu framlagi frá Reykjavíkurbæ	25000	
			235000
b.	Viðhald og umbætur		550000
			785000
	Flyt ...		 841750

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	841750
III.	Til brúargerða		100000
IV.	Fjallvegir		25000
V.	1. Til áhalda	15000	
	2. Til bókasafns verkamanna	300	
	3. Til fyrrverandi vegaverkstjóra, eftir tillögum vegamálastjóra	1000	
			16300
VI.	Til sýsluvega:		
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, allt að ... ... gegn að minnsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.	10000	
	2. Tillag til akfærra sýsluvega, af bifreiðaskatti ...	30000	
	3. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923	100000	
			140000
VII.	Til malbikunar á vegum í kaupstöðum og verzlunarstöðum, af bifreiðaskatti		30000
VIII.	Til dragferjuhalds:		
	1. Á Lagarfljóti	300	
	2. - Skjálfandafljóti	300	
	3. - Blöndu	300	
			900
IX.	Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá		250
X.	Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum:		
	a. Hellisheiði	5000	
	b. Holtavörðuheiði	1000	
			6000
XI.	Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum ... ... Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskekktum bæjum í þjóðbraut.		3500
XII.	Iðgjöld til slysatryggingar verkamanna samkv. lögum nr. 44 27. júní 1925		10000
XIII.	Fyrning áhaldahússins (sjá 20. gr.)		552
	Samtals A. ...	... ...	1174252

	kr.	kr.
B.		
Samgöngur á sjó.		
1. Til strandferða:		
a. Ríkissjóðs	400000	
enda verði launagreiðsla til yfirmanna skipanna í samræmi við launagreiðslur eftir lögum nr. 63 7. maí 1928, að því leyti, sem við verður komið og við á. (Þar af fyrning kr. 50000, sjá 20. gr.).		
b. Eimskipafélags Íslands	200000	
enda haldi félagið uppi siglingum í sama horfi og áður og með eigi minni skipastól, ef efnahagur þess leyfir.		
c. H/f Skaftfellings	24000	
d. H/f Skallagríms	10000	
		634000
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum...		75000
Skipaútgerð ríkisins hefir yfirumsjón með ferðum flóabáta, sem fara eftir fastri áætlun. Skilyrði fyrir greiðslu styrksins er, að fyrir liggi efnahags- og rekstrarreikningur 1934 frá útgerð þessara báta, ef styrkupphæð til þeirra það ár hefir numið yfir 1000 kr. Ferðaáætlun 1935 og flutningagjaldskrá sé samþykkt af skipaútgerð ríkisins og reikningar ársins sendir henni, enda athugi hún, hversu rík sé þörf á ferðum hvers þess báts, er styrks nýtur úr ríkissjóði.		
Samtals B. ...	... ...	709000
C.		
Vitamál og hafnargerðir.		
I. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
1. Laun vitamálastjóra	6000	
Hann sé umsjónarmaður vitamála og hafnargerða og ókeypis ráðunautur landsstjórnar, héraðsstjórna og bæja í öllu því, er varðar vitamál og hafna.		
2. Laun aðstoðarverkfræðings	5750	
3. Húsaleiga, ljós og hiti	6300	
Flyt ...	18050	

	kr.	kr.
Flutt ...	18050	
4. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi	11000	
5. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi	3000	
6. Til aðstoðarmanna og mælinga	4000	
		36050
II. Laun vitavarða, þar af uppbót á laun vitavarðar á Gróttu 300 kr.		29800
III. Rekstrarkostnaður vitanna		140000
IV. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		8000
V. Til áhaldakaupa		7000
VI. Ýmislegt		20000
VII. Til hafnargerða:		
1. á Akranesi	25000	
2. - Húsavík...	25000	
3. - Ísafirði	8000	
4. - Sauðárkróki	25000	
5. - Hornafirði	5000	
6. Til dýpkunar á Vestmannaeyjahöfn	15000	
		103000
VIII. Til bryggjugerða og lendingarbóta, allt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sé það fé fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun, og sè verkið framkvæmt undir eftirliti vitamálastjóra ...		15000
IX. Til öldubrjóts austur af Siglufjarðareyri, gegn tvöföldu tillagi frá hafnarsjóði Siglufjarðar. Önnur greiðsla af fjórum		50000
X. Til aðgerðar á brimbrjótnum í Bolungavík, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að		12500
XI. Til sjómælinga		10000
XII. Fyrning (sjá 20. gr.), ...		80000
Samtals C. ...	... ...	511350

14. gr.

Til kirkju- og kennslumála er veitt:

	kr.	kr.
A. Kirkjumál.		
a. Biskupsdæmið:		
1. Laun biskups	7000	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi	3000	
		10000
b. Önnur gjöld:		
1. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	120	
2. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	8000	
3. Framlag til prestlaunasjóðs...	260000	
Stjórninni er heimilt að greiða síra Einari Thorlacius í Saurbæ 1000 kr. úr prestlaunasjóði fyrir að vinna að undirbúningi og fjársöfnun til Hallgrímskirkju.		
4. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
5. Embættiskostnaður presta	65000	
6. Til húsabóta á prestssetrum	12000	
7. Kostnaður við kirkjuráð, samkv. lögum nr. 21 1931	500	
		346620
Samtals A. ...	... ...	356620
B. Kennslumál.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	91000	
Þar af til kennslu í líffræði og lyfjafræði 4500 kr.		
b. Til kennslu í augnlækningum (Kjartan Ólafsson)	700	
c. Til kennslu í réttarlæknisfræði	400	
d. Til kennslu í söng	800	
e. Til kennslu í bókhaldi	400	
f. Námsstyrkur	15000	
g. Húsaleigustyrkur	9000	
h. Rekstrarstyrkur til rannsóknarstofu háskólans	15000	
Flyt ...	132300	

		kr.	kr.
	Flutt ...	132300	
i.	Rekstrarstyrkur til rannsóknarstofu í lífeðlis- og líffærafræði	1000	
j.	Til kennsluáhalda læknadeildar	800	
k.	Til kennslu í efnafræði	1600	
l.	Hiti, ljós, ræsting og vélgæzla	4000	
m.	Önnur gjöld:		
	1. Til ritara og dyravarðar ... ... 4000 auk hlunninda, er dyravörður hefir áður notið.		
	2. Ymis gjöld 6000		
		10000	
n.	Ferðastyrkur vegna stúdentaskipta	750	
o.	Til stúdentaráðs Háskóla Íslands, til þess að starfrækja leiðbeiningaskrifstofu	1000	
p.	Til sendikennara í þýzku	1000	
q.	Til sendikennara í frakknesku	1000	
r.	Til sendikennara í ensku	1000	
s.	Fyrning á Kirkjustræti 12 (sjá 20. gr.)	188	
			154638
II.	Námsstyrkur erlendis:		
a.	Til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum ...	24000	
b.	Námsstyrkur samkvæmt ákvörðun menntamálaráðs ... ... Styrkinn má veita konum sem körlum til hvers þess náms, er menntamálaráðið telur nauðsyn að styrkja.	16000	
			40000
III.	Fræðslumálastjórnin:		
1.	Laun fræðslumálastjóra	7000	
2.	Til eftirlitsferða, eftir reikningi, allt að	800	
3.	Skrifstofukostnaður, eftir reikningi	10000	
			17800
IV.	Menntaskólinn almenni:		
a.	Laun	61500	
b.	Önnur gjöld:		
	1. Til bókasafns skólans 800		
	2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ... 9000		
	3. Til viðhalds 7000		
	Flyt ... 16800	61500	212438

		kr.	kr.
Flutt ...	16800	61500	212438
4. Til stundakennslu og til prófdómenda, allt að	9000		
5. Húsaleigustyrkur handa 15 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum ...	1125		
6. Námsstyrkur	2800		
7. Læknisþóknun	400		
8. Til kennslutækja	1000		
9. Ýmisleg gjöld	3500		
10. Til verðlaunabóka	200		
11. Vegna kostnaðar við skólastjórn ...	2000		
12. Til bókasafnsins Íþöku	200		
13. Fyrning (sjá 20. gr.)	3540		
		40565	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sé venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.			102065
V. Menntaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		40000	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og stundakennslu	21000		
2. Vegna kostnaðar við skólastjórn ...	2000		
3. Til bóka og kennsluáhalda	1200		
4. Til eldiviðar og ljósa	10000		
5. Námsstyrkur ... . Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.	1000		
6. Til dyravörzlu	2000		
7. Til viðhalds og endurbóta	7000		
8. Til ýmislegra gjalda	5000		
9. Til verðlaunabóka	200		
10. Fyrning (sjá 20. gr.)	3160		
		52560	
			92560
Flyt ...		... ...	407063

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	407063
VI. Kennaraskólinn:			
a. Laun		16600	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakennsla	6000		
2. Eldiviður og ljós	3000		
3. Bókakaup og áhöld...	700		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til viðhalds	1000		
6. Ýmisleg gjöld	3500		
7. Fyrning (sjá 20. gr.)	1090		
		17790	
			34390
VII. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		12300	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakennslu	2500		
2. Til eldiviðar og ljósa	1800		
3. Til Sveinbjarnar Egilson, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	3000		
5. Til áhaldakaupa	1000		
6. Fyrning (sjá 20. gr.)	700		
		9300	21600
VIII. Vélstjóraskólinn:			
a. Laun		8100	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakennslu	3000		
2. Húsnæði	3800		
3. Ljós og hiti	1200		
4. Til prófhalda	850		
5. Ýmis gjöld	650		
6. Til starfrækslu rafmagnsdeildar ...	9000		
		18500	
			26600
	Flyt ...	... ...	489653

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	489653
IX. Bændakennsla:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	8250		
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkennslu	1450		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms	2000		
2. Til kennsluáhalda ...	600		
3. Til eldiviðar og ljósa ...	3500		
4. Ýmisleg gjöld	3000		
	9100		
d. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	1034		
		19834	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	9200		
b. Til smíða- og leikfimikennslu ...	1300		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms	3500		
2. Til kennsluáhalda	500		
3. Til eldiviðar og ljósa ...	5000		
4. Ýmisleg gjöld	2500		
	11500		
d. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	1790		
		23790	
			43624
Styrkurinn til verklegs náms í bændaskólunum á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám samkvæmt samningi, eigi skemur en 8 vikur á ári, og skila skólunum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, enda sjái skólastjóri nemendum fyrir ókeypis fæði og kennslu. Nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 18 kr. fyrir hverja viku námstímans.			
Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sé í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.			
	Flyt ...	... ...	533277

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	533277
X.	Iðnfræðsla:		
a.	Til iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6500	
b.	Til iðnaðarmannafélagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	2000	
c.	Til iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði, til skólahalds	1500	
d.	Til iðnaðarmannafélagsins í Hafnarfirði, til kvöldskólahalds	1700	
e.	Til iðnaðarmannafélagsins í Vestmannaeyjum, til kvöldskólahalds	1700	
	Styrkurinn til þessara 5 skóla má þó ekki fara yfir 4/5 rekstrarkostnaðar.		
	Skólar þessir skulu senda ráðuneytinu skýrslu um starf sitt.		
f.	Til verklegs framhaldsnáms erlendis	10000	
			23400
XI.	Verzlunarskólar o. fl.:		
a.	Til kaupmannafélagsins og verzlunarmannafélagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar	5000	
b.	Til sambands samvinnufélaganna, til þess að halda uppi verzlunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar ...	5000	
c.	Kostnaður við próf löggildra endurskoðenda, sbr. lög nr. 9 1926	500	
			10500
XII.	Kvennaskólar:		
1.	Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Húsnæðisstyrkur 5000		
	b. Rekstrarstyrkur 18000		
	c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið, allt að 4000		
	d. Námsstyrkur til sveitastúlkna... ... 1000		
		28000	
2.	Til kvennaskólans á Blönduósi	11000	
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		39000
	Flyt ...	... ...	606177

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	606177
XIII.	Almenn barnafræðsla:		
1.	Laun kennara í föstum skólum og dýrtíðaruppbót	440000	
2.	Laun farkennara og dýrtíðaruppbót	80000	
3.	Til farkennslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir	4000	
4.	Styrkur til byggingar barnaskóla utan kaupstaða	30000	
5.	Utanfararstyrkur barnakennara	4000	
6.	Til fyrrverandi barnakennara, eftir tillögum fræðslumálastjóra	2000	
7.	Styrkur til tímaritsins »Menntamál«	800	
			560800
XIV.	Unglinga- og alþýðuskólar:		
1.	Til alþýðuskólans á Eiðum:		
a.	Laun	10450	
	Þar af 700 kr. persónuleg launauppbót til núverandi skólastjóra.		
b.	Til hannyrða-, leikfimi- og smíðakennslu	3000	
c.	Önnur gjöld:		
	1. Til kennsluáhalda ... 800		
	2. Til eldiviðar og ljósa ... 4000		
	3. Ýmisleg gjöld 3500		
	4. Til viðhalds 1000		
	5. Til kaupa á raftækjum og til byggingar sundlaugar 35000		
		44300	
d.	Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	800	
			58550
2.	Til héraðsskóla samkv. l. nr. 32 1929		
a.	Rekstrarstyrkur	100000	
b.	Stofnkostnaður	5000	
			105000
3.	Til gagnfræðaskóla samkv. l. nr. 48 1930. ...		45000
4.	Til byggingar gagnfræðaskóla Reykjavíkur ...		30000
5.	Til gagnfræðaskóla Reykvíkinga		2500
6.	Til Flensborgarskólans, byggingarstyrkur ...		15000
7.	Til unglingafræðslu utan kaupstaða, samkv. 20. gr. l. nr. 48 1930		13000
	Flyt ...	269050	1166977

	kr.	kr.
Flutt ...	269050	1166977
8. Til bókasafna við unglingaskóla	1600	
9. Ritstyrkur fyrir kennslubækur handa skólum ...	1600	
		272250
XV. Húsmæðrafræðsla:		
1. Til húsmæðradeildar við alþýðuskóla Þingeyinga	5500	
2. Til húsmæðrafræðslu á Hallormsstað. ... ... Styrkir samkvæmt tölul. 1.—2. eru bundnir því skilyrði hvor um sig, að atvinnumálaráðherra samþykki reglugerðir skólanna.	9500	
3. Til kvenfélagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að Noti félagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða í Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.	5500	
4. Til húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal	800	
5. Til rafveitu á Hallormsstað...	5000	
6. Til byggingar húsmæðraskóla á Laugalandi, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að.. ...	10000	
		36300
XVI. Til kennslu heyrnar- og málleysingja m. m. ... ... Þar af fyrning húss kr. 550,00 (sjá 20. gr.). Stjórnin annast um, að vandamenn nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		35550
XVII. Til blindravinafélags Íslands ... ... Þar af 3000 kr. til að annast kennslu blindra barna.		6500
XVIII. Sundkennsla o. fl.:		
1. Til sundkennslu í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kennsla þessi fari fram að minnsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfé, njóti kennslunnar ókeypis.	300	
2. Laun Ólafs Pálssonar og Jóns Pálssonar fyrir sundkennslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund ...	2400	
3. Til sundkennslu o. fl. annarsstaðar en í Rvík ...	2400	
Flyt ...	5100	1517577

		kr.	kr.
	Flutt ...	5100	1517577
	Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar að sé lagt til sundkennslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		
4.	Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar og sundskýli, enda séu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, helmingur kostnaðar, allt að	5000	
			10100
XIX.	Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kennslu í teikningu og tréskurði í þjóðlegum stíl		1500
XX.	Til Geirs Þormars tréskurðarmeistara á Akureyri, til að halda uppi kennslu á Norðurlandi í teikningu og tréskurði í þjóðlegum stíl		600
XXI.	Til Björns Jakobssonar á Laugarvatni, til íþróttakennslu og leikfimiprófs, samkv. l. nr. 24 1932		2400
XXII.	Til íþróttasambands Íslands		5000
XXIII.	Til Skáksambands Íslands		1600
XXIV.	Til íþróttaskólans á Laugarvatni, til áhaldakaupa		1000
	Samtals B. ...	... ...	1539777

15. gr.

Til vísinda, bókmennta og lista er veitt:

		kr.	kr.
1.	Landsbókasafnið:		
	a. Laun	20000	
	b. Launabót til 2. bókavarðar, 1000 kr.	1000	
	c. Til aðstoðar	4200	
	d. Til þess að kaupa bækur og handrit og til bókbands	13000	
	e. Til þess að semja spjaldskrá	800	
	f. Til þess að semja og prenta skrá um handrit ...	2400	
	g. Til ritaukaskrár	900	
	h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
	Flyt ...	42660	

	kr.	kr.
Flutt ...	42660	
i. Húsaleiga	2000	
j. Ýmisleg gjöld...	1500	
		46160
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	5500	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5000	
c. Ýmis gjöld	1000	
		11500
3. Þjóðminjasafnið og verndun fornminja:		
a. Laun þjóðminjavarðar (fornminjavarðar)	5500	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi	2500	
c. Til þess að útvega forngripi	1200	
d. Til áhalda og aðgerða...	1200	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	800	
Þjóðminjasafnið sé opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
		11200
4. Náttúrufræðifélagið:		
a. Tillag	2000	
b. Til aðstoðarmanns	1400	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sé til sýnis almenningi, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
		3400
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	6000	
b. Til viðhalds og áhalda	1800	
c. Fyrning (sjá 20. gr.)	3639	
		11439
6. Til minningarbókasafns Matthíasar Jochumssonar á Akureyri, önnur greiðsla af þremur, gegn jafnmiklu framlagi frá Akureyrarbæ á sama tíma		10000
7. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		1800
8. Aukastyrkur til sex bókasafna:		
a. Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	2500	
Flyt ...	2500	95499

		kr.	kr.
	Flutt ...	2500	95499
	b. Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	2500	
	c. Til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði	1000	
	d. Til bókasafns Hafnarfjarðar	1000	
	e. Til bókasafns Neskaupstaðar	800	
	f. Til iðnbókasafnsins í Reykjavík	1000	
			8800
9.	Til Alþýðubókasafns Reykjavíkur		5000
10.	Til syslubókasafna, gegn eigi minna tillagi frá syslusj.		2500
11.	Til hins íslenzka bókmenntafélags . ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenzka fornbréfasafns sem að undanförnu.		2800
12.	Til Þjóðvinafélagsins		1400
13.	Til Fornleifafélagsins		800
14.	Til Sögufélagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2400
15.	Til hins íslenzka fræðafélags, til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns		1000
16.	Til Fornritaútgáfunnar		4000
17.	Til útgáfu allt að 20 arka af þjóðsagnasafni Sigfúsar Sigfússonar, gegn þeföldu framlagi annarsstaðar að		800
18.	Til Björns K. Þórólfssonar, til þess að semja skrá um skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn, enda fái Þjóðskjalasafnið eftirrit af skránni		1200
19.	Til leikfélags Reykjavíkur, gegn að minnsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur, enda leyfi það, að útvarpað sé án endurgjalds síðustu sýningu hvers leiks... ... ... Styrkurinn er og því skilyrði bundinn, að menntamálaráðið samþykki starfsskrá félagsins.		4000
20.	Til leikfélags Akureyrar, gegn að minnsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.		1000
21.	Til leikfélags Ísafjarðar, gegn að minnsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		600
22.	Til Norræna félagsins		600
23.	Til tónlistarskólans, gegn að minnsta kosti 2000 kr. framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur		2500
	Flyt ...	... ...	134899

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	134899
24.	Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur og guðfræðinemum háskólans ókeypis kennslu í orgelleik, tóni, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum		2000
25.	Til Sambands íslenzkra karlakóra		4500
26.	Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers		5000
27.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til ritstarfa og orðasöfnunar úr alþýðumáli, enda sé safnið eign ríkisins ...		2500
28.	Til útgáfu fransk-íslenzkrar orðabókar		2500
29.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa		2000
30.	Til Magnúsar Ásgeirssonar, til ljóðaþýðinga		1500
31.	Til Guðmundar Gíslasonar Hagalín, til ritstarfa ...		1500
32.	Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun	5000	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1000	
			6000
33.	Til Árna Friðrikssonar, vegna ritstarfa og fyrirlestra um fiskilíf og fiskiveiðar		1000
34.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögur lærðra manna íslenzkra á síðari öldum, enda sé handritið eign ríkisins að honum látnum		1600
35.	Til Guðbrands Jónssonar, til þess að semja miðaldamenningarsögu		1500
36.	Til Frímanns B. Arngrímssonar		1200
37.	Til jöklamælinga		600
38.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar ... ... (Þar af fyrning kr. 711 (sjá 20. gr.).		3711
39.	a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara ... ... enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sé almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	5000	
	b. Til sama, til aðstoðar	1000	
			6000
	Flyt ...	... ...	178010

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	178010
40. Til Búnaðarbanka Íslands, þriðja greiðsla vaxta og afborgana af viðlagasjóðslánum málaranna Ásgríms Jónssonar og Jóns Stefánssonar, með þeim skilyrðum, er segir í 54. lið 16. gr. fjárlaga 1934		3300
41. Kostnaður við friðun Þingvalla, sbr. lög nr. 59 1928 ...		5000
Samtals ...	... ...	186310

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum ... ... gegn tvöföldu framlagi frá bæjar- og sveitarfélögum, enda sé ríkisstjórn heimilt að krefjast þess, að unnið sé að 1/8 við framkvæmdir fyrir ríkissjóð og þar af fyrir 100000 krónur að stofnun nýbýla. Ennfremur sé það skilyrði fyrir framlagi, að hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag verji eðlilegri fjárhæð, að dómi ríkisstjórnarinnar, til verklegra framkvæmda auk atvinnubótafjárins.		500000
2. Til Búnaðarfélags Íslands		200000
3. Til sandgræðslu		30000
4. Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum:		
a. Jarðabótastyrkur	475000	
b. Til verkfærakaupasjóðs	65000	
		540000
5. Til búfjárræktar samkv. l. nr. 32 1931		42000
6. Tillag til búnaðarbanka Íslands:		
a. Til byggingar- og landnámssjóðs	200000	
b. Til sama af tekjum tóbakseinkasölu ... ... Ríkisstjórninni er heimilt að ráðstafa hálfri þessari upphæð vegna samvinnubyggða.	100000	
Flyt ...	300000	1312000

		kr.	kr.
	Flutt ...	300000	1312000
c. Til ræktunarsjóðs:			
1. Afgjöld þjóðjarða	20000		
2. Kostnaðartillag	2000		
3. Hluti af útflutningsgjaldi	40000		
		62000	
			362000
7. Tillag til kreppulánasjóðs			250000
8. Tillag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna,			
a. Samkv. lögum um verkamannabústaði, nr. 27 1931		100000	
b. Af tekjum tóbakseinkasölu		100000	
			200000
9. Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð, allt að			45000
10. Til garðyrkjufélags Íslands:			
Laun garðyrkjustjóra...			3400
11. Til skógræktar:			
a. Laun		8800	
Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.			
b. Til skóggræðslu		8000	
c. Til skógræktarfélags Íslands		2000	
			18800
12. Tillag til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu, samkv. l. nr. 68 1918 og l. nr. 10 1926			4000
13. Til dýralækninga:			
a. Laun handa 5 dýralæknum		19000	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga		700	
c. Til Guðmundar Andréssonar, til að stunda dýralækningar í Skagafirði og Austur-Húnavatnssýslu, gegn jafnmiklu framlagi frá viðkomandi sýslum...		700	
d. Til Halldórs Jónssonar, til að stunda dýralækningar, gegn jafnmiklu framlagi frá Svarfaðardalshreppi ...		300	
e. Kostnaður við rannsókn á ormaveiki í sauðfé ...		1000	
			21700
14. Til fjárkláðalækninga			6000
15. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:			
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 4300 kr. með dýrtíðaruppbót ...		4800	
b. Til aðstoðar		5600	
c. Húsaleiga		3000	
	Flyt ...	13400	2222900

		kr.	kr.
	Flutt ...	13400	2222900
	d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
	e. Til áhaldakaupa	3000	
			17600
16.	Til veðurstofu Íslands:		
	a. Laun forstöðumanns og fulltrúa	13300	
	b. Til aðstoðar	18000	
	c. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	12000	
	d. Til veðurskeyta o. fl.	13500	
	e. Til loftskeytatækja	1000	
	f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting...	3600	
	g. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	500	
	h. Til jarðskjálftamælinga og vegna auka- og næturvinnu við móttöku og útvarp veðurfregna, til frú Teresíu Guðmundsson, Björns L. Jónssonar og Jóns Eyþórssonar...	1800	
			63700
17.	Gjöld vegna laga nr. 83 1932 um raforkuvirki		4000
18.	Gjöld vegna laga um eftirlit með verksm. og vélum		600
19.	Til landmælinga...		40000
20.	Til Fiskifélagsins, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins og félagið sjái um á sinn kostnað útgáfu fiskimanna-almanaks		80000
21.	Kostnaður vegna laga nr. 61 1932, um lax- og silungsveiði		4000
22.	Til þess að annast birtingu útvarpaðra veðurfregna í verstöðvum landsins		5000
23.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskiyfirmatsmanna	22350	
	b. Laun 4 ullarmatsmanna	2000	
	c. Laun 4 kjötmatsmanna	2625	
	d. — lýsismatsmanns. samkv. l. nr. 42 1933 ...	3000	
	e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	12000	
			41975
24.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra:		
	a. Laun skipaskoðunarstjóra	6000	
	b. Til skrifstofukostnaðar...	8400	
	c. Ferðakostnaður, allt að	2000	
			16400
	Flyt ...	... ...	2496175

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	2496175
25.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		8000
26.	Kostnaður vegna laga um fiskimatsstjóra		10000
27.	Kostnaður vegna sérstakra ráðstafana um inn- og útflutning		30000
28.	Til Iðnsambands Íslands...		1200
29.	Til sambands íslenzkra heimilisiðnaðarfélaga		4000
30.	Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til þess að halda uppi kennslu og námskeiðum í tréskurði og heimilisiðnaði		900
31.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að eflingu heimilisiðnaðar...		1500
32.	Til Guðrúnar Finnsdóttur		300
33.	Til kvenfélags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kennslu í handavinnu kvenna ...		500
34.	Til kvenfélagasambands Íslands		1000
35.	Til sambands norðlenzkra kvenna		400
36.	Til sambands austfirzkra kvenna		400
37.	Til sambands sunnlenzkra kvenna		400
38.	Til sambands vestfirzkra kvenna		400
39.	Til kvenfélagasambands Mýra- og Borgarfjarðarsýslu		400
40.	Til sambands breiðfirzkra kvenna		250
41.	Til bandalags kvenna		400
42.	Til Sambands sunnlenzkra kvenna, styrkur til að halda uppi námskeiðum fyrir húsmæður og húsmæðraefni		2500
43.	Til kvenréttindafélags Íslands		400
44.	Til vinnumiðlunar ... ... Þar af til vinnumiðstöðvar kvenna 2000 kr.		7000
45.	Til vörumerkjaskrásetjara		1600
46.	Handa ungmennafélagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Félagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fénu er varið.		4000.
47.	Til bandalags skáta		400
48.	Til dýraverndunarfélags Íslands, til dýraverndunarstarfsemi		1000
49.	Til fiskræktarfélagsins Blöndu, 1/8 rekstrarkostnaðar, allt að		500
	Flyt ...	... ...	2573625

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	2573625
50. Til fiskræktarfélags Fljótsdalshéraðs, 1/3 rekstrarkostnaðar, allt að		1000
51. Húsameistari ríkisins:		
a. Laun	6000	
b. Skrifstofukostnaður	10000	
		16000
52. Til vatnsrennslismælinga		1000
53. Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að		5000
54. Til vatnsveitu í Hrísey, vegna jarðskjálftanna		3000
Samtals ...	... ...	2599625

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

	kr.	kr.
1. Styrkur til berklasjúklinga ... ... Af þessum lið má greiða laun læknis, sem heilbrigðisstjórnin ræður til þess að hafa yfirumsjón með öllum berklavörnum á landinu.	... ...	800000
2. Gjöld samkv. l. nr. 68 1932, um br. á fátækralögunum		200000
3. Styrkur til sjúkrasamlaga ... ... Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi hins ísl. prentarafélags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga.		25000
4. Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík		4000
5. Til verkakvennafélagsins Framtíðin í Hafnarfirði, til að halda uppi dagheimili fyrir börn		2000
6. Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		400
7. Til slysatryggingar samkv. 2. gr. laga nr. 73 1928 ...		13000
8. Til slysavarna ... ... enda sé stjórnarráðinu send skýrsla um starfsemina.		8000
Flyt ...	... ...	1052400

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	1052400
9.	Til þess að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis		1000
10.	Tillag til ellistyrktarsjóða...		85000
11.	Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		15000
	Þar af til sambands bindindisfélaga í skólum landsins 2500 kr.		
12.	Til Stórstúku Íslands:		
	Styrkur til húsbyggingar		15000
13.	Til slysatryggingarsjóðs félagsins Dagsbrúnar		400
14.	Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		300
15.	Til sjúkrasjóðs Hofshrepps		300
16.	Til sjúkrasjóðs Súgfirðinga		300
17.	Til styrktar- og sjúkrasjóðs verkakvennafélagsins Framsóknar í Reykjavík		600
18.	Til sjúkrasjóðs Félags járnsmíðanema í Reykjavík ...		200
19.	Til styrktarsjóðs verkamannafélagsins Snót í Vestmannaeyjum..		300
20.	Til styrktarsjóðs sjómannafélagsins Jötunn í Vestmannaeyjum..		300
21.	Til sjúkrasjóðs verklýðsfélags Akureyrar		300
22.	Til styrktarsjóðs verklýðsfél. í Flatey á Breiðafirði ...		200
23.	Til styrktarsjóðs sjómannafélagsins á Ísafirði		300
24.	Til styrktarsjóðs verkamannafélagsins Baldur á Ísafirði		300
25.	Til sjúkrasjóðs kvenfélagsins á Hellusandi...		300
26.	Til styrktarsjóðs verklýðsfélagsins á Patreksfirði ...		200
27.	Til sjúkrasjóðs verkamannafélagsins á Þingeyri... ...		300
28.	Til sjúkrasjóðs hjúkrunarfélags Ólafsvíkur...		300
29.	Til sjúkra- og styrktarsjóðs verkalýðsfélagsins á Seyðisfirði		300
30.	Til Ekknasjóðs Vestmannaeyja		800
	Fjárveitingarnar undir 13.—30. tölul. eru bundnar því skilyrði, að jafnmikið fé að minnsta kosti komi annarsstaðar að, og að stjórnarráðinu sé send skýrsla um starfsemina.		
31.	Til gamalmennahælis á Ísafirði		1000
32.	Til gamalmennahælis á Seyðisfirði		1000
	Samtals ...	... ...	1176400

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	41762 34	
	b. Embættismannaekkjur og börn	15083,99	
	c. Prestsekkjur	6669,72	
	d. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49 1923	2500,00	
	e. — — — — 51 1921	3060,00	
			69076,05
II.	Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
	a. Embættismenn:		
	1. Til Sigurðar Magnússonar læknis ... 600,00		
	2. — Sigurðar Kvarans héraðslæknis 405,00		
	3. — Þorvalds Pálssonar læknis... ... 300,00		
	4. — próf. Sæmundar Bjarnhéðinssonar 3650,00		
		4955,00	
	b. Embættismannaekkjur og börn:		
	1. Til Magneu Ásgeirsson 200		
	2. — Ólivu Guðmundsson 175		
	3. — Theodóru Thoroddsen 800		
	4. — Sigríðar Hjaltadóttur 400		
	5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur 400		
	6. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ... 450		
	7. — Sigríðar Finnbogadóttur 800		
	8. — Rannveigar Tómasdóttur 600		
	9. — Önnu Gunnlaugsson 900		
	10. — Kristbjargar Marteinsdóttur 1200		
	11. — Kristínar Jacobson 600		
	12. — Kirstínar Þ. Blöndal 300		
	13. — Guðlaugar Magnúsdóttur... 2000		
	14. — barns hennar 100		
	15. — Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju 600		
	16. — Jenny Forberg 600		
	17. — Ástu Hallgrímsson 600		
	18. — Ástu Einarson 600		
	19. — Aðalbjargar Sigurðardóttur 1200		
	20. — Dómhildar Jóhannsdóttur 1200		
	Flyt ... 13725	4955,00	69076,05

		kr.	kr.
	Flutt ... 13725	4955,00	69076,05
21.	Til Önnu Þorgrímsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð 1300		
22.	— Soffíu Johnsen læknisekkju 500		
23.	— Kristínar Þórarinsdóttur læknisekkju 400		
24.	— Sigríðar Blöndal læknisekkju... ... 300		
25.	— Hrefnu Einarsdóttur læknisekkju ... 600		
26.	— Sigríðar Jónsdóttur læknisekkju ... 400		
27.	— Súsönnu Friðriksdóttur 500		
28.	— Önnu Jónsson, ekkju Klemens Jónssonar 450		
29.	— Margrétar Lárusdóttur læknisekkju 400		
30.	— Eríku Gíslason, ekkju Odds Gíslasonar bæjarfógeta 1000		
31.	— Ingibjargar Jónsdóttur, ekkju Björns Magnússonar símstjóra 300		
		19875,00	
c.	Uppgjafaprestar:		
1.	Til Bjarna prófasts Einarssonar ... 780,00		
2.	— Sigurðar prófasts Gunnarssonar . 662,25		
3.	— Guttorms Vigfússonar... 600,00		
4.	— Björns Þorlákssonar 208,00		
5.	— Jóns Árnasonar 445,00		
6.	— Þórðar Ólafssonar 370,00		
7.	— Páls Stephensens 355,00		
8.	— Helga P. Hjálmarssonar 475,00		
9.	— Einars Pálssonar 430,00		
10.	— Kristins Daníelssonar 520,00		
11.	— Jóns Finnssonar 385,00		
12.	— Magnúsar prófasts Bjarnarsonar 355,00		
13.	— Pálma Þóroddssonar 265,00		
14.	— Árna Þórarinssonar 280,00		
15.	— Þorvarðar Þorvarðarsonar ... 475,00		
16.	— Jakobs Lárussonar 3019,40		
17.	— Ólafs Ólafssonar frá Hjarðarholti 475,00		
18.	— Ólafs Sæmundssonar fyrrv. prests 340,00		
	Flyt ... 10439,65	24830,00	69076,05

		kr.	kr.
	Flutt ... 10439,65	24830,00	69076,05
19.	Til Þorvalds Jakobssonar 475,00		
20.	— Hálfdánar Guðjónssonar vígslubiskups 800,00		
		11714,65	
d.	Prestsekkjur:		
1.	Til Auðar Gísladóttur 300,00		
2.	— Bjargar Einarsdóttur 500,00		
3.	— Guðrúnar Björnsdóttur 500,00		
4.	— Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ... 300,00		
5.	— Guðrúnar Pétursdóttur 300,00		
6.	— Guðrúnar Torfadóttur 300,00		
7.	— Ingunnar Loftsdóttur 300,00		
8.	— Hlífar Bogadóttur 300,00		
9.	— Kirstínar Pétursdóttur 300,00		
10.	— Sigrúnar Kjartansdóttur 300,00		
11.	— Steinunnar Pétursdóttur 300,00		
12.	— Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson 300,00		
13.	— Guðlaugar Vigfúsdóttur 209,20		
14.	— Ingibjargar Magnúsdóttur 157,90		
15.	— Guðfinnu Jensdóttur 183,04		
16.	— Guðrúnar Sigurðardóttur 181,07		
17.	— Guðbjargar Hermannsdóttur ... 181,70		
18.	— Þórunnar Bjarnadóttur 155,56		
19.	— Guðrúnar S. Jónsdóttur 250,00		
20.	— Önnu Stefánsdóttur 200,00		
21.	— Helgu Skúladóttur 227,06		
22.	— Guðríðar Ólafsdóttur 164,26		
23.	— Guðríðar Helgadóttur, ekkju Jóh. L.L. Jóhannssonar, 132 kr., auk 100 kr. með einu barni hennar í ómegð 232.00		
24.	— Arndísar Pétursdóttur... 137,90		
25.	— Guðnýjar Þorsteinsdóttur 173,56		
26.	— Valgerðar K. Guðmundsdóttur frá Grenivík 135,37		
27.	— Jakobínu Sigurgeirsdóttur frá Borg 157,44		
28.	— Kristínar Jónsdóttur prófastsekkju á Brjánslæk 300,00		
29.	— Sigríðar Þórðardóttur... 144,00		
	Flyt ... 7190,06	36544,65	69076,05

		kr.	kr.
	Flutt ...	7190,06	36544,65	69076,05
30.	Til Sigurlaugar Knudsen	300,00		
31.	— Þóru Jónsdóttur	217,28		
32.	— Margrétar Jónasdóttur	300,00		
33.	— Sigríðar Jónasdóttur	146,71		
34.	— Sigríðar Jóhannesdóttur	300,00		
35.	— Ástríðar Petersen prófastsekkju	200,00		
36.	— Margrétar Sigurðard. prófastsekkju	500,00		
37.	— Jóhönnu Magnúsd. prófastsekkju	300,00		
38.	— Guðrúnar Mettu Sveinsdóttur ...	300,00		
39.	— Vilborgar Jónsdóttur prestsekkju	300,00		
40.	— Líneyjar Sigurjónsd. prófastsekkju	500,00		
41.	— Bergljótar Blöndal	200,00		
42.	— Sigríðar Helgadóttur	300,00		
43.	— Steinunnar Eiríksdóttur	200,00		
44.	— Guðbj. Guðmundsdóttur, ekkju séra Gísla Kjartanssonar	300,00		
			11554,05	
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1.	Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2.	— Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
3.	— Aðalbj. Steinsdóttur, ekkju Magnúsar Einarssonar	500,00		
4.	— Elínar Briem Jónsson	600,00		
5.	— Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
6.	— Guðmundar Björnssonar	250,00		
7.	— Baldvins B. Bárðdals	300,00		
8.	— Jóns Strandfelds...	150,00		
9.	— Einars Hávarðssonar	150,00		
10.	— Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
11.	— Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
12.	— Ásdísar Þorgrímsdóttur 300 kr., auk 100 kr. með einu barni hennar í ómegð	400,00		
13.	— Sigurjóns Rögnvaldssonar... ...	200,00		
14.	— Ástu Magnúsdóttur kennaraekkju	200,00		
15.	— Ögmundar Sigurðssonar	3000,00		
16.	— Jósefs Björnssonar fyrrv. kennara	1577,14		
17.	— Cathincu Sigfússon	600,00		
	Flyt ...	9737,14	48098,70	69076,05

			kr.	kr.
		Flutt ... 9737,14	48098,70	69076,05
18.	Til Ragnh. Guðjónsdóttur	300,00		
19.	— Lárusar Rists kennara	600,00		
20.	— Jóhanns P. Péturssonar kennara	200,00		
21.	— Helgu Finnsdóttur	1200,00		
22.	— Ingivalds Nikulássonar kennara	250,00		
23.	— Victoríu Bjarnad. kennaraekkju	150,00		
			12437,14	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1.	Til Böðvars Jónssonar...	400		
2.	— Þóru Matthíasdóttur	300		
3.	— Vigdísar Steingrímsdóttur	300		
4.	— Þórunnar Sigurðardóttur, ekkju Halldórs Bjarnasonar pósts	200		
5.	— Anínu Arinbjarnardóttur	200		
6.	— Eliesers Eirikssonar	200		
7.	— Jóhannesar Þórðarsonar	300		
8.	— Guðm. Kristjánssonar	300		
9.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
10.	— Höllu Árnadóttur, ekkju Böðvars Sigurðssonar pósts	300		
11.	— Halldórs Benediktssonar pósts ...	200		
12.	— Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs Jónssonar	1000		
13.	— Friðriks Jónssonar pósts	450		
14.	— Einars Ólasonar fyrrum pósts ...	300		
15.	— Þórodds Bjarnasonar pósts	600		
16.	— Sigríðar Guðmundsdóttur, ekkju Böðvars Þorlákssonar	300		
17.	— Kristjáns Jónssonar pósts	200		
18.	— Hedvig Blöndal, ekkju Óla Blöndals póstritara, 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	500		
19.	— Guðmundar Ólafssonar fyrrv. pósts á Akureyri	300		
20.	— Torfa Sæmundssonar pósts	200		
21.	— Guðjóns Kjartanssonar pósts ...	250		
22.	— Jóns Jónssonar í Galtarholti, f. pósts	300		
23.	— Álfheiðar Blöndal, ekkju Kristjáns Blöndals póstafgreiðslumanns ...	300		
		Flyt ... 8000	60535,84	69076,05

		kr.	kr.
Flutt ...	8000	60535,84	69076,05
24. Til Maríu Jónsdóttur, ekkju Fr. Klemenssonar...	300		
25. — Jóhönnu Þ. Jónsdóttur, ekkju Steindórs Hinrikssonar pósts	200		
26. — Tryggva Hallgrímssonar pósts ...	200		
27. — Guðbjargar Ólafsdóttur, ekkju Guðmundar Kristjánssonar pósts ...	300		
28. — Edvalds Eyjólfssonar pósts	500		
		9500,00	
g. Rithöfundar:			
1. Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
2. — Einars Hjörleifssonar Kvarans ...	5000		
3. — Þorsteins Gíslasonar	2000		
4. — Guðmundar Friðjónssonar	1800		
5. — dr. Helga Péturss	5000		
6. — Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu...	1000		
7. — Einars Benediktssonar	5000		
8. — Sigurðar Sigurðssonar skálds ...	800		
9. — Jakobs Thorarensens	1200		
10. — Sigurjóns Friðjónssonar	1000		
11. — Guðmundar Kambans	1800		
12. — Unnar Benediktsdóttur skáldkonu	1000		
13. — Bríetar Bjarnhéðinsdóttur	1000		
14. — Herdísar Andrésdóttur	500		
15. — Ólínu Andrésdóttur	500		
16. — Halldórs Kiljan Laxness	5000		
17. — Indriða Þorkelssonar á Fjalli ...	500		
18. — Jóns Þorsteinssonar á Arnarvatni	500		
19. — Kristleifs Þorsteinssonar	500		
20. — Theodórs Friðrikssonar	500		
		38100,00	
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1. Til Jakobínu Pétursdóttur	200		
2. — Guðrúnar Jónsdóttur	300		
3. — Arnbjargar Einarsdóttur	300		
4. — Guðrúnar Sigurðardóttur	300		
5. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300		
6. — Eleanor Sveinbjörnsson	1200		
Flyt ...	2600	108135,84	69076,05

			kr.	kr.
	Flutt ...	2600	108135,84	69076,05
7.	Til Kristínar Jakobsdóttur	800		
8.	— Sigríðar Jónsdóttur	500		
			3900,00	
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
1.	Til Petreu Jónsdóttur	300		
2.	— Kristínar Sigurðardóttur júbil-ljósmóður	500		
3.	— Matthildar Þorkelsd. júbilljósmóður	500		
4.	— Lússíu Þorsteinsd. júbilljósmóður	200		
5.	— Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ...	500		
6.	— Önnu Þorsteinsdóttur ljósmóður...	400		
7.	— Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ...	300		
8.	— Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður	300		
9.	— Jórunnar Guðmundsd. ljósmóður	300		
10.	— Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður	200		
11.	— Kristínar Guðmundsdóttur ljósm.	200		
12.	— Hólmfríðar Friðfinnsd. ljósmóður	200		
13.	— Áslaugar Bjarnadóttur ljósmóður	300		
14.	— Hildar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
15.	— Guðrúnar Guðmundsd. ljósmóður	300		
16.	— Guðrúnar Jónasdóttur ljósmóður...	300		
17.	— Halldóru Metúsalemsd. ljósmóður	300		
18.	— Jensínu Pálsdóttur ljósmóður ...	200		
19.	— Margrétar Jónsdóttur ljósmóður ...	200		
20.	— Guðrúnar Magnúsdóttur ljósmóður	200		
21.	— Gróu Jónsdóttur ljósmóður	200		
22.	— Þuríðar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
23.	— Guðríðar Guðmundsdóttur ljós-móður	200		
24.	— Guðrúnar Einarsdóttur ljósmóður	200		
25.	— Guðrúnar Jóhannesdóttur ljósmóður	300		
26.	— Sigríðar Narfadóttur ljósmóður ...	300		
27.	— Vilborgar Sigurðardóttur ljósmóður	200		
28.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar...	300		
29.	— Önnu Sigurðardóttur, Fjöllum ...	300		
30.	— Páls Erlingssonar	1200		
31.	— Ólafs Ísleifssonar, Þjórsártúni ...	600		
	Flyt ...	10100	112035,84	69076,05

			kr.	kr.
	Flutt ...	10100	112035,84	69076,05
32.	Til Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
33.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300		
34.	— Ólafs Guðmundssonar, fyrrum ferjumanns	300		
35.	— Guðmundar Þorfinnssonar, fyrrum ferjumanns	300		
36.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar	200		
37.	— Sigríðar Sveinsdóttur, ekkju Jakobs Björnssonar síldarmatsmanns ...	300		
38.	— Kristólínu Kragh	300		
39.	— Árna Guðmundssonar, fyrrum fiskimatsmanns á Bíldudal	200		
40.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar	400		
41.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar	300		
42.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	1040		
43.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	600		
44.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
45.	— Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
46.	— Halldóru Pétursdóttur Briem	600		
47.	— Kristjönu Benediktsdóttur	400		
48.	— Bjargar Guðmundsdóttur	400		
49.	— Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti	400		
50.	— Henriette Kjær...	600		
51.	— Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar	400		
52.	— Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með einu barni hennar í ómegð	2100		
53.	— Guðjóns Guðlaugssonar	1200		
54.	— Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar	300		
	Flyt ...	21640	112035 84	69076,05

			kr.	kr.
	Flutt ...	21640	112035,84	69076,05
55.	Til Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey	300		
56.	— Snæbjarnar Kristjánssonar hafnsögumanns í Hergilsey	200		
57.	— Halldóru Þórðardóttur	600		
58.	— Vigdísar Bergsteinsdóttur fyrrv. spítalaráðskonu	300		
59.	— Sigríðar Magnúsd. hjúkrunarkonu	500		
60.	— Jónínu Marteinsd. hjúkrunarkonu	300		
61.	— Guðleifar Erlendsdóttur fyrrv. hjúkrunarkonu	300		
62.	— Arndísar Sigurðardóttur, þvottakonu í Laugarnesspítala...	300		
63.	— Sigurðar Péturssonar fangavarðar	1000		
64.	— Ragnheiðar Erlendsdóttur, ekkju Valdimars Daðasonar tollþjóns ...	300		
65.	— Susie Briem, ekkju Halldórs Briems	800		
66.	— Valgerðar Steinsen fyrrv. spítalaráðskonu	500		
67.	— Benedikts Þ. Gröndals	800		
68.	— Jóns Runólfssonar sýsluskrifara ...	600		
69.	— Ingveldar Guðmundsdóttur, ekkju Erlendar Zakaríassonar...	300		
70.	— Sigríðar Pálsdóttur, ekkju Gunnlaugs Indriðasonar	400		
71.	— Halldórs Brynjólfssonar blinda ...	350		
72.	— Halldórs Þórðarsonar fyrrv. dyravarðar Alþingis	300		
73.	— Friðfinns Guðjónssonar leikara ...	800		
74.	— Kofoed-Hansen skógræktarstjóra ...	3300		
75.	— Margrétar Vigfúsdóttur, ekkju Jóh. Baldvinssonar vitavarðar	300		
76.	— Sigríðar Gísladóttur, ekkju Kristjáns Kristjánssonar skjalavarðar Alþingis, 300 kr., og með hverju barni þeirra til 16 ára aldurs 100 kr...	1200		
77.	— Þórðar Flóventssonar	400		
			35790,00	
	Flyt ...		147825,84	69076,05

	kr.	kr.
Flutt ...	147825,84	69076,05
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og á laun embættismanna.		
j. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli	3000,00	
k. Eftirlaun Sig. Sigurðssonar búnaðarmálastjóra ...	4500,00	
		155325,84
III. Dýrtíðaruppbót		41393,11
Samtals ...	... ...	265795,00

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

III. KAFLI.

Eignahreyfingar.

20. gr.

		kr.	kr.
	Inn.		
I.	Fyrningar:		
	1. Samkvæmt 3. gr. A.	65640	
	2. — 3. — B.	3650	
	3. — 9. —	2170	
	4. — 10. —	2046	
	5. — 11. —	7070	
	6. — 12. —	60721	
	7. — 13. —	130552	
	8. — 14. —	12852	
	9. — 15. —	4350	
			289051
II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum og veðdeildarbréfum		50000
III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		125000
	Samtals ...	... ...	474051
	Út.		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
	1. Ríkissjóðslán:		
	a. Innlend lán 270672,00		
	b. Dönsk lán, d. kr. á 100.00 375045,00		
	c. Ensk lán, £ 14298-14-11 á 22.15 316717,00		
		962434	
	2. Lán ríkisstofnana:		
	a. Landssíminn (sjá 3. gr. A. 2.) ... 210000		
		210000	
			1172434
	Flyt ...	... ...	1172434

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	1172434
II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana:		
	1. Landsíminn (ný símakerfi o. fl.)	150000	
	2. Ríkisprentsmiðjan	20000	
	3. Landsmiðjan	10000	
			180000
III.	Til byggingar nýrra vita		70000
IV.	Til lögboðinna fyrirframgreiðslna		10000
	Samtals ...	... ...	1432434

21. gr.

I. Rekstrar-

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		11275000,00
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana	1987860	
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs	24650	
			2012510,00
5. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		515475,00
4. gr.	Óvissar tekjur		50000,00
	Samtals ...	... ...	13852985,00

II. Sjóðs-

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	13852985,00
	Aðrar innborganir og fyrningar [1]):	
20. gr. I.	Fyrningar	289051,00
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum	50000,00
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10000,00
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	125000,00
	Greiðslujöfnuður	54636,00
	Samtals ...	14381672,00

1) Fyrningar færðar hér til jafnaðar sömu upphæð, sem talin er í rekstrarútgjöldum.

Yfirlit.

yfirlit.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
7. gr.	Vextir		1530812,00
8. gr.	Borðfé konungs		60000,00
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		250920,00
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		413746,00
11. gr. A.	Til dómgæzlu og lögreglustjórnar	1111860,00	
— B.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	246000,00	
			1357860,00
12. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðismála		716771,00
13. gr. A.	Vegamál	1174252,00	
— B.	Samgöngur á sjó	709000,00	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	511350,00	
			2394602,00
14. gr. A.	Kirkjumál	356620,00	
— B.	Kennslumál	1539777,00	
			1896397,00
15. gr.	Til vísinda, bókmennta og lista...		186310,00
16. gr.	Til verklegra fyrirtækja		2599625,00
17. gr.	Til almennrar styrktarstarfsemi		1167400,00
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		265795,00
19. gr.	Óviss útgjöld		100000,00
	Rekstrarafgangur		903747,00
	Samtals ...	... ...	13852985,00

yfirlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	12949238,00
	Aðrar útborganir:	
20. gr. I.	Afborganir lána	1172434,00
— II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana	180000,00
— III.	Til byggingar nýrra vita	70000,00
— IV.	Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000,00
	Samtals ...	14381672,00

22. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að veita styrk í eitt skipti fyrir öll til þess að koma á stofn mjólkurbúum til osta- og smjörgerðar og mjólkurniðursuðu. Styrkurinn nemi allt að ¼ kostnaðar og sé því aðeins greiddur, að fyrirtækið sé fullbúið til starfrækslu.

II. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpsviðtæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins.

III. Að verja allt að 6000 kr. af tekjuafgangi landssmiðjunnar til að láta smíða þar ýmsa muni, er íslenzkir hugvitsmenn finna upp og líklegt þykir, að gagn megi að verða fyrir framleiðsluna í landinu, enda sé ríkisstofnunum og fyrirtækjum, sem njóta rekstrarstyrks af almannafé, skylt að skipta við landssmiðjuna, eftir því sem hún getur afkastað.

IV. Að nota ágóðann af búrekstri á Reykjum til að endurbæta peningshús á jörðinni og til jarðabóta.

V. Að gera ráðstafanir til þess að láta auka og endurbæta senditæki Ríkisútvarpsins, svo að þau fullnægi þörfum landsmanna. Skulu þær endurbætur fara eftir nánari ákvörðunum stjórnarinnar, enda beri Ríkisútvarpið sjálft allan kostnað af framkvæmdinni.

VI. Að ganga í ábyrgð fyrir allt að 350 þús. kr. láni fyrir innlent félag til þess að reisa síldarbræðslustöð á Seyðisfirði, er geti unnið úr ca. 600 málum síldar á sólarhring, enda fari lánið eigi fram úr 90% stofnkostnaðar, sé tryggt með 1. veðrétti í eigninni og ábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar, en samþykktir og starfsreglur félagsins og ráðning forstjóra þess háð samþykki atvinnumálaráðherra. (Endurveiting).

VII. Að ábyrgjast fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, allt að 510 þús. kr. lán til rafvirkjunar, þó ekki yfir 85% kostnaðarverðs. (Endurveiting).

VIII. Að krefjast þeirra trygginga, sem stjórnin metur gildar, fyrir hverri þeirri ábyrgð, sem hún gengur í f. h. ríkissjóðs, enda séu allar slíkar lántökur framkvæmdar af ráðuneytinu, eða Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands í samráði við ráðuneytið. Þó getur ráðuneytið falið einstökum mönnum útvegun lánana.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1934, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu sem bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

Stjórninni er heimilt að greiða Jóni Bergsteinssyni, fyrrverandi bústjóra á Kleppi, 300 kr. auk dýrtíðaruppbótar, og sé upphæðin færð á reikning Kleppsbúsins.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1935 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

TEKJUBÁLKURINN.

Um 2. gr.

Skattar og tollar eru áætlaðir eins og á fjárlögum fyrir 1935 og reiknað með því að skatt- og toll-viðaukar verði framlengdir. Er engin reynsla fengin síðan gengið var frá síðustu fjárlögum, sem hægt sé að byggja á rökstuddar tillögur til breytinga.

Um 3. gr.

Tekjur af ríkisstofnunum eru að mestu áætlaðar hinar sömu og á núgildandi fjárlögum, þó eru tekjur landsímans hækkaðar um kr. 100000,00, og er þar reiknað með tekjum af stuttbylgjustöðinni í Reykjavík kr. 40000,00.

Um 4. gr.

Tölul. 4. — aðrir vextir — sundurliðast þannig:

Búnaðarbankinn:		
6,2% af kr. 1920000,00	kr.	119040,00
Síldarverksmiðjan:		
6,2% af kr. 1336000,00	—	82792,00
Arnarhvoll:		
6,2% af kr. 350000,00	—	2100,000
Reykjavíkurbær:		
Rafveitulán 6% af kr. 35000,00	—	2199,00
Lóðakaupalán:		
6% af kr. 6000,00	—	360,00
Eimskipafélag Íslands:		
6% af kr. 42000,00	—	2520,00
Finnur Jónsson málari:		
6% af kr. 6666,67	—	400,00
Flyt	kr.	228212,00

	Flutt kr.	228212,00
Jóhannes Jósefsson:		
6% af kr. 28600,00	—	1716,00
Bergur Jónsson sýslum.:		
6% af kr. 4882,50	—	293,00
Lán til presta:		
6% af kr. 18700,00	—	654,00
	Kr.	230875,00

GJALDABÁLKURINN.

Um 7. gr.

1.—3. Yfirlit um vexti og afborganir (sbr. 20. gr.) fastra lána 1936:

	1. Innlend lán.	Vextir kr.	Afborganir kr.
1.	Lán til ritsíma, tekið 20. okt. 1916 til 25 ára með bankavöxtum, hjá Landsbankanum, kr. 100000,00	1440,00	4000,00
2.	Lán til ritsímans, tekið í Landsbankanum 20. jan. 1918 til 25 ára, með bankavöxtum, kr. 85000,00	1428,00	3400,00
3.	Lán hjá Háskóla Íslands, tekið 10. jan. 1919 með 5% vöxtum, afborganalaust	50000,00	
4.	Innlenda lánið, tekið 1. júlí 1920 með 5½% vöxtum til 20 ára, 3 millj. kr.	41250,00	150000,00
5.	Veðdeildarlán Staðarfells	290,00	272,00
6.	Lán hjá Landsbankanum, vegna Reykja í Ölfusi	144,00	1200,00
7.	Lán hjá Landsbankanum, tekið 15. sept. 1928 með 6% vöxtum, til 20 ára, til vinnuhælisins	1800,00	2500,00
8.	Lán samkvæmt skuldabréfi til Gísla Björnssonar til 25 ára, með 5% vöxtum, kr. 65000,00	2470,00	2600,00
9.	Veðdeildarlán og skuldabréfalán vegna húsa- og lóðakaupa við Lækjargötu	9300,00	11000,00
10.	Skuldabréfalán vegna vega- og brúargerða, tekin 1932—34	50000,00	92000,00
11.	Lán til frystihúsa, yfirtekin samkv. lögum frá 1933:		
	a. Hluti af viðlagasjóðslánum	4540,00	3700,00
	b. Lán í Landsbankanum	1530,00	
	Ísl. kr.	164192,00	270672,00

	2. Ensk lán.		
1.	Lán frá 1921 (breytt 1934) vextir £ 10644-7-8; afborgun £ 8998-14-11	235773,10	199322,22
2.	Lán 1930 vextir £ 29628-10-0; afb. £ 5300-0-0 ...	656271,27	117395,00
3.	Lán 1931 vextir £ 3712-10-0	82231,88	
	Kr.	974276,25	316717,22

3. Dönsk lán (d. kr.).

1.	4½ % lán, tekið 1909 hjá dönskum bönkum, kr. 1500000,00, til kaupa á III. flokks bankavaxtabréfum Landsbankans	7312,50	50000,00
2.	4½ % lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn, kr. 250000,00, tekið 1912 til kaupa á III. flokks bankavaxtabréfum í Landsbankanum. Lánið er tekið til 30 ára	2718,75	8333,34
3.	4 % ritsímalán 1913, endurgreiðsla á 30 árum með föstu árgjaldi hjá Mikla norræna ritsímafélaginu, kr. 500000,00	7639,85	21531,47
4.	5 % ritsímalán, tekið hjá Mikla norræna ritsímafélaginu til 30 ára, kr. 500000,00	14652,70	17700,64
5.	5 % lán hjá dönskum bönkum, tekið 1. júlí 1919, til 20 ára, 4½ millj. kr.	45000,00	225000,00
6.	4½ % lán hjá Bicuben til heilsuhælisins á Vífilsstöðum	5020,00	2480,00
7.	Lán hjá Landmandsbanken v. ábyrgðar f. síldareinkasöluna	10000,00	50000,00
		Kr. 92343,80	375045,45

4. Vextir af lausaskuldum eru áætlaðar kr. 300000,00. Skuldirnar eru nú um 5 milljónir króna.

Um 10. gr.

II. 3. Prentun eyðublaða er lækkuð um kr. 500,00.

II. 4. Húsaleiga er lækkuð um kr. 1000,00.

II. 5. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður er hækkaður um kr. 1000,00.

Breytingar þessar eru gerðar eftir tillögum hagstofustjóra.

III. 2. Fjárveitingin til meðferðar utanríkismála er hækkuð um kr. 5000,00, og eru það laun fulltrúa við sendisveitina í Osló, sem ráðinn er með samþykki utanríkismálanefndar.

III. 4. Kostnaður við sambandslaganefnd er lækkaður um kr. 4000,00. Fundir nefndarinnar verða haldnir hér á landi þetta ár.

Um 11. gr.

A. 4. Skrifstofukostnaður lögmanns er hækkaður um kr. 2000,00 vegna aukningar á starfsfólki.

A. 5. Skrifstofukostnaður tollstjórans er hækkaður um kr. 8000,00.

A. 6. Skrifstofukostnaður lögreglustjóra er hækkaður um kr. 3200,00.

Undanfarin ár hefir skrifstofukostnaður lögreglustjóra og tollstjóra farið allmikið fram úr áætlun. Þykir því ekki fært að áætla þessa liði lægra en hér er gert.

A. 7. Kostnaður við toll- og löggæzlu er hækkaður um kr. 20000,00. Reynslan hefir sýnt, að kostnaður við tollgæzluna í Reykjavík fer árlega vaxandi. Auk þess er full þörf á aukinni tollgæzlu annarsstaðar á landinu.

A. 10. Kostnaður við hegningarhúsið í Reykjavík er hækkaður um kr. 1000,00.

B. 12. Sakamálakostnaður og lögreglumála er hækkaður um kr. 1000,00. Kostnaður þessi er svo breytilegur frá ári til árs, að erfitt er að áætla hann, en eftir reynslu síðustu ára þótti ekki annað fært en að hækka hann um þessa upphæð.

B. 7. Kostnaður við skattanefndir hefir um nokkur undanfarin ár farið mikið fram úr áætlun. Síðasta alþingi breytti ákvæðunum um greiðslur til skattanefnda, og mun sú breyting hafa nokkuð aukinn kostnað í för með sér; er því liðurinn hækkaður um kr. 10000,00.

B. 6. Liðurinn hefir ávallt reynzt hærri en áætlað var, og er því hækkaður um kr. 5000,00.

Um 12. gr.

12. Landsspítalinn:

B. 6. Viðhald og umbætur er hækkað um kr. 5000,00 samkv. tillögu spítalastjórnarinnar.

B. 8. Röntgenfilmur og áhöld eru lækkuð um kr. 12000,00, en sú upphæð er á núgildandi fjárlögum ætluð til endurnýjunar á ýmsum lækningaáhöldum.

14. II. Nýi spítalinn á Kleppi:

Með tilliti til þess, að sjúklingum hefir fjölgað á spítalanum, og með hliðsjón af tillögum yfirlæknis þykir ekki annað fært en að hækka fjárveitinguna um kr. 8000,00.

14. B. Laun aðstoðarlæknisins á Vífilsstöðum eru lækkuð um kr. 1000,00, til samræmis við laun yfirlæknis. Hefir sézt yfir að gera þessa breytingu við samning síðasta fjárlagafrumvarps.

18. c. Styrkur til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli er lækkaður um kr. 10000,00, og þannig gert ráð fyrir sömu fjárveitingu í þessu skyni eins og á fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar fyrir 1935.

18. k. Tekin er upp sérstök fjárveiting til annara heilbrigðisráðstafana, kr. 2000,00. Er það gert eftir tilmælum landlæknis, og vísast til erindis frá honum.

Um 13. gr.

A. I. 4. Fjárveiting til aðstoðarmanna og mælinga er hækkuð um kr. 4000,00. Eftir reynslu undanfarinna ára verður ekki komizt af með lægri fjárhæð.

A. 2. a. Fjárveiting til nýrra akvega er lækkuð um kr. 166500,00, sjá sundurliðun í frumvarpinu. Er fjárveitingin þá því nær jafnhá og hún var í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar á síðasta þingi.

B. 2. Styrkur til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum er lækkaður um kr. 7000,00.

C. I. 4. Skrifstofukostnaður vitamálastjóra er hækkaður um kr. 3000,00.

C. I. 5. Ferðakostnaður er hækkaður um kr. 500,00.

C. I. 6. Til aðstoðarmanna og mælinga er hækkað um kr. 1000,00.

Allir þessir liðir hafa verið svo lágt áætlaðir, að ekki verður komizt hjá því að hækka þá eins og hér er gert.

C. III. Rekstrarkostnaður vitanna er hækkaður um kr. 5000,00.

C. V. Til áhaldakaupa er hækkað um kr. 3000,00.

C. VII. 3. Styrkur til hafnargerðar á Ísafirði er hækkaður um kr. 3000,00 vegna greiðslu vaxta og afborgana af láni því, sem bærinn hefir tekið til hafnargerðarinnar.

C. VII. 5. Styrkur til hafnargerðar á Hornafirði er lækkaður niður í kr. 5000,00, og er ætlazt til, að fjárveitingin gangi til dýpkunar.

C. VII. 6. Tekin er upp fjárveiting til dýpkunar á Vestmannaeyjahöfn, kr. 15000,00.

C. X. Brimbrjóturinn í Bolungavík hefir orðið fyrir miklum skemmdum af sjógangi, sem óhjákvæmilegt er að gera við á næsta sumri, en sveitarfélaginu ofvaxið að bera þann kostnað. Er því tekin upp fjárveiting um þriðjungs framlag úr ríkissjóði, kr. 12500,00.

C. VIII. Fjárveiting til bryggjugerða og lendingarbóta er lækkuð niður í kr. 15000,00, og er það sama fjárhæð og gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar fyrir 1935.

Um 14. gr.

B. I. h. Tekin er upp fjárveiting til kennslu í augnlækningum við háskólann kr. 700,00. Fjárveitingin er bundin við ákveðinn lækni, vegna þess, að ekki hefir náðst samkomulag við læknadeildina um að læknir sá, er notið hefir styrks til augnlækningaferða, hafi kennsluna á hendi.

B. I. m. 2. Ýmis gjöld eru hækkuð um kr. 1000,00 vegna kostnaðar við heimsóknir erlendra vísindamanna.

B. IV. b. 3. Fjárveitingin til viðhalds Menntaskólans er hækkuð um kr. 3000,00. Reynslan hefir sýnt, að ómögulegt er að komast af með það fé, sem nú er veitt til þessa.

B. V. b. 7. Fjárveitingin til viðhalds er hækkuð um kr. 3000,00 til samræmis við samskonar fjárveitingu til Menntaskólans í Reykjavík.

B. VI. b. 1. Fjárveitingin til stundakennslu er hækkuð um kr. 2000,00. Reynslan hefir sýnt að ekki verður komizt af með lægri fjárhæð.

B. VII. b. 1. Fjárveitingin er hækkuð um kr. 500,00 af sömu ástæðu.

B. VII. b. 4. Tekin er upp fjárveiting til áhaldakaupa, kr. 1000,00, eftir tilmælum skólastjóra.

B. VIII. h. 6. Á núverandi fjárlögum eru veittar kr. 4000,00 til stofnunar rafmagnsdeildar. Varð því ekki komizt hjá að taka upp fjárveitingu til starfrækslu deildarinnar. Er þar farið eftir tillögum nefndar þeirrar, sem hefir undirbúið málið.

B. XIII. 1. Laun barnakennara fara stöðugt hækkandi. Veldur því fjölgun fastra kennara og launahækkanir (aldursuppbætur). Nú um áramótin eru launagreiðslurnar um 432000 krónur, og þótti því ekki verjandi að hækka fjárveitinguna um minna en kr. 40000,00.

B. XIII. 4. Utanfararstyrkur til barnakennara er lækkaður um kr. 1000,00.

B. XIII. 7. Tekinn er upp styrkur til tímaritsins »Menntamál«, kr. 800,00. Samskonar fjárveiting hefir áður verið á fjárlögum.

B. XIV. 1. C. 5. Á fjárlögum fyrir 1935 eru veittar kr. 50000,00 til raflýsingar á Eiðum; í framhaldi af þeim framkvæmdum eru nú áætlaðar kr. 35000,00 til kaupa á raftækjum og sundlaugarbyggingar við skólann.

B. XIV. 2. a. Rekstrarstyrkur til héraðsskóla er hækkaður um kr. 20000,00; er þá fjárveitingin miðuð við þá fjárhæð, sem greidd hefir verið til skólanna á árinu 1934.

B. XIV. 2. b. Fjárveitingin til stofnkostnaðar er lækkuð um kr. 1500,00.

B. XIV. 6. Byggingarstyrkur til Flensborgarskólans er lækkaður um kr. 5000,00.

B. XIV. 7. Styrkur til unglingafræðslu er hækkaður um kr. 2500,00, og er þá fjárveitingin í samræmi við eyðsluna á síðastliðnu ári.

B. XV. 6. Byggingarstyrkur til húsmæðraskóla á Laugalandi er lækkaður um kr. 5000,00.

B. XXIV. Tekin er upp fjárveiting til áhaldakaupa handa íþróttaskólanum á Laugarvatni, kr. 1000,00.

Um 15. gr.

1. j. Ymisleg gjöld eru hækkuð um kr. 500,00, vegna þess að kaupa þarf ritvél handa safninu.

Um 16. gr.

3. Fjárveitingin til sandgræðslu er lækkuð um kr. 10000,00, enda fellur burt athugasemd um ráðstöfun nokkurs hluta hennar.

13. Laun dýralækna hækka um kr. 3400,00, enda eru nú 5 skipaðir dýralæknar, en á fjárlögum er ekki gert ráð fyrir fleiri en 4.

24. b. Skrifstofukostnaður skipaskoðunarstjóra er hækkaður um kr. 400,00.

54. Tekin er upp fjárveiting til vatnsveitu í Hrísey, kr. 3000,00. Eftir jarðskjálftana hafa brunnar þornað í eyjunni, svo að til vandræða horfir.

Um 17. gr.

3. Styrkur til sjúkrasamlaga er lækkaður um kr. 5000,00. Virðist reynslan á síðasta ári benda til þess, að fjárveitingin megi lækka um þessa fjárhæð.

11. Tillag til ellistyrktarsjóða er hækkað um kr. 10000,00, í samræmi við reynslu síðasta árs.

12. Tekin upp fjárveiting til stórstúku Íslands, samkv. heimild í 22. gr. fjárlaga fyrir 1935, tölul. XII.

Um 18. gr.

I. a. e. Vísast til skrár um lögmælt eftirlaun, sem prentuð er aftan við athugasemdirnar.

II. k. Eftirlaun til Sig. Sigurðssonar búnaðarmálastjóra eru tekin hér upp samkv. heimild í 22. gr. fjárlaga 1935, tölul. III.

Um 20. gr.

Eignahreyfingar.

I. 1. Vísast til skýrslu um vexti og afborganir í athugasemd við 7. gr.

I. 2. a. Afborganir á lánum landssímans hækka um kr. 76000,00, vegna afborgana af nýteknu láni til stuttbylgjustöðvar í Reykjavík.

II. 1. Tekin er upp fjárveiting til byggingar áhaldahúss, kr. 15000,00.

Verður ekki komizt hjá að bæta úr skorti á viðunandi geymslurúmi og húsrúmi til aðgerða á tækjum og öðrum áhöldum landssímans. Vísast að öðru leyti til greinargerðar landssímastjóra í athugasemdum við tillögur hans.

III. Fjárveitingin til byggingar nýrra vita er lækkuð um kr. 6000,00.

Reiknað er með sömu dýrtíðaruppbót af launum eins og gert er í núgildandi fjárlögum.

Á næsta þingi mun koma fram frumvarp til nýrra launalaga, sem að sjálfsögðu mun valda allmiklum breytingum, ef það verður að lögum.

SKRÁ

yfir lögmælt eftirlaun embættismanna, embættismannaekkna og barna 1. jan. 1935.

	kr.	kr.
A. Embættismenn:		
1. Einar Benediktsson, fv. sýslumaður í Rangárvallasýslu (konungsúrskurður 9/4 1927	641,91	
2. Marinó Hafstein, fv. sýslumaður í Strandasýslu (konungsúrskurður 30/11 1908)	1008,00	
3. Helgi Guðmundsson, fv. héraðslæknir í Siglufjarðarhéraði (konungsúrskurður 1/11 1910)	1000,00	
4. Axel Valdimar Tulinius, fv. sýslumaður í Suður-Múlasýslu (konungsúrskurður 1/7 1911)	1876,62	
5. David Scheving, fv. héraðslæknir i Ísafjarðarhéraði (konungsúrskurður 2/8 1914)	1266,67	
6. Guðmundur Eggerz, fv. sýslumaður í Árnessýslu	1558,52	
7. Skúli Árnason, fv. héraðslæknir í Grímsneshéraði	800,00	
8. Jón Jónsson, fv. héraðslæknir	991,67	
9. Sigurður Magnússon, fv. héraðslæknir	963,33	
10. Magnús Guðmundsson, fv. ráðherra	1060 00	
11. Guðmundur Guðmundsson, fv. héraðslæknir	1000,00	
12. Karl Einarsson, fv. bæjarfógeti	1461,22	
13. Ólafur Thorlacius, fv. héraðslæknir	860,00	
14. Sig. H. Kvaran, fv. héraðslæknir	595,00	
15. Jóhannes Jóhannesson, fv. bæjarfógeti	6000,00	
16. Magnús Helgason, fv. skólastjóri	4200,00	
17. Guðm. Björnson, fv. landlæknir	7000,00	
18. Bogi Brynjólfsson, fv. sýslumaður	1160,00	
19. Georg Georgsson, fv. héraðslæknir	960,00	
20. Steingrímur Jónsson, fv. bæjarfógeti	5599,40	
21. Guðm. T. Hallgrímsson, fv. héraðslæknir	760,00	
22. Halldór Steinsson	1000,00	
		41762,34
B. Embættismannaekkjur og börn:		
1. Caroline Rósa Jónassen, ekkja E. Th. Jónassens amtmanns, frá 10/1 1891	750,00	
2. Ásta Hallgrímsson, ekkja Tómasar Hallgrímssonar læknaskólakennara, frá 1/1 1894	350,00	
3. Ingibjörg Jensdóttir, ekkja Hjörts Jónssonar héraðslæknis í 4. læknishéraði, frá 1/5 1894	305,00	
4. Álfheiður Helga Briem, ekkja Páls Briems amtmanns, frá 1/1 1905	625,00	
5. Guðrún B. Gísladóttir, ekkja Jóns Sigurðssonar héraðslæknis	189,37	
Flyt	2219,37	41762,34

		kr.	kr.
	Flutt	2219,37	41762,34
6.	Lára Malvina Scheving, ekkja Guðmundar Scheving héraðslæknis, frá 1/8 1909	187,50	
7.	Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns Jónssonar héraðslæknis í Hróarstunguhéraði, frá 1/9 1910	150,00	
8.	Þóra Gísladóttir, ekkja Sigurðar Pálssonar héraðslæknis í Sauðárkrókshéraði, frá 1/11 1910	212,50	
9.	Oliva María Guðmundsson, ekkja Guðlaugs Guðmundssonar, frá 1/9 1913	560,83	
10.	Sigríður Hjaltadóttir, ekkja Jóns Jenssonar yfirdómara, frá 1/7 1915	500,00	
11.	Theódóra Thóroddsen, ekkja Skúla Thóroddsen sýslumanns frá 1/6 1916	535,17	
12.	Sofía Johnsen, ekkja fyrrv. héraðslæknis Þorgríms Johnsen, frá 1/9 1917	321,53	
13.	Vigdís G. Blöndal, ekkja Jóns Blöndals héraðslæknis í Borgarfjarðarhéraði	187,50	
14.	Ingileif S. Aðils, ekkja Jóns Jónssonar Aðils prófessors, frá 1/6 1920	340,00	
15.	Sigríður Pálsson, ekkja Pálma Pálssonar yfirkennara	450,00	
16.	Finnboga Árnadóttir, ekkja Odds Jónssonar héraðslæknis í Reykhólahéraði	187,50	
17.	Steinunn Frímannsdóttir, ekkja Stefáns Stefánssonar skólameistara á Akureyri	715,82	
18.	Anna Daníelsson, ekkja hæstaréttardómara Halldórs Daníelssonar	859,37	
19.	Guðrún Björnsdóttir, ekkja Þórðar Pálssonar héraðslæknis	187,50	
20.	Ingibjörg Magnúsdóttir, ekkja Júlíusar Halldórssonar héraðslæknis, frá 1/6 1924	212,50	
21.	Margrét Lárusdóttir, ekkja Guðmundar Þorsteinssonar héraðslæknis, frá 1/4 1924	150,00	
22.	Rannveig Tómasdóttir, ekkja Magnúsar Jóhannssonar héraðslæknis, frá 1/1 1924 kr. 187,50 Samkvæmt konungsúrskurði 20/8 1924, með börnum hennar til 16 ára aldurs 80 kr. árlega: Guðríður Erla f. 8/1 1921 — 80,00 Axel Valgarður, f. 20/8 1922 — 80,00	347,50	
23.	Anna Gunnlaugsson, ekkja Halldórs Gunnlaugssonar héraðslæknis, frá 1/1 1925 kr. 150,00 Samkvæmt konungsúrskurði 10/8 1925, með syni hennar til 16 ára aldurs, 100 kr. árlega: Gunnar Þór, f. 20/6 1919 — 100,00	250,00	
24.	Kirstín P. Blöndal, ekkja Ásgeirs Blöndal héraðslæknis, frá 1/8 1926	187,50	
25.	Þórunn Siemsen, ekkja Frans Siemsens sýslumanns, frá 1/1 1926	391,90	
	Flyt	9153,99	41762,34

		kr.	kr.
	Flutt	9153,99	41762,34
26.	Þóra Magnússon, ekkja Jóns Magnússonar ráðherra, frá 1/7 1926	1200,00	
27.	Jenny Forberg, ekkja Oluf Forberg landssímastjóra, frá 1/4 1925	500,00	
28.	Ragna Gunnarsdóttir, ekkja Ólafs Gunnarssonar héraðslæknis, frá 1/9 1927 . . . . . kr. 150,00		
	Samkvæmt konungsúrskurði 19/9 1927 með hverju barni hennar til 16 ára aldurs:		
	1. Björn, f. 1/12 1920 . . . . . — 100,00		
	2. Gunnar, f. 6/1 1922 . . . . . — 100,00		
	3. Ólafur, f. 18/1 1924 . . . . . — 100,00		
		450,00	
29.	Sigríður Blöndal, ekkja Björns Blöndal héraðslæknis, frá 1/10 1927	150,00	
30.	Kristín Þórarinsdóttir, ekkja Kr. Kristjánssonar héraðslæknis, frá 1/12 1927	237,50	
31.	Aðalbjörg Sigurðardóttir, ekkja Har. Nielssonar prófessors	340,00	
32.	Sigríður Jónsdóttir, ekkja Bjarna Jenssonar héraðslæknis.	187,50	
33.	Anna Jónsson, ekkja Kl. Jónssonar ráðherra	750,00	
34.	Cathinka Sigfússon, ekkja Jóhannesar Sigfússonar kennara	240,00	
35.	Susie Briem, ekkja Halldórs Briem bókavarðar	300,00	
36.	Margrét Árnadóttir, ekkja Páls V. Bjarnasonar sýslumanns	350,00	
37.	Súsanna Erlendsson, ekkja Henriks Erlendssonar héraðslæknis . . . . . kr. 187,50		
	Samkvæmt konungsúrskurði 7/9 1931, með hverju barni hennar til 16 ára aldurs:		
	1. Kristín, f. 16/12 1920 . . . . . — 100,00		
	2. Sigríður, f. 10/6 1922 . . . . . — 100,00		
	3. Friðrik, f. 25/5 1925 . . . . . — 100,00		
	4. Bjarni, f. 9/8 1927 . . . . . — 100,00		
		587,50	
38.	Marta Þorvaldsson, ekkja Jóns Þorvaldssonar héraðslæknis	450,00	
39.	Anna Jónsdóttir, ekkja Stefáns Gíslasonar héraðslæknis	187,50	
			15083,99
	C. Prestsekkjur:		
1.	Anna Kristjánsdóttir frá Þóroddsstað	100,52	
2.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	100,00	
3.	Bergljót Blöndal frá Hvammi í Skagafirði	100,00	
4.	Björg Einarsdóttir frá Undirfelli	100,00	
5.	Guðrún J. Jóhannesdóttir frá Bergsstöðum	107,54	
6.	Guðrún Jónsdóttir frá Kolfreyjustað	183,78	
7.	Guðrún Pétursdóttir frá Görðum	314,81	
8.	Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	134,40	
	Flyt	1141,05	56846,33

		kr.	kr.
	Flutt	1141,05	56846,33
9.	Halldóra Vigfúsdóttir frá Breiðabólsstað	158,95	
10.	Ingunn Loftsdóttir frá Desjarmýri	101,55	
11.	Margrét Þórðardóttir frá Gaulverjabæ	139,86	
12.	Ragnheiður Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	131,36	
13.	Sigríður Jónsdóttir frá Melstað	188,06	
14.	Sigríður Metúsalemsdóttir frá Staðarbakka	131,26	
15.	Vigdís Einarsdóttir frá Grunnavík	104,16	
16.	Helga Ketilsdóttir frá Grindavík	100,00	
17.	Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli	147,50	
18.	Vilborg Jónsdóttir frá Prestsbakka	102,65	
19.	Sigríður Halldórsdóttir frá Holti í Önundarfirði	184,36	
20.	Guðlaug Vigfúsdóttir frá Stafafelli	90,80	
21.	Ingibjörg Magnúsdóttir frá Laufási	142,10	
22.	Guðfinna Jensdóttir frá Miklabæ	116,96	
23.	Guðrún Sigurðardóttir frá Flatey	118,93	
24.	Guðbjörg Hermannsdóttir frá Þingvöllum	118,30	
25.	Þórunn Bjarnadóttir frá Vigur	144,44	
26.	Anna Stefánsdóttir frá Stað í Súgandafirði	100,00	
27.	Helga Skúladóttir frá Kálfafellsstað	72,94	
28.	Valgerður Karólína Guðmundsdóttir frá Grenivík	164,63	
29.	Guðrún Hermannsdóttir frá Breiðabólstað	212,94	
30.	Arndís Pétursdóttir frá Vatnsfirði	162,10	
31.	Guðríður Ólafsdóttir frá Húsavík	135,74	
32.	Þorbjörg Pálsdóttir frá Gilsbakka	100,00	
33.	Guðríður Helgadóttir frá Kvennabrekku	168,00	
34.	Guðný Þorsteinsdóttir frá Nesi í Norðfirði	126,44	
35.	Jakobína Sigurgeirsdóttir frá Borg	142,56	
36.	Kristín Jónsdóttir frá Brjámslæk	103,00	
37.	Sigríður Þórðardóttir frá Stafholti	156,00	
38.	Margrét Jónasdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	131,36	
39.	Sigríður Jóhannesdóttir frá Hruna	129,42	
40.	Þóra Jónsdóttir frá Auðkúlu	82,72	
41.	Jóhanna Magnúsdóttir frá Staðarhrauni	224,00	
42.	Margrét Sigurðardóttir frá Höskuldsstöðum	131,85	
43.	Sigurlaug Knudsen frá Breiðabólsstað	133,00	
44.	Guðrún M. Sveinsdóttir frá Lundi	100,00	
45.	Sigríður Helgadóttir frá Odda	215,70	
46.	Steinunn Eiríksdóttir frá Bjarnanesi	200,22	
47.	Líney Sigurjónsdóttir frá Görðum	314,81	
			6669,72
	D. Lög nr. 49 1923:		
	Einar Þorkelsson fyrrv. skrifstofustjóri Alþingis		2500,00
	E. Lög nr. 51 1921, 8. gr.:		
1.	Ásta Einarson, ekkja Magnúsar Einarson dýralæknis	250,00	
2.	Anna Þorgrímsdóttir, læknisekkja	300,00	
	Flyt	550,00	66016,05

		kr.	kr.
	Flutt	550,00	66016,05
3. Hrefna Einarsdóttir, læknisekkja	kr. 350,00		
Sonur hennar Sigurður, f. $^{22}/_{7}$ 1920, til 16 ára aldurs	— 100,00		
		450,00	
4. Hedvig Blöndal, ekkja Óla P. Blöndal póstritara		350,00	
5. Aldný Magnúsdóttir, ekkja Árna Kristjánssonar símritara	kr. 220,00		
Sonur hennar Örn, f. $^{2}/_{9}$ 1925, til 16 ára aldurs .	— 100,00		
		320,00	
6. María Guðmundsdóttir, ekkja Ásgríms Péturssonar fiskimatsmanns		240,00	
7. María Jónsdóttir, ekkja Fr. Klemenssonar póstafgreiðslumanns		240,00	
8. Þrúður Ingibjörg Jónsdóttir, ekkja Björns Magnússonar símstjóra	kr. 260,00		
Börn hennar til 16 ára aldurs:			
1. Guðný, f. $^{30}/_{7}$ 1925	— 100,00		
2. Magnús, f. $^{1}/_{11}$ 1928	— 100,00		
		460,00	
9. Harriet Jónsson, ekkja Magnúsar Jónssonar prófessors . .		450,00	
			3060,00
	Samtals		69076,05

2. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina að innheimta ýms gjöld 1936 með viðauka.

(Lagt fyrir alþingi 1935).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta tekju- og eignarskatt álagðan 1936, samkvæmt lögum nr. 6 9. janúar 1935, með 10% viðauka. Þó skal eigi innheimta álag, sem nemur minna en 3 kr. hjá gjaldanda.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1936 að innheimta með 25% viðauka tolla af allskonar áfengum drykkjum (sbr. 2., 3. og 4. tölulið 1. gr. laga nr. 41 27. júní 1921), ávaxtasafa og berjasafa, gosdrykkjum allskonar, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, sódavatni, tegrasi, unnu og ónunnu tóbaki, hverskonar sem er, tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum), öllum tegundum af suðusúkkulaði og iðnsúkkulaði, kakódeigi, kakódufti, kakóbaunum, öllum tegundum af brjóstsykri, konfekti, átsúkkulaði og sykruðum ávöxtum, svo og af vitagjaldi, aukatekjum ríkissjóðs, þeim sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, I—VI kafla, stimpilgjaldi, samkv. lögum nr. 75 27. júní 1921 og enn-

fremur af verðtolli (sbr. lög nr. 47 15. júní 1926, lög nr. 5 3. apríl 1928 og lög nr. 11 2. júní 1933), þó ekki af verðtolli af vörum þeim, er greinir í lögum nr. 83 19. júní 1933 og auglýsingu nr. 106 29. júní 1933, og eigi heldur af skófatnaði, öðrum en lakk-, flos- og silkiskóm, og oliufatnaði.

Viðaukinn sé reiknaður þannig, að hver toll- og gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast ½ eyrir eða ½% eða hærra sem heill eyrir eða heilt prósent, en minna broti skal sleppt.

Gengisviðauki sá á aukatekjum ríkissjóðs og stimpilgjaldi, er um ræðir í þessari grein, tekur þó ekki til greiðslna fyrir embættisverk, sem framkvæmd eru, eða fyrir skjöl, sem gefin eru út vegna framkvæmdar á lögum nr. 78 19. júní 1933, um kreppulánasjóð.

Rísi ágreiningur um það, hvort reikna skuli gjaldið með 25% viðauka eða ekki, sker fjármálaráðuneytið úr.

3. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal til ársloka 1936 heimilt að innheimta með 80% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1936.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með þessu frumvarpi er lagt til, að heimilt verði að innheimta skatta og tolla árið 1936 með sömu viðaukum og árið 1935. Til hægðarauka er ákvæðunum um viðaukana safnað í eitt frumvarp. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir tekjum af þessum viðaukum, og nægir að vísa til þess um tekjuvonir þær, sem taldar eru af frumvarpi þessu.

Frumvarpi þessu er ætlað að koma í stað þessara laga og lagaákvæða:

Nr. 69 28. december 1934, nr. 71 29. december 1934, nr. 73 29. december 1934 og 55. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935.

3. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll.

(Lagt fyrir alþingi 1935).

1. gr.

Lög nr. 47 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum, lög nr. 5 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, með þeim breytingum, sem leiðir af lögum nr. 11 2. júní 1933, svo og lög nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll, skulu gilda til ársloka 1936.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Ríkissjóður má einskis í missa af tekjum sínum, og er því í frumvarpi þessu lagt til að framlengt verði gildi laga um verðtoll og laga um bráðabirgðaverðtoll til ársloka 1936. Þótti einfaldara að hafa framlenging beggja tollanna í sama frumvarpi. Kemur frumvarp þetta því í stað laga nr. 61 10. dec. 1934 og laga nr. 62 frá sama degi.

Um tekjuvonar af frumvarpinu nægir að vísa til fjárlagafrumvarpsins, þar sem reiknað er með tekjum af því.

4. Frumvarp til laga

um breyting á 22. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935.

(Lagt fyrir alþingi 1935).

1. gr.

Aftan við 22. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935 bætist:

Undirskattanefndarmenn þeir, er nú eru, halda starfi sínu þar til tími þeirra er útrunninn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Hinn 6. febr. voru gefin út bráðabirgðalög samhljóða frumvarpi þessu, sem er lagt fyrir þingið samkvæmt ákvæðum 23. gr. stjórnarskrárinnar, og fylgja bráðabirgðalögin hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um breyting á 22. gr. laga nr. 6 9. jan. 1936 um tekjuskatt og eignarskatt.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Fjármálaráðherra Vor hefir tjáð Oss að nokkur vafi leiki á um það, hvort undirskattanefndir þær, er nú sitja, eigi að starfa áfram samkvæmt lögum nr. 6 9. janúar 1935, eða hvort skipa eigi nýjar undirskattanefndir. Með því að svo er ástatt, sem að framan greinir, og úr þessu þarf að skera án tafar, svo skattanefndir geti óhindraðar sinnt störfum, en hinsvegar eðlilegast á allan hátt, að núverandi skattanefndir starfi áfram, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess, að gefa út bráða-

birgðalög um þetta efni, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920. Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Aftan við 22. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935, bætist:

Undirskattanefndir þær, sem nú eru, halda starfi sínu þar til tími þeirra er útrunninn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 6. febrúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Í nafni konungs

Frederik
ríkisarfi.

Eysteinn Jónsson.

5. Frumvarp til laga

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Lagt fyrir alþingi 1935).

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1936.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1936.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1936.
4. Framkvæmd 2. og 3. gr. laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1936.
5. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1936.
6. Framkvæmd c-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., er frestað til ársloka 1936.
7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1936 framlögum samkv. 5. gr. laga nr. 34 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1936.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Ekki þykir annað fært en að leggja til, að frestað verði 1936 framkvæmd þeirra lagaákvæða, sem frv. fjallar um og eru þau sömu sem alþingi 1934 samþykkti, að frestað yrði framkvæmd á árið 1935. Er því ætlazt til, að frv. komi í stað laga nr. 28 9. jan. 1935.

6. Frumvarp til laga

um ríkisútgáfu skólabóka.

(Lagt fyrir Alþingi 1935).

1. gr.

Allar venjulegar námsbækur, sem á hverjum tíma eru löggiltar til kennslu í barnaskólum, skulu gefnar út og seldar af ríkinu.

Nú býðst útgefandi til að taka að sér útgáfu löggiltrar kennslubókar, og er þá heimilt að taka boði hans, ef hann fullnægir skilyrðum útgáfustjórnar um frágang bókar og verð, enda fari um sölu hennar eftir fyrirmælum 5. gr.

2. gr.

Yfirstjórn ríkisútgáfu skólabóka skipa þrír menn: fræðslumálastjóri, sem er formaður stjórnarinnar, og 2 menn tilnefndir til 3 ára í senn, annar af stjórn Sambands ísl. barnakennara, en hinn skipar kennslumálaráðherra, og skal hann skipaður með sérstöku tilliti til þess, að geta verið ráðunautur útgáfustjórnar um kennslubækur til notkunar í æðri skólum (sbr. 7. gr.). Heimilt er kennslumálaráðherra að ákveða útgáfustjórninni þóknun fyrir starf hennar, og greiðist sú þóknun úr ríkissjóði.

3. gr.

Útgáfustjórn sér um, að jafnan sé til nægilegt af þeim bókum, sem gefa skal út, og nægur forði á þeim stöðum, þar sem nota skal bækurnar. Hún semur um útgáfurétt og ritlaun, prentun, bókband og útsendingu, ákveður útsöluverð bókanna, sér um innheimtu andvirðis og annað það, sem að útgáfunni lýtur. Heimilt er útgáfustjórn að fela ríkisprentsmiðjunni eða öðrum, sem til þess er ráðinn, útsendingu, innheimtu og annað, sem að heildsölu lýtur, enda skulu greiðslur fyrir þau störf taldar til útgáfukostnaðar.

4. gr.

Útsöluverð bókanna skal ákveðið sem næst kostnaðarverði. Skal leitast við að gera útgáfu bókanna ódýra, en þó vandaða.

5. gr.

Sala bókanna skal falin bóksölum, eða, ef nauðsyn krefur, skólastjórum eða öðrum, sem þeir mæla með. Þóknun fyrir bóksölu má nema allt að 20% af útsöluverði við umboðssölu, en 25% gegn greiðslu við móttöku. Útgáfustjórnin

setur reglur um reikningsskil af hálfu þeirra, er bækurnar hafa til sölu, og tryggingar fyrir greiðslu andvirðis bókanna.

6. gr.

Ríkissjóður leggur fram til útgáfunnar kr. 8000.00 — átta þúsund krónur — á ári í 6 ár frá því að útgáfan tekur til starfa. Af stofnfé þessu skulu engir vextir greiddir. Ef útgáfan þarf á meira starfsfé að halda, lánar ríkissjóður það gegn 6% ársvöxtum.

7. gr.

Auk kennslubóka þeirra, sem löggiltar eru til notkunar í barnaskólum á hverjum tíma, er stjórn útgáfunnar heimilt að ákveða að gefa út og selja á sama hátt skólabækur til notkunar í hærri skólum. Ennfremur skal henni heimilt að gefa út og hafa til sölu landabréf, veggmyndir og skólanauðsynjar. Þó skulu kennslubækur fyrir barnaskóla að jafnaði ganga fyrir, sbr. 1. gr.

8. gr.

Stjórn útgáfunnar rannsakar, hve miklar birgðir séu til af þeim bókum, sem löggiltar hafa verið til notkunar í barnaskólum, og gefa skal út samkvæmt lögum þessum. Jafnframt rannsakar hún, hve mikil sé árleg meðalsala hverrar bókar, og ákveður, hve langan tíma eigendur slíkra upplaga megi selja bækurnar. Loks sér útgáfustjórn um, að nýjar útgáfur verði til jafnskjótt sem eldri útgáfur þrjóta, eða að komnar séu á markað nýjar bækur, sem löggiltar kunna að hafa verið í stað hinna eldri.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er hér flutt óbreytt eins og samnefnt frumvarp var afgreitt við 3. umr. í neðri deild Alþingis 1934. Viðvíkjandi einstökum greinum frumvarpsins vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frumvarpinu á síðasta þingi, og þeirra upplýsinga, er fram komu við umræður um málið.

7. Frumvarp til laga

um varnir gegn vörusvikum.

(Lagt fyrir Alþingi 1935).

1. gr.

Lög þessi ná yfir hverskonar matvæli og aðrar neyzlu- og nauðsynjavörur, og er tilgangur þeirra að vernda menn gegn tjóni, sem stafað getur af því, ef slíkar vörur skortir eðlilega hollustu, eða ef þær eru skaðlegar heilbrigði manna, eða ef menn eru gabbaðir til að afla sér þeirra, neyta þeirra eða nota þær í þeirri trú, að þær séu annars efnis eða eðlis en þær eru í raun og veru.

2. gr.

Matvæli eða neyzluvörur eru samkvæmt lögum þessum efni, sem ætluð eru mönnum til neyzlu sem matur eða drykkur, þar á meðal neyzluvatn, svo og efni í mat eða drykk, þar með talið hverskonar krydd, svo og önnur efni, sem notuð eru við tilbúning matvæla og drykkja, þó að þau séu að jafnaði ekki í matvælunum eða drykkjunum, að þeim fullgerðum. Neyzluvörur teljast meðal annars hverskonar nautnavörur, svo sem áfengi, tóbak, kaffi, te o. s. frv.

Um efni, sem eingöngu eru ætluð til lækninga sem lyf og aðeins eru látin úti af lyfsölum eða læknum, fer eftir sérstökum lögum.

3. gr.

Nauðsynjavörur aðrar en matvæli og neyzluvörur (sbr. 2. gr.) eru samkvæmt lögum þessum:

1. Búsáhöld svo sem ílát og umbúðir, eldhúsáhöld, borðbúnaður og aðrir þeir hlutir, sem notaðir eru við tilbúning, geymslu eða framreiðslu matvæla eða annarar neyzluvöru.
2. Tilsvarandi áhöld þeim, sem getur í 1. tölulið þessarar greinar og eru viðhöfð í verksmiðjum, verzlunum, skipum og öðrum flutningatækjum eða á geymlustöðum og þar annarsstaðar, sem farið er með matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur, þar á meðal hverskonar vélar til matvæla- eða annarar neyzlu- eða nauðsynjavörugerðar eða við umbúnað, geymslu, flutning, afgreiðslu eða aðra meðferð á slíkum vörum, einnig vogir og mælitæki.
3. Hreinlætis- og snyrtivörur, hverju nafni sem nefnast. Með snyrtivörum teljast grímur, gerfihár og hverskonar vörur eða efni, sem leikarar einkum nota til að breyta útliti sínu, ennfremur hverskonar hreinlætis- og snyrtitæki, þar á meðal hverskonar áhöld og efni, sem notuð eru á rakarastofum og snyrtistofum.
4. Klæðnaður og hverskonar efni í klæðnað, þar á meðal rúmfatnaður og efni í rúmfatnað.
5. Húsgögn, þar á meðal upphitunar og lýsingartæki, veggfóður og húsgagnafóður, gólfdúkar og ábreiður, málningarvörur og aðrir litir, sem ekki teljast matvæli eða neyzluvörur (sbr. 2. gr.), stofuplöntur og plöntueftirlíkingar.
6. Eldiviður og ljósmeti, þar á meðal steinolía, brennsluvínandi, bensín, kerti, eldspýtur og önnur kveikingartæki.
7. Lækningaáhöld, þar á meðal gerfilimir og sjúklingaumbúðir, sáraumbúðir og hverskonar sjúkragögn og hjúkrunarvörur, ennfremur áhöld og efni til getnaðarvarna.
8. Leikföng.
9. Aðrir hlutir, sem ráðherra tiltekur nánar í samræmi við tilgang þessara laga.

4. gr.

Óheimilt er:

1. að búa til eða flytja inn í landið í því skyni að hafa á boðstólum, selja eða láta á annan hátt af hendi matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavör-

ur, sem ætla má, að skorti eðlilega hollustu eða séu skaðlegar heilbrigði manna, ef þeirra er neytt eða þær notaðar á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt.

2. að haga umbúnaði, geymslu, flutningi, afgreiðslu eða annari meðferð á matvælum eða öðrum neyzlu- eða nauðsynjavörum, sem ætla má, að verði hafðar á boðstólum, seldar eða látnar á annan hátt af hendi, þannig, að ætla megi, að þær fyrir það skorti eðlilega hollustu eða verði skaðlegar heilbrigði manna, ef þeirra er neytt eða þær notaðar á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt.
3. að hafa á boðstólum, selja eða láta á annan hátt af hendi, hvort sem er innanlands eða til útflutnings úr landinu, matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur, sem ætla má, að skorti eðlilega hollustu eða séu skaðlegar heilbrigði manna, ef þeirra er neytt eða þær notaðar á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt.

Ef um venjulegar nautnavörur er að ræða, sem að vísu eru viðurkenndar skaðlegar heilbrigði manna og eins þó að þeirra sé aðeins neytt á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt, eða um venjuleg matvæli eða um aðrar venjulegar neyzlu- eða nauðsynjavörur, sem álitamál getur verið um að þessu leyti, verða menn ekki sakfelldir samkvæmt þessari grein, nema ætla megi, að vörurnar séu annarlega eða óvenjulega skaðlegar heilbrigði manna, ef þeirra er neytt eða þær notaðar á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt, enda sé ekki bann á slíkum vörum eða þær gerðar óheimilar samkvæmt 6. gr.

5. gr.

Óheimilar eru eftirlíkingar eftir matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum í blekkingarskyni í verzlun eða viðskiptum, jafnt og hverskonar fölsun slíkrar vöru.

Um verzlun með matvæli og aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur, og þar á meðal um auglýsingar um og auðkenni á slíkum vörum, fer almennt eftir lögum nr. 84 19. júní 1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, en í einstökum atriðum eftir reglugerðum, er ráðherra kann að setja eða auglýsingum, er hann kann að birta samkvæmt þessum lögum. Um brot gegn hinum tilvitnuðu lögum, þegar um er að ræða matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur, fer eftir þessum lögum.

6. gr.

Ráðherra er heimilt í samræmi við tilgang þessara laga:

1. að banna eða takmarka tilbúning í landinu og þá jafnframt innflutning í landið á matvælum eða öðrum neyzlu- eða nauðsynjavörum, sem tilbúnar eru á ákveðinn hátt.
2. að banna eða takmarka, að um matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur sé búið eða þær geymdar, fluttar, afgreiddar eða að öðru leyti með þær farið á ákveðinn hátt.
3. að banna eða takmarka, að matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur, sem tilbúnar eru, um er búið, geymdar eru, fluttar, afgreiddar eða

að öðru leyti með er farið á ákveðinn hátt, séu hafðar á boðstólum, seldar eða látnar á annan hátt af hendi.

4. að banna eða takmarka, að áhöld eða efni, sem ætluð eru til ólöglegra eftirlíkinga eða fölsunar á matvælum eða öðrum neyzlu- eða nauðsynjavörum, séu búin til í landinu eða flutt inn í landið, höfð á boðstólum, seld eða látin á annan hátt af hendi.
5. að skipa fyrir, að á umbúðir, matvæli og aðrar neyzlu- og nauðsynjavörur eða á vörurnar sjálfar séu skráðar réttar upplýsingar um, hvar og af hverjum og hvenær þær séu tilbúnar, hver hafi selt þær eða látið þær af hendi, hverrar tegundar eða efnis eða eðlis þær séu, og ef um samsettar vörur er að ræða, hve mikið sé af hverju efni fyrir sig, svo og að segja fyrir um, hvernig að öðru leyti skuli gengið frá þessum áletrunum.
6. að ákveða með reglugerðum eða auglýsingum hvernig einstakar tegundir af matvælum eða öðrum neyzlu-eða nauðsynjavörum skuli gerðar til þess að verða ekki taldar skorta eðlilega hollustu eða vera skaðlegar heilbrigði manna, óheimilar eftirlíkingar eða falsaðar samkvæmt ákvæðum laga þessara, eða til þess að mega auðkennast á ákveðinn hátt. Í þessum reglugerðum eða auglýsingum má ákveða, hverjum þrifnaðar- og heilbrigðisreglum skuli fylgja við tilbúning, umbúnað, geymslu, flutning, afgreiðslu og aðra meðferð hinna einstöku tegunda af matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, að húsakynni og áhöld séu viðunandi, og þegar um framleiðslu eða aðra vandasama meðferð á slíkum vörum er að ræða, að næg kunnátta sé fyrir hendi til að annast allt, er að slíku lýtur.

7. gr.

Almennt eftirlit með framkvæmd laga þessara hafa lögreglustjórar, hver á sínum stað, með aðstoð héraðslækna, heilbrigðisnefnda og tollvörslumanna.

Ráðherra má auk þess fela sérstökum eiðsvörnum kunnáttumönnum eða stofnunum, sem hafa kunnáttumönnum á að skipa, einstakar greinir eftirlitsins og jafnvel stjórn þess í heild. Hlutaðeigendum skal jafnan skylt að leyfa eftirlitsmönnum óhindraðan aðgang til eftirlits á þeim stöðum, þar sem matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur eru búnar til, eða þar sem um slíkar vörur er búið, þær geymdar, fluttar eða á annan hátt með þær farið, eða þar sem slíkar vörur eru hafðar á boðstólum, seldar eða látnar á annan hátt af hendi, svo og að hlutaðeigendum skuli skylt að láta eftirlitsmönnum ókeypis í té nauðsynleg sýnishorn til rannsókna, gefa þeim allar upplýsingar um aðferðir við tilbúning, umbúnað, geymslu, flutning, afgreiðslu og aðra meðferð á slíkum vörum, er þeir óska eftir og starf þeirra varðar, heimila þeim á sama hátt aðgang að verzlunarbókum og skjölum og að aðstoða þá í öllum greinum við framkvæmd eftirlitsins.

Ráðherra er heimilt að ákveða nánar í reglugerð um tilhögun eftirlitsins. Í reglugerðinni má ákveða, að framleiðendur eða innflytjendur ákveðinna tegunda af matvælum, neyzlu- eða nauðsynjavörum, hagi bókfærslu sinni eftir því, sem eftirlitsmenn mæla fyrir, og gefi þeim hverskonar skýrslur, eftir því sem nauðsynlegt er vegna eftirlitsins. Í reglugerðinni má og ákveða, hverjar

aðferðir skuli viðhafðar við rannsóknir á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum til að sannreyna vörurnar. Í reglugerðinni má loks ákveða, að til greiðslu kostnaðar við eftirlit með tilbúningi eða sölu einstakra tegunda af matvælum og öðrum neyzlu- eða nauðsynjavörum megi leggja gjald á framleiðendurna eða innflytjendurna, ef um erlendar vörur er að ræða, og skal þá miða gjaldið við magn framleiðslunnar eða innflutningsins.

8. gr.

Áður en reglugerðir eru settar samkvæmt 9. tölulið 3. greinar og 6. og 7. grein, skal gefa hlutaðeigandi framleiðendum eða kaupmönnum kost á að láta sérfræðinga, er þeir nefna til, athuga málið og segja álit sitt um það.

Í reglugerðum samkvæmt lögum þessum má aldrei gera minni kröfur til erlendrar vöru en samskonar vöru innlendrar.

9. gr.

Þeir, sem hafa á hendi eftirlit með framkvæmd laga þessara, skulu, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum hinna almennu hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, bundnir þagnarskyldu um öll framleiðslu- og verzlunarleyndarmál, er þeir kunna að komast að við framkvæmd eftirlitsins, og mega hvorki færa sér þau í nyt sjálfir né verða þess valdandi að aðrir geri það.

10. gr.

Lögreglustjóra er heimilt með ráði héraðslæknis eða sérstaklega skipaðs eftirlitsmanns að taka í sínar vörslur eða umsjá matvæli og aðrar neyzlu- og nauðsynjavörur, sem ástæða er til að ætla, að séu skaðlegar heilbrigði manna, óheimilar eftirlíkingar eða falsaðar samkvæmt ákvæðum þessara laga, og hindra þannig, að þær verði hafðar á boðstólum, seldar eða á annan hátt látnar af hendi, svo lengi sem hann telur ástæðu til, og ef mál er höfðað, þangað til dómur er genginn.

11. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, nema um brot á hinum almennu hegningarlögum sé að ræða.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 100—10000 krónum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

Ætið skal sá, er sekur hefir fundizt við ákvæði þessara laga, greiða allan þann kostnað, sem leitt hefir af útvegun sýnishorna og rannsókna á þeim, er nauðsynlegar voru til að sanna sekt hans.

Nú hefir sá, sem sekur hefir fundizt um vörusvik samkvæmt þessum lögum sannanlega grætt á svikunum, og má þá, auk sektar þeirrar, sem greind er í 2. málsgrein þessarar greinar eða annarar refsingar, dæma hann til að greiða viðbótarsekt, jafnháa upphæð sem hagnaðurinn sannanlega nemur. Hinar sviknu vörur skulu jafnan dæmdar upptækar á kostnað hins seka, svo og áhöld þau og efni, sem notuð hafa verið við vörusvikin og sérstaklega eru til slíks ætluð.

Fyrir ítrekuð brot eða mikilsháttar, og einkum ef tjón hefir hlotizt af, má með dómi svifta hinn seka leyfi til að fást áfram við framleiðslu eða verzlun með matvæli og aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef sakir eru mjög miklar.

12. gr.

Í dómi, uppkveðnum samkvæmt 11. gr., má kveða svo á, að hann skuli birtur almenningi á kostnað hins seka. Sé hinn ákærði sýknaður, má eftir kröfu hans kveða svo á í dóminum, að hann skuli birtur almenningi og greiðir ríkissjóður þá kostnaðinn. Í dóminum skal ákveðið, hvernig slík birting skuli fara fram.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frv. þetta er samið af landlækni, sem gerir fyrir því eftirfarandi grein:

Í íslenzkri löggjöf gætir mjög lítið fyrirmæla til tryggingar því, að ekki séu hafðar á boðstólum og seldar sviknar matvörur og aðrar neyzlu- og nauðsynjavörur, er fyrir það skorti eðlilega hollustu eða séu beinlínis skaðlegar heilbrigði manna, enda má svo heita, að til þessa hafi hér á landi ekkert opinbert eftirlit verið haft með slíku. Hinsvegar mun enginn neita því, að þesshátt löggjafar og eftirlits sé full þörf, ekki síður hér en annarsstaðar, enda dæmin nýlega orðið deginum ljósari og sum næsta sorgleg, þar sem jafnvel manntjón hefir orðið af misfellum og yfirsjónum í þessum efnum — yfirsjónum, sem tæplega myndu hafa átt sér stað, ef sjálfsögðustu lagafyrirmæli hefðu verið fyrir hendi og eitthvert eftirlit viðhaft.

Þau lagafyrirmæli, er nú gilda og helzt koma hér til greina, eru:

1. Hin almennu hegningarlög 25. júní 1869. Þar eru almenn ákvæði um fölsuð mælitæki (279. gr.), um falsaðar vörur (280. gr.) og um eitraðar vörur (292. gr.).

2. Lög nr. 64, 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög. Í lögunum sjálfum eru engin ákvæði um, hvað í heilbrigðissamþykktunum megi standa, en yfirleitt hefir verið venja að krefjast sjálfsagðasta þrifnaðar um meðferð neyzluvatns og algengustu matvæla, sem höfð eru á boðstólum fyrir almenning, einkum mjólkur, brauðs og kjöts, og eru þá oft sérstök fyrirmæli um umgengni í mjólkur- og brauðbúðum, bökunarhúsum, sláturhúsum og kjötbúðum. Í sumum samþykktunum er heilbrigðisnefndum lögð sú skylda á herðar, að hafa eftirlit með því, að „ekki sé höfð á boðstólum vara, er sé svikin eða skemmd, eða skaðleg heilsu manna“, en slíkt er vitaskuld nær eingöngu dauður bókstafur, er heilbrigðisnefndum er ekki séð fyrir neinum reglum til að fara eftir, er meta skal, hvað telja beri svikið, skemmt eða skaðlegt og þær eiga til engra að leita, er úr því megi skera, enda dómarar í sömu óvissunni þó að til þeirra kasta komi. Viðurlögin við brotum á heilbrigðissamþykktum eru þar að auki svo lítilsháttar, „allt að 200 kr.“ sektir, að ekki er líklegt að ótti við þau, myndi hnekkja viðleitni til vörusvika, ef eftir miklum gróða af þeim væri að slægjast.

3. Lög nr. 46, 8. september 1931 um fiskimat. Ákvæði þessara laga ná að-

eins til fisks, sem er fluttur héðan af landi, en ekki til þess fisks, sem seldur er til neyzlu innanlands.

4. Lög nr. 39, 19. júní 1933 um kjötmat o. fl. Ákvæði laga þessara ná einnig að nokkru leyti til kjöts, er selt er til neyzlu innanlands.

5. Lög nr. 42, 19. júní 1933, um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis.

6. Lög nr. 13, 14. júní 1924, um mælitæki og vogaráhöld.

7. Lög nr. 21, 22. október 1912, um sölu á eggjum eftir þyngd.

8. Lög nr. 29, 14. desember 1877, um að selja kornvörur og kol eftir vigt.

9. Lög nr. 11, 16. marz 1917, um þyngd bakarabrauða.

10. Lög nr. 32, 19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörliki o. fl. og lög nr. 61, 28. janúar 1935, um breyting á þeim lögum.

11. Lög nr. 1, 7. janúar 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Að langmestu leyti er þessi löggjöf atvinnulöggjöf, en nær aðeins að litlu leyti, og þá langoftast óbeinlínis, inn á svið eiginlegrar heilbrigðislöggjafar.

Í öllum menningarlöndum hafa menn um langan aldur haft opin augu fyrir því, hver hætta er búin heilbrigði manna og þrifum af misjafnlega tilbúnum og meðförnum matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum. Meðan framleiðsla þessara vörutegunda er óbrotin, svo að hver tegund er öllum almenningi þaulkunnug og verzlunarhættirnir einfaldir, má komast af með tiltölulega fábrotnar reglur þessu viðvikjandi og lauslegt eftirlit, en eftir því sem flóknari aðferðum er beitt við framleiðsluna og verzlunin gerist margbreytilegri, verður eftirlitið að sama skapi torsóttara og krefst víðtækari kunnáttu. Nú er einmitt matvöru- og neyzluvörugerðin í löndunum orðin einhver hin flóknasta iðngrein, vörutegundirnar orðnar því nær óteljandi og hverskonar konstum beitt í því skyni, að gera þær girnilegar og eftirsóttar. Er ekki sparað að taka sérfræðina í þjónustu þessa iðnaðar, sem oft er ekki nema gott eitt um að segja, en ef sérfræðingarnir telja það iðnaðinum óviðkomandi, þó að á kunni að skorta um hollustu vörunnar, ef hún aðeins er útgengileg — sem allt of oft á sér stað — eða ef á annan hátt brestur á æskilegan heiðarleika, er ekki við lambið að leika sér að fylgjast með, hvenær út af fer að bera og hve mikil brögð verða að. Hér eru engin önnur ráð fyrir hendi, en að þjóðfélagið hafi á að skipa a. m. k. jafnsnjöllum sérfræðingum til að gæta hinna, og búi sem bezt í hendur þeirra með skynsamlegri lagasetningu. Hefir hvarvetna í menningarlöndum verið gripið til þessa ráðs, og þó að hið nákvæmasta eftirlit samkvæmt hinum fullkomnustu lögum hrökkvi hvergi til að girða fyrir hverskonar misfellur í þessum efnum — sem alstaðar eru sorglega mikil brögð að — er stórkostlega áunnið í þá átt að halda ósómanum í skefjum, og er enginn ágreiningur um, að án þessarar starfsemi þjóðfélaganna væri voðinn vís fyrir heilbrigði þjóðanna.

Hér á landi er matvöru- og neyzluvöruiðnaðurinn að vísu ekki orðinn margbreytilegur til líka við það, sem gerist í öðrum löndum, en þó svo, að engin fyrirsjón er, að láta hann lengur með öllu eftirlitslausan. Nægir að vísa á niðurstöður rannsókna þeirra á innlendum efnagerðarvörum, sem gerðar voru að tilhlutun heilbrigðisstjórnarinnar á síðastliðnu ári, og sýndu greinilega, hver pottur hér er brotinn. Þó að þær rannsóknir væru ekki víðtækar, þar sem stungið var niður hendi aðeins hér og þar og nokkuð af handahófi, segja þær sína sögu, og því

meira mark er á þeim takandi, þar sem niðurstöðurnar urðu nákvæmlega í samræmi við það, sem kunnugt er um ástandið erlendis, áður en rækileg lög voru sett þar til hnekkis vörusvikum og eftirlit hafið samkvæmt þeim. Þess er líka að gæta, að inn í landið er flutt ógrynni varnings, sem mikil hætta getur verið á að sé margvíslega svikinn, skemmdur og skaðlegur heilbrigði manns, svo að bíræfni má telja að hafa þar ekkert eftirlit með.

Löggjöf um þessi efni hefst hvarvetna í löndunum, auk almennra ákvæða í hegningarlögum, á dreifðum fyrirmælum innan um aðra löggjöf og þá einkum í iðnaðar- og verzlunarlögum. Má að vísu lengi bjargast við slíkt, ef nákvæmni er gætt. En alstaðar þar, sem vel er séð fyrir þessum málum, eru samin heildarlög um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, eða eins og hér er kallað, um varnir gegn vörusvikum. Á Norðurlöndum urðu Danir fljótastir til, og fengu þeir sín fyrstu heildarlög árið 1891, en lög þau, sem nú gilda eru frá 1910. Svíar hafa enn engin heildarlög, en Norðmenn settu sér lög um þetta efni á síðastliðnu ári, og munu þau nú vera um það bil að ganga í gildi. Fyrstu heildarlög Englendinga eru hinsvegar miklu eldri eða frá 1875 og endursamin í heild 1928. Lög Þjóðverja eru frá 1879 (endursamin 1927), Belga frá 1890, Austurríkismanna frá 1896, Frakka frá 1905 (endursamin 1929), Svisslendinga 1905, en síðustu reglugerðir þeirra samkvæmt lögunum, sem eru mjög víðtækar og nákvæmar eru frá 1927.

Við samningu þessa frv. hefir verið höfð hliðsjón af hinni erlendu löggjöf og þó hvergi verið talið fært að þræða fyrirmyndirnar nákvæmlega. Næst hefir verið farið hinum ágætu lögum Þjóðverja frá 1927 og auk þess verið sérstaklega litið til hinna nýju norsku laga. Það hefir frv. sameiginlegt við lög allra landa um þetta efni, að vera rammi utan um margskonar reglugerðir, er ráðherra er heimilað að setja, en á þann eina hátt er unnt að fylgjast nógu greiðlega með þróun iðnaðarins og verzlunarinnar svo að ekki dragi of mjög í sundur með eftirlitinu og því, er líta ber eftir. Fullyrða má, að ef frv. nær að verða að lögum, er fengin lagastoð fyrir svo fullkomnu heilbrigðiseftirliti með hverskonar varningi, að fyllilega geti jafnazt á við það, sem bezt gerist annarsstaðar.

Hvers árangurs er að vænta af sæmilega ræktu eftirliti samkvæmt lögum á borð við þau, sem hér er farið fram á, að sett verði, má fara nærri um af meðfylgjandi línuriti, sem landlæknir Bretlands hefir gert og birt er í Heilbrigðisskýrslum hans fyrir árið 1932. Nær það til smjörs og mjólkur og auk þess til matvöru yfir höfuð.

Næstu árin á eftir, að eftirlit með matvöru og neyzluvöru var hafið í Bretlandi samkvæmt sérstökum lögum (Sale of Food and Drug Act 1875, Food and Drug (Adulteration) Act 1928), er um og yfir 20% af öllum vörum, sem teknar eru til rannsóknar í Bretlandi meira og minna sviknar. (Hvað mun þá áður hafa verið?) En þó að nokkuð skrykkjótt hafi gengið, ekki sízt með smjörið og jafnvel einnig með mjólkina, hefir ástandið batnað stórlega, svo að á 50 árum hefir hundraðstala svikanna lækkað úr 20 niður í 5, og smjörsvikin enn meira. Gerir þó landlæknirinn þá athugasemd, að raunar sýni línuritið ekki framfarirnar til fullnustu, því að síðari árin séu kröfurnar um vörugæðin orðnar strangari og rannsóknaraðferðirnar nákvæmari en áður. Hinsvegar dregur hann



ekki dul á, að seint verði sett undir öll svik, með því að kunnáttunni til svikanna fleygi ekki síður fram en kunnáttu eftirlitsmannanna, en slíkt dregur engan veginn úr gildi eftirlitsins, heldur gerir það þvert á móti enn óhjákvæmilegra.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins er þetta að segja:

Um 1. gr.

Það mun að vísu ekki vera venja að taka það beinlínis fram í lögum, hver sé tilgangur þeirra, heldur mun yfirleitt vera látið nægja, að hin einstöku ákvæði laganna beri tilganginn með sér. En þar sem hér er um lög að ræða, sem eru mjög víðtæk og yfirgripsmikil og aðallega verða framkvæmd með reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, og jafnvel um atriði, sem erfitt er að sjá fyrir, hver geta orðið, verður að liggja ljóst fyrir, hver sé tilgangur laganna, því að án þess væri framkvæmdinni lítil eða engin takmörk sett. Í hvert skipti sem til einhverra framkvæmda kemur samkvæmt lögunum, hvort heldur er setning reglugerðar eða birting auglýsingar um að banna einhverja vörutegund eða takmarka hana, verður að miða við tilgang laganna eins og hann er skilgreindur í þessari grein og hið sama ber dómurum að gera, er til þeirra kemur.

Frv. er fyrst og fremst ætlað að verða heilbrigðislög til verndar heilsu og þrifum hvers einstaklings og þjóðarinnar í heild sinni, og er skylt að meta allan varning, er lögin ná yfir, einkum og sérstaklega með tilliti til þess.

1. Vörurnar má ekki skorta eðlilega hollustu. Afskipti af vörum verða heimil samkvæmt tilgangi laganna, þó að þær verði ekki taldar beinlínis heilsuspillandi. Vatnsblönduð mjólk er ekki heilsuspillandi í venjulegum skilningi, en hana

skortir eðlilega hollustu ósvikinnar mjólkur. Slikt hið sama matvæli, sem skortir þeim eðlileg bætiefni o. s. frv.

2. Því síður mega vörurnar innihalda nokkuð það eða vera þannig gerðar, að þær séu beinlínis skaðlegar heilbrigði manna. Um eitur í matvælum og neyzluvörum þarf naumast að rökræða. Samt er rétt að geta þess, að þó að einhverjar eiturtegundir kunni að finnast í náttúrlegum matvælum eða neyzluvörum, réttlætir það ekki að blanda slíkum eiturtegundum í matvæli eða neyzluvörur. Einnig má taka það fram, að unnt á að vera að banna óeðlilega samsetningu á matvælum og neyzluvörum, þó að við efnin í samsetningunni, hvert út af fyrir sig, sé ekkert að athuga. Í Englandi er t. d. nýlega farið að selja brauð með sömu bætiefnum sem eru í smjöri, og virðist í fljótu bragði ekkert út á það að setja. En það eðlilega er, að menn neyti þessara bætiefna í viðbitinu, og aðeins á þann hátt má treysta því, að menn fái þau í heilsusamlegum skömmtum. Þegar þau eru einnig komin í brauðið, er öðru máli að gegna. Má gera ráð fyrir, að erfiðismenn að minnsta kosti, sem neyta að jafnaði mjög mikils brauðs, geti á þann hátt fengið ofgjöf bætiefna, sem ekki er heilsusamlegt og getur jafnvel verið beinlínis skaðlegt.

3. Þá verður samkvæmt tilgangi laganna heimilt að hafa afskipti af vörum, þó að hvorugt sé, að þær skorti eðlilega hollustu né að þær séu beinlínis skaðlegar heilbrigði manna, ef þær eru taldar annars efnis eða eðlis en þær eru í raun og veru. Þannig á að vera óheimilt að selja sykursafa sem berjasafa, „sykruð" matvæli gerð sæt með sakkarini í stað sykurs, smjörlíki sem smjör, hrossakjöt sem nautakjöt o. s. frv., sem oflangt yrði upp að telja. Verða lögin hér iðulega á takmörkum eiginlegrar heilbrigðislöggjafar og verzlunar og atvinnulöggjafar. Er þó raunar seint, ef nokkurntíma, komið út yfir takmörk heilbrigðislöggjafarinnar í ráðstöfunum gegn sviknum matvælum og öðrum nauðsynlegum neyzluvörum almennings. Gera má ráð fyrir, að flest öll þess hátt svik miði að því að hafa út úr fólki meira fé en svarar til sannvirðis vörunnar. En hávaði fólks hefir úr svo litlu að spila, að það verður að telja mikla heilbrigðislega nauðsyn fyrir það og þjóðina í heild sinni, að því sé tryggt sem verða má fyllsta verðmæti í góðum og ósviknum vörum, fyrir það litla fé, sem það hefir ráð á að eyða sér til viðurværis.

Um 2. og 3. gr.

Hér eru skilgreindar þær vörur, sem lögunum er ætlað að ná yfir. Um matvæli og neyzluvörur, sem 2. gr. fjallar um, getur enginn ágreiningur orðið. Það eru þær vörur, sem sífellds eftirlits þurfa með og lögin verða fyrst og fremst sett fyrir. Um nauðsynjavörurnar, sem taldar eru í 3. gr., er nokkru öðru máli að gegna. Í fljótu bragði mætti virðast, samkvæmt tilgangi laganna, að ginið væri yfir of miklu.

Um 1. og 2. tölulið er það að segja, að þær vörur, sem þar eru taldar, standa í nánu sambandi við matvælin og neyzluvörurnar, og verður eftirlitið með þeim aldrei fullkomið nema það nái jafnframt til þessa nauðsynjavarnings. Þannig þýðir lítið að gæta þess, að eitthvert ákveðið eitur sé ekki í einhverri ákveðinni matvörutegund, ef seldir eru eftirlitslaust pottar til að matreiða hana í, sem gefa frá sér hið sama eitur.

Hreinlætis- og snyrtivörur, sem taldar eru í 3. tölulið og ná meðal annars til hvers konar sápu og þvottaefna, ilmvatna, baðvatna, hárvatna o. s. frv. krefjast vitaskuld sífellds eftirlits. Af þess háttar efnum getur margvísleg hætta stafað, og nægir að benda á það, að einmitt af mistökum með slík efni hefir oftar en einu sinni hlotizt manntjón hér á landi.

Í hinum öðrum töluliðum 3. greinar (4.–9.) eru taldar ýmsar vörutegundir og meira til vara, ekki fyrir það, að þar sé sífellds eftirlits þörf, heldur í því skyni, að heimilt sé að grípa í taumana, ef í einstökum tilfellum reynist vera ástæða til. Ég nefni af handahófi nokkur slík hugsanleg tilfelli: Engum dettur í hug að hafa sífellt eftirlit með veggfóðri. En það er ekki óþekkt, að veggfóður sé litað með eitruðum litarefnum (arseniki), til óhollustu fyrir fólk, sem býr í herbergjum með þess háttar veggfóðri. Ef slíkt kæmi upp, verður að vera heimild til að banna það veggfóður, og gera þá ábyrga sem selt hafa, að svo miklu leyti sem lög standa til. Svipað má segja um barnaleikföng. Í Austurríki hefir það nýlega vakið eftirtekt, að með nokkur smábörn hefir verið komið til lækna, og í lungum hvers barns hefir fundizt títuprjónn með einkennilegum stórum glerhaus. Þegar farið var að bera saman bækurnar kom í ljós, að þessir títuprjónar voru úr leikfangi einu algengu, sem eru bjarndýr þau eða „bangsar“, sem smábörn leika sér nú að um allar jarðir. Voru glerhausarnir augun, og ekki betur frá þeim gengið en svo, að þeim var lauslega stungið í haus bangsanna með stuttum prjóni. Börnin lögðu munninn að auganu og soguðu prjóninn niður í lungu, sem getur orðið lífshættulegt. Slík leikföng verður að vera heimilt að banna. Dæmi eru til að eldspýtur séu eitraðar, þannig, að ef stokkur er borinn í vasa, valdi þar þrálátum húðkvilla. Hugsanlegt er, að ljóstæki eða hitunartæki sé líklegt til að gefa frá sér eitraðar lofttegundir. Og þannig mætti lengi telja.

Um 4. gr.

Hér þótti óhjákvæmilegt að setja þá athugasemd, að lög þessi næðu ekki til að vernda fólk gegn hættu af venjulegum nautnavörum svo sem áfengi, tóbaki o. s. frv. nema um einhverja annarlega hættu af þeim vörutegundum væri að ræða. Er þar raunar um hálf annkannalegt ósamræmi að ræða, en mun verða svo að vera.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Til framkvæmdar lögunum verður að setja ýmiskonar reglugerðir, sem góðar fyrirmyndir eru fyrir, ekki sízt í löggjöf Svisslendinga. Geri ég ráð fyrir, að eftir að ein almenn reglugerð hefir verið sett, megi taka lögin til almennra framkvæmda, en þar að auki er mikill léttir að því, ekki sízt fyrir framleiðendur og kaupmenn, að nánar séu skilgreindar í sérreglugerðum, þær kröfur, sem rétt þykir að gera til hinna ýmsu vörutegunda og einkum þeirra, sem helzt má gera ráð fyrir, að orki tvímælis um, hvernig vera skuli.

Um 7. gr.

Af greininni er ljóst, hvernig gert er ráð fyrir, að eftirlitinu verði hagað. Allt hið almenna eftirlit verður í höndum lögreglustjóra með aðstoð héraðslækna, heilbrigðisnefnda og tollgæzlumanna. Það á sama sem engan kostnað að hafa í för með sér, annan en rannsóknarkostnað, en vörurannsóknirnar er gert ráð fyrir, að rannsóknarstofa ríkisins annist, er henni hafa verið fengin starfsskilyrði til þess. Hið sérstaka eftirlit, með einstökum framleiðslustofnunum svo sem smjörlíkisgerðum, mjólkurstöðvum, efnagerðum, kjötiðnaði, niðursuðuhúsum, ölgerðum o. s. frv., svo og hinum þýðingarmestu innfluttu vörutegundum svo sem kornmat, er ætlazt til, að falið verði eiðsvörnum kunnáttumönnum og að allur kostnaður við það leggist á iðnaðinn og verzlunina með einhverju lítilsháttar gjaldi, sem miðað sé við magn framleiðslunnar eða innflutningsins, og ætti það ekki að þurfa að vera nema einhver hégómi. Ef komið verður upp hinni umtöluðu rannsóknarstofnun háskólans í þágu atvinnuveganna, mætti fela henni alla umsjón þessa eftirlits.

Skyldur þær, sem gert er ráð fyrir að krefjast af framleiðendum og innflytjendum, um aðstoð við eftirlitið, eru svipaðar því sem tíðkast erlendis og fordæmi er fyrir í núgildandi smjörlíkislögum. Að vísu er gert ráð fyrir, að eftirlitsmönnunum sé sýndur mikill trúnaður, en trúnaður þeirra er einnig tryggður á þann hátt, sem framast er unnt með ákvæðum 9. gr.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Áður skýrð.

Um 10.—12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Frv. þetta hefir fyrir nokkrum vikum síðan verið sent til umsagnar bæði iðnrekendum og verzlunarráði, en svör hafa engin borizt.

Fylgiskjal.

Skýrsla um nokkrar matvælarannsóknir

eftir dr. ing. *Jón E. Vestdal.*

Fyrr á tímum, þegar hver sat að mestu leyti að sínu og vöruviðskipti manna á meðal voru smávægileg samanborið við það, sem nú er, og þegar vörutegundirnar voru fáar og framleiðsla þeirra einföld, þá var lítil hætta á, að um mikla vörufölsun væri að ræða, og þess vegna vart nauðsyn á eftirliti matvæla.

Hér á landi hefir innlend framleiðsla á matvælum til skamms tíma verið bundin við örfáar tegundir, og þá svo að segja einvörðungu heimilisframleiðslu. Framleiðsla þessara matvælategunda er svo fábrotin, að varla hefir til mála komið, að þær hafi verið sviknar, enda mun líka í flestum tilfellum hafa skort

þekkingu til svika, eða með öðrum orðum, hafi verið um svikna vöru að ræða, hafa svikin verið svo augljós, að ekki hefir þurft á kemiskri rannsókn að halda, til þess að verða þeirra var.

Á síðustu árum hefir íslenzkur iðnaður færzt mjög í vöxt. Því er mjög að fagna, og vonir allra eru, að hann megi enn vaxa og dafna. En um leið og tilbúningur á ýmsum matvælum flytzt hingað til lands, verður fyrst að verulegu leyti vart við mjög viðtæka og iskyggilega fölsun á þeim varningi, sem framleiddur er.

Þegar hr. landlæknir Vilmundur Jónsson með bréfi sínu, dags. 27. okt. 1933, bað mig að rannsaka ýms matvæli, sem öll voru keypt hér í verzlunum, var sá tilgangurinn, að fá að vita með vissu, hversu víðtæk þessi vörufölsun væri. Þessum rannsóknum er nú lokið, og með þessum línum fylgir skýrsla um árangur þeirra.

Alls hafa verið rannsakaðar 28 mismunandi tegundir matvæla. Á meðfylgjandi skýrslum sést, að 12 tegundir, eða 43%, eru sviknar eða hættulegar til neyzlu, og það er athyglisvert, að allar þessar 12 tegundir eru tilbúnar hér á landi.

Þær vörutegundir, sem rannsakaðar hafa verið, voru allar keyptar af handahófi í verzlunum hér í bænum, og þegar hægt er að sanna fölsun á 43% af þeim, má telja, að svikin séu orðin all-iskyggileg og þörf á því, að reynt sé að losna við þessar sviknu vörur af markaðinum. Meðan leyft er að selja þær, er ómögulegt, að heiðarlegur verzlunarmáti með þessar vörutegundir geti þrifizt.

1. Edik.

Til eru tvær tegundir ediks, gerjunaredik og destillationsedik, og eru nöfnin til orðin eftir þeim aðferðum, sem notaðar eru til að framleiða það: gerjunaredik er unnið við gerjun vínanda, og destillationsedik við þurra destillation viðar.

Vínberjaedik ætti að vera framleitt við gerjun víns, sem aftur á móti er unnið úr vínberjum, ef nokkurt mark væri takandi á nafni ediksins. Það ætti því að innihalda, auk edikssýrunnar ($CH_3 \cdot COOH$), þau extraktefni og sölt, sem eru í náttúruvínum. Þess er líka krafizt í öllum þeim ríkjum, sem hafa lög um það, að vörur, sérstaklega matvæli, megi ekki seljast undir röngu nafni, og þannig villa kaupandanum af ásettu ráði sýn.

Destillationsedik aftur á mót inniheldur, auk ediksýrunnar, einungis vatn.

Til rannsóknar var 1 flaska af vínberjaediki, merkt nr. 2.[1]) Edikið innihélt þetta:

Litur	brúnleitur
Extrakt í 1000 ccm	0,30 g
Mineralefni (aska) í 1000 ccm	0,06 g
Fosfórsýra	engin
Vínsýra ($HOOC \cdot (CHOH)_2 \cdot COOH$)	engin
Edikssýra ($CH_3 \cdot COOH$)	3,6%

Vínberjaedik þetta inniheldur allt of lítið af extraktefnum og mineralefnum, til þess að það hafi getað verið búið til úr vínberjum, eins og nafnið ætti að benda til. Auk þess fannst hvorki vínsýra né fosfórsýra, sem þó eru venju-

lega í vínberjaediki. Styrkleiki ediksins er örlítið fyrir ofan það lágmark (3%), sem annarsstaðar er krafizt fyrir þynnt edik.

Þess skal getið, að askan er nákvæmlega sú sama, sem er í vatni frá vatnsveitunni í Reykjavík (Gvendarbrunnavatni).

Í öðrum löndum er þess krafizt, að óþynnt vínedik innihaldi að minnsta kosti 12 g af extraktefnum í 1000 ccm og 1.3 g af míneralefnum í 1000 ccm, en þynnt vínedik minnst 4,5 g af extraktefnum og 0,4 g af míneralefnum einnig miðað við 1000 ccm.[1])

Vínberjaedik það, sem rannsakað var, er tvímælalaust búið til á þann hátt, að destillationsedik hefir verið þynnt með vatni og látinn í það litur, sennilega sykurlitur, og vegna hans einungis fannst ofurlítið af extraktefnum. Það verður því að teljast gróflega falsað, og er fölsunin sérstaklega í því fólgin, að notuð hefir verið ódýr vara, sem seld er undir nafni annarar, sem er miklum mun dýrari.

Auk þessa vínberjaediks var rannsökuð 1 flaska af venjulegu ediki, nr. 1. Það innihélt þetta:

Litur	litlaust
Extrakt í 1000 ccm	0,07 g
Míneralefni (aska) í 1000 ccm	0,06 g
Edikssýra ($CH_3 \cdot COOH$)	12,1 %

Nafn þessa ediks bendir til þess, að það sé búið til úr destillationsedikssýru, þynntri með vatni. Hún er ekki svo mikið þynnt, að innihald ediksins af edikssýru sé minna en krefjast verður, heldur aftur á móti mun hærra en annarsstaðar er krafizt af þynntri edikssýru. Hér er því ekki um svikna vöru að ræða.

Hins ber að geta, að í edikinu voru töluverð óhreinindi, og er það algerlega ósæmilegt að selja þvílíka vöru.

Þá voru rannsakaðar tvær flöskur af edikssýru, nr. 6 og 7. Í henni voru 38,0% af edikssýru ($CH_3 \cdot COOH$). Míneralsýrur fundust ekki, né heldur aðrar sýrur en edikssýra.

Hér á landi mun ekki vera krafizt nokkurs lágmarks á styrkleika þeirrar edikssýru, sem seld er. Það getur því ekki talizt fölsun, þótt í því sýnishorni, sem rannsakað var, væru ekki nema 38,0% af edikssýru. Hitt er aftur á móti fullvíst, að sú edikssýra, sem til landsins flytzt, inniheldur að minnsta kosti 60—80% af edikssýru, enda er þess krafizt í öðrum löndum, og er því blönduð allt að því til helminga með vatni, til að fá þá edikssýru, sem hér er um að ræða.

2. Kirsuberjasaft.

Ávaxtasaft er safi sá, sem unninn er úr ávöxtum með pressun. Söftin bera nafn ávaxtanna, sem þau eru unnin úr. Safinn er unninn úr ávöxtunum án þess nokkuð sé í hann látið og er óþynntur.

Þessi ávaxtasafi eða ávaxtasaft er venjulega ónothæft til neyzlu. Því er látinn í það reyrsykur, annaðhvort kalt eða það er hitað upp um leið. Rétt nafn á sykruðum ávaxtasafanum væri ávaxtasírúp, en ávaxtasaft er orðið svo algengt í málinu, að varla er ástæða til að amast við því.

Til rannsóknar voru tvær tegundir ávaxtasafts, nr. 3 og nr. 4—5. Á öllum flöskunum var límdur miði, sem á stóð „kirsuberjasaft". Eftir því að dæma verður að búast við, að hér sé um að ræða saft unna úr kirsuberjum á þann hátt, sem áður segir. Í þessu safti ættu því að vera öll þau efni, sem eru í náttúrlegum safa ávaxtanna.

Rannsókn á kirsuberjasöftunum leiddi þetta í ljós:

	Nr. 3	Nr. 4—5
Eðlisþyngd	1,292	1,316
Sýra (eplasýra)	0,015%	0,085%
Fosfórsýra	engin	engin
Eggjahvítuefni	engin	engin
Sykur	60,3%	64,3%

Í báðum söftunum fannst tjörulitur. Saccharin var ekki hægt að finna né heldur sterkju.

Í náttúrlegum safa kirsuberja er fosfórsýra og einnig eggjahvítuefni. Í þeim sýnishornum, sem rannsökuð voru, fannst hvorugt. Það hefir því ekki verið notað hið minnsta af safa úr kirsuberjum við tilbúning þessa „kirsuberjasafts", heldur er um að ræða vatnsupplausn af sykri, sem látið er í nokkuð af essensum og tjörulit, til að ná náttúrlegum lit safa kirsuberjanna. Sýran, sem í saftinu fannst, er mjög lítil og stafar af essensunum, sem notaðir hafa verið í það.

Bæði sýnishorn kirsuberjasaftsins eru því gróflega fölsuð, og mun erfitt að finna dæmi slíkrar fölsunar annarsstaðar.

3. Mjöl.

Þegar mjöl er falsað, eru einkum sett í það efni, sem auka þyngd þess, en eru algerlega ómeltanleg fyrir mannlegan líkama. Í öðru lagi er ódýrari mjöltegundum blandað hinum dýrari. Undir vissum kringumstæðum myndast þá eitur, sem geta orðið mönnum allhættuleg. Í þriðja lagi er skemmt mjöl blandað ýmsum efnum, sem gera útlit þess eins og óskemmt væri.

Af mjöltegundum voru rannsakaðar tvær tegundir af hveiti, nr. 33 og nr. 37, og ein tegund af rúgmjöli, nr. 36. Í þeim fannst þetta:

	Nr. 33	Nr. 37	Nr. 36
Vatn	14,1%	14,5%	14,7%
Köfnunarefnissambönd	11,4%	12,4%	10,6%
Aska	1,94%	2,21%	1,98%
Kolhydröt (köfnunarefnislaus extraktefni)	71,3%	69,5%	70,9%

Í þessum mjöltegundum fannst ekkert (peroxyd, klór, köfnunarefnisoxyd), sem benti til þess, að mjölin hefðu verið bleikt eða á annan hátt fegruð. Undir míkróskópi sást ekki, að mjölin hefðu verið blönduð öðrum lélegri mjöltegundum.

Rannsókn þessara mjöltegunda sýnir, að þær eru allar ósviknar. Þær innihalda allar reyndar nokkuð mikið af vatni, en það getur þó ekki talizt til svika; þeim mjöltegundum, sem eru venju fremur rakar, er einungis hætt við skemmdum.

4. Ávaxtamauk.

Enn mun ekkert eitt orð vera í málinu á því, sem á útlendu máli er kallað marmelade eða jam. En eftir ytra útliti að dæma verður að telja vöru þá, sem seld er undir nöfnunum aldinmauk, ávaxtasulta eða jarðarberjasulta, til þessa flokks af konserveruðum ávöxtum. Því verður að gera sömu kröfu til þessa mauks eða sultu, sem annarsstaðar er gerð til marmelade eða jams, og einnig krefjast þess, að tilbúningur hafi farið fram á sama hátt.

Marmelade eða jam er framleitt á þann hátt, að eftir að stillinn eða kjarninn, ef nauðsynlegt er, hefir verið tekinn af ávöxtunum, eru þau ný - - aldinkjötið ásamt ávaxtasafanum — blönduð sykri, og síðan er vatnið soðið burtu, unz ávaxtamaukið er orðið nægjanlega þykkt. Engum öðrum efnum en sykri má blanda saman við ávextina.

Til rannsóknar voru þrjár tegundir ávaxtamauks, nr. 8, blönduð ávaxtasulta, nr. 9, blandað aldinmauk, og nr. 50, jarðarberjasulta. Í þeim fannst þetta:

	Nr. 8	Nr. 9	Nr. 50
Extraktefni	67,2%	70,5%	68,0%
Köfnunarefnissambönd	0,22%	0,31%	0,34%
Óuppleysanlegt í vatni	1,16%	0,73%	1,19%
Sterkjusíróp (glykose)	18,2%	5,0%	18,0%
Fosfórsýra	engin	engin	engin

Í öllum sýnishornunum fannst tjörulitur. Ekki var hægt að finna saccharin né konserverandi efni.

Eins og sjá má á niðurstöðum efnagreininganna fannst í öllum þrem sýnishornum ávaxtamauksins sterkjusíróp, í tveim meira að segja 18%.

Sterkjusírópið stendur mjög að baki reyrsykri, hvað öll gæði snertir, og verð þess er helmingi minna en reyrsykursins.

Við framleiðslu ávaxtamauks verður að halda notkun reyrsykursins innan vissra takmarka, því annars verður maukið óþægilegt til neyzlu vegna sætinda. Framleiðandinn er því nauðbeygður til að nota meira af dýrum ávöxtum og minna af sykri, og til þess að ná æskilegri þykkt á maukið verður hann að sjóða burtu meira af vatni ávaxtanna, en það hefir auðvitað kostnað í för með sér.

Ef hann aftur á móti notar sterkjusíróp, sem er meira en helmingi ósætara en reyrsykur, getur hann notað tvöfallt meira af því en hægt er að nota af sykrinum, og þess vegna hlutfallslega miklu minna af ávöxtum. Þar að auki getur hann blandað þessu köldu saman og þarf ekki að nota nema lítið af reyrsykri til að gera maukið nægjanlega sætt. Í einni krukku af sírópsblönduðu ávaxtamauki er því miklu minna af ávöxtum — en eftir þeim er einmitt sótzt — en í sterkjulausu mauki.

Blöndun ávaxtamauksins með sterkjusírópi er því gerð til að drýgja, spara ávextina, og verður því að teljast til fölsunar.

Með litun mauksins er kaupandanum villt sýn. Maukið mundi annars hafa daufan lit vegna sterkjunnar, og kaupandinn því verða var við hana. Með lituninni er varan látin líta betur út en hún raunverulega ætti að gera eftir gæðum. Hún verður því einnig að teljast til fölsunar.

Í öllum sýnishornunum var mjög lítið af köfnunarefnissamböndum og óuppleysanlegum efnum. Það stafar sérstaklega af sterkjumagninu.

Auk þessa var ekki hægt að finna fosfórsýru í neinu af sýnishornunum. Það bendir til þess, að ekki hafi verið notaðir nýir ávextir, heldur einvörðungu eða að mestu leyti pressaðir. Einnig það telst til fölsunar.

Það má því með sanni segja um tilbúning þessara vörutegunda, að þar býður ein fölsunin annari heim.

5. Kanill.

Til rannsóknar var ein tegund af steyttum kanil, nr. 31.

Í míkróskópi var ekki hægt að sjá aðra en náttúrlega vefi kanilbörksins.

Árangur kemísku rannsóknarinnar var þessi:

Vatn	11,9%
Aska (míneralefni)	4,00%
Sandur (aska óleysanleg í 10% saltsýru)	1,46%
Aetherískar olíur	1,19%

Hvorki míkróskópíska né heldur kemíska analysan hefir leitt nokkuð í ljós, sem vakið gæti grun um, að kanillinn væri blandaður annarlegum efnum. Það er því um ósvikna vöru að ræða.

6. Pipar.

Til rannsóknar var ein tegund af steyttum pipar, nr. 32.

Árangur kemísku analysunnar var þessi:

Vatn	13,8%
Aska (míneralefni)	1,07%
Sandur (aska óleysanleg í 10% saltsýru)	0,19%
Tréni	13,52%
Piperin	5,23%

Bæði kemíska analysan svo og míkróskópíska prófunin báru þess vitni, að hér var um að ræða hreint malað piparaldinið.

7. Kakaó.

Til rannsóknar voru tvær tegundir af kakaói, nr. 34 og nr. 35.

Fölsun á kakaói er sérstaklega í því fólgin að blanda því ýmiskonar mjöli eða sterkju, míneralefnum, kakaóhýði o. s. frv.

Niðurstöður kemísku analysunnar voru þessar:

	Nr. 34	Nr. 35
Vatn	6,3%	5,9%
Köfnunarefnissambönd	28,92%	29,71%
Fita	14,28%	11,31%
Tréni	6,9%	7,2%
Aska	6,98%	7,37%
Theobromin	3,25%	3,62%

Joðtala kakaósmjörs beggja tegundanna var 34, bræðslupunktur 34° C. og sáputala 195.

Hvorki af kemísku analysunni né heldur í míkróskópi var hægt að verða var við annarleg efni í kakaóinu, svo það verður að teljast ósvikið.

Fitan í þessum tveim kakaótegundum er mjög lág, 14,28% og 11,31%. Það mun þó ekki vera hægt að tala um fölsun í því sambandi, því nauðsynlegt er að taka nokkurn hluta kakaósmjörsins úr kakaódeiginu — í kakaódeigi eru um 50% af fitu —, en það mun þó varla geta talizt heppilegt fyrir gæði kakaósins að skilja ekki eftir nema 14% eða 11% fitunnar.

8. Bökunardropar.

Til rannsóknar voru 5 mismunandi tegundir bökunardropa, 2 tegundir af vanillindropum, 1 tegund af ananasdropum, 1 tegund af rommdropum, 2 tegundir af sítrónudropum og 2 tegundir af möndludropum.

a. Vanillindropar.

Til rannsóknar voru 2 tegundir af vanillindropum, nr. 21—23 og nr. 46—48. Í þessum vanillindropum fundust

í nr. 21—23 ..... 1,08 g vanillin í 100 ccm.
í nr. 46—48 ..... 1,15 g vanillin í 100 ccm.

Til samanburðar má geta þess, að í vanillindropum, sem Áfengisverzlun ríkisins framleiðir, eru 5 g vanillin í 100 ccm, og þar sem það er einungis vanillinið, sem gefur dropunum ilm og bragð, þá eru dropar Áfengisverzlunarinnar um það bil fimm sinnum sterkari en þeir, sem rannsakaðir voru.

Í dropunum, sem rannsakaðir voru, var vanillinið uppleyst í glycerini þynntu með vatni og lituðu með sykurlit. Vegna þess hve sýnishornin voru lítil, var ekki hægt að ákveða magn glycerinsins áreiðanlega.

Sé glycerins neytt aðeins í litlum skammti, eins og á sér stað, þegar bökunardroparnir eru notaðir í kökur, þá mun ekki vera hægt að telja það hættulegt. En við 290° C. og jafnvel neðar myndast úr glycerininu acrolein, og þar sem acroleinið veldur eymslum og bólgu í húðinni og slímhúðinni og minnsti vottur þess er eitraður, verður að teljast mjög óheppilegt og hættulegt að nota í bökunardropa glycerin, því sjaldan mun vera bakað fyrir neðan 290° C.

Ef nánari rannsókn leiddi í ljós, að þessi glycerinupplausn væri engin tilviljun, heldur alltaf notuð, mundi vera þörf að banna þvílíka framleiðslu.

b. Ananasdropar.

Til rannsóknar var ein tegund ananasdropa, nr. 10—14. Í þeim fannst

37,5 g ananasessens í 100 ccm

auk glycerins (um glycerin sjá a).

c. Rommdropar.

Til rannsóknar var ein tegund rommdropa, nr. 24—28. Í þeim fannst

3,4 g rommessens í 100 ccm

auk glycerins (sjá a).

d. Sítrónudropar.

Til rannsóknar voru tvær tegundir sítrónudropa, nr. 15—17 og nr. 43—45. Í þeim fundust

í nr. 15—17 ..... 15,5 g sítrónuessens í 100 ccm
í nr. 43—45 ..... 21,0 g sítrónuessens í 100 ccm

Sítrónuessensinn var leystur upp í paraffinolíu og mun hún ekki vera að neinu leyti skaðleg.

Til samanburðar má geta þess, að í sítrónudropum Áfengisverzlunar ríkisins eru ca. 30 g essens í 100 ccm.

e. Möndludropar.

Til rannsóknar voru tvær tegundir möndludropa, nr. 18—20 og nr. 40—42. Í þeim fundust

í nr. 18—20 ..... 11,3 g möndluessens í 100 ccm
í nr. 40—42 ..... 6,6 g möndluessens í 100 ccm

Möndluessensinn (benzaldehyd) var leystur upp í paraffinolíu.

Allir þessir bökunardropar, a—e, eru búnir til úr syntetískum („tilbúnum") essensum, en ekki úr náttúrlegum efnum (olíum), eins og nafn þeirra þó ótvírætt bendir til. Það er þó varla ástæða til að telja, að hér sé um fölsun að ræða, enda selur Áfengisverzlun ríkisins marga af þessum bökunardropum, búna til úr sömu essensum, undir sama nafni.

9. Súkkulaði.

Til rannsóknar voru tvær tegundir af súkkulaði, nr. 29 og nr. 30.

Árangur kemísku rannsóknarinnar var þessi:

	Nr. 29	Nr. 30
Vatn	1,23%	1,46%
Fita	32,8%	32,8%
Tréni	1,98%	2,11%
Köfnunarefnissambönd	6,39%	6,23%
Aska (míneralefni)	1,53%	1,65%
Joðtala fitunnar	36,6	35,3
Sáputala fitunnar	195	197
Bræðslupunktur fitunnar	33,6° C.	32,0° C.

Litur fannst enginn annar en náttúrlegur litur kakaósins.

Í míkróskópi var ekki hægt að sjá annað en eðlileg efni úr kakaóinu.

Hvorki kemíska né heldur míkróskópíska analysan geta vakið nokkurn grun um, að þessar súkkulaðitegundir séu falsaðar.

10. Skorið neftóbak.

Árangur kemísku rannsóknarinnar var þessi:

Vatn	23,0%
Aska (míneralefni)	22,0%
Sandur (óleysanlegt í 10% saltsýru)	3,3%
Köfnunarefnissambönd	16,5%

Hvorki kemíska analysan né heldur míkróskópísk rannsókn gátu vakið grun um, að tóbakið væri blandað nokkrum annarlegum efnum og verður því að teljast ósvikið.

11. Grænar baunir.

Til rannsóknar var ein tegund af þurrkuðum grænum baunum, nr. 49.

Makróskópisk analysa sýndi, að baunirnar voru ófalsaðar, því meðal þeirra var ekki hægt að finna neitt annað en náttúrlegar og óskemmdar baunir.

Fölsun á vöru eins og þurrkuðum grænum baunum er afar sjaldgæf, því fölsunin er kaupandanum þegar augljósleg.

12. Gerduft.

Til rannsóknar var ein tegund af gerdufti, nr. 39.

Qualitativ analysa sýndi, að í þessu gerdufti var natríumbikarbónat og mononatríumphosphat, og auk þeirra engin önnur efni.

Hér er því um gróflega svikna vöru að ræða, þar sem ekki er í henni snefill af því efni, sem nafnið bendir til, sem sé geri.

Alstaðar, þar sem í skýrslu þessari er talað um sviknar og falsaðar vörur, er miðað við kröfur þær, sem gerðar til til vörugæða í löndum, þar sem sérstök löggjöf er til um þessi efni, og er þó enganveginn miðað við ströngustu kröfur.

Viðbætir.

Útdráttur úr skýrslum efnarannsóknarstofu ríkisins um matvælarannsóknir.

Forstöðumaður efnarannsóknarstofu ríkisins, hr. Trausti Ólafsson, hefir góðfúslega gefið mér leyfi til að athuga skýrslur um rannsóknir þær, sem þar hafa verið gerðar á matvælum. Hér fer á eftir útdráttur úr þessum skýrslum.

Við rannsóknir á smjörlíki, sem gerðar hafa verið á efnarannsóknarstofu ríkisins, hefir oft komið í ljós, að ekki hefir verið hlýtt lögum um verzlun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m. (lög nr. 38, 20. júní 1923), þar sem fyrirskipað var í 6. gr., að minnsta kosti 10% feitar smjörlíkisins skuli vera sesamolía.

Sem dæmi má nefna, að 7. apríl 1930 voru rannsakaðar 2 smjörlíkistegundir og í hvorugri var nægjanleg sesamolía.

10. júní 1930 voru rannsakaðar 5 tegundir. Í tveim var ekki nægjanleg sesamolía og í tveim öðrum tegundum fannst benzóesýra, en bannað er að nota hana til að konservera smjörlíki með. Auk þess voru í einu sýnishorninu hvorki meira né minna en 24,8% af vatni, en 16% var og er lögboðið hámark.

27. janúar 1931 voru rannsakaðar 4 tegundir; í þrem var að vísu sesamolía, þó ekki nægjanleg, en í einni alls engin.

26. febrúar 1931 voru 2 smjörlíkistegundir rannsakaðar. Í báðum var benzóesýra.

4. apríl 1931 voru rannsakaðar 6 tegundir smjörlíkis. Í þrem var nægjanleg sesamolía, í einni tæpur helmingur þess, sem fyrirskipað var, og í tveim alls engin. Í þeim síðasttöldu fannst heldur engin sterkja.

4. júní 1931 voru rannsakaðar 3 smjörlíkistegundir; í tveim var nægjanleg sesamolía, en í þeirri þriðju fannst hvorki sesamolía né sterkja.

Örlítið er til af lögum eða fyrirskipunum um eftirlit á matvælum hér á landi. Ein af þessum fáu lögum eru lög um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl. nr. 32, 19. júní 1933. Þar er fyrirskipað, að í smjörlíki eigi að vera a. m. k. 80% af fitu, eigi meira en 16% af vatni, 2% af hreinni kartöflusterkju, einungis matarsalt (NaCl) sem konserverandi efni, auk nauðsynslegs þrifnaðar við framleiðsluna. Atvinnumálaráðuneytið á að sjá um, að ákvæðum þessara laga sé framfylgt, en þó er ekki vitað, að enn hafi verið fyrirskipað nokkurt eftirlit. Þó virðist engin vanþörf vera á því, eins og sjá má á rannsóknum þeim, sem um er getið hér að framan, og þeirri reynslu, sem með þeim er fengin, þar sem einungis í 27% af rannsökuðum sýnishornum er fylgt fyrirmælum gildandi laga. Og hver getur svo vitað, nema mikið af þeirri feiti, sem selt er undir nafninu smjör („íslenzkt smjör") sé blandað smjörlíki.

Síðastliðið ár var mikið auglýsingastríð milli ýmsra smjörlíkisverksmiðja Reykjavíkur. Verksmiðjurnar auglýstu hver í kapp við aðra, að í smjörlíki þeirra væri 5% af smjöri. Á umbúðum smjörlíkisins var einnig prentað, að í því væri 5% af smjöri. Efnarannsóknarstofan hefir framkvæmt rannsókn á ýmsu af þessu smjöri blandaða smjörlíki. Hér fara á eftir niðurstöður þessara rannsókna:

12. júní 1933 voru rannsakaðar 5 tegundir smjörlíkis. Af einni tegundinni voru tekin 4 sýnishorn og var meðaltal smjörsins í mesta lagi 4,9%. Af hinum 4 tegundunum var aðeins tekið eitt sýnishorn af hverri. Í þeim voru í mesta lagi 4,0%, 1,2%, 2,2% og í einni ekkert eða að minnsta kosti mjög lítið. Tekið er tillit til þeirra ónákvæmni, sem af rannsóknaraðferðinni leiðir, og hámarksins eins getið.

12. júní 1933 voru tvö sýnishorn rannsökuð. Í öðru fundust 3% af smjöri en í hinu ekkert.

29. júní 1933 voru rannsakaðar 4 tegundir smjörlíkis. Af einni tegundinni voru þrjú sýnishorn rannsökuð, og var meðaltal smjörsins 4,9%. Í hinum tegundunum var smjörinnihaldið 4,8%, 4,6% og 2,5%.

3. október 1933 voru rannsakaðar 4 tegundir smjörlíkis og af einni tvö sýnishorn. Í henni voru að meðaltali 4% af smjöri. Í hinum tegundunum voru 5%, 3,5% og 3,2% af smjöri.

Þó ekki sé fyrirskipað, að blanda skuli smjörlíki smjöri, verður þó að telja það grófa vörufölsun að prenta í auglýsingum og utan á umbúðapappír smjörlíkisins, að í því sé ákveðið magn af smjöri, sem við rannsókn kemur í ljós að er sumpart ekkert og sumpart miklu minna en sagt var. Aðeins í einu sýnishorni af 21 var hægt að telja, að í því væri eins mikið af smjöri og auglýst hafði verið eða prentað á umbúðapappírinn.

Að lokum er ekki ófróðlegt að taka upp orðréttar þrjár skýrslur frá Efnarannsóknarstofunni, svo hægt sé að sjá, hverskonar vörur ganga hér manna á meðal kaupum og sölum.

Reykjavík, 28. júní 1929.

Efnarannsóknastofan hefir samkvæmt beiðni N. N. athugað smjör, er hann kveðst hafa keypt fyrir hér um bil þrem vikum af herra N. N.

Þegar smjörtaflan var skorin sundur kom það í ljós, að eftir miklum hluta hennar endilangri var holrúm fullt af myglugróðri, sem farinn var að breiðast

út til allra hliða. Smjörið var talsvert súrt og orðið svo ummyndað fyrir áhrif myglugróðursins, að í því voru um 3% af óbundnum feitisýrum.

Efnarannsóknarstofan lítur svo á, að smjör eins og þetta geti alls ekki talizt boðleg verzlunarvara og telur jafnframt, að það hafi ekki getað skemmst svo á þeim stutta tíma, sem það hefir verið í vörzlum kaupanda, samkvæmt því, sem að framan er sagt.

EFNARANNSÓKNASTOFA RÍKISINS
(Sign.) Tr. Ólafsson.

Reykjavík, 28. september 1931.

Heilbrigðisfulltrúinn í Reykjavík.

Þér hafið afhent Efnarannsóknastofunni sýnishorn af svonefndri sviðakæfu og óskið álits um það. Kæfan var mjög skemmd af yldu og verður að teljast gersamlega óhæf til fæðu.

Svo var frá skýrt, að kæfa þessi væri gerð úr kindarhausum, er sviðnir hefðu verið samdægurs og þeir voru keyptir og kæfan gerð daginn eftir og þá þegar verið í því ástandi, sem hún var afhent Efnarannsóknastofunni. Með því að gersamlega er óhugsandi, að hausarnir hafi skemmzt þannig á þessum tíma (2 dögum), er ekki hægt að sjá aðra ástæðu, ef rétt er frá skýrt, en að þeir hafi verið skemmdir þegar þeir voru keyptir, svo framarlega sem útilokað er að skipt hafi um hausa í meðförunum.

EFNARANNSÓKNASTOFA RÍKISINS
(Sign.) Bjarni Jósepsson.

Reykjavík, 7. janúar 1933.

N. N. hér í bænum hefir beðið Efnarannsóknastofuna að segja álit sitt um kæfusýnishorn, er hann kom með hingað þ. 5. þ. m.

Kæfan ber það greinilega með sér, að í henni er saltkjöt að meira eða minna leyti. Sumstaðar eru í kæfunni dökkir blettir og yfirleitt er hún þannig að útliti, að ekki getur talizt vera um boðlega vöru að ræða.

EFNARANNSÓKNASTOFA RÍKISINS
(Sign.) Tr. Ólafsson.

Nd. 8. Frumvarp til laga

um lántöku fyrir ríkissjóð.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa ríkissjóði lán, allt að 11 milljónum og 750 þús. króna, eða jafngildi þeirra í erlendri mynt.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 19 9. jan. 1935, um lántöku fyrir ríkissjóð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefir komið í ljós síðan á síðasta þingi, að Útvegsbanki Íslands h/f mun ekki komast hjá því að afla sér fjár til þess að greiða upp 150 þús. sterlingspunda lán, sem hann hefir nú í Hambros Bank Ltd., London, og tekið var árin 1930 og 1931. Ríkissjóður er í ábyrgð fyrir láni þessu. Það er og nokkurnveginn víst, að erfitt verður fyrir bankann að fá lán til greiðslu framannefndrar fjárhæðar nema fyrir beina milligöngu ríkissjóðs. M. a. af þessum ástæðum er í frumvarpinu lagt til, að í stað núgildandi lánsheimildar fyrir ríkissjóð í lögum nr. 19 9. jan. 1935, verði samþykkt önnur hærri með það fyrir augum, að ríkisstjórnin láni Útvegsbankanum fé af lánsfjárhæðinni til þess að greiða framannefnt 150 þús. sterlingspunda lán hjá Hambros Bank. Þá er lánsheimildin og hækkuð til þess að hægt verði að taka í einu lagi lán til greiðslu á eldri lánum og hluta af láni því, sem heimilt er að taka samkv. lögum um fiskimálanefnd o. fl., nr. 76 29. des. 1934, 13. gr. 3. mgr. Sú fjárhæð, sem afgangs verður af láninu þegar greidd hafa verið eldri lán ríkissjóðs (sbr. þskj. 722 1934) og lán Útvegsbankans og kostnaður við lántökuna telst því að sjálfsögðu til frádráttar þeirri lánsheimild.

Heimildarlög um lántöku nr. 19 9. jan. 1935 eru úr gildi numin, ef frumvarpið verður samþykkt.

Nd. 9. Breytingartillaga

við frv. til laga um lántöku fyrir ríkissjóð.

Flm.: Héðinn Valdimarsson.

Við 2. gr. Greinin falli niður.

Ed. 10. Lög

um lántöku fyrir ríkissjóð.

(Afgreidd frá Ed. 15. febr.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa ríkissjóði lán, allt að 11 milljónum og 750 þús. króna, eða jafngildi þeirra í erlendri mynt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 11. Frumvarp til laga

um afnám laga nr. 19 9. jan. 1935, um lántöku fyrir ríkissjóð.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 19 9. jan. 1935, um lántöku fyrir ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þar sem ný lántökuheimild hefir nú verið samþykkt í stað þeirrar, sem um ræðir í þessu frumvarpi, þykir sjálfsagt að afnema lántökuheimildina.

Nd. 12. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43 20. júní 1923.

Flutningsm.: Jón Pálmason.

1. gr.

Niðurlag 2. gr., orðin „meiri hluta í stjórn þess“ o. s. frv., falli burt. Í þeirra stað komi: annan endurskoðanda að reikningum félagsins og varamann hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en varð óútrætt í efri deild. Það miðar að því að veita Búnaðarþingi fullt vald yfir málum Búnaðarfélags Íslands, og virðist því hafa frekar aukizt fylgi á síðari árum, einkum meðal bænda landsins, enda eðlilegt að svo sé. Má því ætla, að Alþingi daufheyrist eigi lengur en orðið er við þeirri kröfu, sem í frumvarpinu felst.

13. Frumvarp til laga

um sveitarstjórnarkosningar.

(Lagt fyrir Alþingi 1935).

I. KAFLI

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir. Tala bæjarfulltrúa og hreppsnefndarmanna. Kjörtímabil og hvenær kosningar fara fram.

1. gr.

Í hverjum kaupstað skál vera bæjarstjórn. Bæjarstjórnir skulu skipaðar 6—15 bæjarfulltrúum. Þegar hreppur fær kaupstaðarréttindi, ákveður ráðherra tölu bæjarfulltrúa samkvæmt tillögum hreppsnefndar. Ráðherra getur breytt tölu bæjarfulltrúa innan þeirra takmarka, sem hér eru sett, samkvæmt tillögum bæjarstjórnar.

2. gr.

Í hverjum hreppi skal vera hreppsnefnd. Hreppsnefndir skulu skipaðar 3—7 hreppsnefndarmönnum. Hreppsnefnd getur breytt tölu hreppsnefndarmanna innan þeirra takmarka, sem hér eru sett, með samþykki sýslunefndar.

3. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu kosnar til 4 ára í senn (sbr. þó 5. gr.). Um leið og kosnir eru bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn, skal kjósa jafnmarga menn til vara um sama tímabil, er taka sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd í forföllum þeirra eftir þeim reglum, sem greinir í XV. kafla þessara laga. Fer um kosninguna samkvæmt ákvæðum þessara laga.

4. gr.

Almennar bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar skulu fara fram 4. hvert ár. Bæjarstjórnarkosningar og hreppsnefndarkosningar í hreppum, þar sem fullir $^2/_3$ hlutar kjósenda eru búsettir í kauptúni, skulu fara fram síðasta sunnudag í janúarmánuði, en í öðrum hreppum síðasta sunnudag í maímánuði.

5. gr.

Ef kosning bæjarstjórnar eða hreppsnefndar ferst fyrir á tilskildum eða auglýstum tíma, skal efna til kosninga á ný svo fljótt, sem því verður við komið.

Þegar hreppur fær kaupstaðarréttindi, skal kjósa bæjarstjórn svo fljótt, sem því verður við komið, nema lög ákveði annað.

Þegar hreppi er skipt, skal kjósa hreppsnefnd í hinum nýju hreppum svo fljótt sem því verður við komið.

Nú hefir í kaupstað, þar sem kosinn er bæjarstjóri, eigi náðst meiri hluti bæjarfulltrúa fyrir kosningu hans, þannig að bæjarstjóri sé í andstöðu við meiri

hluta bæjarstjórnar, og getur ráðherra þá ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

Nú verður bæjarstjórn eða hreppsnefnd af einhverjum ástæðum ekki fullskipuð fyrir það, að varamenn eru ekki fyrir hendi til að taka autt sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og skal þá kosning fara fram á bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmanni og varamanni í hið auða sæti svo fljótt, sem því verður við komið.

Kjörtímabil bæjarstjórnar í nýjum kaupstað og kjörtímabil hreppsnefndar í nýjum hreppi skal aldrei standa lengur en til næstu almennra bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosninga. Sama gildir um bæjarstjórn, sem kosin er að nýju samkvæmt heimild 4. málsgreinar og um bæjarfulltrúa og hreppsnefndarmenn, sem kosnir eru samkvæmt 5. málsgrein þessarar greinar.

Allar kosningar, sem fara fram samkvæmt þessari grein, skulu yfirkjörstjórnir auglýsa mjög rækilega og með nægum fyrirvara, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

II. KAFLI

Kosningarréttur og kjörgengi.

6. gr.

Kosningarrétt við kosningar til bæjarstjórna og hreppsnefnda hafa allir, karlar og konur, sem

1. eru 21 árs að aldri, þegar kosning fer fram,
2. eru íslenzkir ríkisborgarar eða hafa jafnan rétt við þá,
3. hafa óflekkað mannorð,
4. eru fjárráðir.

Um óflekkað mannorð og fjárræði gilda sömu reglur og þegar um er að ræða kosningarrétt við kosningar til Alþingis.

Kjósandi neytir kosningarréttar síns í þeim kaupstað eða hreppi, þar sem hann er búsettur, eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum, er lög þessi setja.

7. gr.

Kjörgengir í bæjarstjórn og hreppsnefnd eru allir þeir, sem kosningarrétt hafa og hans mega neyta í viðkomandi kaupstað eða hreppi.

Ekki mega hjón né menn skyldir að niðjatali sitja samtímis í hreppsnefnd eða bæjarstjórn.

8. gr.

Skylt er bæði konum og körlum, sjálfum sér ráðandi, yngri en 60 ára og heilum og hraustum, að taka við kjöri í bæjarstjórn og hreppsnefnd. Þeim, er setið hefir í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er þó óskylt að taka við kjöri fyrr en jafnlangur tími er liðinn síðan hann átti þar síðast sæti, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn í síðasta lagi 3 dögum áður en framboðsfrestur er út runninn, að hann skorist undan endurkjöri.

III. KAFLI
Kjördeildir.

9. gr.

Við bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar skal skipta kaupstöðum og hreppum í kjördeildir á sama hátt sem við kosningar til Alþingis

IV. KAFLI
Kjörstjórnir.

10. gr.

Bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningum stjórna kjörstjórnir. Í hverjum kaupstað og hverjum hreppi skal vera yfirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum. Í hverri kjördeild hrepps eða kaupstaðar skal vera undirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs, að viðhöfðum hlutfallskosningum, kjörstjórnir til eins árs í senn úr hópi kjósenda kaupstaðarins eða hreppsins, og jafnmarga til vara. Kjörstjórn velur sér oddvita og skiptir að öðru leyti með sér störfum.

Varamenn taka sæti í kjörstjórnum í forföllum aðalmanna eftir sömu reglum og þegar um kjörstjórnir við kosningar til Alþingis er að ræða, og á sama hátt skal fylla tölu kjörstjórnar, ef varamenn eru ekki fyrir hendi.

V. KAFLI
Kjörskrár.

11. gr.

Kjörskrár til bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í hreppum. Skulu kjörskrár samdar í febrúarmánuði ár hvert, samtímis því sem kjörskrár fyrir kosningar til Alþingis eru samdar. Sérstaka kjörskrá skal semja fyrir hverja kjördeild. Kjörskrár í kaupstöðum og í hreppum, þar sem almennar hreppsnefndarkosningar fara fram í janúarmánuði, gilda frá 24. janúar það ár, sem þær eru samdar, til 23. janúar næsta ár á eftir, en í öðrum hreppum frá 24. maí til 23. maí.

12. gr.

Á kjörskrá til bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosninga skal taka:

1. Þá, sem fullnægja öllum skilyrðum 6. greinar þessara laga, og eru, þegar kjörskrá er samin, heimilisfastir í þeirri kjördeild, sem kjörskráin nær til.
2. Þá, sem skortir það eitt á að fullnægja skilyrðum 1. töluliðs þessarar greinar, að þeir hafa ekki fyllt 21 árs aldur, ef þeir hafa náð þeim aldri áður en kjörskráin gengur úr gildi, enda skal þess þá getið í athugasemd við nafn þeirra, hvaða mánaðardag þeir hafa náð fullum aldri.

13. gr.

Um allan frágang kjörskrár til bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosninga, að öðru leyti en því, er segir í 12. gr. um það, ef vanrækt hefir verið að semja kjörskrá í tæka tíð, um aðgang almennings að kjörskrá frá því að hún hefir verið samin og þangað til hún gengur í gildi, fer á sama hátt sem um kjörskrár við kosningar til Alþingis.

14. gr.

Nú eiga bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar að fara fram, og skal þá tveimur mánuðum áður leggja kjörskrá fram til sýnis almenningi, og fer um allt, er að því lýtur, á sama hátt sem um kjörskrár fyrir kosningar til Alþingis. Um kjörskrárkærur og alla meðferð þeirra fer einnig á sama hátt sem um kjörskrárkærur, þegar um kosningar til Alþingis er að ræða.

15. gr.

Nú ber nauðsyn til, að bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar, aðrar en almennar bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar (sbr. 5. gr.), fari fram með svo stuttum fyrirvara, að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja jafnlengi frammi eða veita þá fresti og fyrirvara, sem annars er gert ráð fyrir, og má þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd stytta þetta allt hlutfallslega, enda auglýsi hún það nákvæmlega, jafnframt því sem kosningin er auglýst.

16. gr.

Allar bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar skulu fara fram samkvæmt gildandi kjörskrá. Ekki má kjósandi greiða atkvæði nema í einni kjördeild við sömu bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar og ekki við fleiri en einar bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar, sína á hverjum stað, er fara fram samtímis eða með styttra millibili en eins árs. Ef kjósandi er á kjörskrá í fleiri kjördeildum en einni eða í fleiri kaupstöðum eða hreppum en einum, ræður hann sjálfur, hvar hann neytir kosningarréttar síns.

Sá, sem stendur á kjörskrá með athugasemd við nafn sitt (sbr. 12. gr.), skal hafa rétt til að greiða atkvæði, ef hann samkvæmt athugasemdinni hefir öðlazt atkvæðisrétt á kjördegi, annars ekki.

VI. KAFLI

Framboð.

17. gr.

Þegar bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar eiga að fara fram, skulu framboðslistar afhentir oddvita yfirkjörstjórnar eigi síðar en 28 dögum fyrir kjördag. Oddviti skal gefa vottorð um móttöku hvers lista.

Á framboðslista skulu að jafnaði vera tvöfallt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn. Nú berst yfirkjörstjórn listi með fleirum nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema af listanum öftustu nöfnin, sem fram yfir eru tilskilda tölu.

Hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing frá kjósendum í kaupstaðnum eða hreppnum um að þeir styðji kosningu listans. Þessir meðmælendur hvers lista mega í Reykjavík ekki vera færri en 100 og ekki fleiri en 200, í öðrum kaupstöðum ekki færri en 20 og ekki fleiri en 40, og í hreppum ekki færri en 10 og ekki fleiri en 20.

Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörgengi. Úrskurði kjörstjórnar má áfrýja til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Úrskurði bæjarstjórnar eða hreppsnefndar má aftur áfrýja á sama hátt sem fyrir er mælt í 33. gr., ef úrskurður fellur um, að bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður hafi misst kjörgengi.

Ef frambjóðandi deyr áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn, má innan þriggja daga setja mann í sæti hans á listanum, ef fullur helmingur meðmælenda listans krefst þess.

VII. KAFLI

Umboðsmenn.

18. gr.

Hverjum framboðslista skal fylgja til yfirkjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans, hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans.

Um umboðsmenn við bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar gilda hliðstæðar reglur við það, sem gildir um umboðsmenn við kosningar til Alþingis.

VIII. KAFLI

Kosningaundirbúningur.

19. gr.

Yfir- og undirkjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar á sama hátt sem kjörstjórnir við kosningar til Alþingis.

20. gr.

Jafnskjótt sem framboðsfrestur er liðinn, heldur yfirkjörstjórn fund og tekur til meðferðar að úrskurða framboðslistana. Skal umboðsmönnum gefinn kostur á að vera viðstaddir, og fer um allt, er að þessu lýtur, í samræmi við gildandi reglur um úrskurðun framboðslista við kosningar til Alþingis.

21. gr.

Þegar úrskurðað er, hverjir listar verði í kjöri, merkir yfirkjörstjórn þá með bókstöfum A, B, C o. s. frv. í samræmi við gildandi reglur um lista við kosningar til Alþingis. Ef listar eru ekki bornir fram af pólitiskum flokkum, merkir yfirkjörstjórn þá í stafrófsröð, eftir því sem þeir hafa borizt henni eða eftir samkomulagi við umboðsmenn.

Því næst gerir yfirkjörstjórn þegar í stað almenningi kunna listana með auglýsingu, sem birt er á sama hátt, sem á hverjum stað er títt að birta opin-

berar auglýsingar. Í auglýsingunni skal greina bókstaf hvers lista og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð.

22. gr.

Yfirkjörstjórn sér um gerð kjörseðla, er notaðir verða á kjörfundi við bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar.

Kjörseðil skal gera þannig:

Á hæfilega stórt blað úr góðum þykkum pappír skal prenta eða fjölrita listana hvern við annars hlið í röð eftir bókstöfum þeirra. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera nöfn frambjóðenda listans í réttri röð, ásamt stöðu og heimili, ef nauðsyn þykir til aðgreiningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum og skal að minnsta kosti $\frac{1}{2}$ cm. breitt bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista. Efst á seðlinum skal standa sem fyrirsögn **Kjörseðill við bæjarstjórnar (hreppsnefndar) kosningar í .....kaupstað (hreppi),** með dagsetningu og ártali.

Yfirkjörstjórn afhendir undirkjörstjórnum í tæka tíð jafnmarga kjörseðla, sem kjósendur eru á kjörskrá í hverri kjördeild og 10% framyfir. Skal hún gæta sömu varúðar um alla meðferð kjörseðla og ganga jafn tryggilega frá þeim til sendingar og skylt er um kjörseðla við kosningar til Alþingis.

Yfirkjörstjórnir skulu sjá um, að undirkjörstjórnir hafi við hendinga á kjördegi öll nauðsynleg kjörgögn, eins úr garði gerð og þegar um kosningar til Alþingis er að ræða. Þannig sendir hún þeim jafnframt kjörseðlunum kjörbók til afnota við kosninguna, árituð umslög: stórt umslag með utanáskrift yfirkjörstjórnar og minni umslög undir ónýtta seðla, ágreiningsseðla og afgangsseðja, svo og handbók kosningalaga, sem út er gefin til leiðbeiningar við kosningar til Alþingis, ásamt sérprentun af þessum lögum.

Atkvæðakassa, tilheyrandi poka og innsigli, sem notað er við kosningar til Alþingis, er heimilt að nota við bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar.

IX. KAFLI

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

23. gr.

Þeir, sem staddir eru eða gera ráð fyrir að verða staddir utan þess kaupstaðar eða hrepps, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosning fer fram, og af þeim ástæðum geta ekki sótt kjörfund, hafa heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar hvar sem er á landinu og þó að eins hjá einhverjum bæjarfógeta eða sýslumanni (í Reykjavík lögmanni) og að svo miklu leyti, sem þeir hafa kjörgögn fyrir hendi.

Í kauptúnum þar sem er sérstakur lögreglustjóri, sem ekki er jafnframt sýslumaður, er heimilt að greiða atkvæði hjá honum, og ber hlutaðeigandi sýslumanni að láta honum kjörgögn í té í þessu skyni.

Sem kjörgögn við þessa kosningu skal nota afgangs utankjörfundargögn frá kosningum til Alþingis, og fer um allt, er að kosningunni lýtur, í samræmi við gildandi ákvæði um utankjörfundaratkvæðagreiðslu við kosningar til Alþingis.

X. KAFLI

Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

24. gr.

Um kjörstaði og útbúnað þeirra gilda sömu reglur og við kosningar til Alþingis. Um atkvæðagreiðslu á kjörfundi við bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar fer að öllu leyti samkvæmt gildandi ákvæðum um atkvæðagreiðslu á kjörfundi við kosningar til Alþingis, þegar um er að ræða hlutbundnar kosningar. Um skil af hendi undirkjörstjórna til yfirkjörstjórna fer einnig á sama hátt og við kosningar til Alþingis.

XI. KAFLI

Kosningarúrslit.

25. gr.

Um það, ef ekki bjóða sig fleiri fram við bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar en kjósa á bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn, um talning atkvæða, um mat á gildum og ógildum atkvæðum og um úrslit kosninga, hverja skuli úrskurða kosna sem bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn og hverja varamenn, í hverri röð og hverjar atkvæðatölur þeirra séu hvers um sig, fer samkvæmt gildandi ákvæðum um kosningar til Alþingis, þegar um hlutbundnar kosningar er að ræða.

Um það, ef kosningu í kjördeild þarf að fresta eða hún fellur niður, eða ef atkvæðasending kemur ekki til skila til yfirkjörstjórnar í tæka tíð eða ferst með öllu, fer í samræmi við gildandi ákvæði um kosningar til Alþingis.

XII. KAFLI

Óleyfilegur kosningaróður og kosningaspjöll.

26. gr.

Tilsvarandi framferði við það, sem talið er óleyfilegur kosningaróður eða kosningaspjöll við kosningar til Alþingis, er jafnóleyfilegt að við hafa við bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar.

XIII. KAFLI

Kosningakærur.

27. gr.

Bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar má kæra skriflega fyrir bæjarstjórn eða hreppsnefnd og skal kæran komin þeim í hendur innan 14 daga frá því er lýst var úrslitum kosningar. Skal leita umsagnar kjörstjórnar um kærur, og skal hún láta uppi álit sitt innan viku í kaupstöðum og 14 daga í hreppum frá

því að hún fékk kæruna, og bæjarstjórn kveða upp úrskurð sinn innan viku og hreppsnefnd innan 14 daga þar frá. Úrskurði bæjarstjórnar má skjóta til ráðherra, og skal tilkynning um áfrýjunina komin innan viku til ráðuneytisins og skjöl þau, er áfrýjuninni kunna að fylgja sett á póst innan sama tíma. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til oddvita sýslunefndar, og skal áfrýjunin komin honum í hendur innan 14 daga frá dagsetningu úrskurðarins.

Að öðru leyti fer um kærur út af brotum á lögum þessum í samræmi við gildandi ákvæði um kærur út af brotum á lögum um kosningar til Alþingis.

XIV. KAFLI

Kosningar innan bæjarstjórna og hreppsnefnda.

28. gr.

Bæjarstjórn kýs sér forseta úr flokki bæjarfulltrúa og hreppsnefndir oddvita úr flokki hreppsnefndarmanna (sbr. þó 3. málsgr. þessarar greinar).

Í kaupstöðum þeim, þar sem er kosinn, eða verður kosinn, sérstakur bæjarstjóri (borgarstjóri), skal hann kosinn af bæjarstjórn eftir hverjar almennar bæjarstjórnarkosningar, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil bæjarfulltrúa. Ekki hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) þannig kosinn atkvæðisrétt í bæjarstjórn eða nefndum nema hann sé einnig bæjarfulltrúi. Þó hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) óbundið málfrelsi og tillögurétt í bæjarstjórn og nefndum hennar. Ekki má kjósa bæjarstjóra (borgarstjóra) í fastar nefndir bæjarstjórnar, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi. Þó á hann sæti í föstum nefndum innan bæjarstjórnar sem aukamaður, og má kjósa hann formann nefnda, þótt ekki hafi hann þar atkvæðisrétt.

Nú gegnir, samkvæmt sérstökum lögum, bæjarfógeti eða lögreglustjóri bæjarstjórastörfum í bæjarstjórn eða oddvitastörfum í hreppsnefnd, og fer þá um atkvæðisrétt hans, málfrelsi og tillögurétt samkvæmt því sem segir um bæjarstjóra (borgarstjóra) í 2. málsgrein þessarar greinar.

Endurkjósa má bæjarstjóra (borgarstjóra), og setur bæjarstjórn með samþykkt, staðfestri af ráðherra, ákvæði um starfssvið hans, laun og skrifstofufé, er greiðist úr bæjarsjóði.

Bæjarstjórn kýs á sama fundi og fastar nefndir eru kosnar tvo endurskoðendur bæjarreikninganna og tvo til vara. Kosning nefnda og endurskoðenda gildir um eitt ár. Bæjarstjórn ákveður laun endurskoðenda og setur þeim erindisbréf.

Heimilt er bæjarstjórn Reykjavíkur að ákveða með samþykkt, staðfestri af atvinnumálaráðherra, að fleiri en einn borgarstjóri skuli vera í Reykjavík, og setja jafnframt reglur um skiptingu starfa þeirra á meðal. Ennfremur getur bæjarstjórn kaupstaðar með samþykkt ákveðið að setja sérstakt bæjarráð, er hafi með höndum framkvæmd tiltekinna málefna bæjarins ásamt bæjarstjóra (borgarstjóra). Heimilt er að láta bæjarráð taka að meira eða minna leyti við starfi fastra nefnda.

29. gr.

Kosningar í nefndir, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs, skulu jafnan vera leynilegar og hlutbundnar, ef fleiri skal kjósa en einn mann. Skal beita hlutfallskosningu sem hér segir: Þeir bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn, er komið hafa sér saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda forseta bæjarstjórnar eða oddvita hreppsnefndar, þegar til kosninga kemur, lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefir tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf A, B, C o. s. frv., eftir því, sem hann sjálfur ákveður eða ákveðið hefir verið með samkomulagi eitt skipti fyrir öll þann kjörtíma. Síðan les forseti (oddviti) upp stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á honum standa. Þá kjósa bæjarfulltrúarnir þannig, að hver ritar á kjörmiða aðeins stafnafn (A, B, C og s. frv.) þess lista, er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru afhentir forseta (oddvita), og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifarar rita jafnóðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafi fallið á hvern lista, hve mörg á A, hve mörg á B o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skipt, fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3 o. s. frv., eftir því sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð, hver niður undan annari og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosningin fer eftir hlutatölunum, þannig að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næst hæsta hlutatölu o. s. frv., þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti um, hver listinn skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosningu í þeirri röð, sem þeir standa á listanum. Sé ekki stungið upp á fleiri nefndarmönnum en kjósa á, lýsir forseti (oddviti) þá rétt kjörna án atkvæðagreiðslu.

30. gr.

Hver nýkosin hreppsnefnd skal kjósa sýslunefndarmann og annan til vara. Nú fara sýslunefndarmaður og varasýslunefndarmaður báðir úr nefndinni áður en kjörtímabil þeirra er liðið, og skal þá þegar kjósa í þeirra stað.

Umboð sýslunefndarmanns og varamanns hans fellur niður jafnframt því, sem út er runnið kjörtímabil þeirrar hreppsnefndar, sem hann er kosinn af.

Sáttanefndarmenn, skólanefndarmenn og aðrir starfsmenn kaupstaða og hreppa, sem kosnir hafa verið almennum kosningum, skulu hér eftir kosnir af bæjarstjórnum og hreppsnefndum.

XV. KAFLI

Hvernig varamenn taka sæti í bæjarstjórnum og hreppsnefndum.

31. gr.

Varmenn bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmanna taka sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá, flytjast burtu eða forfallast á annan hátt frá að eiga sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Ef bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða annars, á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan, en tilkynna skal hann forseta bæjarstjórnar eða oddvita hreppsnefndar, í hverju forföllin eru fólgin og hversu lengi þau muni vara.

Varamenn taka sæti í þeim nefndum innan bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eða skipuðum af bæjarstjórnum eða hreppsnefndum, er sá bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður sat í, er þeir taka sæti fyrir.

XVI. KAFLI

Kosningar innan sýslunefnda.

32. gr.

Sýslunefnd er skylt að láta fara fram hlutfallskosningu við kosningar til aukanefnda og annara starfa, er hún kýs menn til, og fer um kosninguna eftir fyrirmælum 29. gr.

XVII. KAFLI

Missir kjörgengis. Bæjarfulltrúa, hreppsnefndarmanni eða sýslunefndarmanni veitt lausn eða vikið frá.

33. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd úrskurðar, hvort bæjarfulltrúi, hreppsnefndarmaður eða sýslunefndarmaður hafi misst kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn eða víkja honum frá starfanum. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndaroddvita og úrskurði bæjarstjórnar til ráðherra.

Sýslunefnd úrskurðar þau atriði, sem í 1. málsgr. segir ef sýslunefndarmaður á hlut að máli.

Ef manni er vikið úr sýslunefnd eða bæjarstjórn, þá getur hann borið málið undir ráðherra.

Úrskurði sýslunefndaroddvita og ráðherra eftir þessari grein má skjóta til dómstólanna.

XVIII. KAFLI

Kostnaður.

34. gr.

Kostnaður við bæjarstjórnarkosningar greiðist úr bæjarsjóði. Kostnaður við hreppsnefndarkosningar greiðist úr hreppssjóði.

XIX. KAFLI

Refsiákvæði.

35. gr.

Brot gegn lögum þessum varða refsingum í samræmi við refsiákvæði laga um kosningar til Alþingis.

XX. KAFLI

Niðurlags- og bráðabirgðaákvæði.

36. gr.

Jafnframt því sem lög þessi öðlast gildi, falla úr gildi lög nr. 59, 14. júní 1929 um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, lög nr. 119, 29. des. 1933 og lög nr. 58, 23. nóvember 1934, um breytingar á téðum kosningalögum, svo og önnur ákvæði laga, sem koma í bága við ákvæði þessara laga.

Almennar hreppsnefndarkosningar um land allt, samkvæmt lögum þessum, fara í fyrsta skipti fram á sama ári og hinar næstu almennu bæjarstjórnarkosningar, þ. e. árið 1938. Þangað til skal kjósa í hreppsnefndir samkvæmt lögum nr. 59, 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða. og þó þannig, að umboð allra hreppsnefndarmanna, hvort sem þeir hafa setið lengur eða skemur, fellur niður þegar eftir hinar almennu hreppsnefndarkosningar 1938.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með þingsályktunartillögu, samþykktri af neðri deild Alþingis á aukaþinginu 1933, var ríkisstjórninni falið „að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, og séu ákvæði þeirra laga samræmd ákvæðum laga um kosningar til Alþingis". Ekki vannst tími til, að þessu yrði lokið fyrir síðasta þing, og er frumvarp þetta því einu þingi síðar á ferðinni en til var ætlazt.

Þingsályktunartillöguna liggur næst að skilja svo, að með henni sé þeim vilja lýst yfir, að lög um sveitarstjórnarkosningar verði færðar til lýðræðisáttar til jafns við hin nýju lög um alþingiskosningar, enda öll ákvæði beggja laganna jafnframt samræmd í því skyni, að gera þeim, sem kosningum stjórna, svo og kjósendunum, auðveldara fyrir um að átta sig á kosningareglum og kosningaaðferðum, er ákvæði beggja laganna styðja hver önnur, í stað þess að stangast svo mjög, sem þau hafa gert til þessa.

Með þetta fyrir augum hafa lögin verið endurskoðuð og lagafrumvarp þetta samið.

Helztu efnisbreytingar frumvarpsins frá gildandi lögum eru þessar:

1. Almennar hreppsnefndarkosningar fara fram á fjögurra ára fresti eins og bæjarstjórnarkosningar nú og á sama ári sem hinar almennu bæjarstjórnarkosningar.
2. Kjörtímabil hreppsnefnda er 4 ár eins og bæjarstjórna, og eru allir hreppsnefndarmenn kosnir í einu.
3. Kjördagur til bæjarstjórnarkosninga er fastákveðinn síðasti sunnudagur í janúarmánuði og sami kjördagur fyrir hreppsnefndarkosningar í þeim hreppum, þar sem fullir $\frac{2}{3}$ hlutar kjósenda búa í kaupstúni. Kjördagur fyrir hreppsnefndarkosningar í öðrum hreppum er fastákveðinn síðasti sunnudagur í maímánuði.

4. Allar hreppsnefndir skulu kosnar hlutbundnum kosningum á sama hátt sem bæjarstjórnir.
5. Kjósa skal varamenn til hreppsnefnda á sama hátt sem til bæjarstjórna.
6. Kjörsókn að hreppsnefndarkosningum er gerð auðveldari með því, að kosningar fara fram í kjördeildum á sama hátt sem alþingiskosningar.
7. Allar nefndarkosningar innan bæjarstjórna, hreppsnefnda og sýslunefnda skulu vera hlutbundnar.
8. Hinir ýmsu starfsmenn kaupstaða og hreppa, sem til þessa hafa verið kosnir almennum kosningum (sáttanefndarmenn, skólanefndarmenn, sýslunefndarmenn o. s. frv.) skulu kosnir af bæjarstjórnum eða hreppsnefndum.
9. Ekki er krafizt, að kjósandi hafi átt heimili um eitt ár í kaupstað eða hreppi til að mega neyta þar kosningarréttar síns, en í samræmi við lög um kosningar til Alþingis er hver kjósandi settur á kjörskrá, sem heimilisfastur er í kaupstaðnum eða hreppnum, þegar kjörskrá er samin, þ. e. í febrúarmánuði. Með því að almennar kosningar í kaupstöðum og öllum stærri kauptúnum fara ekki fram fyrr en í janúar árið eftir, að kjörskráin var upphaflega samin, verður niðurstaðan svipuð og áður, að yfirleitt kýs þar enginn fyr en eftir nærri eins árs búsetu að minnsta kosti. Í öðrum hreppum geta menn fengið að kjósa eftir styttri dvöl, þ. e. eftir ca. þriggja mánaða búsetu, en þess er að gæta, að þá er um smærri hreppa að ræða og dreifbýli, þar sem hægara er en í þéttbýli að átta sig á, hvort menn eru þar í raun og veru orðnir heimilisfastir eða ekki.
10. Allar reglur um tilhögun kosninganna og kosningaaðferðir eru samræmdar sem mest má verða gildandi reglum um alþingiskosningar. Er í frumvarpinu víða látið nægja að vísa til tilsvarandi kafla í lögum um kosningar til Alþingis um þau atriði, þar sem fullt samræmi er á milli. Þetta styttir frumvarpið að miklum mun, auk þess sem greinilega kemur í ljós á þenna hátt, hvar treysta má, að fullt samræmi sé á milli hvorutveggja laganna. Þó að lögin um sveitarstjórnarkosningar verði fyrir þetta ekki tæmandi, ein út af fyrir sig, þarf það ekki að koma að sök, með því að lögin um kosningar til Alþingis eru mjög skilmerkilega sundurliðuð í kafla með greinilegum fyrirsögnum, svo að auðgert er að finna hvað eina eftir tilvísun. Gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að kjörstjórnir hafi jafnan við hendina handbók kosningalaga, sem út er gefin til leiðbeiningar við alþingiskosningar, svo og sérprentun af lögum um sveitarstjórnarkosningar, og ætti sérprentunin að vera gerð í sama broti sem handbókin, svo að hefta mætti hvorttveggja saman.

Athugasemda við hinar einstöku greinir er ekki talin þörf, þar sem, að öðru leyti en því, sem greint hefir verið hér að framan, er nær eingöngu að ræða um ákvæði um kosningatilhögun, sem eru í fullu samræmi við ákvæði laga um kosningar til Alþingis, sem svo nýlega voru til meðferðar og þá nákvæmlega athuguð og þaulrædd.

Nd. 14. Frumvarp til laga

um afnám laga nr. 31 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, og laga nr. 50 16. okt. 1907, um sölu kirkjujarða.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Bergur Jónsson, Páll Zóphóníasson, Stefán Jóh. Stefánsson.

1. gr.

Lög nr. 31 20. október 1905, um sölu þjóðjarða, og lög nr. 50 16. október 1907, um sölu kirkjujarða, eru úr gildi felld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Með lögunum 1905 og 1907 er ráðherra veitt heimild til að selja ábúendum þjóðjarðir og kirkjujarðir, með vissum takmörkunum. Mun vart orka tvímælis lengur, að lög þessi hafa ekki náð tilgangi sínum, en orðið til mikils ógagns. Þrátt fyrir það, að fjöldi opinberra jarðeigna hefir verið seldur einstökum mönnum fyrir sáralítið verð, er helmingur bænda í landinu enn leiguliðar, en hið lága verð opinberu jarðeignanna hefir aðeins komið fyrstu kaupendum þeirra að liði. Er því fyllilega tímabært að hætta nú þegar allri sölu opinberra jarða og nema söluheimildina úr lögum. Að sjálfsögðu á þá einnig að setja á þessu eða næsta þingi löggjöf um ábúð þeirra, er tryggi ábúendum full not jarðanna og arðs af umbótum á þeim".

Nd. 15. Frumvarp til laga

um innlánsvexti og vaxtaskatt.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ákveða vexti af innlánsfé í bönkum og sparisjóðum.

2. gr.

Þegar ríkisstjórnin hefir ákveðið innlánsvexti eftir 1. gr., er öllum þeim, er eiga verðbréf, skuldabréf eða önnur bréf, er árlega gefa vexti, skylt að greiða í ríkissjóð hluta af vöxtunum, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

3. gr.

Vaxtabréfaskattur sá, sem um ræðir í 2. gr., skal vera það hár, að eigendur bréfanna fái aldrei hærri vexti af fé sínu en 1½% yfir venjulega sparisjóðsvexti. Það, sem bréfin gefa hærri vexti, skal greiða í ríkissjóð.

4. gr.

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — ákveða og innheimta vaxtabréfaskatt, og skal hvert skuldabréf sýnt þeim árlega, um leið og skatturinn er greiddur, og þeir þá merkja það sérstökum stimpli, er sanni sýningu og greiðslu skattsins.

5. gr.

Lögreglustjóri getur falið stjórnum stofnana, sem gefið hafa út flokka af verðbréfum, að framkvæma fyrir sína hönd stimplun þeirra bréfa, sem þær hafa gefið út, og innheimta af þeim vaxtaskattinn samkvæmt 3. gr.

6. gr.

Vanræki einhver að greiða vaxtaskatt og láta stimpla skuldabréf árlangt, skal greiða skattinn 10-faldan fyrir hvert ár, er skattgreiðsla dregst.

7. gr.

Undanþegnir vaxtaskatti eru vextir af þeim skuldabréfum, sem eru eign erlendra manna, enda sé það sannanlegt og skuldabréfin þinglesin eign þeirra áður en ár er liðið frá staðfestingu laga þessara.

8. gr.

Þinglesning skuldabréfa, sem vexti gefa og vaxtaskatt ber að greiða af eftir lögum þessum, hefir því aðeins áframhaldandi gildi, að bréfið sé sýnt og stimplað árlega eftir lögum þessum (4. og 5. gr.).

9. gr.

Lög frá 7. maí 1928, nr. 20, um þinglýsingu, falla úr gildi að því leyti sem þau koma í bága við þessi lög.

10. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, frá 100—1000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með brotin skal fara sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en dagaði þá uppi. Fylgdi frv. þá svo hljóðandi greinargerð:

„Það mun ekki fjarri, að atvinnuvegir okkar styðjist við 170 milljónir af lánsfé, auk þess sem framleiðendur sjálfir eiga í framleiðslutækjunum. Þetta fé er atvinnuvegunum ætlað að ávaxta og útlánsvextir frá 4½ og upp í 7% og jafnvel hærri.

Af lánsfé atvinnuveganna eru um 60 milljónir (tæpar) sparifé landsmanna sjálfra, og er það af bönkum og sparisjóðum ávaxtað með 4 til 4½%.

Háværar raddir hafa heyrzt um það, að útlánsvextir þurfi að lækka. Byggjast þær á því, að atvinnuvegirnir gangi nú svo erfiðlega, að ekkert samræmi sé milli afkomu þeirra annarsvegar og vaxtatekna sparifjáreigenda hinsvegar.

Í öllum okkar nágrannalöndum sýna opinberar skýrslur, að landbúnaðurinn þar ávaxtar höfuðstólinn, sem bundinn er í honum, með tæpum og liðuðum 2% að hæst 2,8.

Hér á landi er þetta fyrst rannsakað nú nýlega. Guðmundur Jónsson kennari á Hvanneyri hefir unnið úr 16 búreikningum (*maí 1932 til maí 1933*), 10 úr Borgarfirði, 1 úr Snæfellsnessýslu, 1 úr Skagafjarðarsýslu, 1 úr Eyjafirði, 1 úr S.-Þingeyjarsýslu, 1 úr A.-Skaftafellssýslu og 1 úr Árnessýslu. Niðurstaðan er sú, að höfuðstóllinn er vaxtaður með 3%. En í þessum samanburði er rétt að benda á það, að þegar athugað er, hverjir þessir bændur eru, þá má fullyrða, að þessi prósenta er til muna hærri en vera mundi, ef hagur fleiri bænda úr fleiri sýslum væri athugaður. Það mun því mega segja, að landbúnaðurinn ávaxti höfuðstólinn, sem í honum stendur, hér á landi líkt og annarsstaðar.

Eftir þeim upplýsingum, er fyrir liggja um afkomu sjávarútvegsins, er ekki hægt að ætla, að hann sé nú færari um að ávaxta höfuðstól með háum vöxtum, og mun mega ætla, að ástand hans sé ekki betra en landbúnaðarins. (Sbr. skýrslu milliþinganefndar í sjávarútvegsmálum).

Um iðnaðinn mun mega segja svipað. Það er því alveg sýnt, að enginn af þeim atvinnuvegum — nema kannske verzlunin —, sem hér eru, er fær um að borga þá vexti, sem nú er krafizt, og greiðsla þeirra, þá krafizt er, gerir halla á atvinnurekstrinum. Jafnframt er líka víst, að væri mögulegt að lækka vextina, þá mundi afkoma atvinnuveganna verða miklum mun betri og nýtt líf færast í þá, atvinna því aukast, og atvinnuleysið minnka eða hverfa.

Þetta frumvarp er til þess samið og fram borið að reyna að finna leið til að lækka vextina og koma aftur á samræmi milli vaxtatekna peningamannanna og atvinnutekna alls almennings.

Sú leið er farin, að heimila ráðherra að ákveða innlánsvexti, og er þá gert ráð fyrir, að þeir verði **lækkaðir verulega.**

Til þess að fyrirbyggja, að menn taki fé sitt út úr sparisjóðum og bönkum og verji því til verðbréfakaupa eða privat útlána, til þess á þann hátt að ávaxta þá hærra, er gert ráð fyrir því, að af engu skuldabréfi eða skuldaviðurkenningu megi taka hærri vexti en 1½% fram yfir venjulega innlánsvexti, eins og þeir eru ákveðnir af ráðherra á hverjum tíma, en það, sem þar er fram yfir, renni í **ríkissjóð.**

Vegna framtíðarverðbréfasölu hefir mér þó þótt rétt að láta vexti þá, er erlendir menn eiga að fá hér af skuldum sínum, vera undanþegna verðbréfa**skatti**".

Ed. 16. Frumvarp til laga

um breyting á og viðauka við lög nr. 40 7. maí 1928, um breyting á lögum nr. 43 20. júní 1923 [Jarðræktarlög].

Flm.: Þorsteinn Briem.

1. gr.

Á eftir orðunum „kr. 1,50 fyrir hvert metið dagsverk“ í 3. gr. laganna komi: í áburðarhúsum og tveim krónum í safnþróm, þó aldrei meira en kr. 1200,00 til hvors um sig.

2. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Nú ræsir maður tún sitt eða land til túngræðslu, og ber honum þá styrkur úr ríkissjóði, er nemi kr. 1,50 fyrir hvert metið dagsverk í opnum skurðum og 2 kr. í lokræsum. Sléttí maður tún sitt eða auki, eða girði tún eða land, sem tekið er til ræktunar, ber honum styrkur úr ríkissjóði, er nemi 1 kr. fyrir hvert metið dagsverk, ef sannað er fyrir Búnaðarfélagi Íslands, að hann fullnægi skilyrðum þeim, er um ræðir í 9. og 11. gr. Enginn getur þó fengið hærri styrk en kr. 800,00 fyrir hvers árs jarðabætur samkv. þessari grein.

3. gr.

Á eftir orðunum „nýjan matjurtagarð“ í 6. gr. laganna komi: vermireiti eða gróðurhús. Í stað „1 kr.“ komi: 1.50. Á eftir greininni komi ný málsgrein, er hljóðar svo:

Búnaðarfélag Íslands setur reglur um skilyrði fyrir styrk til vermireita og gróðurhúsa.

4. gr.

Í stað orðanna „50 aurum“ í 7. gr. laganna komi: tveim krónum.

5. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, er verði 8. gr. laganna, og breytist greinatalan samkvæmt því.

Greinin orðist svo:

Nú gerir maður þurrheyshlöðu, og skal þá veita honum styrk úr ríkissjóði, allt að 1 kr. fyrir hvert metið dagsverk. Þó veitist engum hærri styrkur en 500 kr. Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að hlaðan sé traust og vel gerð.

Eigi veitist styrkur á hlöður, sem taka minna en 50 hesta heys.

Búnaðarfélag Íslands setur nánari reglur um gerð á þurrheyshlöðum, úr hvaða efni þær skuli gerðar og hvernig þær skuli metnar til dagsverka.

6. gr.

Í stað orðanna „3 kr. hvert dagsverk“ í 10. gr. laganna komi: tveim krónum hærra hvert dagsverk en styrk nemur fyrir aðrar samskonar jarðabætur samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Síðari málsgrein 15. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er að styrkja með allt að helmingi verðs kaup á jarðræktarvélum, að kornskurðar- og þreskivélum meðtöldum, og flekamótum til safngryfju- og votheystóftabygginga, og séu þær þá eign búnaðarfélags, enda áður fullnægt þeim styrkbeiðnum, er í 14. gr. og fyrri málsgrein þessarar greinar getur.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til allra þeirra framkvæmda, er þau taka til og mældar verða eða metnar á árinu 1935.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 52 19. maí 1930.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að miklu leyti samhljóða frumvarpi flutningsmanns á síðasta þingi. Tilgangur þess er að styðja enn betur en nú er jarðræktina í landinu og innlenda framleiðslu.

I. Miðar frumv. í fyrsta lagi í þá átt, að styðja að betri hagnýtingu innlends áburðar, m. a. til þess að unnt verði að spara að sama skapi hin kostnaðarsömu kaup á erlendum áburði. Er því lagt til, að styrkur fyrir safnþrær verði hækkaður um 50 aura á dagsverk.

Á árunum 1921—1933 hefir verið byggt yfir 28,7% af þeim áburði, sem til fellst í landinu, en fyrir þann tíma hefir því miður ekkert verið byggt af varanlegum áburðarhúsum eða safnþróm. Sýnir eftirfylgjandi tafla, sundurliðuð fyrir hverja sýslu, í 1.—4. dálki, hver húsrýmisþörfin er, ef byggt væri yfir allan þann áburð, sem til fellst í landinu, og í 5.—7. dálki, hvert húsrými er til í landinu yfir áburðinn.

	Húsrýmisþörf fyrir áburð.				Áburðarhús og safnþrær			Rými í % af þörf.
	Safngryfjur fyrir haupten. m³	saleml. m³	Áburðar-hús. m³	Alls. m³	byggð 1921—30. m³	byggð 1931—33. m³	Alls. m³	
Kaupst. með Rvík	2800	..	11200	14000	2028	940	2966	21,2
Gullbr.- og Kjósarsýsla	5324	4549	21296	31169	12968	5890	18858	60,5
Borgarfjarðarsýsla	2662	2517	10640	15817	3906	1368	5274	33,3
Mýrasýsla	2000	1805	8000	11805	2010	357	2367	21,4
Snæf.- og Hnappadalss.	2584	3638	10336	16558	995	574	1569	9,5
Dalasýsla	1824	1737	7296	10857	1445	288	1733	16,0
Barðastrandarsýsla	1520	3250	6080	10850	1228	425	1653	15,2
Ísafjarðarsýsla	2350	5861	9400	17611	4973	1571	6544	37,1
Strandasýsla	1022	1815	4088	6925	1686	595	2278	33,0
Húnavatnssýslur	3240	4089	12960	20289	2341	562	2903	14,3
Skagafjarðarsýsla	3432	4067	13728	21227	3301	776	4077	19,2
Eyjafjarðarsýsla	5076	5226	20304	30606	4101	1077	5178	17,0
Þingeyjarsýslur	3392	5627	13568	22587	4819	1816	6635	29,3
Norður-Múlasýsla	2260	2953	9040	14253	1452	108	1560	10,9

	Húsrýmisþörf fyrir áburð.				Áburðarhús og safnþrær			Rými
	Safngryfjur fyrir nautpen. m³	salerni m³	Áburðar-hús. m³	Alls. m³	byggð 1921—30. m³	byggð 1931—33. m³	Alls. m³	í % af þörf. %
Suður-Múlasýsla	2648	5681	10592	18921	1995	436	2431	12,8
Austur-Skaftafellssýsla .	1246	1139	4984	7369	1862	537	2399	32,5
V.-Skaftafellsýsla	1976	1824	7904	11704	3120	426	3546	32,9
Rangárvallasýsla	6078	3669	24312	34059	9284	1397	10681	31,3
Vestmannaeyjar	496	3331	1984	5811	1744	1774	3518	60,5
Árnessýsla	7726	5152	30904	43782	11791	7267	19058	43,5
Samtals:	59654	67930	238616	366200	77049	28184	105233	28,74
	127584							

Ef hirtur væri allur áburður undan búfé landsmanna, myndu áburðarkaup geta minnkað að mun. Því að búfénaðurinn framleiðir alla fosfórsýru og kali til þess að viðhalda þeirri ræktun, sem nú er til í landinu, og ⅔ þess köfnunarefnis, sem ræktun landsmanna þarfnast.

II. Þá miðar frumvarpið einnig að því, að styðja að betri endingu jarðabóta og auknum afrakstri, með því að hækka styrk til framræslu.

Mjög víða er túnræktinni áfátt í því, að framræsla er ekki nægileg. Af því leiðir, að jarðabæturnar endast verr, frjóefni jarðvegsins sjálfs og áburðurinn notast illa. Töðufall af ræktuninni verður því minna og jafnframt með minna fóðurgildi.

Af öllu hinu ræktaða landi, túnum og görðum, er aðeins 7% ræst fram, og á árabilinu 1921—1933 nær framræslan eigi til meira en 28,5% af nýræktinni þau ár.

Mörg gömul tún vantar því framræslu, og víða hagar svo til, að ekki er kostur á betra túnefni en mýrum eða deiglendis móum. En bændur hafa horft í hinn mikla framræslukostnað og oft reynt í þess stað að rækta frjóefnasnauðari jarðveg, sem er margfalt áburðarfrekari, en gefur þó minni uppskeru en vel ræst mýrarjörð.

Er nauðsynlegt að gera mönnum auðveldara um umbætur í þessu efni, og er því lagt til, að styrkur til framræslu verði hækkaður um þriðjung í opnum skurðum, en upp í 2 kr. á dagsverk í lokræsum. Er hækkun á styrk til lokræsagerðar miðuð við tillögur Búnaðarþings, þess er nú situr, og er hér um nokkra hækkun að ræða frá því, sem var í frumv., er flutt var á síðasta þingi.

III. Enda þótt garðræktin í landinu hafi aukizt hin síðari ár, þá er enn eigi svo mikið framleitt af grænmeti, að þörfinni sé nándar nærri fullnægt. Auk þess myndi aukin notkun garðávaxta verða til gjaldeyrissparnaðar, því að sparazt gætu í þess stað innfluttar neyzluvörur. En þá þarf garðræktin að verða fjölbreyttari, og með almennari notkun vermireita og fjölgun gróðurhúsa myndu skapast möguleikar fyrir fjölþættari grænmetisræktun.

Í gróðurhúsum er hægt að framleiða margar suðrænar nytjajurtir, sem mikið hefir verið flutt af til landsins á undanförnum árum, og er því nauðsynlegt að nota þau skilyrði, sem hér eru fyrir hendi um framleiðslu þeirra. Fyrir því er lagt til í frumvarpinu, að styrkur til garðræktar hækki um þriðjung og að vandaðir vermireitir og gróðurhús njóti sama styrks.

IV. Frumvarpið miðar ennfremur í þá átt, að styðja meira en nú er gert að betri nýtingu heyjanna, með því að hækka styrkinn til votheystófta. Það hefir ekki sízt orðið ljóst síðastliðið ár, að nauðsynlegt er að geta komið við votheysverkun í öllum sýslum landsins og þar með tryggt sæmilega nýting nokkurs hluta heyjanna, hvernig sem viðrar. Votheyshlöður eru til í landinu yfir aðeins 3,4% af ársheyafla landsmanna, og svo sem sjá má af eftirfarandi töflu, er mjög lítið um votheyshlöður í mörgum sýslum landsins.

	Votheyshlöður			Rúmar	Rúmar
	Steyptar. m^3	Annað efni. m^3	Alls. m^3	hestburði töðu eða há.	% af meðal heyafla.
Kaupstaðirnar m/ Rvík	865	63	928	2320	
Gullbr.- og Kjósarsýsla	2961	286	309	8125	
Borgarfjarðarsýsla	509	„	509	1273	
Mýrasýsla	384	21	405	1013	
Snæf.- og Hnappadalssýsla	156	10	166	415	
Dalasýsla	186	22	208	520	
Barðastrandarsýsla	112	563	675	1688	
Ísafjarðarsýslur	1367	1527	2894	7235	
Strandasýsla	195	662	857	2143	
Húnavatnssýslur	831	949	1780	4450	
Skagafjarðarsýsla	210	2007	2217	5543	
Eyjafjarðarsýsla	621	546	1167	2918	
Þingeyjarsýslur	90	488	578	1445	
Norður-Múlasýsla	552	704	1256	3140	
Suður-Múlasýsla	121	„	121	303	
Austur-Skaftafellssýsla	468	472	940	2350	
Vestur-Skaftafellssýsla	323	462	785	1963	
Rangárvallasýsla	3936	558	4494	11235	
Vestmannaeyjar	„	„	„	„	
Árnessýsla	1676	775	2451	6128	
Samtals:	15566	10115	25681	64207	3,41%

Þótt votheystóftabyggingar hafi nokkuð aukizt hin síðustu ár, þá miðar votheysverkun hinsvegar of seint áfram, jafnvel í mestu votviðrasveitum landsins, og verða bændur því oft fyrir miklu afurðatapi á búpeningi vegna hraktra heyja, jafnvel þrátt fyrir tilfinnanleg útgjöld til kaupa á fóðurbæti. Er því brýn nauðsyn að hvetja menn til þessarar heyverkunar, og því er hér lagt til, að styrkur til votheystófta verði hækkaður úr 50 aurum upp í 2 kr. á hvert metið dagsverk.

V. Samkvæmt lögum nr. 52 19. maí 1930 skulu þurrheyshlöður, sem styrkur er veittur til, vera gerðar úr steinsteypu, eða steinlímdar, og þak úr bárujárni eða steinsteypu.

Steinsteyptar hlöðubyggingar eru mun dýrari en hlöður úr öðru efni, t. d. timbri og járni. Víðsvegar hagar þannig til, að kostnaðarsamt og nær ómögulegt er að fá steypuefni til bygginga. Það virðist því mjög óeðlilegt, að þeir, er gera verða heyhlöður sínar úr öðru efni, njóti eigi styrks samkvæmt lögunum, og það því fremur, sem hey verkast vart eins vel í steinhlöðum og í hlöðum úr öðru efni.

Þó að ending þeirra bygginga sé nokkru minni en hinna steinsteyptu, þá má fullyrða, að í hinum þurrviðrasamari héruðum norðanlands og vestan séu hús, byggð úr timbri og járni, eða jafnvel að nokkru með vel hlöðnum veggjum úr torfi og grjóti, allvaranleg. Að einbinda styrkinn við alsteyptar hlöður tefur mjög fyrir því, að menn komi upp nauðsynlegum húsum yfir hey sín. Fyrir því er lagt til í frumvarpi þessu, að hlöður úr öðru efni verði einnig styrkhæfar og jafnframt tvöfaldaður styrkurinn.

Til þess að tryggja, að hús þessi verði sem haganlegast gerð og þannig frá þeim gengið, að þau verði sem varanlegust, er Búnaðarfélagi Íslands falið að setja nánari reglur um gerð þeirra og frágang, enda ákveður það, hvernig hlöðurnar skuli metnar til dagsverka.

VI. Ekki er minni ástæða til að styðja að því, að jarðabætur leiguliða á þjóðjörðum og kirkjujörðum verði sem bezt unnar og varanlegastar, og að þeim notist sem bezt að þeim jarðabótum, sem þar eru gerðar. Er því sanngjarnt, að leiguliðar þessara jarða njóti tilsvarandi hækkunar á þeim jarðabótadagsverkum, er ganga til greiðslu eftirgjalds.

VII. Reynslan hefir sýnt, að þá fyrst kemst verulegur skriður á jarðræktarframkvæmdir í hverju héraði, þegar vélar eru fengnar til jarðvinnslunnar.

Hinsvegar eru jarðræktarvélar svo dýr áhöld, að búnaðarfélögum og jafnvel búnaðarsamböndum hefir veitt svo erfitt að afla þeirra og standa straum af lánum, sem til kaupanna hafa verið tekin, að eigi hefir orðið hjá því komizt að veita sumum þeirra greiðslufrest jafnvel ár eftir ár.

Er þetta lítt viðunandi fyrirkomulag, og virðist því nauðsyn til bera að hækka svo styrkinn til vélakaupanna, að félögunum verði auðið að standa við lánskuldbindingar sínar. Er því lagt til, að heimilað verði að veita styrk, allt að helmingi verðs, til kaupa á jarðræktarvélum.

Hið háa verð vélanna og það, að hér er aðeins um heimild að ræða, ætti að vera næg trygging fyrir því, að vélum verði ekki fjölgað fram yfir það, sem þörf krefur.

Hinar stórmerku tilraunir Búnaðarfélags Íslands í kornræktinni gefa vonir um nýtt viðhorf í landbúnaðinum, a. m. k. í miklum hluta landsins. Jafnvel þótt víða yrði aðeins um byggrækt að ræða, þá væri þar fengin ný aðstaða til að bæta fóðurforðann handa búpeningi landsmanna og tryggja afurðir hans. Þá yrði og stórum bætt aðstaða til aukinnar eggjaframleiðslu og svínaræktar, auk þess búsílags, sem byggkornið er til manneldis.

Tilraunir í þessari grein jarðyrkjunnar hafa nú þegar verið gerðar, með þeim árangri víða á landinu, að rétt þykir að styðja framtakssama einstaklinga og félög til kaupa á nauðsynlegustu áhöldum til þessarar framleiðslu. Og er hér því lagt til, að menn njóti sama styrks til kaupa á þeim vélum, sem þarf við kornuppskeru og þreskingu, eins og til kaupa á öðrum jarðræktarvélum.

Þá er og lagt til, að búnaðarfélögum verði veittur styrkur til kaupa á flekamótum til safngryfju- og votheystóftabyggingar, til þess að létta undir með bændum um þessar bráðnauðsynlegu framkvæmdir.

Ef miðað er við jarðabætur áranna 1932 og 1933, mundi hækkun jarðabótastyrks samkvæmt frv. þessu nema rúmum 50 þús. kr. Og þar sem tekjur

ríkissjóðs hafa með lögum frá síðasta þingi verið auknar a. m. k. um 2 milljónir króna, þá virðist ekki mega til minna ætlast en að $^1/_{40}$ hlutanum, eða $2^1/_2\%$, af þeim tekjuauka verði varið til þess að auka jarðræktina, tryggja afurðir hennar og lækka framleiðslukostnað landbúnaðarafurða á þann hátt, sem hér er lagt til.

En þyki þetta þó ekki fært, mun Bændaflokkurinn flytja aftur þá tillögu, sem hann flutti á síðasta þingi um frestun á framkvæmd þeirra lagaákvæða, að verja skuli 15%, eða um 60 þús. kr., af bifreiðaskatti til að styrkja malbikun gatna í kaupstöðum, en að því fé, sem þannig sparast, yrði varið til að styrkja jarðræktina í landinu, á þann hátt, sem lagt er til í frv. þessu.

Mundu þá heildarútgjöld ríkissjóðs lítið aukast, þó að frv. þetta yrði að lögum. Og verður þá aðeins á það að líta, hvort fremur beri að styrkja til þess að gerðar séu bikaðar grjótgötur eða græn tún.

Ed. 17. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um bændaskóla, nr. 51 19. maí 1930.

Flm.: Þorsteinn Briem.

Á eftir 10. gr. laganna komi 5 nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatala laganna samkvæmt því:

a. (11. gr.). Við bændaskólann á Hvanneyri skal vera sérstök deild til framhaldsnáms fyrir búfræðinga. Námstími er frá 1. október til 20. júní.

b. (12. gr.). Skilyrði fyrir inntöku í deildina eru þessi:
   a. Að nemandi hafi lokið búfræðiprófi í bændaskóla og hlotið 1. einkunn.
   b. Að hann hafi stundað verklegt búnaðarnám sem svarar einu missiri, samkvæmt nánari ákvæðum, sem sett verða í reglugerð.
   c. Að hann sé ekki haldinn neinum smitandi sjúkdómi.

   Heimilt er þó að veita undanþágu um einkunn og verklegt nám, ef sérstakar ástæður þykja til og skólastjóri mælir með því.

c. (13. gr.). Við framhaldsnám búfræðinga skulu kenndar þessar námsgreinar: Stærðfræði, jarðræktarfræði, land- og hallamælingar, búfjárræktarfræði ásamt fóðurfræði og undirstöðuatriðum í meðferð helztu búfjársjúkdóma, búreikningar, landbúnaðarlöggjöf og landbúnaðarhagfræði.

d. (14. gr.). Nemendur skulu að námi loknu taka próf í öllum þeim námsgreinum, sem kenndar eru í framhaldsdeild.

e. (15. gr.) Atvinnumálaráðuneytið skal í samráði við skólastjóra og Búnaðarfélag Íslands gefa út reglugerð fyrir framhaldsdeildina með nánari ákvæðum um framhaldsnámið og próf í deild þessari, svo og um verklegt framhaldsnám.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Fylgdi því þá svolátandi greinargerð:

„Það skiptir íslenzkan landbúnað miklu, að sem bezt verði vandað til undir-

búningsfræðslu bænda, og sérstaklega þeirra manna, sem ætlað er að verða aðstoðarmenn þeirra og leiðbeinendur í vandasömum störfum, eða taka að sér stjórn sameiginlegra verklegra framkvæmda í búnaði. Þetta hefir ýmsum helztu mönnum bændastéttarinnar verið ljóst um alllangt skeið. Kemur það m. a. fram í svo hljóðandi áskorun, er Búnaðarþing 1933 samþykkti og sendi Alþingi:

„Búnaðarþingið beinir því til Alþingis, að það láti athuga möguleika fyrir innlendu framhaldsnámi í búfræði, er helzt fari fram í sambandi við annanhvorn bændaskólann, og miðast námið við undirbúningsmenntun þeirra manna, er hafa með höndum leiðbeiningarstörf fyrir búnaðarsambönd eða forstöðu stærri búnaðarframkvæmda.

Tillögur, er byggðar séu á þessum athugunum, leggist fyrir næsta Alþingi".

Með því skipulagi, sem Búnaðarfélag Íslands hefir komið á félagsmálastarfsemi bænda, er verksvið búnaðarsambandanna, meðal annars, að inna af hendi víðtækt leiðbeiningarstarf fyrir bændur. Með fjölgun búnaðarsambandanna, auknum félagslegum framkvæmdum bænda og vaxandi nauðsyn breyttra búnaðarhátta verður æ ríkari þörfin fyrir menn með víðtækri búnaðarmenntun, er færir séu að leiðbeina bændum um þessi efni, hver í sínu héraði.

Hingað til hafa menn orðið að afla sér allrar víðtækari búnaðarmenntunar á erlendum búnaðarháskólum, því hið almenna nám við bændaskólana er ekki einhlítt. Þetta erlenda nám er of dýrt, samanborið við þau kjör, sem unnt er að bjóða starfsmönnum búnaðarsambandanna (héraðsráðunautunum). Og auk þess fjallar hin víðtækari búnaðarmenntun þessara erlendu stofnana í ýmsu um efni, sem fjarskyld eru búnaðarháttum hér á landi. Hinsvegar hafa innlendar rannsóknir og tilraunir síðustu ára aukið mjög innlenda búfræðiþekkingu, og er mikilsvarðandi, að hún komi að sem beztum notum.

Virðist því tími til kominn að stofna til innlendrar kennslu fyrir þá menn, er takast fyrrgreind störf á hendur fyrir búnaðarsamböndin og verkleg félagsfyrirtæki bænda.

Nauðsynlegt er, að námi þeirra sé þannig hagað, að þeir fái aflað sér staðgóðrar þekkingar í jarðyrkju og búfjárrækt, bæði bóklega og verklega, og menntun þeirra sé miðuð við innlenda staðhætti og sérstöðu þjóðarinnar í landbúnaði.

Þessu virðist eðlilegast og auðveldast að koma í framkvæmd með verklegu námi við bændaskólana, á fyrirmyndarbúum, er þau komast á fót, eða hjá fyrirmyndarbændum, og að við bændaskólann á Hvanneyri verði komið á eins vetrar framhaldsnámi fyrir efnilega búfræðinga".

Milli þinga hefir frumv. þetta fengið góðar undirtektir meðal þeirra manna, er bera búfræðimenntunina sérstaklega fyrir brjósti. Meðal annars hefir Búnaðarþing það, er nú situr, mælt mjög eindregið með frv. og samþykkt með samhljóða atkvæðum allra búnaðarþingsfulltrúa svolátandi tillögu:

„Samhliða því að skírskota til ályktunar síðasta Búnaðarþings um framhaldsnám við annanhvorn bændaskólann, vill Búnaðarþingið eindregið mæla með því, að næsta Alþingi samþykki frumvarp það til laga um breytingar á lögum um bændaskóla, er lá fyrir síðasta Alþingi".

Nd. 18. Frumvarp til laga

um breyting á og viðauka við lög nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

Flm.: Magnús Torfason, Hannes Jónsson.

1. gr.

Fasteignaskattur, er fellur í sýslum landsins, greiðist í sýslusjóð sýslu þeirrar, er fasteignin liggur í, fyrsta sinn 1935. Skatt þennan getur sýslunefnd hækkað að helmingi.

2. gr.

Lögreglustjóri greiðir oddvita sýslunefndar skatt þennan, jafnóðum og hann er innheimtur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vísast til greinargerðar á þskj. 322 á síðasta þingi.

Nd. 19. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 79 19. júní 1933, um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar.

Flm.: Hannes Jónsson, Magnús Torfason.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er ríkisstjórninni, að fengnum meðmælum stjórnar Kreppulánasjóðs, að greiða árlega úr ríkissjóði allt að 2% af vöxtum fasteignalána og lána gegn afgjaldskvöð þeirra manna, er reka landbúnað sem aðalatvinnuveg, þó ekki meira en svo, að lántakandi greiði sjálfur 2% vöxtu af lánum til nýbýla frá byggingar- og landnámssjóði og 3% af lánum til endurbygginga íbúðarhúsa í sveitum, en 4% af öðrum fasteignalánum.

Heimild þessi nær og til greiðslu vaxta af stofnlánum frystihúsa og mjólkurbúa, enda séu þau eign samvinnufélaga bænda eða sýslufélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Löggjafarvaldið hefir þegar viðurkennt, að lánakjör landbúnaðarins hafa

alls ekki verið viðunandi, þar sem vextir hafa verið miklu hærri en atvinnureksturinn þolir. Til að ráða bætur á þessu að nokkru voru sett lögin um kreppulánasjóð og lög þau, sem frv. ræðir um. Fjórða grein hinna síðartöldu laga gildir aðeins til loka þessa árs.

Brýn nauðsyn er að koma framkvæmdarskipulagi á veðlán landbúnaðarins, sem tryggði, að vextir yrðu a. m. k. ekki hærri, sem lántakar þyrftu að greiða, en hér er lagt til. En meðan svo er ekki, virðist sjálfsagt að fara sömu leið og lög nr. 79 19. júní 1933 heimila, en fara þó nokkru lengra. Vextir af fasteignalánum landbúnaðarins virðast alls ekki mega vera hærri en 4%, nema því aðeins, að hægt verði að gera búreksturinn til muna arðvænlegri en enn eru horfur á.

Þá er það kunnugt, hversu afarþungt húsagerðarlánin, jafnvel lán úr byggingar- og landnámssjóði, hvíla á lántakendum. Er því lagt til að lækka vöxtu af þeim um 1%, en þyrfti raunar að vera meira.

Eftir skýrslu frá Kreppulánasjóði hafa umsóknir um vaxtatillag fyrir 1933 verið sem hér segir:

Til bænda	kr.	104617.32
Til kaupfélaga og sláturhúsa	—	8571.74
Samtals	kr.	113189.06
Samkvæmt skýrslu frá byggingar- og landnámssjóði eru endurhýsingarlán	kr.	1800000.00
Nýbýlalán	—	185000.00
Vaxtalaus nýbýlalán um	—	70000.00

Öll útgjöld ríkisins til að létta vöxtu af byggingar- og landnámssjóðslánunum yrðu því ekki yfir 20000 kr. eftir frv., en mundu þó skipta lántakendur mjög miklu. Að vísu fara lán þessi vaxandi ár frá ári og þá um leið vaxtatillagið, og mun nauðsynlegt að koma hentugra skipulagi einnig á þessi lán svo fljótt sem kostur er. En óumflýjanlegt er að gera þessar ráðstafanir meðan það skipulag er ekki komið í framkvæmd".

Nd. 20. Frumvarp til laga

um nýbýli.

Flm.: Hannes Jónsson, Magnús Torfason.

I. KAFLI

Skipulag nýbýla.

1. gr.

Nýbýli nefnist í lögum þessum:

1. Hvert það býli, sem reist er á óræktuðu landi.
2. Býli, sem stofnað er til við skipting jarða, enda þótt ræktað land fylgi.

3. Jarðir, sem eigi hafa verið í ábúð 5 ár samfleytt, áður en þær eru teknar til endurbyggingar og ræktunar.

Nýbýli skal hafa þá lágmarkslandsstærð, að í því felist möguleikar til viðunandi framfærslu einnar fjölskyldu.

2. gr.

Nýbýlahverfi nefnist í lögum þessum 5 eða fleiri nýbýli, sem stofnuð eru á einum stað með félagslegum samtökum.

Nýbýlafélög eru þau félög, sem samkvæmt ákvæðum í lögum sínum eða samþykktum hafa að markmiði að reisa nýbýlahverfi, hvort sem sú starfsemi er aðalstarfsemi félagsins eða eigi.

3. gr.

Ríkisnýbýli nefnast í lögum þessum þau nýbýli og nýbýlahverfi, sem stofnsett eru á kostnað ríkissjóðs, en ríkið leigir eða selur einstaklingum, með öllum þeim mannvirkjum, sem nauðsynleg eru til búrekstrar á þeim.

II. KAFLI

Stuðningur ríkisins til nýbýlastofnunar.

4. gr.

Ríkið leggur árlega fram allt að 250 þúsund kr. til styrktar stofnun nýbýla og nýbýlahverfa í landinu samkvæmt 1. og 2. gr., og skal fé til þess árlega áætlað í fjárlögum hvers árs. Auk þessa skal helmingi þess fjár, sem árlega er áætlað til atvinnubóta í landinu, varið til nýbýlastofnunar samkvæmt 1.—3. gr. Svo skal og verja, að svo miklu leyti sem við verður komið, starfskröftum vinnuhælisins á Eyrarbakka til stofnunar nýbýla.

Nánari reglur um þetta skulu settar í reglugerð.

5. gr.

Styrkur til nýbýla og nýbýlahverfa skal nema allt að helmingi stofnkostnaðar. Til stofnkostnaðar sé talið landverð, ræktunarkostnaður og byggingarkostnaður allra nauðsynlegra íbúðar- og peningshúsa vegna búrekstrar á býlinu.

Styrkur þessi má þó eigi nema meiru en 12 þúsund krónum til einstakra býla og 10 þús. kr. til býla í nýbýlahverfum.

6. gr.

Styrkur sá, sem veittur er til nýbýlastofnunar, er eigi afturkræfur, en skoðast sem stofnfé, sem ábúandi hefir rentulaust, en þarf að viðhalda. Þetta verðmæti í býlinu miðast við hið upprunalega kostnaðarverð býlisins og fasteignamat á hverjum tíma, þannig að verðmætið er hinn sami hluti af fasteignamatsverðinu og það var af kostnaðarverðinu, að frádregnum þeim umbótum, sem ábúandi býlisins hefir gert án styrks samkv. lögum þessum, enda skulu þær umbætur metnar sérstaklega.

Við kaup og sölu á býlunum skal ætíð miðað við fasteignamat, að frádregnu því verðmæti, sem styrkur hefir verið veittur til, enda er óheimilt að veðsetja eða skuldbinda það verðmæti.

7. gr.

Ríkisnýbýli skulu reist á kostnað ríkisins, fyrir atvinnubótafé, og skal staður fyrir þau valinn þar, sem hægt er um samgöngur og ræktunarskilyrði eru góð, og helzt þar, sem möguleikar eru til notkunar jarðhita eða rafmagns. Ríkið leggur til land handa býlum þessum, er að stærð fullnægi ákvæðum 1. gr., og skulu af landi þessu vera fullræktaðir 5 ha. Þá lætur ríkið reisa byggingar, bæði íbúðar- og peningshús. Þegar býlin eru fullbúin, skulu þau leigð eða seld. Leigan sé 3% af hálfu kostnaðarverði býlisins.

Séu býlin seld, skulu þau seld við hálfu kostnaðarverði og lánakjör vera hin sömu og til annara nýbýla.

8. gr.

Þau nýbýli, sem til hefir verið stofnað síðan 1928 og fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum, er heimilt að styrkja með framlagi úr ríkissjóði, er nemi ¼ af kostnaðarverði þeirra framkvæmda, sem gerðar hafa verið, enda sé bæði ræktun og bygging á býlum þessum í samræmi við það, sem ætlazt er til í lögum þessum.

Með kaup og sölu á býlum þessum fer eftir sömu reglum og ákveðið er í 6. gr.

III. KAFLI

Lán til nýbýla.

9. gr.

Ríkissjóður skal árlega leggja fé til Byggingar- og landnámssjóðs, er sé varið sem láni til nýbýlastofnunar. Upphæð lánanna skal miðuð við kostnaðarverð býlanna og má nema ⅔ af því. Lánin skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig, að árgjaldið sé 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

IV. KAFLI

Um stofnun nýbýla.

10. gr.

Það er heimilt að mynda fleiri nýbýli úr stærri jarðeignum með því að skipta þeim, ef:

1. Hver jörð fyrir sig eftir skiptin samsvarar þeirri kröfu um lágmarksstærð, sem tiltekin er í 1. gr. laga þessara.
2. Að engin sameiginleg veðbönd hvíla á því útskipta landi jarðarinnar, sem ætlað er til stofnunar nýbýla.

   Á jarðarpörtum, sem ríkið á, má reisa nýbýli. Ríkið skal selja þessa jarðar-

parta við matsverði, og reiknast það upp í framlag ríkisins. Land nýbýla skal vera með greinilegum merkjum.

11. gr.

Til nýbýla getur verið stofnað af einstaklingum, sem hafa nægilega stórt land og gott til umráða, eða nýbýlafélögum, sem hafa það að markmiði að láta reisa nýbýli. Þetta geta verið sérstök félög, sem stofnuð eru í þessum tilgangi, eða búnaðarfélög, hreppsfélög og sýslufélög. En ætið skulu þó nýbýlin aftur seld einstaklingum.

12. gr.

Nýbýlahverfi skulu stofnuð af félagi manna, samvinnufélagi, sem hefir það að markmiði að stofna og starfrækja nýbýlahverfi. Félög þessi skulu semja sér reglur (samþykktir), er samþykktar séu af stjórn nýbýlamála. Í reglum þessum skulu meðal annars vera ákvæði um: Stjórn félagsins og fyrirkomulag, um land það, er félagið hefir til umráða, undirbúning þess (framræslu og ræktun), skipting milli býla o. s. frv. Þá skulu vera ákvæði um byggingar, rafvirkjun, vatnsleiðslur og vegi, svo og hverja samvinnu menn hafa um lántökur og starfrækslu.

13. gr.

Stjórn nýbýlamála skal láta fara fram nákvæma rannsókn á því, hvar hentast sé að reisa ríkisnýbýli. Síðan lætur hún fara fram mæling á þeim svæðum, er bezt þykja fallin til stofnunar ríkisnýbýla, og gera áætlun um allan undirbúning, vegi, framræslu, ræktun, byggingar, vatnsleiðslu, rafvirkjun og annað, er þar að lýtur. Þegar þessu starfi er lokið, skulu framkvæmdir byrja, og eigi síðar en árið 1935.

14. gr.

Ríkisnýbýli skal bæði reisa einstök og sem nýbýlahverfi. Hin fyrstu nýbýli og nýbýlahverfi skal reisa sitt í hverjum landsfjórðungi, og skal til þeirra vandað sem kostur er á og leita álita og tillagna hinna ýmsu kunnáttumanna um hin ýmsu atriði, er til framkvæmda koma.

V. KAFLI

Um búendur nýbýla.

15. gr.

Hver sá, sem reisa vill nýbýli og verða vill aðnjótandi þess stuðnings og verndar, er lög þessi veita, þarf að fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Að hann sanni, að hann hafi þekkingu á búnaði og hafi unnið við búnaðarstörf minnst 3 ár.
2. Að hann sanni, að hann sé dugandi og áreiðanlegur maður, sem hafi áhuga á búnaði.
3. Að hann sanni, að hann sé sjálfstæður maður, sem eigi skuldlaust minnst sem svarar 10% af kostnaðarverði býlisins með áhöfn, og geti lagt það fram til nýbýlisstofnunarinnar.

4. Til þess að geta fengið stuðning til endurbóta á eldri nýbýlum, þarf hlutaðeigandi að geta sannað, að hann sé fær um að stunda búnað, og starf hans á umliðnum árum sé þannig, að það verðskuldi stuðning til áframhaldandi starfs.

Um sönnunargögn fyrir 1.—4. lið þessarar greinar setur atvinnumálaráðherra, eftir tillögum nýbýlastjórnar, nánari reglur.

VI. KAFLI

Stjórn nýbýlamála.

16. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir yfirstjórn allra nýbýlamála í landinu, en hann skal fela Búnaðarfélagi Íslands framkvæmdir þessara mála.

17. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir umsjón laga þessara, og felur það einum starfsmanna sinna að sjá um allt, er að þessum framkvæmdum lýtur, og nefnist sá maður nýbýlastjóri.

18. gr.

Störf nýbýlastjóra eru aðallega þessi:

1. Að vera með í vali á landi til nýbýlastofnunar.
2. Að mæla upp eða sjá um mæling á þessum löndum og gera áætlun um framræslu, vegagerð o. fl., er lýtur að ræktun þeirra.
3. Að útvega leiðbeiningar um húsagerð á býlum þessum.
4. Að leiðbeina í öllu, er að ræktun og búrekstri á býlum þessum lýtur.

19. gr.

Þóknun fyrir starf sitt fær nýbýlastjóri eftir samningi við Búnaðarfélag Íslands, sem samþykktur sé af atvinnumálaráðherra.

20. gr.

Nánari reglur um framkvæmd þessara laga setur atvinnumálaráðherra, eftir tillögum nýbýlastjóra.

21. gr.

Með lögum þessum eru önnur lög og ákvæði í lögum, er varða nýbýli hér á landi og koma í bága við lög þessi, úr gildi felld.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta er samið að tilhlutun Bændaflokksins, og hefir Sig. Sigurðsson búnaðarmálastjóri gert fyrsta uppkast að frumvarpinu, sem síðan hefir tekið nokkrum breytingum. Þá hefir hann og samið greinargerð, er hér fer á eftir:

Fyrir rúmum þúsund árum komu forfeður vorir hingað til lands og námu land. Þeir reistu nýbýli um land allt, og á hlutfallslega stuttum tíma var landið fullnumið. Hin nýja byggð var miðuð við það, að sem auðveldast yrði að hagnýta sér gæði landsins, hvort sem var að ræða um gróður, veiðar, reka eða önnur gæði, sem landið hafði að bjóða. Býlin urðu mismunandi stór. Aðalból í búsældarsveitunum, kringum þau minni býli, hjáleigur, og dreifð kot upp til fjalla og með ströndum fram, þar sem síður var búsældarlegt. Á þennan hátt var hæg aðstaða fyrir bændur landsins til að nota gæði þess, og það land, sem lá fjær býlunum, var notað sem afrétt, eða þar voru byggð sel.

Landið fullnumið.

Sem sagt, tilgangur hinna fyrstu landnema var að hagnýta gæði landsins sem bezt, gróður, veiðar, eggjatekju, reka og annað, sem landið hafði að bjóða. Um hitt var lítt athugað, hvort þessi gæði myndu ganga til þurrðar. En það kom brátt í ljós, að öll þau gæði, sem til að byrja með virtust vera í yfirfljótanlegum mæli, gengu fljótt til þurrðar. Skógurinn eyddist, landið fór að blása upp, veiðar brugðust, fiskurinn gekk eigi ætíð upp að ströndum landsins eða inn á firði. Veðráttan var breytileg o. fl. Allt þetta voru vonbrigði. Menn reyndu umbætur; sagnir og venjur sýna, að allmikið hefir verið gert að þeim á fyrri öldum. Mest hefir verið unnið að girðingum og vatnsveitum. Þess sjást enn merki víðsvegar um land.

Þegar landnámsmenn reistu hér bú, var landið skógi vaxið milli fjalls og fjöru, ár og vötn full af silungi og laxi, óhemja öll af fugli, hvölum og selum og fiskurinn gekk upp í landsteina. Margra alda friðun hafði aukið gróðurteppi lands vors og gert það þroskamikið. Líkt var með öll lands- og lagardýr. Gæði landsins gáfu því landsmönnum mikið í bú. Það virtust nær óþrjótandi möguleikar til búsfanga. En allt, sem af er tekið, þverr, og svo reyndist hér.

Nýir vágestir komu einnig til sögunnar. Yfir landið komu hallæri, ísar umluktu það. Vegna hríða og fannkyngis gat búpeningurinn enga björg fengið og féll unnvörpum. Eldgos og öskufall eyðilagði stærri eða minni svæði af landinu, svo þar varð eigi lifvænt, enda féll fólk þá unnvörpum. Margar sveitir og býli lögðust þá í auðn. Um allar sveitir lands vors sjást merki þessa. Úti á annesjum, í innstu dölum, já, uppi í öræfum sjást rústir af fornum byggðum.

Um tölu býla á Íslandi til forna er allt á huldu. Þau voru fyrst talin 1703, svo ábyggilegt sé. Síðan telja landshagsskýrslur og fasteignamöt, að þau hafi verið:

1703	7537	1801	7401	1852	5621	1901	6796
1910	6687	1922	6146	1932	5749		

Í jarðamatinu 1922 eru talin 248 eyðibýli, en 1932 eru þau talin 189. Innan kauptúna eru talin 76 býli 1922, en engin 1932. Að þessu leyti og fleiru er ósamræmi í matinu.

Samkvæmt jarðamatinu 1922 og 1932 hefir býlum fækkað á þessum 10 ár-

um um 397. Í þessu sambandi er fróðlegt að athuga manntölin 1920 og 1930. Þau telja heimili á öllu landinu þannig:

	1920	1930
Reykjavík	3652	5618
Kaupstaðir	2445	3669
Verzlunarstaðir	2514	3035
Sveitir	9009	8654
Alls	17620	20976

Samkvæmt þessu hefir heimilum í sveitum fækkað á þessum 10 árum um 355. En í kaupstöðum og verzlunarstöðum hefir þeim fjölgað um:

Reykjavík	1966
Kaupstöðum	1224
Verzlunarstöðum	521
Alls	3711

Þessar tölur sýna, að mjög er athugavert, hve býlum og heimilum í sveit fækkar, einkum á síðustu áratugum, þrátt fyrir það, að nokkur nýbýli hafa komið til sögunnar, sem síðar mun tilgreint.

Nýbýli.

Ég hefi síðustu árin safnað upplýsingum um nýbýli, eyðijarðir, ræktun við kauptún o. fl. Eyðublöð hafa verið send til allra hreppstjóra, bæjar- og borgarstjóra á landinu. Svör hafa komið frá rúmum 100, en ókomnar eru upplýsingar frá mörgum enn. Verður því eigi gefin út heildarskýrsla um þetta enn. En nokkur atriði viðvíkjandi nýbýlunum skulu tilfærð.

Nýbýli þau, sem upplýsingar eru til um, eru stofnuð á síðustu 50 árum. Tala býlanna er 90. Á 27 þeirra eru steinhús, 28 timburhús, 23 torfbæir og óákveðið eða blandað byggingarefni á 12 býlum.

Eftir skýrslum er tala býlanna:

Gullbringu- og Kjósarsýsla	10
Snæfellsnessýsla	3
Dalasýsla	2
Barðastrandarsýsla	6
Ísafjarðarsýsla	9
Strandasýsla	2
Húnavatnssýsla	9
Skagafjarðarsýsla	1
Suður-Þingeyjarsýsla	26
Norður-Þingeyjarsýsla	7
Norður-Múlasýsla	5
Suður-Múlasýsla	3
Vestur-Skaftafellssýsla	1
Rangárvallasýsla	4
Árnessýsla	2
Samtals	90

Stærð ræktaða landsins er sem hér segir:

Á 24 býlum	minna en	1 ha.
— 24 —	1—2	—
— 18 —	2—3	—
— 5 —	3—4	—
— 2 —	4—5	—
— 2 —	5—6	—
— 15 —	óákveðin stærð.	

Stærð óræktaða landsins, sem fylgir býlunum, er mjög misjöfn, og víða alls ekki getið um hana á skýrslunum, en mörg býlanna hafa óskipt land með jörð þeirri, sem þau eru byggð úr, eða aðeins beitarréttindi.

Ræktun á nýbýlum þessum er víða lítil. Töðuafli sumstaðar svo að segja enginn.

Að meðaltali kemur á býli:

Taða	79,2 hestar.
Úthey	50,3 —
Jarðepli	4,4 tunnur.
Rófur	3,5 —
Nautgripir	2,0
Sauðfé	18,2
Geitfé	0,85
Hross	2,1
Alifuglar	6,2

Heimilismenn eru 5 að meðaltali á býli.

Skýrsla þessi gefur nokkra hugmynd um, hvernig ástæðurnar eru með nýbýlastofnunina í landinu. En hinsvegar er þetta eigi heildarmynd, þar eð upplýsingar vantar frá mörgum stöðum.

Það, sem hér er sérstaklega athyglisvert, er, hve býlin hafa lítið land til umráða. Ræktun og áhöfn er lítil, svo að í raun og veru eru þetta eigi býli til að framfleyta fjölskyldu, heldur öllu heldur verkamannabústaðir, þar sem menn verða að leita atvinnu annarsstaðar.

Fyrirskipanir um nýbýli.

Í þessa átt er fyrirskipun, sem kom út 1776. Hún heimilar Hans Wium að verja nokkrum hluta af tekjum Múlasýslna til styrktar fólki, sem tekur jarðir, sem erfitt er að halda í byggð. Einkum skal nýgiftum hjónum veitt hlunnindi með eftirgjöf á sköttum og tíundum í fámennum sveitum.

Þetta er ein af fyrstu ráðstöfunum til að viðhalda byggð á Íslandi.

Landsnefndinni, sem skipuð var 1770, var falið að athuga, hver ráð væru til að byggja upp eyðijarðir. Árið 1776 gaf konungur út fyrirskipun um hlunnindi þau, er nýbyggjendum á Íslandi veitist til að byggja upp eyðijarðir.

Aðalefni þessarar fyrirskipunar var:

Fyrst er kvartað um, að jarðir fari í eyði og fólkinu fækki. Til að ráða bót á þessu er fyrirskipað:

1. Heimilt er að byggja nýbýli á landi, sem enginn eigandi finnst að. Um þetta eru settar ýmsar reglur.
2. Nýbýli má taka upp í afréttum, almenningum og óbyggðum landsplássum. Um þetta eru þó sett mörg ákvæði.

Stjórnarvöldunum er falin framkvæmd þessara mála. Setja og þinglýsa landamerkjum nýbýlanna og öðrum hlunnindum, svo allt sé á löglegan hátt framkvæmt.

Hlunnindi nýbyggjenda samkvæmt tilskipuninni eru:

1. Skattfrelsi í 20 ár.
2. Ef nýbyggjandi á eigi landið sjálfur, hefir hann skattfrelsi og tíundarfrelsi sína lífstíð, svo og ekkja hans. Sonur eða dóttir hafa forgangsrétt að ábúðinni. Ef jarðareigandi hefir reist húsin, er leiguliði laus við landsskuld í 3 ár, en 10 ár, ef hann hefir sjálfur reist húsin, og síðan eftir mati. Ef um konungsjarðir er að ræða og nýbyggjandi byggir sjálfur, fær hann öll þau hlunnindi, sem nefnd hafa verið, og jörðina leigulaust í 20 ár.
3. Þeir, sem reisa nýbýli þar, sem enginn er eigandi, fá eignar- og óðalsrétt á landinu. Hinsvegar er þessum mönnum gert að skyldu að girða tún sín og annað af landareigninni eftir megni, og þar að auki ryðja og yrkja jörðina. Verði misbrestur á þessu, missa þeir sín réttindi.

Í bréfi stjórnarinnar 1776 til stiftamtmanna er þeim, er taka bólfestu á eyðijörðum, heitinn styrkur bæði til bygginga og áhafnar.

Í ferðabók Olaviusar 1780 getur Jón Eiríksson nokkuð um árangurinn af þessum fyrirskipunum. Hann segir, að 4 eyðijarðir hafi verið byggðar og 7 nýbýli reist. Nokkur bættust síðan við.

Það, sem stóð nýbýlastofnuninni fyrir þrifum, var einkum það, að bændum þóttu þau skerða hithaga. Sem dæmi þess er nefnt, að presturinn í Húsavík hafi látið byggja nýbýli á heimajörðinni. En bændur söfnuðust saman og rifu húsin og sögðu, að nýtt býli myndi orsaka vöntun á hithaga.

Um nýbýlamálið er hljótt alla 19. öldina, en í lok hennar, 1897, koma nýbýlalög, sem enn eru í gildi.

Aðalefni þessara laga er:

Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í óbyggðum, samkvæmt reglum, sem þar um eru settar í lögunum. Nýbyggjendur fá engin hlunnindi samkvæmt lögum þessum.

Síðan hafa engin nýbýlalög komið út. Að vísu eru þó ákvæði í jarðræktarlögunum um, að þjóð- og kirkjujörðum megi skipta í nýbýli.

Í lögum um Byggingar- og landnámssjóð (1928) er heimild til að lána til bygginga á nýbýlum. Meðal annars eru þar þessi ákvæði:

„Nýbýli í lögum þessum telst hvert það býli, sem reist er af nýju, annaðhvort á gamalli eyðijörð eða landi, sem skipt er úr jörð, sem er í ábúð, hvort sem því í upphafi fylgir nokkurt ræktað land eða ekki".

„Lán til að reisa nýbýli á ræktuðu landi, eða til að reisa býli, sem ræktað land fylgir, skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald af allri lánsupphæðinni sé 3½% í 50 ár.

Lán til nýbýla, sem reist eru á óræktuðu landi og ekkert ræktað land fylgir,

eru bæði afborgana- og vaxtalaus fyrstu 5 árin. Síðan skal endurborga höfuðstólinn með jöfnum afborgunum á 50 árum, en enga vexti greiða".

Þá eru ýms ákvæði um kröfur þær, sem gerðar eru til nýbyggjenda, lánskjörin o. fl., sem eigi verður farið nánar út í.

Byggingar- og landnámssjóður hefir alls lánað þessi árin, 1929—33, fé til að reisa 29 nýbýli, eða nær 6 býli árlega, þar af 9 á óræktuðu landi. Alls er til þessara býla lánað:

Býla á ræktuðu landi	kr.	173200.00
Býla á óræktuðu landi		70500.00
Alls	kr.	243700.00

eða sem svarar á býli kr. 8400.00.

En á meðan þessi býli eru reist má ætla, að um 200 býli hafi farið í eyði á landinu. Um þetta eru þó eigi til ábyggilegar tölur, en víst er um það, að árlega hrörnar fjöldi býla, þannig að ef ekkert er að gert, liggur þeim við að fara í auðn. Þetta gildir eigi aðeins um kotin, smábýlin, heldur og hin fornu höfuðból. Lítum á prestssetrin víðsvegar um land og önnur forn menningarból, stórbýlin og höfðingjasetrin. Víðast er sama raunasagan, þótt undantekningar séu nokkrar.

Tillögur um nýbýlastofnun.

Þótt vér höfum enga heildarlöggjöf um nýbýli, hefir hinsvegar á síðustu áratugum mikið verið talað um stofnun nýbýla og samvinnubyggða.

Tillögur þær, sem komið hafa fram, verða hér eigi raktar. Einna merkust var stofnun félagsins Landnám 1924, sem er stofnað í líkum anda og félagið Ny jord í Noregi. Þetta félag hefir aldrei fundið náð hjá ríkisvaldinu, og hefir því haft lítið fé til umráða og litlu áorkað, þótt markmið þess sé gott. Félagið Landnám kom því til leiðar, að reist var nýbýlahverfi við Reykjavík, í Sogamýrinni. Þar hefir unnizt nokkur reynsla.

Þá hefir og nýbýlamálið verið rætt á búnaðarþingi og búnaðarmálafundum víðsvegar um land, og á þingi hafa verið borin fram frumvörp um stofnun nýbýla, sem öll hafa strandað þar. Af þessum frumvörpum má nefna:

Frumvarp til laga um nýbýli, flutningsmaður Jörundur Brynjólfsson, lá fyrir þingunum 1931 og 1932, en náði eigi samþykki. Þá hefir Jón Baldvinsson flutt frumvarp til laga um nýbýli á fleiri þingum, síðast 1933. Í báðum þessum frumvörpum eru ýms ákvæði, sem að gagni mættu koma, og eru hin helztu þeirra tekin með í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir.

Aðstaða nýbyggjenda nú.

Þeir, sem nú vilja reisa nýbýli, eiga erfiða aðstöðu, hafa eigi fjármagn, sem þeir geti lagt í býlin sjálfir. Styrkur til nýbýla er enginn veittur, aðeins til ræktunar samkvæmt jarðræktarlögunum. Ef lán þarf að taka, þarf sérstakt lán til bygginga, sérstakt til ræktunar, sérstakt til áhafnar. Stundum er þetta fengið sitt í hverri lánsstofnun. Þetta er mjög óhentugt og erfitt. Lán, hæfilegt til að byggja, rækta og koma upp búi, þurfa að fást á einum og sama stað. Leiðbeiningar um allt, sem að nýbýlastofnun lýtur, eru mjög í molum, þar sem engum

er ætlað það sérstaklega. Mörg mistök eru því gerð og fjárhagsafkoman oft eigi glæsileg.

Að rækta og byggja landið.

Þegar talað er um ræktun og byggingu lands vors, liggur næst að hugsa um, á hvern hátt búnaður vor verði reistur úr rústum, svo að hann verði lífvænleg atvinnugrein, hvernig á hinum núverandi býlum verði gerð viðunandi bygging og ræktun, svo að þar geti starfað frjálsir og sjálfstæðir menn. Um þetta verður þó eigi rætt hér, en athugað um það, hvort möguleikar séu hér til nýbýlastofnunar.

Möguleikar til aukinnar ræktunar á landi voru eru miklir. Hve miklir, vitum vér eigi, þar eð ábyggilegar tölur um ræktanlegt land og ræktað land eru eigi til. En ætla má, að vér eigum um 2 millj. ha. af ræktanlegu landi, þar af helmingur mýrar. Ræktað land (tún og garðar) mun vera nálega 30 þús. ha. Það er minna en Flóinn (sem er 39300 ha.). Séu þessar tölur nálægt sanni, er aðeins 1,5% af hinu ræktanlega landi komið í rækt, og getur þá hver og einn gert sér í hugarlund, hve geysimikið verkefni er hér fyrir höndum við að rækta og byggja landið.

Búnaður vor hefir verið stundaður nokkuð einhliða og í föstum skorðum, aðalatriðið heyöflun, sauðfjár- og nautpeningsrækt.

Með nýbýlarækt, sem stofnað er til með forsjá og dugnaði, er hægt að reyna nýjar leiðir, enda kemur nú fleira til greina en áður var, svo sem haganleg húsaskipun á heimilunum, bæði á íbúðar- og peningshúsum, svo heimilisstörfin verði sem auðveldust. Túnin þurfa að vera slétt og véltæk, garðyrkjan meiri og fjölskrúðugri. Ný gróðurskilyrði eru að koma til sögunnar; við laugar og hveri eru skilyrði til að reisa stóra gróðrarskála, þar sem möguleikar eru til að rækta eigi aðeins blóm, heldur og ýmsar nytjajurtir, jafnvel tóbak þrifst þar ágætlega og ýms suðræn aldini.

Reynsla í þessum efnum er hinsvegar enn í barndómi. Þegar hún er fengin, geta risið upp nýbýli á jarðhitasvæðunum, sem aðallega stunda garðyrkju, bæði í gróðrarskálum og úti.

Þá eru nýjar búpeningstegundir að koma til sögunnar. Alifuglarækt má stunda í stórum stíl, sérstaklega þegar menn læra að nota meira af innlendum fóðurefnum handa alifuglum. Svínarækt má hafa á hverju býli, og kanínurækt er talin arðvænleg. Þá má benda á loðdýraræktina, sem hér er í uppsiglingu, og fleira getur komið til sögunnar.

Eitt má eigi gleymast í öllu þessu. Hin nýju viðfangsefni búnaðarins eru enn lítt reynd hér á landi. Til þeirra þarf því að stofna með forsjá, ef vel á að fara.

Tilgangur nýbýlastofnunar.

Með nýbýlum myndast nýjar bújarðir, sem um ókomnar aldir eiga að gefa möguleika til að fæða og klæða eina fjölskyldu á viðunandi hátt. Vel þarf því til nýbýlanna að vanda, svo að þau geti fullnægt þessari kröfu. Húsakynnin þurfa að vera hagfelld. Ræktun og annað, sem á að gefa býlinu tekjur, þarf að vera vel undirbúið og starfrækt. Með nýbýlum er það tilgangurinn, að hagnýta

betur þau gæði, sem fósturjörðin hefir að geyma, draga úr jörðu hina huldu fjársjóðu, gull, og nýta sem bezt þau fæðu- og fóðurefni, sem hér er hægt að framleiða.

Til þess að nýbyggjendur séu þess umkomnir að leysa þetta hlutverk af hendi, þurfa þeir að vera menntaðir og sjálfstæðir menn, en eigi ánauðugir þræl-ar skuldafjötra, sem gerir búskapinn að basli.

Manntal á Íslandi.

Samkvæmt manntali síðustu áratuga hefir fólksfjöldi á Íslandi verið sem hér segir:

	1920		1930	
	Sveitir	Bæir	Sveitir	Bæir
Reykjavík	„	17679	„	28304
Aðrir kaupstaðir	„	11377	„	17791
		29056		46095
Gullbringu- og Kjósarsýsla	3769	509	3933	1360
Borgarfjarðarsýsla	1551	928	1405	1270
Mýrasýsla	1519	361	1336	428
Snæfellsnessýsla	2176	1713	1991	1545
Dalasýsla	1854	„	1602	„
Barðastrandarsýsla	2878	436	2189	930
Ísafjarðarsýsla	4133	2194	3489	2097
Strandasýsla	1776	„	1833	„
Húnavatnssýsla	3908	365	3550	328
Skagafjarðarsýsla	3847	510	3232	780
Eyjafjarðarsýsla	4672	329	4315	861
Þingeyjarsýsla	4907	628	4800	874
Norður-Múlasýsla	2963	„	2766	„
Suður-Múlasýsla	3375	1847	2807	1707
Austur-Skaftafellssýsla	1158	„	1127	„
Vestur-Skaftafellssýsla	1818	„	1723	„
Rangárvallasýsla	3801	„	3505	„
Árnessýsla	4140	1569	3874	1109
Samtals	54245	40445	49477	59384

Samkvæmt þessari skýrslu hefir á síðasta áratug fækkað í sveitunum um 4768, en fjölgað í bæjunum um 9907. Nákvæmar má athuga þetta eftir skýrsl-unni í hinum einstöku bæjum og sýslum.

Þessi breyting á starfsháttum þjóðarinnar er íhugunarverð. Menn flytja til bæjanna, finnst lífsskilyrðin þar betri. Af því leiðir fækkun í sveitunum, en fjölg-un í bæjunum. Hin árlega fólksfjölgun er rúm 1700 manns á landinu. Með ári hverju eykst því þörfin fyrir fæðuefni. Búsafurðirnar (mjólk, kjöt, grænmeti) eru hin hollustu og beztu fæðuefni, sem vér eigum kost á.

Fækki fólkinu að mun í sveitunum, verður skjótt þurrð á þessum fæðu-efnum, og skal það nú athugað nánar.

Þörf búsafurða.

Frá landnámstíð og fram að síðustu áratugum hafa feður vorir aðallega lifað af búsafurðum og sjávarfangi. Búin gefa hin ágætustu fæðuefni, kjöt, mjólk og garðávexti. Auk þessa skinn og ull til klæðnaðar. Ef gnægð er af þessu og það allt hagnýtt sem bezt, er það ómetanlegt til að viðhalda lífskrafti og sjálfstæði þjóðar vorrar. Nokkru nánari grein skal fyrir þessu gerð.

Um framleiðslu búsafurða vorra eru því miður eigi til nákvæmar skýrslur, en nokkra grein er hægt að gera sér fyrir því, hvernig ástæður eru í þeim efnum, og skal það nú gert.

Öll mjólkurframleiðsla vor er talin að vera um 48 millj. lítra árlega. Það samsvarar um 440 lítrum að meðaltali á hvert mannsbarn á landinu. Mjólkurnotkunin er næsta mismunandi í hinum ýmsu sýslum landsins og einstökum sveitum, sumstaðar eigi meiri en 140 lítrar pr. mann, en á einstaka býlum allt að 1000 lítrum.

Mjólkin er hið hollasta og bezta fæðuefni, sem fáanlegt er á landi voru. Því myndi það vera þjóðarheill, ef framleiðsla hennar og notkun yrði aukin um ⅓ frá því, sem nú er. Menn nota víða of lítið af mjólk og mjólkurafurðum, og svo mætti blanda miklu smjöri í smjörlíkið.

Kjötframleiðsla vor var árið 1931 samkvæmt útreikningi Theodórs Arnbjörnssonar:

Sauðakjöt	6600000 kg.
Nautakjöt	812000 -
Hrossakjöt	396000 -
Samtals	7808000 kg.

Af þessu kjöti selja bændur um 4,5 millj. kg. Þar af innanlands 2,4 millj. kg., aðallega til kaupstaðanna. Það verður um 40 kg. pr. mann í kaupstöðum.

Til útlanda er selt 2,1 millj. kg. Ef það kjöt væri allt notað í landinu, yrði það tæp 20 kg. pr. mann.

Samkvæmt framansögðu er innanlands-kjötneyzlan um 53 kg. pr. mann.

Nú fjölgar fólkinu um ca. 1700 árlega. Það eykur kjötþörfina um ca. 90000 kg. árlega.

Af eggjum hefir verið flutt til landsins árlega á undanförnum árum samkvæmt verzlunarskýrslum:

	Vörumagn kg.	Verð kr.
1921	16935	77424
1922	28857	105650
1923	38962	137328
1924	23854	97060
1925	43475	144924
1926	61226	156704
1927	57437	134856
1928	60752	149118
1929	57722	140946
1930	97110	206834

	Vörumagn kg.	Verð kr.
1931	99261	172838
1932	57164	110247
Samtals:	632755	1623929

Alifuglarækt hefir aukizt mikið hér á landi hin síðari árin. Hana er réttmætt að stund hér, einkum á smábýlunum, og þegar vér lærum að nota meira af innlendum fóðurefnum, mun hún geta orðið arðvænleg. Framleiðsluna má auka að miklum mun fyrir innanlandsmarkaðinn.

Loðdýrarækt hefir verið reynd hér allvíða á síðari árum. Möguleikar til stórfelldra umbóta og aukningar eru fyrir höndum.

Af ull og skinnum höfum vér gnægð, en betur þyrftum vér að hagnýta þessar vörur en nú er gert.

Garðávextir. Af þeim hefir verið flutt til landsins:

	Vörumagn kg.	Verð kr.
1921	1729616	478892
1922	2461705	602505
1923	1996801	442404
1924	2183461	712111
1925	2546804	606026
1926	2361022	424421
1927	2342561	511618
1928	1999963	443739
1929	2103447	427258
1930	2597551	466377
1931	2822547	527246
1932	2873426	568509

Árið 1932 hefir verið flutt inn af rótarávöxtum og grænmeti:

	Vörumagn kg.	Verð kr.
Jarðepli	2234622	357758
Gulrætur og næpur	12750	3613
Rófur	5042	1549
Laukur	104323	37552
Kálhöfuð	124901	30052
Annað nýtt grænmeti	5060	2779
Grænmeti þurrkað	867	2839
Kaffirætur	383948	126698
Humall	1913	5669
Samtals	2873426	568509

Vér þurfum að rækta og nota margfalt meira af garðávöxtum en nú tíðkast. Á minni heimilum er þetta sérstaklega auðvelt. Menn eiga að rækta þar eigi aðeins til eigin nota, heldur og hafa nokkuð aflögu til sölu, sem getur gefið heimilunum drjúgar tekjur. Með notkun vermireita og gróðrarskála (einkum við laugar) opnast nýjar leiðir til aukinnar garðyrkju og framleiðslu

nýrra garðávaxta hér á landi. Vér verðum að vera sjálfbjarga í þessum efnum sem öðrum.

Af þessu, sem nú hefir verið sagt, er ljóst, að þörf er á aukinni framleiðslu búsafurða og aukinni ræktun á landi voru. Hinum byggðu býlum þarf að halda við, hýsa þau betur og haganlegar en nú tíðkast og auka og bæta ræktunina. En þetta er eigi nægilegt. Árlega þurfa að rísa upp nýbýli, býli, sem sýna, að nútímaþekking í húsagerð, ræktun og öðrum búrekstri er tekin til notkunar. Það er stofnun þessara býla, sem þjóðfélag vort þarf að styðja, svo að þeim einstaklingum, sem vilja leggja fé, starf og krafta til stofnunar slíkra býla, verði það kleift.

Staðhættir og ýmsir möguleikar á landi voru eru mjög breytilegir, svo og framtíðarhugsjónir manna. Af þessum ástæðum verður eigi nýbýlalöggjöf vorri sniðinn þröngur stakkur. Í fyrstu aðeins markaðar stefnurnar og ætlazt til, að ríkið rétti hjálparhönd þar, sem vilji og dugur er til einhverra framkvæmda í þessum efnum. Reynslan sýnir svo bezt, hvert horfir, og smátt og smátt verður að gera nýbýlalöggjöfina nákvæmari, þegar reynsla og þekking vinnst í þeim efnum.

Til skýringar hinum einstöku greinum frumvarpsins má taka fram:

Um 1. gr.

Fjöldi jarða víðsvegar um land eru lítt ræktaðar, en hafa í sér fólgna möguleika til aukinna umbóta og ræktunar. Mörgum eru æskustöðvarnar kærastar. Því er eðlilegt að styðja að því, að foreldrar skipti jörðum á milli barna sinna, þar sem landrými er nóg og ástæður eru til. Þá getur og verið ástæða til að byggja upp sumar eyðijarðir. Svo er t. d. á sandgræðslusvæðunum, þar sem sandgræðslan er búin að starfa, eða á jarðapörtum, sem ríkið hefir eignazt, t. d. á Flóaáveitusvæðinu.

Um 2. gr.

Nýbýlahverfi hugsast stofnuð af nýbýlafélögum, sem hafa það að markmiði að reisa og rækta nýbýli handa félögum sínum. Félög þessi hugsast með samvinnusniði. Verið getur og, að annar félagsskapur standi að þessu, t. d. búnaðarfélög, búnaðarsambönd eða jafnvel sýslu- eða hreppsfélög.

Nýbýlahverfi má mynda á þann hátt, að stór jörð sé tekin til skiptingar eða stórt landsvæði fengið á annan hátt. Í Flóanum fær ríkið nokkrar landspildur, sem reisa mætti á nýbýlahverfi. Þetta getur verið sjálfstætt félag hlutaðeigenda, sem að þessu standa og komið hafa sér saman um vissar reglur fyrir nýbýlastofnun, og sem svo að sjálfsögðu fá leiðbeiningar og stuðning til að koma þessu í framkvæmd.

Þegar um er að ræða stofnun nýbýlahverfa, þarf vel að vanda val á landi. Vegasambönd þurfa að vera góð, möguleikar til raforku, hægt með vatnsleiðslur í hús, góð ræktunarskilyrði, og mikil búbót eru hverir og laugar til upphitunar á húsum o. fl.

Í nýbýlahverfi geta býlin verið misstór, sum geti fætt fjölskyldu, önnur aðeins að nokkru, en heimilisfaðirinn eða aðrir leiti sér einnig annarar at-

vinnu. Þannig hagar t. d. til á Suðurlandi, að vetrarvertíðin gefur oft góðar tekjur, en á þeim tíma er oft lítið að starfa að búnaði, en hinn tími ársins hentugri til þess. Að sækja til sjávar og afla fjár, en hverfa síðan að landyrkjunni, er heilbrigð hugsjón, sem vér hyggjum, að réttmæt sé hjá oss, svo sem staðháttum er háttað.

Um 3. gr.

Ríkisnýbýli er ætlazt til, að geti verið annað tveggja einstök býli eða nýbýlahverfi, hvorttveggja reist á jarðeignum ríkisins, eða ef nauðsyn þykir, að ríkið kaupi land til þessara framkvæmda. Einstök nýbýli geta verið reist á landspildum, er ríkið eignast á áveitusvæðunum eða á pörtum af þjóð- og kirkjujörðum.

Ríkisnýbýlahverfa er hugsað að stofnað sé til á stórum landspildum, svo stórum, að hægt sé að reisa þar tugi nýbýla og með tíð og tíma mynda þar sjálfstæða sveit með öllum nútíma þörfum, veganeti, raforku, skóla, kirkju, samkomuhúsi og að sjálfsögðu vel hýstum nýbýlum með fyrirmyndar ræktun o. fl.

Undirbúningur þessara býla kostar mikið, aðallega starfskrafta. En vér hyggjum, að eigi verði betur bætt úr atvinnuleysi í landinu en á þann hátt, að nokkrum hluta hinna atvinnulausu manna verði fengin störf við undirbúning nýbýla. Ennfremur gæti komið til greina, hvort starfskröftum þeim, sem eru á vinnuhæli ríkisins á Eyrarbakka, verði betur varið en til undirbúnings nýbýla. Vér ætlumst til, að ríkið byggi og rækti þessi býli til hálfs og leigi þau síðan eða selji, eftir því sem hentast þykir.

Um 4. gr.

Vér hyggjum, að nýbýlastofnun hér á landi geti eigi komizt í viðunandi horf, nema því aðeins, að ríkið veiti verulegan stuðning til hennar. Land vort er hrjóstrugt og byggingar og ræktun dýr, nær hálfu dýrari en almennt er í nágrannalöndum vorum. Býli byggt og ræktað getur aldrei rentað sinn stofnkostnað, svo sem nú standa sakir. En á hinn bóginn er það ómetanlegt gagn fyrir þjóðfélagið, að stofnað sé til nýrra býla, sem um aldur og ævi veiti fjölskyldu viðunandi lífskjör. Þess vegna hyggjum vér það skyldu þjóðfélagsins, að það eftir megni styðji og styrki nýbýlastofnun í landinu.

Styrkur sá, sem ætlazt er til, að veittur sé samkv. þessari grein, er tvennskonar. Fast framlag, sem ætlað er til styrktar nýbýlum og nýbýlahverfum, og helmingur atvinnubótafjárins, sem ætlaður er til ríkisnýbýlanna, enda hyggjum vér, að þessu fé verði eigi varið betur á annan hátt.

Mörgum mun finnast, að upphæð sú, sem ríkinu er ætlað að leggja fram til nýbýla, sé allmikil. En sé þetta miðað við heimild þá, sem felst í frumvarpi um verkamannabústaði, sem nú liggur fyrir þinginu, er þetta eigi há upphæð.

Samkv. frumvarpinu um verkamannabústaði greiði ríkissjóður í byggingarsjóð 2 kr. fyrir hvern mann í kaupstöðum og kauptúnum.

Nú eru íbúar kaupstaða og kauptúna um 60000, sem gerir	kr.	120000.00
Kaupstaðir og hreppar leggja fram sömu upphæð	—	120000.00
Hálfar tekjur Tóbakseinkasölunnar 1932	—	176000.00
	Samtals kr.	416000.00

Upphæð þessi er rúmum 160 þúsund kr. hærri en sú, sem nefnd er hér í frumvarpinu sem beint framlag úr ríkissjóði, og er þá að dæma um, hvort sé meiri þörf að fjölga heimilum í kaupstöðum eða sveitum.

Um 5. gr.

Styrkur sá, sem veittur yrði til nýbýla, hyggjum vér, að þyrfti að vera allt að helmingur, en að visst hámark sé þó sett um það, hve mikið megi veita til hvers býlis. Í nýbýlahverfum ættu býlin að verða ódýrari, og því er það hámark sett lægra.

Um 6. gr.

Það verður að álítast, að styrkur sá, sem ríkið leggur til nýbýla, sé stofnfé, sem notandi býlisins hafi leigulaust um aldur og ævi, en sem hann megi þó eigi selja eða veðbinda. Verður því að búa um það þannig, að þetta verðmæti geti eigi farið í brask. Spursmál gæti verið um það, hvort áskilja ætti ríkinu forkaupsrétt að býlunum við sölu.

Um 7. gr.

Ríkisnýbýlin eiga að vera fyrirmyndarbýli og vel til þeirra vandað, svo alla nýtizku búnaðarhætti sé þar hægt að framkvæma. Með tíð og tíma vinnst svo reynsla í þessum efnum, sem öðrum getur orðið til fyrirmyndar eða viðvörunar.

Þegar staður er valinn fyrir ríkisnýbýli, þarf að láta mæla og teikna kort af landsvæði því, sem taka á, og um leið rannsaka alla möguleika, sem til greina geta komið. Þegar þessu er lokið, verður að gera áætlanir um byggingar, vegi, ræktun, vatnsleiðslur, rafvirkjun o. fl., sem að undirbúningnum lýtur. Þá honum er lokið, má byrja með framkvæmdir. Fyrst byggingar, sem á meðan á starfinu stendur má nota handa verkamönnum, síðan fyrir nýbyggjendur. Síðan verða önnur störf framkvæmd, eftir því sem henta þykir. Að byggja og rækta heilt nýbýlahverfi með 20—40 býlum er mikið starf. Þetta er ætlazt til, að framkvæmt sé með atvinnubótafé, og hyggjum vér, að því verði eigi varið til annara nytsamari framkvæmda.

Um 8. gr.

Kunnugt er, að mörg þeirra nýbýla, sem reist hafa verið á síðari árum, hafa við mikla fjárhagsörðugleika að stríða. Réttmætt virðist því að rétta þeim hjálparhönd til að reisa við búnað þeirra og framtíðarmöguleika.

Um 9. gr.

Að undanförnu hefir það verið svo, að nýbyggjendur hafa þurft að útvega sér lán á mörgum stöðum. Á einum staðnum til bygginga, á öðrum til

ræktunar og á hinum þriðja til verkfæra, áhafnar og búrekstrar. Þetta er mjög óhentugt. Samkvæmt þessu frumvarpi er ætlazt til, að allri lánsþörf nýbyggjenda sé fullnægt í Búnaðarbankanum, en að hinsvegar sé þess gætt, að býlin verði eigi um of skuldum hlaðin. Búnaðarbankanum er ætlað að annast þessi lán, og þarf ríkið að sjá fyrir því, að hann hafi fjárráð til þess.

Um 10. gr.

Þegar land til nýbýla er ákveðið, þarf það að vera með ákveðnum ummerkjum, og nýbyggjandi þarf að hafa eignarrétt á landinu. Ef menn sjálfir geta eigi útvegað sér land, myndi ríkið geta hlaupið undir bagga. Á eyðijörðum á sandgræðslusvæðunum má nú innan skamms fara að byggja mörg nýbýli, og á landspildum ríkisins í Flóanum má einnig byggja mörg nýbýli. Land það, sem ríkið lætur til nýbýlastofnana, má reikna upp í framlag þess.

Um 11. gr.

Aðallega er gert ráð fyrir, að nýbýlin verði stofnuð af einstaklingum, en hugsazt getur, að félög verði stofnuð til að koma upp dreifðum nýbýlum, eða að annar félagsskapur taki þetta á stefnuskrá sína. Vegna þess eru ákvæði þessarar greinar.

Um 12. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er ætlazt til, að þeir, sem vilja reisa nýbýli, stofni félag, sem hafi það að markmiði að koma upp nýbýlahverfi. Að sjálfsögðu þarf hér alls hins sama undirbúnings og við ríkisnýbýlin. Hér er þó aðallega sá munur, að nýbyggjendur sjálfir geta ráðið um fyrirkomulag þessa félagsskapar og ýmsar framkvæmdir. Að sjálfsögðu þarf þó allur undirbúningurinn að vera í samráði og eftir leiðbeiningum nýbýlastjóra.

Um 13. gr.

Ríkisnýbýlin eiga að vera fyrirmyndarbýli hvað allt skipulag snertir og sýna, hvernig sé bezt að stunda íslenzkan búskap. Til þeirra þarf að vanda sem bezt. Reynsla og þekking verður að sýna, hvernig bezt er að koma öllu þessu fyrir.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir, að ríkið reisi bæði einstök býli og nýbýlahverfi, sem geti myndað sjálfstæð sveitarfélög. Réttmætt þykir, að hin fyrstu ríkisnýbýli verði reist sitt í hverjum landsfjórðungi, bæði einstök býli og nýbýlahverfi.

Um 15. gr.

Til þess að nýbýli lánist og verði til frambúðar, þurfa þau að vera byggð af ötulum, framtakssömum mönnum, sem geta lagt sína starfskrafta til að færa búnaðinn í lag, og hafa eitthvað af mörkum að leggja, sem hægt sé að verja til stuðnings búnaðinum á nýbýlinu. Þykir rétt að miða fjárframlag þetta við kostnaðarverð býlisins.

Nánari reglur um þetta yrðu settar í reglugerð.

Um 16.—17. gr.

Að sjálfsögðu hefir atvinnumálaráðherra yfirstjórn allra nýbýlamála í landinu. En aðalframkvæmdirnar verður þó að fela sérstökum manni, sem hefir þekkingu á þeim efnum. Hentast er, að þessi maður sé starfsmaður Búnaðarfélags Íslands.

Um 18. gr.

Nýbýlastjóra er ætlað að leiðbeina í öllu, sem að nýbýlastofnun lýtur, vera ráðunautur nýbyggjenda og ráðgjafi þess opinbera.

Um 19.—22. gr.

Þurfa eigi skýringa við.“

Nd. 21. Frumvarp til laga

um hafnsögu í Ísafjarðarkaupstað.

Flm.: Finnur Jónsson.

1. gr.

Öll skip, sem eru 30 smálestir brúttó að stærð eða meira, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki, vera skyld til að greiða hafnsögugjald í fyrsta skipti á ári hverju, er þau koma frá útlöndum og leggjast við festar innan takmarka Ísafjarðarhafnar. Komi skip oftar en einu sinni á sama ári, skal það ekki greiða hafnsögugjald nema það noti hafnsögumann.

Herskip, skemmtiskip og fiskiskip eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

2. gr.

Hafnarnefnd Ísafjarðar hefir á hendi stjórn hafnsögumála á Ísafirði, undir yfirstjórn bæjarstjórnar Ísafjarðar. Bæjarstjórnin skipar hafnsögumenn, að fengnum tillögum hafnarnefndar, og ákveður laun þeirra. Launin greiðist úr hafnarsjóði Ísafjarðar.

3. gr.

Hafnsögugjaldið greiðist samkvæmt reglugerð, er hafnarnefnd Ísafjarðar semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í þeirri reglugerð jafnframt ákveða, hvert gjald skuli greiða fyrir leiðsögu út úr höfninni og um höfnina, þar á meðal inn í innri höfnina og út úr henni. Öll gjöld samkvæmt reglugerðinni renna í hafnarsjóð Ísafjarðar, og má taka þau lögtaki.

4. gr.

Um framkvæmd hafnsögunnar og innheimtu hafnsögugjalda skal nánar ákveðið í reglugerð, er hafnarnefnd Ísafjarðar semur og stjórnarráð Íslands staðfestir.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 1000 kr. Með mál út af slíkum brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar, og eru þá jafnframt úr gildi fallin lög nr. 26 frá 3. okt. 1903.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk bæjarstjórnarinnar á Ísafirði, og felur það einkum í sér þá breytingu frá eldri lögum, að bæjarstjórnin skipar hafnsögumann, en áður var hann skipaður af ríkisstjórninni.

Þá er í frv. og gert ráð fyrir, að hafnsögugjöldin renni í hafnarsjóð, er síðan launi hafnsögumann, en samkv. eldri lögum runnu hafnsögugjöldin til hafnsögumannsins sjálfs. Telur bæjarstjórnin á Ísafirði, að betur fari á, að hafnsögumálunum sé þann veg skipað, sem gert er ráð fyrir í frv., m. a. vegna þess, hve skipakomur til Ísafjarðar hafa aukizt hin síðari árin.

Nd. **22. Frumvarp til laga**

um frystigjald beitusíldar.

Flm.: Garðar Þorsteinsson.

1. gr.

Þau samvinnufélög, er fengið hafa styrk úr ríkissjóði samkv. 5. gr. laga nr. 79 frá 19. júní 1933, til greiðslu stofnkostnaðar við að reisa frystihús, skulu skyld að taka að sér frysting beitusíldar útgerðarmanna með þeim skilyrðum, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Útgerðarmenn búsettir innan þess hrepps, þar sem frystihúsið er rekið, eiga kröfu til þess að fá frysta síld til beitu í frystihúsinu fyrir kostnaðarverð. Þó skal útgerðarmönnum aðeins heimilt að fá frysta síld fyrir sína eigin útgerð, eða þá útgerð, er þeir stjórna, séu þeir ekki sjálfir eigendur, og skal þeim óheimilt að selja síldina til annara.

3. gr.

Til þess að ákveða, hver sé hinn raunverulegi kostnaður við frysting síldarinnar, skal kosin þriggja manna matsnefnd. Tilnefnir félag útgerðarmanna einn, stjórn frystihússins eða eigendur þess annan, og hreppsnefnd þess hrepps, þar sem frystihúsið er rekið, hinn þriðja, og er hann formaður. Kosning matsnefndarinnar gildir fyrir eitt ár í senn, og skal hún hafa farið fram fyrir 15. júlí ár hvert.

4. gr.

Til þess að ákveða frystigjaldið skal stjórn frystihússins eða eigendum þess skylt að gefa matsnefndinni allar upplýsingar um rekstur frystihússins undanfarin ár, svo og aðrar þær upplýsingar, er nefndin telur við þurfa.

5. gr.

Matsnefndin skal einnig meta, hvað kostar að geyma síldina á mánuði hverjum.

6. gr.

Eftir að matsnefndin hefir fengið allar nauðsynlegar upplýsingar um rekstur frystihússins skal ákveða, hver hinn raunverulegi kostnaður við frystingu og geymslu sé, og skal eigendum frystihússins, svo og útgerðarmönnum skylt að hlýða þeim úrskurði.

7. gr.

Nú neitar stjórn frystihússins eða eigendur þess að taka síld til frystingar, og skal þá matsnefndin kveða upp rökstuddan úrskurð um það, hvort sú neitun sé byggð á gildum ástæðum. Nú úrskurðar matsnefnd, að neitun frystihússtjórnar eða eigenda frystihússins sé ekki byggð á gildum ástæðum, og skal þá frystihúsið taka síldina til frystingar, að viðlögðum dagsektum, er matsnefndin ákveður. Óréttmæt neitun varðar, auk sekta, skaðabótaskyldu til viðkomandi útgerðarmanns. Dagsektir samkvæmt þessari grein skulu og renna til þess aðila, er neitunin hefir komið fram gegn. Gera má aðför fyrir dagsektum.

8. gr.

Neitun um móttöku síldar til frystingar, byggð á því, að frystihúsið eða eigendur þess sjálfir aðeins frysti eigin síld, skal þó því aðeins talin gild ástæða fyrir að synja um móttöku síldar frá útgerðarmanni til frystingar, að eigendur hússins færi matsnefndinni sannanir fyrir því, að húsið geti ekki afkastað meiru en þörf félagsmanna krefur og reki eigi verzlun með frysta síld.

9. gr.

Nú hefir útgerðarmaður ekki átt kost á því að afhenda til frystingar ferska síld, en frystihúsið eða eigendur þess hafa frysta síld til sölu, og skal þá útgerðarmaður eiga kröfu til þess að fá síldina keypta með kostnaðarverði, eins og það verð er ákveðið af matsnefndinni.

10. gr.

Nú rekur samvinnufélag fleiri en eitt frystihús, en hefir ekki fengið styrk samkv. 5. gr. l. nr. 79 frá 1933 til greiðslu stofnkostnaðar þeirra allra, og skulu þá lög þessi ná til þeirra frystihúsa samvinnufélagsins, sem ekki hafa sérstaklega verið styrkt.

11. gr.

Brot á lögum þessum varða 200—1000 króna sektum, og skal með mál út af brotum gegn þeim farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Sektagreiðsla eða greiðsla dagsekta leysir ekki aðila undan skaðabótaskyldu samkv. almennum reglum skaðabótaréttarins.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta Alþingi, en dagaði uppi, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Með l. nr. 79 frá 19. júní 1933 voru heimilaðar ýmsar ráðstafanir vegna fjárkreppu þeirrar, er nú gengur yfir. Meðal annars var í 5. gr. nefndra laga ríkisstjórninni heimilað að greiða allt að ¼ hluta af stofnkostnaði frystihúsa samvinnufélaga. Þessi styrkveiting, sem ætlazt var til, að næði til þeirra frystihúsa, sem aðallega frysta kjöt til útflutnings, var veitt sökum þeirra erfiðleika, sem landbúnaðurinn hefir undanfarið átt við að stríða. Nú er svo komið, að sjávarútvegurinn mun eiga við engu minni erfiðleika að stríða en landbúnaðurinn, og þetta frumvarp miðar að því að lækka að örlitlu leyti einn útgjaldalið sjávarbóndans og sjómannsins.

Ríkissjóður hefir þegar greitt til stofnkostnaðar frystihúsa samvinnufélaga eins og hér segir:

1.	Til Verzlunarfél. Hrútfirðinga	kr. 18179.80
2.	— Kaupfélags Svalbarðseyrar	— 15736.46
3.	— — V.-Húnvetninga	— 26678.95
4.	— — Þingeyinga	— 43642.22
5.	— — Stykkishólms	— 21104.65
6.	— — Eyfirðinga	— 50481.10
7.	— — Héraðsbúa	— 23310.65
8.	— — N.-Þingeyinga	— 26842.50
9.	— — Vopnfirðinga	— 15477.65
10.	— — Skagfirðinga	— 30058.28
11.	— Sláturfél. A.-Húnvetninga	— 30625.20
12.	— — Skagfirðinga	— 15260.20
13.	— — Suðurlands	— 56711.40

Hafa þannig verið greiddar samkv. heimild fyrrgreindra laga til samvinnufélaga rúml. 364 þús. krónur.

Þó að styrkurinn hafi aðallega verið veittur vegna frystihúsa, er aðallega frysta kjöt til útflutnings, þá er þó vitað, að þessi sömu frystihús jafnframt frysta síld til beitu í stórum stíl.

Eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi aflað mér, mun raunverulegur kostnaður við að frysta síld nema 4—5 au. pr. kg., og geymsla síldar mun kosta ca. 1 eyri pr. kg. á mánuði. Þetta getur að vísu verið nokkuð misjafnt, eftir stærð og gerð frystihúsanna. Hinsvegar munu útgerðarmenn nú greiða mun meira gjald fyrir frystingu síldarinnar. — Með því hinsvegar, að ríkissjóður hefir þegar

styrkt samvinnufélögin vegna frystihúsabygginga í svo stórum stíl, sem raun ber vitni um, þá virðist ekki nema réttmætt, að Alþingi hlutist til um, að þau félög, er þannig hafa fengið styrk úr ríkissjóði, láti útgerðarmenn, sem þurfa að leita til þeirra með frystingu síldar, einnig njóta þessa styrks óbeint.

Í frv. þessu er farið fram á það, að útgerðarmenn, sem eiga heimili, eða reka útgerð sína innan sama hrepps og frystihúsið er rekið, fái frysta síld til beitu til útgerðarinnar fyrir það verð, er frystingin raunverulega kostar. Þar eð frystingarkostnaðurinn getur verið misjafn, er til þess ætlazt, að þriggja manna nefnd ákveði frystigjaldið fyrir eitt ár í senn.

Með því er fengin trygging fyrir því, að ekki sé gengið á rétt hvorugs aðila, enda ber frystihússtjórninni að veita allar nauðsynlegar upplýsingar um rekstur frystihússins undanfarin ár.

Nú er svo komið, að í flestum minni útgerðarstöðvum er aðeins eitt frystihús, og gæti það því komið sér mjög illa, ef frystihússtjórn eða eigendur þess neituðu að taka við síld til frystingar. Það er þess vegna til þess ætlazt í frv., að matsnefndin kveði upp úrskurð um það, hvort slík neitun sé réttmæt, t. d. vegna þess að frystihúsið sé þegar fullt. Ef neitunin byggist hinsvegar ekki á réttmætum ástæðum, er nefndinni gefið vald til þess að skylda frystihússtjórnina, að viðlögðum dagsektum, til þess að taka við síldinni. Naumast þarf þó að gera ráð fyrir, að til slíks þurfi að koma. — Styrkurinn úr ríkissjóði hefir verið bundinn við ákveðin íshús. Hinsvegar er það vitað, að sum samvinnufélög eiga fleiri en eitt frystihús, sem öll eru rekin í sambandi hvert við annað, þó styrkur hafi aðeins fengizt vegna eins þeirra.

Það þykir því rétt, þegar svo er ástatt, að binda ekki skylduna til frystingar við það frystihús eitt, sem hefir verið sérstaklega styrkt, heldur nær skyldan til allra frystihúsa samvinnufélagsins, þó félagið hafi aðeins fengið styrk vegna eins þeirra“.

Sþ. 23. Tillaga til þingsályktunar

um þjóðaratkvæði um ríkisrekstur atvinnuvega og ríkiseign jarða.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara á næsta vori almenna atkvæðagreiðslu alþingiskjósenda um eftirfarandi spurningar:

1. Viljið þér, að með nýrri löggjöf sé unnið að þeirri breytingu á þjóðskipulagi Íslendinga, að ríkisrekstur komi í stað einkaframtaks í atvinnumálum?
2. Viljið þér, að stefnt sé að því, að allar jarðeignir á landinu hverfi úr sjálfsábúð og verði ríkiseign?

Greinargerð.

Á síðasta þingi flutti ég þingsályktunartillögu samhljóða þessari. Fylgdi tillögunni þá svo hljóðandi greinargerð:

„Á þessu þingi hefir stjórnin ýmist sjálf lagt fyrir eða látið stuðningsmenn sína bera fram mörg lagafrumvörp, er stefna að því mjög ákveðið, að opinber rekstur komi í stað einkaframtaks í verzlun, iðnaði, útgerð og landbúnaði. Einnig því, að horfið sé frá sjálfsábúð, en bújarðirnar gerðar að ríkiseign. Blöð stjórnarinnar, bæði þau, er Alþýðuflokkurinn gefur út, og þau, er Framsóknarflokkurinn gefur út, hafa þrásinnis látið það í ljós, að stefna stjórnarinnar og þingflokka þeirra, er hana styðja, sé þjóðnýting atvinnuveganna með ríkisrekstri og ríkiseign allra bújarða.

Þótt óvíst sé, hve mikið verður samþykkt á þessu þingi af þeim frumvörpum, sem stefna í þessa átt, þá er sýnilegur sá ásetningur ríkisstjórnarinnar að gera stefnu þessa að veruleika. Er því víst, að ef að þessu verður unnið með nýrri löggjöf á hverju þingi, þar til reglulegar alþingiskosningar fara fram, verður því verki langt komið að gera allan atvinnurekstur þjóðarinnar að ríkisrekstri og bújarðirnar að ríkiseign, áður en kjósendur fá færi á að birta vilja sinn í þessu efni.

Það er vitað, að kjósendur voru ekki um það spurðir sérstaklega fyrir síðustu kosningar, hvort þeir aðhylltust ríkisrekstur á atvinnuvegum þjóðarinnar og ríkiseign á bújörðum. Þeir hafa því ekki gefið þingmönnum neitt umboð til þess að breyta þjóðskipulaginu með lögum í þessa átt. Tel ég því óleyfilegt og óverjandi að gera þetta að þjóðinni forspurðri".

Síðan tillaga þessi kom fram á þinginu 1934, hafa ástæður fyrir henni ekki breytzt að öðru leyti en því, að ýms áform ríkisstjórnarinnar um ríkisrekstur og torveldingu sjálfsbjargar og einkaframtaks hafa orðið að lögum. Það, sem tillagan fer fram á, er því jafnréttmætt nú og þá, og enn meir aðkallandi.

Sþ. 24. Tillaga til þingsályktunar

um landhelgisgæzlu, björgunarmál og skipaskoðun.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Ásgeir Ásgeirsson, Páll Þorbjörnsson, Ingvar Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka:

1. Á hvern hátt bezt verði séð fyrir öruggri landhelgisgæzlu, án þess að ríkissjóði sé íþyngt um of.
2. Á hvern hátt bezt verði fyrir komið björgunarstarfsemi í framtíðinni, og hvort hægt sé að sameina hana landhelgisgæzlunni.
3. Skipulag og löggjöf um eftirlit með skipum og bátum og allt, er miðar til öryggis sjófarendum.

Niðurstöður þessarar rannsóknar og tillögur séu lagðar fyrir næsta fjárlagaþing. Óhjákvæmilegur kostnaður við rannsókn þessa og undirbúning lagafrumvarpa greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var borin fram á síðasta þingi, en kom aldrei til umræðu. Fylgdi henni þá svo hljóðandi greinargerð:

„Ríkið á nú 3 skip, útbúin til landhelgisgæzlu. Nú virðist svo komið, að ríkinu sé ofvaxið að standast kostnað af rekstri þeirra allra, allt árið. Skipin liggja uppi til skiptis, og raunin vill verða sú, að rúmlega eitt skip er að jafnaði við gæzlu. Er tvímælalaust sú landhelgisvörn ófullnægjandi.

Samfara landhelgisgæzlunni annast skipin björgunarstörf, Þór við Vestmannaeyjar á vetrarvertíð og Ægir og Óðinn eru notuð til hjálpar við skipströnd o. fl. Þessi störf eru oft tímafrek, þar sem skipströnd eru mjög tíð, og miklum örðugleikum háð að ná skipunum á flot aftur, enda tekst það oft ekki. Á meðan skipin eru bundin við slík störf, er landhelgisgæzlan oft lítil sem engin.

Það er því full nauðsyn á, að athugað sé ýtarlega, hvernig skipa má þessum málum framvegis, hvernig unnt sé að skipa landhelgisgæzlu og björgunarstörfum, svo að hvorutveggja megi telja vel borgið, og kostnaðurinn verði þó bærilegur fyrir ríkissjóð. Skoðanir manna eru nú nokkuð á reiki um þessi mál, og er það að vonum.

Það, sem athuga þarf, er, hvaða stærð skipa sé bezt fallin til landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi, ef unnt er að sameina störfin, hve mörg þau þyrftu að vera og ennfremur, hver rekstrarkostnaður yrði. Óskir almennings um að fjölga björgunarskipum fara nú sívaxandi. En það er bersýnilegt, að útgerðarkostnaður fullkominnar björgunarstarfsemi og landhelgisgæzlu verður óbærilegur, nema samstarfi verði á komið.

Í sambandi við þessa rannsókn er full nauðsyn á að taka til athugunar skipulag og löggjöf um eftirlit með öryggi skipa. Háværar raddir heyrast um það, að öryggi skipa, sérstaklega hinna smærri, sé ekki sem bezt borgið. Eru mörg dæmi því til sönnunar, að skoðun skipa víðsvegar um land er í ýmsu ábótavant. Hér er um að ræða mál, sem allir landsmenn, er starfa á sjónum, og aðstandendur þeirra telja eitt hið mikilsverðasta. Enda á þjóðin í heild sinni of mikið undir því, hvernig háttað er um útbúnað og meðferð alla á þeim tækjum, sem eru undirstaða undir velmegun hennar og þúsundir manna eiga líf sitt undir. Mál þetta er því eitt hið stærsta björgunarmálið og full nauðsyn á, að því sé hreyft og tekið til grandgæfilegrar athugunar".

Ed. 25. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands og Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um erfðir og skipti á dánarbúum.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindunum, að samningur um erfðir og skipti á dánarbúum, sem undirritaður var í Kaup-

mannahöfn þann 19. nóvember 1934 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, skuli koma í gildi. Ennfremur er ráðherra heimilt að setja frekari ákvæði, er kynnu að vera nauðsynleg til þess að framfylgja greindum samningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd flytur frumvarp þetta að beiðni ríkisstjórnarinnar. Fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Í framhaldi af fyrri norrænum samningagerðum (samningur um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, sjá lög nr. 29/1931; samningur um innheimtu meðlaga, sjá lög nr. 30/1931; samningur um viðurkenning dóma og fullnægju þeirra, sjá lög nr. 30/1932; og samningur um gjaldþrotaskipti, sjá lög nr. 21/1934) hafa fulltrúar fyrir Ísland, Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð undirbúið samning milli sömu landa um erfðir og skipti á dánarbúum.

Aðaltilgangur þessa samnings er að koma á föstum fyrirmælum um, eftir lögum hvaða lands réttur erfingjanna skal ákveðinn, þegar hinn látni var ríkisborgari einhvers landanna, en bjó í öðru við látið, en jafnframt er látin gilda óbreytt reglan um það, að sjálf skiptameðferð dánarbúsins eigi að fara fram í landinu, sem hinn látni var búsettur í, er dauðann bar að höndum.

Er álitið sérstaklega æskilegt, að samningur um þessi efni sé á milli Norðurlandaríkjanna, vegna þess að þau lönd byggja að miklu leyti náskyldar þjóðir og nokkrir mannflutningar eru milli þeirra, og er því jafnan svo, að fleiri eða færri af íbúum hvers ríkjanna eru ríkisborgarar í einhverju hinna. Má og í því sambandi minna á, að Þjóðabandalagið hefir beitt sér mikið fyrir því að fá sett alþjóðaákvæði um þessi efni án þess nokkur árangur hafi fengizt, en því markverðara má þá telja það, að Norðurlandaríkin hafa komið sér saman um samning sín á milli um sömu efni.

Ráðuneytið lætur að öðru leyti nægja að vísa til efnis samningsins, en vill um leið taka það fram, að samningsgerðin hefir hér fengið venjulegan undirbúning, og að það telur æskilegt, að samningurinn verði fullgiltur af Íslands hálfu hið fyrsta. Í þeim tilgangi er frumvarpið flutt, svo að nauðsynleg lagaheimild verði fyrir hendi til framkvæmda á ákvæðum samningsins.

Fylgiskjal I.

Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um erfðir og skipti á dánarbúum.

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur, Forseti lýðveldisins Finnlands, Hans hátign konungur Noregs og Hans hátign konungur Svíþjóðar, sem

hafa orðið ásáttir um að gera samning um erfðir og skipti á dánarbúum, hafa útnefnt sem umboðsmenn sína:

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur:

Fyrir Ísland:

Herra *Svein Björnsson*, sérlegan sendiherra og ráðherra með umboði;

Fyrir Danmörku:

Dr. phil. *Peter Rochegune Munch*, utanríkisráðherra sinn;

Forseti lýðveldisins Finnlands:

Dr. phil. *Rolf Thesleff* sérlegan sendiherra lýðveldisins og ráðherra með umboði í Kaupmannahöfn;

Hans hátign konungur Noregs:

Herra *Hans Emil Huitfeldt*, sérlegan sendiherra sinn og ráðherra með umboði í Kaupmannahöfn;

Hans hátign konungur Svíþjóðar:

Herra *Knut Richard Thyberg*, chargé d'affaires a.i. í Kaupmannahöfn;

sem, með gildu umboði, hafa komið sér saman um eftirfarandi greinar:

I. Arfur og óskipt bú.

1. gr.

Nú er ríkisborgari í einhverju samningsríkjanna við lát sitt búsettur í einhverju hinna ríkjanna, og skal þá rétturinn til lögerfða ákveðinn samkvæmt lögunum í því ríki, þar sem hann átti heimilisfang. Hafi hinn látni ekki átt heimilisfang í þessu ríki síðustu fimm árin, skal þó farið eftir lögunum í því ríki, sem hlutaðeigandi átti ríkisfesti í, ef einhver erfingi eða dánargjafaþegi, sem þetta hefir réttarlega þýðingu fyrir, óskar þess. Hafi arfurinn samkvæmt lögum ríkisfestislandsins átt að ganga til ríkisins, er ekki hægt að gera slíka kröfu.

Beiðni um að farið skuli eftir lögum ríkisfestislandsins skal borin fram innan sex mánaða frá látinu, eða sé skiptum ekki lokið innan þess tíma, áður en skiptum er lokið. Eftir að skiptum er lokið, getur sá, sem hefir tekið þátt í skiptunum, ekki borið fram slíka beiðni.

Ákvæðin í þessari grein um réttinn til arfs ná einnig til lögákveðins réttar eftirlifandi maka til setu í óskiptu búi, ef hinn látni lætur ekki eftir sig lögerfingja, og ennfremur til slíks réttar til meðlags af eignum dánarbús, sem erfingi á kröfu til umfram erfðahluta sinn samkvæmt lögunum í því ríki, sem hinn látni átti ríkisfesti í.

2. gr.

Nú var hinn látni búsettur í ríki, þar sem lögin heimila eftirlifandi maka setu í óskiptu búi með lögerfingjum, og skal þá farið eftir þessum lögum, einnig þótt hinn látni hafi verið ríkisborgari í einhverju hinna ríkjanna. Nú hefir hinn látni ekki átt heimilisfang í ríkinu síðustu fimm árin, þá getur lögerfingi þó strax eða seinna krafizt skipta, ef það er heimilað í lögum þess ríkis, sem hinn látni átti ríkisfesti í. Þennan rétt hefir lögerfingi þó ekki, ef eftirlifandi maki var við stofnun hjúskapar ríkisborgari í því ríki, sem hinn látni var búsettur í.

Nú á að framkvæma skipti eftir sænskan ríkisborgara samkvæmt slíkri kröfu, sem ræðir um í fyrstu málsgrein, og hefir þá eftirlifandi maki þann rétt til þess að taka handa sjálfum sér við skiptin fjármuni að ákveðinni verðupphæð, sem sænsk lög mæla fyrir um.

3. gr.

Nú var hinn látni búsettur í ríki, þar sem lögin veita ekki eftirlifandi maka rétt til setu í óskiptu búi með lögerfingjum, og skal þá makinn samt hafa þann rétt til setu í óskiptu búi, sem lögin í því ríki, sem hinn látni átti ríkisfesti í, kynnu að heimila, ef hann hefir ekki átt heimilisfang í landinu síðustu fimm árin. Þeir gerningar, sem lög ríkisfestislandsins fela skiptarétti eða öðru opinberu yfirvaldi að framkvæma, framkvæmast þá af hinum venjulega undirrétti í því ríki, sem hinn látni átti heimilisfang í. Nú er eftirlifandi maki einnig búsettur þar, þá skal, ef lög ríkisfestislandsins fyrirskipa eftirlit með stjórn búsins, eftirlitið framkvæmt af eftirlitsmanni (god man), sem til þess er skipaður af réttinum. Ef rétturinn hefir gert skrá yfir eignir búsins og skuldir (boupptecknig), þá skal ekki farið eftir lagafyrirmælum ríkisfestislandsins um, hvernig slíkar skrár skulu færðar.

4. gr.

Nú er í dönskum lögum sett ákvæði um, að skipaður skuli forráðamaður með ekkju, sem vill sitja í óskiptu búi, þá skal því aðeins farið eftir þessu ákvæði, að ekkjan hafi, við lát manns síns, verið búsett í Danmörku. Nú búsetur ekkjan sig síðar í einhverju hinna ríkjanna, og fellur forráðamennskan þá niður.

5. gr.

Ákvæðin í 2., 3. og 4. gr. um heimildina til setu í óskiptu búi með lögerfingjum gilda á hliðstæðan hátt um heimildina til setu í óskiptu búi með kjörbarni eða lögerfingjum þess.

6. gr.

Sá sem samkvæmt 1., 2. eða 3. gr. krefst þess, að farið verði eftir lögum ríkisfestislandsins, skal, ef það er nauðsynlegt, sanna, að umrædd skilyrði séu fyrir hendi, og gefa upplýsingar um efni laga ríkisfestislandsins.

7. gr.

Við skipti á félagsbúi hjóna við lát annars eða beggja þeirra skal, ef ekki leiðir annað af ákvæði 2. málsgr. 2. gr., farið eftir þeim reglum, sem settar eru um fjármál hjóna í 3. og 6. gr. í samningnum frá 6. febrúar 1931.

8. gr.

Arfleiðsluskrá gerð af arfleiðanda, sem við lát sitt var ríkisborgari í einhverju samningsríkjanna, og búsettur í einhverju þeirra, skal, að því er formsatriðin snertir, álítast gild, ef við arfleiðslugerninginn er farið eftir lögunum í því ríki, sem arfleiðsluskráin er gerð í, eða sem arfleiðandi átti heimilisfang í, eða ríkisfesti, við arfleiðslugerninginn. Ógilding arfleiðsluskrár telst gild, ef arf-

leiðandi hefir farið eftir lögunum í því ríki, sem hann átti heimilisfang eða ríkisfesti í við ógildinguna.

9. gr.

Um aldur og lögræði, sem krafizt er til þess að geta gert arfleiðsluskrána, eða ógilt hana, skal farið eftir lögunum í því ríkjanna, sem arfleiðandi átti heimilisfang í við arfleiðslugerninginn eða við afturköllunina. Hafi arfleiðandi þá ekki átt heimilisfang í því ríki síðustu fimm árin, er arfleiðsluskráin, eða afturköllunin, einnig gild, ef uppfyllt eru þau skilyrði, sem sett eru í lögum ríkisfestislandsins.

10. gr.

Um það, hvort arfleiðsluskrá eða ógilding arfleiðsluskrár sé gild vegna sálarástands arfleiðanda, eða vegna svika, blekkinga, þvingunar eða annara óleyfilegra áhrifa, skal dæmt eftir lögum þess ríkjanna, sem arfleiðandi átti heimilisfang í við arfleiðslugerninginn eða ógildingu hans.

11. gr.

Ákvæði í finnskum eða sænskum lögum um að arfleiðsluskrá skuli, eftir lát arfleiðanda, afhent til réttarins innan ákveðins tíma (testamentsbevakning), gilda einnig um arfleiðsluskrá eftir ríkisborgara í einhverju hinna samningsríkjanna, ef arfleiðandi var búsettur í Finnlandi eða Svíþjóð við lát sitt. Sama gildir um ákvæði í finnskum eða sænskum lögum um að erfingi, sem vill mótmæla gildi arfleiðsluskrár, skuli hefja málssókn innan ákveðins tíma frá því að arfleiðsluskráin hafði verið birt honum (testamentsklander).

12. gr.

Um það, hvort dánargjafir, erfðasamningar og erfðaafsöl hafi gildi gagnvart arfleiðanda, skal, ef arfleiðandi var ríkisborgari í einhverju ríkjanna við lát sitt, dæmt eftir lögunum í því ríkjanna, sem hann átti heimilisfang í þegar gerningurinn var gerður.

Á sama hátt skal dæma um það, hvort fjármunir, sem erfingi hefir þegið af arfleiðanda meðan hann var enn á lífi, skuli taldir fyrirframgreiðsla upp í arf.

13. gr.

Þær sérstöku reglur, sem gilda í einhverju ríkjanna um rétt einhvers erfingja til fasteignar með öllu tilheyrandi, eða um heimild arfleiðanda til þess að ráðstafa slíkri eign með ákvæði í arfleiðsluskrá til handa einstökum erfingjum, gilda um eignir í því ríki.

Um réttinn til þess að gera ráðstafanir í arfleiðsluskrá varðandi óðalsrétt yfir fasteign (fideikommissariske Bestemmelser) eða aðrar ráðstafanir um slíka eign vegna ófæddra, skal einnig dæmt eftir lögunum í því ríki, sem eignin er í. Um réttinn til þess að gera slíkar ráðstafanir um annað en fasteignir gildir þessi samningur ekki.

14. gr.

Nú hefir ríkisborgari í einhverju ríkjanna eignazt kjörbarn, en ættleiðingarleyfið er veitt í einhverju þessara ríkja með fyrirvara um rétt kjörforeldra til

þess að ráða yfir eftirlátnum munum sínum án tillits til ættleiðingarinnar, og skal þá þessi fyrirvari einnig hafa gildi í hinum ríkjunum.

15. gr.

Um það, hvort einhver hafi fyrirgert rétti sínum til arfs, eða dánargjafar, og um heimild til þess að svipta erfingja arfi, skal, hafi arfleiðandi verið ríkisborgari í einhverju ríkjanna, dæmt eftir lögunum í því ríkjanna, sem hann var búsettur í við látið.

16. gr.

Um fyrningu réttar til arfs eða dánargjafar eftir ríkisborgara í einhverju ríkjanna skal dæmt eftir lögunum í því ríkjanna, sem hann var búsettur í við látið.

II. Skuldir arfleiðanda.

17. gr.

Um ábyrgð erfingja á skuldum ríkisborgara í einhverju samningsríkjanna, og um ábyrgð þeirra á, að dánargjöf verði innt af hendi, eða fyrirmæli arfleiðsluskrár uppfyllt, skal farið eftir lögunum í því ríkjanna, sem arfleiðandi var búsettur í við lát sitt. Sama gildir um ábyrgðina á fullnægju meðlagsskyldu, sem hvílir á hinum látna gagnvart óskilgetnu barni eða móður óskilgetins barns.

18. gr.

Áskorun (proklama) til lánardrottna að viðlagðri ógildingu kröfu, ef henni er ekki lýst í tækan tíma, sem gefin hefir verið út í búi eftir ríkisborgara í einhverju ríkjanna, gildir ekki að því er snertir kröfur, sem kunnugt er um, ef kröfuhafi er búsettur í einhverju hinna ríkjanna, og hann hefir ekki í tæka tíð fengið sérstaka tilkynningu um áskorunina og afleiðingar hennar, eða hefir á annan hátt fengið vitneskju um hana.

III. Skiptameðferð.

19. gr.

Um skiptameðferð á dánarbúi, og um skipti milli erfingja hins látna og eftirlifandi maka, skal, ef hinn látni var ríkisborgari í einhverju ríkjanna, og var búsettur í einhverju þeirra, farið eftir lögunum í því ríki, sem hann var búsettur í við lát sitt, og slík mál heyra undir dómstólana í sama ríki, ef búsmeðferðin heyrir undir dómstólana samkvæmt þargildandi lögum.

Nú hefir eftirlifandi maki, sem er ríkisborgari í einhverju ríkjanna, setið í óskiptu búi, og skal nú skipta búinu, þá fer um búskiptin samkvæmt lögum þess ríkjanna, sem eftirlifandi maki er búsettur í, eða var búsettur í við lát sitt, og búskiptin skulu heyra undir dómstóla þess ríkis að svo miklu leyti, sem svo er fyrir mælt í lögum sama ríkis. Skiptameðferð búsins skal einnig ná til eigna, sem eru í einhverju hinna ríkjanna.

20. gr.

Um rétt eftirlifandi maka til þess að velja sér sérstaka muni við búskipti, gegn greiðslu eða endurgjaldslaust, skal farið eftir þeim lögum, sem gilda samkvæmt 19. gr. um skiptameðferð búsins. Sama gildir um heimild maka til þess að fá við búskiptin frest til greiðslu arfshluta gegn því að erfinginn fái veð fyrir kröfu sinni, þó þannig, að veðrétti í eignum, sem eru í hinum ríkjunum, er aðeins hægt að skipta samkvæmt þargildandi reglum.

21. gr.

Ágreiningur um réttinn til arfs eða dánargjafar eftir einhvern, sem var ríkisborgari í einhverju ríkjanna og búsettur í einhverju þeirra, um réttindi eftirlifandi maka, og um kröfur, sem gerðar eru á hendur dánarbúinu, en ekki á hendur arfþegum persónulega, heyrir undir dómstólana í því ríki, sem hefir í gildi lög þau, sem farið er eftir við búskiptin samkvæmt 19. gr.

Með samþykki aðiljanna er þó hægt að höfða málið í einhverju hinna ríkjanna, nema skiptaréttur annist um búskiptin, skiptaforstjóri, eða skiptaráðandi (boutredningsman eða skifteman), tilnefndur af réttinum, eða málið varði sjálf skiptin á slíku búi. Dómstólamál um gildi arfleiðsluskár, sem gerð hefir verið af einhverjum búsettum í Finnlandi eða Svíþjóð (testamentsklander), verður ekki höfðað í hinum ríkjunum. Sama gildir um mál, sem höfðað er til þess að reyna að ógilda skipti eftir einhvern, sem búsettur var í Finnlandi (klander).

22. gr.

Nú eru eignir búinu tilheyrandi í einhverju öðru ríkjanna en því, sem hefir í gildi lög þau, sem farið er eftir við búskiptin, og skulu þá dómstólarnir í því ríki, sem eignirnar eru í, ef þess er farið á leit, annast um uppskrift þeirra og geymslu til bráðabirgða, og um sölu þeirra eigna, sem ekki er ráðlegt að séu geymdar. Að öðru leyti skulu yfirvöldin í síðarnefndu ríki veita aðstoð við búskiptin, ef um er beðið, í þeim efnum, sem heimilt er samkvæmt lögum sama ríkis.

Beiðnina má senda beint til hlutaðeigandi yfirvalds. Krefjast má fyrirframgreiðslu kostnaðar vegna aðstoðarinnar, ef það telst nauðsynlegt. Skjölum, sem rituð eru á íslenzku eða finnsku, skal fylgja löggilt þýðing á dönsku, norsku eða sænsku.

Nú hefir látið orðið í öðru ríki en búseturíki hins látna, og skulu þá þar eftirlátnar eignir, jafnvel þó engin beiðni komi fram um það, teknar til geymslu samkvæmt þeim fyrirmælum, sem gilda á staðnum.

23. gr.

Nú er dánarbú, sem um ræðir í 19. gr., undir opinberum skiptum í Danmörku, á Íslandi eða í Noregi, og skulu þá lagaákvæði, sem takmarka heimild kröfuhafa til þess að leita fullnægju í búinu með málssókn, einnig gilda að því er snertir eignir, sem eru í einhverju öðru ríkjanna en því, þar sem skiptin fara fram. Þetta gildir þó ekki um heimildina til þess að innheimta skatta og önnur opinber gjöld, sem eru lögð á í því ríki, þar sem eignirnar eru, eða um heim-

ildina til þess að leita fullnægju í eignum, sem kröfuhafi hefir veðrétt eða haldsrétt í.

24. gr.

Nú er dánarbú, sem um ræðir í 19. gr., undir opinberum skiptum í Danmörku, á Íslandi eða í Noregi, og skal þá farið, á hliðstæðan hátt, eftir 7. gr. í samningi um gjaldþrotaskipti, frá 7. nóvember 1933, við ákvörðun á spurningum um forgangsrétt krafna.

25. gr.

Lagaákvæði í einhverju ríkjanna um, að þinglýsing sé nauðsynleg til þess að varðveita gagnvart dánarbúi réttindi, sem aflað hefir verið með réttargerningi eða með fjárnámi eða lögtaki, skulu ekki gilda um eignir, sem eru í hinum ríkjunum við látið.

26. gr.

Að svo miklu leyti sem framkvæmd undanfarandi ákvæða er því háð, hvar fjármunur er, skal krafa, sem tilheyrir arfleiðanda, álítast vera í því ríki, sem hefir í gildi lög þau, sem farið er eftir samkvæmt 19. gr. um skipti á dánarbúinu. Sé krafan bundin við skuldabréf eða annað skjal, sem framvísa þarf til þess að koma fram kröfunni, þá skal hún álítast vera í því ríki, þar sem skjalið er.

Skrásett skip, eða flugvél, telst vera í því ríki, þar sem það á heimilisfang.

IV. Almenn ákvæði.

27. gr.

Nú hefir dómstóll í einhverju samningsríkjanna fellt úrskurð um, að búi, sem um ræðir í 19. gr., skuli skipt af skiptaréttinum, af skiptaforstjóra, eða af skiptaráðanda (boutredningsman), eða að búinu skuli skipt með aðstoð skiptamanns (skiftesman), eða að það skuli afhent til einkaskipta, og skal þá sá úrskurður einnig vera bindandi í hinum ríkjunum.

Sama gildir um úrskurð um réttindi eftirlifandi maka til setu í óskiptu búi.

28. gr.

Ákvæðin um viðurkenningu dóma og sátta og um fullnægju þeirra, í samningi frá 16. marz 1932, gilda einnig um dóma og sættir um rétt til arfs eða dánargjafir, um réttindi eftirlifandi maka, og um ábyrgð á skuldum arfleiðanda, ef hinn látni átti ríkisfesti í einhverju ríkjanna og var búsettur í einhverju þeirra.

Hin sérstöku ákvæði í 3. gr. og í 6. gr. 3. lið í sama samningi um útivistardóma yfir stefndum, sem ekki mætti, gilda aðeins ef dómurinn varðar ábyrgð eftirlifandi maka, eða hinna einstöku erfingja, á skuldum hins látna.

29. gr.

Ekki skal farið eftir ákvæðunum í samningi þessum, ef arfleiðandi hefir látizt áður en samningurinn gekk í gildi, og heldur ekki, ef eftirlifandi maki hefir setið í óskiptu búi, og hið fyrrlátna hjóna hefir látizt áður en samningurinn öðlaðist gildi.

30. gr.

Samning þennan skal fullgilda, og fullgildingarskjölin skulu sett til vörzlu í skjalasafni utanríkismálaráðuneytisins danska, eins fljótt og auðið er.

Samningurinn gengur í gildi milli þeirra ríkja, er þá hafa fullgilt hann, 1. janúar eða 1. júlí næstan eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því að minnst þrjú samningsríkjanna hafa afhent fullgildingarskjöl sín að samningnum. Með tilliti til þeirra ríkja, er seinna fullgilda samninginn, gengur hann í gildi 1. janúar eða 1. júlí næstan eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því að fullgildingarskjalið var afhent.

Sérhvert samningsríki getur, gagnvart sérhverju hinna ríkjanna, sagt upp samningnum til þess að ganga úr gildi 1. janúar eða 1. júlí eftir að eitt ár er liðið frá uppsögninni.

Þessu til staðfestingar hafa umboðsmennirnir undirritað samning þennan og sett undir hann innsigli sín.

Gert í Kaupmannahöfn í einu eintaki á íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, og að því er finnskuna snertir í tveimur textum, öðrum fyrir Finnland og öðrum fyrir Svíþjóð, hinn 19. nóvember 1934.

(Undirskriftir.)

Fylgiskjal II.

Í sambandi við undirskriftina í dag undir samninginn milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um erfðir og skipti á dánarbúum hafa umboðsmenn samningsríkjanna gert eftirfarandi yfirlýsingu:

Samningsríkin eru ásátt um, að beiðnir um upplýsingar um efni laga, sem í gildi eru í einhverju ríkjanna, skulu sendar af hlutaðeigandi dóms- eða utanríkismálaráðuneyti, og ef spurt er um dönsk, finnsk, íslenzk eða norsk lög, þær sendar til dómsmálaráðuneytisins, en ef spurt er um sænsk lög, til réttardeildar utanríkismálaráðuneytisins (Utrikesdepartementets Rättsavdeling). Upplýsingar skal alltaf gefa að svo miklu leyti sem skýr lagafyrirmæli eru fyrir hendi, og að öðru leyti eftir því, sem ástæður leyfa.

Kaupmannahöfn, hinn 19. nóvember 1934.

(Undirskriftir.)

Sþ. 26. Tillaga til þingsályktunar

um leigu talskeytastöðva í fiskiskip.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson.

Sameinað Alþingi skorar á ríkisstjórnina að leggja fyrir landssímastjórnina að afla birgða af hentugum talskeytastöðvum til notkunar í fiskiskip og leigja þær fiskiskipaeigendum gegn kostnaðar árgjaldi, og heimilar jafnframt 25 þús. kr. fjárveitingu á yfirstandandi ári til kaupa á slíkum talskeytastöðvum.

Ástæður.

Vísa til greinargerðar um tillögu sama efnis frá þinginu 1934, svo og ræðu minnar þessu máli viðvíkjandi við 3. umr. fjárlaga fyrir yfirstandandi ár.

Nd. 27. Frumvarp til laga

um löggilding verzlunarstaðar í Hraunhöfn á Melrakkasléttu.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Í Hraunhöfn á Melrakkasléttu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðar, samkv. lögum nr. 61 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar í Presthólahreppi. Skip leita oft inn á Hraunhöfn til að liggja af sér veður. Skilyrði eru þar nokkur fyrir vélbátaútveg. Og æskilegt er, að flóabátar norðanlands geti haft þar viðkomu.

Nd. 28. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 25 9. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að undanþiggja banka frá því að stimpla með greiðslumerkjum skjöl útgefin af þeim, enda hagi þeir bókhaldi sínu þannig, að auðvelt sé, að dómi fjármálaráðuneytisins, að sjá á hverjum tíma, hve mörg stimpilskyld skjöl þeir hafa gefið út, og greiði þeir svo stimpilgjald af þeim ársfjórðungslega eftir á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumv. er flutt eftir tilmælum fjármálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

„Það kom í ljós, þegar samin var í fjármálaráðuneytinu reglugerð samkvæmt lögum nr. 25 9. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, að bankarnir áttu erfitt með að hafa hjá sér fullt eftirlit með því, að henni væri fylgt, og fóru því Landsbankinn og Útvegsbankinn fram á það, að lögunum nr. 25 9. jan. 1935 verði breytt þannig, að bönkunum verði gefin undanþága frá því að líma greiðslumerki á kvittanir þær og ávísanir, sem bankarnir gefa út og stimpilskyldar eru. Til þess er ætlazt, að bókhaldi bankanna verði hagað þannig, að auðvelt sé að sjá á hverjum tíma, hve mörg stimpilskyld skjöl bankarnir hafa gefið út, og greiða bankarnir stimpilgjaldið ársfjórðungslega eftir á".

Nd. 29. Frumvarp til laga

um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins, og um eftirlit með innflutningi trjáfræs.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir ein heimild til þess að flytja til landsins hverskonar trjáplöntur, og tekur sú heimild einnig til plantna af öllum tegundum runna, nema rósum. Ennfremur skal ríkisstjórnin taka að sér eftirlit með innflutningi á tjáfræi.

2. gr.

Ríkisstjórnin felur skógrækt ríkisins að sjá um innkaup og innflutning erlendra trjáplantna, eftir því sem þörf krefur. Ríkisstjórnin felur einnig skógrækt ríkisins eftirlit með innflutningi á trjáfræi.

3. gr.

Skógræktarstjóri, sem framkvæmdarstjóri skógræktarmálanna, sér um innkaup, sölu og afhendingu erlendra trjáplantna. Plönturnar má selja bæði í heildsölu og smásölu, en öll álagning skal ákveðin af ríkisstjórn, eftir tillögum skógræktarstjóra.

4. gr.

Skógræktarstjóri skal leggja áherzlu á, að til landsins flytjist harðgerðar plöntur, sem líklegar séu til þess að þola íslenzkt veðurfar. Skal hann einnig gæta þess, að heilbrigði plantnanna sé ekki ábótavant, svo framarlega, sem þess er kostur.

Eftirlit með innflutningi á trjáfræi skal fólgið í því, að skógræktarstjóri getur krafizt þeirra heilbrigðisvottorða, sem hann álítur nauðsynleg, með hverri tegund trjáfræs.

5. gr.

Sá arður, sem kann að verða af sölu innfluttra trjáplantna, fellur til skógræktar ríkisins, og skal honum ráðstafað á sama hátt og því fé, sem skógrækt ríkisins hefir í þarfir skógræktarmálanna.

6. gr.

Sá, sem gerist brotlegur við lög þessi, með því að flytja erlendar trjáplöntur til landsins, skal sæta sektum frá 10—500 krónum, og skal upphæðin metin eftir því, hvort viðkomandi flytur inn plöntur til eigin þarfa eða ætlar þær til sölu. Plönturnar skulu gerðar upptækar, og falla þær til skógræktar ríkisins.

Sá, sem brýtur 3. grein þessara laga, með því að selja trjáplöntur hærra verði en auglýst smásöluverð heimilar, skal sæta sektum frá 100—500 krónum.

Sá, sem flytur inn trjáfræ án nauðsynlegra heilbrigðisvottorða, sætir sektum frá 10—100 kr.

Sektarfé rennur í ríkissjóð.

7. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta lá fyrir síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Sakir sívaxandi eftirspurnar eftir trjáplöntum til gróðursetningar við hús og bæi, og sakir þess, að hin innlenda framleiðsla hefir lítið sem ekkert aukizt á síðari árum, hefir innflutningur erlendra trjáplantna hingað til land aukizt feykilega. Þótt innflutningur erlendra trjáplantna sé hvergi nærri eins ákjósanlegur og uppeldi trjáplantna hér á landi, þá hefir þessi innflutningur samt bætt úr brýnustu þörf manna, og að sjálfsögðu verður að halda honum áfram unz innlend plöntuframleiðsla er komin svo langt áleiðis, að hún geti fullnægt þörfum landsmanna.

En mjög margir og miklir annmarkar hafa verið á þessum innflutningi erlendra trjáplantna og sölu þeirra hér. Ýmsir menn, sem lítið vit hafa haft á trjárækt, hafa keypt allskonar trjátegundir erlendis, og mjög mikið af þeim plöntum hefir verið þeirra tegunda, að engin minnstu líkindi hafa verið til, að þær gætu náð hér nokkrum þroska, eins og t. d. askur, eik, beyki, lind o. m. fl. Svo hefir og einnig verið flutt inn mikið af trjátegundum, sem geta hjarað hér, en sjaldan náð verulegum þroska, eins og t. d. flestar tegundir af álmi, hlyn, þyrni, furu og greni. Með innkaupum slíkra plantna hefir töluverðu fé verið algerlega á glæ kastað, og er sjálfsagt að koma í veg fyrir, að þetta endurtaki sig. En auk hins beina fjártjóns, sem af þessum eftirlitslausa innflutningi hefir leitt, hefir einnig leitt af honum töluvert óbeint tjón. Almenningur hefir keypt þessar plöntur í trausti þess, að þær gætu vaxið, enda hefir ekki skort gyllingar þeirra, sem selt hafa plöntur. En er þessar plöntur síðar hafa dáið út, hefir það orðið til þess að hvekkja þá, sem keypt hafa, svo að þeir hafa misst trúna á trjáræktarmöguleika. Þannig hafa bæði trjá- og skógrækt beðið mikinn álitshnekki.

Undanfarin ár hefir verið mikil eftirspurn eftir trjáplöntum, og hefir það hleypt útsöluverði plantnanna óhæfilega hátt upp. Fyrir þrem árum var t. d. út-

söluverð 1 meters hárra reyniviðarplantna frá 1,25—1,75 kr., en í innkaupi kosta þessar plöntur ekki nema 10—25 aura, eða jafnvel minna. Þótt töluverður úrgangur verði oft við plöntusölu og þrátt fyrir að tollar á trjáplöntum eru óhæfilega háir, verður þetta að teljast óhæfileg álagning. Á síðasta vori mátti líka, fyrir atbeina Skógræktarfélags Íslands, fá slíkar plöntur á 50—55 aura.

Það er ekki minnsta vafa undirorpið, að bæði of hátt útsöluverð trjáplantna og innflutningur veikgerðra plantna hefir mjög dregið úr áhuga almennings á trjárækt. En það er afaráríðandi fyrir framtíð trjáræktar hér á landi, að trú almennings á trjárækt dofni ekki fyrir handvömm eina, og til þess að reyna að komast hjá því er þetta frumvarp meðal annars komið fram.

En það eru og aðrar ástæður fyrir því. Með innflutningi trjáplantna er hætt við, að ýmsir sjúkdómar geti borizt hingað til lands. Og telja má víst, að nokkrir — að vísu ekki hættumiklir — trjásjúkdómar hafi borizt hingað á þennan hátt. Hve plöntusjúkdómar geti verið hættulegir, nægir aðeins að benda á kartöflumygluna og tjón það, sem af henni hefir hlotizt. Með lögum eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu er mikið dregið úr hættu á innflutningi trjásjúkdóma, og jafnvel ýmissa annara sjúkdóma á plöntum. Þetta er líka ástæðan til þess, að gert er ráð fyrir eftirliti með innflutningi trjáfræs.

Af verzlunarskýrslum verður ekki séð, hve mikið hefir verið flutt inn af trjáplöntum á undanförnum árum, sakir þess, að allar lifandi plöntur eru taldar í einum lið. En verðmæti þessara plantna hefir venjulega numið 10000—16000 kr. upp á síðkastið. Meiri hlutinn af þessu verðmæti fellur þó áreiðanlega á trjáplöntur. Af þessu má sjá, að hér er ekki um mikilsverðan atvinnumissi að ræða fyrir einstaklinga, enda má gera ráð fyrir því, að þeir, sem undanfarið hafa fengizt við trjásölu og trjáplöntun, geti fengið keyptar plöntur í heildsölu til útplöntunar. Verða þeir þá aðeins að láta sér nægja minni álagningu en áður.

Að endingu er rétt að taka það fram, að það er neyðarúrræði að kaupa trjáplöntur frá útlöndum, því að það hefir margsýnt sig, að þessar plöntur geta hvergi nærri jafnazt á við góðar íslenzkar plöntur. Þess vegna mun innflutningur erlendra trjáplantna minnka jafnótt og hin innlenda framleiðsla eykst. En takmark skógræktar ríkisins hlýtur að verða aukin framleiðsla innlendra plantna, og er þess vegna ekki nema sjálfsagt, að hún annist innflutninginn á erlendum plöntum meðan þess þarf með.

Hinar einstöku greinar frumvarpsins þurfa ekki skýringa við, nema 3. gr. Það er ekki minnsta hætta á, að álagning á trjáplönturnar verði sett of hátt, þar eð það er í þágu skógræktarinnar, að sem mest sé keypt af plöntum og að þeim sé plantað sem víðast".

Nd. 30. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 43 20. júní 1923.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og mælir með, að það verði samþ. óbreytt. Tveir nefndarmenn, Emil Jónsson og Páll Zóphóníasson, hafa fyrirvara

um fylgi sitt við málið, hvor á sinn hátt, og munu gera grein fyrir afstöðu sinni undir umræðum.

Alþingi, 25. febrúar 1935.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Jón Pálmason, frsm.	Emil Jónsson, með fyrirv.	Páll Zóphóníasson, með fyrirv.

Guðbr. Ísberg.

Nd. 31. Frumvarp til laga

um námsskeið fyrir atvinnulausa unglinga í bæjum og kaupstöðum.

Flm.: Sigurður Einarsson.

1. gr.

Skólanefndum í bæjum og kaupstöðum er heimilt að efna til námsskeiða að vetrinum fyrir atvinnulausa unglinga, og skulu námsskeiðin kostuð af ríki og bæjar- eða hreppsfélagi í sameiningu.

2. gr.

Bæjar- eða hreppsfélag leggur húsnæði, ljós, hita, áhöld öll og efni til kennslunnar. Skólanefnd ræður kennara til starfans og semur um kaup þeirra, en skólastjórar barnaskólanna sjá um daglega stjórn og framkvæmd.

Nú efnir skólanefnd til námsskeiðs fyrir atvinnulausa unglinga, er ekki standi skemur en 3 mánuði, og kennsla hvers nemanda 12 stundir á viku eða meira, og greiðast þá úr ríkissjóði 8 krónur fyrir mánaðar kennslu hvers nemanda. Að öðru leyti ber hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélag kostnað af námsskeiðunum. Námsskeiðin eru bæði fyrir pilta og stúlkur. Kennsla er ókeypis.

3. gr.

Kenna skal á námsskeiðum þessum eftirtaldar námsgreinar: Móðurmál, reikning, leikfimi, söng, smíðar, hannyrðir, saumaskap og hvað annað verklegt nám, er henta þykir. Leggja skal aðaláherzluna á hið verklega nám og leitazt við að efla smekkvísi, lagni og verkkunnáttu nemenda við algengustu nauðsynjastörf. Smíðisgripi sína og saumaskap eiga nemendur sjálfir að náminu loknu.

Að öðru leyti setur kennslumálaráðherra reglugerð um námsskeiðin, eftir tillögum fræðslumálastjóra og skólanefndar á hverjum stað.

4. gr.

Skólanefndir í bæjum og kaupstöðum auglýsa námsskeið þessi í septembermánuði ár hvert.

Nú gefa sig fram 25 atvinnulausir unglingar eða lögráðamenn þeirra, og er skólanefnd þá skylt að efna til námsskeiðs samkv. þessum lögum, en heimilt þó færri séu.

5. gr.

Skýrslu um námsskeið fyrir atvinnulausa unglinga í bæjum ber að senda fræðslumálastjóra ár hvert, ásamt skýrslum um barnaskólana.

Greinargerð.

Það er hverjum manni kunnugt, að atvinnuleysi færist í vöxt meðal unglinga í bæjum, en aðstaða margra heimila þannig, að þau geta ekki sett börnin til náms, eða séð þeim á annan hátt fyrir sæmilegu umhverfi, félagsskap og hollum viðfangsefnum. Iðjuleysi unglinganna leiðir svo aftur til þess, að þeir dragast oft út í miður heppilegan félagsskap og athafnir, og eru þess ekki allfá dæmi, að leitt hefir til afbrota og ófarnaðar.

Það er reynsla allra þjóða, þeirra, er við atvinnuleysi hafa átt að stríða, að því fylgir hin mesta mannspilling. Á engum kemur hún eins hart niður eins og unglingum og æskumönnum. Áhugamál, hugsjónir og viðfangsefni skortir, lífsfjör og manndómur dvín, og ef ekki er að gert, þá bíður æskumaðurinn oft það tjónið, sem erfiðast er úr að bæta, lömun á starfslund sinni og starfsvilja.

Nú er það talin sjálfsögð skylda með öllum þjóðum að vernda unglinga, eftir því sem kostur er, frá slíkum vandræðum, með því að gefa þeim, er ekki hafa nám eða vinnu með höndum, kost heilbrigðra og göfgandi viðfangsefna. Frv. þessu er ætlað að vera spor í þá átt hér á landi. Skólanámið, sem þar er gert ráð fyrir, er að vísu ekki mikið, en það gefur tilteknum æskumannahópi, sem nú er atvinnulaus og eftirlitslaus, tækifæri til starfs og samvista undir stjórn kennara, gefur viðfangsefni, og á að vera þess megnugt að bægja atvinnulausum æskumönnum frá algeru athafnaleysi eða öðrum og skaðlegum athöfnum.

Að því er ríkissjóð snertir má óhætt gera ráð fyrir, að hér verði ekki um mikil útgjöld að ræða. Húsnæði það, er skólanefndir hafa tök á, og aðrar ástæður munu verða þess valdandi, að víðast mun byrjað smátt. Skipulagið er haft sem einfaldast, til þess að síður verði á móti því haft að gera þessa tilraun, t. d. með því að hér sé um nýja tegund skólastarfsemi að ræða. Verksvið skólastjóra og skólanefnda í bæjum og kaupstöðum aðeins fært nokkuð út, látið ná til fermdra unglinga, sem þessir aðilar af uppeldisfræðilegum ástæðum hljóta að telja sér viðkomandi.

Ástæður atvinnulausra unglinga eru yfirleitt þannig, að ekki tjáir að ætla þeim að bera kostnað af námi sínu og skólastarfinu. Fyrirkomulagið er um þessi atriði sniðið eftir því, sem tíðkazt hefir víða erlendis, að bæjarfélagið greiði allan annan kostnað af skólahaldinu en framlag ríkissjóðs. Að svo stöddu getur ekki orðið um það sagt, hve miklu sú upphæð kann að nema á einstökum stöðum. Hún hlýtur jafnan að nema einhverju, ef slík námsskeið yrðu fjölsótt. Hinsvegar er þess að gæta, að það getur engum stjórnendum bæja og stjórnendum uppeldismála í þeim legið í léttu rúmi, hversu fer um atvinnulausa unglinga, hvort bæjarfélagið má vænta sér í þeim starfsamra borgara með „normal“ afstöðu til lífsins og mannfélagsins, þegar raknar úr,

eða ósjálfbjarga manna, sem atvinnuleysi æskuáranna og hirðuleysi samborgaranna markaði sljóleika, vonleysi og úrræðaleysi, eins og oft hefir orðið reyndin.

Nánar í framsögu.

Nd. 32. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 20. júní 1923, um sandgræðslu.

Flm.: Sigurður Einarsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Landsstjórnin hefir yfirstjórn sandgræðslumála í landinu. En öll forstjórn opinberra ráðstafana til sandgræðslu og varnir gegn upphlæstri og sandfoki á landi skal, unz önnur skipan er á ger, falin sandgræðslustjóra, er landbúnaðarráðherra skipar. Sandgræðslustjóri skal hafa til að bera sérþekkingu í sandgræðslu. Ráðherra ákveður laun hans í samræmi við aðra hliðstæða embættismenn ríkisins, unz þau kynnu að verða ákveðin með launalögum, eða önnur skipan ger á um forstjórn sandgræðslumála.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Landsstjórnin ákveður, í samráði við hlutaðeigandi hreppsnefndir og eftir tillögum sandgræðslustjóra, hver svæði skuli tekin til girðingar og sandgræðslu.

Sá, er óskar að fá girt uppblásturssvæði í landareign sinni, sendi sandgræðslustjóra beiðni um það og láti fylgja ýtarlega skýrslu um ástæður allar.

Þau svæði skulu að öðru jöfnu ganga fyrir, þar sem eigendur, hlutaðeigandi hreppur eða sýsla bjóða mest fé fram til verksins.

3. gr.

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ á einum stað og „Búnaðarfélagið“ á tveim stöðum í 13. gr. komi orðin „sandgræðslustjóri“ á einum stað og „sandgræðslustjóra“ á tveim stöðum.

4. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Sandgræðslustjóri semur árlega áætlun fyrir hvert sandgræðslusvæði og sendir landeiganda eða hlutaðeigandi hreppstjóra fyrir 15. febrúar. Umsóknir um styrk úr ríkissjóði til sandgræðslu skulu sendar til sandgræðslustjóra fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

5. gr.

Á eftir 14. gr. laganna komi svolátandi ný grein, og greinatala þeirra breytist samkv. því:

Þá er sandgræðslumaður sá lætur af störfum, er gegnt hefir starfinu undanfarið, enda hafi honum verið gefinn kostur á að takast það á hendur samkvæmt lögum þessum, þá er landsstjórninni heimilt að sameina starf sandgræðslustjóra og skógræktarstjóra.

Greinargerð.

Um leið og Sigurður Sigurðsson fyrrv. búnaðarmálastjóri lætur af störfum í þágu Búnaðarfélagsins, er á burt fallin sú ástæða, sem til þess kann að hafa verið, að sandgræðslan stæði undir yfirstjórn Búnaðarfélagsins. Var Sigurður sá starfsmanna Búnaðarfélagsins, er mest lét þessi mál til sín taka, að undanteknum sandgræðslumanninum, Gunnlaugi Kristmundssyni, og kom þar jafnan fram af velvilja og skilningi. Hinsvegar er það kunnugt mál, að starfið hefir í öllum greinum, bæði að því er snertir bókhald, skýrslugerðir og stjórn framkvæmda, hvílt á Gunnlaugi Kristmundssyni, en Búnaðarfélagið hinsvegar tekið árlega nokkurt fé af sandgræðslunni fyrir milligöngu, sem virðist að miklu leyti óþörf úr því sem nú er komið. Er það að vísu ekki mikið fé, mun hafa numið um 700 krónum hin síðari árin.

Hér er farið fram á það, að þessi milliganga Búnaðarfélagsins falli á burt, en að skipaður verði sandgræðslustjóri, sem standi beint undir landsstjórninni, eins og t. d. skógræktarstjóri. Telur núverandi sandgræðslumaður, Gunnlaugur Kristmundsson, það að ýmsu hagkvæmara og brotaminna fyrirkomulag. Hinsvegar er maðurinn sjálfur svo alkunnur að ósérplægni og samvizkusemi í starfi sínu, að óþarfi er að gera ráð fyrir, að hann myndi gera kröfu til svo hækkaðra launa í sambandi við þessa skipulagsbreytingu, að hana sé af þeim ástæðum að óttast.

Þá þykir og rétt að benda á þá þróunarleið, sem virðist hin eðlilega í þessum málum, að starf skógræktarstjóra og sandgræðslumanns renni saman í framtíðinni. Mætti af því verða augljós sparnaður og að mörgu leyti hagkvæmara. Hvorirtveggja hafa sína umboðsmenn og trúnaðarmenn, sem víða væri auðgert að sameina. Ferðalögum mætti einatt haga svo, að hvorutveggja, skógrækt og sandgræðslu, kæmi sama för að fullum notum án aukins tilkostnaðar o. s. frv. Þótti því rétt, að í lögunum feldist heimild til slíkrar sameiningar, þá er það mætti af öðrum ástæðum telja fært eða hagkvæmt. Sú mun og hafa verið hin upphaflega skipan á.

Nd. 33. Frumvarp til laga

um útrýmingu fjárkláðans.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að láta fara fram böðun á öllu sauðfé í landinu til útrýmingar fjárkláðanum.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður, í samráði við forstöðumann rannsóknarstofu háskólans, hvaða baðlyf skuli notað til útrýmingarinnar.

3. gr.

Í hverju sýslufélagi skal, eftir tillögu sýslunefndar, skipa einn eftirlitsmann, er hafi umsjón með undirbúningi og framkvæmd útrýmingarböðunarinnar innan sýslu. Skal eftirlitsmaður tilnefna baðstjóra í hverjum hreppi, í samráði við hlutaðeigandi hreppsnefnd.

4. gr.

Kostnaður við útrýmingarböðunina greiðist af þessum aðilum:

1. Baðlyf, eins og það kostar á næstu höfn, greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu af fjáreigendum.
2. Þóknun fyrir störf eftirlitsmanns innan hverrar sýslu greiðist úr sýslusjóði, eftir reikningi, er sýslunefnd úrskurðar.
3. Kaup baðstjóra greiðist úr sveitarsjóði.

5. gr.

Skylt er hreppsnefndum að annast um, að fyrir hendi séu nothæf tæki á hverju heimili til böðunar, en fjáreigendum ber að greiða þann kostnað, sem af útvegun þeirra tækja leiðir, að svo miklu leyti, sem þeir leggja þau eigi til sjálfir.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd útrýmingarböðunarinnar, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, og má í þeirri reglugerð ákveða allt að 5000 króna sekt fyrir brot á henni.

7. gr.

Komi það í ljós að aflokinni böðun, að útrýming fjárkláðans hefir eigi tekizt til fulls, skal tafarlaust fyrirskipa útrýmingarböðun af nýju eftir sömu reglum, á svo stóru svæði eða svæðum, er landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, telur þurfa.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

1. Tilskipun 5. jan. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.
2. Tilskipun 4. marz 1871, er hefir inni að halda viðauka við tilskipun 5. jan. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.
3. Lög nr. 40 frá 1901.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum þingum hafa komið fram ákveðnar kröfur um, að fram yrði látin fara allsherjar böðun til útrýmingar fjárkláðanum í landinu. Hefir

enginn mælt í gegn nauðsyn þess, að hafizt sé handa í þessu efni, en sumum hefir vaxið í augum sá kostnaður, sem af sliku hlyti að leiða fyrir ríkissjóð. Í þessu frumvarpi er kröfum á hendur ríkissjóði stillt svo í hóf sem auðið er, í trausti þess, að eigi dragist lengur, að til framkvæmda komi í málinu, og ástandið enda þannig víða, að eigi verður lengur við unað, og fer stöðugt versnandi. Er því vitanlega ætlazt til, að böðunin fari fram næsta vetur, svo framarlega sem eigi er alveg sérstaklega og óvenjulega ill aðstaða með fóðurbirgðir, og sé um það leitað álits Búnaðarfélags Íslands.

Nd. 34. Nefndarálit

um frv. til l. um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 27. febr. 1935.

Sigfús Jónsson, form., frsm. Ásgeir Ásgeirsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Ólafur Thors.

Nd. 35. Nefndarálit

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 27. febr. 1935.

Sigfús Jónsson, form. Stefán Jóh. Stefánsson, frsm. Ásgeir Ásgeirsson.

Ólafur Thors.

Ed. 36. Frumvarp til laga

um viðauka við og breyting á lögum nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði.

Flm.: Bernh. Stefánsson, Einar Árnason.

1. gr.

Í stað 1. mgr. 6. gr. laganna komi:

Í stjórn hvers sparisjóðs mega eigi vera færri en 3 menn, og skal einn þeirra vera formaður. Hafi sparisjóður 200000 króna sparisjóðsinnstæðufé eða reki

almenna hlaupareiknings- og innheimtustarfsemi, skal stjórnin skipuð 5 mönnum. Sé sjóðurinn eign sýslu- eða bæjarfélags, skal stjórnin kosin af hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn með hlutfallskosningu, og stjórnin velja sér formann.

Stjórn sparisjóða, sem eigi eru eign sýslu- eða bæjarfélaga, hreppsfélaga eða félaga einstakra manna, skal kosin af hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn með hlutfallskosningu, að formanni undanteknum, en hann skal skipaður af fjármálaráðherra.

Stjórn sparisjóðs ræður starfsmenn hans og hefir umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

2. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætist:

Ekki mega þeir heldur reka lánastarfsemi, lánsverzlun né aðra atvinnu, sem komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

3. gr.

Í stað orðanna „Heimilt er ... með höndum", síðast í 9. gr. laganna, komi: Hafi sparisjóður ekki 200000 króna innstæðufé né reki almenna hlaupareiknings- eða innheimtustarfsemi, er heimilt, að stjórnendur sjóðsins hafi þessi störf með höndum.

4. gr.

Á eftir orðinu „endurskoðunarmenn" í upphafi 19. gr. laganna, komi: kosnir á sama hátt og af sömu aðiljum og stjórnendur sjóðsins.

5. gr.

Nú er stjórn og endurskoðendur sparisjóðs ekki skipuð í samræmi við ákvæði þessara laga, og ber þá að kjósa lögmæta stjórn innan þriggja mánaða frá því að lögin öðlast gildi. Fjármálaráðherra getur þó veitt lengri frest, ef sérstaklega stendur á.

6. gr.

Fjármálaráðuneytið annast eftirlit með öllum sparisjóðum í landinu. Skal það hafa nákvæma aðsjón með því, að starfsemi og rekstur sparisjóðanna og stjórn þeirra sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og önnur fyrirmæli, sem fylgja ber. Skal það annast um, að tafarlaust sé kippt í lag öllu því, sem ábótavant kann að vera, og getur það stöðvað rekstur sparisjóðs, ef ástæða þykir til, meðan ekki er bætt úr ágöllunum. Ráðuneytið á heimtingu á því að fá aðgang að öllum skjölum og skilríkjum sparisjóðanna vegna eftirlitsins.

7. gr.

Kostnað þann, sem fjármálaráðuneytið kann að hafa vegna eftirlitsins, skal greiða úr ríkissjóði, en sparisjóðir skulu endurgreiða ríkissjóði kostnaðinn í hlutfalli við það fjármagn, sem þeir hafa í veltu um hver áramót.

8. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 48 20. júní 1923, um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mikið af sparifé landsmanna er ávaxtað í sparisjóðum, og skiptir það því almenning miklu, að sem tryggilegast sé um búið hvað snertir stjórn þeirra, skipulag og eftirlit með þeim. Eru lög nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði, nokkuð ónákvæm að því er snertir sum atriði, sem máli skipta í þessu efni, og er með þessu frv. gerð tilraun til að bæta úr því.

Til eru sparisjóðir, sem svífa að því leyti í lausu lofti, að enginn sérstakur aðili er eigandi þeirra, heldur hafa þeir í fyrstu verið stofnaðir með ábyrgð einstakra manna, sem ef til vill eru dánir, og stjórn þeirra þarf ekki að standa neinum reikningsskap ráðsmennsku sinnar. Sjóðir þessir, sem eru sjálfseignarstofnanir, eru stofnaðir og starfræktir í almenningsþágu, og virðist því eðlilegast, að hið opinbera ráði stjórn þeirra. Hér er lagt til, að hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd og ríkisstjórnin skipi í sameiningu stjórn slíkra sjóða.

Ef sparisjóður er eign bæjar- eða sýslufélags eða félags einstakra manna, þá er auðvitað sjálfsagt, að eigandi skipi alla stjórn sjóðsins, en rétt þykir að viðhafa hlutfallskosningu í stjórnina, ef um bæjar- eða sýslufélag er að ræða. Sú kosningaaðferð er nú almennt viðurkennd, a. m. k. í bæjarstjórnum.

Hér er lagt til, að stjórnir hinna stærri sparisjóða séu skipaðar 5 mönnum, og virðist það öruggara, og ennfremur að stjórnendur þeirra hafi ekki gjaldkera og bókarastörfin með höndum, því að þá er síður um fullnægjandi eftirlit að ræða með þeim störfum.

Sjálfsagt virðist að áskilja, að stjórnendur og starfsmenn sparisjóða reki enga þá atvinnu, sem komi í bága við hagsmuni sjóðsins.

Gefa verður sparisjóðum þeim, sem nú starfa, nokkurn frest til að breyta fyrirkomulagi sínu eftir frv. þessu, ef það verður að lögum.

Eftirlit það með bönkum og sparisjóðum, sem ákveðið er í lögum nr. 48 20. júní 1923, er ekki framkvæmt. Hafa og bankarnir ekki talið sig hafa haft gagn af því, enda er nú að ýmsu leyti betur og tryggar búið um stjórn þeirra heldur en gert var þegar lög þessi voru sett. Hinsvegar orkar það ekki tvímælis, að nauðsynlegt er að hafa eftirlit með sparisjóðum, og er hér lagt til að fela fjármálaráðuneytinu það eftirlit. Virðist það hentugra og mundi reynast ódýrara heldur en að fela það sérstökum manni. Kostnað þann, sem leiðir af þessu eftirliti, þykir rétt, að sparisjóðirnir greiði. Verði þetta fyrirkomulag tekið upp, hafa lögin frá 1923 um eftirlit með bönkum og sparisjóðum ekki þýðingu lengur, og er því lagt til að fella þau úr gildi.

Að lokum skal þess getið, að frv. þetta er flutt í samráði við fjármálaráðherra.

Nd. 37. Nefndarálit

um frumvarp til l. um hafnsögu í Ísafjarðarkaupstað.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Hafnsögugjaldið greiðist samkvæmt reglugerð, er hafnarnefnd Ísafjarðar semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í þeirri reglugerð jafnframt ákveða, hvert gjald skuli greiða fyrir leiðsögu út úr höfninni og um höfnina, þar á meðal inn í innri höfnina og út úr henni, svo og um framkvæmd hafnsögunnar og innheimtu hafnsögugjalda. Öll gjöld samkvæmt reglugerðinni renna í hafnarsjóð Ísafjarðar, og má taka þau lögtaki.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður. Greinatalan breytist samkv. þessu.

Alþingi, 28. febr. 1935.

Finnur Jónsson, form., frsm. | Gísli Guðmundsson, fundaskr. | Páll Þorbjörnsson.

Sigurður Kristjánsson.

Ed. 38. Frumvarp til laga

um loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Ingvar Pálmason.

1. gr.

Hvert íslenzkt skip, sem er í förum milli landa og hefir minnst 12 manna áhöfn, svo og hvert íslenzkt farþegaskip, er siglir með ströndum fram og er 200 rúmlestir eða stærra, skal hafa fullkomlega starfrækta loftskeytastöð.

2. gr.

Afl stöðvanna skal vera minnst 125 volt í loftneti á 600 metra öldulengd og fullnægja að öðru leyti ákvæðum um loftskeytastöðvar í skipum.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur reglugerð um starfrækslu stöðvanna, en skilyrðum landssímans fyrir leyfisbréfum þeirra skal að öðru leyti fullnægt samkvæmt heimild í lögum nr. 82 14. nóv. 1917, um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi, og ákvæðum reglugerðar 27. okt. 1933, um loftskeytastöðvar í skipum, með tilliti til öryggis mannslífa á sjónum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var flutt frv. til l. um loftskeytastöðvar í flutningaskipum. Málið komst til 3. umr. í Ed., og þannig breytt, að okkur flutningsmönnum þótti ekki þess vert, að það gengi fram, og dagaði það því uppi. Við viljum því flytja málið á ný, nokkuð breytt að orðalagi, en efnisbreyting mjög lítil, samkvæmt ósk þeirra stéttafélaga, er mestan áhuga hafa fyrir því, að það gangi fram, en það eru sjómannafélögin hér og í Hafnarfirði og Félag íslenzkra loftskeytamanna.

Um nauðsyn þessa máls skal vísað til greinargerðar fyrir frv. á síðasta þingi (þskj. 94), að því viðbættu, að samkvæmt meðfylgjandi fylgiskjölum eru færð svo skýr rök fyrir nauðsyn loftskeytatækja til öryggis mannslífa á sjónum, að um það ætti ekki að þurfa að vera nein deila.

Fylgiskjal I eru kaflar úr erindi, sem var flutt á aðalfundi Slysavarnafélags Íslands 17. febr. síðastl. af Henry Hálfdánarsyni loftskeytamanni og hlaut almennar undirtektir fundarmanna og er samið eftir beztu fáanlegum gögnum.

Fylgiskjal II er greinargerð hinna hæfustu manna innan stjórnar Fél. ísl. loftskeytamanna um nothæfi loftskeytastöðva og talstöðva sem öryggistæki fyrir sjófarendur, og greinarmunur gerður þar á.

Rökstuðningur fyrir þessu máli er svo ótvíræður, að gera má ráð fyrir, að fáir séu þeir, sem ekki viðurkenni nauðsyn þess, að málið nái samþykki Alþingis sem einn þýðingarmesti liðurinn í öryggi fyrir lífi manna á sjónum.

Fylgiskjal I.

Loftskeyti og slysavarnir.

Loftskeytastöðvar eru beztu björgunartækin, sem þekkjast. Með aðstoð loftskeytanna hefir á síðustu árum verið bjargað fleiri mannslífum en á nokkurn annan hátt. Án þeirra kæmu öll björgunartæki og ráðstafanir til slysavarna ekki nema að hálfum notum.

Við umræðurnar um loftskeytastöðvarnar í flutningaskipin, sem þeir þingm. Sigurjón Á. Ólafsson og Ingvar Pálmason fluttu á haustþinginu, leyfði einn andmælandi frumvarpsins sér að hafa þau orð um hönd, að hann vissi þess engin dæmi, að loftskeyti hafi orðið til þess að bjarga mannslífum hér við land. Um sama leyti birtust í dagbl. Vísi greinar eftir einhvern angurgapa, sem lét svipaðar skoðanir í ljós.

Til að sýna, hvað þessi og önnur slík ummæli hafa við mikil rök að styðjast, skulu hér færð nokkur dæmi um mannslíf, sem bjargað hefir verið hér við land fyrir aðstoð loftskeytanna á síðastliðnum þrem árum og mönnum ætti því að vera í fersku minni.

Við byrjum þá á árinu 1932. Þann 29. janúar strandaði enski togarinn „Raetia“ frá Grimsby á Hraunhafnartanga á Melrakkasléttu í vonzkuveðri. Varðskipið Ægir, sem til var kallað, bjargaði áhöfninni, 14 manns, og skipinu líka.

5. marz sama ár strandaði þýzki togarinn Lübeck frá Nordenham á Löngu-skerjum við Selvog í austan rokstormi og brimi. Farþegaskipið Dettifoss, sem var á ferð fyrir sunnan land, heyrði neyðarskeytin og brá þegar við til hjálpar og bjargaði skipshöfninni, 14 manns. Fyrir þetta sæmdi þýzka ríkisstjórnin skipstjórann, loftskeytamanninn og aðra, sem að björguninni stóðu, mikilsverðum heiðursmerkjum og björgunarlaunum. 22. nóv. sama ár strandaði enski togarinn Fiat frá Grimsby á Kópanesi í norðanroki og blindhríð. Varðskipið Óðinn bjargaði skipverjum, 14 að tölu, náði síðan út skipinu sjálfu og flutti það til Reykjavíkur. Þegar Fiat strandaði, hafði hann enga hugmynd um, hvar hann væri staddur, og gaf því upp strandstaðinn annarsstaðar en hann var. Með aðstoð loftskeytastöðvar og miðunarstöðvar Óðins fann hann strandstaðinn í blindhríð. Kom hér í þessu tilfelli loftskeytastöð og miðunarstöð að fullu liði til að bjarga 14 mannslífum. Af þessum þremur skipum eingöngu hefir því á árinu 1932 verið bjargað 42 mannslífum með aðstoð loftskeytanna.

Við skulum þá taka árið 1933. 24. janúar sökk þýzki togarinn Bluecher frá Wesermünde austan við Vestmannaeyjar. Skipverjum 11 var bjargað af öðrum togara, Venus, sem kom til hjálpar. 10. apríl strandaði togarinn Skúli fógeti í norðaustanstormi og kafaldsbyl vestanvert við Staðarhverfi í Grindavík. Af þessu skipi var 28 mönnum bjargað fyrir atbeina loftskeytanna. Því að þótt loftskeytamaðurinn hafi orðið að láta þarna lífið, þá hafði hann þó áður getað sent það skeyti, sem gerði mönnum aðvart um slysið. Hin góðu tæki Slysavarnafélagsins og dugnaður björgunarmanna hefði ekki notið sín, ef ekki hefði verið vitað um slysið í tíma, og ekki verið skundað strax til hjálpar. 13. apríl s. á. bjargaði enski togarinn Fortuna 6 mönnum af m/b „Fræg", sem sökk við Vestmannaeyjar í austanstormi og stórsjó. Leitað var að bátnum samkv. beiðni gegnum loftskeyti. Fleiri skip voru að leita. — 24. des. s. á. strandaði belgiski togarinn Jan Voldes frá Ostende í dimmviðri norðan til á Reykjanesi, í stórgrýtisurð framan við klettabelti. Fyrir ärvekni loftskeytamannsins á varðskipinu Óðni tókst varðskipsmönnum að bjarga skipshöfn togarans, 15 mönnum, á síðasta augnabliki, áður en togarinn liðaðist sundur og hvarf í djúpið. Í viðurkenningarskyni hafa varðskipsmenn verið sæmdir heiðursmerkjum af belgisku stjórninni. Á árinu 1933 hefir því í þessum tilfellum verið bjargað 63 mönnum frá því að drukkna, allt fyrir atbeina loftskeytanna.

Þá komum við að árinu sem leið — 1934.

Snemma á árinu strandaði togarinn Kingston Peridot í illviðri og dimmviðri nálægt Höfnum. Slysavarnasveitin í Höfnum bjargaði skipverjum í land eftir að henni hafði verið gert aðvart; seinna björguðu varðskipin skipinu.

29. okt. síðastl. björguðu skipverjar af togaranum Garðari skipshöfninni, 15 manns, af Grimsby-togaranum MacLay, sem strandaði á Ytrivíkum í Mjóafirði eystra.

Á þessum þremur árum verður þetta til samans 133 mannslíf, eða til jafnaðar 44 mannslíf á ári. Nú vita allir, að þessir menn, sem bjargað er, eru flestir í blóma lífs síns, og því óhætt að reikna líf þeirra fullu verði. Þegar áætlað er, að hvert mannslíf sé 60000 króna virði fyrir þjóðfélagið, þá verður þetta 2640000 krónur að verðmæti í mannslífum, sem bjargað hefir verið árlega hér við land

með aðstoð loftskeytanna. Nú eru þó ekki hér með talin öll þau mannslíf, sem bjargað hefir verið með því að aðstoða mótorbáta hér við land, sem nemur þó sennilega miklu meiru en þetta, sem maður getur séð á því, að hér fyrir nokkrum árum björguðu togarar, sem kallaðir voru til hjálpar, 9 bátum frá Þorlákshöfn og Eyrarbakka með til samans 63 mönnum. Ekki hafa heldur verið talin með þau verðmæti, sem bjargazt hafa við að forða skipum frá hættu með aðstoð loftskeytanna, eða sem náðst hafa út vegna þess, að nægilega tímanlega hefir verið hægt að bregða við til hjálpar. Í fyrra tilfellinu eru dæmi eins og þegar togarinn Max Pemberton aðstoðaði norska flutningaskipið Inger 2. til Reykjavíkur, en það hafði orðið fyrir voða-áfalli fyrir sunnan land, misst stjórnpallinn með skipstjóra, stýrimanni og tveimur hásetum. Max Pemberton heyrði neyðarskeyti skipsins, brá við til hjálpar og leiðbeindi skipinu til Reykjavíkur. Fyrir þetta fékk togarinn 10000 krónur. Einnig þegar farþegaskipið Ísland strandaði á Siglunesi í svarta þoku, og togarinn Þórólfur miðaði sig að skipinu og dró það á flot. Þórólfi voru dæmdar 100000 krónur í björgunarlaun.

Að öllu þessu athuguðu sést, hversu miklum verðmætum er bjargað árlega hér við land fyrir atbeina loftskeytanna. Þó er það hverfandi við það, sem bjargast í öllum heiminum af sömu orsökum. Nærri daglega berast fréttir utan úr heimi um skipstöp og skaða og bjarganir, sem orðið hafa með aðstoð loftskeytanna. Það er því ekki að ástæðulausu, að farið hefir verið fram á það við Alþingi að lögbjóða þessi bjargráðatæki á hinum stærri skipum, þeim, er leggja leið sína yfir úthöfin, til þess að tryggja öryggi þeirra, sem á skipunum eru, og um leið til að reyna að fækka þeim tilfellum, að enginn sé til við hendina, þegar hjálpar þarf með. Við vitum þess svo mörg átakanleg dæmi, að hægt hefði verið að afstýra hræðilegum slysum, ef nálæg skip hefðu verið útbúin loftskeytatækjum, eða fullkominn vörður haldinn á skipum þeim, þar sem stýrimenn verða að sinna loftskeytunum í hjáverkum.

Alþjóðaráðstefnur hafa verið haldnar, þar sem þjóðirnar hafa komið sér saman um að lögbjóða þessi nauðsynlegu tæki í sem flest skip, með þeim ákvæðum, að þau verði starfrækt á sem fullkomnastan hátt, en það er aðeins hægt með því, að við tækin séu hafðir færir menn, og að þeir hafi viðunandi góðan hlustvörð. Það er ekki mikið öryggi í loftskeyta- eða talstöð, ef enginn loftskeytamaður er til að starfrækja hana. En nú er það svo, að hinn ímyndaði kostnaðarauki við þetta hefir ekki viljað samræma sjónarmið útgerðarmanna við hag alþjóðar í þessum efnum, og því hefir þeim tekizt að hindra það, að alþjóðasamþykkt næðist um loftskeytastöðvar í öll skip, heldur hefir ákvæðið verið miðað við skip, 1600 smál. eða stærri. Einstaka þjóðir hafa þó viljað fara lengra í þessum efnum, svo sem Bandaríkin, Ástralía og Canada. Aftur segir alþjóðasamþykktin til um það, að skipin skuli hafa fleiri loftskeytamenn eftir því, sem þau hafa fleiri farþega.

Nú sjá allir, hvað það er kjánalegt að miða ákvæðin um loftskeytastöð við ákveðna stærð skipa; réttara væri að miða hana við ákveðna tölu skipverja, og hér við land ætti alls ekki að koma til mála að miða við þessa stærð skipa, því að hér eru flest skip minni en þetta, og gætu þá flestir útgerðarmenn skotið sér alveg undan að nota loftskeytatæki í skip sín og stofnað þannig öllum siglingum

hér við land í beinan voða, til stórtjóns fyrir þjóðina, og í mörgum tilfellum sjálfum þeim í skaða.

Íslenzkir sjómenn, og þá ekki sízt aðstandendur þeirra í landi, eiga heimtingu á, að úr þessu verði bætt, og það sem fyrst.

Fylgiskjal II.

Lausleg greinargerð um samanburð á nothæfi loftskeytastöðva og talstöðva í skipum, með tilliti til öryggis á sjónum.

1. Með sömu orku eru loftskeytatæki margfalt langdrægari á „telegrafi" en „telefoni", og yrðu því talstöðvarnar í raun og veru dýrari, ef hagnýting þeirra yrði í þeim efnum miðuð við svipaðar kröfur og loftskeytatæki togaraflotans til dæmis fullnægja.

2. Þótt talstöðvar þær, er settar hafa verið í línuveiðaskipin á síðari árum, fullnægi nokkurn veginn nauðsynlegustu kröfunum um langdrægi, miðað við helztu veiðistöðvarnar hérlendis, eru þær þó of magnlitlar fyrir þau skip, er utanlandssiglingar stunda. Bylgjulengd stöðvanna gerir þeim einnig viðskiptin óhagkvæm og dregur úr því öryggi, sem loftskeytatækin annars veita, þar eð hvergi er haldinn stöðugur hlustvörður á hinu lága bylgjusviði, sem stöðvum þessum er ætlað til viðskipta.

3. Hugmyndin um talstöðvar í skipum í stað fullkomnari loftskeytatækja er byggð á þeim forsendum, að starfrækja megi stöðvarnar í hjáverkum af einhverjum yfirmanni skipanna og á þann hátt spara sérstakan mann við tækin. Ætti hverjum manni að vera augljóst, hve gagnslitlar slíkar stöðvar eru til öryggis á sjó, þar eð aðeins er hægt að ná við þær sambandi á ákveðnum og mjög takmörkuðum tímum. Menn þeir, er starfrækslu stöðvanna ættu að annast, myndu einnig í háskatilfellum, þegar sérstök þörf væri á návist þeirra við tækin, verða að vanrækja þau skyldustörf önnur, sem þeim er ætlað að gegna. Sú fjarvist þeirra frá raunverulegum störfum sínum gæti stundum orðið lengri en hagkvæmt þætti, ef hugmyndir þeirra manna næðu að sigra, sem enga þörf telja á sérstökum hlustverði um borð í skipunum.

4. Meðferð talstöðvanna (og viðtækja skipsins) krefst nokkurrar sérþekkingar, eins og augljóst er, en í þeim efnum eru ekki gerðar hinar minnstu kröfur til manna þeirra, sem starfrækja eiga stöðvarnar. Ekki er einu sinni gert ráð fyrir, að þeir geti tengt við tækin nýjar rafhlöður, prófað lampa né annað slíkt, sem daglega getur fyrir þá komið. Gagnvart smávægilegustu bilunum á móttöku- eða sendingartækjunum standa þeir því, sem eðlilegt er, gersamlega ráðþrota. Með því að umsjón stöðvanna sé falin sérstökum loftskeytamanni er auðvitað girt fyrir þessar alvarlegu misfellur.

5. Afgreiðsla skeyta er auðvitað miklu öruggari per „telegrafi" en talviðskipti. Málaþekking er ekki ávallt nægileg fyrir hendi til munnlegrar afgreiðslu við erlend skip eða landstöðvar annara ríkja, en slíkt kemur auðvitað oft til greina á skipum, er sigla til annara landa. Misheyrn eða lélegur framburður einstakra

orða getur valdið þar alvarlegum mistökum, sem ekki þarf að óttast við afgreiðslu skeytanna per „morse“.

Reykjavík, 25. febrúar 1935.

f. h. stjórnar Fél. ísl. loftskeytamanna.
Friðrik Halldórsson.

Ed. 39. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 46 15. júní 1926, um útsvör.

Flutningsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

Á eftir staflið d. í 8. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:

e. Ef hann hefir atvinnu og fast aðsetur í hreppnum 4 mánuði eða lengur á árinu, en kaup hans nemur þó ekki 3000 krónum, skal hann þar greiða útsvar eftir efnahag sínum, nema hann á því ári hafi einnig haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar; skal þá draga frá útsvarinu tiltölulega við þann tíma, er hann dvaldi annarsstaðar.

Greinargerð.

Það hefir borið mjög á því í ýmsum hreppum, þar sem sveitarþyngsli eru mikil, að gjaldendur sumir hafa fengið sér „lögheimili“ í öðrum hreppum, þar sem útsvör eru lægri. Hafa þeir þó eftir sem áður dvalið og unnið nær allt árið í þeirri sveit, er þeir áður áttu heimili sitt í, en hreppsnefnd þeirrar sveitar hefir ekki séð sér fært að leggja á þá útsvar. Af þessum ástæðum hefir lamazt gjaldgeta margra hinna fátækari en útsvarsháu hreppa, og virðist horfa til vandræða, ef ekkert er að gert. Hefir þetta ágerzt mjög síðan útsvarslögin frá 1926 gengu í gildi og afnumin voru fyrirmæli laga nr. 29 19. júní 1922, en fyrsta málsgrein þeirra laga hélt mönnum mjög í skefjum í umræddu atriði; fer frumvarp þetta í sömu átt og sú málsgrein.

Nd. 40. Frumvarp til laga

um ættaróðal og óðalsrétt.

Flm.: Jón Sigurðsson, Guðbrandur Ísberg, Jón Pálmason, Pétur Ottesen, Ólafur Thors.

I. KAFLI

Hvernig jörð verður ættaróðal og um fylgifé hennar.

1. gr.

Sérhverjum jarðeiganda er heimilt að gera jörð sína að ættaróðali, ef þessi skilyrði eru fyrir hendi:

a. Að jörðin sé svo stór eða hafi það í sér, að afraksturinn af því búi, er jörðin getur borið, með hlunnindum, er henni fylgja, geti framfleytt a. m. k. meðalfjölskyldu, að dómi úttektarmanna hreppsins.
b. Að jörðin sé ekki, að áliti úttektarmanna hreppsins, stærri en svo, að hún sé og hafi jafnaðarlega verið nokkurnveginn fullnytjuð af einum ábúanda.
c. Að jarðeigandinn, eða erfingi hans, búi eða hafi ábúðarrétt á jörðinni, þegar hún er gerð að ættaróðali, enda öðlist ábúandinn óðalsréttinn.
d. Að fyrir liggi samþykki fjárráða barna jarðeiganda um, að jörðin sé gerð að ættaróðali.
e. Að á jörðinni hvíli ekki veðskuldir, er nema yfir 85% af fasteignamatsverði, eins og það er þegar jörðin er gerð að ættaróðali.

Nú hvílir meira á jörðinni, og má þá engu að síður gera hana að ættaróðali, ef eigandi lætur fylgifé með eigninni, sem nemur að minnsta kosti því, er á hvílir umfram 85%.

2. gr.

Heimilt er að gera höfuðból með hjáleigum að ættaróðali, ef hvorttveggja hefir verið í eigu jarðeiganda og forfeðra hans í síðastliðin 50 ár eða lengur, og höfuðbólið í samfelldri ábúð ættarinnar a. m. k. í 50 ár, enda sé beitiland óskipt milli höfuðbóls og hjáleigu og úttektarmenn telji það tjón fyrir höfuðbólið, ef hjáleigurnar væru slitnar úr tengslum við það. Að öðru leyti skal hlíta ákvæðum 1. gr., eftir því sem við á.

3. gr.

Nú er jörð gerð að ættaróðali, og skal þá skylt að láta fylgja henni hlunnindi og annað það, er jörðinni hefir fylgt og jarðeigandi á. Ennfremur afurðir, sem framleiddar eru á jörðinni og eru nauðsynlegar við búreksturinn, svo sem áburð, hey o. fl.

Jarðeigandi skal auk þess láta fylgja jörðinni skjöl og bréf ættarinnar frá fyrri tíð, ef einhver eru í hans vörzlum, einnig myndir og muni, er hafa minningargildi fyrir þá bændaætt, er situr eða setið hefir jörðina.

4. gr.

Nú óskar jarðeigandi að gera jörð sína að ættaróðali, og skal hann þá afhenda sýslumanni yfirlýsingu þar að lútandi, undirritaða við votta, ásamt lýsingu á jörð og jarðarhúsum, skrá yfir fylgifé og skilríki fyrir því, að fullnægt sé ákvæðum 1. greinar.

Nú telur sýslumaður, að fullnægt sé ákvæðum laganna um stofnun ættaróðals, og skal þá færa jörðina inn á sérstaka skrá yfir ættaróðul. Tilgreina skal þáverandi fasteignamat jarðarinnar, jarðarverð sér og húsaverð sér, svo og tölur, er sýni stærð ræktaðs lands og meðaltal af afrakstri jarðarinnar síðustu 3 árin.

Gerninginn skal þinglesa ókeypis á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Nú ánafnar jarðeigandi eða aðrir ættaróðali fylgifé, svo sem kvikfénað, verkfæri, húsmuni eða annað, er gagnlegt getur talizt til búrekstrar á jörðinni,

og er það þá upp frá því ævarandi fylgifé ættaróðalsins, sem ekki má skerða, ef annað er ekki sérstaklega fram tekið í gjafabréfinu. Sama gildir um hverskonar ættar- og minningargripi, sem afhentir eru sem fylgifé.

6. gr.

Allar kröfur til tryggingar, sem stofnað hefir verið til vegna ættaróðalsins eða þess, sem því fylgir, tilheyra óðalinu ásamt þeim skaðabótum, sem greiddar eru samkvæmt þeim.

II. KAFLI

Eign og umráð ættaróðalsins.

7. gr.

Þeir menn einir, karl eða kona, sem eru afkomendur þess, er fyrstur gerði jörðina að ættaróðali, geta fengið ættaróðalið til eignar og umráða. Sbr. þó VII. kafla.

Nú er ættaróðal gefið eða selt samkv. lögum þessum, og ber þá að skoða viðtakanda óðalsins sem ættföður þeirrar bændaættar, er þá tekur við.

8. gr.

Sá maður, karl eða kona, sem hefir rétt til eignar og umráða yfir ættaróðali samkv. lögum þessum og hefir notfært sér þann rétt, telst eigandi óðalsins og fer með það að öllu leyti sem sína eign, innan þeirra takmarka, er lög þessi ákveða.

9. gr.

Heimilt skal því hjóna, er lengur lifir, að fara með umráð yfir ættaróðalinu, þótt ekki sé það af ættinni, þar til börn þeirra eða aðrir, er rétt hafa til óðalsins, óska að taka við því.

Á umráðamanni (eftirlifandi maka óðalserfingja, eða lögráðamanni) hvíla sömu skyldur gagnvart óðalinu og á óðalsbónda, meðan hann fer með það.

10. gr.

Nú er óðalsbóndi eða kona hans síðasti maður, er erfðarétt hefir til óðalsins, eða enginn af ættinni treystist til að taka við óðalinu að þeim látnum, og er þá óðalsbónda og konu hans heimilt að gefa óðalið, enda verði það ættaróðal þiggjanda.

11. gr.

Eignarréttur óðalsbónda á óðalinu og fylgifé þess færist til óðalserfingja hans:

a. Eyði óðalsbóndi fylgifé óðalsins.
b. Greiði óðalsbóndi ekki samningsbundna vexti og afborganir af þeim skuldum, er á óðalinu hvíla, svo að leiði til sölu.
c. Telji óðalsbóndi sér heimili annarsstaðar en á óðalinu.
d. Hætti að reka búskap á óðalinu.

III. KAFLI

Hvernig ættaróðal erfist.

12. gr.

Ættaróðal gengur óskipt að erfðum til afkomenda þess, er fyrstur gerði jörðina að ættaróðali.

Ættaróðali verður ekki skipt milli erfingja, nema þegar svo stendur á, er segir í 19. gr.

13. gr.

Óðalsbóndi og kona hans skulu, ef þess er kostur, koma sér saman um, hvert af börnum þeirra skuli taka við ættaróðalinu, og tilkynna það sýslumanni.

14. gr.

Nú er annað foreldri eða bæði dáin án þess að slík ákvörðun hafi verið tekin, eða hjónin geta ekki orðið ásátt um, hvert barnanna skuli taka við óðalinu, og skulu þá erfingjar reyna að komast sjálfir að samkomulagi um það atriði.

15. gr.

Nú geta erfingjar ekki orðið ásáttir um, hver skuli erfa óðalið, og skal þá sonur arfleifanda jafnan ganga fyrir dóttur, eldri sonur fyrir yngri og eldri dóttir fyrir yngri dóttur. Skilgetin börn ganga fyrir óskilgetnum.

Þegar um er að ræða fjarskyldari óðalserfingja, skal farið eftir skyldleika, þó þannig, að karlleggur gangi fyrir kvenlegg, að jöfnum skyldleika.

16. gr.

Nú fellur ættaróðal til ófullveðja erfingja eða ekki verður ákveðið, hver hlýtur óðalið, vegna þess, að erfingjarnir eru á barnsaldri, og skal þá sýslumaður skipa þeim fjárhaldsmann, sem varðveitir ættaróðalið og fylgifé þess, þar til erfinginn er fjárráða.

17. gr.

Erfingi getur neitað að taka við ættaróðali án þess að neita að taka við öðrum eignum arfleifanda.

Nú treystist enginn af hinum nánustu óðalserfingjum að taka við ættaróðalinu, og er þeim þá skylt að bjóða það hinum fjarskyldari, í þeirri röð, sem segir í 15. gr. Nú er nánustu erfingjum eigi kunnugt, hverjir næstir standa óðalserfðinni að þeim frágengnum, eða ókunnugt um dvalarstað óðalserfingja, og skal þá gera þeim aðvart með opinberri auglýsingu í Lögbirtingablaði, hliðstæðri erfingjainnköllun, eftir því sem við á.

18. gr.

Enginn óðalsbóndi getur átt nema eitt ættaróðal. Nú erfir maður fleiri en eitt ættaróðal, og er honum þá heimilt að velja hvort þeirra, er hann kýs, en sá er næstur stendur til arfs, tekur við hinu.

IV. KAFLI

Skipting ættaróðals.

19. gr.

Nú hefir ættaróðal aukizt mjög að verðmæti og framleiðslumöguleikum síðan það var stofnað, og er þá heimilt að skipta því milli erfingja, ef viðkomandi óðalsbóndi og kona hans verða á það sátt, eða erfingjar þeirra samþykkja það í einu hljóði, enda fullnægi hið nýja býli ákvæðum 1. gr.

20. gr.

Nú eru skipti ákveðin, og skal þá gera greinileg landamerki milli jarðarhlutanna og skipta húsum, fylgifé og áhvílandi veðskuldum í réttu hlutfalli við landstærð þeirra, hvors um sig.

Þess skal gætt, að land hins upphaflega ættaróðals verði þó aldrei minna virði en land jarðarinnar var, þegar ættaróðalið var stofnað. Að skiptum loknum skal hver jarðarhluti skoðast sem sjálfstætt ættaróðal.

21. gr.

Skjöl, myndir og aðrir minjagripir ættarinnar, sem til eru þegar skipti fara fram, skulu ávallt tilheyra gamla ættaróðalinu.

22. gr.

Nú er ættaróðal selt, og er þá kaupanda heimilt að skipta því í tvö eða fleiri býli, en hlíta skal hann um það ákvæðum 1. gr., enda verði hvert býli sjálfstætt ættaróðal. Fylgifé skiptist á milli í hlutfalli við landstærð, eftir því sem við verður komið.

V. KAFLI

Arfaskipti og framfærsla.

23. gr.

Nú hefir bóndi gert jörð sína að ættaróðali, og eiga þá erfingjar hans í fyrsta lið kröfu til þess, að næsti viðtakandi (óðalserfingi) greiði þeim árlega meðan hann lifir, þó eigi lengur en 25 ár, sem svarar 3% af landverði og 2% af húsaverði jarðarinnar, samkv. þáverandi fasteignamati, af þeirra hluta í skuldlausri eign fasteignarinnar, ef jörðin hefði komið til skipta.

24. gr.

Eignir óðalsbónda og konu hans, aðrar en ættaróðal og fylgifé þess, erfast samkv. ákvæðum erfðalaganna.

25. gr.

Nú á óðalsbóndi og kona hans fleiri en eitt barn, og skal þá því af börnunum, er óðalið hlaut, skylt að framfæra foreldra sína, nema þau kjósi annað.

Nú hættir óðalsbóndi búskap sökum elli, eða af öðrum ósjálfráðum ástæðum, og á engan lífserfingja, eða erfingjar hans óska eigi að taka við óðalinu, þannig að óðalserfingi í hliðarlegg ættarinnar tekur við því, og skal þá viðtakandi haga svo til, að fyrirrennari hans og kona hans geti dvalið áfram á jörðinni, ef þau óska þess, enda sé honum eigi meira mein að en svo, að við megi una. Rísi ágreiningur um þetta atriði, sker sýslumaður úr, að fenginni umsögn hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

Eigi dvalarmaður á ættaróðali, sem hér um ræðir, ekki fé til framfæris sér, skal viðtakandi framfæra hann meðan hann dvelur á heimili hans, enda sé honum það eigi um megn, að dómi hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

26. gr.

Nú sannast við arfaskipti, eða á annan hátt, að óðalsbóndi hefir eytt fylgifé óðalsins, og ber honum þegar að bæta það að fullu. Nú er um dánarbú að ræða, og skal þá greiða fylgifé af óskiptum eignum búsins, en sé búið þrotabú, skal það vera forgangskrafa, er aðeins víkur fyrir ógreiddum opinberum sköttum af eigninni sjálfri.

VI. KAFLI

Lántökur, veðsetning, lögtak og fjárnám.

27. gr.

Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í ættaróðalinu, en aðeins til varanlegra húsabóta eða annara álíka varanlegra umbóta á jörðinni. Lán það, er á jörðinni hvílir, má þó aldrei nema hærri upphæð en sem svarar 50% af fasteignamatsverði ættaróðalsins, sbr. þó 1. gr. e-lið. Fylgifé má aldrei veðsetja.

28. gr.

Eigi má gera aðför í ættaróðali, né selja það til lúkningar skuldum, öðrum en áhvílandi veðskuld, sbr. 1. gr. e-lið og 27. gr., eða opinberum sköttum, er hvíla á eigninni sjálfri, og þó því aðeins, að bóndi eigi ekki aðrar eignir, sem aðför verði gerð í. Sama gildir um fylgifé óðalsins.

29. gr.

Nú hefir verið krafizt fjárnáms eða sölu á ættaróðali, og er sýslumanni þá skylt að gera þeim, er næstir standa að erfa óðalið, aðvart. Nú er honum eigi kunnugt, hverjir þeir eru, og skal hann þá gera hlutaðeigandi óðalserfingjum aðvart með opinberri auglýsingu, hliðstæðri erfingjainnköllun. Kostnaður við slíka auglýsingu telst áfallinn sölukostnaður.

VII. KAFLI

Sala ættaróðals og skipting söluverðs.

30. gr.

Nú treystist enginn af ættinni til að taka við ættaróðalinu og óðalseigandi hefir ekki ráðstafað því lögum samkvæmt, og skal það þá selt ásamt fylgifé þess.

31. gr.

Ættaróðal skal ávallt selt með þeirri kvöð, að það verði ættaróðal hins nýja kaupanda ásamt tilheyrandi fylgifé, með þeim skyldum og réttindum, er því fylgja.

32. gr.

Heimilt er ættmönnum þeim, er áður áttu ættaróðalið, að innleysa það til sín innan þriggja ára frá því er sala fór fram.

33. gr.

Ef ættaróðal er selt, skal það af andvirðinu, sem er umfram áhvílandi skuldir, geymt á vöxtum í 3 ár sem arfafé, nema óðalserfingi gefi sig fram og innleysi óðalið innan þess tíma. Þá skal greiða honum féð til endurkaupa á óðalinu með fylgifé. Nú er óðalið eigi innleyst innan nefnds tíma, og skal þá andvirðið ganga að hálfu í sjóð, sem óðalinu fylgi og sé undir umsjón sýslunefndar, en að hálfu til óðalsbónda þess, er óðalið átti, eða lögerfingja hans.

Sjóði þessum má verja til varanlegra umbóta á jörðinni.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en ekki tekið til meðferðar. Greinargerð að mestu samhljóða þeirri, er hér fer á eftir, fylgdi frv.:

Nokkru fyrir síðustu aldamót fóru að heyrast allháværar kröfur um sölu þjóðjarða og fjölgun sjálfseignarbænda. Þessari stefnu óx fylgi meðal bænda að sama skapi og hagur þeirra batnaði og trú þeirra á sjálfa sig og framtíð íslenzks landbúnaðar fór vaxandi.

Með lögum um sölu þjóðjarða 1905 og sölu kirkjujarða 1907 lét Alþingi undan og bændum var gefinn kostur á að eignast ábýlisjarðir sínar, enda fjölgaði sjálfseignarbændum mjög næsta áratuginn.

Enginn neitar því, að með þjóðjarðasölunni hefst nýtt framfaratímabil í búnaðarsögu okkar, stórstígari framfarir en nokkurn grunaði. Hinu verður heldur ekki neitað, að þegar fram liðu stundir, komu fram vissir annmarkar, sem nauðsyn er að ráða bót á. Annarsvegar hefir mörgum ungum bændum reynzt lítt kleift eða ókleift, eftir að jarðirnar stórhækkuðu í verði vegna endurbóta á þeim, að kaupa þær af foreldrum sínum eða meðerfingjum, og því annað tveggja orðið að dragast alla ævi með þunga skuldabyrði vegna jarðakaupanna, eða beinlínis orðið að hrökklast burt af jörðinni, sem þá stundum hefir lent í braski. Hinsvegar hafa hlaðizt svo miklar veðskuldir á jarðirnar, að eigendur þeirra hafa sumir eigi getað undir risið, einkum á krepputímum. Þetta hvorttveggja hefir átt sinn þátt í því, að fjármagnið hefir streymt úr sveitunum til kaupstaðanna, svo að nú horfir til vandræða í ýmsum sveitum, ef ekkert verður að gert. Þetta er ekkert sérstakt fyrirbrigði fyrir íslenzkan landbúnað. Aðrar þjóðir eiga við ýmsa örðugleika að etja á þessu sviði. Sérstaklega eru það þó hinar miklu veðskuldir á jörðunum, er valda þar miklum örðugleikum. Er nú mikið rætt um það erlendis að setja hömlur við því, að jarðir verði veðsettar nema að vissu marki.

Af nágrannaþjóðum okkar hafa Norðmenn og Þjóðverjar komið á hjá sér skipulagi, er miðar að því að útiloka að nokkru eða öllu þá annmarka, er áður var getið um, og tryggja það, að jarðirnar lendi ekki í braski. Norðmenn hafa æfagamlan óðalsrétt, er stefnir að því að tryggja ættinni óðalið með meiru. Telja þeir, að óðalsrétturinn hafi haft ómetanlega þýðingu fyrir norska bændur og fyrir þjóðina í heild. Það ber líka ljósastan vott um, hverjum augum norska þjóðin hefir litið þennan rétt, að hún hefir tekið upp í sjálfa stjórnarskrána ákvæði um, að óðalsrétt mætti ekki fella úr gildi. Á síðastliðnu ári juku þeir við þennan rétt og gerðu sérstakar ráðstafanir til að létta þungbærar veðskuldir á óðalsjörðum.

Þjóðverjar hafa einnig tekið upp einskonar óðalsskipulag með lögum frá 1933 og gert margvíslegar ráðstafanir til að styrkja aðstöðu þýzkra bænda.

Það er því fyllilega tími til kominn að taka til athugunar þá annmarka, sem komið hafa hér í ljós á sjálfseignarskipulaginu, og reyna að ráða bót á þeim. Það, sem við leggjum sérstaka áherzlu á að koma til leiðar, er:

að jarðir haldist í sjálfsábúð og að sjálfseignarbændum fjölgi,

að komið sé í veg fyrir, að óbærilegar veðskuldir safnist á jarðirnar, svo búrekstur á þeim beri sig ekki,

að takmarka fjárstrauminn úr sveitunum með því að tryggja það, að sem mest af aflafé bænda varðveitist sem skuldlaus arfur bændastéttarinnar, meðal annars á þann hátt, að sjálfseignarbændur þurfi ekki að kaupa ábýlisjarðir sínar af meðerfingjum sínum þannig, að hver ættliður stofni þess vegna til stórskulda, er hann býr að alla æfi,

að sporna við því, að bóndi geti með óreiðu eða ónytjungshætti eyðilagt staðfestu barns síns eða ættingja eða framtíð þeirra,

að glæða og þroska heilbrigðan ættarmetnað og tryggð bænda við föðurleifð sína og íslenzkan landbúnað.

Tillögur þessar eru byggðar á þeirri sannfæringu, að efling sjálfsábúðarinnar sé eitt helzta grundvallarskilyrðið fyrir jafnri og áframhaldandi þróun landbúnaðarins. Að sjálfseignarskipulagið sé líklegast til að stæla bóndann til viðnáms og veita honum þrótt og þá þrautseigju, er á þarf að halda til að flýja ekki af hólmi og leita sér léttara hlutskiptis þegar harðindi, fjárkreppa og hverskonar óáran steðjar að bændum á allar hliðar.

Í sjálfseignarskipulaginu felst dýrmætur aflgjafi, sem íslenzkur landbúnaður má síst án vera, og ber að hlynna að þessum aflgjafa á allan hátt.

Andstæð þessu er sú stefna, sem einnig er hér uppi, að taka beri fyrir sölu þjóðjarða og að ríkið kaupi smátt og smátt allar jarðir, sem nú eru í sjálfsábúð, og útrými þannig sjálfseignarbændum, er fram líða stundir. Fyrir Alþingi liggja nú þegar byrjunartillögur í þá átt.

Bændur verða því á næstu árum að velja um, hvorn kostinn þeir kjósa sér og börnum sínum til handa. Alþingi hefir fyrir skömmu bætt mjög aðstöðu leiguliða með breytingum á ábúðarlöggjöfinni, og nú liggur fyrir Alþingi frv. um erfðaábúð leiguliða, er miðar að því að tryggja betur ábúð landseta þess opinbera. Aftur á móti hefir ekkert verið gert á síðustu árum til að efla sjálfsábúðina og bæta aðstöðu sjálfseignarbænda.

Þess verður því að vænta, að Alþingi skjóti sér ekki undan þeirri sjálfsögðu skyldu að hlynna einnig að sjálfseignarbændum, sem eru meiri hluti íslenzkra bænda, með því að leysa með löggjöf þau viðfangsefni, sem bent hefir verið á hér að framan og öll þarfnast skjótrar úrlausnar, ef vel á að fara. Slík löggjöf mundi, er fram liðu stundir, tryggja og efla sjálfsábúðina og verða til ómetanlegs gagns fyrir íslenzkan landbúnað. Frumvarp það, er hér liggur fyrir, er tilraun í þessa átt.

Allsherjarnefnd Búnaðarþingsins, er nú situr, hefir tekið frv. þetta til meðferðar og borið fram eftirfarandi tillögu, er var samþykkt í einu hljóði:

„Búnaðarþingið telur frumvarp til laga um ættaróðal og óðalsrétt stefna til meiri festu og fjárhagslegrar tryggingar fyrir sjálfsábúðina í landinu, samhliða því að ákvæði þess, þegar til framkvæmda kæmu, mundu draga úr fjárflótta þeim frá sveitunum til kaupstaðanna, sem nú er svo tilfinnanlegur við eignaskipti á jörðum. Búnaðarþingið óskar því eindregið, að Alþingi fallist á frumvarp þetta í meginatriðum, og að það nái fram að ganga í lagaformi".

Að endingu þykir ástæða til að taka fram, að vegna anna hefir ekki unnizt mikill tími til undirbúnings þessa mikilsverða máls, og má því vera, að sumt megi betur fara. Munu flutningsmenn taka með þökkum öllum tillögum til breytinga, sem til bóta mega teljast.

Ed. 41. Frumvarp til laga

um breyting á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins.

Flm.: Einar Árnason, Bernh. Stefánsson.

I. KAFLI

Búnaðarbanki Íslands.

1. gr.

Talan „6" í 3. gr. laga nr. 31 frá 14. júní 1929 verði: 5, — og orðið „Bústofnslánadeild" í sömu grein falli burt.

2. gr.

14. gr. sömu laga orðist svo:

Stofnsjóð veðdeildar Búnaðarbankans skal ávaxta í bankavaxtabréfum veðdeildarinnar, eftir því sem viðlagasjóðslánin greiðast og við verður komið, og hefir stjórn Búnaðarbankans heimild, með samþykki landbúnaðarráðherra, að verja allt að helmingi af vaxtatekjum hans til greiðslu vaxta af öðrum vaxtabréfum veðdeildarinnar, ef nauðsynlegt þykir vegna útlánsvaxta deildarinnar.

3. gr.

39. gr. sömu laga orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 5 millj. króna lán, innanlands eða utan, á ábyrgð ríkisins, til kaupa á bankavaxtabréfum veðdeildarinnar, með þeim kjörum, að ríkissjóður verði að líkindum skaðlaus af.

4. gr.

40. gr. sömu laga falli burt.

5. gr.

IV. kafli sömu laga (Bústofnslánadeild) falli niður.

II. KAFLI

Ræktunarsjóður.

6. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 17 frá 13. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands, komi nýr liður, er verði 5. liður, svo hljóðandi:

Það af Viðlagasjóði Íslands, sem er fram yfir eign veðdeildar Búnaðarbanka Íslands eins og hann telst 1. jan. 1935.

7. gr.

Í stað orðanna „flokkur var opnaður“ í lok 3. gr. sömu laga komi: flokknum var lokað.

8. gr.

Í stað „3½%“ í 6. gr. sömu laga komi: 2½%.

9. gr.

Aftan við c-lið 9. gr. sömu laga bætist: og baktryggingu frá lántakanda, er stjórn sjóðsins tekur gilda.

10. gr.

13. gr. sömu laga breytist þannig:

a. Á eftir „áburðargryfja“ í c-lið greinarinnar komi: og gróðrarhúsa.
b. Í stað „20“ í c-lið komi: 30 — og í stað „25“ í d-lið komi: 35.
c. Aftan við greinina komi ný málsgrein:

Heimilt er stjórn Búnaðarbanka Íslands, ef lántakendur óska þess, að gera þær ráðstafanir um eldri lán til þeirra framkvæmda, er um getur í c- og d-liðum og veitt hafa verið til skemmri tíma en þar segir, að lánstíminn skuli lengdur allt að því, sem hann má mestur vera samkvæmt liðum þessum, en þó því aðeins, að fyrir því sé séð, að útdráttur bréfa raskist ekki frá því, sem orðið hefði samkvæmt eldri lánstíma viðkomandi lána.

11. gr.

16. gr. sömu laga breytist þannig:

a. Á eftir orðunum „tryggingarláni úr Ræktunarsjóði“ komi: er seljandi skyldur að tilkynna sjóðnum eigendaskipti.
b. Í stað orðanna „þá er stjórn sjóðsins“ komi: og er stjórn sjóðsins þá.

12. gr.

19. gr. sömu laga breytist svo:

a. Í stað „15“ í fyrstu málsgrein komi: 13.
b. Orðin „til 20 ára“ í 1. málsgrein falli burt.
c. Í stað „6%“, „5½%“ og „6%“ komi: 5%, 4½% og 5%.

13. gr.

Í stað „ákveðnum“ í 21. gr. sömu laga komi: næsta.

14. gr.

Fyrri málsgrein 27. gr. sömu laga orðist svo:

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal Kirkjujarðasjóðs, Bjargráðasjóðs, sjóðs Brunabótafélags Íslands, svo og annara sjóða, er standa undir vörzlu ríkisins, skal að nokkrum hluta verja til að kaupa jarðræktarbréf, og ákveður ríkisstjórnin árlega upphæðina, eftir að hafa kynnt sér reikningsskil viðkomandi sjóða.

15. gr.

28. gr. sömu laga orðist svo:

Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefir á hendi stjórn Ræktunarsjóðs samkv. lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.

16. gr.

29., 30. og 32. gr. sömu laga falli burt, og greinatalan breytist samkv. því.

17. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál 6.—16. greinar þeirra inn í lög nr. 17 13. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands, og gefa þau út svo breytt.

III. KAFLI

Ýmsar ráðstafanir vegna fjárkreppunnar.

18. gr.

4. gr. laga nr. 79 19. júní 1933, um heimild til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar, orðist svo:

Heimilt er ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði þann hluta af vöxtum af fasteignaveðslánum bænda, sem er fram yfir 5%.

Heimild þessi nær til greiðslu vaxta af stofnlánum frystihúsa og mjólkurbúa, enda séu þau eign samvinnufélaga bænda eða sýslufélaga. Á sama hátt heimilast ríkisstjórninni að greiða til Ræktunarsjóðs 1% af þeim ræktunarsjóðsbréfum, sem eru í eign annara en Búnaðarbanka Íslands.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta, sem eigi gat orðið afgreitt á síðasta þingi sakir tímaskorts, er nú flutt í þeirri mynd, sem það var er Nd. afgreiddi það til Ed., þó með þeim breytingum, er landbúnaðarnefnd Ed. lagði til, að á því yrðu gerðar.

Um frekari ástæður fyrir frumvarpinu vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi því á síðasta þingi (þskj. 538).

Ed. 42. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur].

Flm.: Einar Árnason, Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Á eftir „amtsbókasafn Færeyja“ í 1. gr. laganna komi: og bókasafn Siglufjarðarkaupstaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með Siglfirðingum er vaknaður mikill áhugi á aukinni alþýðumenntun. Hafa þeir nýlega sett á stofn gagnfræðaskóla og bókasafn fyrir almenning, og í ráði er að setja á fót lestrarstofu fyrir almenning, er bókasafninu vex fiskur um hrygg. En erfiður verður kostur bókasafnsins, ef það fær eigi að njóta samskonar réttinda til nýrra bóka og t. d. Ísafjarðarkaupstaður, enda mælir sanngirni með, að svo megi verða. Fyrir því er þetta frumvarp flutt.

Ed. 43. Frumvarp til laga

um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna.

Flm.: Pétur Magnússon.

1. gr.

Heimild sú, sem með lögum 3. jan. 1890 er veitt kaupstöðum landsins til að gera lögreglusamþykktir, skal ná til allra sýslufélaga á landinu. Viðkomandi sýslunefnd semur frumvarp til samþykktarinnar, og skulu í henni vera ákvæði um það, hvernig greiða skuli gjöld þau, er samþykktin hefir í för með sér. Sýslumaður sendir síðan frumvarpið til dómsmálaráðuneytisins, er því næst gefur samþykktina út, ef það telur hana til þess hæfa. Nú gerir ráðuneytið breytingar á frumvarpinu, og skal þá leggja þær fyrir sýslunefndina til álita. Þær breytingar, sem sýslunefnd fellst eigi á, má ekki setja í samþykktina. Að öðru leyti fer um efni samþykktarinnar, staðlegt gildi, viðurlög, birtingu og breytingar, sem segir fyrir um í framannefndum lögum.

2. gr.

Samþykktir þær, sem settar hafa verið fyrir einstök hreppsfélög samkv. lögum nr. 18 20. okt. 1905, eða lögum nr. 26 8. sept. 1931, skulu gildi halda, unz lögreglusamþykkt hefir sett verið fyrir það sýslufélag, sem hreppurinn er í.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 18 20. okt. 1905 og lög nr. 26 8. sept. 1931.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum er hverju hreppsfélagi heimilt að setja hjá sér lögreglusamþykkt, með samþykki sýslumanns og stjórnarráðs. Hinsvegar er engin samskonar heimild til fyrir sýslufélög. Þetta virðist óhentug tilhögun. Víða geta sömu ákvæði lögreglusamþykktar átt við fyrir alla hreppa sýslunnar. Eru þá óþörf umsvif að setja samþykkt fyrir hvern hrepp. Hinsvegar vandkvæðalaust að setja sérákvæði fyrir einstök hreppsfélög, ef þurfa þykir. Auðveldara gæti og verið um lögregluefirlit o. fl., ef samþykkt er gerð fyrir sýsluna í heild, heldur en að hver hreppur sé út af fyrir sig.

Nd. 44. Frumvarp til laga

um bygging og ábúð á jörðum, sem eru almannaeign.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Allar jarðir og hjáleigur, sem eru eign ríkissjóðs, kirkna landsins eða sjóða, sem eru almannaeign (kristfjárjarðir, gjafasjóða, sem ekki má skerða, sýslusjóða eða hreppssjóða), skal næst þegar þær losna úr ábúð, eða þegar núverandi ábúandi óskar þess, byggja á erfðafestu eftir lögum þessum.

Undanþegnar þessu ákvæði eru þó þær jarðir, sem þegar eru ákveðnar sem bústaður embættismanns, eða til annarar opinberrar notkunar, svo og þær, er að dómi viðkomandi sýslunefndar teljast líklegar til opinberra nota eða útskiptingar í náinni framtíð.

2. gr.

Afgjald af jörðum þeim, sem um ræðir í 1. grein, skal vera 3% af landverði jarðarinnar eins og það er þegar erfðafestan kemst í framkvæmd, og 2% af verði jarðarhúsa og álagi því, er inni stendur hjá ábúanda.

Jarðarafgjöld skal greiða sýslumönnum á manntalsþingum.

3. gr.

Erfðafesturétturinn erfist þannig:

1. Það hjónanna, sem lengur lifir, heldur réttinum meðan það lifir, og eins þó það giftist aftur.

2. Börn af fyrra hjónabandi þess hjónanna, sem erfðafesturéttinn átti, sitja fyrir börnum af síðara hjónabandi þess, enda hafi báðir foreldrar barnsins átt erfðafesturéttinn á sínum tíma.
3. Foreldrar skulu helzt sjálfir koma sér saman um, hvert af börnunum skal erfa erfðafesturéttinn, og tilkynna það sýslumanni.
4. Komi hjón sér ekki saman um það eftir 3. tölul. þessarar greinar, hvert barnanna skuli erfa erfðafesturéttinn, skulu börnin, þegar það yngsta þeirra er orðið átján ára, koma sér saman um það, að viðstöddum sýslumanni, er skal vinna að því að koma slíku samkomulagi af stað og á.
5. Náist ekki samkomulag um það eftir 3. eða 4. lið hér að ofan, hvert barnanna skuli erfa erfðafesturéttinn, skal elzti sonur erfa hann.
6. Sé hann dáinn, eða afsali hann sér réttinum, skal elzta dóttir erfa hann.
7. Sé hún dáin eða vilji ekki nytja jörðina, þá skal næstelzti sonur erfa hann, þá næstelzta dóttir, og svo áfram eftir aldri, þannig að til skiptis komi sonur og dóttir.
8. Sé ekkert barn til eftir fyrra hjónaband þess hjónanna, er á erfðafesturéttinn, eða vilji það eða þau ekki nytja jörðina, koma börn af síðara hjónabandi til greina, og þá í sömu röð og að ofan greinir með börn af fyrra hjónabandi.
9. Séu börnin yngri en getur í 4. lið, og hafi ekki verið tekin ákvörðun um, hvert þeirra skuli erfa erfðafesturéttinn, þegar hann kemur til ráðstöfunar, þá skal sýslumaður ráðstafa honum, eftir tillögu meiri hluta hreppsnefndar, þar til börnin geta tekið ákvörðun um, hvert þeirra skuli erfa réttinn (sbr. 4. tölul.).
10. Óski ekkert barnanna að nota erfðafesturéttinn og nytja jörðina áfram, þá skal byggja jörðina öðrum.

4. gr.

Deyi hjón barnlaus eða óski ekkert barnanna að nytja jörðina, skal sýslumaður byggja jörðina öðrum, og skal þá ætíð fara eftir tillögu meiri hluta hreppsnefndar um það, hver jörðina fær.

Þurfi sýslumaður til bráðabirgða að byggja jörð, sem er í erfðafestuábúð (sbr. 3. gr. 9. lið), skal afgjaldið aldrei vera hærra en það, sem borgað er eftir jörðina, að viðbættum vöxtum af verði þeirra húsa, sem á jörðinni eru framyfir það, sem það opinbera á, er svari til þeirra lánsvaxta, er á byggingunum hvíla, ef nokkrir eru, en ella sparisjóðsvaxta.

5. gr.

Meðan sama ætt heldur jörðinni skal afgjaldið ekki hækka. Þegar við jörð tekur ný ætt (sbr. 4. gr.), skal fara fram á jörðinni nýtt mat, og skal sá, er við henni tekur, borga afgjald eftir hana miðað við það mat, en að öðru leyti eins og um getur í 2. gr.

6. gr.

Þegar ábúandaskipti milli ætta verða á jörðum, sem byggðar eru eftir lögum þessum, skal fara fram úttekt á húsum af lögskipuðum úttektarmönnum. Við þá

úttekt skal meta, hvers virði hús jarðareiganda eru með álagi, og má viðtakandi ráða, hvort hann kaupir húsin eða hann borgar eftir þau eins og segir í 2. gr.

Á sama hátt skal meta hús fráfaranda á jörðinni. Náist ekki samkomulag um, að viðtakandi kaupi þau, skulu þau flokkuð í tvo flokka af úttektarmönnum, hús, sem þarf á jörðinni vegna búrekstrar, og hús, sem jörðinni eru ekki nauðsynleg. Hin fyrri er viðtakandi skyldur að kaupa eftir matsverði, en um hin síðari fer eftir samkomulagi. Náist ekki samkomulag um kaup á þeim, skal rifa þau af erfingjum fráfaranda, svo viðtakanda verði sem minnstur bagi að.

7. gr.

Heimilt er ábúendum á þeim jörðum, sem byggðar eru eftir lögum þessum, að skipta þeim milli barna sinna. Skal þá gera greinileg landamerki milli jarðarhlutanna, og skoðast þeir úr því sem sjálfstæðar jarðir. Ekki skal leiga hækka á jörð, þó henni sé skipt eftir þessari grein, meðan sama ætt heldur ábúðinni á jörðum þeim, sem til verða við skiptin, en hætti ættin að nota einhverja jörðina, sem til hefir orðið við skiptin, fer um hana sem fyrir er mælt í 5. og 6. gr.

8. gr.

Þyki atvinnumálaráðherra, sýslunefnd eða hreppsnefnd ástæða til að skipta jörð, sem byggð er eftir lögum þessum, til þess að ný jörð geti myndazt, þá skal sýslumaður hlutast til um, að svo verði gert. Skal hann þá fá mann með sérþekkingu á mati og skiptingu landa til að skipta jörðinni ásamt tveim mönnum, er hann dómkveður til þess. Skulu þeir þá meta, hver verðhækkun hefir orðið á landinu síðan sú ætt tók við því, sem hefir það þá, og að því búnu framkvæma skiptin. Skal þá hver ný jörð, sem til verður við skiptin, metast sér til verðs, og svo gamla jörðin eins og hún verður eftir skiptin. Sá, sem hefir ábúð á jörðinni, skal fá fullar bætur fyrir það, sem jörðin hefir hækkað í verði fyrir atbeina ættar hans, og aldrei má það land, sem hann hefir eftir, vera minna virði en landverð jarðarinnar var þegar hans ætt tók við jörðinni.

Um bygging þeirra jarða, sem til verða við skiptingu jarða eftir þessari grein, fer eftir fyrirmælum 2., 5. og 6. gr. laga þessara.

9. gr.

Heimilt er ábúendum þeirra jarða, sem byggðar eru eftir lögum þessum, að taka lán með veði í jörðunum til varanlegra húsabóta á jörðunum. Þó má það lán aldrei vera hærra en það, að afgjald af því, að vöxtum meðtöldum, verði jafnhátt og afgjaldið eftir jörðina húsalausa eftir lögum þessum.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31 20. okt. 1905 og lög nr. 50 16. nóv. 1907, svo og önnur ákvæði eldri laga, sem koma í bága við lög þessi.

11. gr.

Að öðru leyti en fyrir er mælt í lögum þessum fer um réttindi og skyldur ábúanda og landsdrottins eins og fyrir er mælt í ábúðarlögum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumv. þetta lá fyrir síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Því er það nú tekið fyrir aftur lítið breytt. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumv. síðast:

„Með lögunum um sölu þjóð- og kirkjujarða frá 1905 og 1907 var tekin sú stefna, að stuðla að því, að sem flestir bændur landsins gætu orðið sjálfseignarbændur. Það, sem fyrir löggjöfunum vakti, var vitanlega það, að jarðirnar yrðu þá betur setnar og meira bættar heldur en leigujarðirnar, sem mörg dæmi voru til um og eru enn, sem eðlilegt er, með þeirri ábúðarlöggjöf, sem þá gilti og gilt hefir til þessa. Það orkar nú ekki tvímælis, að í slóð þessarar löggjafar fylgdu miklar og margháttaðar framfarir í búnaði frá því, sem áður hafði verið, bæði jarða- og húsabætur á hinum nýju sjálfseignarjörðum, sem um tíma fjölgaði ekki alllítið. Að þessu stuðlaði einnig efling Ræktunarsjóðsins, er fékk andvirði hinna seldu þjóðjarða og gaf bændum kost á ódýrum lánum til framkvæmda á jörðum sínum.

Stefnu þessari hefir verið fylgt til þessa, bæði með því að hvetja bændur til að kaupa ábýlisjarðir sínar og með bættum lánstofnunum, til að gera þeim það kleift. Þrátt fyrir þetta verður ekki annað sagt en að fremur hægt hafi miðað að því marki, er sett var, að flestir eða allir bændur gætu eignazt ábýli sín. Það sýna eftirfarandi tölur um fjölda sjálfseignarbænda í landinu:

	1918	%	1930	%
Sjálfseignarbændur	3212	48	3218	52
Leiguliðar	3562	52	2970	48

Á þessu sést, að ennþá er ekki nema röskur helmingur bænda sjálfseignarbændur, og á síðustu 12 árum hefir þeim ekki fjölgað nema um 6, en fækkunin hefir þó gengið út yfir leiguliðana. Af þessum 2970 leigujörðum 1930 eru 754 eign ríkis og kirkju og um 200 í annari opinberri eign. Þannig eru um 2000 leigujarðir í eign einstakra manna, og má fullyrða, að ábúðarkjör á þeim séu sízt betri en á jörðum í opinberri eign. Hitt er þó alvarlegra, að hin tíða jarðasala, sem fylgir einkaeign á jörðum, hefir leitt af sér óeðlilega hækkun á jarðarverðinu í landinu, svo að fjöldi hinna svokölluðu sjálfseignarbænda er að því kominn að sligast undir þeim lánum, sem á þær hafa hlaðizt, þegar kostnaður við framkvæmdir á þeim hefir bætzt ofan á jarðarverðið.

Það er því fyllilega tímabært að athuga, hvort ekki sé unnt að finna einhvert það fyrirkomulag á ábúðarréttinum, sem hafi þá kosti, er sjálfsábúðin hefir fram yfir þá leiguábúð, sem til þessa hefir tíðkazt, en sé að einhverju leyti laus við áðurnefnda ókosti; leiguábúð, er gefi ábúandanum og afkomendum hans kost á að njóta verka sinna á jörðinni og því hvöt til að bæta hana, án þess að leggja á þá fjárhagslegar byrðar, sem eru þeim ofviða, vegna hins óhæfilega háa kaupverðs jarðanna. Það ábúðarfyrirkomulag, sem hér er stungið upp á, er tilraun í þessa átt. Verði það að lögum og fái að sýna sig, fæst eftir nokkur ár samanburður við annað ábúðarfyrirkomulag í landinu, er sker úr því, hvað er hagfelldara bændunum og þjóðinni í heild".

Nd. 45. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 43 20. júní 1923.

Frá landbúnaðarnefnd.

Aftan við frv. bætist svo hljóðandi

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI:

Þá er lög þessi öðlast gildi, falla niður umboð hinna stjórnskipuðu manna í stjórn Búnaðarfélags Íslands, enda hafi búnaðarþingið þá kosið menn í þeirra stað í stjórn félagsins.

Ed. 46. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43 20. júní 1923.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Niðurlag 2. gr., orðin „meiri hluta í stjórn þess“ o. s. frv., falli burt. Í þeirra stað komi: annan endurskoðanda að reikningum félagsins og varamann hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI.

Þá er lög þessi öðlast gildi, falla niður umboð hinna stjórnskipuðu manna í stjórn Búnaðarfélags Íslands, enda hafi búnaðarþingið þá kosið menn í þeirra stað í stjórn félagsins.

Nd. 47. Frumvarp til laga

um hafnsögu í Ísafjarðarkaupstað.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Öll skip, sem eru 30 smálestir brúttó að stærð eða meira, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki, vera skyld til að greiða hafnsögugjald í fyrsta skipti á ári hverju, er þau koma frá útlöndum og leggjast við festar innan takmarka Ísafjarðarhafnar. Komi skip oftar en einu sinni á sama ári, skal það ekki greiða hafnsögugjald nema það noti hafnsögumann.

Herskip, skemmtiskip og fiskiskip eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

2. gr.

Hafnarnefnd Ísafjarðar hefir á hendi stjórn hafnsögumála á Ísafirði, undir yfirstjórn bæjarstjórnar Ísafjarðar. Bæjarstjórnin skipar hafnsögumenn, að fengnum tillögum hafnarnefndar, og ákveður laun þeirra. Launin greiðist úr hafnarsjóði Ísafjarðar.

3. gr.

Hafnsögugjaldið greiðist samkvæmt reglugerð, er hafnarnefnd Ísafjarðar semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í þeirri reglugerð jafnframt ákveða, hvert gjald skuli greiða fyrir leiðsögu út úr höfninni og um höfnina, þar á meðal inn í innri höfnina og út úr henni, svo og um framkvæmd hafnsögunnar og innheimtu hafnsögugjalda. Öll gjöld samkvæmt reglugerðinni renna í hafnarsjóð Ísafjarðar, og má taka þau lögtaki.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 1000 kr. Með mál út af slíkum brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar, og eru þá jafnframt úr gildi fallin lög nr. 26 frá 3. okt. 1903.

Ed. 48. Frumvarp til laga

um ríkisgjaldanefnd.

Flm.: Magnús Jónsson, Magnús Guðmundsson, Guðrún Lárusdóttir, Jón A. Jónsson, Pétur Magnússon, Þorsteinn Þorsteinsson.

1. gr.

Í lok hvers reglulegs Alþingis skulu þingflokkar þeir, sem mann eða menn hafa í fjárveitinganefnd, tilnefna einn mann hver og 2 til vara í nefnd, er nefnist ríkisgjaldanefnd. Nefndin kýs sér sjálf formann og ritara og gegnir starfi til loka næsta reglulegs Alþingis.

Nefndarmenn skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nærri, að þeir geti daglega sótt þangað fundi.

2. gr.

Nú telur fjármálaráðherra þörf á að greiða fé úr ríkissjóði umfram heimild í fjárlögum eða öðrum lögum, og skal hann þá tilkynna formanni nefndarinnar það, en hann kveður nefndina þegar til fundar með ráðherra eða umboðsmanni hans um málið. Nái tillaga ráðherra samþykki allra nefndarmanna, sem á fundi eru, er hún samþykkt, en ella fallin. Samþykkt tillaga er greiðsluheimild handa ráðherra.

3. gr.

Ríkisgjaldanefnd heldur gerðabók og skráir í hana skýrslu um það, sem fram fer á fundum hennar. Bókin skal bera skýrt með sér, hvaða umframgreiðslna hefir verið óskað og hverjar þeirra samþykktar. Fundir ríkisgjaldanefndar eru því aðeins löglegir, að einn maður, aðalmaður eða varamaður, úr hverjum þeirra flokka, sem nefndir eru í 1. gr., sæki hann. Fundargerð skulu allir nefndarmenn undirrita, sem fund sækja.

4. gr.

Formaður ríkisgjaldanefndar skal senda yfirskoðunarmönnum landsreikningsins ár hvert eftirrit af því, sem skráð hefir verið í gerðabókina um atriði, er snerta þann landsreikning, sem þá er til endurskoðunar. Þetta skal gert ekki síðar en mánuði eftir að reikningurinn er prentaður.

5. gr.

Nú greiðir fjármálaráðherra fé úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum eða öðrum lögum eða án samþykkis ríkisgjaldanefndar samkvæmt 2. gr., og varðar það hann þá ábyrgð eftir 143. gr. hinna almennu hegningarlaga. Auk þess er hann skyldur til að endurgreiða ríkissjóði það fé, sem greitt hefir verið í heimildarleysi.

6. gr.

Kostnaður við nefndina, þar á meðal þóknun til nefndarmanna, allt að 500 kr. til hvers, greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það hefir þótt mjög við brenna, að ríkisstjórnir hafi greitt fé úr ríkissjóði án lagaheimildar. Með slíkum greiðslum má skerða mjög fjárveitingavald Alþingis, því að reynslan sýnir, að Alþingi er venjulega fúst til að samþykkja slíkar greiðslur eftir á. En þar sem þingið situr ekki að störfum nema sem svarar hér um bil fjórðungi ársins, er það auðsætt, að ekki verður hjá því komizt, að greiðslur fari fram úr ríkissjóði án þess að þingið hafi haft tækifæri til að láta uppi skoðun um þær. Ný viðhorf og verkefni skapast jafnan og geta leitt af sér þörf eða knýjandi nauðsyn á greiðslum úr ríkissjóði. Þetta hefir án efa valdið því, að ríkisstjórnirnar hafa, að því er virðist, oft sýnt kæruleysi um greiðslur án lagaheimildar, í trausti þess, að slíkar greiðslur verði samþykktar eftir á.

Frv. þetta er borið fram til þess að reyna að bæta úr þessu. Það virðist vera skylda Alþingis að vernda fjárveitingarétt sinn, og það sýnist vera hægt á tiltölulega auðveldan hátt, á þann veg, sem ráðgerður er í frv. Nokkur fyrirhöfn og óþægindi fylgja að sjálfsögðu hinu ráðgerða fyrirkomulagi, en hér er til mikils að vinna.

Frumvarp samhljóða þessu var borið fram á síðasta Alþingi, og munu allir geta fallizt á, að ekki sé nú minni ástæða til slíkrar löggjafar en þá var.

Nd. **49. Frumvarp til laga**

um iðnaðarnám.

Flutningsm.: Emil Jónsson.

1. gr.

Þegar iðnaðarmenn taka nemendur til þess að kenna þeim iðn sína, eru þeir skyldir að gera við þá skriflegan námssamning. Skal hlutaðeigandi lögreglustjóri rita á samninginn vottorð sitt um, að hann sé samkvæmur fyrirmælum laga þessara, og ennfremur skal iðnráðsfulltrúi samiðnaðarmanna á staðnum rita á hann vottorð sitt um, að hann fullnægi þeim skilyrðum, er iðnfélög á staðnum kunna að koma sér saman um að setja um slíka samninga. — Ef í iðnráðinu eiga sæti tveir fulltrúar samiðnaðarmanna, annar fyrir meistara og hinn fyrir sveina, skulu þeir báðir undirrita samninginn.

Námssamningur er því aðeins gildur, að þessir aðilar báðir hafi samþykkt hann með undirskrift sinni. Sé ekkert iðnráð til á staðnum, nægir þó undirskrift lögreglustjóra.

Lögreglustjórar skulu, eftir ráðstöfun ráðherra, hafa í höndum eyðublöð undir námssamninga og afhenda þau ókeypis.

2. gr.

Engir aðrir mega taka nemendur til iðnkennslu en þeir, sem meistararéttindi hafa í þeirri iðn. Þó mega iðn- og iðjufyrirtæki taka nemendur til kennslu, enda þótt forstöðumaður þeirra eða eigandi hafi ekki meistararéttindi í iðninni, en þá skal fyrirtækið hafa í þjónustu sinni mann eða menn, sem hafa þessi réttindi, og skal þá tekið fram í námssamningi, hver það sé, og þær breytingar, sem á kunna að verða gerðar, meðan á námstímanum stendur, færðar inn á samninginn, með áritun sömu aðila og um getur í 1. gr. — Þeim, sem tvisvar hefir rofið námssamning að ófyrirsynju, er óheimilt að taka iðnnema til kennslu.

3. gr.

Í námssamningum skal tekið fram, hve langur kennslutími skal vera. Skal atvinnumálaráðherra gefa út reglugerð, er ákveður kennslutímabilið í hverri iðn fyrir sig, að fengnum tillögum Landssambands iðnaðarmanna, sem þó leiti umsagnar hlutaðeigandi meistara- og sveinafélaga, ef slík félög eru til í landinu.

Nú eru þessi félög ekki til í einhverri iðngrein, og skal þá stjórn Landssambands iðnaðarmanna kalla þá meistara og sveina í iðninni, sem hægt er að ná til, með tveggja mánaða fyrirvara, á fund, til þess að gera tillögur um málið. Þeir, sem fjarri búa, geta sent tillögur sínar skriflega.

4. gr.

Það skal greinilega tekið fram í námssamningi, hvort sá eða sú, sem iðnnema tekur til kennslu, skuli láta honum í té húsnæði, fæði, klæði, þjónustu og annan aðbúnað eða kaup, meðan á námstíma stendur, svo og hvernig kaupgreiðsla skuli fara fram, sé hún ákveðin.

5. gr.

Þrjá fyrstu mánuðina af kennslutímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða. Þegar í stað að þeim tíma liðnum hafa bæði lærimeistari og nemandi rétt til að heimta, að samningnum sé slitið án þess að tilgreina nokkrar ástæður. Þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum frá hinum.

6. gr.

Nú tekur maður iðnnema, sem áður hefir stundað nám í sömu iðn hjá öðrum, en námssamningi verið slitið, án þess að nemandi hafi átt sök á, og skal þá sá tími, er hann var við nám hjá hinum fyrri, dragast frá fullum námstíma hjá hinum síðari.

7. gr.

Nemandi skal sýna ástundunarsemi og trúmennsku við námið og fylgja kennara sínum til starfa, eftir því sem vinnuþrek hans og kunnátta leyfir (sbr. 8. og 9. gr.).

8. gr.

Starfstími iðnnema má ekki fara fram úr 48 klst. á viku við verk, og ekki niður úr 36 klst., nema lögmæt forföll, svo sem veikindi, hamli. Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um lágmark bóklegs náms fyrir iðnnema, og skal það lágmark talið með starfstíma, eins og hann er ákveðinn í upphafi þessarar greinar.

Ekki má taka nemanda til iðnkennslu yngri en 16 ára.

9. gr.

Á sunnudögum og öðrum helgidögum þjóðkirkjunnar er iðnnemum ekki skylt að takast á hendur neina vinnu, og ekki heldur frá kl. 6 að kvöldi til kl. 6 að morgni, aðra en kennslustundir.

Sumarleyfi skal ákveðið í námssamningi, og skal það vera að minnsta kosti 12 virkir dagar, með fullu kaupi.

10. gr.

Lærimeistari má ekki fá nemanda neina vinnu, sem honum er um megn, eða skaðlegt getur talizt fyrir heilsu hans. Hann skal vaka yfir siðferði hans og hegðun. Hann skal kenna honum iðnina svo vel sem unnt er, sjá um, að nemandinn að afloknu námi hafi náð leikni í að nota öll verkfæri, sem að iðninni lúta, og að hann kunni öll verk, sem fyrir geta komið í iðninni, svo vel, að hann geti talizt fullkominn sveinn. Þá er lærimeistari skyldur að láta nemandann ganga í iðnskóla, sé slíkur skóli til á staðnum, en ella sjá honum fyrir kennslu í öllum þeim greinum, sem iðninni eru nauðsynlegar, og skulu nánari ákvæði um það, svo sem um allt bóklegt nám iðnnema, sett í reglugerð þeirri, er um getur í 8. gr. Allan kostnað af slíkri kennslu skal lærimeistari greiða, þar með talinn pappír, bækur og teikniáhöld, og annað það, sem námið óhjákvæmilega útheimtir. Geti lærimeistari ekki uppfyllt þessi skilyrði, er honum óheimilt að taka nemendur.

11. gr.

Námstímanum skal þannig varið, að nemandinn læri iðn sína svo fljótt og vel sem unnt er. Þegar kennslutíminn er á enda, skal nemandinn hjálparlaust leysa af hendi prófsmíði, eða inna af hendi eitthvert það verk, er sýni, að hann sé fullnuma í iðn sinni. — Ef lærisveini hefir verið kennd iðnteikning, skal hann fyrst gera teikningu af prófsmíðinni.

Prófdómendur ákveða, í samráði við lærimeistara, hver prófsmíðin skuli vera. Nú taka prófdómendur teikninguna eigi gilda, og getur nemandi þá eigi fengið að leysa af hendi prófsmíði. Sá, sem fellur á slíku prófi, getur ekki fengið að ganga undir próf aftur fyrr en að ½ ári liðnu. Standist nemandi prófið, á hann heimtingu á prófskírteini, er sé undirritað af lærimeistara hans og prófdómendum, að því er tekur til hins verklega prófs, og skólastjóra iðnskólans á staðnum, að því er tekur til hins bóklega prófs, og ennfremur af lögreglustjóra, og heitir það prófskírteini sveinsbréf.

Standist nemandi eigi prófið fyrir þá sök, að lærimeistari hafi ekki látið sér nægilega annt um kennsluna, á nemandinn kröfu til skaðabóta, sem fari eftir áliti gerðardóms.

Þrír samiðnaðarmenn skulu vera prófdómendur, tilnefndir af lögreglustjóra á þeim stað, þar sem prófið er tekið. Þeir skulu, auk þess að dæma prófsmíð nemandans, einnig prófa hann munnlega í þeim atriðum, sem þeim þykir ástæða til, iðninni viðkomandi.

Nánari ákvæði um prófið og umsjón með því setur atvinnumálaráðherra með reglugerð. Enginn nemandi getur þó fengið sveinsbréf, nema hann hafi staðizt lágmarkspróf það í bóklegum fræðum, sem gert er ráð fyrir í 8. gr., og skal hann ljúka því prófi í iðnskóla, sé hann til á staðnum, en ella hjá prófdómendum við hið verklega próf.

12. gr.

Nú sýkist iðnnemi, eða verður fyrir slysi, og er þá lærimeistari hans skyldur að sjá honum fyrir hjúkrun og læknishjálp á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið samkvæmt samningnum, eða honum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, og gildir þetta jafnt, hvort sem nemandi býr hjá lærimeistara sínum eða ekki. Sé sjúkdómurinn eða slysið talið ólæknandi eða að heilsutjónið muni vera mjög langvinnt, hvorttveggja að áliti læknis, og ef meistari á þar enga sök á, ber meistaranum þó ekki að inna af hendi þessar greiðslur lengur en í 6 mánuði frá þeim tíma, er nemandinn varð frá verki, og getur sagt upp námssamningi frá þeim tíma. Auk læknishjálpar og hjúkrunar skal meistari greiða annan nauðsynlegan framfærslukostnað nemandans meðan hann er sjúkur og námssamningur er í gildi. Ef öðrumhvorum, nemanda eða meistara, er beinlínis um að kenna sjúkdóminn eða slysið, fer um greiðslu læknishjálpar, hjúkrunar og skaðabóta eftir lögum nr. 22 7. maí 1928 (Hjúalög).

13. gr.

Meistari getur slitið námssamningi:

1. Fyrir sjúkleika sakir nemanda, samkvæmt 12. gr.

2. Ef nemandi gerir sig sekan um brot á skyldum þeim, sem á honum hvíla samkvæmt námssamningi, eða vanrækir nám sitt, svo að til tjóns er fyrir hann sjálfan og lærimeistara hans, að dómi þess manns eða manna, sem sérstaklega hafa nemandann til eftirlits og kennslu.

14. gr.

Nemandi, foreldrar hans, fjárráðamaður eða iðnráðsfulltrúi samiðnaðarmanna á staðnum, er um getur í 1. gr. þessara laga, getur slitið námssamningi:

1. Ef lærimeistari misþyrmir nemanda eða kemur á annan hátt ósæmilega fram gagnvart honum.
2. Ef lærimeistari gerir sig sekan um brot á skyldum þeim, er á honum hvíla samkvæmt námssamningi.
3. Ef lærimeistari skiptir um bústað eða vinnustað, þannig að breytingin hafi í för með sér, að nemandinn þurfi að fara óhæfilega langan veg til vinnu.
4. Ef lærimeistari er burtu frá atvinnu sinni fulla 2 mánuði, nema vinnan fari fram undir umsjón annars manns í hans stað, er fullnuma sé í iðninni.
5. Ef nemandi sakir sjúkdóms eða annara orsaka vegna verður óhæfur til þess að geta unnið iðn þá, sem um var samið, og hann þá var hæfur til, eða ef það, að áliti læknis, er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að halda áfram að nema iðnina.
6. Ef námsstúlka giftist.

15. gr.

Námssamningur verður ógildur, ef lærimeistari deyr og atvinnureksturinn af þeim orsökum fellur niður.

16. gr.

Nú hættir meistari að reka iðn sína vegna þess að hann verður gjaldþrota eða af öðrum ástæðum, og getur nemandi þá krafizt skaðabóta, er fari eftir áliti gerðardóms.

Sömuleiðis getur nemandi krafizt skaðabóta, ef hann verður að segja upp námssamningi af ástæðum þeim, sem greindar eru í 1.—4. tölul. 14. gr. Skaðabótagreiðslur samkvæmt þessari grein skulu vera forgangskröfur í bú viðkomandi meistara, og fer um þær eftir 83. gr. laga nr. 3 12. apríl 1878, eins og vinnulaunakröfur væru, þær, er þar koma til greina.

17. gr.

Auk þess, sem segir í 13. og 14. gr., er báðum aðilum heimilt að slíta námssamningi, ef þeir koma sér saman um það.

18. gr.

Fyrr en námssamningi er löglega slitið, má enginn taka nemanda annars manns til kennslu eða nota aðstoð hans í sömu iðn.

19. gr.

Nú verður ágreiningur milli nemanda og lærimeistara um þau atriði, er um ræðir í 11. gr., 13. gr. 2. lið, 14. gr. 1., 2., 3. og 5. lið og 16. gr. laga þessara, og

skulu þau mál koma í gerð, nema málsaðilar komi sér saman um annað. Í gerðardómi skulu sitja lögreglustjóri í því lögsagnarumdæmi, þar sem ágreiningurinn rís, og er hann oddviti, og 2 menn aðrir, og tilnefna málsaðilar sinn hvor.

Nú vill einhver beiðast gerðar, og skal hann þá snúa sér til oddvita, og ákveður hann síðan gerðarfund og kveður báða málsaðila til að sækja þann fund, ásamt gerðarmönnum þeirra, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi. Skal á þeim fundi leggja fullnaðarúrskurð á málið, og ræður afl atkvæða úrslitum. Báðir málsaðilar eru bundnir við þann úrskurð.

Heimilt er oddvita að fresta fundi, þó ekki oftar en þrisvar sinnum, og ekki lengur en 8 daga í hvert skipti, enda hafi einhver gerðarmanna tjáð honum lögleg forföll, eða oddvita þykir nauðsyn til bera, til þess að réttur úrskurður verði á lagður. Nú sækir annarhvor gerðarmanna ekki fund og hefir ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gerðarmaðurinn lagt fullnaðarúrskurð á málið. Með gerðardómi má slíta námssamningi og dæma þeim skaðabætur, er tjónið beið.

20. gr.

Lærimeistari, sem brýtur ákvæði 1., 2., 8., 9., 10. og 18. gr. þessara laga, skal sæta sektum, allt að kr. 1000.00, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Sektarfé rennur í ríkissjóð.

21. gr.

Mál út af brotum gegn ákvæðum 1., 2. og 18. gr. laga þessara eru almenn lögreglumál. Mál milli lærimeistara og nemanda, er snertir námið, eru einkalögreglumál.

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um iðnaðarnám, nr. 11 31. maí 1927, þegar lokið er öllum námssamningum, sem gerðir hafa verið eftir þeim.

23. gr.

Lög þess ná aðeins til þeirra námssamninga, sem gerðir eru eftir að þau hafa öðlazt gildi.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1936.

Greinargerð.

Iðnfræðsla getur verið aðallega með tvennu móti, skólakennsla eða meistarakennsla. Með skólakennslu er þá átt við, að iðnin sé numin algerlega í skóla, og á það sér stað víða erlendis um margar iðngreinir. Hér á Íslandi verður vart um slíkt að ræða í náinni framtíð, bæði fyrir sakir fámennis, og eins vegna hins, að það verður of kostnaðarsamt. Hér ber því að miða iðnfræðsluna við það, að hún verði framkvæmd af starfandi meisturum á vinnustöðunum, að viðbættri hæfilegri bóklegri fræðslu í iðnskólum, enda er sú aðferðin af mörgum talin að hafa ýmsa kosti fram yfir hreina skólakennslu. — Þessi aðferð hefir og tíðkazt hér, þó að bóklega kennslan hafi allt fram á síðustu ár setið á hakanum víða

um land. Ber því brýna nauðsyn til, að lágmarksákvæði verði sett um hana, eigi síður en um verklega námið, enda gerir frv. það, sem hér liggur fyrir, ráð fyrir því (8. gr.). Aðrar höfuðbreytingar frá núverandi iðnaðarnámslöggjöf eru þessar helztar:

1. Iðnráðsfulltrúunum er ætlað að fylgjast með ráðningu allra iðnnema, til að gæta þess, að þær samþykktir, er gerðar kunna að hafa verið af iðnfélögunum um kaup og kjör iðnnema, um tölu þeirra í hverri iðngrein o. fl. o. fl., séu haldnar, og er námssamningur ógildur, nema hann hafi hlotið staðfestingu þessa fulltrúa iðnfélaganna (1. gr.).
2. Meistarar einir mega eftir frv. taka iðnnema. Nú er þetta þannig, að í kaupstöðum mega engir aðrir taka iðnnema en meistarar, en utan þeirra dugir til þess iðnbréf eitt. Með öðrum orðum, ef maður, sem býr í kaupstað og hefir aðeins iðnbréf, og má þess vegna ekki taka nemanda, flytur upp í sveit, þá er honum heimilt að taka nemandann. Þetta þótti sjálfsagt að leiðrétta (2. gr.).
3. Vinnutími nemanda er styttur úr 60 klst. á viku, sem hann nú er, að meðtöldum 6 klst. til bóklegs náms, niður í 48 klst., einnig að meðtöldum þeim tíma, sem fer til að inna af hendi lágmark hins bóklega náms eins og það kann að verða ákveðið. — Líklega hafa engir nemendur eins langan vinnudag eins og iðnnemar hafa nú, þar sem þeir, eftir 9 klst. vinnu með meistara, sem oft er erfið, verða að taka 2—4 klst. skólavist, og þar á eftir lesa undir næsta kennslukvöld, ef vel á að vera (8. gr.).
4. Lágmark er sett um vinnutíma, 36 klst. á viku, og er það nauðsynlegt, til þess að nemandinn virkilega læri iðnina á hinum tilskilda tíma (8. gr.).
5. Aldurslágmark iðnnema er hækkað um 1 ár, úr 15 árum í 16. Bæði er þetta gert með tilliti til þess, að 15 ára unglingar eru margir hverjir það óharðnaðir, að það getur orðið þeim ofraun að stunda alla iðnaðarvinnu svo ungir. Eins er þetta aldurslágmark miðað við það, að hægt sé að stunda nám í tvo vetur í héraðsskólum eða gagnfræðaskólum, eftir að barnaskólanámi er lokið, en áður en iðnnám hefst, en það hefir reynzt ágæt undirstaða undir iðnskólanámið (8. gr.).
6. Sumarleyfi ákveðið að minnsta kosti 12 virkir dagar. Með tilliti til þess, að ýms iðnaðarvinna fer fram innanhúss, oft í óhollum húsakynnum, virðist alveg sjálfsagt að ákveða eitthvert lágmark fyrir sumarleyfi, því að unglingar verða að koma einhvern tíma ársins undir bert loft, og eins að hvílast nokkurn tíma, ef heilsa þeirra á ekki að bíða tjón af, enda mun þetta sumarfrí vera hið stytzta, sem nokkrir námsmenn hafa (9. gr.).
7. Framfærsluskylda meistara við nemanda er tekin upp í lögin, að því er snertir slysa- eða sjúkdómstilfelli, og þau gerð nokkru fyllri en nú er (12. gr.).
8. Skaðabótakröfur nemanda á hendur meisturum eru gerðar að forgangskröfum í bú meistarans. Virðist sanngjarnt, að hið sama gildi um þessar greiðslur og venjuleg vinnulaun.

Aðrar breytingar, sem eru nokkrar, virðast ekki þurfa skýringa. Miða sumar að því að gera ótvíræð nokkur atriði í núgildandi löggjöf um þetta efni, sem nú kunna að orka tvímælis, en aðrar að því að færa til nútímahorfs nokkur úrelt ákvæði.

Við samningu frumvarpsins hefi ég stuðzt við tillögur Sambands ungra jafnaðarmanna, Iðnnemafélags Reykjavíkur, Félags járniðnaðarmanna í Reykjavík og margra fleiri. Ennfremur hefi ég borið það undir stjórn Landssambands iðnaðarmanna og stjórn iðnráðs Hafnarfjarðar, sem í aðalatriðum hafa lýst sig samþykka frumvarpinu.

Með tilliti til þess, að iðnnemar munu hafa verið um 400 að minnsta kosti á öllu landinu undanfarin ár, ber að stuðla að því á allan hátt, að þessi fjölmenni hópur ungmenna geti að náminu loknu orðið nýtir þjóðfélagsborgarar, vel að sér í iðn sinni, með sæmilega almenna menntun, og án þess að hafa liðið tjón á heilsu sinni af of ströngum vinnuskilyrðum, meðan á náminu stóð.

Ed. 50. Frumvarp til laga

um tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins.

Flm.: Þorsteinn Briem.

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir æðstu stjórn allrar tilrauna- og rannsóknarstarfsemi í jarðrækt og búfjárrækt, sem sérstakur styrkur er veittur til úr ríkissjóði samkvæmt lögum þessum, en Búnaðarfélagi Íslands skal falin umsjón með framkvæmd starfseminnar.

2. gr.

Stofna skal og starfrækja 4 tilraunastöðvar í jarðrækt, eina í hverjum landsfjórðungi, og kallast fjórðungsstöðvar. Auk þess skal gera jarðræktartilraunir utan fjórðungsstöðvanna, í samráði við búnaðarsamböndin, eftir því sem við verður komið og tilraunaráð og Búnaðarfélag Íslands telja nauðsynlegt.

3. gr.

Ríkissjóður leggur fram stofnfé, til þess að koma á fót fjórðungsstöðvum þeim, sem um ræðir í 2. gr., svo og árlegt rekstrarfé til þeirra og annara tilrauna, er þar getur.

4. gr.

Tilraunir í búfjárrækt skal reka á kostnað ríkissjóðs á búum bændaskólanna. Einnig skal gera tilraunir í búfjárrækt utan skólanna, í samráði við búnaðarsamböndin, eftir því sem við verður komið og tilraunaráð og Búnaðarfélag Íslands telja þörf á.

5. gr.

Vísindastofnanir, sem ríkið kostar og standa í nánu sambandi við jarðrækt eða kvikfjárrækt, svo sem rannsóknarstofa háskólans og í þágu atvinnuveganna, efnarannsóknastofa ríkisins eða aðrar þær stofnanir, er settar kunna að verða á fót til að leysa hliðstæð verkefni, skulu veita tilraunastarfseminni þá aðstoð, er nauðsynleg kann að vera til þess, að tilraunirnar beri sem fyllstan árangur.

6. gr.

Búnaðarfélag Íslands ræður forstöðumenn fjórðungsstöðva í jarðrækt.

Búfjárræktartilraununum á bændaskólunum stýra kennararnir í búfjárrækt. Þó má Búnaðarfélag Íslands ráða til þess aðra menn í samráði við tilraunaráð og skólastjóra.

Búnaðarfélag Íslands semur við þessa menn um launakjör og gefur þeim erindisbréf.

7. gr.

Framkvæmd tilraunastarfseminnar skal vera í höndum tilraunaráðs.

Tilraunaráð skipa forstöðumenn fjórðungsstöðva í jarðrækt, forstöðumenn búfjárræktartilrauna á bændaskólunum, forstöðumaður rannsóknarstofu í þarfir atvinnuveganna og forstöðumaður efnarannsóknarstofu ríkisins, en formann ráðsins skipar Búnaðarfélag Íslands og semur um laun hans.

Ef skipaður verður sérstakur kennari í búvísindum við háskólann, tekur hann sæti í tilraunaráði í stað forstöðumanns efnarannsóknarstofu ríkisins.

Ákveða má í reglugerð, að ráðið starfi í tveim deildum, jarðræktardeild og búfjárræktardeild, þegar betur þykir henta. Hafa þá forstöðumenn tilraunastöðvanna atkvæðisrétt aðeins um þau efni, er taka til starfs þeirra, en sé um að ræða sameiginleg verkefni, eða samvinnu í jarðræktar- og búfjárræktartilraununum, skulu báðar deildir hafa um þau mál sameiginlegan fund og atkvæðagreiðslu.

Kveðja skal tilraunaráð ráðunauta Búnaðarfélags Íslands til fundar og ráðuneytis, eftir því sem málefni standa til, og ætíð er þeim heimill aðgangur að fundum ráðsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

8. gr.

Að fengnum tillögum tilraunaráðs gerir Búnaðarfélag Íslands árlega fjárhagsáætlun tilraunastarfseminnar og sendir hana atvinnumálaráðuneytinu til staðfestingar.

9. gr.

Forstöðumenn tilraunastöðvanna skulu árlega senda formanni tilraunaráðs skýrslur um árangur tilraunanna, og sér hann um útgáfu þeirra. Hann skal og annast um birtingu þeirra leiðbeininga handa bændum, sem árangur tilraunanna gefur tilefni til á hverjum tíma.

10. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal, með reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir, setja ákvæði um verkaskiptingu í einstökum atriðum milli tilraunastöðvanna innbyrðis og önnur nánari ákvæði um framkvæmd og tilhögun tilrauna þeirra, er um ræðir í lögum þessum.

Í reglugerð má ákveða laun forstöðumanna tilraunanna og formanns tilraunaráðs.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að miklu leyti samhljóða frv. flm. á síðasta þingi (sbr. Alþt. 1934, A. þskj. 791), og segir þar m. a. í greinargerð:

„Bændur verja nú árlega af eigin fé fullum 3 milljónum króna til ræktunar á jörðum sínum. Þessar umbætur eru fyrst og fremst að þakka áhrifum frá Búnaðarfélagi Íslands, búnaðarsamböndunum og hreppabúnaðarfélögunum, ásamt jarðræktarlögunum. Bændum er orðið það ljóst, að búskapurinn verður að byggjast á ræktuðu landi, ef eigi á að vera vonlaust um afkomu hans. Varðar því miklu, að framkvæmd þessara miklu jarðabóta sé hagað eftir því, sem tilraunir sýna, að arðvænlegast er á hverjum stað og tíma.

Fóðuröflun handa búpeningi landsmanna kostar árlega milljónir króna, en um mörg atriði viðvíkjandi öflun heyjanna, varðveizlu þeirra og hagnýtingu skortir enn fullkomna þekkingu.

Bústofn landsmanna gefur ekki nándar nærri þann arð, sem vænta mætti, ef fóðrun og kynbætur væru komnar í fullt lag.

Loks er þess brýn þörf, að ruddar séu nýjar leiðir til meiri fjölbreytni í framleiðslunni.

Á öllum þessum sviðum verða framkvæmdirnar að byggjast á þekkingu, sem ekki er auðið að afla á annan veg en með innlendum tilraunum og rannsóknum. Jafnvel meðan sveitabúskapur stóð enn á margra alda gömlu frumstigi hafa hagsýnir bændur að vísu gert ýmiskonar tilraunir í búskap sínum, er komu þeim að haldi, þrátt fyrir margvísleg mistök, er stundum hafa kostað ærið fé. Svo er bæði um ýmsar tilraunir í jarðrækt og eigi síður í kynbótum og meðferð búfjárins.

Þessar tilraunir einstakra bænda eru mikillar virðingar verðar og sýna, að þeim er augljós þörfin. En slíkar skipulagslausar tilraunir einstaklinganna verða bæði of seinvirkar og of dýrar, enda eru þær sjaldnast gerðar af svo fullkominni þekkingu sem skyldi.

Er því brýn þörf tilraunastöðva, undir stjórn færustu manna, til að hafa með höndum stöðugar tilraunir og rannsóknir í þessum efnum.

Meðal allra landbúnaðarþjóða hefir fyrir löngu hafizt starfsemi í þessa átt, enda haga bændur þar búnaðarframkvæmdunum eftir því, sem rannsókna- og tilraunastofnanir hafa sýnt, að er hagfelldast.

Hér á landi hefir Búnaðarfélag Íslands og Ræktunarfélag Norðurlands, með styrk Búnaðarfélagsins, haft forgöngu tilraunastarfseminnar í þarfir landbúnaðarins, og unnið þar mikið og merkilegt starf. En til þessa hefir ekki verið tekið fullt tillit í fjárframlögum til Búnaðarfélags Íslands, og hefir það því eigi haft aðstöðu til að koma því skipulagi á tilraunirnar, sem hér er ætlazt til, enda ná þær tilraunir, sem unnt hefir verið að leysa af hendi, ekki nándar nærri til allra þeirra verkefna, sem bíða úrlausnar.

Er það ljóst, að tilraunastarfsemi þessari er ekki að fullu borgið, meðan Búnaðarfélagið á undir högg að sækja um fjárframlög til hennar. Og er því full nauðsyn löggjafar um þetta nauðsynjamál landbúnaðarins. Fyrir því er þetta frumvarp fram borið, er miðar að því að koma föstu skipulagi á starfsemi

þessa, er svo mjög skiptir þann atvinnuveg þjóðarinnar, er öllum atvinnuvegum fremur verður að styðjast við innlendar rannsóknir og reynslu".

Á frv. hafa nú verið gerðar nokkrar breytingar. M. a. hefir einni grein (5. gr.) verið bætt inn í frv. skv. tillögum Búnaðarþings, er mælir með frv.

Um einstakar greinar frv. skal tekið fram:

Um 1. gr.

Það virðist eðlilegast, að umsjón þessara mála sé falin Búnaðarfélagi Íslands, á sama hátt og umsjón jarðræktar- og búfjárræktarlaganna. Er hér átt við tilrauna- og rannsóknastarfsemi á öllum hinum praktisku sviðum, en ekki þau verkefni, sem rannsóknastofa háskólans og atvinnuveganna fæst við, en gert er ráð fyrir náinni samvinnu milli rannsóknarstofunnar og þeirra stofnana, er frv. ræðir um.

Um. 2. gr.

Rétt þykir, að stöðvunum sé valinn staður einni í hverjum landsfjórðungi, bæði vegna þess, að tillit þarf að taka til mismunar veðráttufars og jarðvegsskilyrða, og af því að ætlazt er til, að stöðvarnar geti jafnframt verið einskonar fyrirmyndarbú í fjórðungi hverjum.

Um 3. gr.

Þótt Búnaðarfélagi Íslands sé falin yfirumsjón tilraunastarfseminnar, þá er hér um svo sjálfstæða starfsemi að ræða, að rétt virðist, að fjárframlög til hennar veitist beint úr ríkissjóði.

Um 4. gr.

Ríkið á allan bústofn á öðrum bændaskólanum, Hólum, og nokkurn á hinum. Það er því eðlilegast og ódýrast að gera tilraunir í búpeningsrækt á skólabúunum. Hinsvegar er nauðsynlegt að styrkja jafnframt búfjárræktartilraunir á öðrum stöðum, einkum í sauðfjárrækt, vegna ólíkra skilyrða um veðráttufar og landgæði í sveitum landsins.

Um 5. gr.

Rétt þykir að setja ákvæði í þessa átt, til að tryggja sem nánasta samvinnu við þær stofnanir, er hér eiga hlut að máli.

Um 6. og 7. gr.

Með því fyrirkomulagi á yfirstjórninni, sem 6. og 7. gr. gerir ráð fyrir, er reynt að tryggja það, að framkvæmdum í þessum málum verði stjórnað af þekkingu. Starfsmenn Búnaðarfélags Íslands vita manna bezt, hver tilraunaverkefni eru mest aðkallandi í hvert sinn. Forstöðumenn tilraunastöðvanna hafa bezta aðstöðu til þess að gera starfsáætlun um framkvæmdir tilraunanna, ákveða hvaða tilraunir skuli gerðar á hverjum stað og hvernig þeim skuli hagað. Þátttaka forstöðumanna rannsóknastofanna í tilraunaráði á að tryggja sem bezta samvinnu við þær stofnanir (sbr. 5. gr.) og að tilraunastarfsemin fari fram á fullkomlega vísindalegum grundvelli.

Rétt þykir að tryggja sem nánasta samvinnu tilraunastöðvanna við kennara háskólans í búvísindum, ef kennaraembætti verður stofnað í þeirri grein.

8.—11. gr.

þurfa ekki skýringa.

Nd. 51. Frumvarp til laga

um breyting á póstlögum, nr. 5 7. mai 1921, sbr. lög nr. 3 27. marz 1925.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í stað tveggja fyrstu málsgreina 11. gr. g-liðs (Blöð og tímarit) komi: undir hvert ½ kílógramm eða minni þunga 15 aurar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er farið fram á að lækka burðargjald undir blöð og tímarit. Í póstlögunum er þetta burðargjald tvennskonar: 25 aurar undir ½ kg. á tímabilinu 15. apríl til 14. október, og 50 aurar undir ½ kg. á tímabilinu frá 15. október til 14. apríl.

Burðargjald þetta er mjög hátt og miklu hærra en tíðkast í nágrannalöndunum. Þar sem póstflutningar á landi fara nú yfirleitt með bílum, virðist ósanngjarnt að halda lengur hinu háa burðargjaldi.

Í frv. er lagt til, að eitt og sama gjaldið verði allt árið undir blöð og tímarit.

Frv. er flutt af nefndinni eftir beiðni Blaðamannafélagsins.

Ed. 52. Frumvarp til laga

um yfirstjórn nokkurra ríkiseigna í Ölfusi.

Flm.: Ingvar Pálmason, Sigurjón Á Ólafsson.

1. gr.

Fimm manna nefnd þeirri, sem samkvæmt 9. gr. laga um sjúkrahús, nr. 30 frá 1933, skal hafa á hendi yfirstjórn sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana ríkisins, skulu falin umráð eftirnefndra jarðeigna ríkisins í Ölfusi: Reykjakots, Reykja, Reykjahjáleigu, Kross og Valla.

2. gr.

Til þess að öðrum en ríkinu eða ríkisstofnunum sé leyfð notkun á landi Reykja og Reykjakots, þarf leyfi Alþingis að koma til.

Yfirstjórn sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana gerir yfirlit um framtíðarnotkun þessara jarðeigna og hverjar almannastofnanir skuli vera þar. Jafnframt er ráðherra heimilt, með leyfi yfirstjórnar sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana ríkisins, að leigja af því landi og jarðhita, sem eigi er ráðstafað samkvæmt 1. málsgrein, bæjarfélögum og allsherjarsamtökum verkamanna og samvinnufélaga fyrir meðlimi félagssamtakanna eða íbúa hlutaðeigandi kaupstaða til að reisa þar sumarbústaði og koma fyrir nauðsynlegum leikvöllum og sundstæðum fyrir þá, sem dvelja þar sér til heilsubótar og hressingar.

3. gr.

Sérhver sá, sem öðlazt hefir leiguréttindi eða önnur réttindi yfir landi jarðanna Reykja og Reykjakots, eftir að ríkið keypti þessar eignir, skal vera skyldugur til að láta réttindi þessi af hendi við ríkið. Um framkvæmd eignarnáms þessa fer eftir lögum nr. 61 frá 1917, um framkvæmd eignarnáms. Þó getur nefndin, ef ekki þarf á hinu leigða landi að halda, ákveðið að láta leiguliða halda leiguréttindum sínum meðan hann sjálfur notar það og yrkir, en ekki er honum heimilt að selja það öðrum.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt í efri deild á síðasta þingi, en dagaði þá uppi. Er frv. nú flutt með þeim breytingum, sem meiri hl. allsherjarnefndar Ed. lagði til, að á því væru gerðar.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar, er fylgdi frv. á síðasta þingi, og nefndarálits meiri hl. allsherjarnefndar Ed. um málið (þingskj. 150 og 594).

Nd. 53. Frumvarp til laga

um almenn gæðamerki.

Flm.: Finnur Jónsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Félög með heimilisfangi á Íslandi, sem hafa það að markmiði, að gæta sameiginlegra atvinnuhagsmuna félaga sinna, skulu, með því að láta skrásetja almenn gæðamerki, sem ætluð séu í viðskiptum til þess að greina vörur félaganna frá vörum annara, eða til tryggingar eftirlits, geta öðlazt einkarétt fyrir félaga sína til notkunar slíkra gæðamerkja, enda þótt félög þessi reki ekki neina þá atvinnu, sem um ræðir í 1. gr. laga nr. 43 13. nóv. 1903.

Opinber stjórnarvöld eða stofnanir á Íslandi, sem gæta sameiginlegra atvinnurekstrarhagsmuna flokks ríkisborgara, geta einnig öðlazt slíkan einkarétt með því að láta skrásetja almenn gæðamerki.

Um merki þau, er ræðir um í þessari grein, skulu gilda ákvæði framangreindra laga, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Nú beiðist félag skrásetningar merkis, og skal þá í beiðninni greina nafn félagsins og heimilisfang félagsstjórnarinnar; ennfremur skal fylgja beiðninni eintak af samþykktum félagsins og í þeim skal tekið greinilega fram:

1. Hvert sé markmið félagsins.
2. Hverjum sé heimilt að nota merkið, svo og hver skilyrði séu sett fyrir slíkum rétti.
3. Hver réttindi og hverjar skyldur fyrir félagið sjálft eða félaga þess leiði af notkun merkisins á óheimilan hátt.
4. Hver eða hverjir hafi heimild til að koma fram fyrir félagsins hönd.

Kröfu opinbers stjórnarvalds eða stofnunar um skrásetning merkis skal fylgja eintak af lögum þeim eða öðrum ákvæðum, sem við eiga, og séu í þeim samskonar upplýsingar, sem um ræðir í 2. og 3. tölul. greinar þessarar.

Nú verða síðar breytingar á atriðum þeim, sem að framan greinir, og skal þá tilkynna þær þeim, sem annast skrásetninguna.

Fyrir skrásetning almenns gæðamerkis og auglýsingu um skrásetninguna greiðist 120 kr. gjald; fyrir endurnýjun 40 kr. gjald.

3. gr.

Eigi er heimilt að framselja öðrum rétt til almenns gæðamerkis, sem skrásett er.

4. gr.

Sérhverjum er heimilt að krefjast þess, að skrásetningin skuli afmáð með dómi:

a. Ef félag það, sem á merkið, er hætt störfum,
b. ef breytzt hafa verulega skilyrði þau, er voru fyrir hendi þegar merkið var tilkynnt, og
c. ef félagið kemur ekki fram ábyrgð á hendur þeim, sem nota merkið á óheimilan hátt, þrátt fyrir áminningu um að koma fram slíkri ábyrgð.

5. gr.

Skylda sú til skaðabóta, sem hvílir á þeim, er brjóta í bága við einkarétt þann, sem stofnast með skrásetningu almenns gæðamerkis, nær eigi einvörðungu til þess að bæta tjón, sem sjálfur eigandi merkisins kann að hafa orðið fyrir, heldur einnig til að bæta tjón það, sem þeir kunna að hafa beðið, sem áttu rétt á að nota merkið.

6. gr.

Með því skilyrði, að um gagnkvæmi sé að ræða, ná framangreind ákvæði einnig til félaga, sem eiga heimilisfang í einhverju þeirra ríkja, sem ákvæði vörumerkjalaganna hafa náð gildi um samkvæmt 15. gr. laga nr. 43 13. nóv. 1903, svo og til opinberra stjórnarvalda eða stofnana með heimilisfangi í umræddum ríkjum.

7. gr.

Merki þau, sem hér ræðir um, skal skrá í sérstaka deild vörumerkjaskrárinnar, og ákveður atvinnumálaráðherra fyrirkomulag, form og færslu þessarar deildar.

8. gr.

Nú telur ríkisstjórnin, eftir samráði við fulltrúa atvinnurekenda, æskilegt að láta skrásetja almennt íslenzkt gæðamerki, sem nota megi á afurðir útfluttar frá Íslandi, er öruggt sé að telja gæðavörur samkvæmt gildandi ákvæðum um eftirlit með útflutningsvörum, og má þá setja ákvæði um skilyrði fyrir notkun þessa merkis með konunglegri tilskipun. Í tilskipuninni má setja ákvæði, er banni að nota hér á landi merki, sem hægt er að villast á og skrásetta almenna gæðamerkinu; ennfremur ákvæði, er banni að búa til og flytja til landsins, án samþykkis ráðherra, eftirmyndir af almenna gæðamerkinu eða af merkjum, sem hægt er að villast á og gæðamerkinu; ennfremur ákvæði, er banni að búa til eða flytja til landsins stimpla, myndamót eða annað, sem ætlað er til þess að gera gæðamerkið eða annað merki, sem hægt er að villast á og gæðamerkinu. Í tilskipuninni má og ákveða, að framleiðandi eða útflytjandi, sem gætir ekki fyrirmæla þeirra, sem sett eru um notkun almenna gæðamerkisins, skuli missa réttinn til að nota það, um skemmri tíma eða að fullu og öllu.

Loks má ákveða í tilskipuninni sektir frá 10—5000 kr. fyrir brot á ákvæðum tilskipunarinnar.

Heimilt er ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði kostnað þann, sem skrásetning almenna gæðamerkisins hefir í för með sér í löndum þeim, sem Ísland selur afurðir sínar.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Frv. þetta er upphaflega samið af sendiráði Íslands í Khöfn og hefir verið sent nokkrum sinnum frá stjórnarráðinu til þingnefnda, en af einhverjum ástæðum ekki náð fram að ganga, þrátt fyrir ákveðin meðmæli ýmsra atvinnustofnana í landinu. Í framsögu verður gerð grein fyrir hverjar ástæður liggja til, að nú er sérstök þörf á að fá frv. þetta lögtekið, en frá þeim, er frv. sendi upphaflega, fylgdu þessar athugasemdir, örlítið breyttar:

„Með lögum um vörumerki 13. nóvember 1903 er aðeins einstökum mönnum eða félögum heimilaður réttur til að fá vörumerki skrásett. Í samræmi við það, sem þá tíðkaðist í vörumerkjalöggjöf annara landa, var ekki heimild til að láta skrásetja hin svonefndu almennu gæðamerki, þ. e. a. s. merki, sem ríki, sveitarfélög eða félagsskapur einstakra borgara óskaði að nota sem einkenni eða tryggingarmerki á allar þær vörur, sem félagar þess framleiddu eða flyttu út.

Breytingar á síðari árum hafa gert það að verkum, að nauðsynlegt þykir,

að hægt sé að nota slík almenn gæðamerki. Á alþjóðaráðstefnum hafa verið gerðar fyrst samþykktir um, að vörumerkjalöggjöf landanna ætti að heimila skrásetning almennra gæðamerkja. Almennu gæðamerkin hafa rutt sér til rúms víða um lönd og eru talin mikilsvarðandi, sérstaklega að því er snertir útflutningsvörur. Þegar afurðir einhvers lands, sökum sérstakra gæða, hafa fengið gott orð á sig, og einkum ef samfara er opinbert eftirlit með eða mat á gæðum vörunnar, er mikið gagn að því að hafa almennt gæðamerki á þessum afurðum, sem skráð sé í markaðslöndunum. Þegar ríki lætur skrásetja almennt gæðamerki, bætist ennfremur við, að hægt er að láta notkun þess verða þátt í eftirliti með afurðum þeim, sem það er notað á. Á þennan hátt hefir t. d. lúðurmerkið, sem danska ríkið hefir látið skrásetja sem almennt gæðamerki á smjöri, er fullnægir útflutningsskilyrðum þeim, sem ríkið hefir sett, haft mjög mikla þýðingu bæði til að bæta framleiðsluna innanlands og eins til að aftra því í öðrum löndum, að smjör annara þjóða sé boðið út sem danskt smjör. Ennfremur hefir norska stjórnin með líkum hætti látið skrásetja í ýmsum löndum almennt þjóðlegt gæðamerki, „Hestemandsmærket", sem notað mun vera bæði á saltfisk, niðursuðuvörur og landbúnaðarafurðir, sem út eru fluttar.

Með framanskráðu lagafrumvarpi er farið fram á að fá heimild til skrásetningar almennra gæðamerkja hér í landi. Sumpart virðist vera rétt, að íslenzk vörumerkjalöggjöf sé höfð í samræmi við vörumerkjalöggjöf annara landa, svo að einnig verði hægt að skrásetja erlend almenn gæðamerki framvegis á Íslandi, og sumpart virðist rétt að gera ráðstafanir til, að hægt sé að skrásetja íslenzkt gæðamerki. Merkið mætti skrásetja annaðhvort í nafni framleiðendafélagsskapar eða ríkisins sem almennt gæðamerki á landbúnaðar- eða sjávarafurðir eða hvorttveggja, sem telja mætti, vegna eftirlits hins opinbera með vöruvönduninni, að gagnlegt væri og óhætt að einkenna sem gæðavöru af íslenzkum uppruna.

Ákvæðin í 1.—7. gr. miða að því, að hægt sé að fá almennt gæðamerki skrásett, og eru næstum því samhljóða samskonar reglum, er settar eru annarsstaðar, t. d. í Danmörku með lögum 2. apríl 1913 og í Noregi með lögum 9. júlí 1923.

Í 8. gr. er auk þess stungið upp á að veita stjórninni heimild til, ef vill, að láta skrásetja íslenzkt almennt gæðamerki fyrir útflutningsafurðir þær, sem vegna opinbers eftirlits er óhætt að telja gæðavörur, og má tryggja rétta notkun merkisins enn betur með ákvæðum í konunglegri tilskipun. Það er ekki tilgangurinn, að slík heimild yrði notuð öðruvísi en í samráði við fulltrúa þeirra atvinnugreina, sem njóta ættu góðs af notkun gæðamerkisins, en þar sem nokkurn undirbúning þarf til að koma málinu í framkvæmd, er leitað heimildar í lagafrumvarpinu til að setja megi með konunglegri tilskipun ákvæði þau, sem nauðsynleg kynnu að þykja, ef ríkisstjórnin og fulltrúar atvinnuveganna koma sér saman um, að hyggilegt sé að láta skrásetja almennt gæðamerki á sumar aðalútflutningsvörur vorar.

Nd. 54. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 43 23. júní 1932, um barnavernd.

Flutningsm.: Sigurður Einarsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Bæjarstjórn kýs barnaverndarnefnd með hlutfallskosningu, í Reykjavík 7 og í öðrum kaupstöðum 5 menn. Kjörgengur er sá í barnaverndarnefnd, sem kjörgengur er í bæjarstjórn. Að jafnaði skal kjósa 2 til 3 konur í hverja nefnd. Kjósa skal varamenn með sama hætti, jafnmarga aðalmönnum, og taka þeir sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna í þeirri röð, er þeir voru til kosnir.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Kjörtímabil barnaverndarnefnda er hið sama og bæjarstjórnar, og skal jafnan kjósa í barnaverndarnefnd svo fljótt sem við verður komið að afstöðnum bæjarstjórnarkosningum.

3. gr.

Síðari málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Þóknun til nefndarmanna greiðist úr bæjarsjóði, og sé ekki minni en 600 kr. á ári til nefndarmanns í Reykjavík og 200 kr. á ári í öðrum bæjum. Svo skal og í fjárhagsáætlun bæja ætla barnaverndarnefndum hæfilegt starfsfé, svo að nefndunum sé unnt að gegna til hlítar eftirlitsstörfum sínum og öðrum skyldustörfum sínum og ráða sér sérfræðilega aðstoð, þar sem þess er þörf (sbr. 6. gr. II., 8. tölul.).

4. gr.

Síðari málsgr. 5. gr. laganna falli burt.

5. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk barnaverndarnefndar eru sem hér segir:

I. Fræðslustarf.

Barnaverndarnefndir skulu stuðla að aukinni fræðslu um meðferð og uppeldi barna, t. d. með því að sjá um, að flutt séu fræðandi erindi um þau efni, og leiðbeiningar veittar þeim, er þeirra óska eða þarfnast. Svo skal og barnaverndarnefnd skylt að veita þeim, er þess óska, leiðbeiningar og ráð um uppeldi barna þeirra.

II. Eftirlitsstarf.

1. Barnaverndarnefnd hefir eftirlit með uppeldi barna innan 16 ára aldurs og er skylt og heimilt að hlutast til um hvað það í uppeldi barna, er hún fær vitneskju um og telur athugavert. Hún hefir og eftirlit með veikluðum

unglingum og vanþroska, þó eldri séu en 16 ára, er dveljast á heimili vandalausra og njóta ekki fullrar umsjár foreldra.

2. Engu barni má ráðstafa til vandalausra, hvorki af hálfu einstaklinga né sveitarstjórnar, nema barnaverndarnefnd samþykki hinn nýja dvalarstað barnsins. Skal tilkynna barnaverndarnefnd allar slíkar vistbreytingar barna, og ber henni að líta eftir líðan barnsins í hinni nýju vist.
3. Barnaverndarnefnd hefir eftirlit með dagheimilum, barnahælum og dvalarskólum í umdæmi sínu, og er engum heimilt að reka slíkar stofnanir nema barnaverndarnefnd samþykki fyrirkomulag þeirra, hollustuhætti og greiðslutaxta. Gefur barnaverndarnefnd slíkri stofnun skilríki fyrir því, að hún fullnægi settum skilyrðum og sé rekstur hennar heimill, enda skal hann óheimill ella. Skulu slík skilríki endurnýjuð árlega.
4. Barnaverndarnefnd er skylt að hafa eftirlit með þeim hælum og dvalarskólum utan umdæmis hennar, er börn hafa á vist úr því. Skal slíkt eftirlit framkvæmt ekki sjaldnar en tvisvar á ári.
5. Hún útvegar í samráði við foreldra, aðra forráðamenn eða sveitarstjórn þeim börnum, sem þurfa þykir, góðan samastað um lengri eða skemmri tíma, eftir ástæðum, og ber henni að líta eftir líðan barnanna í þeim vistum.
6. Hún rannsakar þegar í stað kærur eða kvartanir, sem henni berast um meðferð barna í umdæmi hennar, einnig hefir hún sjálf frumkvæði að slíkri rannsókn.
7. Hún lítur eftir því, að börnum sé ekki ofþjakað með þungri vinnu né löngum vinnutíma.
8. Eftirlit það með aðbúnaði barna og líðan í vistum, barnahælum, dvalarskólum og dagheimilum, sem um ræðir í 2., 3. og 5. tölul. II. kafla þessarar greinar, skal barnaverndarnefnd í bæjum láta lækni eða heilsuverndarhjúkrunarkonu framkvæma fyrir sína hönd, enda gefi þau barnaverndarnefnd nákvæma skýrslu um niðurstöðu rannsókna sinna.

III. Íhlutun um uppeldisáhrif.

1. Barnaverndarnefnd er skylt að kynna sér þau áhrif, sem barn verður fyrir af umhverfi sínu og ætla má, að því geti orðið andlega eða líkamlega til tjóns, og ber henni að beita sér gegn því, að börn verði fyrir slíkum áhrifum, eftir því sem lög framast leyfa.
2. Þar, sem kvikmyndahús starfar eða efnt er til opinberra skemmtana fyrir börn, er barnaverndarnefnd skylt að afla sér áreiðanlegrar vitneskju um hverja mynd eða skemmtun áður en börnum sé veittur aðgangur að henni. Eigendum kvikmyndahúsa og forstöðumönnum skemmtana er skylt að veita nefndinni aðgang að slíku á undan almenningi. Telji meiri hluti nefndar mynd eða skemmtun skaðlega eða óholla sálarlífi barna, má leggja bann við því, að hún verði sýnd börnum.
3. Barnaverndarnefnd er heimilt að banna sölu tóbaks til barna innan 16 ára aldurs í umdæmi sínu, svo og sérstakar tegundir sælgætis, ef þær að dómi lækna teljast varhugaverðar heilsu barna. Skal um slík bönn leita staðfestingar stjórnarráðs á reglugerð þar um, er ákveði refsingar, ef út af er brugðið.

IV. Úrskurðarvald um afbrotamál barna.

1. Mál barna innan 16 ára aldurs, þau er annars ber undir dóms- og lögregluvald, ber jafnan að leggja fyrir barnaverndarnefnd, og getur hún, ef meiri hluti nefndarinnar óskar, rannsakað málið og kveðið upp um það rökstuddan úrskurð. Heimilt er barnaverndarnefnd að kveðja með sér til slíkrar rannsóknar og uppkvaðningar úrskurðar uppeldisfræðing og sálsýkisfræðing, enda meðundirriti þeir úrskurðinn, ef þeir eru samþykkir meiri hluta nefndar.

   Afrit úrskurðar í afbrotamáli barns skal þegar í stað senda viðkomandi lögregluyfirvöldum, og getur lögreglustjóri áfrýjað honum til dómsmálaráðherra, nema hann sé meðundirritaður af uppeldisfræðingi og sálsýkisfræðingi, þó með þeim takmörkunum, er hér segir:

   a. Að sakborningur sé ekki fullra 8 ára.
   b. Að sakborningur sé ekki fullra 12 ára, og hafi áður verið eða sé á vegum barnaverndarnefndar.

2. Nú getur dómsmálaráðherra ekki fallizt á úrskurð barnaverndarnefndar um mál barns, enda sé hann ekki meðundirritaður af uppeldisfræðingi og sálsýkisfræðingi, og úrskurðar þá ráðherra um meðferð barns og dvöl til 16 ára aldurs. Kostnað af dvöl barns og uppeldi samkvæmt slíkum úrskurði bera lögmæltir framfærslumenn meðan til endist, en annars hlutaðeigandi sveitarfélag.

6. gr.

Framan við 7. gr. laganna komi ný málsgr.:

Starfsmönnum ríkis og bæja skal skylt að veita barnaverndarnefnd þá aðstoð, sem hún óskar, eftir því sem við verður komið. Einkum skulu kennarar hver á sínum stað skyldir til að tjá barnaverndarnefndum það, sem þeir kunna að verða vísari um nemendur sína, sem gefið gæti barnaverndarnefndum ástæðu til íhlutunar.

7. gr.

Fyrsta málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Nefndinni er rétt að úrskurða, að barn eða ungling skuli taka af heimili þess og ráðstafa annarsstaðar (sbr. þó 2. tölul. IV. kafla 6. gr.).

Aftan við 8. gr. laganna bætist ný málsgr.:

Nú hefir barnaverndarnefnd ráðstafað barni samkv. 1. tölul. 8. gr., og verða þá kröfur foreldranna um að fá barnið til sín síðar ekki teknar til greina. Nú hefir barnaverndarnefnd ráðið barni fósturforeldra eða dvalarstað samkv. 2., 3., 4. eða 5. tölul. 8. gr., og skal þá jafnan á mati barnaverndarnefndar, hvort síðari kröfur foreldris, eins eða beggja, um að taka barnið til sín skuli teknar til greina. Sama máli gegnir um tilboð annara um að taka barnið endurgjaldslaust, þó að gefið sé með því af foreldri eða sveitarsjóði.

Nú ályktar barnaverndarnefnd rétt eftir atvikum, að barnið sé kyrrt í dvöl eða hjá fósturforeldrum, þar sem gefið er með því, annaðhvort af sveitarsjóði eða lögmæltum framfærslumanni, og skal þá óheimilt að afhenda foreldri eða neinum öðrum barnið, er bjóðast kynnu til þess að fóstra það endurgjaldslaust, nema samþykki barnaverndarnefndar komi til.

8. gr.

Fyrsta málsgr. 9. gr. laganna orðist svo:

Ráðstafanir þær, sem um ræðir í 8. gr., má þó eigi gera gegn vilja foreldra eða forráðamanna, nema 2 af hverjum 3 skólanefndarmönnum (sbr. 1. gr.), 4 af hverjum 5 eða 5 af hverjum 7 barnaverndarnefndarmönnum séu sammála um þær, að undangenginni rækilegri rannsókn, enda er nefndinni skylt að láta framkvæma hana hvenær sem kærur berast eða einhver nefndarmanna óskar.

Nú telur nefndarhluti, sem til þess er skipaður að hafa eftirlit með slíku, einstakur nefndarmaður eða ráðinn sérfræðilegur eftirlitsmaður nefndarinnar, að rétt sé að ráðstafa barni burt af heimili (sbr. 8. gr.), og meiri hluti nefndarinnar fellst ekki á, og skal þá slíkum aðila, er ráðstöfunar æskir, heimilt að kveðja bæjarlækni eða héraðslækni til rannsóknar í málinu. Skylt er bæjarlækni að verða við slíkri áskorun, og er honum heimilt að kveðja sér til aðstoðar lækni eða uppeldisfræðing á kostnað nefndarinnar. Skulu þeir í sameiningu, að rannsökuðu máli, kveða upp úrskurð um það, hvort ráðstafa skuli barninu burt af heimili sínu. Skylt er barnaverndarnefnd að hlíta þeim úrskurði, en áfrýja má hún honum til barnaverndarráðs. Ráðstöfunum og úrskurðum barnaverndarnefndar samkv. 8. gr. má og jafnan skjóta til barnaverndarráðs.

9. gr.

10. gr. laganna falli burt.

10. gr.

11. gr. laganna verði 10. gr. og orðist svo:

Þegar nefndinni er kunnugt um, að heimilismaður, annar en fyrirvinna eða móðir, spillir heimili, þar sem börn eru, með ofdrykkju eða öðru ósæmilegu athæfi, er henni skylt að vanda alvarlega um við manninn. Beri ítrekaðar umvandanir engan árangur, ber nefndinni að fela viðkomandi valdsmanni að rannsaka framferði mannsins á heimilinu og hver áhrif það hafi á hagi barnanna. Verði það ljóst, að þeim sé háski búinn af framferði mannsins, en gæti annars liðið vel á heimilnu, er valdsmanni skylt samkvæmt kröfu barnaverndarnefndar, að gera ráðstöfun til þess að tryggja hag barnanna, og er honum þá heimilt að víkja manninum burt af heimilinu um stundarsakir, eða um lengri tíma, bæti hann ekki ráð sitt. Ef um fyrirvinnu eða móður er að ræða og skipist þau ekki við áminningar, er barnaverndarnefnd rétt að ráðstafa börnum burt af heimilinu (sbr. 8. gr. tölul. 3).

11. gr.

12. gr. laganna verði 11. gr.

12. gr.

13. gr. laganna verði 12. gr. og orðist svo:

Börnum þeim, sem barnaverndarnefnd ber að ráðstafa samkvæmt 8. gr., skal nefndin, ef unnt er, koma fyrir um stundarsakir á barnahæli eða öðrum þeim stað, þar sem unnt er að koma við sérfræðiathugun á þeim eða öðru nauðsynlegu sálfræðilegu eða heilsufræðilegu eftirliti. Sé um fávita að ræða

eða vanþroska börn að vitsmunum, ber nefndinni að hlutast til um, að þau komist til langdvalar á hæli, er hentar slíkum börnum, jafnskjótt og slík hæli verða reist.

13. gr.

14. gr. laganna verði 13. gr.

14. gr.

15. gr. laganna verði 14. gr.

15. gr.

16. gr. laganna verði 15. gr. og orðist svo:

Barnaverndarnefnd, einstakir nefndarmenn eða umboðsmaður nefndar hafa jafnan rétt til þess að koma á þau heimili eða þau hæli, þar sem börn eru, sem þeir eiga að hafa eftirlit með, og má ekki hindra það. Skylt er húsráðendum slíkra heimila og hæla að leyfa barnaverndarnefnd eða umboðsmanni hennar að hlynna að barninu á hvern þann hátt, er nefndin telur sér fært og óskar, heimilinu að kostnaðarlausu.

16. gr.

17. gr. laganna verði 16. gr.

17. gr.

18. gr. laganna verði 17. gr.

18. gr.

19. gr. laganna verði 18. gr. og orðist svo:

Kennslumálaráðherra skipar barnaverndarráð, og á það heimili í Reykjavík. Í barnaverndarráði eru 3 menn. Skal einn skipaður úr læknastétt, samkvæmt tillögum landlæknis, einn skipaður samkvæmt tillögum sambands íslenzkra barnakennara, en einn tilnefnir ráðherra, og er hann formaður. Barnaverndarráðsmenn skulu skipaðir til 4 ára. Ráðherra ákveður þóknun til þeirra, og greiðist hún úr ríkissjóði.

19. gr.

20. gr. laganna falli burt.

20. gr.

21. gr. laganna verði 19. gr. og orðist svo:

Hlutverk barnaverndarráðs eru þessi:

1. Að hafa yfirumsjón með starfi allra barnaverndarnefnda landsins, veita þeim leiðbeiningar, er þess óska, og vanda um við þær, er vanrækslu sýna.
2. Að veita viðtöku ársskýrslum allra nefnda og senda fræðslumálastjóra og landlækni árlega fullnægjandi útdrátt úr þeim innan lögákveðins tíma.
3. Að hafa yfirumsjón með öllum barnahælum landsins. Þau barnahæli og dvalarskólar, sem styrks njóta af alþjóðarfé, skulu auk rekstrarleyfis barnaverndarnefndar hafa löggildingu barnaverndarráðs til starfa, enda samþykki það skipulagsskrá slíkra stofnana, fyrirkomulag þeirra og gjaldskrá.

Ekki má ráða slíku heimili eða hæli, er styrks nýtur af almannafé, forstöðumann eða konu án samþykkis barnaverndarráðs. Óheimilt er að reka nokkra slíka stofnun án löggildingar barnaverndarráðs, og skal hún endurnýjuð árlega.

4. Að leggja úrskurð á mál þau, sem undir barnaverndarráð ber samkvæmt fyrirmælum þessara laga.
5. Barnaverndarráð skal árlega senda fræðslumálastjóra nákvæma skýrslu um störf sín, glöggan útdrátt úr skýrslum barnaverndarnefnda, yfirlit um rannsóknir sínar, eftirlitsstörf og úrskurði. Skal þessari skýrslu fylgja álitsgerð um ástand í barnaverndarmálum ásamt tillögum til umbóta. Barnaverndarráð skal og árlega senda landlækni glögga skýrslu um þau heilbrigðisatriði, er barnaverndarstarfið hefir leitt í ljós, og ráðstafanir þær og úrskurði, er nefndirnar hafa fellt af heilbrigðisfræðilegum ástæðum. Þessu skal fylgja skrá um tölu, nafn, aldur og heimilisfang þeirra fávita og vanþroska barna, er nefndirnar hafa ráðstafað á árinu. Skal barnaverndarráð hafa sent skýrslur þessar fyrir marzlok ár hvert.

21. gr.

22. gr. laganna verði 20. gr.

22. gr.

23. gr. laganna verði 21. gr. og orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1935. Samtímis fellur niður umboð núverandi barnaverndarráðs og skal skipa barnaverndarráð samkvæmt lögum þessum. Frá sama tíma falla úr gildi öll þau ákvæði í lögum, er fara í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Lagafrv. þetta miðar að því, að kveða nánar á um ýmislegt í starfi barnaverndarnefnda en gert er í núgildandi lögum, ákveða verksvið þeirra nánar með tilliti til þess, sem reynsla undanfarinna ára hefir leitt í ljós, og búa þeim betri aðstöðu til starfa. Eru ákvæði frv. miðuð við upplýsingar frá ýmsum þeim, er unnið hafa að barnaverndarmálum, og með hliðsjón af samskonar ákvæðum í lögum annara þjóða, þar sem meiri reynsla er fengin í þessum efnum. Barnaverndarstarfið er svo nauðsynlegt og mikilvægt starf, að ekki tjáir að horfa í að tryggja árangur þess svo sem bezt má verða. Fyrir því er í frv. gert ráð fyrir, að barnaverndarnefndum sé lagt svo mikið fé, að þeim sé unnt að inna skyldustörf sín af hendi á sómasamlegan hátt.

Sjálfum grundvelli þess, hvernig nefndirnar eru skipaðar, hefir ekki verið hróflað. Þótti það varhugavert, með því að víst er, að þar sem áhugasamt fólk hefir valizt í störfin, hefir orðið að starfi nefndanna mikið gagn. En með því að sú skipan, sem á hefir verið, og ráðgerð er samkv. frv. þessu, tryggir það aldrei, að nefndirnar verði „faglega“ skipaðar, þótti nauðsyn til bera, um leið og valdsvið nefndanna og eftirlitsstarf var aukið og ákveðið nánar, að gera þeim ýmist skylt að leita sérfræðilegrar aðstoðar, eða þá heimila þeim það, eins og

til dæmis við uppkvaðningu úrskurða í afbrotamálum barna, og binda gildi slíks úrskurðar að nokkru leyti við það, að hann væri uppkveðinn í samráði við sérfræðinga.

Það leiðir af sjálfu sér, að eins og hlutverk barnaverndarráðs er ákveðið samkv. frv. þessu, þá verður ekki hjá því komizt að hafa heilsufræðilega menntaðan mann eða lækni í ráðinu. Þótti því rétt, að einn barnaverndarráðsmaður skyldi skipaður samkvæmt tilnefningu landlæknis, og ráðið jafnframt skipað af nýju, þar sem hlutverk þess er nú nokkuð aukið og breytt.

Frv. hefir verið borið undir barnaverndarnefnd í Reykjavík, og hún hefir ekki óskað að gera athugasemdir við það.

Nánar í framsögu.

Nd. 55. Frumvarp til laga

um útgerðarsamvinnufélög.

Flm.: Bergur Jónsson, Gísli Guðmundsson, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Markmið útgerðarsamvinnufélaga er að reka fiskveiðar á samvinnugrundvelli og að annast í sambandi við þær innkaup á vörum, hagnýting afla, sölu hans o. fl.

2. gr.

Nú vilja menn stofna útgerðarsamvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 5 menn eða fleiri verða ásáttir um stofnun slíks félags og bindast samtökum um að gerast meðlimir þess, skulu þeir, að fengnu samþykki hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar til félagsstofnunarinnar, setja félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar ríkisstjórnarinnar á þeim.

3. gr.

Félagar útgerðarsamvinnufélags geta þeir einir orðið, sem ráðast hjá félaginu, á skip þess eða í landi. Með samþykki lögmæts félagsfundar má auk þess taka inn í félagið menn, sem styrkja vilja það með þátttöku sinni, þótt eigi séu þeir ráðnir starfsmenn félagsins.

Óheimilt er að ráða fasta starfsmenn hjá félaginu í landi eða skipverja á skip þess, nema þeir um leið gerist félagar og undirriti yfirlýsingu um, að þeir hlýði lögum félagsins eins og þau eru á hverjum tíma. Undantekningu má þó gera frá þessu að því er snertir ráðningu skipverja í forföllum annara, ef brýn nauðsyn krefur.

Inngangseyrir sé 10 kr. frá hverjum félagsmanni, er renni í varasjóð.

4. gr.

Sérhver félagi útgerðarsamvinnufélags ber takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, sem miðast við 500 krónur.

5. gr.

Félagsmaður, er fer úr félaginu, eða bú þess, sem deyr, ber ábyrgð samkvæmt 4. gr. á skuldbindingum félagsins, er á því hvíldu, er hann gekk úr, þó eigi lengur en tvö ár frá næstu áramótum eftir úrgöngu, nema risið hafi mál út af skaða, er félagið hefir orðið fyrir meðan hann var í því, er bíði úrskurðar dómstólanna.

6. gr.

Á skip útgerðarsamvinnufélags skulu skipverjar ráðnir gegn ákveðnum hluta af afla, og skal hlutur vera full greiðsla fyrir vinnu skipverja. Skal fyrirkomulag hlutaskiptanna ákveðið í stofnsamþykktum félagsins, og þá jafnframt, að hlutur skuli hækka eða lækka við uppgerð í samræmi við rekstrarafkomu félagsins eftir á.

7. gr.

Í varasjóð útgerðarsamvinnufélags greiðist árlega 2% af óskiptum ársafla félagsins, miðað við verð afla upp úr skipi, og 2% af kaupi fastra starfsmanna félagsins, sem ekki eru hlutarmenn. Í varasjóð skal og greiða árlegan tekjuafgang félagsins, og skulu ársvextir lagðir við höfuðstólinn.

Fé varasjóðs má nota sem veltufé í þarfir félagsins.

Við félagsslit skal innieign varasjóðs ráðstafað á sama hátt og segir í síðustu málsgr. 8. gr. um innstæðufé tryggingarsjóðs.

8. gr.

Í samþykktir útgerðarsamvinnufélags skal setja ákvæði um tryggingarsjóð, er standi til tryggingar lánum úr Fiskveiðasjóði og þar næst öðrum lánum félagsins. Tekjur sjóðsins skulu vera þær, sem hér segir:

1. Árlegt gjald, 1½% af óskiptum ársafla félagsins, miðað við verð afla upp úr skipi, og 1½% af kaupi fastra starfsmanna félagsins, sem ekki eru hlutarmenn.
2. Árlegt tillag frá hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélagi, er nemi jafnhárri upphæð og ársgjald samkv. tölul. 1 verður árlega.

Tryggingarsjóður skal ávaxtaður í Fiskveiðasjóði Íslands, og skulu vextir af honum lagðir við höfuðstól um hver áramót.

Félag eða stjórn þess getur ekki ráðstafað innstæðu tryggingarsjóðs, og óheimilt er að skerða sjóðinn til lúkningar skuldum félagsins, nema félagið sé tekið til gjaldþrotaskipta.

Nú nemur innstæða tryggingarsjóðs orðið svo hárri upphæð, miðað við skuldir félagsins og eignir, að lánstrausti þess og framtíðarrekstri sé borgið, að dómi stjórnar Fiskveiðasjóðs og ríkisstjórnarinnar, og getur þá atvinnumálaráðherra heimilað, að árlegar greiðslur til sjóðsins falli niður að nokkru eða öllu leyti um ákveðinn tíma.

Innstæðufé tryggingarsjóðs sé ekki útborgað við félagsslit, heldur skal það þá ávaxtað áfram í Fiskveiðasjóði á nafni hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélags, unz annað útgerðarsamvinnufélag tekur þar til starfa. Rennur féð þá í tryggingarsjóð þess félags, að áskildu samþykki bæjar- eða sveitarstjórnar þeirrar, sem hlut á að máli.

9. gr.

Fjárreiðum hvers einstaks skips útgerðarsamvinnufélags skal haldið aðgreindum í bókhaldi félagsins, þannig að sjá megi á hverjum tíma rekstrarafkomu þess. Um reikningsskil fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921.

10. gr.

Forstjórar útgerðarsamvinnufélaga skulu samþykktir af ríkisstjórn. Um stjórn, endurskoðun, félagsfundi, úrgöngu og brottrekstur félagsmanns fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921. Um skrásetningu og félagsslit fer eftir ákvæðum sömu laga.

11. gr.

Útgerðarsamvinnufélag, sem stofnað verður samkvæmt lögum þessum, svo og þau útgerðarfélög, sem þegar eru stofnuð og ríkið er í ábyrgð fyrir, skulu vera undir eftirliti Skipaútgerðar ríkisins. Kaup skipa og skipsvéla fyrir félögin skulu vera bundin samþykki þeirrar stofnunar, enda ber henni skylda til að veita félögunum nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar við slík kaup. Hún skal og á hverju ári senda stjórnarráðinu umsögn sína um efnahag og afkomuhorfur félaganna.

12. gr.

Samþykktum þeirra útgerðarfélaga, sem nú eru starfandi og ríkið er í ábyrgð fyrir, skal breytt í samræmi við lög þessi, og ber sýslumönnum og bæjarfógetum að sjá um, hverjum í sínu umdæmi, að þetta verði gert eins fljótt og við verður komið.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. til l. um útgerðarsamvinnufélög var flutt á síðasta Alþingi, og kemur nú fram með nokkrum breytingum.

Á undanförnum árum hafa framleiðslutæki sjávarútvegsins víða gengið mjög úr sér, án þess að ný tæki kæmu í staðinn, er fullnægðu kröfum nútímans og atvinnu- og framleiðsluþörf hins mikla fjölda landsmanna, er býr við sjávarsíðuna. Þetta hefir valdið svo miklu atvinnuleysi og fjárhagsvandræðum í bæjum og kauptúnum, að nokkur þeirra hafa komizt í fullkomin fjárþrot. Til þess að bæta úr þessu ástandi, hefir ríkið hvað eftir annað orðið að hlaupa undir bagga og ganga í ábyrgðir fyrir útgerðarfélög, sem stofnuð hafa verið þar, sem mest hefir sorfið að. Þessa leið hefir orðið að fara vegna þess, að hlutaðeigandi félög hefir skort bæði fé og lánstraust til að kaupa skip og annað, sem fyrirtækin þörfnuðust.

Nú verður varla deilt um það, að ríkisábyrgðir í stórum stíl eru næsta varhugaverðar. Það er því fullkomin þörf á því, að fundin verði leið til þess að afla

þessum atvinnufyrirtækjum nauðsynlegs lánstrausts á einhvern annan hátt en með ríkisábyrgð.

Það, sem meðal annars hefir einkum staðið í vegi fyrir nauðsynlegu lánstrausti til handa þessum fyrirtækjum, er sjóveðshætta sú, sem á skipum hvílir samkvæmt gildandi lögum. Hún hefir meðal annars orðið þess valdandi, að lánsstofnanir hafa ekki þorað að lána út á fyrsta veðrétt skipanna, nema svo litinn hluta af verði þeirra, að það hefir að öllum jafnaði verið ófullnægjandi.

Með frumvarpi þessu er meðal annars að mestu leyti ráðin bót á þessu. Þar er reynt hvorttveggja í senn, að skapa þessum atvinnufyrirtækjum öruggan lánstraustsgrundvöll til að reisa á útgerðina, og að tryggja heilbrigðan og sjálfstæðan framtíðarrekstur þeirra.

Jafnframt þessu frumvarpi verður lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, þar sem sjóðnum er heimilað að lána mun meira en nú er gert út á skip útgerðarsamvinnufélaga, og um leið gert ráð fyrir, að hann verði efldur svo að starfsfjármagni, að hann geti að verulegu leyti bætt úr hinni brýnu lánsþörf til smáskipakaupa.

Nánar í framsögu.

Nd. 56. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 46 19. maí 1930, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Bergur Jónsson, Bjarni Ásgeirsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

3. gr. laganna breytist svo:

Í stað orðanna „allt að 1½ milljón kr.“ komi í báðum stöðum: allt að 3 milljónum kr.

Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal Bjargráðasjóðs, sjóðs Brunabótafélags Íslands, sjóðs Slysatryggingar ríkisins, svo og annara sjóða, sem eru undir umsjón ríkisins, skal að nokkrum hluta verja til að kaupa handhafavaxtabréf Fiskveiðasjóðs, og ákveður fjármálaráðherra árlega upphæðina.

2. gr.

2. málsgr. 5. gr. hljóði svo:

Skipakaupalán mega nema allt að helmingi kaupverðs, þó ekki yfir 30000 kr. til eins lánþega. Veita má þó útgerðarsamvinnufélögum, sem stofnuð verða og rekin samkvæmt sérstökum lögum um slík félög, lán út á hvert skip, er nemi allt að ⅘ kaupverðs. Félög þessi skulu sitja fyrir lánum úr sjóðnum.

3. gr.

Við 6. gr. bætist stafliður c, svo hljóðandi:

Gegn 1. veðrétti í skipum útgerðarsamvinnufélaga, sem stofnuð eru og rekin samkvæmt sérstökum lögum um slík félög, allt að ⅘ virðingarverðs, enda gangi

þá veðréttur sjóðsins fyrir öllum tryggingum í skipunum, öðrum en lögveði.

Lán þessi séu auk þess tryggð með ábyrgð hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélags.

Greinargerð.

Samhljóða frumvarp þessu var flutt á síðasta Alþingi. Um ástæður vísast til greinargerðar fyrir frv. til laga um útgerðarsamvinnufélög, sem lagt er fyrir Alþingi.

Nd. 57. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um útrýmingu fjárkláðans.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr. bætist:

Þó getur ráðherra undanskilið þau svæði, þar sem kláða hefir ekki orðið vart í sauðfé síðustu fimm árin, enda ekki líkur til, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að um smitun af sýktu fé af öðrum svæðum geti verið að ræða.

Ed. 58. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á 22. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 5. marz 1935.

Jón Baldvinsson, form., frsm.	Bernharð Stefánsson, fundaskr.	Magnús Jónsson.

Ed. 59. Nefndarálit

um frv. til l. um afnám l. nr. 19 9. jan. 1935, um lántöku fyrir ríkissjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

Í sambandi við frv. þetta hefir fjárhagsnefnd íhugað að leggja til að fella úr gildi heimild til lántöku fyrir ríkissjóð, sem felst í 13. gr. l. nr. 76 29. des. 1934, um fiskimálanefnd o. fl., að svo miklu leyti sem lán í þessu skyni hefir verið innifalið í nýteknu erlendu láni. En með því að enn er eigi vitað um fjárhæð, getur nefndin eigi gert þá brtt. við frv. að þessu sinni, en mun fyrir 3. umr. athuga, hvort breytingartillögu verði komið að, eða hvort flytja eigi sérstakt frv. um lækkun lánsheimildar í l. nr. 76 29. des. 1934.

Betur fer á öðru orðalagi á 1. gr. frv., og gerir nefndin því við gr. svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Fyrstu grein skal orða svo:
Lög nr. 19 9. jan. 1935, um lántöku fyrir ríkissjóð, eru numin úr gildi.

Alþingi, 5. marz 1935.

Jón Baldvinsson, form., frsm.	Bernharð Stefánsson, fundaskr.	Magnús Jónsson.

Nd. 60. Frumvarp til laga

um fyrning verzlunarskulda, vaxtatöku af verzlunarskuldum o. fl.

Flm.: Gísli Sveinsson, Jón Pálmason, Jón Sigurðsson, Þorbergur Þorleifsson.

1. gr.

Verzlunarskuldir, þ. e. skuldir, sem stafa af úttekt í búðum og verzlunum, fyrnast á 2 árum, og eins þótt þær séu viðurkenndar og samningur um þær gerður, eða viðskiptum haldið áfram milli kaupanda og seljanda.

Fyrningarfrestur telst frá áramótum næstu á eftir að verzlunarskuld var stofnuð.

Nú skuldar viðskiptamaður við verzlun um áramót eigi minna en við næstu áramót á undan, og skal þá talið, að öll eldri skuldin standi ógreidd, án tillits til þess, þótt skuld hans hafi einhverntíma á árinu numið minna. Hafi skuld viðskiptamanns hinsvegar lækkað, skal á sama hátt telja greitt af gömlu skuldinni aðeins það, sem lækkuninni nemur.

2. gr.

Bannað er að reikna vexti af skuldum þeim, er 1. gr. ræðir um, og er samningur um vaxtatöku af þeim ógildur.

3. gr.

Ákvæði 1. og 2. gr. gilda einnig um þær verzlunarskuldir, eða kröfur út af skuldum fyrir úttekt, sem þegar eru stofnaðar, nema seljandi og kaupandi hafi gert upp viðskipti sín og samið um þau skriflega fyrir 1. janúar 1936, en eigi má þó reikna eða semja um vexti af þeim skuldum.

4. gr.

Í málum út af verzlunarskuldum, sem rekin eru fyrir gestaréttí samkv. lögum nr. 59 10. nóv. 1905, skal dómara skylt við fyrstu fyrirtekt málsins, ef eigi verður af sætt milli aðilja og skuldarupphæðin nemur eigi meira en 500 kr., að leggja þegar dóm á kröfuna, svo framarlega sem stefnandi getur sýnt af

verzlunarbókum sínum, löglega færðum, að hin umstefnda skuld sé ógreidd, enda verði þeim gögnum eigi hnekkt með gildum rökum að áliti dómarans.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1935, og eru frá sama tíma úr gildi felld ákvæði laga nr. 14 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annara kröfuréttinda, að því er tekur til verzlunarskulda, svo og ákvæði 38. gr. laga nr. 39 19. júní 1922, um lausafjárkaup, er snerta vexti af verzlunarskuldum.

Greinargerð.

Frv. þetta, sem legið hefir fyrir síðustu þingum án þess að fá afgreiðslu, er enn komið fram, og liggur til grundvallar fyrir því sama nauðsyn og áður. Við þau rök, sem færð hafa verið fyrir framgangi málsins, bætast nú þau, að Búnaðarþing, það er nú situr, hefir samþykkt eindregna áskorun til Alþingis um að gera þessi ákvæði að lögum, og verður erfitt að daufheyrast við slíku til lengdar.

Að öðru leyti skal vitnað til grg. fyrir frv. á síðasta þingi, svo og nál. minni hl. allshn. Nd. þá (þskj. 873), en tekin hafa nú verið inn í frv. þau ákvæði, sem þar eru gerðar brtt. um og eru til bóta.

Nd. 61. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 60 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki.

Flm.: Gísli Sveinsson, Jón Sigurðsson, Guðbr. Ísberg.

1. gr.

Í stað orðanna „2 krónum“ í 14. gr. téðra laga komi: 1 krónu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og tekur ákvæði þeirra einnig til gjalds sýslu- og bæjarfélaga fyrir árið 1935.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu var borið fram á síðasta þingi, en dagaði uppi. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Með lögum nr. 43 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki, var svo ákveðið í 14. gr., um kostnaðinn við berklaveika á sjúkrahúsum landsins, að héruðin greiddu hann allt að ⅖, en ríkið aðeins ⅗ hlutum. Með lögum nr. 44 20. júní 1923 var bætt við þessa grein því ákvæði, að ef útgjöld sýslu- eða bæjarfélags til þessa yrðu á einhverju ári meiri en 2 kr. á hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu, skyldi ríkissjóður endurgreiða mismuninn. Loks var með lögum nr. 42 31. maí 1927 gerð sú gagnbreyting á þessu fyrirkomulagi, að allur berklakostnaður skyldi greiddur úr ríkissjóði, en hvert sýslu- eða bæjarfélag greiddi

þó upp í þann kostnað gjald til ríkissjóðs, er „nemi 2 krónum fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu“, eins og það er orðað, — en ef það gjald færi fram úr ⅔ kostnaðar við sjúklinga hlutaðeigandi héraðs, skyldi endurgreitt úr ríkissjóði það, er umfram var, ákvæði, sem aftur var kippt burtu með l. nr. 46 23. júní 1932, svo að nú standa héruðin með gjaldið eitt, án nokkurrar vonar um nokkra endurgreiðslu. — Þannig eru þá að þessu leyti orðin ákvæði 14. gr. berklavarnalaganna, sem í heild sinni teljast nú vera frá 1929.

Þetta afdráttarlausa gjald, upphæð tvöföld við íbúatöluna, hefir orðið héruðunum næsta þungbært, enda er það, að segja má, hæsti fastagjaldaliðurinn hjá öllum sýslufélögum landsins, og skiptir mörgum þús. kr. á ári hjá meðalstórum sýslum. Með dýrtíð og þar af leiðandi sveitarþyngslum verður brátt ekki undir þessu gjaldi risið, því að, eins og kunnugt er, verða hreppamir að standast allan kostnað sýslufélags hvers, og er ekki um neina tekjustofna þar að ræða aðra en þennan eina: að leggja á mannfólkið „eftir efnum og ástæðum“, sem með hækkandi gjöldum til ríkissjóðs á alla vegu verður allsendis ófullnægjandi tekjuöflunarleið; sumir hreppar eru alveg að gefast upp og verða gjaldþrota.

Nú er ekki líklegt, að sveitar- eða sýslufélögunum verði í bráð séð fyrir nýjum tekjustofnum, og hinsvegar má áfram gera ráð fyrir, að byrðar þeirra aukist á ýmsa lund, svo að til einhvers ráðs þarf að grípa. Í sjálfu sér voru það frá byrjun ólög, að demba berklakostnaðinum á þennan hátt á héruðin, og ætti því helzt að fella gjaldið allt burtu. En flm. þessa frv. hafa þó eftir atvikum eigi talið rétt að fara þá leið um sinn, heldur „meðalveginn“, að lækka gjaldið um helming (úr 2 kr. í 1 kr.), og má það a. m. k. sanngjarnt þykja.“

Nd. 62. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 40 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Flutningsm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

1. gr.

2. gr. í lögum nr. 40 19. júní 1933 orðist svo:
Lög þessi skulu gilda til ársloka 1937.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á fundi bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar 13. febrúar síðastl. var samþykkt svo hljóðandi ályktun:

„Bæjarstjórn samþykkir að skora á þingmann kjördæmisins að fá því framgengt við Alþingi það, sem kemur saman í þessum mánuði, að framlengd verði til ársloka 1937 heimild bæjarstjórnar til þess að taka vörugjald í bæjarsjóð“.

Frumvarp þetta er því borið fram samkvæmt tilmælum bæjarstjórnar Vestmannaeyja.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hversu útsvör hafa hin síðari ár reynzt ótryggur tekjustofn. Árlega tapast nokkur hluti þeirra útsvara, sem lögð hafa verið á, og yfirleitt má segja, að meginhluti útsvaranna gjaldist seint. Má þar helzt um kenna hinum erfiðu tímum, sem nú standa yfir og hafa staðið yfir undanfarið.

Á sínum tíma fékk því bæjarstjórn Vestmannaeyja heimild Alþingis til þess að taka vörugjald í bæjarsjóð. Tekjustofn þessi hefir reynzt vel. Hefir hann nú verið í gildi tæpt ár. Á árinu 1934 gaf hann 22000 krónur, en ráð er fyrir gert, að hann nemi um 30000 krónum á þessu ári. Þó upphæðin sé ekki meiri, þá er nokkur styrkur að henni, þar sem hún gelzt eftir hendinni.

Bæjarstjórn væntir þess fastlega, að Alþingi fallist á að framlengja heimildina um næstu tvö ár, eins og farið er fram á.

Það er öllum ljóst, að ekki er síður nauðsynlegt að tryggja tekjur bæjar- og sveitarfélaga heldur en ríkissjóðs.

Ed. 63. Frumvarp til laga

um eftirlit með sjóðum og sjálfeignarstofnunum.

Flutningsm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Stofna skal eftirlit með öllum sjóðum og sjálfseignarstofnunum hér á landi, nema ríkissjóðs, sýslu-, sveitar- og bæjarsjóða, sýsluvega- og hreppsvegasjóða, banka og sparisjóða, ellistyrktarsjóða og bjargráðasjóða, er heiti Sjóðaeftirlit ríkisins.

2. gr.

Fjármálaráðherra ræður forstöðumann Sjóðaeftirlits ríkisins. Hann skal hafa 6000 kr. í árslaun, nema öðruvísi verði ákveðið í launalögum. Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu 3 gæzlustjóra til 3 ára í senn. Ákveður fjármálaráðherra þóknun þeirra.

Gjafasjóðir.

3. gr.

Stjórnir þeirra gjafasjóða, er eigi hafa fengið konungsstaðfestingu á gjafabréfi, skulu hafa sent gjafabréfin til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, til þess að þau geti öðlazt konungsstaðfestingu, eigi síðar en 6 mánuðum eftir gildistöku laga þessara, og skulu gjafabréfin birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

4. gr.

Nú sendir stofnandi gjafasjóðs eða stjórn hans frumvarp til gjafabréfs eða stofnskrár til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, til þess að það geti öðlazt

konungsstaðfestingu, og skal þá leitað álits forstöðumanns Sjóðaeftirlits ríkisins um ákvæði gjafabréfsins eða stofnskrárinnar.

5. gr.

Nú eru ástæður svo breyttar síðan sjóður var stofnaður, gjafabréf gefið út eða stofnskrá fengið konungsstaðfestingu, að eigi er unnt að framkvæma fyrirmæli gjafabréfsins eða stofnskárinnar, og er þá stjórn slíks sjóðs skylt að tilkynna þetta Sjóðaeftirliti ríkisins og fjármálaráðherra. Getur þá fjármálaráðherra, að fengnum tillögum Sjóðaeftirlits ríkisins, gert nauðsynlegar breytingar á gjafabréfi eða stofnskrá, en breytingarnar skulu gerðar þannig, að í senn sé tryggt framhald á starfsemi sjóðsins og að vilji gefandans sé virtur að því leyti, sem því verður við komið undir hinum breyttu ástæðum. Leitað skal konungsstaðfestingar á slíkum breytingum á gjafabréfi eða stofnskrá.

Sjóðir almennt og sjálfseignarstofnanir.

6. gr.

Stjórnir sjóða og sjálfseignarstofnana skulu árlega senda Sjóðaeftirliti ríkisins reikning sjóðsins eða stofnunarinnar fyrir síðastliðið reikningsár, eða staðfest eftirrit af honum, eigi síðar en 4 mánuðum eftir lok reikningsárs hvers sjóðs eða stofnunar.

Nú þykir Sjóðaeftirliti ríkisins ástæða til að krefja stjórn sjóðs eða sjálfseignarstofnunar um fylgiskjöl ársreiknings eða önnur skilríki sjóðsins eða stofnunarinnar, til athugunar, og er þá stjórn þeirri, er hlut á að máli, skylt að senda skjöl þessi eða staðfest eftirrit af þeim áður en 2 mánuðir eru liðnir frá því stjórninni barst krafa um það.

7. gr.

Sjóðaeftirlit ríkisins getur krafið stjórn sjóðs eða sjálfseignarstofnunar um allar upplýsingar um hag sjóðsins eða stofnunarinnar og rekstur. Ber henni þá að svara fyrirspurn Sjóðaeftirlits ríkisins eigi síðar en þá mánuður er liðinn frá því henni barst slík fyrirspurn.

Nú þykir Sjóðaeftirliti ríkisins ástæða til að rannsaka rekstur og fjárreiður sjóðs eða sjálfseignarstofnunar, og er þá stjórn þess sjóð eða stofnunar, er hlut á að máli, skylt að veita Sjóðaeftirliti ríkisins aðgang að öllum skjölum og skilríkjum sjóðsins eða stofnunarinnar, og má í engu tefja rannsóknir eða eftirlit þess.

8. gr.

Sjóðaeftirliti ríkisins ber að leiðbeina stjórnum sjóða og sjálfseignarstofnana um reikningshald og bókfærslu þessara stofnana. Sjóðaeftirlit ríksins getur krafizt þess af stjórnum sjóða og sjálfseignarstofnana, að reikningar þeirra sýni greinilega hag og rekstur sjóðsins eða stofnunarinnar og að bókhald allt sé við hæfi stofnunarinnar eftir stærð og verkefni hennar.

9. gr.

Sjóðaeftirliti ríkisins ber að hafa fullkomið eftirlit með rekstri, fjárgæzlu og bókhaldi sjóða og sjálfseignarstofnana og því, að lög, reglugerðir, er varða

sjóðina, stofnskrár og skipulagsskrár séu ekki brotnar. Skal sjóðaeftirlit ríkisins sérstaklega vinna að því, að sjóðir séu ávaxtaðir í öruggustu peningastofnunum og tryggustu verðbréfum.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um ávöxtun fé sjóða og sjálfseignarstofnana þeirra, sem ræðir um í lögum þessum, er tryggi það, að fé verði ávaxtað í tryggustu peningastofnunum og verðbréfum.

10. gr.

Stjórnum sjóða og sjálfseignarstofnana er skylt að leita samþykkis Sjóðaeftirlits ríkisins, ef gera skal verulegar breytingar á eignum sjóða og stofnana, svo sem kaupa eða selja fasteignir og verðbréf og annað, er varðað getur hag þeirra.

11. gr.

Nú þykir Sjóðaeftirliti ríkisins athugavert um fjárgæzlu eða bókhald sjóðs eða sjálfseignarstofnunar, eða að skipulagsskrá eða stofnskrá er brotin, og getur þá Sjóðaeftirlit ríkisins tilkynnt þetta fjármálaráðuneytinu, er í samráði við Sjóðaeftirlit ríkisins gerir ráðstafanir til, að úr því verði bætt, sem ábótavant er, innan hæfilegs frests.

12. gr.

Nú ris upp ágreiningur milli Sjóðaeftirlits ríkisins og stjórnar sjóðs eða sjálfseignarstofnunar, og getur þá hvor aðili skotið ágreiningsatriðinu til úrskurðar fjármálaráðherra, en bæði geta stjórnir sjóða og sjálfseignarstofnana, Sjóðaeftirlit ríkisins og fjármálaráðherra leitað úrskurðar dómstólanna um málið. Um aðild í málum sjóða og sjálfseignarstofnana fer að öðru leyti eftir almennum reglum.

13. gr.

Stjórnarráð Íslands skal fela Sjóðaeftirliti ríkisins vörzlu þeirra sjóða, sem nú eru í umsjón ráðuneytanna, en yfirumsjón sjóða þessara skal eigi að síður vera hjá hlutaðeigandi ráðuneyti.

14. gr.

Sjóðaeftirlit ríkisins skal árlega semja og gefa út yfirlit yfir reikninga sjóða og sjálfseignarstofnana, en fimmta hvert ár skulu reikningarnir gefnir út með ýtarlegri greinargerð.

15. gr.

Kostnað þann, sem leiðir af sjóðaeftirliti ríkisins, skal greiða úr ríkissjóði, en sjóðir þeir, er um ræðir í lögum þessum, skulu endurgreiða ríkissjóði kostnaðinn í hlutfalli við eign þeirra um hver áramót.

16. gr.

Nú vanrækir stjórn sjóðs eða sjálfseignarstofnunar að senda ársreikning eða fylgiskjöl, eins og fyrir er mælt í 6. gr., eða svarar ekki fyrirspurnum eða neitar að leggja fram skjöl og skilríki til rannsóknar, samkv. 7. gr., eða vanrækir að hafa greinilegt bókhald, samkv. 8. gr., og getur þá fjármálaráðherra,

eftir ósk Sjóðaeftirlits ríkisins, skyldað stjórn sjóðs eða sjálfseignarstofnunar, að viðlögðum allt að 20 kr. dagsektum fyrir hvern stjórnarmeðlim, til þess að fullnægja ákvæðum þessara laga. Að öðru leyti varða brot gegn lögum þessum 10—25000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

17. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 29 frá 9. jan. 1934, um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá, svo og önnur lög, er kunna að fara í bága við lög þessi.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1936.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt í samráði við fjármálaráðherra, og hefir hann látið safna þeim upplýsingum um gjafasjóði, tilgang þeirra og fyrirkomulag, sem hér verður getið.

Um 360 gjafasjóðir hér á landi munu hafa fengið konungsstaðfestingu á skipulagsskrá.

Slíkar sjóðsstofnanir hafa verið mjög tíðar á síðari áratugum. Síðan um aldamót hafa verið stofnaðir um 300 skipulagsskrársjóðir. Á síðustu árum hafa bætzt við um 20 nýir sjóðir á ári. Auk skipulagsskrársjóða er til fjöldi af gjafasjóðum um allt land, er aldrei hafa fengið konungsstaðfestingu á gjafabréfi, eru því hvergi opinberlega skráðir og ekkert vitað um verkefni þeirra eða fjárgæzlu.

Verkefni skipulagsskrársjóðanna eru mjög fjölbreytt. Rúmur þriðjungur þeirra er gefinn til styrktar ekkjum og börnum sjódrukknaðra manna, ekkjum og munaðarlausum, gamalmennum og sjúklingum. Aðrir eiga að styðja að aukinni alþýðufræðslu, samningu og útgáfu vísindarita og alþýðufróðleiks. Nokkrir sjóðir styrkja menn til háskólanáms og vísindaiðkana. Margir þeirra eiga að efla atvinnuvegi landsmanna, einkum landbúnað. Verkefni gjafasjóðanna eru því hin sömu og ríkissjóðs, sýslu-, bæjar- og sveitarsjóða, og hljóta að spara þeim útgjöld. Reikningar um 65 gjafasjóða eru birtir í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaðinu. Sjóðseignir þeirra eru um 1¾ milljón kr. Er mjög varlega farið að áætlað, að upphæð allra gjafasjóða sé 4—5 millj. króna.

Síðan stjórnin fluttist inn í landið, hefir ekkert eftirlit verið með gjafasjóðunum. Hefir verið látið afskiptalaust, þó að í skipulagsskrám eða stofnskrám væru eigi ákvæði um tryggilega vörzlu sjóðanna, endurskoðun, bókhald eða birtingu reikninga. Skipulagsskrárnar bera líka vott um skipulagsleysi og vanrækslu hins opinbera í þessu efni. Mjög fáar skipulagsskrár gera ráð fyrir bókhaldi, og í fjölmörgum þeirra eru engin ákvæði um endurskoðun reikninga. Í aðeins helmingi skipulagsskránna eru fyrirmæli um vörzlu sjóðanna, er telja verður að séu

trygg, sem sé í þeim, sem gera ráð fyrir, að féð sé geymt í Landsbanka Íslands eða verðbréfum hans, ríkisskulda- og jarðræktarbréfum eða í Söfnunarsjóði Íslands. Aðeins fjórða hver stofnskrá mælir svo fyrir, að reikningar sjóðsins skuli birtir, og um 70 reikningar eiga að koma í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaðinu. Ástæðan fyrir því, að svo fáir reikningar gjafasjóða eru birtir í Stjórnartíðindunum er sú, að í mjög mörg ár hafa reikningar nýrra sjóða ekki fengizt birtar þar, og hafa sjóðsstjórnir þannig verið sviptar því aðhaldi, sem birting reikninga hefir í för með sér.

Það skiptir þó mestu máli um framtíð og starfsemi sjóðanna, að af hálfu hins opinbera hefir ekkert eftirlit verið með rekstri og fjárgæzlu þeirra. Það hefir ríkt algert afskiptaleysi og hirðuleysi um framtíð sjóðanna og hagsmuni þeirra manna, sem eiga að njóta þeirra í nútíð og framtíð. Enginn veit, hve margir sjóðir, sem stofnaðir hafa verið, kunna nú að vera glataðir. Er ekki fjarri sanni að gera ráð fyrir því, að ekki séu allir sjóðir við lýði, sem stofnaðir hafa verið, og á eftirlitsleysi hins opinbera með stofnun og rekstri sjóðanna sök á því.

Þess ber að gæta, að það er einlæg ósk allra stofnenda gjafasjóða, að sjóðurinn sé varðveittur á svo tryggan hátt, að hann geti unnið það verk, sem honum er ætlað, og að vilji þeirra sé virtur. Margir sjóðir eru til orðnir við hinztu ráðstöfun gefandans á eignum sínum. Sumir eru gefnir til minningar um látna ástvini. Enn aðrir eru stofnaðir af áhuga á menningar- og mannúðarmálum þjóðarinnar. Ríkisvaldið vinnur því í samræmi við vilja gefendanna og í þágu þeirra manna, sem sjóðanna eiga að njóta, ef það veitir sjóðunum nauðsynlega vernd. Þingi og stjórn er skylt að beita sér fyrir því, að sjóðir þeir, sem til eru, verði ávaxtaðir í tryggustu peningastofnunum og verðbréfum, svo sem í Landsbanka Íslands, bankavaxtabréfum, sýslu- og bæjarskuldabréfum, ríkisskuldabréfum og jarðræktarbréfum, jafnótt og þeir losna úr eldri, ótryggari lánum, og að því leyti, sem stofnskrár þeirra leyfa.

Hér á landi eru allmargar sjálfseignarstofnanir, nokkrar frá eldri tímum, en flestar þeirra hafa risið upp í seinni tíð, svo sem barnahæli, gamalmennahæli, bókasöfn o. s. frv. Þær eru uppeldis-, menningar- og framfærslustofnanir. Verkefni þeirra er hið sama og flestra gjafasjóða. Stofnanir þessar eru auk þess margar styrktar af ríkisfé. Þingi og stjórn er skylt að meta menningargildi og mannúðarstarf þessara stofnana. Þær verðskulda sömu vernd og gjafasjóðirnir og eiga að vera sama eftirliti háðar.

Auk gjafasjóða og sjálfseignarstofnana, sem nú hefir verið getið, hafa myndazt sjóðir vegna lagasetningar eða á annan hátt, svo sem lífeyrissjóðir, brunabótasjóðir, slysatryggingarsjóðir, Kirkjujarðasjóður, Menningarsjóður, Sáttmálasjóður o. fl. sjóðir. Sumir þessara sjóða þarfnast strangara aðhalds en beitt hefir verið hingað til. Sjálfstætt og óháð eftirlit með þessum sjóðum ætti að geta tryggt þá gegn misnotkun á fé þeirra, væri því fengið vald í hendur til þess að taka fram fyrir hendur stjórnenda, þegar þess væri þörf. Ríkisvaldið hefir frjálsari hendur um vörzlu þessara sjóða en gjafasjóðanna. Því fé, sem hefir safnazt og mun í framtíðinni safnast í sjóði þessa, er þingi og stjórn skylt að forða frá einkabraski stjórnenda, sem því miður eru dæmi til, og skipuleggja alla lánastarf-

semi þessara sjóða í verðbréf sýslu- og bæjarfélaga, ríkisskuldabréf og jarðræktarbréf. Í sjóðum af þessu tægi eru fólgnar margar milljónir króna.

Á síðasta Alþingi voru sett lög um eftirlit með sjóðum, sem fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá. Lög þessi eru nýmæli, en mjög ófullkomin. Þrír menn, kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi, eiga að semja skrá yfir þessa sjóði og senda þinginu hana. Sjóðstjórnum ber að senda eftirlitsmönnunum reikninga sjóðanna, og geta þeir gert fjármálaráðuneytinu aðvart, ef þeir finna eitthvað athugavert við fjárgreiðslu eða ef skipulagsskrá er brotin. Lögum þessum er að því leyti ábótavant, að þeim er eigi ætlað að ná til þeirra mörgu sjóða, sem ekki hafa fengið konungsstaðfestingu á gjafabréfi eða stofnskrá. Þar sem alla vitneskju vantar um tilgang og fjárgæzlu þessara sjóða, þá var það bein vanræksla löggjafans að ganga framhjá þeim.

Lögin gera heldur ekki ráð fyrir eftirliti með sjálfseignarstofnunum né sjóðum þeim, sem til eru orðnir fyrir löggjöf. Það skiptir þó mestu máli um lög þessi, að eftirlitið hlýtur að verða lítils virði og getur ekki náð tilgangi sínum. Eftirlitsmönnunum er eigi ætlað að hafa afskipti af því, að í skipulagsskrám séu sett fyrirmæli um trygga ávöxtun sjóðanna, bókhald þeirra, endurskoðun né birtingu reikninga. Þess er eigi krafizt, að eftirlitsmenn hafi, svo oft sem frekast er unnt, gætur á rekstri sjóðanna og bókhaldi þeirra. Þeim er eigi heldur sérstaklega lögð sú skylda á herðar, að þeir beiti sér fyrir því, að sjóðirnir séu geymdir í verðbréfum og peningastofnunum þeim, sem allra tryggastar eru, og því síður, að þeir reyni að skipuleggja útlán sjóðanna til hagsbóta fyrir þjóðfélagið. Þeir eiga aðeins að gera fjármálaráðuneytinu aðvart, ef þeir finna eitthvað athugavert við fjárgæzlu eða ef skipulagsskrá er brotin. Myndi ekki, þegar þannig ber við, svo mörgum mönnum geta sýnzt sitt hverjum og litið verða úr framkvæmdum? Engin fyrirmæli eru í lögunum um, að reikningar sjóðanna skuli birtir og sjóðstjórnum þannig skapað aðhald.

Hér hefir verið sýnt fram á, að eftirlit það með sjóðum, sem lög nr. 29 frá 1934 fjalla um og lýst hefir verið hér að framan, sé algerlega ófullnægjandi. Eftirlit með sjóðunum verður ekki komið í gott horf fyrr en það verður falið sérstakri stofnun, sem eigi hefir önnur störf með höndum en vörzlu og eftirlit sjóða. Verkefni hennar yrði að leiðbeina við stofnun sjóða og sjá um, að í öll gjafabréf eða stofnskrár verði sett ákvæði um tryggustu vörzlu sjóðanna, endurskoðun og reikningshald. Eftirlit þetta ætti að hafa nákvæma athugun á rekstri, hag og reikningshaldi sjóða og sjálfseignarstofnana og geta tekið í taumana, ef sjóðstjórnir gæta ekki ýtrustu varkárni í fjárgæzlu, ellegar ef reglugerðir eða stofnskrár sjóðanna eru brotnar. Það yrði þó aðalhlutverk sjóðaeftirlits þessa, að vinna að því, að fé sjóða og sjálfseignarstofnana sé ávaxtað í tryggustu peningastofnunum og verðbréfum og að skipuleggja lánastarfsemi sjóðanna, svo sem stofnskrár og lög leyfa, í verðbréf sýslu- og bæjarfélaga, ríkisskuldabréf, jarðræktarbréf og bankavaxtabréf. Eins og áður er getið, sýna reikningar um 65 sjóða, sem birtir eru í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaðinu, að fé þessara sjóða er um 1¾ millj. krónur, og að varlega áætlað sé upphæð allra gjafasjóða 4—5 millj. króna. Í sjóðum þeim, sem orðnir eru til við löggjöf, eru fólgnar

margar millj. króna. Gæti orðið ólíku hægara um vik að veita sýslu- og bæjarfélögum lán, ef fé þessara sjóða væri að miklu leyti ávaxtað í verðbréfum þeirra og ríkisskuldabréfum.

Það er ástæðulaust að óttast, að eftirlitsskrifstofan þurfi að baka ríkissjóði ný útgjöld eða vera honum til byrði svo nokkru nemi. Fyrir vörzlu þeirra fáu sjóða, sem eru í umsjón stjórnarráðsins, munu vera greiddar að minnsta kosti yfir 10 þúsund kr. árlega til fárra manna fyrir aukastörf við sjóðgæzlu. Eðlilegast og réttast væri að fela stofnuninni vörzlu þessara sjóða. Gegn álíka upphæð og nú er greidd vegna gæzlu aðeins fárra sjóða mætti starfrækja slíka skrifstofu, sem hefði eftirlit og gæzlu allra sjóða og sjálfseignarstofnana í landinu. Auk þess færi vel á því, að fela sjóðaeftirlitinu smávegis fjárreiður og reikningshald, sem nú er unnið og launað sem aukastörf.

Til skýringar hinum einstöku greinum frumvarpsins má taka fram:

Um 1. gr.

Til þess er ætlazt, að Sjóðaeftirlit ríkisins nái til allra gjafasjóða, hvort heldur þeir hafa öðlazt konungsstaðfestingu á gjafabréfi eða stofnskrá eða ekki, og ennfremur til allra sjálfseignarstofnana. Sjóðir, sem orðið hafa til vegna löggjafar, eiga að falla undir þetta eftirlit, aðrir en ríkissjóður, sýslu-, sveitar- og bæjarsjóðir, sýsluvega- og hreppavegasjóðir, bankar og sparisjóðir, ellistyrktar- og bjargráðasjóðir.

Um 2. gr.

Eigi mun unnt að koma á fullkomnu eftirliti með sjóðum og sjálfseignarstofnunum, nema sett verði á fót sérstök skrifstofa, og henni ráðinn forstöðumaður. Þrír gæzlustjórar, kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi, eiga að tryggja það, að eftirlitið verði framkvæmt vel og samvizkusamlega.

Um 3. gr.

Úti um allt land er fjöldi gjafasjóða, sem aldrei hafa fengið konungsstaðfestingu á stofnskrá. Um tilgang þessara gjafasjóða og fjárgæzlu þeirra eru engar upplýsingar fyrir hendi. Það þykir nauðsynlegt að skylda stjórnir þessara sjóða til þess að leita konungsstaðfestingar á gjafabréfi eða stofnskrá, til þess að hægt sé að setja þá undir sama eftirlit og sjóði þá, sem þegar hafa fengið slíka staðfestingu.

Um 4. gr.

Þessi grein á að tryggja það, að vel verði gengið frá skipulagsskrám og að í þær verði sett fyrirmæli um trygga ávöxtun sjóðanna, heppilega sjóðstjórn, ýtarlega endurskoðun og gott bókhald.

Um 5. gr.

Sumir gjafasjóðir eru mjög gamlir og ástæður mjög breyttar frá því að þeir voru stofnaðir. Það getur auðveldlega komið fyrir, að erfitt verði að framkvæma fyrirmæli skipulagsskrár og að sjóður geti ekki starfað eins og honum var ætlað, vegna breyttra ástæðna. Það þykir hlýða, þegar svo ber við, að fjármálaráðherra,

að fengnum tillögum Sjóðaeftirlits ríkisins, geri þær breytingar á skipulagsskránni, er í senn tryggi framhald á starfsemi sjóðsins og jafnframt að vilji gefandans sé virtur, svo sem við verður komið vegna breyttra ástæðna.

Um 6. og 7. gr.

Til þess að hægt sé að hafa nákvæmt eftirlit með fjárgæzlu, rekstri og reikningsfærslu sjóða og sjálfseignarstofnana, virðist óhjákvæmilegt að skylda stjórnir þeirra til þess að senda Sjóðaeftirliti ríkisins ársreikninga og fylgiskjöl, eða eftirrit af þeim, innan hæfilegs tíma frá lokum reikningsárs, og að svara greiðlega öllum fyrirspurnum. Ennfremur virðist nauðsynlegt að heimila Sjóðaeftirliti ríkisins rétt til að mega rannsaka skjöl og skilríki sjóða og sjálfseignarstofnana hvenær sem því þykir ástæða til.

Um 8. gr.

Með því að eitt aðalskilyrði fyrir góðri fjárgæzlu sjóða er, að bókhald þeirra sé í góðu lagi, en í þessu efni er mörgum sjóðstjórnum mjög ábótavant, þá þykir rétt að leggja fyrir Sjóðaeftirlit ríkisins að ganga eftir því, að bókhald sjóða og sjálfseignarstofnana sé í góðu lagi og að leiðbeina sjóðstjórnum þar um.

Um 9. gr.

Aðalverk Sjóðaeftirlits ríkisins á að vera að líta eftir rekstri og fjárgæzlu sjóða og sjálfseignarstofnana og gæta þess, að skipulagsskrár þeirra séu ekki brotnar. Það virðist því ástæða til að leggja aðaláherzluna á það, að sjóðirnir séu ávaxtaðir á tryggustu stöðum og að Sjóðaeftirlitið beiti sér fyrir því, að þeim, svo fljótt sem unnt er, verði komið fyrir í tryggustu peningastofnunum og verðbréfum.

Á krepputímum er fjárgæzla vandasamari en ella og erfiðara að finna fjárvörzlu, er sé trygg um langt árabil, og þykir því hlýða, að fjármálaráðherra fái heimild til að fyrirskipa hina tryggustu vörzlu sjóða á hvaða tíma sem er.

Um 10. gr.

Ástæða þykir til að skylda stjórnir sjóða og sjálfseignarstofnana til að leita samþykkis Sjóðaeftirlits ríkisins, ef þær vilja gera verulegar breytingar á eignum sjóðanna. Það hefir allt of oft komið fyrir, að sjóðir hafa verið látnir kaupa hlutabréf, sem síðar urðu verðlaus. Sumir sjóðir lána gegn sjálfsskuldarábyrgð, og getur slík ráðstöfun á fé þeirra verið mjög óheppileg. Mörg lán gegn fasteignaveði eru ekki svo trygg sem skyldi og lánskjör óheppileg fyrir sjóðina.

Um 11. og 12. gr.

Þurfa ekki skýringar við.

Um 13. gr.

Stjórnarráð Íslands hefir umsjón allmargra sjóða, og hefir varzla þeirra verið aukastarf fárra manna. Hafa verið greiddar svo háar fjárhæðir fyrir umsjón þessara sjóða, að stjórnarkostnaður Sjóðaeftirlits ríkisins myndi ekki fara

langt fram úr þeim. Gegn álika upphæð og nú er greidd fyrir vörzlu nokkurra sjóða má starfrækja eftirlit með öllum sjóðum og sjálfseignarstofnunum. Það virðist því eðlilegast og hagkvæmast að fela Sjóðaeftirliti ríkisins vörzlu sjóða þessara. Launamálanefnd, sem skipuð var til þess að gera tillögur um launakjör embættismanna og starfsmanna ríkisins, mun hafa lagt til, að launuð aukastörf falli niður. Verði samþykktar tillögur í þessa átt, virðist ekkert sjálfsagðara en að fela Sjóðaeftirliti ríkisins umsjón þessara sjóða.

Um 14. gr.

Reikningar aðeins tiltölulega fárra sjóða eru birtir í Stjórnartíðindum eða í Lögbirtingablaðinu, og sumir reikningar, sem eiga að koma þar árlega, eru birtir mjög óreglulega. Hér vantar því algerlega það aðhald fyrir sjóðstjórnir, sem birting reikninga hefir í för með sér. Þykir því ástæða til að lögbjóða, að árlega verði samið og birt yfirlit yfir reikninga allra sjóða og sjálfseignarstofnana, en til þess að kostnaður verði sem minnstur, sé greinargerð látin fylgja reikningum aðeins 5. hvert ár.

Um 15. gr.

Sjálfsagt virðist, að sjóðirnir beri sjálfir þann kostnað, sem leiðir af eftirlitinu.

Um 16.—19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 64. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Einar Árnason.

1. gr.

Aftan við c-lið 6. gr. bætist: Þó aldrei yfir 5%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta varð ekki útrætt á síðasta þingi, sakir tímaskorts, og því er það nú flutt af nýju.

Ed. 65. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

Bernhard Petersen, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.

Sverri Christiansen Smith, loftskeytamaður, Reykjavík, fæddur í Noregi.
Erling Aspelund, trésmiður á Ísafirði, fæddur í Noregi.
Didrik Johnsen, sjómaður á Ísafirði, fæddur í Noregi.

Greinargerð.

Framantaldir menn, sem sótt hafa um að fá íslenzkan ríkisborgararétt, munu fullnægja skilyrðum þeim fyrir veitingu ríkisborgararéttar, sem sett voru með lögum á síðasta þingi. Þrír hinir fyrsttöldu hafa dvalið hér á landi samfleytt um og yfir 30 ár, en hinn síðasttaldi 10 ár, en hann skoðar sig sem Íslending og hefir fest kaup á fasteign á Ísafirði.

Ed. 66. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að innheimta ýms gjöld 1936 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og borið það saman við eldri lög og lagaákvæði. Nefndinni þykir réttara að bæta við tilvitnun í lög nr. 73 29. des. 1934, með því að í 1. gr. þeirra laga, tölul. 4 b., er gerð breyting um hækkun á tolli í tilsvarandi lið í lögunum frá 1921, og leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Aftan við „1921“ í 3. línu bætist innan sviganna: Samanber og lög nr. 73 29. des. 1934, um breyting á þeim lögum.

Alþingi, 6. marz 1935.

Jón Baldvinsson, form.	Bernharð Stefánsson, fundaskr., frsm.	Magnús Jónsson, með fyrirvara.

Sþ. 67. Tillaga til þingsályktunar

um endurbætur á öldubrjótnum í Bolungavík.

Flm.: Jón A. Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta, þegar á komandi sumri, framkvæma varanlega viðgerð á skemmdum þeim, sem urðu á öldubrjótnum í Bolungavík á liðnu hausti, og heimilar fjárframlög úr ríkissjóði í því skyni.

Greinargerð.

Síðasta þing fól ríkisstjórninni, með þingsályktun, að láta rannsaka, á hvern hátt hentast væri að endurbæta skemmdir þær, sem urðu á öldubrjótnum í stórviðrinu 26.—27. október síðastliðinn. Þessi rannsókn hefir enn þá ekki verið framkvæmd. Hinsvegar er öllum, sem til þekkja, ljóst, að þetta dýra og hreppsbúum lífsnauðsynlega mannvirki eyðileggst algerlega, ef það verður ekki endurbætt á komandi sumri. Heimild til fjárveitingar í þessu skyni er ekki í fjárlögum yfirstandandi árs, og þess vegna er þessi tillaga borin fram. Ég get ekki lagt fram kostnaðaráætlun, en að sjálfsögðu verður framkvæmd verksins falin vitamálaskrifstofunni.

Það mun í ráði, að þingstörfum verði frestað eftir nokkurn tíma, og þarf að fá útgjaldaheimild áður en þingfrestun kemur til framkvæmda, svo hægt verði að vinna að endurbótum á öldubrjótnum á komandi sumri.

Nd. 68. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Flm.: Pétur Ottesen, Ólafur Thors, Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna bætist:

Stjórnin skal skipuð á þann veg, að hvert mjólkurbú og framleiðendafélag skipi einn mann, en þó skulu þau mjólkurbú, er taka á móti meiru en tveim milljónum lítra á ári, tilnefna tvo menn.

2. gr.

a. Síðara málslið fyrstu málsgreinar 7. gr. laganna skal orða svo:

Öll mjólk, sem seld er frá sölumiðstöð samkvæmt lögum þessum, skal vera gerilsneydd eða vélhreinsuð af viðurkenndum mjólkurbúum, og rjómi allur gerilsneyddur.

b. Á eftir orðinu „sjúklingum“ í 2. málsgrein sömu greinar komi: svo og annari neyzlumjólk, sem seld er vélhreinsuð.

3. gr.

e-liður 9. gr. laganna fellur niður.

4. gr.

Ákvæði um stundarsakir fellur niður.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í því skyni að skapa bændum aðstöðu til þess að taka nú þegar í sínar hendur alla stjórn á sölu mjólkur og mjólkurafurða, enda var það frá öndverðu tilgangur mjólkurlaganna, að bændur færu sjálfir með þau mál. Þá hefir og þótt nauðsynlegt að rýmka skilyrðin fyrir sölu á ógerilsneyddri mjólk, til þess á þann hátt að uppfylla kröfur þær og óskir, sem margir neytendur hafa látið í ljós. Er frumvarpið þannig flutt í þeim tilgangi, að fullnægt verði nær einróma kröfum framleiðenda um stjórn sinna mála, og þeim jafnframt gert kleift að hafa á boðstólum svo fjölbreytta vöru, að allir neytendur megi vel við una, enda liggur í augum uppi, að á þann hátt er varan útgengilegust og hag framleiðenda þá bezt borgið.

Nd. 69. Frumvarp til laga

um bæjargjöld á Ísafirði o. fl.

Flm.: Finnur Jónsson.

1. gr.

Fé það, sem þarf til að standa straum af útgjöldum Ísafjarðarkaupstaðar, skal, að því leyti, sem aðrar tekjur hrökkva ekki til, fengið með því:

1. að leggja gjald á allar fasteignir í lögsagnarumdæminu, hús, bryggjur, uppfyllingar, lóðir, byggðar og óbyggðar o. s. frv., að undanskildum fasteignum ríkissjóðs og bæjarsjóðs, kirkjum, sjúkrahúsum, skólahúsum, bókasafnshúsum og öðrum menningar- og líknarstofnunum.
2. að bærinn taki einkarétt til upp- og framskipunar á vörum úr skipum, er við bryggjur bæjarins leggjast.

2. gr.

Fasteignagjaldið skal vera:

a. Af húsum og bryggjum 0.4%—1%.
b. Af lóðum og öðrum fasteignum 0.1%—1%.

Gjaldið skal miða við virðingarverð af fasteignamatsverði, og skal það vera mismunandi, eftir því til hvers eignirnar eru notaðar, og af húsum ennfremur mismunandi eftir verðmæti þeirra, miðað við fasteignamatsverð og íbúafjölda, allt eftir nánari fyrirmælum í reglugerð.

3. gr.

Gjalddagi á gjöldum samkv. 1. gr. tölul. 1 og 2. gr. er 1. febrúar ár hvert, og hvíla gjöldin sem lögveð á fasteign þeirri, sem þau eru lögð á, og skulu ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum kröfum á eigninni.

Brenni hús eða skattskylt mannvirki eyðileggist, hafa þessi gjöld forgangsrétt í bruna- eða skaðabótum.

4. gr.

Séu gjöld þessi ekki greidd áður en tveir mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal gjaldandi — þinglesinn eigandi eignarinnar — greiða bæjarsjóði dráttarvexti, er nemi einum af hundraði fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, er líður frá gjalddaga, unz gjaldið er að fullu greitt.

5. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar setur með reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir, nánari fyrirmæli um gjöld þessi, eftir því sem þurfa þykir, svo og um upp- og framskipun samkv. 1. gr. tölul. 2. Í reglugerð um hið síðarnefnda skal setja taksta um hámark upp- og framskipunargjalda, og skal miða hann við meðaltal þessara gjalda fyrir síðustu árin, áður en lög þessi gengu í gildi, nema um verulega kaupgjaldsbreytingu sé að ræða.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar, og er þá jafnframt úr gildi numin 18. gr. laga um bæjarstjórn á Ísafirði.

Bráðabirgðaákvæði.

Fasteignagjald samkv. lögum þessum greiðist hið fyrsta sinn árið 1935, og er gjalddagi þess ákveðinn hinn 1. júlí það ár.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk bæjarstjórnar Ísafjarðar. Flestir kaupstaðir á landinu hafa fengið lögtekin lóða- eða fasteignagjöld til þess að afla bæjarsjóði tekna, og ýmsir hvorttveggja. Er frv. þetta svipað og ýms önnur, sem nú eru í gildi, með þeirri breytingu þó, að gert er ráð fyrir í frv. þessu, að með reglugerð verði ákveðið, að fasteignagjöld af húsum verði nokkuð mismunandi, og þó einkum eftir því, hvernig þau notast, miðað við fasteignamatsverð og íbúafjölda. Nokkrir kaupstaðir hafa í notum svipaðrar skattaheimildar tekið að sér sorphreinsun, en ekki er gert ráð fyrir því í þessu frv., m. a. vegna þess, að Ísafjarðarbær leggur íbúum sínum til vatn, án þess að taka vatnsskatt, og hefir lagt skólpveitu um allan bæinn án þess að taka nokkur gjöld fyrir, sem þó hvorttveggja tíðkast víðast hvar annarsstaðar.

Um upp- og framskipunarheimildina má geta þess, að bæjarstjórn Ísafjarðar hafði um 10 ára skeið slíkan einkarétt, sem hér er farið fram á, og gaf það bænum, á óbeinan hátt raunar, talsverðar tekjur, án þess að hærri gjöld væru fyrir það tekin en annarsstaðar tíðkast. Á síðastl. ári sætti þetta nokkrum mótmælum, og þykir því rétt að fara fram á lagaheimild þessa.

Ætlazt er til, að hið lága lóðagjald, sem nú er heimilt að taka af hverri feralin samkv. 18. gr. í lögum um bæjarstjórn á Ísafirði, falli niður.

Nd. 70. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar viðvíkjandi tjóni einstakra manna af völdum ofviðris 26. og 27. okt. síðastl.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

1. Hefir farið fram mat á tjóni því, er einstakir menn urðu fyrir 26. og 27. okt. síðastl. af völdum ofviðris?
2. Hverjar ráðstafanir hefir ríkisstjórnin gert til þess að bæta þeim skaðann, er tilfinnanlegast tjón biðu?

Nd. 71. Frumvarp til hafnarlaga

fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Flutningsm.: Garðar Þorsteinsson.

1. gr.

Til hafnarumbóta á Siglufjarðarhöfn veitist úr ríkissjóði allt að 50 þús. krónur árlega næstu 4 ár, gegn tvöföldu tillagi úr hafnarsjóði Siglufjarðar. Fé þetta greiðist bæjarstjórn Siglufjarðar hlutfallslega við framlag hafnarsjóðs til fyrirtækisins.

2. gr.

Fjármálaráðherra heimilast að ábyrgjast fyrir ríkissjóð allt að 400000 kr. lán, er Siglufjarðarkaupstaður kann að fá til hafnarumbóta á Siglufjarðarhöfn.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og að leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Siglufjarðar. Nú vill annarhvor aðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Siglufjarðar. Kirkjujarðasjóði ber ekki endurgjald fyrir þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem ræðir um í grein þessari.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú

eru, og ekki fylla upp né dýpka út frá landi, nema bæjarstjórnin veiti eða hafi veitt samþykki sitt til. Sá, sem gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins. Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 10—200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda. Nú hefir bryggja eða annað mannvirki legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eiganda.

5. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefir á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

6. gr.

Hafnarnefndin hefir á hendi framkvæmdir hafnarmála og eftirlit með höfninni. Hafnarnefndina skipa 3 menn, kosnir innan bæjarstjórnar á sama hátt og aðrar nefndir bæjarstjórnar, og 2 menn utan bæjarstjórnar, annar úr tölu kaupmanna, en hinn úr tölu sjómanna eða útgerðarmanna. Enginn getur skorazt undan endurkosningu í hafnarnefnd fyrr en hann hefir setið 6 ár samfleytt í nefndinni. Nefndin sér um viðhald og umbætur á bryggjum og mannvirkjum hafnarinnar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil.

7. gr.

Eigum og tekjum hafnarsjóðs má án samþykkis stjórnarráðsins aðeins verja í þarfir hafnarinnar.

8. gr.

Bæjarstjórn skipar starfsmenn hafnarinnar, eftir tillögu hafnarnefndar, um skemmri eða lengri tíma.

9. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis stjórnarráðsins selja eða veðsetja eignir hafnarsjóðs, kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Siglufjarðar, eins og takmörk hennar verða ákveðin með reglugerð, og farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Vitagjald.
3. Vörugjald.

Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.

4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur við höfnina.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjald fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórn Siglufjarðar semur og stjórnarráð Íslands staðfestir. Herskip og skemmtiskip skulu vera undanþegin lestagjaldi. Þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið með almennum lögum, skal bæjarstjórn Siglufjarðar heimilt að ákveða hækkun á núverandi vörugjaldi um allt að 100% og jafnframt að sú hækkun gangi til nauðsynlegra útgjalda bæjarsjóðs. Þó er bæjarstjórn heimilt að undanskilja sérstakar vörur frá hækkuninni, enda séu almennar neyzluvörur ávallt undanskildar hækkun. Öll gjöld samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki. Hafnargjöld, vitagjöld, bryggjugjöld og festargjöld hvíla sem lögveð á skipi á undan öllum veðsetningum. Hinar aðfluttu vörur eru að veði fyrir vörugjaldinu næst eftir vörutolli.

11. gr.

Nú hefir bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu tillögur um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en fjárhagsáætlun hafnarsjóðs er samin.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndarinnar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok marzmánaðar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs á hinu liðna ári og efnahagsreikning hans. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarsjóðsreikningana. Samrit af reikningnum, eins og hann hefir verið úrskurðaður af bæjarstjórninni, skal síðan senda stjórnarráðinu.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni, 10—500 kr. Sektir samkvæmt lögum þessum og hafnarreglugerðum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 2. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt 14. gr. þeirra.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin hafnarlög fyrir Siglufjarðarkaupstún, nr. 64 1915.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi af þeim Einari Árnasyni og Bernharð Stefánssyni, en varð ekki lokið á því þingi. - - Með því að málið var þá lagt fram í hv. efri deild og samþykkt þar, er það nú flutt í hv. neðri deild, og er það gert í samráði við fyrrgreinda alþingismenn.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni bæjarstjórnar Siglufjarðar, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

Um 1. gr.

Nálega árlega missa ríkisverksmiðjurnar bryggjur fyrir fleiri tugi þúsunda, og einstakir menn líka. Er því auðsæ þörf þess, að hafizt verði handa til þess að létta af slíkum óhöppum. Þar sem hafnarsjóður Siglufjarðar vill leggja fram í þessu skyni 400000 kr., er auðsætt, að ríkissjóði ber að styrkja það að ⅓, þar sem ríkissjóður á þarna að gæta hagsmuna, er nema meira en 2 milljóna króna virði og liggja undir árlegri áhættu, enda ríkisvaldið áður talið slíkt sjálfsagt, sbr. fjárlög 1934 og fjárlagafrumvarp 1935.

Um 2. gr.

Líkindi eru til, að hafnarsjóður Siglufjarðar geti án ríkisábyrgðar fengið nægilegt lán í þessu skyni, og verður ábyrgðar ríkissjóðs þá ekki leitað, en ákvæðið er sett til þess að vera til taks, ef nauðsyn krefur.

Um 3.—9. gr.

Eins og venjuleg ákvæði hafnarlaga.

Um 10. gr.

Venjuleg ákvæði. Auk þess er nýtt ákvæði um heimild bæjarstjórnar til þess að hækka vörugjaldið um allt að 100%, er renni í bæjarsjóð. Með ári hverju verður æ auðsærra, að álagning útsvara nægir ekki til þess að fullnægja hinni vaxandi þörf nauðsynlegra útgjalda. Á þetta sér einkum stað vegna þess, að sumpart hefir nokkur hluti atvinnufyrirtækjanna á Siglufirði lagzt niður eða ekki lengur orðið útsvarsskyldur, sbr. verksmiðju dr. Pauls o. fl., sumpart hefir gjaldþol manna þorrið, en hinsvegar fátækrabyrðin aukizt og þörfin til annara nauðsynlegra útgjalda, gjöld til gagnfræðaskóla, til íþróttamennta og annara menn-

ingarmála, sem bærinn verður að sinna, ef íbúunum á ekki að verða meinað að lifa menningarlífi og lyfta þeim byrðum, er framtíðin leggur þeim á herðar.

Um 11.—16. gr.

Venjuleg ákvæði.“

Ed. 72. Frumvarp til laga

um virkjun Fljótaár.

Flm.: Einar Árnason, Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar heimilast að reisa og reka raforkustöð við Fljótaá í Skagafjarðarsýslu, til þess að vinna úr ánni raforku til almenningsþarfa, svo og að leggja háspennutaugar til Siglufjarðar og gera afspennistöð í Siglufirði og að framkvæma þau mannvirki, sem þarf til þess að koma orkunni til notenda.

2. gr.

Rétt sinn til virkjunar og rekstrar raforkustöðvarinnar og sölu rafmagns getur bæjarstjórnin afhent öðrum, með samþykki atvinnumálaráðherra, enda sé gætt ákvæða 27. og 28. gr. laga 46/1925, eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Ef bærinn reisir og rekur raforkustöðina við Fljótaá, skal virkjunin rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

4. gr.

Ef hreppsnefnd Holtshrepps óskar þess, er Siglufjarðarkaupstað skylt að veita Holtshreppi rétt til að taka þátt í virkjun Fljótaár á allt að 200 hö. Tekur Holtshreppur þá að sér hlutfallslegan hluta sameiginlegs virkjunarkostnaðar.

5. gr.

Óheimilt er Siglufjarðarkaupstað, umfram stofnkostnað og 6% vexti af útlögðum kostnaði, að torvelda eða leggja fjárhagslegar álögur eða kvaðir af nokkru tægi á rafmagn það, sem Holtshreppur kann að fá skv. 3. gr. úr Fljótaá. Sama gildir um Holtshrepp eða sýslufélagið um rafmagn það, er Siglufjarðarkaupstaður kann að virkja eða láta virkja úr Fljótaá, eða um mannvirki í sambandi við virkjunina.

Greinargerð.

Frumvarp nær samhljóða þessu, var flutt á síðasta Alþingi, en var ekki afgreitt. Um ástæður fyrir frumvarpinu vísast til greinargerðar þeirrar, er því fylgdi á aukaþinginu 1933 (þskj. 40).

Málið er nú flutt af nýju eftir ósk bæjarstjórnar Siglufjarðar.

Ed. **73. Frumvarp til laga**

um klaksjóð og heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta reisa klakstöðvar.

Flm.: Jónas Jónsson, Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal stofna sjóð, er nefnist klaksjóður og varið skal til þess að standast rekstur klakstöðva, sem reistar kunna að verða samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta klaksjóðsgjald, er nemi 10 aurum á kg. af laxi, sem veiddur er hérlendis og seldur á innlendum eða erlendum markaði. Klaksjóðsgjald, ásamt 5000 króna tillagi úr ríkissjóði árlega í næstu fimm ár og tekjur af sölu laxaseiða frá klakstöðvum ríkisins, rennur í klaksjóð.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samning til eigi skemmri tíma en tíu ára við eigendur að ám, sem hentugar þykja til laxveiði og laxræktunar, um veiði í ánum og um að reisa tvær klakstöðvar, og geti hvor stöðin framleitt allt að 2½ millj. laxaseiða. Ríkisstjórnin getur á sama hátt gert samning við eigendur laxveiðiréttinda. Í samningnum skal þetta tekið fram:

A. að ríkisstjórnin skuldbindi sig til þess að skila í ár þær, er stofnveiði er fengin úr til klakstöðvar, 10% af árlegri seiðaframleiðslu stöðvarinnar;

B. að áreigendur eða eigendur laxveiðiréttinda skuldbindi sig til þess að veiða eigi í net eða aðrar veiðivélar og til þess að leyfa eigi öðrum að veiða þannig í ánni meðan samningurinn er í gildi, en heimilt skal þeim, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að veiða lax á stöng þann tíma, sem heimilað er í gildandi lögum;

C. að heimilt sé að láta veiða til klakstöðvarinnar á hvern þann hátt og á hverjum þeim tíma, er henta þykir.

4. gr.

Nú tekst eigi samningsgerð með áreigendum eða eigendum laxveiðiréttinda og landsstjórninni, og hefir þá landsstjórnin heimild til þess að taka á eða laxveiðiréttindi eignarnámi, eða notkunarnámi um ákveðið árabil, og greiða fyrir það eftir mati þriggja óvilhallra, dómkvaddra manna, enda gilda þá eigi ákvæði A-liðs 3. gr. um ána.

5. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að verja allt að 16000 kr. til byggingar og útbúnaðar hvorrar klakstöðvarinnar, sem um er rætt í 3. gr. Rekstrarkostnaður klakstöðvanna greiðist úr klaksjóði. Nægi tekjur klaksjóðs eigi til, greiðist mismunurinn úr ríkissjóði.

6. gr.

Klakstöðvar ríkisins skulu selja fiskiræktar- og veiðifélögum laxaseiði fyrir eigi meira verð en 8 kr. þúsundið flutt í á þá, sem seiðin eru ætluð í. Heimilt er

að selja öðrum en fiskiræktar- og veiðifélögum laxaseiði frá klakstöðvum ríkisins. Landbúnaðarmálaráðherra setur reglugerð um starfrækslu klakstöðvanna og um sölu og flutning seiðanna.

7. gr.

Nú verða tekjur klaksjóðs meiri en svo, er þarf til þess að greiða rekstrarkostnað af klakstöðvum þeim, sem rætt er um í 3. gr., og skal þá verja tekjuafganginum til stofnunar nýrra klakstöðva og rekstrar þeirra.

8. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að setja reglugerð um innheimtu á gjaldi því, sem rætt er um í 2. gr. Með brot gegn 2. gr. skal fara eftir almennum ákvæðum tollalaga.

9. gr.

Brot gegn B-lið 3. gr. varða sektum allt að 1000 krónum, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flm. bera þetta frv. fram að tilhlutan landbúnaðarráðherra, en skipulagsnefnd atvinnumála hefir samið það. Hafa flm. óbundið atkv. um einstök atriði. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta miðar að því að auka laxaklak í landinu frá því sem nú er. Það er alkunnugt, að skilyrði fyrir laxaræktun eru mjög góð hérlendis, og betri en víðast hvar annarsstaðar í álfunni. Hér eru margar og góðar ár, átuauðugt haf og góður laxastofn, en þrátt fyrir þetta hafa ýmsar ágætar laxaár tæmzt á síðari tímum, svo að til vandræða horfir. Ber því nauðsyn til, að hér sé gripið fram í og kostað kapps um að bjarga þessum ágæta tekjustofni landsmanna frá rýrnun.

Stefnt er að því að ná þessu markmiði með tvennskonar ráðstöfunum í frumvarpinu: Stofnun klaksjóðs og byggingu klakstöðva.

Klaksjóður er stofnaður á þann hátt, að ríkið leggur honum til 5000 kr. árlega í næstu 5 ár, 10 aura gjald af kg. af seldum laxi rennur til hans og auk þess tekjur af væntanlegri sölu laxaseiða. Virðist það eðlilegt og sanngjarnt, að tollur af laxasölu renni beint til þess að auka laxaframleiðsluna með klaki, svo að þótt laxveiðamenn verði að greiða gjald þetta, þá er því varið til þess að styðja atvinnurekstur þeirra. Er þess því að vænta, að ekki verði litið á þetta sem álögur á menn, heldur sem ráðstöfun þeim til hagsbóta. Nú má áætla gjald þetta 6—7000 kr. fyrst um sinn, með líkri veiði og verið hefir undanfarin ár. Og ef klakstöðvar seldu 3 millj. seiða árlega, þá gæfi það í klaksjóð 15000 kr., ef seiðin væru seld á 5 kr. þúsundið. Er það verð að vísu miklu lægra en nú tíðkast, en senni-

lega mundi þykja rétt að selja seiðin við sem lægstu verði, enda er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að það megi ekki fara fram úr 8 kr. þúsundið.

Með þeim tekjum, sem gert er ráð fyrir í frv. að klaksjóður fái, ætti hann að geta staðið árlegan straum af klakstarfseminni og með tímanum geta aukið klakstöðvar. En hinsvegar er gert ráð fyrir, að ríkið reisi tvær stöðvar þegar, og væri eðlilegt, að þær yrðu reistar hvor í sínum landsfjórðungi. Ekki þótti þó rétt að ákveða um það í frv., hvar stöðvarnar yrðu reistar, en þess yrði að sjálfsögðu gætt, að þær yrðu við góðar laxaár og í námunda við þá staði, er mesta þörf hafa fyrir seiði. Nú á ríkið sjálft ekki laxaár eða veiðiréttindi í þeim, og er því óhjákvæmilegt, að samningur sé gerður við áreigendur um heimild til þess að notfæra sér árnar á þann hátt, að stofnveiði til klaksins verði næg. Virðast það samngjörn skipti frá ríkisins hálfu, að eigendum árinnar sé eigi heimilt að veiða í net, þegar þess er gætt, að eftir 5 ára tímabil — sem samningurinn stæði yfir — hefði veiðin aukizt stórlega, en 20% af árlegri seiðaframleiðslu klakstöðvar er ætlað fyrir þær ár, er stofnveiði er tekin úr. Geti menn ekki sætt sig við þessi skipti, fá þeir matsverð fyrir eignina eða fyrir notkunarrétt hennar um þetta tímabil.

Kostnaður við að reisa klakstöð er áætlaður um 16000 kr., og er þá ætlazt til, að klakhúsinu fylgi þrær og kassar og öll nauðsynleg veiðarfæri. Klakhúsið yrði nokkru dýrara, ef umsjónarmanni væri ætluð íbúð í því. En til þess að spara þau útgjöld er eðlilegt, að klakstöðin yrði reist þar, sem unnt yrði að starfrækja hana frá bæ eða heimili.

Árlegur rekstrarkostnaður klakstöðvar áætlast á þessa leið:

Laun umsjónarmanns	kr. 3000.00
Aðstoð við veiði stofnfiskjar	— 2000.00
Viðhald á veiðarfærum, kössum o. s. frv.	— 1000.00
Flutningur seiða	— 3000.00
Samtals	kr. 9000.00

Síðasti liðurinn (flutningur seiða) mætti virðast nokkuð hár, og ef til vill yrði unnt að komast af með minni upphæð, en nauðsyn ber til þess, að klakstöðin annist allan flutning þeirra og gæti þess, að þau séu sett í þá staði í veiðivötnum, er bezt koma að haldi. Þarf nákvæmni við þessi efni og er sjálfsagt, að þeir hafi þetta með höndum, sem bezt skilyrði ættu að hafa til þess að leysa verkið vel af hendi.

Ef áætlað er, að 3 millj. seiða séu seldar í veiðivötn árlega og gert er ráð fyrir, að ½—1% af seiðunum veiðist aftur sem fullorðinn lax, ætti laxveiðin að aukast um 15—30 þúsund laxa á ári eftir að fyrstu árgangarnir væru fullvaxnir. Sé laxinn áætlaður 4 kg. að meðaltali og kg. selt á 1 kr., nemur þetta 60—120 þús. kr. árlega.

Geta má þess í þessu sambandi, að ef áreigendur, sem seiðin kaupa, notfæra sér þá möguleika, sem eru fyrir því að rækta hverja á til fulls — t. d. með því að stofna fiskiræktar- og veiðifélög, sbr. lög. nr. 6 14. júní 1929, um fiskiræktarfélög, og lög nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði —, þá margfaldast að sjálfsögðu þessi gróði. Enda er svo fyrir mælt í 6. gr. þessa frv., að til slíkra félaga

skulu seiðin einkum seld, þótt heimilt sé að selja þau öðrum. Ef til vill kæmist ríkisstjórnin að þeirri niðurstöðu, er meiri reynsla fengist um þessi efni, að rétt væri að notfæra sér ekki þessa heimild, heldur knýja menn í félagsskap um veiðina.

Að öðru leyti er ekki þörf skýringa á frumvarpinu“.

Nd. 74. Frumvarp til laga

um útrýmingu fjárkláðans.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að láta fara fram böðun á öllu sauðfé í landinu til útrýmingar fjárkláðanum. Þó getur ráðherra undanskilið þau svæði, þar sem kláða hefir ekki orðið vart í sauðfé síðustu fimm árin, enda ekki líkur til, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að um smitun af sýktu fé af öðrum svæðum geti verið að ræða.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður, í samráði við forstöðumann rannsóknarstofu háskólans, hvaða baðlyf skuli notað til útrýmingarinnar.

3. gr.

Í hverju sýslufélagi skal, eftir tillögu sýslunefndar, skipa einn eftirlitsmann, er hafi umsjón með undirbúningi og framkvæmd útrýmingarböðunarinnar innan sýslu. Skal eftirlitsmaður tilnefna baðstjóra í hverjum hreppi, í samráði við hlutaðeigandi hreppsnefnd.

4. gr.

Kostnaður við útrýmingarböðunina greiðist af þessum aðilum:

1. Baðlyf, eins og það kostar á næstu höfn, greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu af fjáreigendum.
2. Þóknun fyrir störf eftirlitsmanns innan hverrar sýslu greiðist úr sýslusjóði, eftir reikningi, er sýslunefnd úrskurðar.
3. Kaup baðstjóra greiðist úr sveitarsjóði.

5. gr.

Skylt er hreppsnefndum að annast um, að fyrir hendi séu nothæf tæki á hverju heimili til böðunar, en fjáreigendum ber að greiða þann kostnað, sem af útvegun þeirra tækja leiðir, að svo miklu leyti, sem þeir leggja þau eigi til sjálfir.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd útrýmingarböðunarinnar, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, og má í þeirri reglugerð ákveða allt að 5000 króna sekt fyrir brot á henni.

7. gr.

Komi það í ljós að aflokinni böðun, að útrýming fjárkláðans hefir eigi tekizt til fulls, skal tafarlaust fyrirskipa útrýmingarböðun af nýju eftir sömu reglum, á svo stóru svæði eða svæðum, er landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, telur þurfa.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

1. Tilskipun 5. jan. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.
2. Tilskipun 4. marz 1871, er hefir inni að halda viðauka við tilskipun 5. jan. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.
3. Lög nr. 40 frá 1901.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 75. Frumvarp til laga

um skipun prestakalla.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Á Íslandi skulu vera þessi prestaköll:

I. Kjalarnessþing.

1. *Reykjavík:* Reykjavíkursókn.
2. *Útskálar:* Staður [í Grindavík], Kirkjuvogs, Hvalness, Útskála og Keflavíkur sóknir.
3. *Garðar á Álftanesi:* Kálfatjarnar, Hafnarfjarðar og Bessastaða sóknir.
4. *Mosfell í Mosfellssveit:* Þingvalla, Viðeyjar, Lágafells, Brautarholts, Saurbæjar [á Kjalarnesi] og Reynivalla sóknir.

II. Staðaþing.

5. *Akranes:* Saurbæjar [á Hvalfjarðarströnd], Innra-Hólms, Garða og Leirár sóknir.
6. *Reykholt:* Hvanneyrar, Fitja, Lundar, Bæjar, Reykholts, Stóraáss, Gilsbakka, Síðumúla og Norðtungu sóknir.
7. *Borg:* Hvamms, Hjarðarholts, Stafholts, Borgar, Álftaness, Álftartungu, Akra og Staðarhrauns sóknir.
8. *Staðastaður:* Kolbeinsstaða, Rauðamels, Miklaholts, Staðastaðar, Búða og Hellna sóknir.
9. *Ólafsvík:* Ingjaldshóls, Ólafsvíkur, Brimilsvalla og Setbergs sóknir.
10. *Helgafell:* Bjarnarhafnar, Helgafells, Stykkishólms, Narfeyrar og Breiðabólsstaðar sóknir.

III. Innfjarðaþing.

11. *Hvammur:* Snóksdals, Sauðafells, Stóra-Vatnshorns, Hjarðarholts, Hvamms, Staðarfells og Dagverðarness sóknir.
12. *Staðarhóll:* Skarðs, Staðarhóls, Garpsdals, Reykhóla og Staðar sóknir.
13. *Brjánslækur:* Gufudals, Múla, Flateyjar, Brjánslækjar og Haga sóknir.
14. *Árnes:* Árnessókn.
15. *Staður í Steingrímsfirði:* Kaldrananess, Staðar og Kollafjarðarness sóknir.
16. *Prestbakki:* Óspakseyrar, Prestbakka og Staðarsókn í Hrútafirði.
17. *Kirkjuhvammur:* Melstaðar, Efra-Núps, Staðarbakka, Kirkjuhvamms, Tjarnar, Vesturhópshóla, Breiðabólsstaðar og Víðidalstungu sóknir.

IV. Vestfjarðaþing.

18. *Sauðlauksdalur:* Saurbæjar, Breiðuvíkur, Sauðlauksdals, Eyra og Stóralaugardals sóknir.
19. *Bíldudalur:* Selárdals, Bíldudals, Rafnseyrar og Álftamýrar sóknir.
20. *Sandur:* Hrauns, Þingeyrar, Mýra og Núps sóknir.
21. *Holt:* Sæbóls, Kirkjubóls, Holts og Staðarsókn í Súgandafirði.
22. *Ísafjörður:* Hóls, Ísafjarðar, Eyrar, Ögur, Vatnsfjarðar, Nauteyrar og Unaðsdals sóknir.
23. *Staður í Aðalvík:* Staðar [í Grunnavík], Staðar [í Aðalvík] og Hesteyrar sóknir.

V. Skagaþing.

24. *Steinnes:* Undirfells, Auðkúlu, Svínavatns, Þingeyra og Blönduóss sóknir.
25. *Höskuldsstaðir:* Bergsstaða, Bólstaðarhlíðar, Holtastaða, Höskuldsstaða, Hofs og Spákonufells sóknir.
26. *Sauðárkrókur:* Ketu, Hvamms, Sauðárkróks, Reynistaðar, Glaumbæjar og Rípur sóknir.
27. *Miklibær:* Víðimýrar, Mælifells, Reykja, Goðdala, Ábæjar, Silfrastaða, Miklabæjar, Flugumýrar og Hofsstaða sóknir.
28. *Viðvík:* Hóla, Viðvíkur, Hofs, Fells, Barðs og Knappstaða sóknir.

VI. Eyjaþing.

29. *Hvanneyri:* Hvanneyrarsókn.
30. *Miðgarðar:* Miðgarðasókn.
31. *Vellir:* Ólafsfjarðar, Upsa, Tjarnar, Urða og Valla sóknir.
32. *Möðruvellir:* Stærra-Árskógs, Möðruvalla, Glæsibæjar, Bakka og Bægisár sóknir.
33. *Akureyri:* Akureyrar og Lögmannshlíðar sóknir.
34. *Laugaland:* Grundar, Saurbæjar, Hóla, Möðruvalla [í Eyjafirði] Munkaþverár og Kaupangs sóknir.
35. *Laufás:* Svalbarðs, Laufás, Grenivíkur, Þönglabakka og Draflastaða sóknir.
36. *Vatnsendi:* Illugastaða, Háls, Lundarbrekku, Ljósavatns og Þóroddsstaða sóknir.

37. *Skútustaðir:* Skútustaða, Reykjahlíðar, Þverár og Einarsstaða soknir. Vetrarþjónusta á Víðihóli.
38. *Húsavík:* Grenjaðarstaða, Ness, Flateyjar og Húsavíkur sóknir.
39. *Skinnastaðir:* Garðs, Skinnastaða, Prestshóla og Raufarhafnar sóknir. Sumarþjónusta á Víðihóli.
40. *Sauðanes:* Svalbarðs, Sauðaness og Skeggjastaða sóknir.

VII. Austurþing.

41. *Hof:* Hofs og Vopnafjarðar sóknir.
42. *Kirkjubær:* Eiríksstaða, Hofteigs, Kirkjubæjar, Hjaltastaða, Desjarmýrar (Bakkagerðis), Njarðvíkur og Húsavíkur sóknir.
43. *Vallanes:* Eiða, Áss, Valþjófsstaðar, Vallaness og Þingmúla sóknir.
44. *Dvergasteinn:* Vestdalseyrar og Klippsstaðar sóknir.
45. *Nes:* Brekku [í Mjóafirði], Ness og Eskifjarðar sóknir.
46. *Hólmar:* Búðareyrar, Kolfreyjustaðar og Búða sóknir.
47. *Heydalir:* Stöðvar og Heydala sóknir.
48. *Djúpivogur:* Beruness, Berufjarðar, Djúpavogs og Hofs sóknir.
49. *Bjarnanes:* Stafafells, Bjarnaness og Brunnhóls sóknir.
50. *Kálfafellsstaður:* Kálfafellsstaðar og Hofs sóknir.

VIII. Suðurþing.

51. *Prestsbakki:* Kálfafells, Prestbakka, Grafar, Langholts og Þykkvabæjar sóknir.
52. *Vík:* Höfðabrekku, Víkur, Skeiðflatar, Eyvindarhóla og Ásólfsskála sóknir.
53. *Vestmannaeyjar:* Ofanleitissókn.
54. *Breiðabólsstaður:* Stóradals, Hlíðarenda, Breiðabólsstaðar, Stórólfshvols, Odda, Kross, Akureyjar og Keldna sóknir.
55. *Fellsmúli:* Skarðs, Haga, Marteinstungu, Árbæjar, Kálfholts og Hábæjar sóknir.
56. *Eyrarbakki:* Gaulverjabæjar, Villingaholts, Stokkseyrar og Eyrarbakka sóknir.
57. *Hraungerði:* Hraungerðis, Laugardæla, Kotstrandar, Hjalla, Strandar [í Selvogi] og Úlfljótsvatns sóknir.
58. *Hruni:* Ólafsvalla, Stóra-Núps, Hrepphóla, Hruna og Tungufells sóknir.
59. *Mosfell í Grímsnesi:* Bræðratungu, Skálholts, Torfastaða, Haukadals, Úthlíðar, Miðdals, Mosfells, Klausturhóla og Búrfells sóknir.

2. gr.

Í Reykjavík og á Ísafirði skulu vera tveir prestar á hvorum stað, og skipar ríkisstjórnin í samráði við biskup fyrir verkaskiptingu þeirra í milli.

3. gr.

Ríkisstjórnin hlutast til um, að sú skipun prestakalla, sem ákveðin er í 1. gr. þessara laga, komist á eftir því sem prestaköllin losna, svo fljótt, sem því

verður við komið. Þegar prestakall, sem á að sameinast öðru prestakalli eða öðrum prestaköllum, losnar, skal það eigi auglýst til umsóknar, heldur fer sameiningin þá þegar fram.

4. gr.

Nú vilja menn breyta skipun sókna eða leggja niður kirkju, færa úr stað eða taka upp nýja kirkju, og skal þá það mál koma fyrir safnaðarfund eða safnaðarfundi, ef fleiri en einn söfnuður eiga í hlut. Ef breytingin varðar aðeins einn söfnuð, ræður meiri hluti atkvæða á lögmætum safnaðarfundi. Ef söfnuðir eru tveir, ræður meiri hluti atkvæða á báðum fundum. Ef söfnuðirnir eru fleiri en tveir, ræður meiri hluti safnaðarfunda. Ef héraðsfundur síðan samþykkir tillögur safnaðarfundar (eða safnaðarfunda), skal ríkisstjórn í samráði við biskup veita leyfi til, að breyting sú, sem um ræðir, fái fram að ganga.

5. gr.

Þegar lénskirkja er lögð niður, fellur sjóður hennar til þeirrar kirkju eða kirkna, sem sóknin er lögð til. Svo er og um skrautgripi (ornamenta) kirkjunnar og áhöld (instrumenta) og andvirði fyrir kirkjuna sjálfa.

6. gr.

Allir prestar þjóðkirkjunnar njóta launa af ríkisfé samkvæmt launalögum. En auk hinna föstu launa skal árlega í fjárlögum ákveða nokkra upphæð til launauppbótar þeim prestum, er þjóna erfiðustu prestaköllunum.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 45 frá 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, og lög nr. 36 frá 8. sept. 1931, um embættiskostnað sóknarpresta.

Greinargerð.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu vísast til álits launamálanefndar.

Nd. 76. Frumvarp til laga

um einkasölu ríkisins.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Tóbakseinkasölu ríkisins, áfengisverzlun ríkisins og viðtækjaverzlun ríkisins skal sameina í eina stofnun, er heitir: Einkasala ríkisins.

Ráðherra ræður forstjóra stofnunarinnar samkvæmt launalögum.

2. gr.

Nú tekur ríkið einkasölu á fleiri vörutegundum en þegar er orðið, og annast þá einkasala ríkisins sölu þeirra.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau ákvæði í l. nr. 69 7. maí 1928, í l. nr. 58 8. sept. 1931 og í l. nr. 62 19. maí 1930, sem ríða í bága við ákvæði þessara laga.

Greinargerð.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu vísast til álits launamálanefndar.

Nd. 77. Frumvarp til laga

um breyting á l. nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

9. grein laganna orðist svo:

Verzlunin skal jafnan hafa forða af áfengi og vínanda í Reykjavík. Annast einkasalan sjálf útsölu vínanna í Reykjavík og ræður starfsmenn hennar samkvæmt launalögum. Einkasalan skal bjóða út söluumboð á áfengi gegn 5% sölulaunum í Hafnarfirði og 7½% sölulaunum á öðrum stöðum utan Reykjavíkur, þar sem áfengissala fer fram, og fela þeim umboðið, sem að efnalegum ástæðum og öðrum er hæfastur til þess að taka það að sér. Ef enginn gerir tilboð í söluumboðið á einhverjum stað, skal ráðinn sérstakur maður með allt að 6000 kr. árslaunum til þess að annast áfengissöluna þar. Einkasalan sendir á sinn kostnað áfengið til Hafnarfjarðar og á höfn í öðrum kaupstöðum, en umboðshafi annist á sinn kostnað flutning úr skipi.

Greinargerð.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu vísast til álits launamálanefndar.

Nd. 78. Frumvarp til laga

um skipun lögsagnarumdæma.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Lögsagnarumdæmi skulu vera sem hér segir:

1. Reykjavík.
2. Gullbringu- og Kjósarsýsla með Hafnarfirði.
3. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýslur.
4. Dala-, Austur-Barðastrandar-, Stranda- og Vestur-Húnavatnssýslur.
5. Vestur-Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslur með Ísafjarðarkaupstað.
6. Austur-Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur.

7. Eyjafjarðarsýsla með Akureyri og Siglufjarðarkaupstað.
8. Þingeyjarsýsla.
9. Norður-Múlasýsla með Seyðisfirði.
10. Suður-Múlasýsla með Nesi í Norðfirði og Austur-Skaftafellssýsla.
11. Vestmannaeyjar.
12. Vestur-Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnessýslur.

2. gr.

Umboðsstjórn lögsagnarumdæmis Reykjavíkur skal hagað samkvæmt lögum nr. 67 7. maí 1928. Yfir hvert hinna lögsagnarumdæmanna skal skipaður einn sýslumaður, sem annast öll þau störf, sem sýslumönnum hafa áður verið falin, svo sem dómarastörf fyrir umdæmið, yfirstjórn lögreglumála þess og innheimtu fyrir ríkissjóð.

3. gr.

Ríkisstjórnin skal fyrirskipa hvar sýslumaður skal eiga búsetu í hverju lögsagnarumdæmi.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, í samráði við sýslumann og að fengnum tillögum bæjar- eða sveitarstjórna, að skipa lögreglustjóra um tíma úr ári eða óákveðinn tíma í kaupstað eða kauptúni, sem hefir 1000 íbúa eða þar yfir. Ríkið skal bera kostnað af starfa lögreglustjórans allt að helmingi, en þó eigi hærri fjárhæð en nemur ¼ af lögreglukostnaði bæjarins.

5. gr.

Ríkisstjórnin getur í samráði við hlutaðeigandi sýslumann falið lögreglustjóra, sem tekið hefir starfa samkv. 4. gr., tollgæzlu í lögregluumdæmi hans. Ríkið greiðir þá allan kostnað af starfi hans sem tollgæzlumanns.

6. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að hafa í þjónustu sinni tvo tollgæzlumenn utan Reykjavíkur. Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að láta þá lögreglumenn, sem ríkisstjórnin ræður sérstaklega yfir samkv. lögum nr. 92 19. júní 1933, hafa eftirlit með tollgæzlunni.

7. gr.

Ríkisstjórnin hlutast til um, að sú skipun lögsagnarumdæma, sem ákveðin er í 1. gr. þessara laga, komist á eftir því sem lögsagnarumdæmi losna, svo fljótt, sem því verður við komið. Þegar lögsagnarumdæmi, sem á að sameinast öðru lögsagnarumdæmi, losnar, skal það eigi auglýst til umsóknar, heldur fer sameiningin þá þegar fram.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin:
Lög nr. 22 14. júní 1929, um lögreglustjóra á Akranesi.
Lög nr. 14 25. jan. 1934, um lögreglustjóra í Bolungavík.

Lög nr. 16 25. jan. 1934, um lögreglustjóra í Keflavík.
Lög nr. 40 28. jan. 1935, um lögreglustjóra í Ólafsfirði.
Ennfremur þau ákvæði laga nr. 58 28. nóv. 1919, um breytingar á lögum nr. 30 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, og laga nr. 48 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað, er brjóta í bág við ákvæði þessara laga.

9. gr.

Ákvæði um stundarsakir viðvíkjandi 8. gr.:
Þó skulu lögreglustjórar í hlutaðeigandi kauptúnum og kaupstöðum, sem ráðnir eru eftir hinum eldri lögum, halda starfa sínum samkvæmt þeim, nema öðruvísi verði um samið.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu vísast til álits launamálanefndar.

79. Frumvarp til laga

um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Hreppstjórar hafa laun í hlutfalli við íbúatölu umdæmis síns sem hér segir:
Í hreppi með 100 íbúa eða færri eru launin 100 krónur. Í hreppi með 101—150 íbúa eru launin 120 krónur. Í hreppi með 151—200 íbúa eru launin 140 krónur og svo framvegis þannig, að launin hækka um 20 krónur fyrir hverja 50 íbúa. Leggi hreppstjóri niður sýslan eða deyi fyrir lok fardagaárs, ber honum eða búi hans $^1/_{12}$ árslauna fyrir hvern mánuð eða mánaðarhluta, sem hann hefir gegnt hreppstjórn á fardagaárinu. Árslaun greiðir sýslumaður hreppstjóra á manntalsþingi fyrir liðið fardagaár.

2. gr.

Þegar hreppstjóri í umboði sýslumanns framkvæmir lögtak eða aðrar fógetagerðir, ber honum fyrir hverja gerð lögmælt gjald samkvæmt gildandi lögum um aukatekjur ríkissjóðs, allt það er gjaldið fer ekki fram úr 10 krónum. Sé gjaldið hærra samkvæmt aukatekjulögunum, fellur það sem umfram er til ríkissjóðs.

3. gr.

Haldi hreppstjóri í umboði sýslumanns uppboð, falla uppboðslaunin til hans óskipt, séu þau ekki hærri en 20 krónur; en það sem þar er fram yfir fellur til ríkissjóðs.

4. gr.

Þegar hreppstjóri fyrir hönd sýslumanns stendur fyrir uppskrift eigna eða virðingargerð, fær hann fyrir það verk sitt greitt eftir fjárhæð gerðarinnar:

Allt að kr.	200	.....				2	krónur
Yfir	—	200	allt að kr.	500	...	3	—
—	—	500	— — —	1000	...	4	—
—	—	1000	— — —	2000	...	5	—
—	2000	.....				6	—

5. gr.

Fyrir birtingu á fyrirkalli, stefnu, dómi, uppsögn eða málskröfu skal greiða hverjum stefnuvotti 2 krónur fyrir hvern þann er birt er.

6. gr.

Fyrir úttekt á jörðu greiðist hverjum úttektarmanni 7 krónur, svo og fyrir landskipti. Fyrir skoðunargerð eða matsgerð á fasteign eða lausafé, sem gerð er eftir beiðni eiganda, skal greiða hverjum skoðunar- eða virðingarmanni eftir fjárhæð matsgerðarinnar:

Allt að kr.	500	.....				2	krónur
Yfir	—	500	allt að kr.	1000	...	3	—
—	—	1000	— — —	2000	...	4	—
—	—	2000	— — —	4000	...	5	—
—	4000	.....				6	—

Fyrir skoðunar- eða matsgerðir, sem framkvæmdar eru eftir ráðstöfunum hins opinbera án beiðni eiganda, skal greiða hverjum virðingarmanni 7 krónur á dag.

7. gr.

Kostnaður við ferðir til starfa þeirra, sem um getur í 2.—6. gr., skal greiddur auk framangreindra gjalda og telst þannig: Fyrir 10 kílómetra vegalengd á landi eða 5 kílómetra á sjó eða minna skal greiða í ferðakostnað 1 krónu. Sé ferðin lengri, greiðist hlutfallslega sama þóknun fyrir þá vegalengd sem umfram er. Þóknunin telst eftir samanlagðri vegalengd fram og aftur, allt að 7 krónur fyrir sólarhring. Standi ferð lengur en sólarhring frá heimili, skal greiða 50 aura í ferðakostnað fyrir hverja klukkustund. Sé gjaldtaki búsettur í kauptúni eða þorpi, greiðist ferðakostnaður því aðeins, að hann þurfi að fara út úr þorpinu.

8. gr.

Gjald til votta við réttarhöld eða notarialgerðir er 75 aurar til hvers votts fyrir klukkustund, eða hluta úr klukkustund, sem réttarhaldið stendur yfir. Í einkamálum greiðist gjald þetta til dómarans í réttinum. Fyrir hvert réttarhald seinna í málinu skal sá greiða gjaldið, er málinu fær frestað.

9. gr.

Gjöld þau, er um getur í lögum þessum, greiðist einnig í opinberum málum og gjafsóknarmálum.

Í einkamálum er gerðarbeiðandinn skyldur til að greiða gjaldið, áður en gerðin fer fram. Verði gjaldið eigi greitt fyrirfram, hefir sá lögtaksrétt á því, er gjaldið á að taka. -- Í opinberum málum og gjafsóknarmálum greiðast gjöld þessi fyrirfram úr ríkissjóði, gegn endurgjaldi frá þeim, sem dæmdur verður í málskostnað að lyktum.

10. gr.

Fyrir eftirrit þau, er ræðir um í 3. gr. laga nr. 2 2. febr. 1894, svo og fyrir önnur eftirrit, sem einstakir menn biðja um úr embættisbókum eða skjalasöfnum embætta, skal greiða kr. 1,50 fyrir hverja örk, en hálfa örk eða minna 1 krónu.

Ákvæði greinar þessarar ná eigi til afrita þeirra, er ræðir um í 2. málsgrein 6. gr. reglugerðar 13. jan. 1916 um Þjóðskjalasafnið í Reykjavík.

11. gr.

Þegar vöruflutningaskip eða önnur skip, sem afgreiðslugjald eiga að greiða til ríkissjóðs, hafna sig á stöðum, þar sem lögreglustjóri er ekki búsettur, skulu þau, auk gjalds þess, sem ríkissjóði ber, greiða þeim, sem ritar á skipsskjölin í umboði lögreglustjóra, 5 aura af smálest hverri, nema skipstjóri kjósi heldur að senda skipskjölin tafarlaust til lögreglustjóra sjálfs og fá áritun hans á þau.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 64 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m., og lög nr. 14 18. maí 1920, um breyting á lögum um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m.

Greinargerð.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu vísast til álits launamálanefndar.

Nd. 80. Frumvarp til laga

um starfsmenn ríkisins og laun þeirra.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Starfsmaður ríkisins telst hver sá, sem ráðinn er í þjónustu þess samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Allir starfsmenn ríkisins, sem tilgreindir eru í lögum þessum, skulu taka laun samkvæmt fyrirmælum þeirra. Þó skal þeim starfsmönnum, sem sam-

kvæmt eldri lögum hafa konunglega veitingu fyrir starfa sínum, gefinn kostur á að taka laun samkvæmt eldri lögum, en eigi nær það nema til fastra launa, og eigi til annara uppbóta en aldursuppbóta. Starfsmaður, sem á eftirlaunarétt samkvæmt eldri lögum, heldur eftirlaunaréttinum, en ekki nær sá réttur til viðbótar þeirrar, sem hann kann að njóta eftir þessum lögum. Greiða skal hann gjald í lífeyrissjóð eða tryggingarsjóð starfsmanna ríkisins af viðbót þeirri við laun sín, er hann kann að fá eftir þessum lögum, enda fær hann greiddan lífeyri af þeirri upphæð samkvæmt ákvæðum um lífeyrissjóð. Ef starfsmaður, sem svo er ástatt um, sem segir í þessari lagagrein, hefir tryggt ekkju sinni líffé, þarf hann ekki að kaupa nýjan lífeyri, og eftirlaunarétturinn helzt hinn sami og áður, en launaviðbót, sem hann fær eftir þessum lögum, telst ekki til hækkunar, hvorki á líffé né eftirlaunum ekkju.

Um leið og lög þessi öðlast gildi, skulu allir þeir starfsmenn ríkisins, sem laun taka samkvæmt þeim og launalög hafa eigi áður náð til, öðlast öll réttindi og gangast undir allar skyldur, sem í lögunum er ákveðið, svo sem lögin hefðu verið í gildi, er þeir fyrst fengu veitingu fyrir starfa sínum.

Ef laun þeirra hafa verið lægri en eftir lögum þessum, skulu þeir og fá rétt til lífeyris, svo sem þeir hefðu greitt iðgjald í lífeyrissjóð frá því að þeir tóku við starfanum. En ef launin hafa verið hærri, skulu þeir eigi fá rétt til meiri lífeyris en er samkvæmt greiðslu þeirra til lífeyrissjóðs.

II. KAFLI

Um veitingar starfa.

3. gr.

Engan má skipa starfsmann ríkisins samkvæmt lögum þessum, nema hann hafi ríkisborgararétt og tali og riti íslenzka tungu.

4. gr.

Þegar laus er starfi, sem ríkið veitir samkvæmt lögum þessum, skal þegar auglýsa hann til umsóknar með minnst mánaðar fyrirvara. Skal starfinn auglýstur bæði í útvarpi og því blaði, sem flytur auglýsingar stjórnarvalda.

Hver umsækjandi hefir rétt til að fá að vita, hverjir aðrir sækja um starfann.

5. gr.

Enginn fær skipunarbréf fyrir launuðum starfa í þjónustu ríkisins yngri en 21 árs. Hann skal og hafa sýnt það sem settur starfsmaður eftir lögum þessum minnst eitt ár, að hann sé til starfans hæfur. Meðan hann er settur starfsmaður, fær hann aðeins ¾ þeirra launa, sem ákveðin eru í lögum þessum fyrir starfann. Sá, sem skiptir um starfa í þjónustu ríkisins, skal og vera settur eitt ár í sínum nýja starfa, áður en hann fær skipun fyrir honum, og nýtur hann það ár sömu launa og við sinn fyrri starfa, þó eigi hærri launa en goldin eru við þann starfa, er hann tekur við, og eigi lægri en ¾ þeirra launa. Greiða skal hann lífeyrisgjald af þeim launum, sem honum eru greidd þann

tíma, sem hann er settur. En sá, sem eigi hefir verið í þjónustu ríkisins áður, skal eigi greiða lífeyrisgjald þann tíma, sem hann er settur, en verði honum starfinn veittur, skal honum reiknaður lífeyrir svo sem hann hefði þá greitt lífeyrisgjald af fullum launum.

Hver sá, sem settur hefir verið í starfa eftir lögum þessum, á rétt á að fá veitingu fyrir starfanum um leið og hann byrjar þriðja starfsár sitt, nema hann hafi eigi náð 21 árs aldri eða hafi þegar verið sagt upp starfanum með löglegum fyrirvara og á formlegan hátt. Um leið og hann fær veitingu fyrir starfanum, skal hann fá launabót fyrir þann tíma, sem hann hefir verið settur lengur en eitt ár, svo sem hann hefði verið skipaður ári síðar en hann var settur.

6. gr.

Áður en manni er veittur starfi í þjónustu ríkisins, skal hann ganga undir læknisskoðun.

7. gr.

Yfirmenn hverrar starfsgreinar, svo sem yfirmenn stofnana, dómarar í Hæstarétti, sýslumenn, bæjarfógetar, lögreglustjórar, læknar, kennarar Háskólans, bókaverðir Landsbókasafnsins og starfsmenn í Stjórnarráðinu skulu hafa ráðuneytisveitingu fyrir starfa sínum. Ákvörðun um skipun yfirmanna starfsgreina, dómara í Hæstarétti, sýslumenn, bæjarfógeta, lögreglustjóra og skrifstofustjóra í Stjórnarráði skal ætíð tekin á ráðherrafundi, og ræður þar afl atkvæða. En ef hver ráðherra er sér um tillögu, eða atkvæði eru jöfn, skal sá ráða, er fer með þau mál, er starfsmaðurinn vinnur að. Veitingarvald ráðuneytisins er ennfremur þessum takmörkunum bundið:

1. Yfirmenn starfsgreina og stofnana geta þeir einir orðið, sem með áskildu prófi eða viðurkenndri starfhæfni hafa sýnt, að þeir hafa þá þekkingu og leikni, sem krafizt er. Einnig að þeir hafi starfað minnst tvö ár við góðan orðstír við sambærileg störf eða í þeirri starfsgrein, sem væntanlegt valdsvið þeirra nær yfir.
2. Eigi má veita mönnum forstöðu starfsgreina, svo sem síma og póstmála, fræðslumála, læknaskipunar eða annara hliðstæðra starfsgreina gegn skriflegum mótmælum ¾ starfsmanna í hlutaðeigandi starfsgrein.
3. Læknisstarfa veitir heilbrigðismálaráðherra að fengnum tillögum landlæknis. Ef ágreiningur verður milli landlæknis og ráðherra um það, hverjum skuli veittur starfinn, skal málið lagt fyrir ráðherrafund, og ræður þar afl atkvæða um hverjum veita skal (sbr. 1. málsgr. þessarar greinar).
4. Kennara við Háskóla Íslands skipar kennslumálaráðherra að fengnum tillögum háskólaráðs. Ef ágreiningur verður milli háskólaráðs og ráðherra um veitinguna, skal málið útkljáð á ráðherrafundi.
5. Skólastjóra skipar kennslumálaráðherra að fengnum tillögum skólanefnda og fræðslumálastjóra. Ef tillögur fræðslumálastjóra og allrar skólanefndar fara saman, er ráðherra skylt að taka þær til greina, en ef ágreiningur er milli þeirra aðila, skal málið útkljáð á ráðherrafundi.

8. gr.

Kennara, alla aðra en skólastjóra og háskólakennara, skipar fræðslumálastjóri í umboði kennslumálaráðherra, að fengnum tillögum skólanefnda og skólastjóra, eða skólastjóra eins, ef engin er skólanefnd. Ef ágreiningur verður milli skólastjóra og meiri hluta skólanefndar um hverjum veita skuli, ræður úrskurður fræðslumálastjóra.

9. gr.

Alla þá starfa, sem lög þessi ná til, aðra en þá, sem um getur í 7. og 8. gr., og prestsembætti, sem sérstök lög eru um, veitir forstjóri viðkomandi starfsgreinar eða stofnunar í samráði við starfsmannadóm (sbr. 57.—61. gr.). Ef ágreiningur verður um veitingu milli forstjórans og starfsmannadómsins, getur starfsmannadómur fyrirskipað samkeppnispróf um starfann, en að öðrum kosti skal ágreiningurinn lagður undir úrskurð hlutaðeigandi ráðherra.

10. gr.

Óheimilt er hverjum, sem veitingarvald hefir samkvæmt lögum þessum, að veita starfa þeim, sem honum er skyldur eða mægður að feðgatali eða er niðji eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn. Ef ráðherra hefir veitingarvald yfir starfa, er slíkt skyldmenni hans sækir um, skal hann afsala veitingarvaldinu í hendur hinna ráðherranna, og skal þó leita samþykkis starfsmannadóms um veitinguna. En ef forstjóri hefir veitingarvaldið, skal hann afsala því í hendur starfsmannadóms, og skal þó ætíð fá samþykki hlutaðeigandi ráðherra fyrir veitingunni.

11. gr.

Hverjum þeim, sem veittur er starfi eða sýslan, er skylt að rækja starfa sinn með trúmennsku og vinna í hvívetna samkvæmt stjórnskipunarlögum ríkisins.

Hver starfsmaður ríkisins skal, um leið og honum er veittur starfinn, fá skipunarbréf, þar sem teknar eru fram skyldur hans og réttindi.

Í fyrsta sinn, sem manni er veittur starfi í þágu ríkisins, skal hann undirrita drengskaparheit um að gæta starfa síns af trúmennsku.

III. KAFLI

Um lausn frá störfum.

12. gr.

Þeir, er hafa veitingarvald yfir starfa, hafa og vald til að veita lausn frá starfanum eða vikja mönnum frá honum.

13. gr.

Enginn fær veitingu fyrir starfa í þjónustu ríkisins lengur en til 65 ára aldurs. En ef starfsmaður heldur heilsu og starfskröftum, er heimilt með sam-

þykki starfsmannadóms að setja hann yfir starfann til eins árs í senn, þar til hann er sjötugur að aldri, en um laun hans skal hlíta ákvæðum 32. gr.

14. gr.

Starfsmaður, sem fær ráðuneytisveitingu fyrir starfa sínum, skal ráðinn með eins árs gagnkvæmum uppsagnarfresti, sbr. þó 19. gr. Ef starfi hans er lagður niður, nýtur hann fullra launa um eitt ár frá uppsagnardegi.

Aðrir starfsmenn ríkisins, sem ráðnir eru samkvæmt lögum þessum, skulu ráðnir með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti, sbr. þó 19. gr. Þeir hafa og rétt til þriggja mánaða launa, ef starfi þeirra verður lagður niður.

Ef starfi í ríkisþjónustu er lagður niður og tekinn upp að nýju, áður en tvö ár eru liðin, skal þeim, er áður hafði starfann, gefinn kostur á að gegna honum. Að honum frágengnum skal starfinn auglýstur á venjulegan hátt.

15. gr.

Ef starfsmaður ríkisins vanrækir starfa sinn sökum annara sýslana eða af öðrum þeim ástæðum, sem ekki verða taldar lögleg forföll, eða hegðar sér á þann hátt, að ekki er samboðið stöðu hans, skal honum vikið frá um stundarsakir og mál hans rannsakað. Ef ekki verður ráðin bót á misfellunum, skal honum vikið frá fyrir fullt og allt. Ef yfirmaður fær vitneskju um augljósa vanrækslu eða ósæmilega hegðun undirmanns síns og lætur óátalið, hefir hann gerzt undirmanni sínum samsekur.

16. gr.

Ef starfsmaður ríkisins er ákærður eða grunaður um glæp eða um verk, sem ósamrýmanleg eru stöðu hans, skal víkja honum úr starfa um stundarsakir, þar til mál hans er útkljáð.

Meðan frávikning samkvæmt 15. og 16. gr. stendur yfir, fær starfsmaðurinn helming fastra launa sinna. Ef hann verður algerlega sýknaður, tekur hann við starfa sínum aftur og fær þá greiddan hinn helming launanna.

17. gr.

Starfsmanni ríkisins, sem verður gjaldþrota og hefir með höndum fjárgeymslu eða innheimtu fyrir ríkið, skal víkja frá starfa, meðan þrotabúsmeðferðin stendur yfir, og að fullu, ef yfirmanni þeim, er veitingarvaldið hefir, þykir ástæða til. Laun verða engin greidd, þegar svo stendur á sem segir í þessari grein.

18. gr.

Ef fjármálaráðherra vill láta rannsaka fjárreiður starfsmanns, sem hefir sjálfstæða fjárgeymslu eða innheimtu fyrir ríkissjóð, er honum heimilt að víkja starfsmanninum frá allt að þriggja mánaða tíma og setja annan til að gegna starfanum, meðan rannsókn fer fram. Laun sín skal starfsmaður hafa óskert, meðan á slíkri rannsókn stendur.

19. gr.

Hver sá, sem leystur er frá starfa án þess að hann hafi um það beðið, hefir rétt til að fá skriflega greinargerð fyrir ástæðum þeim, er til frávikningar hans hafa legið. Reynist þær ástæður ekki réttmætar fyrir dómi, á hann fullkominn rétt á að taka aftur við starfanum eða fá þær bætur, sem því jafngilda.

IV. KAFLI

Um aukastörf.

20. gr.

Engum er heimilt að gegna launuðu aukastarfi fyrir ríkið, nema að fenginni skriflegri heimild þess ráðuneytis, sem yfir starfa hans ræður, og skal sú heimild aldrei gilda lengur en til eins árs í senn. Þó skal starfsmönnum ríkisins, öllum öðrum en dómurum hæstaréttar, heimilt að eiga sæti á Alþingi og taka laun fyrir, enda sjái þeir fyrir því að starfinn sé fullkomlega ræktur á meðan, og ber hinn skipaði starfsmaður kostnað, er af því leiðir.

21. gr.

Skylt er starfsmönnum ríkisins, án sérstaks endurgjalds, að undirbúa frumvörp, gera áætlanir, tillögur og uppdrætti í sinni starfsgrein, ef þeim er það falið af ríkisstjórninni, en krafizt geta þeir að fá endurgreiddan framlagðan kostnað og aðstoð við verkið.

Ef hér er um svo mikið starf að ræða, að þeir þurfi þess vegna að kaupa aðstoð við sitt aðalstarf, skulu þeir fá þann kostnað endurgreiddan.

22. gr.

Ef starfsmaður ríkisins tekur að sér að gegna einnig öðrum starfa í þágu ríkisins, ber honum fyrir það ½ launin við þann starfa. Starfinn skal þó auglýstur sem hver annar laus starfi, sem ríkið veitir, minnst tvisvar á ári, og skal hann veittur svo fljótt sem fær maður fæst til að takast hann á hendur. Frá þessu ákvæði skal þó vera undanþága um prófessorsstarf við háskólann, sem rækt er jafnframt yfirlæknisstarfi við Landsspítalann eða forstöðu rannsóknarstofu.

23. gr.

Hverjum starfsmanni ríkisins er skylt að gegna um stundarsakir endurgjaldslaust öðrum starfa en sjálfs hans í sömu starfsgrein. Ef hann verður af þeirri sök að láta af að gegna sínum eigin starfa, má veita honum full laun fyrir þann starfa, er hann tekur við, auk ferðakostnaðar, ef til kemur, en sleppa verður hann þá tilkalli til launanna fyrir sinn fyrri starfa.

24. gr.

Enginn starfsmaður ríkisins má reka sjálfstæða atvinnu eða gegna launuðu aukastarfi við einkafyrirtæki, sem veldur honum erfiðleikum að anna starfa sín-

um með fullkominni skyldurækni, eða aukastarfi, sem ekki getur samrýmzt þeirri virðingu og því trausti, sem maður í hans stöðu verður að njóta.

Skylt er starfsmanni að senda skriflega umsókn til þess yfirmanns, sem fer með veitingarvald stöðu hans, áður en hann má:

a. stofna atvinnufyrirtæki,
b. taka við launuðum starfa af öðrum en ríkinu,
c. taka sæti í stjórn atvinnu- eða fjáraflafyrirtækis.

Ef yfirmaður, sem slíka umsókn fær, telur, að þar sé um að ræða starfrækslu, sem brjóti í bága við ákvæði þessarar greinar, skal hann tilkynna hlutaðeigandi starfsmanni, áður en fjórar vikur eru liðnar, að honum sé bannað að taka að sér starfið. Ef slíkt bann er lagt af öðrum en ráðherra, má starfsmaður skjóta málinu undir fullnaðarúrskurð ráðuneytisins.

Ef í ljós kemur, eftir að starfsmaður hefir byrjað aukastarfið, að þær ástæður, sem farið var eftir, breytast til muna, eða hafa verið aðrar en umsókn hans bar með sér, og slíkar, að honum hefði ekki verið leyft að taka starfið að sér, ef þær hefðu verið kunnar, þá getur yfirmaðurinn, hvenær sem er, skipað starfsmanni að láta af aukastarfinu eða hætta aðalstarfinu að öðrum kosti.

V. KAFLI

Um skyldur starfsmanna.

25. gr.

Skylt er hverjum starfsmanni að hlýða hverskonar fyrirskipunum yfirmanna sinna um starf sitt. Ef starfsmaður telur fyrirskipanirnar óréttmætar eða gagnstæðar starfsreglum, getur hann skotið máli sínu undir úrskurð forstjóra starfsgreinar sinnar eða til ráðherra, ef um er að ræða fyrirskipanir forstjóra starfsgreinar.

Ef starfsmaður óhlýðnast yfirmanni sínum, getur yfirmaðurinn vikið honum frá starfa, og fer um það mál eftir 15. gr.

26. gr.

Hverjum starfsmanni er skylt að láta sér lynda breytingar á störfum hans, þó ekki sé neitt áskilið um það í skipunarbréfi. Hann verður einnig að láta sér lynda að flytjast til annars staðar, þó svo að hann missi einskis í um tekjur af starfanum og greiddur sé allur kostnaður af flutningi hans. Honum skal þó gefinn kostur á að segja upp starfa sínum fyrirvaralaust og halda rétti sínum til lífeyris, ef hann kýs það heldur en flutninginn. Starfsmanni, sem hefir fatlazt eða orðið vanburða, er skylt að taka við öðrum starfa, sem samsvarar starfshæfni hans.

27. gr.

Við starfsmannaskipti skal fráfarandi starfsmaður, umboðsmaður hans eða einhver honum nákominn skila starfanum í hendur viðtakanda og undir umsjón síns næsta yfirmanns, nema forstjóri starfsgreinar mæli öðruvísi fyrir. Sama gildir, ef breytingar verða á störfum vegna nýrrar starfsskiptingar.

28. gr.

Starfsmaður, sem lagt er til húsnæði, skal um viðhald íbúðar sinnar sæta sömu kjörum og leigjendur almennt.

Ef starfsmanni er fengin ábýlisjörð til afnota, fer um meðferð og skil á henni eftir ábúðarlögum.

29. gr.

Öllum þeim starfsmönnum, sem árlega taka fé úr ríkissjóði til endurgjalds kostnaði við starfann, skal skylt að senda stjórnarráðinu nægilega sundurliðaða skýrslu um kostnað þennan við lok hvers almanaksárs, og skal sú skýrsla komin í hendur stjórnarráðsins fyrir lok febrúarmánaðar.

VI. KAFLI

Um greiðslu launa.

30. gr.

Árslaun starfsmanna ríkisins skulu greidd með $^1/_{12}$ mánaðarlega og fyrirfram við byrjun mánaðarins. Endurgreiðsla á sér ekki stað, þótt maður láti af starfa, af hvaða ástæðum sem er, áður en sá mánuður er liðinn, sem greiðslan á við. Öll ný starfslaun og biðlaun og greiðsla lífeyris byrja með fyrsta degi hins næsta mánaðar eftir að starfi hefir verið veittur eða gefin lausn frá starfa, nema fram sé tekið, að launin skuli greiða frá öðrum degi.

31. gr.

Allar íbúðir starfsmanna ríkisins í húsum, sem eru ríkiseign, og öll hlunnindi, sem þeir njóta af jörðum og jarðnæði, er ríkið á, skulu metin af fjármálaráðuneytinu til ársleigu og leigan dregin frá við greiðslu launa hlutaðeigandi starfsmanns að $^1/_{12}$ mánaðarlega. Leigumatið skal endurskoðað á 5 ára fresti. Ársleiga íbúða má þó ekki vera meiri en 18% af launum, ef um fjölskyldumann er að ræða, og eigi meira en 12% af launum einhleypra. Er ríkið leggur starfsmanni til ljós og hita, skal það metið sérstaklega.

32. gr.

Ef sá, sem biðlaun hefir, eftirlaun eða lífeyri, er settur í starfa í þjónustu ríkisins, skulu honum eigi greidd biðlaun, eftirlaun eða lífeyrir, meðan hann gegnir starfanum, enda séu honum greidd full laun við starfann.

VII. KAFLI

Um daglegan starfstíma og aukavinnu.

33. gr.

Í öllum skrifstofum ríkisins og við afgreiðslu á pósthúsum og við síma skal reglulegur starfstími vera frá kl. 9 f. h. til kl. 6 e. h., og sé af þeim tíma

ætluð 1½ klst. til mötunar og hvíldar. Viðtals- og afgreiðslutími skal eigi vera skemmri en 5 klst. hvern virkan dag.

Giftum konum, sem vinna á skrifstofum, má veita undanþágu þannig, að þær vinni skemur, allt niður í 4 klst., endu séu þá laun þeirra lækkuð í hlutfalli við vinnutíma, en lífeyrisgjald og réttur til lífeyris helzt óbreytt.

Ef nauðsyn ber til, að sumt af starfsmönnunum vinni á öðrum tíma dags en að ofan segir, er þeim skylt að sæta þeim kostum, enda sé daglegur vinnutími þeirra jafnlangur.

Daglegur starfstími tollþjóna og afgreiðslumanna, annara en símamanna og póstmanna, skal vera 8 klst. Þegar afgreiðslumenn vinna lengur en lögskilinn vinnutíma, skal það reiknað sem aukavinna.

34. gr.

Rektor við menntaskóla skal hafa 10 klst. kennsluskyldu á viku, skólastjóri Kennaraskólans 12 klst. kennsluskyldu, skólastjórar við aðra skóla, nema barnaskóla, 12—18 klst. kennsluskyldu, eftir stærð skólanna og starfi við stjórn þeirra. Fastir kennarar allra annara skóla en barnaskóla skulu hafa 30 klst. kennsluskyldu á viku fram til 55 ára aldurs, en 24 klst. kennsluskyldu eftir þann aldur. Þegar kennarinn hefir kennslu í íslenzku eða öðru því máli, sem krefur stílagerðar, skal koma til frádráttar kennsluskyldunni 1 klst. í viku fyrir hverja 10 stíla.

Kennsluskylda barnakennara er 36 klst. í viku fram til 55 ára aldurs, en 30 klst. þar eftir. En fræðslumálastjórn skal ákveða í hverjum skóla til 4 ára í senn frádrátt frá kennsluskyldu fyrir skólastjórn og heimilisstjórn.

35. gr.

Skylt er starfsmönnum að mæta stundvíslega til starfs síns, hvort heldur er að morgni eða eftir hlé. Skal hverjum skrifstofustjóra og verkstjóra skylt að færa dagbók yfir, hvernig starfsmenn þeir, sem hann ræður yfir, mæta til vinnu sinnar. Ef hann ræður yfir fleiri starfsmönnum en 5, getur hann gert kröfu til, að stimpilklukka sé á skrifstofunni eða vinnustofunni.

Við lok hvers mánaðar skal athugað, hvað vantar á vinnutíma starfsmanns vegna óstundvísi, og skal honum þá dæmd aukavinna allt að tvöföldum þeim tíma, er nemur óstundvísi hans, eða dregið af launum hans sem því nemur.

Ef um mikla og varanlega óstundvísi er að ræða, skal með það farið samkvæmt 15. gr.

36. gr.

Stofnanir ríkisins geta krafizt yfirvinnu af starfsmönnum sínum, þegar nauðsyn ber til. Fyrir yfirvinnu skal hverjum starfsmanni goldið 125% launa sinna og skal miðað við, að hann vinni 2400 klst. á ári. Yfirvinnu má því aðeins láta fara fram, að ekki verði hjá komizt. Forstjórum er ekki heimilt að telja sér eða taka greiðslu fyrir yfirvinnu.

VIII. KAFLI
Um orlof og forföll.

37. gr.

Ef starfsmaður af sérstökum ástæðum óskar að ganga úr þjónustu ríkisins um stundarsakir, skal hann með nægum fyrirvara senda skriflega umsókn um það til næsta yfirmanns síns, skýra frá ástæðum og gefa aðrar nauðsynlegar upplýsingar. Yfirmaður hans sendir síðan umsóknina ásamt umsögn sinni til forstjóra starfsgreinarinnar, eða ráðherra, ef ekki er annar forstjóri starfsgreinar, sem getur veitt leyfið, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Skylt er þeim, sem leyfið fær, að útvega í sinn stað mann, sem yfirmaður tekur gildan, nema sérstaklega verði um annað samið.

38. gr.

Ef ekki er öðruvísi fram tekið annarsstaðar í lögum þessum eða í skipunarbréfi starfsmanns, skulu starfsmenn ríkisins eiga rétt til tveggja vikna orlofs á ári 5 fyrstu árin, sem þeir eru starfsmenn ríkisins eftir lögum þessum, þriggja vikna orlofs næstu 5 árin, en mánaðarorlofs, er þeir hafa verið starfsmenn ríkisins í 10 ár.

39. gr.

Ef starfsmaður veikist og getur af þeim ástæðum ekki stundað vinnu, skal hann þegar tilkynna það yfirmanni sínum, sem þá getur úrskurðað, hvort læknisvottorð skuli heimtað.

Veikindadagar hvers einstaks starfsmanns skulu taldir og skráðir af hlutaðeigandi yfirmanni, og skal það tilkynnt forstjóra starfsgreinar ársfjórðungslega, hve margir þeir eru. Hver starfsmaður á rétt til óskertra launa, meðan veikindadagar hans fara ekki fram úr 30 á ári, og til hálfra launa fyrir þá veikindadaga, sem þar eru yfir, allt að 60 dögum. Er hann (eða hún) hefir verið starfsmaður ríkisins í 5 ár, eykst rétturinn til fullra launa úr 30 dögum í 60 daga og rétturinn til hálfra launa úr 60 dögum í 120 daga. Eftir 10 ára þjónustu lengist sá tími úr 60 dögum í 90 daga og úr 120 dögum í 180 daga. Eftir 15 ára þjónustu lengist tíminn úr 90 dögum í 120 daga og úr 180 í 240 daga. Eftir 20 ára þjónustu lengist tíminn úr 120 í 180 og úr 240 í 360 daga. Rétti til starfans heldur starfsmaður þrátt fyrir veikindaforföll allt að einu ári.

40. gr.

Konur, sem eru starfsmenn hjá ríkinu, eiga eftir barnsfæðingu rétt til eins mánaðar fjarveru frá starfi með fullum launum. Ef heilsa sængurkonu leyfir ekki, að hún byrji starf sitt að þeim tíma liðnum, getur hún að fengnu vottorði, sem stofnunin, sem hún vinnur við, tekur gilt, haldið hálfum launum enn í tvo mánuði. Frí frá starfi getur hún einnig fengið allt að þremur mánuðum fyrir barnsfæðingu, og reiknast henni þá hálf laun fyrir síðustu sex vikurnar af þeim tíma. Að öðru leyti gilda um forföll starfskvenna ákvæði 37. greinar.

IX. KAFLI

Um framfærslusjóð.

41. gr.

Stofna skal sjóð, til að létta starfsmönnum ríkisins framfærslu barna sinna. Sjóðurinn stendur undir umsjón fjármálaráðuneytisins, er annast reikningshald hans. Ríkissjóður leggur fram sem stofnfé til sjóðsins 100 þúsund krónur.

42. gr.

Hverjum starfsmanni ríkisins er skylt að greiða í framfærslusjóð 8% af launatekjum sínum. Skal því haldið eftir við greiðslu launa.

43. gr.

Hverjum starfsmanni, sem á börn og tekur laun samkvæmt lögum þessum, skal greitt með hverju barni, sem honum (eða henni) er skylt að hafa á framfæri sínu og ekki hefir náð 14 ára aldri. Styrkur þessi skal einnig greiddur eftir lát framfærandans. Styrkurinn skal ákvarðaður árlega eftir tekjum sjóðsins, en framlagið skal vera jafnmikið fyrir öll börn, hvar á landinu sem er, og hvort sem tekjur framfærandans eru litlar eða miklar. Framfærslustyrkurinn skal greiddur um leið og síðasta greiðsla árslaunanna fer fram.

44. gr.

Ríkisstjórnin skal setja reglugerð fyrir sjóðinn, þar sem nákvæmar er ákveðið um skipulag hans og stjórn.

45. gr.

Ákvæði 40.—43. greinar falla úr gildi, ef stofnaður verður framfærslusjóður fyrir alla þegna ríkisins, enda skal sá sjóður taka við öllum eignum og skyldum framfærslusjóðs starfsmanna ríkisins.

X. KAFLI

Um lífeyrissjóð.

46. gr.

Allir starfsmenn, sem lög þessi ná til, skulu tryggja sér lífeyri, er þeir láta af störfum sakir aldurs og vanheilsu, svo og lífeyri ekkjum sínum. Lífeyririnn skal ávaxtaður í sjóði, sem heitir lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Skulu þeir, sem tryggja sér þannig lífeyri, verja til þess 7% af launum sínum, og er þeim hundraðshluta haldið eftir við greiðslu launa þeirra.

Lífeyrissjóðurinn stendur undir umsjón fjármálaráðuneytisins, er annast reikningshald hans.

47. gr.

Ríkisstjórnin kveður á með reglugerð um stjórn lífeyrissjóðs og skipulag og gefur, ef þurfa þykir, nánari fyrirmæli um, hverjir skuli tryggja sig í sjóðnum.

48. gr.

Þegar starfsmaður lætur af starfa sökum aldurs eða vanheilsu, skal hann fá greiddan úr sjóðnum lífeyri, sem nemur 27‰ af launum þeim samanlögðum, sem hann hefir greitt iðgjald af í sjóðinn, þó aldrei meira en ¾ þeirra launa, sem hann hefði haft með því að halda starfa sínum áfram. Starfsmanni, sem fatlast, þá er hann er að leysa af hendi skyldustarf sitt í þjónustu ríkisins, ber fullkominn lífeyrir, ¾ starfslauna sinna, án tillits til aldurs eða þjónustutíma, nema hann geti tekið við öðrum starfa samkvæmt 26. gr.

49. gr.

Ef starfi er felldur niður, og starfsmaður fær ekki annan starfa í þjónustu ríkisins, skal hann eiga rétt á að fá endurgreitt úr lífeyrissjóði vaxtalaust og afdráttarlaust iðgjöld þau, er hann hefir greitt í sjóðinn. Ef hann kýs heldur, mega iðgjöld hans standa inni í sjóðnum, þar til hann er 65 ára, og fær hann þá lífeyri samkvæmt 48. gr. og ekkja hans samkv. 50. gr.

50. gr.

Ekkja eftir starfsmann, sem hafði rétt til lífeyris eða naut lífeyris, er hann lézt, fær lífeyri úr lífeyrissjóði með undantekningum þeim, sem segir í 52., 53. og 56. gr. Lífeyrir ekkju nemur $^{3}/_{10}$ af föstum launum manns hennar, er hann lézt eða lét af starfa.

51. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með $^{1}/_{12}$ hinn fyrsta dag hvers mánaðar.

52. gr.

Ekkja starfsmanns öðlast ekki rétt til lífeyris úr sjóðnum, ef hún hefir gifzt eldri manni en 65 ára eða á banasæng hans, eða eftir að hann fékk lausn frá starfa með lífeyri, eða ef hjónabandinu var algerlega slitið, áður en maðurinn dó.

53. gr.

Réttur ekkju til lífeyris fellur burt:

1. ef hún giftist að nýju,
2. ef hún tekur sér bústað utan ríkis, án samþykkis stjórnar lífeyrissjóðs,
3. ef hún hirðir ekki lífeyri í 10 ár samfleytt án þess að sanna lögleg forföll.

Ef ekkja missir lífeyri, af því að hún hefir gifzt að nýju, á hún rétt á að fá lífeyrinn aftur, er hún verður ekkja í annað sinn, nema hún hafi öðlazt rétt til nýs lífeyris við síðari giftinguna.

54. gr.

Ekkill konu, sem gegnt hefir starfa í þjónustu ríkisins, hefir sama rétt til lífeyris sem ekkja starfsmanns og með sömu takmörkunum.

55. gr.

Starfsmaður, sem er 55 ára eða eldri, þegar lög þessi ganga í gildi, og ekki á rétt til eftirlauna eða lífeyris samkvæmt eldri lögum, skal eiga frjálst val um,

hvort hann greiðir lífeyrisgjald og nýtur lífeyris, eða hann greiðir eigi lífeyrisgjaldið og nýtur þá eigi heldur lífeyris eftir lögum þessum. Sama val skulu og þeir eiga, er fyrst verða starfsmenn ríkisins eftir 55 ára aldur, eftir að lög þessi eru gengin í gildi.

56. gr.

Starfsmenn, sem öðlazt hafa rétt til eftirlauna og lífeyris eftir tilskipun 31. maí 1855, lögum nr. 4 4. marz 1904, og 7. gr. laga nr. 51 27. júní 1921, halda þeim rétti, enda greiði þeir lífeyrisgjald eftir fyrirmælum 7. gr. laga nr. 51 27. júní 1921.

Þeir, sem hafa tryggt ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 73 28. nóv. 1919, greiða aðeins 5% af launum sínum í lífeyrissjóðinn á ári, enda njóta ekkjur þeirra ekki neins úr sjóðnum.

XI. KAFLI

Um starfsmannadóm.

57. gr.

Starfsmannadómur skal skipaður þrem mönnum. Formaður dómsins er skipaður af fjármálaráðherra og skal hann jafnframt vera starfsmaður í fjármálaráðuneytinu og hafa með höndum endurskoðun á öllu starfsmannahaldi ríkisins, launagreiðslum til starfsmanna þess og fjárreiðum ríkisstofnana. Annar maður í dómnum skal vera fulltrúi fyrir þá stjórnardeild, sem mál það heyrir undir, sem tekið er til meðferðar í hvert skipti, kvaddur til þess af hlutaðeigandi ráðherra. Ef um mál er að ræða, sem undir fjármálaráðuneytið heyrir, skal sá fulltrúi tilkvaddur af öllu ráðuneytinu. Þriðji maður í dómnum er forstjóri þeirrar stofnunar, sem um ræðir í hvert skipti. Auk þess á sæti með starfsmannadómi fjórði maður, ef hlutaðeigandi starfsmannafélag æskir þess. Er hann þá fulltrúi starfsmannafélagsins, hefir ekki atkvæðisrétt, en ber fram tillögur um þau efni, er dómurinn tekur til meðferðar, áður en þau koma til atkvæða.

58. gr.

Verkefni starfsmannadóms er:

1. Að ráða starfsmenn ásamt með forstjórum starfsgreina og stofnana samkvæmt 9. gr.
2. Að leggja úrskurð á, hvort starfi er nauðsynlegur, sem forstjóri starfsgreinar eða stofnunar vill að upp verði tekinn.
3. Að gera tillögur um fækkun starfsmanna og bætta skipun á starfsmannahaldi ríkisins, eftir því sem hentar á hverjum tíma.
4. Að fella úrskurði þegar starfsmenn eru kærðir fyrir vanrækslu eða ódugnað í starfa.

59. gr.

Starfsmannadómur er því aðeins úrskurðarfær, að öllum dómendum hafi verið tilkynntur fundur með nægilegum fyrirvara, og að minnst tveir þeirra sæki

fund og gjaldi atkvæði um úrskurðinn. Ef ekki kemst á fundur við lögmæta fundarboðun, skal boða til annars fundar á sama hátt. Ef eigi kemst enn á lögmætur fundur, telst starfsmannadómur hafa afsalað sér úrskurðarvaldi í hlutaðeigandi máli, og skal þá forstjóri starfsgreinarinnar eða stofnunarinnar, er í hlut á, eiga um það óskorað úrskurðarvald.

60. gr.

Úrskurðum starfsmannadóms má skjóta til ráðuneytisins, en þeim verður ekki breytt, nema með samþykki allra ráðherranna.

61. gr.

Um starfshögun starfsmannadóms skal nánar ákveðið í reglugerð, er stjórnarráðið setur.

XII. KAFLI

Um verðstuðul.

62. gr.

Hagstofa Íslands skal rannsaka verðlag á höfuð-lífsnauðsynjum, svo sem húsnæði, fatnaði, matvöru, eldsneyti og ljósmeti, um land allt á árinu 1933 og reikna út vísitölu miðaða við það ár, og er sveitar- og bæjarfélögum skylt að sjá hagstofunni fyrir nauðsynlegum upplýsingum í þessu skyni. Skal með reglugerð, er stjórnarráðið gefur út, nánar ákveðið, eftir hvaða reglum verðlag skal rannsakað og vísitala reiknuð. Skal samskonar rannsókn á verðlagi fara fram á ári hverju. Þegar vísitala sýnir 5 stiga lækkun eða hækkun eða meir frá verðlagi ársins 1933, skal draga af launum starfsmanna eða greiða þeim launauppbót, eftir því sem vísitalan sýnir í hvert sinn.

XIII. KAFLI

Launaákvæði.

63. gr.

Ráðherrar, starfsmenn stjórnarráðsins, ríkissjóðs og ríkisbókhalds hafa að árslaunum:

Ráðherrar 11000 kr. og forsætisráðherra auk þess ókeypis húsnæði, ljós og hita, svo og risnufé, sem ákveðið er á fjárlögum.

Skrifstofustjórar (3) 8000 kr.

Aðalendurskoðandi ríkisins (1) og fulltrúi í stjórnardeild utanríkismála (1) 7200 kr.

Fulltrúar 1. stigs (3) 6600 kr. og fulltrúar 2. stigs (3) 5400 kr.

Ritarar 1. stigs (3) 4800 kr. og ritarar 2. stigs (3) 4200 kr.

Vélritarar (4) 1800—2400 kr.

Húsverðir í Stjórnarráðinu og í Arnarhváli (2) 4200 kr. Þeir sjá um ræstingu í þessum byggingum, er greiðist fyrir eftir samningi.

Sendill (1) 2400 kr.

Ríkisféhirðir og ríkisbókari 6600 kr. og ríkisféhirðir auk þess 600 kr. á ári í talningarfé.

Fulltrúar ríkisféhirðis (1) og ríkisbókara (1) 4800 kr.

Ritari ríkisféhirðis (1) 3600 kr.

Vélritari ríkisféhirðis (1) 1800—2400 kr.

Eftirlitsmaður banka og sparisjóða (1) og eftirlitsmaður með starfsmannahaldi ríkisins 7200 kr.

64. gr.

Sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn hefir að launum 11000 kr. á ári og auk þess ókeypis bústað, ljós og hita. Ennfremur risnufé, sem ákveðið er á fjárlögum.

Fulltrúi sendiherrans (1) hefir að launum 6600 kr. á ári.

Vélritari sendiherrans (1) hefir að launum 1800—2400 kr. á ári.

65. gr.

Skrifstofustjóri Alþingis (1) hefir að launum 7500 kr. á ári.

Fulltrúi skrifstofustjóra Alþingis (1) hefir að launum 6000 kr. á ári.

66. gr.

Dómstjóri Hæstaréttar (1) hefir að launum 10000 kr. á ári.

Dómarar í Hæstarétti (2) hafa að launum 8000 kr. á ári.

Ritari Hæstaréttar (1) hefir að launum 6600 kr. á ári.

67. gr.

Starfsmenn lögreglustjórnar í Reykjavík hafa að árslaunum:

Lögreglustjóri 8000 kr.

1. fulltrúi (1) 6600 kr.

2. fulltrúi (1) 6000 kr.

Endurskoðandi (1) 6000 kr.

Bókari og gjaldkeri (1) 4800 kr.

Ritari (1) 4200 kr.

Vélritarar (2) 1800—2400 kr.

68. gr.

Starfsmenn dómgæzlu í Reykjavík hafa að árslaunum:

Lögmaður 8000 kr.

1. fulltrúi (1) 6600 kr.

2. fulltrúi (1) 6000 kr.

Gjaldkeri (1) 4800 kr.

Ritari (1) 4200 kr.

Vélritari (1) 1800—2400 kr.

69. gr.

Starfsmenn tollstjórnarinnar hafa að árslaunum:

Tollstjóri ríkisins, sem jafnframt er tollstjóri í Reykjavík, 8000 kr.

Fulltrúi (1) 6000 kr.
Aðalbókari (1) 6000 kr.
Gjaldkeri (1) 5400 kr.
Ritarar 1. stigs (6) 4200 kr.
Ritarar 2. stigs og innheimtumenn (5) 3600 kr.
Yfir-tollvörður í Reykjavík (1) 6600 kr.
Tollverðir í Reykjavík (10) 4200 kr.
Tollgæzlumenn utan Reykjavíkur (2) 6600 kr.

70. gr.

Sýslumenn hafa að árslaunum, sbr. þó 100. gr.:

Í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar umdæmi (1), í Ísafjarðarsýslna, Ísafjarðarkaupstaðar og Vestur-Barðastrandar umdæmi (1), í Eyjafjarðarsýslu, Akureyrar og Siglufjarðar umdæmi (1), í Vestmannaeyjasýslu (1), og í Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu og Árnessýslu umdæmi (1) 8000 kr.

Í Mýrasýslu, Borgarfjarðarsýslu og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu umdæmi (1), í Suður-Múlasýslu, Neskaupstaðar og Austur-Skaftafellssýslu umdæmi (1) 7500 kr.

Í Seyðisfjarðar og Norður-Múlasýslu umdæmi (1), í Dalasýslu, Austur-Barðastrandarsýslu, Strandasýslu og Vestur-Húnavatnssýslu umdæmi (1), í Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu umdæmi (1), í Þingeyjarsýslu (1) 7200 kr.

71. gr.

Eftirfarandi löggæzlu- og eftirlitsmenn hafa að árslaunum:

Skipaskoðunarstjóri ríkisins (1) 6600 kr.
Vélritari skipaskoðunarstjóra (1) 1800—2400 kr.
Löggildingarmaður mælitækja (1) 5400 kr.
Eftirlitsmaður bifreiða, sem jafnframt skal vera bifreiðarstjóri ráðherra, (1) 5400 kr. Ráða má hann menn sér til aðstoðar, þegar aðal bifreiðaskoðun fer fram, og ef óhjákvæmilegt þykir á öðrum tímum, gegn þóknun, er stjórnarráðið fellst á.
Rafmagnseftirlitsmaður (1) 5400 kr.
Löggæzlumaður á vegum (1) 5400 kr.
Eftirlitsmaður á Þingvöllum (1) 4200 kr.
Fangavörðurinn í Reykjavík (1) 4800 kr.
Forstöðumaður vinnuhælisins á Litla-Hrauni (1) 5400 kr.

72. gr.

Starfsmenn á varðskipum ríkisins hafa að árslaunum:

Skipstjórar (3) 7200 kr.
1. vélstjóri (2) 6000 kr. og (1) 5400 kr.
2. vélstjóri (2) 4800 kr. og (1) 4200 kr.
3. vélstjórar (2) 4200 kr.
1. stýrimenn (2) 5400 kr. og (1) 4800 kr.

2. stýrimenn (2) 4200 kr. og (1) 4000 kr.
3. stýrimenn (3) 3600 kr.

Skipstjórar, vélstjórar og stýrimenn hafa auk framantaldra launa ókeypis fæði á skipi sínu og einn fatnað hver á ári.

Loftskeytamenn á varðskipum ríkisins (3) hafa að launum 4000 kr. hver á ári, og auk þess fæði á skipi sínu.

73. gr.

Starfsmenn heilbrigðisstjórnar og ríkisspítala hafa að árslaunum:

Landlæknir 8000 kr.

Yfirlæknar Landsspítalans, í lyfjadeild (1), handlækningadeild (1), Röntgendeild (1) 7200 kr. Skylt er þeim að gegna prófessorsstarfi við háskólann, og hafi hver þeirra fyrir það ½ prófessorslaun.

Yfirlæknir Landsspítalans í kynsjúkdómadeild og holdsveikisdeild (1) 7200 kr.

Yfirlæknir á Kleppsspítala (1) og yfirlæknir á Vífilsstaðahæli (1) 7500 kr.

Yfirlæknir á Kristnesheilsuhæli (1) 7200 kr.

Aðstoðarlæknir á Vífilsstaðahæli (1) 6600 kr.

Ráðsmaður og gjaldkeri Landsspítalans (1) 5400 kr.

Ráðsmaður og gjaldkeri á Kleppsspítala og í Laugarnesi (1), gjaldkeri Vífilsstaðahælis (1) og ráðsmaður Kristneshælis (1) 4200 kr.

Yfirljósmóðir á Landsspítalanum (1) 4000 kr.

Yfirhjúkrunarkona á Landsspítala (1), Kleppsspítala (1), Vífilsstöðum (1), Kristnesi (1), Laugarnesi (1), Reykjum í Ölvesi (1) 4000 kr.

Deildarhjúkrunarkonur á Landsspítala (3) 3600 kr.

Hjúkrunarmenn á Kleppsspítala (4) 3600 kr.

Hjúkrunarkonur á Landsspítala (5), á Kleppsspítala (6), Vífilsstaðahæli (6), Kristneshæli (1) og aðstoðarljósmóðir á Landsspítala (1) 3200 kr.

Gerfilima- og umbúðasmiður ríkisins 3500 kr., og sé stjórnarráðinu heimilt að setja taksta um verð á gerfilimum.

74. gr

Héraðslæknirinn í Reykjavík (1) hefir að árslaunum 6000 kr.

Aðrir héraðslæknar hafa að byrjunarlaunum:

Í héruðum Hafnarfjarðar (1), Keflavíkur (1), Eyrarbakka (1), Rangárvalla (1), Vestmannaeyja (1), Akureyrar (1), Svarfdæla (1), Sauðárkróks (1), Blönduóss (1), Miðfjarðar (1), Ísafjarðar (1) 2500 kr.

Í héruðum Grímsness (1), Mýrdals (1), Fáskrúðsfjarðar (1), Reyðarfjarðar (1), Norðfjarðar (1), Hróarstungu (1), Seyðisfjarðar (1), Húsavíkur (1), Siglufjarðar (1), Hofsóss (1), Dala (1), Flateyrar (1), Þingeyrar (1), Patreksfjarðar (1), Hóls (1), Ögurs (1), Stykkishólms (1), Ólafsvíkur (1), Borgarness (1), Borgarfjarðar (1), Skipaskaga (1) 3000 kr.

Í héruðum Síðu (1), Hornafjarðar (1), Berufjarðar (1), Fljótsdals (1), Þistilfjarðar (1), Öxarfjarðar (1), Reykdæla (1), Höfðahverfis (1), Vopnafjarðar (1), Hólmavíkur (1), Reykjarfjarðar (1), Hesteyrar (1), Bíldudals (1), Flateyrar (1), Ólafsfjarðar (1) og Reykhóla (1) 3500 kr.

Laun héraðslæknanna allra hækka á fimm ára fresti um 100, 300 og 300 krónur, upp í 3500, 4000 og 4500 krónur á ári.

Um borgun fyrir störf héraðslækna og ferðir þeirra fer eftir gjaldskrá þeirri, er gildir á hverjum tíma.

75. gr.

Dýralæknar (5) hafa að árslaunum 4200 kr.

Ríkið sér dýralæknum, öðrum en dýralæknum í Reykjavík og á Akureyri, fyrir embættisbústöðum, svo fljótt sem auðið er.

76. gr.

Biskup landsins hefir að árslaunum 8000 kr.

Söknarprestar þjóðkirkjunnar hafa að árslaunum 6000 kr., sbr. þó 101. gr. Fyrir prófastsstörf skal veita 500 kr. þóknun.

Ríkisstjórninni er skylt að sjá söknarprestum í sveitum fyrir hæfilegri íbúð.

77. gr.

Starfsmenn Háskólans og annara vísindastofnana hafa að árslaunum:

Háskólaprófessorar í lögfræði (3) 7200 kr. Skylt er þeim að vera varadómarar í Hæstarétti án sérstakra launa.

Háskólaprófessorar í læknisfræði (4) 7200 kr., sbr. þó 73. gr.

Háskólaprófessorar í guðfræði (2) 7200 kr.

Háskólaprófessorar í íslenzkum fræðum (3) 7200 kr. Auk þess hefir hver þeirra 2000 kr. til ritstarfa í sinni fræðigrein.

Háskólaritari (1) 6000 kr.

Landsbókavörður 8000 kr.

1. bókavörður Landsbókasafnsins 6600 kr.

2. bókavörður Landsbókasafnsins 6000 kr.

1. afgreiðslumaður Landsbókasafnsins 3600 kr.

2. afgreiðslumaður Landsbókasafnsins 3200 kr.

Húsvörður Landsbókasafnsins 4200 kr.

Þjóðskjalavörður 7200 kr.

Aðstoðarmaður þjóðskjalavarðar 3600 kr.

Þjóðmenjavörður 7200 kr.

Forstjóri efnarannsóknarstofu ríkisins 7200 kr. Auk þess hefir hann 2000 kr. á ári fyrir að vera starfandi kennari við Háskólann.

Aðstoðarmaður á efnarannsóknarstofu ríkisins 5000 kr.

Forstjóri rannsóknarstofu Háskólans og atvinnuveganna 7200 kr. Skylt er honum að gegna prófessorsstarfi við Háskólann og hafi hann fyrir það ½ prófessorlaun.

Forstjóri veðurstofu ríkisins 7200 kr.

Fulltrúi á veðurstofunni (1) 6000 kr.

Aðstoðarmaður á veðurstofunni (1) 4200 kr.

Loftskeytamenn á veðurstofunni (2) 3600 kr.

78. gr.

Fræðslumálastjóri, skólastjórar og kennarar menntaskóla og sérskóla hafa að árslaunum:

Fræðslumálastjóri 8000 kr. á ári.
Fulltrúi fræðslumálastjóra 5400 kr.
Rektor menntaskólans í Reykjavík 7200 kr.
Kennarar menntaskólans í Reykjavík (10) 6000 kr.
Rektor menntaskólans á Akureyri 7200 kr
Kennarar menntaskólans á Akureyri (8) 6000 kr.
Skólastjóri kennaraskólans í Reykjavík 6600 kr.
Kennarar kennaraskólans í Reykjavík (3) 4800 kr.
Skólastjóri stýrimannaskólans í Reykjavík 6600 kr.
Kennarar stýrimannaskólans í Reykjavík (2) 4800 kr.
Skólastjóri vélstjóraskólans í Reykjavík 6600 kr.
Kennari vélstjóraskólans í Reykjavík (1) 4800 kr.
Skólastjórar búnaðarskólanna á Hólum og Hvanneyri 6000 kr.
Kennarar búnaðarskólanna (2+2) 4200 kr.

79. gr.

Styrkir úr ríkissjóði til eftirtaldra gagnfræðaskóla og héraðsskóla eru bundnir því skilyrði, að skólastjórar og kennarar þeirra hafi að árslaunum:

Skólastjóri gagnfræðaskóla Reykjavíkur 6600 kr.

Skólastjórar gagnfræðaskólanna í Hafnarfirði (1), á Akureyri (1), Ísafirði (1), Siglufirði (1) og Vestmannaeyjum (1) 5400 kr.

Skólastjóri gagnfræðaskólans í Nesi í Norðfirði (1) 4800 kr.

Skólastjóri héraðsskólans á Laugarvatni (1) 6600 kr.

Skólastjórar héraðsskólanna í Reykholti (1) og á Laugum (1) 6000 kr., á Eiðum (1) 5400 kr.

Skólastjórar héraðsskólanna á Núpi í Dýrafirði (1) og Reykjum í Hrútafirði (1) 4800 kr.

Kennarar gagnfræðaskólanna í Reykjavík (3), Hafnarfirði (1), Akureyri (1), Ísafirði (1), Siglufirði (1) og héraðsskólanna á Laugarvatni (3), í Reykholti (2), á Laugum (2) og á Eiðum (1) 4200 kr.

80. gr.

Skólastjórar og kennarar barnaskóla hafa laun sem hér segir:

Barnakennarar við fasta skóla og kennarar málleysingaskólans í Reykjavík skulu hafa að launum 450 kr. fyrir hvern starfsmánuð, en farkennarar 225 kr. fyrir hvern starfsmánuð, og miðast þessi laun barnakennara þó við, að þeir kenni að minnsta kosti 40 skólaskyldum börnum. Starfsmánuðir barnakennara skulu taldir einum fleiri ár hvert en skóli þeirra stendur.

Skólastjórar barnaskóla og málleysingjaskólans hafa sömu laun og barnakennarar, og auk þess skal þeim reiknaður ½ mánuður til launa fyrir skýrslugerðir og ennfremur launabætur, miðaðar við kennarafjölda í skólum þeirra, eftir þessum reglum: 200 kr. fyrir hvern af 5 fyrstu föstu kennurunum, 100 kr.

fyrir hvern af næstu 5 kennurunum og 50 kr. fyrir hvern kennara þaðan af, allt þar til laun þeirra eru orðin 7000 kr.

Reykjavíkurbæ skal skylt að ábyrgjast barnakennurum sínum 9 mánaða fast starf, annaðhvort við barnafræðslu eða annað, sem kennaranum er fært að leysa af hendi.

Ríkið leggur fram til kennaralauna 70 kr. fyrir hvert barn á skólaskyldualdri, þar sem er fastur skóli, og 15 kr. fyrir hvert barn, þar sem farskóli er.

81. gr.

Starfsmenn á hagstofu, skattstofu og í tryggingarstofnun ríkisins hafa að árslaunum:

Hagstofustjóri 7200 kr.
Fulltrúi á hagstofu (1) 6000 kr.
Ritari 1. stigs á hagstofu (1) 4800 kr.
Ritarar 2. stigs á hagstofu (2) 4200 kr.
Ritari 3. stigs á hagstofu (1) 3600 kr.
Vélritarar á hagstofu (3) 1800—2400 kr.
Skattstjóri 7200 kr., sbr. þó 99. gr.
Fulltrúi á skattstofu (1) 5400 kr.
Endurskoðendur á skattstofu (2) 4800 kr.

Starfsmönnum skattstofunnar er skylt að vinna fyrir ríkisskattanefnd eftir þörfum, þegar því verður við komið frá verkum skattstofunnar.

Ríkisskattanefndamenn (3) 1200 kr.
Forstjóri tryggingarstofnunar ríkisins 7200 kr.
Fulltrúi í tryggingarstofnun ríkisins (1) 6000 kr.
Gjaldkeri tryggingarstofnunar ríkisins (1) 4800 kr.
Ritarar 1. stigs í tryggingarstofnun ríkisins (2) 4200 kr.
Ritari 2. stigs í tryggingarstofnun ríkisins (1) 3600 kr.

82. gr.

Fiskimálafulltrúi í Suðurlöndum hefir að árslaunum 10000 kr. Greiðir ríkið einn þriðja af þeirri upphæð, Landsbankinn einn þriðja og Útvegsbankinn einn þriðja. Auk þess greiðist kostnaður af embættinu af sömu aðilum í sömu hlutföllum.

Fiskimatsstjóri hefir að launum 7200 kr. á ári.
Fiskimatsmenn (4) hafa að launum 4200 kr. á ári.
Forstjóri Samábyrgðar fiskiskipa hefir að launum 6600 kr. á ári.
Vélritari í Samábyrgð fiskiskipa (1) hefir að launum 1800—2100 kr. á ári.

83. gr.

Starfsmenn vegamálastjórnar, vitamálastjórnar og byggingamálastjórnar ríkisins hafa að árslaunum:

Vegamálastjóri 8000 kr.

1. fulltrúi vegamálastjóra (1) 6600 kr. og 2. fulltrúi vegamálastjóra (1) 6000 kr., enda séu báðir verkfræðingar.

Bókari og gjaldkeri vegamálastjóra (1) 5400 kr.
Vélritarar á vegamálaskrifstofu (2) 1800–2400 kr.
Umsjónarmaður véla hjá vegamálastjóra (1) 4200 kr.
Vitamálastjóri 7500 kr.
Vitaverkfræðingur (1) 6000 kr.
Hafnarverkfræðingur (1) 6000 kr.
Gjaldkeri og bókari vitamálaskrifstofu (1) 4200 kr.
Efnisvörður vitamálastjóra, er jafnframt sé kafari (1), 5000 kr.
Húsameistari ríkisins 7200 kr.
Fulltrúi húsameistara (1) 6000 kr.
Teiknarar á teiknistofu húsameistara (2) 4200 kr.

84. gr.

Starfsmenn síma og pósts hafa að árslaunum:
Síma- og póstmálastjóri 8000 kr.
Símamálafulltrúi 6600 kr. Skylt er honum að sjá um útgáfu símaskrár og skal hann fá fyrir það verk 25% af andvirði auglýsinga í skránni.
Bæjarsímastjóri Reykjavíkur 6600 kr.
Verkfræðingur síma og útvarps 6600 kr.
Ritsimastöðvarstjóri í Reykjavík 6600 kr.
Aðalgjaldkeri Landssímans í Reykjavík (1) 6000 kr. og auk þess talningarfé 600 kr. á ári.
Aðalbókari landssímans í Reykjavík (1) 6000 kr.
Aðalvörður sjálfvirku stöðvarinnar í Reykjavík 6000 kr.
Stöðvarstjórar á símastöðvum 1. flokks A utan Reykjavíkur, sem jafnframt eru póstmeistarar (6) 6600 kr.
Loftskeytastöðvarstjórinn í Reykjavík 6000 kr. og stöðvarstjóri í Gufunesi 6000 kr.
Varðstjórar á símastöðvum Reykjavíkur (2), Akureyrar (2), Seyðisfjarðar (2) og stöðvarstjórinn á símastöð Hafnarfjarðar (1) 5400 kr.
Ritari og skjalaþýðari á aðalskrifstofu landssímans (1), endurskoðandi landssímans í Reykjavík (1), fjárheimtumaður símans í Reykjavík (1) og efnisvörður landssímans (1) í Reykjavík 5400 kr.
Bókari landssímans í Reykjavík (1), bókari bæjarsíma Reykjavíkur (1) og vélavörður sjálfvirku stöðvarinnar (1) í Reykjavík 4200 kr.
Verkstjórar bæjarsíma Reykjavíkur (2) 5400 kr.
Forstöðumaður landssímaverkstæðisins 5400 kr.
Símritarar 1. stigs (24) hafa að byrjunarlaunum 3600 kr., en hækki á fjórum árum um 300 kr. í senn upp í 4800 kr.
Varðstjórar við skeytamóttöku langlínustöðva og aðstoðarstúlkur við ritsíma og afgreiðslu (8) hafa að byrjunarlaunum 2400 kr., er hækki á fjórum árum um 150 kr. í senn upp í 3000 kr.
Bókari á aðalskrifstofu landssímans (1) og næturvörður landssímans í Reykjavík (1) 4200 kr.

Símavirkjar („innlagningamenn“, 6) 4200 kr.

Vélamenn sjálfvirku stöðvarinnar í Reykjavík (3) 3600 kr.

Símalagningamenn í Reykjavík (4) 3600 kr.

Umsjónarmenn með skeytasendingu (2) 3200 kr.

Vélritarar 1. stigs (6) 2400—3000 kr.

Vélritarar 2. stigs og simastúlkur (alls 51) hafa að byrjunarlaunum 1800 kr., er hækka eftir eitt ár í 2000 kr. og síðan í fjögur ár um 100 kr. á ári upp í 2400 kr.

Póstmálafulltrúi ríkisins 6600 kr.

Póstmeistarinn í Reykjavík 6600 kr.

Póstfulltrúar í Reykjavík (3) 4800 kr.

Póstritarar og póstafgreiðslumenn í Reykjavík (16) 4200 kr.

Bréfberar pósthússins í Reykjavík (5) 3200 kr. og að auki einn fatnað hver á ári.

Aðstoðarafgreiðslumenn (4) 2400 kr.

Síma- og póstafgreiðslumenn í Borgarnesi (1), Húsavík (1), Nesi í Norðfirði (1), Patreksfirði (1), Sauðárkróki (1), Stykkishólmi (1), Eskifirði (1), Akranesi (1) og Keflavík (1) 6000 kr.

Á Blönduósi (1), Fáskrúðsfirði (1) og Ölfusárbrú (1) 5400 kr.

Á Flateyri í Önundarfirði 4800 kr.

Á Eyrarbakka (1), Þingeyri (1) og Hvammstanga (1) 4200 kr.

Í Vík í Mýrdal (1) 4000 kr.

Á Bíldudal (1) 3800 kr.

Í Bolungavík (1), á Egilsstöðum (1), Hólmavík (1), Ólafsvík (1) og Reyðarfirði (1) 3600 kr.

Í Búðardal (1), á Breiðumýri eða Einarsstöðum (1), Hellissandi (1), Vopnafirði (1) og Þórshöfn (1) 3000 kr.

Á Djúpavogi (1) og Ólafsfirði (1) 2800 kr.

Á Flatey á Breiðafirði (1) og Kópaskeri (1) 2500 kr.

Í Borgarfirði í Norður-Múlasýslu (1), Dalvík (1) og Skagaströnd (1) 2400 kr.

Á Hofsósi (1) og Kirkjubæjarklaustri (1) 2000 kr.

Í Garðsauka (1) 1800 kr.

Á Haganesvík (1), Króksfjarðarhorni (1), Raufarhöfn (1) og Stað í Hrútafirði (1) 1600 kr.

Póstafgreiðslumaður á Suðureyri við Súgandafjörð (1) 1000 kr.

Stöðvarstjórar við landssímastöðvar 1. fl. B og 2. flokks stöðvar aðrar en þær, sem að framan eru taldar, hafa árslaun sem hér segir:

a. Við stöðvar, sem hafa minni tekjur af rekstri en 1000 krónur, 600 kr.
b. Við stöðvar, sem hafa í tekjur 1000 til 1500 krónur, 900 kr.
c. Við stöðvar, sem hafa í tekjur 1500 til 2000 kr., 1200 kr.
d. Við stöðvar, sem hafa í tekjur yfir 2000 kr., 1500 kr.

Með tekjum stöðva 1. fl. B. og 2. flokks skal telja tekjur 3. flokks stöðva, er hafa afgreiðslu á sérstakri línu frá 1. fl. B. eða 2. flokks stöð.

Stöðvarstjórar á þeim stöðvum, sem einkasímar eru tengdir, hafa auk árslauna sinna 15 krónur fyrir hvert númer einkasímanna.

85. gr.

Starfsmenn ríkisútvarps hafa að árslaunum:
Útvarpsráðsmenn (7) 1000 kr. hver og formaður 500 kr. að auki.
Útvarpsstjóri 7500 kr.
Fulltrúi útvarpsstjóra (1) 6000 kr.
Fréttastjóri (1) 6600 kr. Fréttastjóri skal flytja yfirlitserindi um erlenda viðburði að minnsta kosti aðra hverja viku án sérstakrar þóknunar. Aðstoðarfréttamenn skulu annast upptöku frétta frá erlendum útvarpsstöðvum án sérstakrar þóknunar.
Aðstoðarmenn fréttastjóra (2) 4200 kr.
Þulur (1) 3600 kr.
Pianóleikari (1) 4800 kr.
Stöðvarstjóri á Vatnsendahæð 6000 kr.
Forstöðumaður viðgerðarstofu útvarpsins (1) 5400 kr.
Magnaraverðir (2) 4200 kr.
Ritari (1) 3600 kr.
Vélritarar (2) 1800—2400 kr.

86. gr.

Starfsmenn ríkisútgerðarinnar hafa að árslaunum:
Útgerðarstjóri 7500 kr.
Fulltrúi útgerðarstjóra (1) 6000 kr.
Verkstjóri á afgreiðslu (1) 4800 kr.
Aðstoðarmaður verkstjórans (1) 3600 kr.
Bókari (1) og gjaldkeri (1) 4200 kr.
Ritari (1) 4200 kr.
Skipstjórar strandferðaskipanna (2) 8000 kr.
1. vélstjórar (2) 6000 kr.
2. vélstjórar (2) 4800 kr.
3. vélstjórar (2) 4200 kr.
1. stýrimenn (2) 6000 kr.
2. stýrimenn (2) 4800 kr.
3. stýrimenn (2) 4200 kr.
Skipstjórar, vélstjórar og stýrimenn hafa auk framantaldra launa ókeypis fæði á skipi sínu og einn fatnað á ári.
Loftskeytamenn á strandferðaskipum ríkisins (2) 4200 kr., og auk þess fæði á skipi sínu.

87. gr.

Starfsmenn iðnaðarfyrirtækja ríkisins hafa að árslaunum:
Forstjóri prentsmiðju ríkisins 7500 kr.
Bókari og gjaldkeri ríkisprentsmiðju (1) 4800 kr.
Forstjóri vélsmiðju ríkisins 6600 kr.
Bókari og gjaldkeri vélsmiðjunnar (1) 4800 kr.
Ritari vélsmiðjunnar 3600 kr.

Verkstjórar vélsmiðjunnar (2) 5400 kr.
Forstjóri síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði 7500 kr.
Bókari og gjaldkeri síldarverksmiðjunnar (1) 5400 kr.
Aðalverkstjóri síldarverksmiðjunnar (1) 4800 kr.
Verkstjórar síldarverksmiðjunnar (2) 4200 kr.
Formaður stjórnarnefndar síldarverksmiðjunnar 3000 kr. og aðrir stjórnarnefndarmenn (2) 2000 kr.

88. gr.

Starfsmenn einkasölu ríkisins hafa að árslaunum:
Forstjóri 10000 kr.
Fulltrúi og skrifstofustjóri (1) 7200 kr.
Aðalbókari (1) 6000 kr.
Aðalgjaldkeri (1) 6000 kr.
Lyfjafræðingur (1) 5400 kr.
Viðtækjafræðingur (1) 4800 kr.
Ritarar 1. stigs (2) 4800 kr.
Ritarar 2. stigs (2) 4200 kr.
Vélritarar (4) 1800—2400 kr.
Birgðaverðir (2) 4800 kr.
Aðalafgreiðslumaður (1) 4800 kr.
Aðalsölumaður (1) 4800 kr.
Afgreiðslumenn (3) og aftappari áfengis (1) 4200 kr.
Afgreiðslumenn (2) 3000 kr.
Deildarstjóri áfengisbúðar í Reykjavík (1) 5400 kr.
1. afgreiðslumaður áfengisbúðar í Reykjavík (1) 4800 kr.
2. afgreiðslumaður áfengisbúðar í Reykjavík (1) 3000 kr.
Sendisveinn (1) 1500 kr.

89. gr.

Ríkisstyrkur til Fiskifélags Íslands er bundinn því skilyrði að starfsmenn þess hafi að árslaunum:
Forseti 7200 kr.
Bókari og gjaldkeri (1) 4200 kr.
Fiskifræðingur (1) 5400 kr.
Vélfræðingur (1) 5400 kr.
Vélritari (1) 1800—2400 kr.

90. gr.

Ríkisstyrkur til Búnaðarfélags Íslands er bundinn því skilyrði að starfsmenn þess hafi að árslaunum:
Búnaðarmálastjóri (1) 7200 kr.
Ráðunautar (5) 5400 kr.
Skógræktarstjóri (1) 5400 kr.
Fulltrúi á búnaðarmálaskrifstofu (1) 5200 kr.
Ritari (1) 4200 kr.

1. aðstoðarritari (1) 3600 kr.
Fiskiræktarráðunautur (1) 2400 kr.
Skógarverðir á Vöglum og Hallormsstað (2) 2400 kr.

91. gr.

Bústjórar á búum Kleppsspítala (1), Vífilsstaða (1), Hvanneyrar (1), Hóla (1) hafa að árslaunum 4200 kr. og auk þess ókeypis fæði. Þegar skólastjórar eða kennarar búnaðarskólanna eru jafnframt bústjórar skólabúanna, hafa þeir ½ bústjórnarlaun auk sinna aðallauna.

92. gr.

Starfsmenn Landsbanka Íslands hafa að árslaunum:
Formaður bankaráðs 3200 kr.
Bankaráðsmenn (4) 1600 kr.
Aðalbankastjóri (1) 16000 kr.
Bankastjórar (2) 12000 kr.
Aðalbókari (1) og aðalgjaldkeri (1) 7200 kr.
Aðalendurskoðandi (1) og endurskoðandi útibúa (1) 6600 kr.
Fulltrúar 1. stigs (8) 6600 kr.
Fulltrúar 2. stigs (3) 5400 kr.
Ritarar 1. stigs (11) 4800 kr.
Ritarar 2. stigs (10) 4200 kr.
Sendimenn („verðir", 4) 3600 kr.
Sendisveinar (2) 1500 kr.
Vélritarar (17) 1800—2400 kr.
Húsvörður (1) 4200 kr.
Útibússtjórar (4) á Akureyri, Ísafirði, Eskifirði og Selfossi 7500 kr.
Útibússtjóri í Hafnarfirði 6600 kr.
Bókarar útibúa (4) og gjaldkerar (4) 4800 kr.
Ritarar í útibúum (5) 2800 kr.
Vélritarar í útibúum (4) 1800—2400 kr.
Endurskoðendur í útibúum (4) hafa þessi árslaun:
Endurskoðendur (gæzlustjórar) á Ísafirði (1) 2400 kr., Akureyri (1) 2400 kr., á Eskifirði (1) 2000 kr. og á Selfossi (1) 1800 kr.

93. gr.

Starfsmenn Útvegsbanka Íslands h.f. hafa að árslaunum:
Formaður bankaráðs 2000 kr. og aðrir bankaráðsmenn (4) 1000 kr.
Aðalbankastjóri 12000 kr.
Bankastjórar (2) 8000 kr.
Skrifstofustjóri (1), bókari (1) og gjaldkeri (1) 7200 kr.
Fulltrúar 1. stigs (7) 6600 kr.
Fulltrúar 2. stigs (4) 5400 kr.
Ritarar 1. stigs (3) 4800 kr.
Ritarar 2. stigs (4) 4200 kr.

Vélritarar (5) 1800—2400 kr.
Húsvörður 4200 kr.
Útibússtjórar (4) 7500 kr.
Bókarar (4) og gjaldkerar (3) útibúanna 4800 kr.

94. gr.

Starfsmenn Búnaðarbanka Íslands hafa að árslaunum:
Aðalbankastjóri (1) 12000 kr.
Bankastjórar (2) 2500 kr.
Bókari (1) 7200 kr.
Gjaldkeri (1) 6600 kr.
Ritarar (3) 4800 kr. og vélritarar (2) 1800—2400 kr.
Útibússtjóri á Akureyri (1) 6000 kr. og gjaldkeri þar (1) 3000 kr.
Húsagerðarmeistari Byggingar- og landnámssjóðs (1) 6600 kr. og teiknari (1) 4800 kr.

95. gr.

Vélritarar hafa að árslaunum 1800—2400 kr. eftir leikni við starfið, og skulu þeir komnir í hámarkslaun eftir 4 ára starf. Vélriturum, sem vinna að hraðritun, skal greiða 2400—3000 kr. eftir leikni við starfið.

XIV. KAFLI

Ákvæði um stundarsakir.

96. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skulu niður falla allar persónulegar launabætur, aukalaun og húsaleigustyrkir, sem áður hafa verið greiddir starfsmönnum þeim, er laun taka samkvæmt lögum þessum, einnig aukatekjur tollstjóra og lögmanns í Reykjavík, svo og sýslumanna um leið og ný skipun lögsagnarumdæma kemur til framkvæmda.

97. gr.

Niður skulu falla sérstakar greiðslur þær, er áður hafa fallið starfsmönnum Stjórnarráðsins eða öðrum starfsmönnum ríkisins fyrir vörzlu opinberra sjóða, vegna lána til prestssetra, fyrir stjórn landhelgismála, fyrir umsjón með landsverzlun, fyrir ritstjórn stjórnartíðinda, fyrir ritstjórn, reikningshald og afgreiðslu lögbirtingablaðs, fyrir meðferð einkaréttarmála, fyrir meðferð fátækramála, fyrir reikningshald berklavarna, fyrir umsjón með skjalasafni Stjórnarráðsins, fyrir gjaldkerastörf í Stjórnarráði, fyrir skrásetning vörumerkja og störf í þágu Bjargráðasjóðs Íslands. Skal á ráðherrafundi ákveðið hverri stjórnardeild skuli falið hvert þessara starfa, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum, eða hvort ríkisbókhaldi og skrifstofu ríkisféhirðis skuli þau að einhverju leyti falin og þá án sérstakrar þóknunar til einstakra starfsmanna, nema ekki verði komizt hjá yfirvinnu, og greiðist hún þá samkvæmt 36. gr.

Aðalendurskoðandi ríkisins skal endurskoða reikninga Búnaðarfélags Ís-

lands, Tryggingarstofnunar ríkisins og einkasölu ríkisins, svo og vera próf-dómari löggiltra endurskoðenda án sérstakrar þóknunar.

Eftirlitsmaður með starfsmannahaldi ríkisins skal hafa á hendi gæzlu slysa-trygginga án sérstakrar þóknunar.

Fulltrúi í utanríkismálum skal vera ritari utanríkismálanefndar og annast þýðingar og önnur störf fyrir ráðherra þann, er fer með utanríkismál, án sérstakrar þóknunar, nema um yfirvinnu sé að ræða, og greiðist þá fyrir hana samkv. 36. gr.

Ríkisbókhaldið skal annast reikningshald lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (embættismanna) án sérstakrar þóknunar til starfsmanna.

Laun ritara Hæstaréttar sem fulltrúa í Stjórnarráðinu skulu niður falla.

98. gr.

Fulltrúi á skrifstofu Alþingis skal annast afgreiðslu Alþingistíðinda án sérstakrar þóknunar.

Ríkisbókhaldið annast fjárreiður Arnarhvols án sérstakrar þóknunar til starfsmanna.

Skipaskoðunarstjóri skal annast eftirlit með skipastóli ríkisins án sérstakrar þóknunar.

Fangavörður í Reykjavík skal hafa eftirlit með gæzluföngum og vera sendimaður Hæstaréttar án sérstakrar þóknunar.

Landlæknir skal hafa á hendi eftirlit með lyfjabúðum og vera formaður í stjórn Landspítalans án sérstakrar þóknunar.

Sérstök greiðsla umfram laun frá Vífilsstaðahæli til yfirlæknis þar (1200 kr.) skal niður falla.

Sérstök þóknun til biskups fyrir reikningshald og embættiskostnað skal falla niður, en skrifstofa hans annast reikningshaldið fyrir það fé, sem hún fær.

Háskólaritari skal annast reikningshald rannsóknarstofu Háskólans án sérstakar þóknunar.

Forstöðumaður efnarannsóknarstofu ríkisins skal annast efnarannsóknir fyrir síldarverksmiðjur ríkisins án sérstakrar þóknunar, en verksmiðjurnar greiði ferðakostnað hans og dvalarkostnað utan Reykjavíkur.

Risna skólastjóra menntaskólanna skal falla niður.

Skólastjóri stýrimannaskólans skal annast jarðskjálftamælingar án sérstakrar þóknunar.

Vegamálastjóri skal hafa eftirlit með brunamálum, með verksmiðjum og vélum og vera ráðunautur stjórnarinnar í vatnamálum án sérstakrar þóknunar.

Sérstök þóknun til hafnfræðings fyrir skrifstofustörf hjá vitamálastjóra (3500 kr.) skal falla niður, nema þegar yfirvinnu er þörf, og greiðist þá fyrir hana samkv. 36. gr.

Sérstök greiðsla til landsímastjóra fyrir símaverkfræðingsstörf skal falla niður, svo og öll aukalaun hans.

Talningarfé ritsímastjórans í Reykjavík skal falla niður.

Loftskeytastöðvarstjóri landsímans skal hafa eftirlit með loftskeytatækjum á skipum ríkisins án sérstaks endurgjalds.

Stöðvarstjórarnir á Vatnsenda og Gufunesi skulu annast ræstingu á þessum stöðvum án sérstaks endurgjalds.

Þóknun fyrir sölu á frímerkjum til starfsmanna á pósthúsum skal niður falla.

Sérstök þóknun til útvarpsstjóra fyrir eftirlit með viðtækjaverzlun ríkisins skal falla niður.

Sérstök þóknun til búnaðarmálastjóra fyrir fóðurtilraunir skal falla niður.

Aðalbankastjóri Búnaðarbankans skal annast stjórnarstörf Kreppulánasjóðs án sérstakra launa.

99. gr.

Gengisnefnd skal leggjast niður.

Eftirlit með bátum og eftirlit með vélum skal leggjast niður.

Húsameistari ríkisins skal vera formaður skipulagsnefndar endurgjaldslaust, en ríkisstjórnin skipar hina nefndarmennina tvo og skal þóknun þeirra vera 500 kr. á ári.

Meðan skattstjóri fær sérstaka þóknun frá Reykjavíkurbæ fyrir störf sín í niðurjöfnunarnefnd, skal draga jafnháa upphæð henni frá launum hans frá ríkinu, þannig, að öll laun hans fyrir skattstjórn og niðurjöfnun verði 7200 kr.

Núverandi prófessor í heimspeki við Háskólann skal halda því starfi til 65 ára aldurs, og skulu laun hans vera 7200 kr., en er hann lætur af starfi, skal það lagt niður.

Meðan skólastjóri bændaskólans á Hvanneyri hefir jörðina Hvanneyri og skólabúið á leigu, skulu laun hans vera samkvæmt lögum nr. 71 28. nóv. 1919.

Þorvarður Þorvarðsson bókari í Gutenberg skal halda starfi sínu með óbreyttum launum til 65 ára aldurs.

Yfirlæknar á Nýja og Gamla Kleppi halda núverandi launakjörum, unz sameiningin fer fram.

Meðan Einar E. Sæmundsen er skógvörður á Suður- og Vesturlandi heldur hann núverandi launakjörum, en er hann lætur af starfi, skal skógræktarstjóri taka skógvörzlu hans án sérstakrar þóknunar.

Núverandi formaður bankaráðs og aðrir bankaráðsmenn Landsbankans skulu halda núverandi launum sínum, þar til kjörtímabil þeirra er útrunnið. Sama gildir og um bankaráð Útvegsbankans. Ennfremur halda núverandi bankastjórar Landsbankans og Búnaðarbankans lögboðnum föstum launum, nema öðruvísi semjist.

100. gr.

Launaákvæði 70. gr. um sýslumenn ganga í gildi jafnóðum og ný skipun lögsagnarumdæma kemur til framkvæmda. Þangað til hafa sýslumenn laun samkvæmt lögum nr. 71 28. nóv. 1919.

101. gr.

Ákvæði 76. gr. um laun presta ganga í gildi jafnóðum og ný prestakallaskipun kemur til framkvæmda. Þangað til skulu laun presta vera 25% hærri en samkvæmt lögum nr. 71 28. nóv. 1919, en öll hlunnindi um embættiskostnað, erfiðleikauppbætur og ódýrt húsnæði falli niður.

102. gr.

Ákvæði 80. gr. um laun barnakennara ganga í gildi jafnóðum sem sú skipun, sem nefndin byggir tillögur sínar á, að hvert skólahérað nái yfir minnst heila sýslu, bekkjarkennsla komi í stað fagkennslu og hver kennari kenni minnst 40 börnum, kemur til framkvæmda. Þangað til skulu laun barnakennara vera 25% hærri en samkvæmt lögum nr. 75 28. nóv. 1919.

103. gr.

Ákvæði 41.—44. gr., um framfærslusjóð, koma til framkvæmda jafnóðum og starfsmenn koma undir launaákvæði 63.—95. greinar þessara laga. Þó skulu starfsmenn, sem laun taka samkvæmt eldri lögum og yngri eru en 35 ára gamlir, eiga kost á að gangast undir ákvæði 41.—44. gr., og færast laun þeirra þá um leið í hámark. Skulu þeir hafa tilkynnt Stjórnarráði innan árs frá gildistöku þessara laga, hvort þeir sæta þessum kosti, ella hafa þeir tapað þessum réttindum.

XV. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

104. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi eftirfarandi lög, lagafyrirmæli og lagagreinar, að öðru en því, sem fram er tekið í lögum þessum.

Konungsbréf frá 8. apríl 1844 um íslenzkukunnáttu.

Konungsúrskurður 27. maí 1857 um íslenzkukunnáttu.

Konungsúrskurður 8. febr. 1863 um próf í íslenzku.

Lög nr. 71 28. nóv. 1919 um laun embættismanna.

Opið bréf 31. maí 1855, er lögleiðir á Íslandi lög um ávísanir embættislauna.

Tilskipun 31. maí 1855 um eftirlaun.

Lög nr. 4 4. marz 1904 um eftirlaun.

Lög nr. 5 4. marz 1904 um skyldu embættismanna að kaupa sér geymdan lífeyri.

Opið bréf 31. maí 1855 um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag.

Lög nr. 28 20. okt. 1905 um viðauka við opið bréf 31. maí 1855.

Lög nr. 51 27. júní 1921 um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

Lög nr. 15 7. maí 1928 um lífeyri fastra starfsmanna Búnaðarfélags Íslands.

Lög nr. 47 16. nóv. 1907 um laun prófasta.

Lög nr. 4 27. febr. 1880 um eftirlaun presta.

Lög nr. 48 16. nóv. 1907 um ellistyrk presta og eftirlaun.

Lög nr. 49 16. nóv. 1907 um skyldu presta að kaupa ekkjum sínum lífeyri.

Lög nr. 13 3. okt. 1884 um eftirlaun prestsekkna.

Lög nr. 63 8. sept. 1931 um hýsing prestssetra.

Lög nr. 17 7. júlí 1931 um bókasöfn prestakalla.
3. gr. laga nr. 35 19. maí 1930 um fræðslumálastjórn.
9.—15. gr. laga nr. 75 28. nóv. 1919 um skipun barnakennara og laun þeirra.
Lög nr. 33 27. júní 1921 um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.
6. og 7. gr. laga nr. 15 15. júní 1926 um veðurstofu.
Launaákvæði laga nr. 40 14. júní 1929 um stjórn póstmála og símamála.
Launaákvæði laga nr. 65 7. maí 1928 um samstjórn tryggingastofnana landsins.
Launaákvæði laga nr. 46 8. sept. 1931 um fiskimat.
Launaákvæði laga nr. 67 7. maí 1928 um dómsmálastarfa, lögreglustjórn og gjaldheimtu o. fl. í Rvík.
Launaákvæði laga nr. 48 20. júní 1923 um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum.
Ákvæði um laun og eftirlaun í lögum nr. 10 15. apríl 1928 um Landsbanka Íslands.
Ákvæði um laun og eftirlaun í lögum nr. 31 14. júní 1929 um Búnaðarbanka Íslands.
Ákvæði um laun núverandi landsímastjóra í lögum nr. 8 9. jan. 1934, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.
Launaákvæði laga nr. 7 9. jan. 1935 um fiskimatsstjóra.
Ennfremur öll þau önnur ákvæði eldri laga, er brjóta í bága við lög þessi.

105. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu vísast til álits launamálanefndar.

Nd. 81. Frumvarp til laga

um skrifstofufé sýslumanna.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Árin 1936—1938, að báðum meðtöldum, greiðir ríkissjóður sýslumönnum árlega skrifstofufé sem hér segir:

1.	Í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði	kr.	11 500,00
2.	Í Mýra- og Borgarfjarðar, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu	—	7 000,00
3.	Í Dala-, Stranda-, A.-Barðastrandar- og V.-Húnavatnssýslu	—	5 500,00
4.	Í Ísafjarðarsýslu, á Ísafirði og í V.-Barðastrandarsýslu	—	14 000,00
5.	Í A.-Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu	—	5 500,00
6.	Á Siglufirði, Akureyri og í Eyjafjarðarsýslu	—	17 500,00

7.	Í Þingeyjarsýslu	—	5 500 00
8.	Í N.-Múlasýslu með Seyðisfirði	—	5 550,00
9.	Í S.-Múlasýslu með Neskaupstað og A.-Skaftafellsýslu	—	7 000,00
10.	Í V.-Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnessýslu	—	8 500,00
11.	Í Vestmannaeyjum	—	10 200,00
		Kr.	97 700,00

2. gr.

Skrifstofufé þetta skal háð ákvæðum launalaga um breytingar til hækkunar eða lækkunar á launum starfsmanna ríkisins.

3. gr.

Skrifstofufénu greiðist með $^1/_{12}$ mánaðarlega.

4. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda jafnóðum og ný skipun lögsagnarumdæma gengur í gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 86 19. júní 1933, um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu vísast til álits launamálanefndar.

Nd. 82. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 40 15. júní 1926, um fræðslu barna.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Hver kaupstaður og hvert sýslufélag landsins er sérstakt skólahérað, nema önnur skipun sé á gerð. Tvö sýslufélög eða fleiri geta með samþykki fræðslumálastjóra gengið saman í eitt skólahérað, ef það er samþykkt af bæði sýslunefndum og skólanefndum sýslnanna. Skólanefnd hefir á hendi stjórn fræðslumála í skólahéraði hverju undir umsjón fræðslumálastjórnar.

2. gr.

24. gr. laganna orðist svo:

Í skólanefnd eiga sæti 5 menn. Skipar fræðslumálastjóri formann nefndarinnar, en bæjarstjórn eða sýslunefnd 4 skólanefndarmenn, og skulu þeir kosnir hlutbundinni kosningu, ef þess er óskað. Skylt er bæði konum og körl-

um, sjálfum sér ráðandi, yngri en 60 ára og heilum og hraustum að taka við kjöri í skólanefnd. Þegar tvö eða þrjú skólahéruð ganga saman í eitt, skal hvort (hvert) þeirra kjósa tvo skólanefndarmenn, og er þá skólanefnd skipuð 7 mönnum, ef þrjú skólahéruð hafa sameinazt.

Fræðslumálastjórn getur fyrirskipað, þar sem samgöngur eru erfiðar milli byggðarlaga innan skólahéraða, að sérstök skólanefnd sé fyrir hvert byggðarlag héraðsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu vísast til álits launamálanefndar.

Nd. 83. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Við 33. gr. laganna bætist: Og skal einn þeirra vera aðalbankastjóri. Greini bankastjórana á, ræður meiri hluti. Þó er ályktun meiri hluta bankastjórnar ekki gildandi, ef aðalbankastjóri er henni ekki samþykkur. Aðalbankastjóri getur heldur ekki látið framkvæma það, er hinir bankastjórarnir báðir eru á móti, en skotið getur hann ágreiningsatriðinu til álits formanns bankaráðs. Sé hann samþykkur aðalbankastjóra um málið, er það lögmæt ákvörðun.

2. gr.

Við 37. gr. laganna. Orðin: „Bankastjórar hafa að árslaunum .... dýrtíðaruppbót, sem bankaráðið ákveður“, falli burt, en í stað þeirra komi: Bankastjórar hafa laun eftir því sem ákveðið er í launalögum. Sömuleiðis skulu laun allra fastra starfsmanna bankans ákveðin í launalögum.

3. gr.

Ákvæði laga nr. 10 15. apríl 1928, er koma í bága við lög þessi, eru úr gildi felld.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Ákvæði 1. gr. um verkaskiptingu bankastjóranna koma ekki til framkvæmda á meðan allir núverandi bankastjórar Landsbankans gegna bankastjórastörfum.

Greinargerð.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu vísast til álits launamálanefndar.

Nd. 84. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar.

Flm.: Bergur Jónsson, Jóhann Þ. Jósefsson, Páll Þorbjörnsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist:

Árin 1935 til 1937 er þó sérleyfishafa heimilt að nota 3 erlend skip til veiðanna, enda séu á þeim skipum eingöngu íslenzkir sjómenn, nema leyfi atvinnumálaráðherra kom til.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Íslenzkt hlutafélag, Kópur, hefir fengið sérleyfi til hvalveiða í 10 ár, talið frá 1. apr. 1935, samkvæmt lögum nr. 72 frá 7. maí 1928, um hvalveiðar. Félagið hefir þegar hafizt handa á Suðureyri í Tálknafirði, þar sem áður fyrr var hvalveiðastöð, um undirbúning þess, að geta notað sér sérleyfið, og leitað til Alþingis með lánbeiðni og ábyrgðarbeiðni, en ekki fengið áheyrn hjá þinginu. Nú er með þessu frv. farið fram á að gera félaginu nokkru léttara um að koma á þessum byrjaða merkilega atvinnuvegi, og er þess vænzt, að málinu verði vel tekið af hinu háa Alþingi, m. a. með tilliti til þess, að öðru félagi, sem áður hafði sérleyfi til hvalveiða, var á Alþingi 1932 veitt samskonar heimild, án þess að nokkur þm. hreyfði mótmælum eða léti ótta í ljós. Athygli skal vakin á því, að með niðurlagi 1. gr. frv. þykir fyrir það girt, að meira verði notað af útlendum sjómönnum á skipin heldur en brýn nauðsyn krefur.

Nd. 85. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga nr. 48 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverzlun, og breyting á þeim lögum.

Flm.: Hannes Jónsson.

1. gr.

Lög nr. 48 4. júní 1924, um gengisskráningu og gjaldeyrisverzlun, skulu vera í gildi, þar til önnur skipun verður á gerð, með þeim breytingum, sem hér segir:

a. Niðurlag 1. gr. laganna orðist svo:

Ber nefndinni að skrá gengi krónunnar með það fyrir augum, að höfuðatvinnuvegir þjóðarinnar, landbúnaður og sjávarútvegur, fái borið sig fjárhagslega.

b. 2. gr. laganna orðist svo:

Í nefndinni eiga sæti 5 menn. Skipar fjármálaráðherra einn nefndarmann, og sé hann formaður nefndarinnar, tveir skulu skipaðir af bönkunum, Landsbankanum og Útvegsbankanum, sinn af hvorum, einn af stjórn íslenzkra botnvörpuskipaeigenda í Reykjavík og einn af stjórn Sambands íslenzkra samvinnufélaga. Nefndin er bundin þagnarskyldu.

c. 7. gr. laganna orðist svo:

Kostnað við nefndarstörf greiðir ríkissjóður að $^3/_5$, en Landsbankinn og Útvegsbankinn að $^1/_5$ hvor. Fjármálaráðuneytið úrskurðar þá reikninga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 9 27. maí 1925.

Greinargerð.

Lögin um gengisskráningu og gjaldeyrisverzlun voru sett 1924 og aukin 1925. Frv. snertir aðeins annað atriði laganna, gengisskráninguna.

Eftir lögunum er gengisskráningin raunverulega í höndum bankanna tveggja, Landsbankans og Útvegsbankans.

Upphaflega voru aðeins 3 menn í nefndinni, sinn maður, er hvor bankanna tilnefndi, og einn maður skipaður af ríkisstjórninni.

Með breytingu þeirri, sem gerð var á skipun nefndarinnar 1925, var 2 mönnum bætt við í nefndina, sínum fyrir hvorn höfuðatvinnuveg þjóðarinnar, landbúnaðinn og sjávarútveginn, en þeir voru látnir hafa aðeins tillögurétt, svo að gengisskráningin var eftir sem áður raunverulega í höndum bankanna.

Ágreiningur varð um það þegar á þinginu 1925, hvort fulltrúar atvinnuveganna í gengisnefndinni ættu að fá atkvæðisrétt í nefndinni. Meiri hluta álits þingsins varð þó það, að þeir hefðu aðeins tillögurétt.

Ágreiningurinn um atkvæðisrétt fulltrúa atvinnuveganna er í raun og veru djúptækari en í fljótu bragði getur virzt. Það er ágreiningur um það, hverjir aðilar það eru, sem mestu eiga að ráða og mest tillit eigi að taka til við verðskráningu krónunnar. Gengi krónunnar snertir stundarhag einstakra aðilja innan þjóðarheildarinnar misjafnlega.

Þjóðinni má skipta í tvo flokka í þessu sambandi, framleiðendur og neytendur. Aðra skiptingu má einnig gera, sem tekur til mikils þorra þjóðarinnar. Það er fjáreigendur, einkum sparifjáreigendur, og skuldarar, einkum þeir, sem atvinnu reka, þ. e. þeir, sem ávaxta sparifjáreignina og annað fé, sem haft er til útlána til atvinnurekstrar.

Þá má og telja ríkissjóð og bankana sérstaka aðila í þessu sambandi, einkanlega með tilliti til skulda þeirra við útlönd.

Fjáreigendur, neytendur, ríkissjóður og bankarnir munu telja sér a. m. k. stundarhag að því, að gengi krónunnar sé skráð sem hæst.

Hinsvegar eru framleiðendur. Þeim er það lífshagsmunamál, ekki beinlínis að krónan standi fremur lægra en hærra, heldur hitt, að hún sé skráð ekki hærra en raunverulegt gildi hennar er í viðskiptunum innanlands.

Framleiðendur hafa aðra aðstöðu en allir aðrir ríkisborgarar. Framleiðsla þeirra er það raunverulega verðmæti, sem allir framfærast af og allt annað verðmæti skapast af. Framleiðslan er því grundvöllurinn undir efnahagslífinu í öllu tilliti.

Framleiðslan, allt frá framleiðslu einyrkjans til stærstu framleiðslufyrirtækja, verður ekki rekin nema með tilkostnaði. Sá tilkostnaður þarf að fást goldinn að fullu með því andvirði, sem fyrir framleiðsluvörur fæst á sölumarkaði. Meginið af framleiðslu sjávarútvegsins og mikinn hluta af framleiðslu landbúnaðarins seljum vér utanlands, og söluverðið er ákveðið í mynt (verðmiðli) sölulandsins. Þegar hinum erlenda verðmiðli er breytt í íslenzkar krónur til að ákveða hlut framleiðenda, þá þarf að gæta þess, að hlutföllin (gengið) á milli hins erlenda gjaldmiðils og íslenzku krónunnar sé þannig, að framleiðandinn fái a. m. k. jafnmargar krónur fyrir hina seldu vöru eins og hann hefir kostað til að afla hennar. Ella er framleiðandinn með gengisskráningunni sviptur hluta af afrakstri sínum og gerður fjárhagslega ósjálfbjarga.

Það er þetta, sem gert hefir verið síðan verðfallið mikla dundi yfir íslenzkar framleiðsluvörur á heimsmarkaðinum. Það var yfirsjón og ranglæti gagnvart framleiðendunum, að krónan var þá ekki látin falla tilsvarandi mikið gagnvart sterlingspundi, sem mest er notað við sölu íslenzkra afurða erlendis. Það var afsakanlegt, þótt það væri ekki gert þá þegar, en það er yfirsjón, að ekki er búið að gera það nú, eftir að sjá mátti, að verðfallið myndi verða viðvarandi. Þess vegna eru aðalatvinnuvegir vorir, landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn, sem framleiða allar útflutningsvörur vorar, komnar í fjárhagslegt öngþveiti og öllum fjármálum þjóðar og einstaklinga þar með stefnt í voða, því á fjárhagsafkomu framleiðendanna byggist fjárhagur ríkisins og allra landsmanna.

Þegar neytendur, fjáreigendur, bankarnir eða ríkið eru að leitast við að halda krónunni í hærra gengi en framleiðslan þolir, þá er horft of fast á augnablikshag, en lokað augunum fyrir afleiðingunum.

Þegar framleiðendur eru þrotnir fjárhagslega, þá verður skammær hagur neytendanna úr því. Þeir nærast allir óbeint á framleiðslunni. — Fjárhagur sparifjáreigenda, bankanna og ríkissjóðs verður á völtum fótum, þegar fjárhagsmáttur framleiðendanna er þrotinn. Þess vegna er það skammsýni af þessum aðilum að standa á móti því, að gengi krónunnar sé skráð í samræmi við raunverulegt gildi hennar fyrir framleiðandann.

Tvær leiðir eru sjáanlegar til viðreisnar á fjárhag aðalatvinnuveganna. Önnur er sú, að verðhækkun verði á ísl. vörum. Um það er okkur að mestu ósjálfrátt. Sjálfsagt er þó að gera allt, sem unnt er, í þá átt, m. a. með því að leita að nýjum mörkuðum og á annan hátt að dreifa framleiðslunni sem mest að unnt er.

Hin leiðin er sú, að skrá gengi ísl. krónu því verði, sem er hennar raunverulega verð gagnvart framleiðslunni. Það er oss sjálfrátt.

Báðar þessar leiðir á að nota samtímis.

Af því, sem hér hefir verið stuttlega rakið, er það auðsætt, að það eru fulltrúar atvinnuveganna í gengisnefnd, sem raunverulega ættu mestu að ráða um gengisskráninguna. Fulltrúar bankanna ættu að geta litið á þörf atvinnuveganna

með víðsýni og skilningi, án þess þó að verða þeim eftirlátir um of, ef þeir vildu ganga of langt, enda má telja rétt, að bankarnir eigi fulltrúa í nefndinni, vegna þess, að ætla verður þeim að taka af smáar og skammar bylgjur í verðlaginu. Rétt verður og að telja, að ríkisstjórnin hafi fulltrúa í nefndinni.

Til mála gæti komið að skipa fleiri menn í nefndina, eða að nefndin væri skipuð af öðrum aðilum en nú er. Flm. hefir þó ekki gert tillögu um það, með því að slíkt gæti þótt orka nokkurs tvímælis og gæti valdið ágreiningi, sem spillti fyrir aðalefni frv.

Ed. 86. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt. Þó áskilja nefndarmenn sér rétt til að vera með breytingartillögum við það.

Alþingi, 7. marz 1935.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr.	Pétur Magnússon.

Ed. 87. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning lagasetningar um heimilisfang.

Frá allsherjarnefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing eða það þing, sem nú situr, verði því frestað, frv. til laga um heimilisfang.

Greinargerð.

Úr ýmsum stöðum hafa borizt kvartanir um það, að talsverður glundroði sé á um heimilisfang manna hér á landi, enda verður því ekki neitað, að lagafyrirmæli vantar um heimilisfang eða lögheimili. Þessi ágalli löggjafarinnar hefir komið skýrar í ljós en áður, eftir að útsvarslögin frá 1926 komu í gildi. Samkvæmt þeim er venjulega ekki heimilt að leggja útsvar á menn nema þar, sem þeir eiga heimili. Nú eru útsvör mjög mismunandi í hinum ýmsu bæjar- og sveitarfélögum á jafnháar eignir og tekjur eða sömu efni og ástæður. Fyrir því er hætt við, enda til þess ýms dæmi, að gjaldendur reyna að telja sig til heimilis þar, sem þeir telja von lágra útsvara, jafnvel þótt þeir dvelji að mestu eða hafi atvinnu á öðrum stað. Sjálfsagt má og finna þess dæmi, að menn koma sér undan lögákveðnum gjöldum með því að telja sér hvergi heimili.

Úr þessu þarf að bæta, og það verður ekki gert nema með nýrri löggjöf, en með því að undirbúningur hennar, og rannsókn þessa máls yfirleitt, tekur meiri tíma en þingnefnd hefir yfir að ráða, hefir n. þótt rétt að flytja till. þessa.

Hv. þm. Dal. hefir á þskj. 39 flutt frv. um breyting á útsvarslögunum, og virðist grg. þess bera það með sér, að tilgangi hans með frv. verði náð, ef viðeigandi löggjöf verður sett um heimilisfang. Nefndin mun því ekki, ef tillaga þessi verður samþykkt, afgreiða það frv. sérstaklega, enda er hún á einu máli um það, að tilgangi þess verði betur náð með nýrri löggjöf um heimilisfang en með breytingu þeirri á útsvarslögunum, sem það ráðgerir.

Ed. 88. Nefndarálit

um frv. til laga um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. þetta verði samþykkt, en þykir réttara, að í 1. gr. frv. sé einnig vísað til laga nr. 67 1919.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. 1. málsl. Á eftir orðunum „3. jan. 1890" komi: og lögum nr. 67 28. nóv. 1919.

Alþingi, 8. marz 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Magnús Guðmundsson, frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.
	Páll Hermannsson.	

Nd. 89. Breytingartillögur

við frv. til l. um útrýmingu fjárkláðans.

Flm.: Pétur Ottesen, Þorbergur Þorleifsson.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   Þrifaböðun skal árlega fara fram á öllu sauðfé í landinu á tímabilinu frá 1. nóv. til 31. janúar.
2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
   Skylt er hverjum fjáreiganda að framkvæma böðun á öllu því sauðfé, er hann hefir undir höndum, og hlíta eftirliti því, er um getur í 6. gr.
3. Við 3. gr. Greinina skal orða svo:
   Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu, hver í sínu umdæmi, hlutast til um, að allir fjáreigendur í hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf á sauðfé sitt svo snemma, að böðun geti farið fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

4. Við 4. gr. Greinina skal orða svo:
   Landbúnaðarráðherra ákveður, í samráði við forstöðumann rannsóknarstofu háskólans, hvaða baðlyf skuli notað.
5. Við 5. gr. Greinina skal orða svo:
   Skylt er hverri hreppsnefnd og bæjarstjórn að sjá um, að æfinlega séu, að dómi baðstjóra, til í hreppnum eða kaupstaðnum nægilega margar sundþrær til þess að baða fé í. Kostnað þann, sem af því leiðir að bæta úr því, sem áfátt kann að vera í þessu efni, er lög þessi koma til framkvæmda, greiða fjáreigendur.
6. Við 6. gr. Greinina skal orða svo:
   Sýslunefndir skipa baðstjóra í hverjum hreppi og bæjarstjórnir í kaupstöðum. Baðstjóri skipar fyrir um, hvenær baða skuli innan þess tímatakmarks, sem til er tekið í 1. gr., og hefir eftirlit með því, að allir baði, enda ber honum að vera viðstaddur böðunina. Að öðru leyti setur landbúnaðarráðherra, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, nánari reglur um baðanir, og ber baðstjóra að sjá um, að þeim reglum sé fylgt í öllum greinum. Í reglum þessum má skipa fyrir um, að böðun fari fram sem mest samtímis á þeim svæðum, er fé gengur saman á. Kaup baðstjóra greiðist úr sveitar- eða bæjarsjóði.
7. Við 7. gr. Greinina skal orða svo:
   Nú skipar landbúnaðarráðherra fyrir um baðanir á sauðfé til útrýmingar fjárkláða á stærri eða minni svæðum samkv. 1. gr. laga nr. 40 frá 8. nóv. 1901, og skal þá framkvæmd þessara laga frestað á því svæði, sem útrýmingarböðun tekur til, svo lengi sem þurfa þykir og ráðherra ákveður.
8. Á eftir 7. gr. kemur ný gr., sem verður 8. gr., og breytist greinatala samkvæmt því. Greinina skal orða svo:
   Brot gegn lögum þessum og reglum þeim, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum frá 20—2000 krónum, sem renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal farið með þau mál sem almenn lögreglumál.
9. Við 8 .gr. Greinina skal orða svo:
   Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 58 30. nóv. 1914, um sauðfjárbaðanir.
10. Fyrirsögn frumvarpsins skal orða svo:
    Frumvarp til laga um sauðfjárbaðanir.

Ed. 90. Frumvarp til laga

um afnám laga nr. 19 9. jan. 1935, um lántöku fyrir ríkissjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Lög nr. 19 9. jan. 1935, um lántöku fyrir ríkissjóð, eru numin úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **91. Frumvarp til laga**

um fangelsi.

Flutningsm.: Þorst. Þorsteinsson, Jónas Jónsson, Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem í eru 700 íbúar eða fleiri, skal reisa fangelsi, til þess að geyma í gæzlufanga og aðra, sem teknir hafa verið fastir um stundarsakir.

2. gr.

Kostnaður af byggingu fangelsa greiðist að hálfu úr hlutaðeigandi bæjarsjóði eða sveitarsjóði, en að hálfu úr ríkissjóði, og skal, meðan þörf er á, árlega veitt fé í þessu skyni í fjárlögum.

3. gr.

Nú telur bæjarstjórn eða hreppsnefnd nauðsyn á, að fangelsi sé reist á staðnum, og skal hún þá snúa sér til dómsmálaráðherra með beiðni um framlag úr ríkissjóði í þessu skyni. Slíkri beiðni skal fylgja skýrsla um nauðsynina, nákvæm áætlun um kostnað og uppdráttur að gerð hússins.

4. gr.

Ef fleiri beiðnir berast ráðherra en fjárveiting leyfir að teknar séu til greina, skal hann velja úr og veita féð þar, sem þörfin telst mest.

5. gr.

Ráðherra hefir þá ihlutun um byggingu fangelsa, sem nauðsynleg er til þess að tryggja vandaðan frágang, hæfilega stærð þeirra og hóflegan kostnað.

6. gr.

Nú er fangelsi á staðnum, en það þarfnast endurbóta eða viðauka, og skal þá að öllu svo með fara sem segir í 1.—5. gr.

7. gr.

Ráðherra getur veitt leyfi til, að afplána megi sektir, einfalt fangelsi og fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í fangelsum þeim, sem ræðir um í lögum þessum, þó ekki lengur en 2 mánuði, enda sé fangelsi svo vel útbúið, að föngum sé engin hætta búin.

8. gr.

Rekstrarkostnaður fangelsa þeirra, sem ræðir um í lögum þessum, greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr bæjarsjóði eða sveitarsjóði. Að öðru leyti setur dómsmálaráðherra með reglugerð fyrirmæli um rekstur fangelsa og annað, er þurfa þykir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða frv. lá fyrir síðasta þingi, en fékk þar ekki afgreiðslu. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Fjárveitinganefnd hafa borizt ýms erindi og áskoranir um fjárframlög til að reisa fangahús. Vegna þessa og með því að engin lög eru til um skiptingu kostnaðar af slíkum framkvæmdum, þótti nefndinni rétt, að flutt væri þetta frv., því að allir nefndarmenn eru á eitt sáttir um það, að löggæzla í landinu verði ekki tryggð nema hægt sé að fangelsa þá, sem valda óspektum eða brjóta lög á annan hátt.

Nefndin fól þeim meðlimum sínum, sem sæti eiga í efri deild, að flytja málið þar".

Ed. 92. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur].

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. marz 1935.

Jónas Jónsson, form.	Bernh. Stefánsson, frsm.	Guðrún Lárusdóttir, fundaskr.

Ed. 93. Nefndarálit

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Nefndin vekur athygli á því, að leiðrétta þarf við næstu prentun næstsíðasta orðið í 7. lið.

Alþingi, 8. marz 1935.

Jón Baldvinsson, form.	Bernh. Stefánsson, frsm., fundaskr.	Magnús Jónsson.

Ed. 94. Nefndarálit

um frv. til l. um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til eftir atvikum, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 8. marz 1935.

Jón Baldvinsson, form.	Bernh. Stefánsson, frsm., fundaskr.	Magnús Jónsson.

Ed. 95. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 9. jan. 1935, um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 8. marz 1935.

Jón Baldvinsson, form., frsm.	Bernh. Stefánsson, fundaskr.	Magnús Jónsson.

Nd. 96. Nefndarálit

um frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar í Hraunhöfn á Melrakkasléttu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt, með tilliti til þeirrar venju, sem gilt hefir á Alþingi um löggilding verzlunarstaða.

Alþingi, 8. marz 1935.

Héðinn Valdimarsson, form.	Bergur Jónsson, frsm., fundaskr.	Stefán Jóh. Stefánsson.
Thor Thors.	Garðar Þorsteinsson.	

Nd. **97. Frumvarp til laga**

um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Flm.: Finnur Jónsson, Gísli Guðmundsson, Páll Þorbjörnsson.

1. gr.

Stofna skal í sambandi við Fiskveiðasjóð Íslands sérstakan sjóð, sem nefnist Skuldaskilasjóður vélbátaeigenda.

2. gr.

Stofnfé skuldaskilasjóðs er 1½ milljón króna. Upphæð þessa tekur sjóðurinn að láni, og ábyrgist ríkisstjórnin fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánsins, enda skal ríkissjóður leggja fram árlega sem styrk til sjóðsins upphæð, sem svarar árlegum afborgana- og vaxtagreiðslum af láninu.

3. gr.

Lán úr skuldaskilasjóði skulu veitt eigendum vélbáta, ekki stærri en 60 smálesta, og skal lánunum varið til þess að ná samningum um nauðsynlegar eftirgjafir skulda og hagkvæmar breytingar á lánskjörum. Lánin skulu veitt með þeim skilyrðum og eftir þeim reglum, sem í lögum þessum greinir.

4. gr.

Að jafnaði skal engum lánbeiðanda veitt hærra lán úr skuldaskilasjóði en sem svarar 15% af virðingarverði allra eigna hans. Þó má, ef sérstaklega stendur á, og það, að dómi sjóðstjórnarinnar, telst nauðsynlegt til þess að koma atvinnurekstri lánbeiðanda á heilbrigðan grundvöll, veita honum nokkru hærra lán, ef hann fær eftirgjöf á svo miklu af skuldum sínum, að eftirstöðvar þeirra, að viðbættu láni skuldaskilasjóðs, fari eigi fram úr virðingarverði eigna hans.

5. gr.

Skilyrði fyrir lánveitingum úr sjóðnum eru þessi:

1. Að lánbeiðandi reki vélbátaútveg sem aðalatvinnuveg.
2. Að hann sé að dómi sjóðstjórnarinnar vel hæfur til að reka vélbátaútveg.
3. Að skuldir hans nemi meiru en sem svarar 75% af virðingarverði eigna hans, enda telji sjóðstjórnin honum ekki kleift að standa við skuldbindingar sínar eða að reka útgerðina á heilbrigðum grundvelli án aðstoðar sjóðsins.
4. Að samningar náist um svo mikinn afslátt á skuldum lánbeiðanda, að raunverulegar eftirstöðvar þeirra, sem sé allar skuldir hans, eftir að lán skuldaskilasjóðs hefir verið veitt og skuldaskilasamningur gerður, nemi ekki meiru en sem svarar þeim hluta af virðingarverði allra eigna hans, sem sjóðstjórnin telur honum fært að standa straum af, og aldrei meiru en sem svarar fullu virðingarverði eignanna; svo og að samningar náist um viðunanleg greiðslukjör á þeim hluta skulda hans, sem ekki greiðist með skuldaskilasjóðsláninu.
5. Að hann geti sett þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðstjórnin tekur gilda. Skulu lánin vera forgangskröfur næst á eftir forgangskröfum, sem nú eru í lögum.

6. gr.

Vextir af lánum úr skuldaskilasjóði skulu vera 1½ af hundraði á ári. Lánstíminn skal fara eftir ákvörðun sjóðstjórnarinnar. Þó skal hann aldrei vera lengri en 18 ár.

Lánin séu vaxtalaus fyrsta ár lánstímans og afborgunarlaus fyrstu þrjú árin. Þó skal áskilið, að ef efnahagur lántakanda breytist svo, að honum verði auðvelt að greiða lán sitt á skemmri tíma, að dómi sjóðstjórnarinnar, geti hún gert honum að greiða vexti frá lánveitingardegi og afborganir fyrr, eða hærri afborganir af láninu en annars er tilskilið.

Ennfremur sé áskilið, að ef lántakandi breytir um atvinnuveg, eða ef eigendaskipti verða að hinni veðsettu eign, sé sjóðstjórninni heimilt að ákveða, að lánið sé þegar fallið í gjalddaga.

Gjalddagi skal vera 1. nóvember ár hvert. — Sé árgjald ekki innt af hendi innan tveggja mánaða frá gjalddaga, er lánið allt fallið í gjalddaga. Þó skal veita skuldunaut gjaldfrest, ef hann leggur fram skilríki, sem stjórn skuldaskilasjóðs tekur gild, fyrir því, að hann geti ekki innt afborgun af hendi án hnekkis fyrir atvinnurekstur sinn, en hann hinsvegar heldur veðinu vel við og stundar áfram þann atvinnurekstur, sem lánið var upphaflega veitt til stuðnings.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, 4. nóv. 1887, er lántakanda rétt að veðsetja skuldaskilasjóði veiðarfæri, áhöld, húsgögn og annað lausafé, án sérstakrar sundurliðunar, jafnt það, er veðsali á þegar veðsetning fer fram, sem hitt, er hann kann síðar að eignast. — Veð sjóðsins gengur fyrir öllum síðari lausafjárveðsetningum lántakanda, að undanskildum veðum, sem lánsstofnunum eru sett í sjávarafurðum eða útgerðarvörum vegna rekstrarlána.

Nú flytur veðsali í aðra þinghá, eftir að skuldabréf hefir verið þinglesið, og heldur sjóðurinn þá veðrétti sínum, þótt skuldabréfið sé eigi þinglesið í hinni síðari þinghá veðsala.

8. gr.

Stjórn skuldaskilasjóðs skal skipuð þrem mönnum, er ríkisstjórnin útnefnir, og skal einn þeirra vera bankastjóri í Útvegsbankanum, og er hann formaður sjóðstjórnarinnar. Skal sjóðstjórnin skipuð til 31. des. 1936, enda skal lánveitingum úr sjóðnum þá lokið. Eftir það hefir stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands störf sjóðsins á hendi.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðunarmönnum Fiskveiðasjóðs og úrskurðaðir af atvinnumálaráðherra og birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

9. gr.

Þar, sem vélbátaútvegur er stundaður, getur sjóðstjórnin skipað einn eða fleiri menn sér til aðstoðar um að afla gagna til ákvarðana um lánveitingar. Ákveður sjóðstjórnin þóknun til þeirra.

10. gr.

Umsóknir um lán úr skuldaskilasjóði skulu stílaðar til sjóðstjórnarinnar, en sendar hlutaðeigandi umboðsmönnum hennar í héraði, sem afgreiða þær svo fljótt sem unnt er til sjóðstjórnarinnar.

Lánbeiðni skal fylgja:

1. Afrit af síðustu skattskýrslu lánbeiðanda.
2. Síðasti rekstrar- og efnahagsreikningur lánbeiðanda.
3. Sundurliðuð skrá yfir eignir lánbeiðanda og mat umboðsmanna sjóðsins á þeim. Sé þar nákvæmlega tekið fram, hverjar fasteignir hans séu, og greint frá því, hvaða breytingar hafa orðið á þeim frá síðasta fasteignamati þeirra og hvert fasteignamat sé á þeim nú.

   Af vélbát eða vélbátum lánbeiðanda skal senda nákvæma lýsingu, þar sem greint sé frá aldri báts og vélar, meðferð og viðhaldi, síðustu sölu — hvenær seldir og fyrir hvaða verð — og öðru, sem kann að veita upplýsingar um sannvirði bátsins. Heimilt er umboðsmönnum að leita aðstoðar kunnáttumanna um þetta.

   Frá veiðarfærum, áhöldum, salti, olíu, aflabirgðum, útistandandi skuldum og öðru lausafé lánbeiðanda skal greint sem ýtarlegast.
4. Sundurliðuð skrá yfir lánardrottna lánbeiðanda. Skal þar greina skuldarupphæð, hvort skuld er tryggð með veði eða ábyrgð og hver tryggingin er, gjalddaga, afborgunarskilmála og önnur skuldakjör.
5. Sundurliðuð skrá yfir ábyrgðir lánbeiðanda. Skal greint, hverjar aðrar tryggingar eru fyrir ábyrgðarskuldunum, og þess getið, hvort líkur eru fyrir, að ábyrgðirnar falli á lánbeiðanda.
6. Vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra um, hve lengi lánbeiðandi hafi rekið vélbátaútgerð og hvar.
7. Drengskaparyfirlýsing lánbeiðanda um, að allar upplýsingar séu gefnar eftir beztu vitund.
8. Rökstutt álit umboðsmanna sjóðstjórnar um aðstöðu lánbeiðanda til vélbátaútgerðar og afkomumöguleika hans.
9. Álit umboðsmanna um það, undir hve háum greiðslum vaxta og afborgana útgerð hans fái staðið, þannig að lífvænlegt sé fyrir hann.
10. Aðrar upplýsingar, sem sjóðstjórnin kann að óska eftir.

11. gr.

Skipa skal tvo matsmenn fyrir hvern landsfjórðung eða fyrir tiltekin útgerðarsvæði, eftir nánari ákvörðun stjórnar skuldaskilasjóðs, til þess að meta til peningaverðs fasteignir og vélbáta lánbeiðenda skuldaskilasjóðs. Skal annar skipaður af sjóðstjórninni, en hinn af atvinnumálaráðherra. Þóknun fyrir störf þeirra ákveður atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, og greiðist kostnaður við störf þeirra úr skuldaskilasjóði.

Matsmenn skuldaskilasjóðs skulu meta til sannvirðis allar fasteignir og vélbáta lánbeiðenda, með tilliti til þess, sem nú greinir:

1. Hvernig ástand eignarinnar er nú, og hvort verulegar endurbætur eru nauð-

synlegar á henni, vegna þess að viðhald hennar hafi verið vanrækt undanfarin ár.
2. Hvaða leigu eða afgjald megi ætla, að hægt sé að fá nú árlega eftir eignina.
3. Hvaða verð sé líklegt, að fáist nú fyrir eignina með frjálsri sölu eða nauðungarsölu.
4. Að hve miklu leyti eignin fullnægi nú þeim kröfum um nothæfi, sem gerðar eru, eða hvort til þess verði að gera á henni breytingar, er hafi verulegan kostnað í för með sér.
5. Sérhvers annars, sem líklegt er, að hafi áhrif á verðmæti eignarinnar.

12. gr.

Þegar er sjóðstjórnin hefir fengið í hendur tillögur umboðsmanna og virðingargerðir matsmanna, tekur hún ákvörðun um, hvort lánbeiðandi getur komið til greina við lánveitingu. Skal hún þá láta birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til allra þeirra, sem fjárkröfur eiga á lánbeiðanda, þar með taldar ábyrgðir, um að lýsa kröfum sínum fyrir stjórn sjóðsins, með 6 vikna fyrirvara frá síðustu birtingu auglýsingar. Skal í auglýsingunni tekið fram, að allar ótryggðar kröfur falli niður ógildar, ef þeim er ekki lýst innan hins tiltekna frests. Ef skuldareigandi, sem ekki hefir lýst viðurkenndri kröfu innan hins tiltekna frests, síðar meðan á samningaumleitunum stendur færir líkur fyrir, að hann hafi eigi átt kost á að sjá auglýsinguna, svo sem vegna fjarveru, sjúkdóms o. s. frv., er sjóðstjórninni þó heimilt að taka kröfu hans til greina. Að öðru leyti falla niður þær kröfur, sem eigi er lýst innan hins tiltekna frests. Sé ekki lýst öllum þeim kröfum, sem taldar eru fram samkvæmt 10. gr. 4. lið, skal sjóðstjórnin sannprófa, hvort framtalið er rétt.

13. gr.

Að liðnum innköllunarfresti skal sjóðstjórnin, svo fljótt sem unnt er, taka ákvörðun um, hvort hún telur fært að veita lánbeiðanda lán úr skuldaskilasjóði. Telji hún, að umsækjandi geti komið til greina, skal honum þegar í stað tilkynnt það, annaðhvort bréflega eða með símskeyti.

14. gr.

Nú telur stjórn skuldaskilasjóðs, að umsækjandi uppfylli þau skilyrði, sem lög þessi setja fyrir lánveitingum úr sjóðnum, og skal hún þá, svo fljótt sem auðið er, semja frumvarp til skuldaskila fyrir hann, ef hún telur, að hann þurfi að fá eftirgjöf á skuldum eða samninga við lánardrottna. Í frumvarpinu skulu taldar sér í flokki þær skuldir, er samningum er eigi ætlað að ná til, og í öðrum flokki þær skuldir, sem ætlazt er til, að samið sé um. Þá skal og skilmerkilega getið, hve háan hundraðshluta lántakanda er ætlað að greiða af skuldum þeim, er samningar ná til.

15. gr.

Þegar eftir að samningafrumvarp það, sem í 14. gr. getur, er fullsamið, skal sjóðstjórnin með ábyrgðarbréfi eða símskeyti tilkynna það öllum þeim

lánardrottnum, er kröfu hafa lýst í búið, og boða þá á fund með hæfilegum fyrirvara. Samtímis skal lánbeiðanda sjálfum tilkynnt efni samningsins, og skal hann innan 5 daga frá því er tilkynning barst honum í hendur segja til um, hvort hann treystist til að ganga að honum. Sé svarið neitandi, skal fundarboð afturkallað í tæka tíð. Þangað til fundurinn er haldinn, skal frumvarp eða staðfest afrit liggja á skrifstofu sjóðsins skuldheimtumönnum til sýnis.

16. gr.

Á skuldheimtumannafundi þeim, er um getur í 15. gr., skal sjóðstjórnin leggja fram samningsfrumvarp, svo og nákvæman efnahagsreikning lánbeiðanda, staðfestan af stjórn sjóðsins. Skuldheimtumenn eiga heimtingu á að fá sérhverjar upplýsingar um hag lánbeiðanda, er sjóðstjórnin getur látið í té. Þeim er og heimilt að bera fram breytingartillögur við frumvarpið, og skulu þær ræddar og bornar undir atkvæði sérstaklega. Verði þær samþykktar, hefir sjóðstjórnin heimild til að taka frumvarpið aftur, ef hún telur þær verulega máli skipta. Að öðrum kosti ber sjóðstjórnin frumvarpið undir atkvæði skuldheimtumanna, þegar að loknum umræðum og atkvæðagreiðslum um breytingartillögur.

17. gr.

Hljóti frv. atkvæði svo margra skuldheimtumanna eða umboðsmanna þeirra, að þeir ráði yfir meira en helmingi samanlagðra kröfuupphæða mættra skuldheimtumanna, þeirra er samningnum er ætlað að ná til, hefir sjóðstjórnin heimild til að staðfesta það, og er það þá bindandi einnig fyrir þá skuldheimtumenn, er greitt hafa atkvæði á móti því, eða eigi mætt á fundi. Leysir það þá skuldunaut undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hverrar samningskröfu, sem undan er skilin í samningnum, bæði gagnvart lánardrottni sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur honum fyrir greiðslu skuldarinnar.

18. gr.

Þegar eftir að samningur er staðfestur skal sjóðstjórnin ganga frá lánsskjölum og sjá um, að formlega sé gengið frá öllu því, sem samningurinn kveður á um.

19. gr.

Samningur haggar eigi heimild lánardrottins til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefir sett fyrir kröfum á lánbeiðanda.

20. gr.

Samningurinn hefir engin áhrif á þær kröfur, sem hér greinir:

1. Skuldir tryggðar með veði í fasteign eða skipi, þó því aðeins, að skuldarupphæð nemi eigi meiru en verðmæti veðsins. Sé skuldin hærri en verðmæti veðsins samkvæmt mati því, sem lagt er til grundvallar við samningsgerðina, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr verði veðsins, enda óski veðhafi ekki eftir kaupum á hinni veðsettu eign fyrir að minnsta kosti 15% hærra verð en matsverð.

2. Skuldir tryggðar með handveði. Gildir að öllu hið sama um þær og hinar, sem taldar voru undir 1. lið.
3. Forgangskröfur samkv. 8. kap. 83. gr. skiptalaganna, að svo miklu leyti sem eigur lánbeiðanda teljast hrökkva fyrir þeim.
4. Skuldir tryggðar með lausafjárveði, ef sú veðsetning fór fram eigi síðar en ári áður en lánbeiðnin var send, að svo miklu leyti sem veðið hrekkur fyrir þeim. Komi það hinsvegar í ljós, að skuldin sé hærri en verðmæti veðsins, samkvæmt mati því á eigum lánbeiðanda, sem lagt er til grundvallar við samningagerðina, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr verði veðsins.

21. gr.

Frá því er lánbeiðandi hefir sent lánbeiðni til sjóðstjórnarinnar og þangað til samningaumleitunum endanlega er lokið, má lánbeiðandi eigi greiða skuldheimtumönnum skuldir, sem áður eru stofnaðar, hvort sem þær eru fallnar í gjalddaga eða eigi, nema um veðkröfur eða ótvíræðar forgangskröfur sé að ræða. Hann má ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu og ekki veðsetja þær, nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánum, og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans. Komi í ljós eftir að samningur hefir verið staðfestur, að lánbeiðandi hafi brotið ákvæði greinar þessarar, er sjóðstjórninni heimilt að ógilda samninginn og endurheimta lánið án fyrirvara, ef útborgað hefir verið. Það fé, er skuldheimtumenn hafa þegar tekið á móti, verður eigi endurheimt.

22. gr.

Jafnskjótt sem umboðsmaður skuldaskilasjóðs eða stjórn sjóðsins hefir tekið við lánbeiðni, skal það tilkynnt skiptaráðanda, og er þá hverskonar aðför vegna skulda lánbeiðanda óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til samningaumleitunum er lokið. Eigi verður heldur bú hans tekið til gjaldþrotaskipta frá sama tíma. Nú takast eigi samningar og bú lánbeiðanda er tekið til gjaldþrotaskipta áður en sex mánuðir eru liðnir frá því er samningaumleitunum lauk, og við skiptin kemur í ljós, að lánbeiðandi hefir brotið gegn ákvæðum 21. gr., og má þá með málsókn rifta þeim samningum og greiðslum, er ólöglega hafa farið fram, samkv. reglum gjaldþrotaskiptalaga, enda sé málsókn hafin innan sex vikna frá því er búskipti byrja. Tímabilið frá því er umboðsmaður skuldaskilasjóðs eða stjórn sjóðsins hefir tekið við lánbeiðni og þangað til samningaumleitunum er lokið telst ekki með fyrningartíma skuldar, víxilréttar né neinna réttargerða.

23. gr.

Skuldaskilasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast.

Bækur sjóðsins, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, svo og skuldabréf fyrir lánum úr sjóðnum og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum eru undanþegin stimpilgjaldi.

Eignar- og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

24. gr.

Í reglugerð fyrir skuldaskilasjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt eigi sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í lögum þessum, og fari þau þó eigi í bága við nein ákvæði laganna.

25. gr.

Þegar lokið er lánveitingum úr skuldaskilasjóði, skulu eignir sjóðsins renna í stofnsjóð Fiskveiðasjóðs Íslands, jafnóðum og útlán skuldaskilasjóðs afborgast, enda annist Fiskveiðasjóður skrifstofuhald skuldaskilasjóðs frá upphafi, skuldaskilasjóði að kostnaðarlausu.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk ríkisstjórnarinnar, og nægir að miklu leyti að vísa til nál. meiri hluta sjávarútvegsnefndar Nd. 1934, á þskj. 739, og er stofnfé sjóðsins miðað við það, að unnt verði að veita þeim eigendum vélbáta, sem skulda 75% eða meira á móti eignum, aðstoð til þess að ná samningum um skuldir sínar og eftirgjafir skulda, er nægi til þess að koma skuldum þeirra til annara en skuldaskilasjóðs niður í ca. 75% á móti eignum.

Samkv. skýrslu milliþinganefndar í sjávarútvegsmálum 1933—1934 eru eignir þeirra útvegsmanna (3. og 4. flokks, er skulda 75% á móti eignum eða meira), sem lögum þessum er aðallega ætlað að ná til, metnar alls kr. 9157586.00. Sá hluti (15%) af upphæð þessari, sem skuldaskilasjóði er að jafnaði ætlað að lána, nemur kr. 1373637.90. Ekki er líklegt, að mat sjóðsins á eignum lánbeiðenda breyti þessum tölum svo neinu nemi. Því að þótt lægra mat á eignum minnki eitthvað lánin til hinna fyrrnefndu tveggja flokka, hlýtur það jafnframt að koma undir skuldaskilin mönnum, sem nú eru taldir til annars flokks. Ætti þetta að vega nokkurnveginn hvað á móti öðru, og lækkun eignanna þannig ekki að hafa nein veruleg áhrif á stofnfjárþörf sjóðsins.

Höfuðmarkmið þessara laga er að koma þeirri grein sjávarútvegsins, sem lögin ná til, á heilbrigðan fjárhagsgrundvöll. Þykir þetta eigi gert, nema lánbeiðendur séu eftir skuldaskilin solvent — ekki einungis að nafninu til, heldur raunverulega, þ. e. að skuldir þær, sem þeir eftir skuldaskilin eiga að standa straum af, nemi ekki meiru en raunverulegu verði eigna þeirra. — Það er því næsta áríðandi, að mat það, sem lagt verður til grundvallar við samningagerðina, sé rétt. — Nú er það alkunna, að því fer mjög fjarri, að núverandi fasteignamat segi rétt til um sannvirði fasteigna í landinu. Er því hvergi nærri einhlítt að leggja það til grundvallar við skuldaskilin. Sannvirði fasteigna hefir víðast hvar lækkað til muna síðan gildandi fasteignamat fór fram — en langmest í þeim plássum, þar sem sjávarútvegurinn hefir borið sig verst og er þar af leiðandi sízt fær um að standa straum af háum skuldum. Af þeirri ástæðu þótti óhjákvæmilegt að setja ákvæði um endurmat fasteigna, er framkvæmt verði eftir

föstum reglum og af fáum völdum mönnum, svo að í matinu verði yfirleitt sem mest samræmi og réttlæti.

Til þess er ætlazt, að eignir skuldaskilasjóðs renni óskiptar til Fiskveiðasjóðs, og þykir hlýða að veita sjóðnum þennan stuðning.

Þar eð skuldaskilasjóður hefir sama hlutverk að rækja fyrir sjávarútveginn og kreppulánasjóður fyrir landbúnaðinn, leiðir af líkum, að löggjöf þessi er að ýmsu leyti hliðstæð, og þykir því eigi þörf að láta greinargerð fylgja einstökum greinum frumvarpsins.

Nd. 98. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 22 6. okt. 1919, um hæstarétt, og lögum nr. 37 4. júní 1924, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Bergur Jónsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

1. gr.

5. gr. laga nr. 22 1919 orðist þannig:

Eigi má dóm setja með færri dómendum en 3.

Ef autt verður sæti forseta dómsins, kjósa hinir dómendurnir forseta í stað hans þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans. Ef forseti víkur sæti í máli eða forfallast, þá kjósa hinir dómendurnir forseta, meðan hins reglulega forseta er ekki kostur.

Nú víkur hæstaréttardómari sæti í máli, og velur þá dómsmálaráðherra, að fengnum tillögum dómsins, einhvern kennara lagadeildar háskólans eða einhvern meðal hæstaréttarmálflutningsmanna eða einhvern héraðsdómara, sem fullnægir skilyrðum þessara laga, til þess að vera skipaður dómari í hæstarétt, og er þeim skylt að taka við þeirri kvaðningu.

Nú forfallast dómari, eða sæti hans verður laust af öðrum ástæðum, og velur þá dómsmálaráðherra, að fengnum tillögum dómsins, einhvern lagakennara háskólans til að taka sæti í dóminum, þar til hinn reglulegi dómari tekur þar aftur sæti eða þar til nýr dómari verður skipaður.

Hæstiréttur ákveður þóknun handa dómurum, er taka sæti í dóminum í einstöku máli eða til bráðabirgða eftir þessari grein, fyrir hvert mál, er þeir taka þátt í dómi eða úrskurði.

2. gr.

6. gr. laga nr. 22 1919 breytist þannig:

a. Við 1. tölul. bætist:

Þó má veita þeim, er fengið hafa 2. einkunn við lagapróf, dómaraembætti, ef hæstiréttur mælir með honum, enda hafi hann sýnt sérstaka hæfileika sem fræðimaður í lögum eða lögfræðistörfum að öðru leyti.

b. 2. tölul. orðist þannig:

Hafi verið 3 ár hið skemmsta kennari í lögum við háskólann, hæstaréttarmálflutningsmaður, hæstaréttarritari, skrifstofustjóri í stjórnarráð-

inu, héraðsdómari, eða 5 ár fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu, lögmanns eða bæjarfógeta í Reykjavík, við samningu dóma og úrskurða, eða fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík við rannsóknir opinberra mála og samningu dóma í þeim, eða sýnt verulega yfirburði í lögfræði með fræðimennsku eða á annan hátt.

c. 4. tölul. fellur niður.

d. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo látandi:

Áður en dómaraembætti í hæstarétti er veitt, skal leita umsagnar dómsins um dómaraefni.

3. gr.

9. gr. laga nr. 22 1919 og 4. gr. laga nr. 37 1924 hljóði svo:

Hæstiréttur skipar dóminum ritara og ræður aðra starfsmenn dómsins. Hæstaréttarritari skal hafa lokið embættisprófi í lögum og fullnægja að öðru leyti almennum dómaraskilyrðum. Laun ritara skulu ákveðin í launalögum. Dómurinn ákveður þóknun annara starfsmanna sinna.

4. gr.

21. gr. laga nr. 22 1919 breytist þannig:

a. Fyrir „3 vikum“ í 1. tölul. komi: viku.

b. Fyrir „Fresturinn skal vera ... einkamálum í héraði“ í 1. málsgr. 2. tölul. komi: Frestur skal fara eftir lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í héraði.

c. Orðin „en eigi má hann lengri vera ... í þeim lögum“ í niðurlagi 2. málsgr. 2. tölul. falli burt.

5. gr.

22. gr. laga nr. 22 1919 breytist þannig:

Setningin „Skal sækjandi og verjandi ... þingfesting“ falli niður.

6. gr.

24. gr. laga nr. 22 1919 breytist þannig:

Fyrir „25 krónum“ í 2. málsgr. komi: 50 krónum.

7. gr.

37. gr. laga nr. 22 1919 breytist þannig:

Fyrir „14 dögum áður en mál skal þingfesta“ komi: viku áður en mál skal flytja munnlega.

8. gr.

44.—47. gr. laga nr. 22 1919 og 6. gr. laga nr. 37 1924 falli niður. En í stað þeirra komi nýr kafli, er verði VII. kafli, með fyrirsögn: Um uppsögu dóma og úrskurða o. fl.

9. gr.

44. gr. laga nr. 22 1919 orðist þannig:

Dóma og úrskurði skal kveða upp svo fljótt sem unnt er, þegar málflutningi er lokið, ef mál er munnlega flutt, og má þá að jafnaði ekki fyrir taka munnlegan flutning annars máls fyrr en dómur er ákveðinn.

10. gr.

45. gr. laga nr. 22 1919 og 6. gr. laga nr. 37 1924 orðist þannig:

Áður en dómur eða úrskurður er uppkveðinn, skulu dómendur ræða með sér fyrir luktum dyrum ástæður og niðurstöðu dóms eða úrskurðar, nema útivistardómur sé, og fer þá atkvæðagreiðsla fram. Atkvæði greiðir sá fyrstur, sem til er kjörinn hverju sinni, enda færi hann atkvæði sitt í letur, er verður frumvarp að dómi eða úrskurði. Nú greinast dómendur í meiri og minni hluta, og ákveður meiri hlutinn þá þann dómara, er frumvarp að dómi semur, en minni hlutinn semur þá sératkvæði. Síðan gengur dómurinn í heild eða þeir, er sammála verða, ef ágreiningur verður, frá dómi eða úrskurði.

Forseti stýrir ráðagerðum, ber fram spurningar og telur atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum.

11. gr.

46. gr. laga nr. 22 1919 orðist svo:

Nú er mál skriflega flutt, og skal þá sá dómari, sem þar til verður kjörinn, gera frumvarp að dómi eða úrskurði. Síðan ganga skjöl málsins og frumvarpið milli hinna dómendanna, er gera svo tillögur sínar um málið. Ef breytingartillögur koma fram við frumvarpið eða ágreiningur verður um forsendur eða niðurstöðu, skal fund halda um málið og ákveða dóm eftir því, er í 45. gr. segir.

Sá dómari, sem greitt hefir atkvæði með heimvísun máls, ómerkingu eða frávísun, en orðið í minni hluta, skal atkvæði greiða um efni máls eftir því, sem við á, og gildir það jafnt, hvort sem mál er flutt munnlega eða skriflega.

Öll atkvæði skal rita á samskonar arkir, er dómurinn leggur til, og skulu þær geymdar og innbundnar að lokum með sama hætti sem afsals- og veðmálabækur samkvæmt lögum nr. 30 7. maí 1928, og eru það atkvæðabækur dómsins.

12. gr.

47. gr. laga nr. 22 1919 orðist þannig:

Í dómi skal greina:

1. Nöfn aðilja, heimili og stöðu, ef unnt er.
2. Greinargerð um kröfur aðilja í einkamálum. Að því leyti, sem greinargerð um málsatvik í hinni áfrýjuðu dómsathöfn þykir ábótavant, skal úr því bætt í forsendum hæstaréttardóma. Ef og að því leyti, sem niðurstöðu áfrýjaðrar dómsathafnar er breytt í hæstarétti, skal hann rökstyðja breytinguna. Nú fellst hæstiréttur á niðurstöðu áfrýjaðrar dómsathafnar, og greinir hann þá rök sín í forsendum.

13. gr.

Á eftir 47. gr. komi ný (48.) gr., svo látandi:

Niðurlag dóms eða úrskurðar skal lesa upp í dómi í heyranda hljóði. Að því loknu skal þess getið, ef ágreiningur hefir verið um niðurstöðu, og lesa þá upp á sama hátt niðurlag ágreiningsatkvæðis.

Alla dóma hæstaréttar og úrskurði og öll ágreiningsatkvæði skal orðrétt birta jafnharðan í dómasafni hans, enda fylgi hverju bindi af því rækilegt efnis-

yfirlit. Sá af dómendum, sem dómurinn felur það, annast útgáfu dómasafnsins og fyrir þá þóknun, sem dómurinn ákveður.

14. gr.

Eftir 48. gr. komi ný (49.) gr., svo hljóðandi:

Dómar og úrskurðir skulu byggðir á því, sem fram hefir komið af hendi málflytjenda og sannað er eða viðurkennt.

Í opinberum málum er hæstiréttur þó ekki bundinn við kröfur málflytjenda, og er rétt að hækka refsingu eða lækka, sýkna eða sakfella, hvernig sem kröfur eru gerðar og hvort sem dómi er áfrýjað að tilhlutun ríkisvalds eða sökunauts.

15. gr.

Á eftir 49. gr. komi ný (50.) gr., svo hljóðandi:

Aðfararfrest skal engan setja í hæstaréttardóma, nema maður sé dæmdur til að vinna verk. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Dómsgerðir hæstaréttar skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans og nafni forseta undir.

Hæstaréttarritari undirritar dómseftirrit og önnur endurrit úr bókum eða skjölum dómsins.

16. gr.

VII. kafli laga nr. 22 1919 verði VIII. kafli og 48.—50. gr. verði 51.—53. gr.

17. gr.

VIII. kafli laga nr. 22 1919 fellur niður, að því leyti sem ákvæði hans eru enn í gildi.

18. gr.

IX. kafli laga nr. 22 1919 verði VIII. kafli, og breytist greinatalan samkvæmt því, er að framan segir.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þá er lög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal fella texta þeirra og þess, sem enn er í gildi af lögum nr. 37 1924, inn í texta laga nr. 22 1919 og gefa þau lög, þannig breytt, út sem lög um hæstarétt, og skal þá upphaf núverandi 57. gr. laga nr. 22 1919 hljóða svo:

Lög þessi koma til framkvæmdar þegar í stað. Með lögum um hæstarétt eru úr gildi numin eftirfarandi lagaákvæði:

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af lögfræðinganefnd þeirri, sem ákveðið var að skipa á síðasta þingi. Eru nefndarmenn allir í höfuðatriðum sammála um frv. Einar hæstaréttardómari Arnórsson hefir þó lýst yfir því, að hann teldi ekki heppilegt, að hið svokallaða dómaraþróf (4. liður 6. gr. laga nr. 22 frá 1919) yrði úr gildi fellt, en telur þó d-lið 2. gr. frv. til mikilla bóta, ef samþykktur yrði jafnhliða niðurfellingu dómaraprófsins.

Frumvarp þetta hefir að geyma nokkrar tillögur til breytinga á lögum um hæstarétt. Eru allmargar þeirra kunnar frá frumvörpum þeim, sem áður hafa legið fyrir Alþingi um fimmtardóm og æðsta dóm, en þó eru nokkrar nýjar. Verður hér gerð nokkur grein fyrir hverri þeirra um sig, eftir því sem þörf þykir.

Um 1. gr.

Í grein þessari er stungið upp á tveimur breytingum frá því, sem nú er. Í fyrsta lagi þeirri, að einhver kennara lagadeildar eða einhver hæstaréttarmálflutningsmanna, eða einhver héraðsdómari, sem rétt hefir til skipunar í hæstarétt, taki sæti dómara, er sæti víkur í máli, eftir vali dómsmálaráðherra, að fengnum tillögum dómsins. En eftir gildandi lögum tekur forseti nú **með hlutkesti** einn af kennurum lagadeildar. Þessi regla er ekki allskostar heppileg, því að hlutur kennara getur komið upp, sem kann að vera ófallinn til að taka sæti í dóminum. Með skipun, sem hér er lögð til, getur dómsmálaráðherra, að fengnum tillögum dómsins, tekið þann manninn, sem hann telur hæfastan til að dæma það mál, er fyrir liggur. Auk lagakennara eru margir af hæstaréttarmálflutningsmönnum eflaust einna hæfastir til að taka sæti í hæstarétti í forföllum hinna reglulegu dómara, enda kunnugastir störfum dómsins. Auk þess geta í hópi héraðsdómara, sérstaklega lögmenn og lögreglustjórar í Reykjavík og bæjarfógetar í öðrum kaupstöðum, verið vel hæfir dómarar. Og því er lagt til, að heimilt verði að taka mann úr þeim flokkum. Hinsvegar væri ekki fært að skylda þá til að skipa sæti um lengri tíma í dómi, því að það mundi koma í bága við atvinnu þeirra. Hin breytingin er sú, að dómurinn ákveði þóknun handa bráðabirgðadómara eftir þessari grein fyrir hvert mál, er hann tekur þátt í uppkvaðningu dóms eða úrskurðar. Má þá haga þóknun eftir fyrirhöfn og vanda, í stað þess sem hún nú er ákveðin jöfn, hvort sem mál er einfalt eða margbrotið og vandasamt. Virðist því öll sanngirni mæla með þessari breytingu.

Um 2. gr.

Á Alþingi 1932 báru þeir Einar Arnórsson, nú hæstaréttardómari, og Bergur Jónsson alþm. fram þá breytingartillögu við frv. til laga um fimmtardóm, að veita mætti lögfræðingum með 2. einkunn dómaraembætti, ef rétturinn mælti með því, enda hefði dómaraefni sýnt sérstaka hæfileika sem fræðimaður í lögum eða lögfræðistörfum að öðru leyti (sjá þskj. 121 frá 1932). Var breytingartillögu þessari vel tekið og náði hún samþykki í báðum deildum. 1. einkunn við embættispróf verður framvegis sem hingað til yfirleitt skilyrði fyrir skipun í Hæstarétt, en sanngjarnt er, þegar lögfræðingur hefir sýnt viðurkennda yfirburði, að líta meira á þá en það atriði, hvort hann hefir náð 1. eða 2. einkunn við próf. Er því þessi breytingartillaga þeirra Einars Arnórssonar og Bergs Jónssonar tekin hér upp í a-lið 1. gr.

Í b-lið 2. gr. er haldið þeim ákvæðum 6. gr. núgildandi laga, að dómaraefni þurfi að hafa gegnt í 3 ár skemmst þeim embættum, sem þar eru talin, eða hæstaréttarmálflutningsstarfi. Hinsvegar er orðið **skipaður** fellt burt, því auðvitað ná menn sömu æfingu og þroska í störfum, hvort sem menn gegna embættinu sem skipaðir embættismenn eða settir.

Ennfremur er í sama lið ákveðið, að skipa megi sem dómara í Hæstarétti fulltrúa í dómsmálaráðuneytinu, fulltrúa lögmanns eða bæjarfógeta í Reykjavík, sem vinna að samningu dóma og úrskurða, og fulltrúa lögreglustjórans í Reykjavík, sem vinna að sakamálarannsóknum, enda hafi þeir gegnt þessu starfi 5 ár hið skemmsta. Í frv. Jóns í Stóradal um æðsta dóm var samsvarandi nýmæli fyrst borið fram, en þó að því leyti víðtækara, að öllum fulltrúum lögmanns og lögreglustjóra var ætlaður rétturinn, en hér er hann bundinn við þá fulltrúa, sem einkum vinna að samningu dóma. Ennfremur er hér fulltrúum í dómsmálaráðuneytinu ákveðinn sami réttur, þar eð þeir vinna nær eingöngu að dómsmálum, og auk þess er það föst venja, að þeir séu skipaðir setudómarar í öllum einkamálum í Reykjavík og nágrenni, er reglulegur dómari víkur sæti. Farast Jóni í Stóradal svo orð um fulltrúana í greinargerð sinni fyrir frv. um æðsta dóm:

„Er það sannast að segja, að engir ungir lögfræðingar öðlast eins víðtæka og margháttaða æfingu í meðferð lögfræðilegra viðfangsefna og þessir menn, annarsvegar í opinberum málum en hinsvegar í einkamálum.“

Þykir vel til fallið að taka þetta nýmæli um fulltrúana upp í þetta frv., enda er það á vitorði allra, sem til þekkja, að fulltrúar þeir, sem hér um ræðir, öðlast margfalt meiri þekkingu og æfingu í dómstörfum en héraðsdómarar yfirleitt.

Loks eru í þessum lið ákvæði um, að skipa megi sem dómara mann, sem sýnt hefir verulega yfirburði í lögfræði með fræðimennsku eða á annan hátt. Hefir samsvarandi ákvæði áður legið fyrir Alþingi, bæði í frv. um fimmtardóm og frv. um æðsta dóm, og verið vel tekið af öllum, enda sýnist ekki unnt að mótmæla því með rökum.

Þá er í c-lið 2. gr. lagt til, að ákvæði 4. töluliðs 6. gr. hæstaréttarlaganna falli niður. Ákvæði þetta, um að dómaraefni skuli ganga undir sérstakt próf í Hæstarétti, var á sínum tíma tekið upp úr dönskum lögum, en er óþekkt í öllum öðrum löndum, samkvæmt upplýsingum frá sendiherra Íslands í Danmörku. Hefir það aldrei komið til framkvæmda hér á landi í þau 15 ár, sem Hæstiréttur hefir starfað. Í lögunum eru gerðar svo strangar kröfur til lögfræðilegrar þekkingar, hæfileika og reynslu þeirra manna, sem til greina geta komið sem hæstaréttardómarar, að algerlega er óþarft og óviðkunnanlegt að ætlast til, að þeir fari að ganga undir próf eftir margra ára embættistíma. Ákvæði þetta, sem bæði er úrelt og gagnslaust, á því að falla burt.

Loks er lagt til, að umsagnar hæstaréttar verði leitað áður en dómaraembætti er þar veitt. Slík tillaga var samþykkt á Alþingi 1932, og virðist ekki rangt, að dómurinn segi álit sitt á þeim, er þar vilja verða dómendur, og gæti veitingarvaldinu orðið nokkur styrkur að þeirri umsögn, því að dómendur í hæstarétti væru oft næstir manna til að gefa upplýsingar um dómarahæfileika þeirra, sem um dómaraembætti í hæstarétti sækja.

Um 3. gr.

Með því að hæstarétti er nú falin skipun ritara síns, virðist einnig eðlilegt, að hann ráði sendiboða dómsins og þá skrifstofuaðstoð, sem þurfa kynni, svo

sem stúlku til vélritunar. Skrifstofustörf dómsins aukast stöðugt með fjölgun málanna, sem nú eru orðin yfir hálft annað hundrað á ári, í stað 30—40 fyrstu árin 5, er dómurinn starfaði. Það virðist ekki heldur hættulegt að fela dóminum að ráða þóknun fyrir slíka aðstoð fremur en mörgum forstöðumönnum ríkisstofnana, sem ráða þjónustufólk og ákveða því borgun.

Um 4.—7. gr.

Breytingarnar í þessum greinum eru smávægilegar og aðeins gerðar til hallkvæmis, og sumar til að færa orð laganna til samræmis við venjur þær, sem skapazt hafa.

Um 8.—14. gr.

Aðalbreytingin, sem í greinum þessum felst, er sú, að svo verði um búið, að almenningur geti jafnan átt þess kost að kynna sér það, hvort allir dómendur hafi verið sammála um dómsúrlausnir hæstaréttar. Hefir Alþingi áður fallizt á breytingar í þessa átt. Sjá Alþt. 1932, B. bls. 1092—1094. Heppilegasta tilhögunin á þessu virðist sú, sem stungið er upp á í 12. gr. frv. Því yrði þá lýst jafnharðan og dómur er upp sagður, hvort ágreiningur hefði verið um niðurstöðu, og sú niðurstaða þá birt, en síðan öll ágreiningsatkvæði birt í dómasafni réttarins, alveg eins og sjálfir dómarnir. Þar með fá allir þeir, er vilja, sannar og réttar upplýsingar um ágreining dómenda, og geta fengið þá fræðslu af ágreiningsatkvæðum, sem vitanlega oft má fá.

Það er nýmæli, að skrá skuli öll atkvæði á arkir, sem í sama formati séu, og að þær séu síðan geymdar fyrst í skjalahefti og síðan bundnar inn, eins og afsals- og veðmálabækur eftir núgildandi lögum. Þetta virðist hagfelld tilhögun, og því sjálfsagt að taka hana upp.

Þá er stungið upp á því, að einum dómendanna, er dómurinn ákveður og til þess er fús, verði falin útgáfa dómasafns réttarins. Reynslan hefir sýnt, að tilhögun sú, sem á þessu hefir verið, hefir ekki verið hagfelld. Útgáfu dómanna sjálfra hefir verið ekki lítið ábótavant, en það er þó auðvitað, að þar má engu bríjála, og verður þar við að hafa mikla nákvæmni, ef vel skal vera.

Um tilhögun ráðagerða dómaranna, samningu frumvarpa að dómum og ákvörðun hans eru ákvæði frumvarpsins mjög svo eins og nú er í reyndinni og hefir reynzt hagfelld vinnubrögð. Hinsvegar þykir það einsætt, að dómararnir skipti með sér samningu dómsfrumvarpa. Er það bæði sanngjarnt og svo má þá hverju sinni fela hvert einstakt mál að þessu leyti þeim dómaranum, sem kann að hafa bezta þekkingu á sakarefni. Það virðist engin ástæða til að gera að þessu leyti upp á milli forseta og hinna dómaranna. Forseti verður jafnan eins starfhæfur og þeir, eins og nú er um hag embættismanna búið. Það er ekki heldur nokkur ástæða til þess, að hann segi síðast til um tillögur sínar eða álit. Því er það látið felast í tillögum frv., að forseti semji frumvörp að dómum að sínum hluta eins og hinir.

Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að skýra einstök ákvæði frv.

Nd. **99. Frumvarp til laga**

um sölu og flutning á kartöflum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að leggja fyrir innflutningsnefnd að takmarka, svo sem frekast þykir fært, og jafnvel fella niður með öllu veitingar leyfa til innflutnings á kartöflum þann tíma árs, sem nægar birgðir eru til í landinu af innlendum, markaðshæfum kartöflum. Þó skal þess gætt, að ganga eigi svo langt í takmörkun innflutnings á erlendum kartöflum, að hún leiði til verulegrar verðhækkunar á þeim til neyzlu í landinu, miðað við verðlag undanfarinna þriggja ára á sama tíma, og með hliðsjón af erlendu markaðsverði.

Við veitingu innflutningsleyfa á kartöflum skal, eftir því sem við verður komið og fært þykir, taka tillit til þess, hvort umsækjandi hefir verzlað með innlendar kartöflur og í hve stórum stil, og mælir það með leyfisveitingu, að öðru jöfnu, ef umsækjandi hefir lagt sig fram um sölu á innlendum kartöflum.

2. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að fela Búnaðarfélagi Íslands að safna skýrslum í tæka tíð um það kartöflumagn, er framleiðendur óska að selja af ársuppskeru hverri, svo og um það, á hvaða tíma kartöflurnar geta verið tilbúnar til flutnings á markaðsstaði.

Skylt er þeim mönnum, er Búnaðarfélag Íslands leitar til í þessum efnum, að gefa umbeðnar skýrslur.

3. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að ákveða með reglugerð, hvaða skilyrðum innlendar kartöflur skuli fullnægja, til þess að geta talizt markaðshæfar. Svo má og í reglugerð ákveða, að allar kartöflur, sem afgreiddar eru til sölu, nema beint til neytenda sé, skuli merktar upprunamerki, sem sé nafn sýslu og útflutningshafnar eða sveitarfélags, ef flutningur fer fram landveg, á spjald, er fest sé við hvern kartöflupoka.

Ákveða má í reglugerð allt að 100 króna sekt við brotum á henni.

4. gr.

Skylt er Skipaútgerð ríkisins að flytja innlendar kartöflur milli hafna fyrir hálft farmgjald, miðað við farmgjald af sambærilegum þungavörum.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 1000.00. Með mál út af slíkum brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi að tryggja betur en nú er innlendri kartöflufram leiðslu hinn innlenda markað, og um leið ýta undir ræktun á kartöflum með því að greiða fyrir flutningi þeirra og sölu innanlands. Undanfarin ár hafa verið fluttar inn til landsins kartöflur fyrir ca. 300 þús. kr. árlega, og má telja það óhæfu á þessum tímum, þegar gjaldeyriserfiðleikar og atvinnuleysi þjá þjóðina, og hinsvegar er vissa fyrir því, að Íslendingar gætu framleitt allar þær kartöflur, er þeir neyta nú, og þótt neyzlan ykist mikið frá því, sem er.

Nánar í framsögu.

Nd. 100. Frumvarp til laga

um bæjargjöld á Akureyri.

Flm.: Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar skal heimilt, til þess að standa straum af útgjöldum kaupstaðarins, að svo miklu leyti sem eigi þykir fært að ná nægjum tekjum handa bæjarfélaginu með niðurjöfnun útsvara, að leggja á allar vörur, sem fluttar eru til eða frá Akureyri, sérstakt vörugjald, er nemi allt að tvöföldu vörugjaldi til Akureyrarhafnar eins og það nú er eða verður á hverjum tíma, og skal ákveða upphæð gjaldsins, tilhögun innheimtu og annað, er þurfa þykir, með reglugerð, saminni af bæjarstjórn Akureyrar og staðfestri af atvinnumálaráðherra. Í reglugerð má og ákveða, að aðfluttar vörur megi eigi afhenda og eigi afgreiða vörur til útflutnings nema sýnd sé kvittun fyrir greiðslu gjaldsins.

2. gr.

Vörugjald þetta má taka lögtaki.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1935 og gilda til ársloka 1937.

Greinargerð.

Samhljóða frv. var flutt á síðasta Alþingi og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun bæjarstjórnar Akureyrar. Var ályktun um þetta efni samþykkt á bæjarstjórnarfundi af öllum fulltrúum bæjarins, að einum (fulltrúa kommúnista) undanskildum. Bæjarstjórn Akureyrar færir sem ástæðu fyrir tilmælum sínum um flutning þessa frumvarps, að útgjöld bæjarins fari hraðvaxandi ár frá ári, m. a. vegna aukinna framlaga til atvinnubóta, en gjaldþol bæjarmanna fari hinsvegar þverrandi, einkum vegna þess, hve mjög útgerðin hefir dregizt saman þar síðustu árin. Sé nú svo komið, að ókleift megi

telja að jafna þeirri upphæð niður á gjaldendur bæjarins með útsvörum eingöngu, er fullnægi brýnni tekjuþörf hans, og sé því eigi um annað að ræða en að leita annara úrræða. Þykir einna tiltækilegast að fara þá leið, sem hér er farið fram á að heimiluð verði um stundarsakir.

Það er kunnugt, að Akureyrarhöfn er ein af beztu höfnum landsins og hafnar- og bryggjugjöld eru þar ótrúlega lág. Það gjald, sem hér er farið fram á að heimilað verði að taka í bæjarsjóð, er því — sem betur fer — ekki tilfinnanlegt. Hér við má og bæta því, að bæjarstjórnin hefir ákveðið, ef frumvarp þetta verður að lögum að efni til, að breyta vörugjaldinu til hafnarinnar þann veg, að lækka það af þungavöru, en hækka það eitthvað af glysvarningi og munaðarvöru".

Til viðbótar skal það tekið fram, að bæjarstjórn Akureyrar hefir nú nýlega samþykkt af nýju með samhljóða atkvæðum ályktun, er fer í sömu átt og meginmálsgrein frumvarpsins.

Nd. 101. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á póstlögum, nr. 5 7. maí 1921, sbr. lög nr. 3 27. marz 1925.

Frá Sigurði Einarssyni.

Við 1. gr.

Í stað „15 aurar" komi: 20 aurar á tímabilinu frá 15. apríl til 14. október og 35 aurar á tímabilinu frá 15. október til 14. apríl.

Nd. 102. Frumvarp til laga

um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal ríkisstjórnin setja á stofn rannsóknar- og tilraunastofnun í þarfir atvinnuveganna, og nefnist hún Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands.

2. gr.

Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands skal skipt í þrjár deildir, og nefnast þær fiskideild, iðnaðardeild og búnaðardeild.

3. gr.

Fiskideildin skal hafa með höndum rannsóknir á síldar- og fiskigöngum, svif- og áturannsóknir og almennar haf- og vatnarannsóknir, að því leyti, sem þær teljast við koma fiskiveiðum landsmanna, og aðrar fiskirannsóknir, er atvinnumálaráðherra kveður á um.

Við deild þessa skal starfa einn fiskifræðingur.

4. gr.

Iðnaðardeildin skal hafa með höndum efnagreiningar fyrir allar deildir Rannsóknarstofnunarinnar, rannsóknir á matvælum og öðrum vörum, sem seldar eru á innlendum markaði, og á vörum, sem seldar eru úr landi, gerlarannsóknir og fjörvirannsóknir fyrir og í samvinnu við allar deildir stofnunarinnar, náma- og jarðfræðirannsóknir og fiskiðnaðarrannsóknir.

Við deild þessa skulu starfa fimm fræðimenn í fræðigreinum þeim, er að ofan getur.

5. gr.

Búnaðardeildin skal hafa með höndum jarðvegsrannsóknir með sérstakri hliðsjón af almennri jarðrækt, garðrækt, skógrækt og áburðarþörf jarðvegsins, jurtarannsóknir og jurtasjúkdómarannsóknir, búfjársjúkdómarannsóknir og rannsóknir á kynbótum búfjár.

Við deild þessa skulu starfa þrír fræðimenn í fræðigreinum þeim, sem að ofan getur.

6. gr.

Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands er skylt að framkvæma rannsóknir fyrir atvinnurekstur landsmanna eftir því, sem hún fær því við komið, gegn þóknun samkvæmt gjaldskrá, er atvinnumálaráðherra setur. Þó getur atvinnumálaráðherra ákveðið, að stofnunin skuli framkvæma rannsóknir endurgjaldslaust fyrir ríkið eða stofnanir, sem starfa í nánu sambandi við það.

7. gr.

Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands er heimilt að láta úti og selja hverskonar lyf, er hún vinnur sjálf eða útvegar frá öðrum rannsóknarstofnunum, samkvæmt gjaldskrá, er atvinnumálaráðherra setur. Ágóði af slíkri framleiðslu eða verzlun rennur til stofnunarinnar. Enginn starfsmaður stofnunarinnar má taka ágóðahluta af slíkri framleiðslu eða verzlun.

Rannsóknarstofnunin skal fylgja sömu reglum og lyfsalar um útlát eitraðra og hættulegra lyfja, til tryggingar því, að hætta stafi ekki af.

8. gr.

Atvinnumálaráðherra felur einum af starfsmönnum hverrar deildar Rannsóknarstofnunarinnar deildarstjórn til fimm ára í senn, og skal einn þeirra ráðinn forstjóri stofnunarinnar til sama tíma. Forstjóri skal hafa með höndum yfirstjórn stofnunarinnar og samræma í samráði við hina deildarstjórana störf deildanna á þann hátt, sem fyrir verður mælt í reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur. Forstjóri hefir 1000 kr. í aukaþóknun á ári hverju fyrir verk sitt. Leita skal álits viðkomandi deildarstjóra, er nýir starfsmenn eru ráðnir til stofnunarinnar.

9. gr.

Nú skipar atvinnumálaráðherra eigi alla starfsmenn, sem ræðir um í 3.—5. gr., um leið og Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands tekur til starfa, og er

honum þá heimilt að ráða fyrst um sinn menn til þess að gegna störfum til ákveðins tíma, að fengnum tillögum deildarstjóra.

Nú hafa þeir menn, sem ráðnir eru samkvæmt fyrstu málsgrein þessarar greinar, önnur störf með höndum samhliða, og skulu þá laun þeirra vera lægri en hinna, er fullt starf hafa við stofnunina.

10. gr.

Dýralæknum, sem eru í þjónustu ríkisins, starfsmönnum Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands, skólastjórum og kennurum búnaðarskólanna og öðrum starfsmönnum stofnana ríkisins eða þeirra, er styrks njóta frá ríkinu, skal skylt að láta stofnuninni aðstoð sína í té, hverjum á sínu sviði, eftir því, sem atvinnumálaráðherra telur nauðsynlegt. Heimilt er atvinnumálaráðherra að greiða fyrir slíka aðstoð samkvæmt reglugerð, er hann kann að setja.

11. gr.

Atvinnumálaráðherra getur, í samráði við Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands, falið dýralæknum og skólastjórum búnaðarskólanna með samningi að gera tilraunir á búfé, með því markmiði, sem Rannsóknarstofnunin starfar að, og ennfremur getur atvinnumálaráðherra látið fara fram tilraunir á peningi búa, sem rekin eru fyrir reikning ríkissjóðs.

12. gr.

Starfsmenn Rannsóknarstofnunarinnar, sem rætt er um í 3.—5. gr., taka laun sín samkvæmt launalögum, en þar til þau verða þar ákveðin, skulu þau ákveðin af atvinnumálaráðherra. Atvinnumálaráðherra ákveður, í samráði við Rannsóknarstofnunina, hversu margt starfsfólk skuli við hana starfa og hver laun þess skuli vera.

13. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar fimm manna nefnd, er séu fulltrúar atvinnuveganna og ríkisstjórnarinnar, og skal Rannsóknarstofnuninni skylt að ráðfæra sig við nefndina um viðfangsefni rannsókna sinna og leggja árlega fyrir hana til samþykktar skýrslu um fyrirhuguð viðfangsefni. Atvinnumálaráðherra skipar nefndina á þann hátt, að landlæknir skal vera einn nefndarmaður, einn skal tilnefndur af Fiskifélagi Íslands, einn af Búnaðarfélagi Íslands, einn af Landssambandi iðnaðarmanna og einn skal vera dýralæknir í þjónustu ríkisins. Nefndin starfar án sérstakrar þóknunar fyrir nefndarstörf.

14. gr.

Þegar því verður við komið, að dómi Rannsóknarstofnunarinnar og atvinnumálaráðherra, að tekin verði upp kennsla við Háskóla Íslands í þeim fræðigreinum, sem Rannsóknarstofnunin einkum fjallar um, skulu starfsmenn stofnunarinnar annast kennsluna. Kennarar Rannsóknarstofnunarinnar mynda þá sérstaka kennsludeild í háskólanum, og lýtur hún sömu almennum fyrirmælum um skipulag sem aðrar kennsludeildir háskólans.

15. gr.

Til Rannsóknarstofnunarinnar rennur það fé, sem háskólanum ber að greiða til ríkissjóðs í 10 ár sem einkaleyfisgjald fyrir Happdrætti Háskóla Íslands samkvæmt e-lið 1. gr. laga nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Rannsóknarstofnunin tekur til starfa þegar Háskóli Íslands hefir séð henni fyrir húsnæði, enda greiði Rannsóknarstofnunin til háskólans helming inn af því fé, er henni ber samkvæmt fyrri málsgrein þessara greinar, upp í byggingarkostnað.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 17 14. júní 1929, um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna, og efnarannsóknarstofan lögð niður.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun atvinnumálaráðherra, og fylgdi því svolátandi greinargerð:

„Á síðasta þingi flutti menntamálanefnd efri deildar að tilhlutun hæstv. kennslumálaráðherra frumvarp til laga um stofnun atvinnudeildar við Háskóla Íslands. Menntamálanefndin leitaði síðan álits Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélagsins og skipulagsnefndar atvinnumála um frumvarpið. Auk þess birti nefndin álitsskjöl um frumvarpið, er stíluð voru til Háskólans og rektors Háskólans, frá tveimur fræðimönnum, hr. Árna Friðrikssyni fiskifræðing, og hr. Trausta Ólafssyni efnafræðing. Allir þessir aðilar voru sammála um, að miklu skipti fyrir framtíð atvinnuvega landsmanna, að hafin væri skipulögð vísindaleg starfsemi til stuðnings þeim, en hinsvegar virtist ýmsum, sem frumvarpið um atvinnudeildina við háskólann greiddi naumast viðunanlega fram úr málinu. Litu þeir svo á, að með stofnun atvinnudeildarinnar væri í raun og veru engu bætt við þá vísindalegu starfrækslu í þessum efnum, sem nú er fyrir, en hún aðeins tengd meira saman en áður hefir verið. Hinsvegar er svo bráð þörf fjölbreyttari aðgerða, að rétt þótti að láta málið með engu móti niður falla. Málið var ekki afgreitt á síðasta þingi, en skipulagsnefnd atvinnumála var falinn frekari undirbúningur fyrir þetta þing af ríkisstjórninni, og hefir hún samið þetta frumvarp til laga um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands.

Í málskjölum þeim, sem lögð voru fyrir síðasta þing, var svo greinilega bent á þörfina á slíkri rannsóknarstofnun, sem hér er rætt um, að ekki virðist ástæða til þess að rekja það atriði eða bæta þar um, en leitazt skal við að gera nokkra grein fyrir störfum deilda stofnunarinnar og sambandi þeirra innbyrðis eins og gert er ráð fyrir því í frumvarpinu. Þess skal getið, að leitað hefir verið álits ýmsra fræðimanna, sem helzt var ástæða til þess að ætla, að skilyrði hefðu til þess að átta sig á starfsemi þeirri, er hér er fyrirhuguð, og er

í greinargerð þessari höfð sérstök hliðsjón af bendingum frá Árna Friðrikssyni fiskifræðing, um starfsemi væntanlegrar fiskideildar, Trausta Ólafssyni efnafræðing, um starfsemi iðnaðardeildar, og prófessor Niels Dungal og Hákoni Bjarnasyni skógfræðing, um starfsemi búnaðardeildar.

Rannsóknardeildir stofnunarinnar eru þessar þrjár, er nú hafa verið taldar, og því tengdar við höfuðatvinnuvegi landsmanna — fiskiveiðar, iðnað og landbúnað.

Rannsóknir fiskideildarinnar hafa aðallega tvennskonar markið. Önnur snýr að því, að útgerð sú, sem rekin er að staðaldri, sé reist á sem fullkomnastri þekkingu landsmanna á lifnaðarháttum nytjafiskanna, en hin veit að því að finna nýjar leiðir, sem útgerðin geti notað, jafnframt gömlum, viðurkenndum aðferðum.

Til þess að sem mestur afli náist með sem minnstri fyrirhöfn og sem minnstum tilkostnaði, ber nauðsyn til, að þekkingin á stofnum nytjafiskanna sé eins staðgóð og frekast er unnt. Er því svo til ætlazt, að sérstök áherzla verði lögð á að kynnast til fullnustu ísl. þorsk- og síldarstofninum. Nákvæmlega þarf að fylgjast með því, hvernig klakið lánast á hverju ári, og hvort árgangarnir, sem skapast á hverju vori, verða sterkir eða veikir. Einnig þarf að kynnast því, hversu mikill hundraðshluti af mismunandi fisktegundum deyr á ýmsum aldri, bæði af náttúrlegum orsökum og vegna aflans. Þegar fullnaðarvissa er fengin um þessi atriði, er talið, að segja megi til um með ákveðnum fyrirvara, hvernig afli muni verða; ennfremur skýrist, hvaða áhrif veiðiskapurinn hefir á stofninn, og þar með, hvort hann muni þola meiri veiði og hvort afli muni minnka, ef sóknin sé aukin með ákveðnu hlutfalli. Loks verður athugað, hvernig göngur fiskanna falla, en þar koma mjög til greina rannsóknir á eðlisfræði sjávarins (seltu, hita o. s. frv.).

Mjög mikil líkindi eru til þess, að með vísindalegri forystu mætti þoka mörgu til umbóta fyrir útveginn um nýjar veiðiaðferðir. Til er fjöldi veiðarfæra, sem almennt eru notuð í öðrum löndum með góðum árangri, og ættu sennilega að miklu leyti við hér (t. d. „beamtrawl", „skovlvaad", „rækjutroll", „síldartroll" o. fl.). Þá er og meira og minna kunnugt um ýms verðmæti, sem nú liggja ónotuð í skauti sjávar, og má þar til nefna rækjur. Og að lokum má benda á, að líkindi eru fyrir því, að fiska megi á öðrum stöðum og öðrum tímum en nú er gert. Enda voru á síðasta þingi gerðar ráðstafanir til þess, að rannsóknir verði hafðar á síldargöngum, í því skyni að gengið verði úr skugga um, hvort síld verði ekki veidd á öðrum stöðum og öðrum árstímum en hingað til hefir tíðkazt.

Hér hefir enn ekki verið á það minnzt, sem gert er þó ráð fyrir í frumvarpinu, að fiskideildin láti einnig til sín taka rannsóknir á fiskilífi í vötnum og ám landsins. Í þessu efni er þeirra mikil þörf, og yfirleitt má segja, að fiskirannsóknunum sé ætlað að verða „veðurfræði og áttaviti" fyrir fiskiveiðar landsmanna, eins og Árni Friðriksson hefir orðað tilgang þeirra.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að einn fiskifræðingur starfi við fiskideildina. Sennilegt er, að þessi maður komist ekki lengi af án nokkurrar aðstoðar, ef starfið á að verða rekið með því kappi, sem þörf er á, en ekki þótti

ástæða til þess að gera ráð fyrir aðstoðarfólki í grein þeirri, er einkum fjallar um þessa deild stofnunarinnar, með því að ekki er líklegt, að um sérfræðilega aðstoð þurfi að vera að ræða í náinni framtíð, en hinsvegar gert ráð fyrir í frumvarpinu, að atvinnumálaráðherra geti veitt úrlausn, ef þörf aðstoðar verður knýjandi.

Iðnaðardeildin er miðstöð stofnunarinnar að því leyti, að í henni er gert ráð fyrir flestum starfsmönnum og að henni er ætlað að hafa margvísleg störf með höndum fyrir hinar deildirnar. Skal hér drepið á nokkur atriði, sem líklegt er, að sérstök áherzla verði lögð á í starfi deildarinnar.

Fóðurefnarannsóknir. Þar til má nefna efnarannsóknir á heyi, fóðurblöndun og ýmiskonar kjarnfóðri. Efnarannsóknarstofan hefir sinnt töluvert slíkum rannsóknum, meðal annars við fóðurtilraunir, sem Búnaðarfélag Íslands hefir látið fara fram. En þessar athuganir þyrftu að aukast að miklum mun, með því t. d. að framfylgja lögum nr. 28 27. júní 1921, um verzlun með tilbúinn áburð og kjarnfóður. Þá koma og hér til greina efnagreiningar á grasi og öðrum jarðargróðri í sambandi við ræktunartilraunir og gróðrarathuganir.

Jarðvegsrannsóknir. Efnarannsóknarstofan hefir einnig fengizt nokkuð við slíkar rannsóknir, til þess að ákveða þau efni, sem jafnan er skortur á við jarðrækt. Einstöku mælingar hafa verið gerðar á súrleika jarðvegs, en eðlisástand hans lítið rannsakað. Á því er þó nauðsyn, þegar ákveða skal áburðarþörf jarðvegs og ræktunarskilyrði yfirleitt. Í sambandi við starf búnaðardeildarinnar hlýtur að verða stórkostleg aukning á þessu.

Áburðarrannsóknir. Það er eins um þetta efni og þau, sem drepið hefir verið á, að efnarannsóknarstofan hefir haft slíkar rannsóknir nokkuð með höndum, en þó langsamlega minna en hún telur sjálf nauðsyn á. Telur forstöðumaður hennar óhjákvæmilegt að koma á eftirliti með útlendum áburði, samkvæmt lögum, sem áður var minnzt á, og láta fara fram rannsóknir á innlendum áburðarefnum og hagnýting þeirra. Þar kemur meðal annars til athugunar, hvort unnt sé að nota þang og þara á einhvern hátt til áburðar. Þá kemur í þessu sambandi einnig til greina, að hér eru óþrjótandi námur af kalksandi (skeljasandi), sem í er allt að 90% af kolsúru kalki, en það er eitt aðalhráefnið í kalksaltpétri, sem mikið er notaður til áburðar. Ekki er kunnugt, hvort kalksandur hefir verið notaður nokkuð við nýræktun á jarðvegi, en talið er sennilegt, að hann gæti gert mikið gagn, sérstaklega við ræktun á mýrarjarðvegi.

Rannsóknir á ýmsum sjávarafurðum. Þær rannsóknir, sem hingað til hafa farið fram á þessu sviði, hafa yfirleitt verið gerðar fyrir kaupsýslumenn og algerlega háðar óskum þeirra. En hér þarf nauðsynlega að taka upp sjálfstæðar rannsóknir á fiskifangi landsmanna. Fyrst og fremst væri eðlilegt, að efnarannsóknarvottorð fylgdi meðalalýsissendingum til útlanda, sem enn er ekki gert ráð fyrir í gildandi lögum um vinnslu, verkun og mat á meðalalýsi, eins og fyrirskipað er t. d. í Noregi. En auk þess er því nær með öllu óleyst úr þeim gátum, hvernig allskonar iðnaðarframleiðslu verði komið við á sjávarafurðum vorum. Lýsið eitt út af fyrir sig er mjög mikilsverður þáttur í slíkum við-

fangsefnum, og er t. d. herðing á síldarlýsi eitt atriðið, sem skjótlega þyrfti rannsóknar við. Slíkar teknisk-kemiskar rannsóknir eins og þær, er nú voru nefndar, mundu að sjálfsögðu verða mjög margþættar, er rannsóknarstofnunin væri komin á fót, því allskonar framkvæmdir um iðnað úr innlendum efnum mundu óhjákvæmilega þurfa þeirra við.

Rannsóknir á leirtegundum hafa nokkrar farið fram, en þó eru þær aðeins upphaf þess, sem ætla má, að nauðsynlegt verði talið að leysa úr í náinni framtíð. Meðal annars kemur hér til greina athugun á möguleikum fyrir aluminiumvinnslu, sementsgerð og leirbrennslu. Í nánu sambandi við slík viðfangsefni eru einnig rannsóknir á steinaríki landsins, með leit að nytjamálmum eða verðmætum steintegundum fyrir augum. Gull hefir fundizt hér, en órannsakað er þetta nema aðeins á yfirborðinu, en lítt verjandi verður talið að gera ekki frekari athuganir í þessu efni. Og þeir, sem bezt eru að sér um jarðfræði landsins, telja þekkinguna á þessum efnum ná svo skammt, að enn verði sama sem ekkert um það sagt, yfir hverjum verðmætum landið kunni að búa.

Rannsóknir á byggingarefnum allskonar mundi rannsóknarstofnunin ennfremur hafa með höndum. Þetta er að vísu náskylt sumum þeim atriðum, sem drepið hefir verið á í síðustu málsgrein hér að framan, en auk þeirra skal aðeins bent á rannsóknir á efnum til kuldavarnar, og eru líkindi talin fyrir því, að hentug efni til slíkra hluta séu til í landinu.

Mjólkurrannsóknir hafa nokkuð verið stundaðar af Efnarannsóknarstofunni fyrir Reykjavík og Hafnarfjarðarkaupstað, þótt um eiginlegt eftirlit hafi ekki verið að ræða. Slíkt eftirlit í einhverri mynd virðist vera nauðsynlegt, og er þá eðlilegt, að rannsóknarstofnunin hefði þær með höndum. Þá verður og heldur ekki komizt hjá að efna til *almenns matvælaeftirlits*. Þetta þing mun fjalla um frumvarp til laga um þetta efni, og er þar gerð grein fyrir nauðsyn slíkrar starfsemi, svo um það skal ekkert frekar rætt hér. En beinast liggur við að tengja þetta starf við rannsóknarstofnunina.

Í sambandi við ýmsa þætti rannsóknarstofnunarinnar í öllum deildum stofnunarinnar verða *gerlarannsóknir* og *fjörvirannsóknir*.

Eins og sjá má af því, sem hér að framan hefir verið sagt um starfsemi iðnaðardeildarinnar, þá mundi búnaðardeildin hafa af henni margvíslegan stuðning. Viðfangsefni búnaðardeildarinnar yrðu einkum bundin við þær greinir, er getur hér á eftir.

Jarðvegs- og fóðurrannsóknir.

Jarðvegsrannsóknir verða, eins og drepið hefir verið á hér að framan, fyrst og fremst að leysa úr, hver áburðarþörf íslenzks jarðvegs muni vera. Jarðvegur hér á landi er að töluverðu leyti annars eðlis en jarðvegur nágrannalandanna. Fyrir þær sakir mun og áburðarþörfin vera önnur. Hér á landi hafa menn leitazt við að prófa sig áfram til þess að komast að raun um, hvernig bera skuli á til þess að fá sæmilega uppskeru. En talið er, að varla fari hjá því, að á ári hverju sé miklum tilbúnum áburði ausið á jörðina, sem eigi skilar sér aftur sem jarðarafrakstur. Í því sambandi er meðal annars bent á, að áburður eins og nitrophoska, sem mikið hefir rutt sér til rúms á síðari árum, sé áburðartegund, sem blönduð sé fyrir þýzkan jarðveg, og það verði að telj-

ast ótrúleg hending, ef þessi dýra áburðartegund væri hentugust áburðarblanda fyrir íslenzka mold. Svo er og með öllu órannsakað mál, hvaða áburðartegundir séu heppilegastar fyrir ýmsar tegundir ræktaðra jurta, t. d. kartöflur. En kunnáttumönnum virðist margt benda til þess, að kartöfluuppskeruna mætti auka töluvert með öðruvísi áburðartegundum en nú eru einkum notaðar.

Eins og bent hefir verið á, er svo til ætlazt, að um náið samband verði að ræða milli efnafræðinga iðnaðardeildarinnar og starfsmanna búnaðardeildarinnar um jarðvegs- og fóðurrannsóknirnar. En sennilega þyrfti búnaðardeildin að hafa nokkuð jarðnæði til tiltölulega nálægt vinnustofunum, þar sem margvíslegar tilraunir gætu farið fram.

Búnaðardeildin mundi leggja mikla áherzlu á baráttuna við plöntusjúkdóma. Þeir sjúkdómar hafa aukizt mikið á ýmsum nytjajurtum á síðari tímum. Einna tilfinnanlegust hefir kartöflusýkin verið, en meðal annara sjúkdóma hefir orðið vart ryðsveppa, sem skemma töðuna. Sumir halda því fram, að nauðsyn sé á fræðimannlegu eftirliti með innflutningi lifandi jurta og fræja.

Mikilsverður þáttur í starfi þessarar deildar yrðu rannsóknir í sambandi við heyverkun. Telja kunnáttumenn, sem eigi verði úr því skorið með efnagreiningum einum, hver breyting verði á heyi er það hrekst, heldur þurfi til þess margvíslegar aðrar rannsóknir. Á þetta atriði verður naumast of mikil áherzla lögð í þessu fjárfellanna landi.

Rannsóknir á húsdýrasjúkdómum hafa verið reknar um nokkurt skeið hér á landi með góðum árangri, en enn sem komið er hafa þær rannsóknir verið bundnar við aðeins nokkrar tegundir sjúkdóma þeirra, er þjá skepnur vorar.

Búnaðardeildin mundi að lokum fást við kynbótarannsóknir á búfé.

Eins og það ber með sér, sem hér hefir verið bent á um væntanleg störf deildanna, þá eru þau svo samfléttuð, að naumast verður með öllu aðgreint, hvar ein deildin endar og önnur hefst. T. d. er ekki óliklegt, að fjörvirannsóknir og gerlarannsóknir og ýmsar biokemiskar athuganir í sambandi við þær yrðu sérstaklega tengdar við búnaðardeildina, en þó þótti hlýða að nefna þær með störfum iðnaðardeildarinnar, sem yrði nokkurskonar miðdeild stofnunarinnar í heild.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að fimm fræðimenn starfi við iðnaðardeild og þrír við búnaðardeild. Af þeim ástæðum, sem nú hefir síðast verið bent á, um hve nátengdar deildirnar eru hver annari, er það hugsanlegt, að spara megi í byrjun mannahald frá því, sem gert er ráð fyrir í 3.—5. gr. frumvarpsins. Fyrir þær sakir er og heimilt fyrir atvinnumálaráðherra að sleppa því að skipa menn í öll þessi störf í upphafi, ef svo virtist, er stofnunin kæmi á fót, að unnt yrði að komast af með færri menn. Meðal annars er talið sennilegt, að sá maður, er fengist við jurta- og jurtasjúkdómarannsóknir, gæti framan af fengizt við önnur skyld störf, svo sem kennslu í náttúrufræði við æðri skóla. Eins þykir eðlilegt, að sá maður, er annaðist skógræktarstjórnina í landinu, hefði aðstöðu til þess að veita forstöðu jarðvegsrannsóknum búnaðardeildarinnar. Ef kennari við háskólann annaðist að miklu leyti búfjársjúkdómarannsóknirnar, mundi hann að sjálfsögðu heldur ekki þurfa að þiggja full starfslaun hjá Rannsóknarstofnuninni. Ef líkt stæði á og nú hefir verið bent á, mundi ráðherra að sjálf-

sögðu gera sérstakan samning við hlutaðeigandi starfsmenn, með það fyrir augum að spara útgjöldin. En ef gert er ráð fyrir, að einungis þrír þeirra fræðimanna, sem um er rætt í 3.—5. gr., hefðu önnur störf með höndum, virðist mega áætla um árlegan kostnað af Rannsóknarstofnuninni svo sem hér segir:

Laun 6 fræðimanna, kr. 8000.00 hver	kr.	48000
Laun þriggja fræðim. er jafnframt hefðu önnur störf með höndum	—	10000
Þóknun til forstjóra	—	1000
Laun tveggja aðstoðarmanna	—	10000
Laun sex stúlkna	—	12000
Hiti, ljós, ræsting, skattur, umsjón	—	10000
Áhöld og efni	—	10000
Rannsóknir utan stofnunarinnar (ferðakostnaður o. fl.)	—	10000
Skrifstofukostnaður	—	3000
Samtals	kr.	114000

Nú hefir Efnarannsóknarstofan haft hin síðari árin um kr. 18000 styrk til jafnaðar úr ríkissjóði. Sá styrkur félli í burtu. Þrjár stúlkur hafa starfað að búfjárlyfjagerð. Fyrir kaupi þeirra er gert ráð í áætluninni hér að framan. Þá hefir Fiskifélagið greitt kr. 11700 fyrir fiskirannsóknir og jafnframt styrkt mann til fiskiðnaðarnáms, er það hefir fyrirhugað að hafa í þjónustu sinni. Virðist því mega lækka styrkinn til Fiskifélagsins um 17—18 þús., er Rannsóknarstofnunin tæki að sér greiðslu til þessara manna. Til jarðvegsrannsókna hefir undanfarið verið greitt kr. 5000. Sú upphæð félli niður. Af þessu sést, að frá ofannefndum kr. 114000 mætti draga 42 þús., og yrði þá árlegur kostnaðarauki við þessar rannsóknir kr. 72000. Tekjur af efnagreiningum eru mjög lágt reiknaðar kr. 10000, ef þær efnarannsóknir yrðu framkvæmdar, sem gert hefir verið ráð fyrir hér að framan. Ef stofnuninni yrði falið á hendur eftirlit með vörum, væri lágt áætlað að telja tekjur af því starfi kr. 15000. Og aðrar vörurannsóknir, svo sem gerlarannsóknir, fjörvirannsóknir o. fl., má áætla, að gefi af sér eigi minna en kr. 5000. Þá yrðu lyfjarannsóknir, sem áætla má af reynslu undanfarinna ára kr. 30000. Frá kr. 72000 dragast því kr. 60000, og yrði því raunveruleg árleg hækkun til rannsóknarstarfseminnar kr. 12000 á ári, ef ekki er höfð hliðsjón af stofnkostnaði við byggingar stofnunarinnar. En þessi upphæð yrði sennilega ekki fjarri því, sem rannsóknarstofnunin fengi til jafnaðar á ári með því tillagi, sem gert er ráð fyrir í fyrri málsgrein 15. gr.

Eins og þegar kemur fram í fyrirsögn frumvarpsins, er svo til ætlazt, að rannsóknarstofnun sú, sem hér er um rætt, verði tengd við Háskóla Íslands. Ber það fyrst til um þá ráðstöfun, að eðlilegt virðist að tengja vísindalega starfsemi í landinu sem mest við þessa æðstu menntastofnun vora, og eins hitt, að brýn þörf virðist á því, að þeir, er leggja vilja fyrir sig æðra nám, eigi þess einhvern kost að nema hagnýtari fræði en nú er kostur á hérlendis. Nú er að vísu ekki gert ráð fyrir því í frv., að kennsla verði tekin upp í þeim fræðigreinum, er einkum koma til greina við Rannsóknarstofnunina, um leið og hún tekur til starfa. En hinsvegar er slík stofnun fyrsta sporið til þess, að þessari kennslu verði komið

hér við á komandi árum. Fyrir þessar sakir hafa þær raddir heyrzt frá ýmsum forráðamönnum háskólans, að eðlilegt væri, að fyrstu tekjum háskólans af happdrættinu yrði varið til þess að reisa byggingu fyrir þessa stofnun. En með því að þetta mundi óhjákvæmilega seinka háskólabyggingunni sjálfri nokkuð, þykir sanngjarnt, að samstarf verði með löggjafarvaldinu og háskólanum um þetta efni á þann hátt, að helmingurinn af því gjaldi, sem nú rennur í ríkissjóð fyrir einkaleyfið fyrir happdrætti Háskóla Íslands, renni til háskólans upp í byggingarkostnað Rannsóknarstofnunarinnar, en hinn helmingurinn fari til þeirrar stofnunar sjálfrar. Má áætla það fé, er á þann hátt rynni til háskólans, rúmar 100000 kr. fyrir öll tíu ár einkaleyfistímans, en byggingarkostnaður Rannsóknarstofnunarinnar yrði sennilega nálægt helmingi hærri.

Eins og frv. í heild sinni ber með sér, er svo til ætlazt, að þær rannsóknir, sem stofnun þessi fengist við, verði til þess að lyfta undir atvinnuvegi landsmanna. En til þess að sem nánast samband verði milli stofnunarinnar og atvinnuveganna, er ráð fyrir því gert, að fulltrúar atvinnuveganna og ríkisstjórnarinnar hafi samstarf með Rannsóknarstofnuninni á þann hátt, að þeir fjalli með starfsmönnum hennar um þau viðfangsefni, er rannsóknirnar einkum beinast að á hverjum tíma. Eru fyrir þessu fordæmi um líkar stofnanir í nágrannalöndum vorum, og þykir vel fara á, enda með öllu nauðsynlegt.

Í frv. þetta hafa verið tekin nokkur þörf fyrirmæli úr lögum nr. 17 14. júní 1929, um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna, en með því að frv. kemur að nokkru leyti í þeirra laga stað, er ætlazt til, að þau verði úr gildi numin. Eins er ætlazt til, að numin verði úr gildi þau ákvæði í lögum nr. 37 28. jan. 1935, um heimild rannsóknarstofnana ríkisins til lyfjasölu í sambandi við rannsóknir sínar, sem eðlilegast virðist að tengja beint við þetta frumvarp. Með stofnun Rannsóknarstofnunar Háskóla Íslands er ekki lengur þörf á Efnarannsóknarstofunni, og er því svo fyrir mælt í frv., að hún skuli lögð niður."

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 4. marz 1935.

Um leið og ég endursendi yður, hæstvirti ráðherra, frv. til laga um Rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands, ásamt greinargerð, leyfi ég mér að tjá yður, að meiri hluti háskólaráðs hefir á fundi í dag samþykkt að fallast á frumvarpið með því skilyrði, að úr 16. gr. falli burt orðin: „fyrri málsgrein 1. gr. og 2. gr. laga nr. 37 28. jan. 1935, um heimild rannsóknastofnana ríkisins til lyfjasölu í sambandi við rannsóknir sínar".

Háskólaráðið vill áskilja sér rétt til þess að koma fram með breytingartillögur á þingi, ef þurfa þykir, eftir nánari athugun á frumvarpinu.

sign. Alexander Jóhannesson,
rektor.

Til kennslumálaráðherra.

Ed. 103. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina að innheimta ýms gjöld 1936 með viðauka.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta tekju- og eignarskatt álagðan 1936, samkvæmt lögum nr. 6 9. janúar 1935, með 10% viðauka. Þó skal eigi innheimta álag, sem nemur minna en 3 kr. hjá gjaldanda.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1936 að innheimta með 25% viðauka tolla af allskonar áfengum drykkjum (sbr. 2., 3. og 4. tölulið 1. gr. laga nr. 41 27. júní 1921, sbr. og lög nr. 73 29. desember 1934, um breyting á þeim lögum), ávaxtasafa og berjasafa, gosdrykkjum allskonar, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, sódavatni, tegrasi, unnu og ónunnu tóbaki, hverskonar sem er, tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum), öllum tegundum af suðusúkkulaði og iðnsúkkulaði, kakódeigi, kakódufti, kakóbaunum, öllum tegundum af brjóstsykri, konfekti, átsúkkulaði og sykruðum ávöxtum, svo og af vitagjaldi, aukatekjum ríkissjóðs, þeim sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, I—VI kafla, stimpilgjaldi, samkv. lögum nr. 75 27. júní 1921 og ennfremur af verðtolli (sbr. lög nr. 47 15. júní 1926, lög nr. 5 3. apríl 1928 og lög nr. 11 2. júní 1933), þó ekki af verðtolli af vörum þeim, er greinir í lögum nr. 83 19. júní 1933 og auglýsingu nr. 106 29. júní 1933, og eigi heldur af skófatnaði, öðrum en *lakk-, flos- og silkiskóm, og oliufatnaði.*

Viðaukinn sé reiknaður þannig, að hver toll- og gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast ½ eyrir eða ½% eða hærra sem heill eyrir eða heilt prósent, en minna broti skal sleppt.

Gengisviðauki sá á aukatekjum ríkissjóðs og stimpilgjaldi, er um ræðir í þessari grein, tekur þó ekki til greiðslna fyrir embættisverk, sem framkvæmd eru, eða fyrir skjöl, sem gefin eru út vegna framkvæmdar á lögum nr. 78 19. júní 1933, um kreppulánasjóð.

Risi ágreiningur um það, hvort reikna skuli gjaldið með 25% viðauka eða ekki, sker fjármálaráðuneytið úr.

3. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal til ársloka 1936 heimilt að innheimta með 80% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1936.

Ed. 104. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Flm.: Þorsteinn Briem.

Við 1. gr. 7. lið. Liðurinn orðist svo:

Framlögum skv. 5. gr. laga nr. 34 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., skal frestað til ársloka 1936, ef sett verða fyrir þann tíma lög um breyting á jarðræktarlögum, er fela í sér hækkun á styrk til framræslu, safngryfja og votheys- og þurrheyshlöðubygginga.

Nd. 105. Frumvarp til laga

um stofnun atvinnudeildar og rannsóknarstofnunar við Háskóla Íslands.

Flm.: Thor Thors, Garðar Þorsteinsson.

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal setja á stofn nýja deild, er nefnist atvinnudeild.

2. gr.

Í atvinnudeild skulu vera 1 prófessor í búnaðarvísindum, 1 prófessor í fiskifræði og 1 prófessor í efnafræði. Auk þess skulu vera í deildinni dócentar og aukakennarar, eftir nánari ákvæðum í reglugerð, þó ekki fleiri en 6 samtals.

3. gr.

Um skipun kennara, skipulag deildarinnar og samband hennar við háskólann fer eftir háskólalögum. Um kennslu og próf skal ákveða í háskólareglugerð í samræmi við háskólalög, en þó má fresta að veita deildinni prófréttindi að einhverju leyti eða öllu. Laun kennara fara eftir launalögum, en þó ákveður ráðherra laun aukakennara.

4. gr.

Í sambandi við atvinnudeild skal starfrækja rannsóknar- og tilraunastofnun í þágu atvinnuveganna.

5. gr.

Rannsóknarstofnun þessi skal skiptast í þrjár deildir, og nefnast þær búnaðardeild, fiskideild og iðnaðardeild.

6. gr.

Búnaðardeildin skal hafa með höndum jarðvegsrannsóknir, með sérstakri hliðsjón af almennri jarðrækt, garðrækt, skógrækt og áburðarþörf jarðvegarins, jurtarannsóknir og jurtasjúkdómarannsóknir og rannsóknir á kynbótum búfjár.

7. gr.

Fiskideildin skal hafa með höndum rannsóknir á fiskigöngum, svif- og áturannsóknir og almennar haf- og vatnarannsóknir að því leyti, sem þær teljast við koma fiskiveiðum landsmanna, og aðrar fiskirannsóknir, sem þörf verður talin á.

8. gr.

Iðnaðardeildin skal hafa með höndum efnagreiningar fyrir allar deildir rannsóknarstofnunarinnar, rannsóknir á matvælum og öðrum vörum, sem seldar eru á innlendum markaði, og á vörum, sem sendar eru úr landi, fyrir og í samvinnu við allar deildir stofnunarinnar, náma- og jarðfræðirannsóknir og fiskiðnaðarrannsóknir.

9. gr.

Rannsóknarstofnuninni er skylt að framkvæma rannsóknir fyrir atvinnurekstur landsmanna, eftir því sem hún fær því við komið, gegn þóknun samkv. gjaldskrá, er ráðherra setur. Þó getur ráðherra ákveðið, að stofnunin skuli framkvæma rannsóknir endurgjaldslaust fyrir ríkið eða stofnanir, sem starfa í nánu sambandi við það.

10. gr.

Rannsóknarstofa háskólans annast rannsóknir á búfjársjúkdómum, svo og gerla- og fjörvirannsóknir fyrir rannsóknarstofnun atvinnudeildar.

Dýralæknum, sem eru í þjónustu ríkisins, starfsmönnum Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands, skólastjórum og kennurum búnaðarskólanna og öðrum starfsmönnum stofnana ríkisins eða þeirra, er styrks njóta frá ríkinu, skal skylt að láta stofnuninni aðstoð sína í té, hverjum á sínu sviði, eftir því sem ráðherra, að fengnum tillögum rannsóknarstofnunarinnar, telur nauðsynlegt. Heimilt er að greiða þóknun fyrir slíka aðstoð eftir ákvörðun ráðherra.

11. gr.

Ráðherra getur, í samráði við rannsóknarstofnunina, falið dýralæknum og skólastjórum búnaðarskólanna að gera tilraunir á búfé til aðstoðar þeim rannsóknum, sem stofnunin hefir með höndum. Ennfremur getur ráðherra látið fram fara tilraunir á peningi búa, sem rekin eru fyrir reikning ríkissjóðs.

12. gr.

Kennarar atvinnudeildar Háskóla Íslands eru samkv. stöðu sinni jafnframt starfsmenn rannsóknarstofnunarinnar, hver á sínu sviði. Skulu í reglugerð sett nánari ákvæði um störf þeirra í þágu rannsóknarstofnunarinnar, enda skulu prófessorar atvinnudeildar veita forstöðu hver sinni deild stofnunarinnar. Ef fleiri en einn prófessor eru í sömu deild rannsóknarstofnunarinnar, hefir sá þeirra forstöðu, er ráðherra tilnefnir til 3 ára í senn, að fengnum tillögum hlutaðeigandi deildar.

13. gr.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum rannsóknarstofnunarinnar, hvaða starfsfólk skuli vera auk kennara atvinnudeildar, og ákveður því laun.

14. gr.

Háskólinn kemur upp húsi yfir atvinnudeild og rannsóknarstofnun fyrir allt að 200 þús. kr., enda leysist þá háskólinn undan að greiða það fé, sem honum ber að greiða til ríkissjóðs sem einkaleyfisgjald fyrir happdrætti Háskóla Íslands samkv. e-lið 1. gr. l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, þar til hann hefir af því fé fengið endurgreiddan útlagðan kostnað við húsbygginguna.

15. gr.

Atvinnudeild Háskóla Íslands og rannsóknarstofnun sú, er um getur í lögum þessum, taka til starfa þegar komið hefir verið upp húsi því, er um getur í 14. gr.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin l. nr. 17 14. júní 1929, um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Óvéfengt er, að ýmiskonar þekkingarskortur hái mjög aðalatvinnuvegum landsmanna, og þótt vitanlegt sé, að vér Íslendingar höfum mikið gagn af erlendum vísindarannsóknum að þessu leyti, þá er viðurkennt, að úr þessum þekkingarskorti verði ekki bætt svo viðunandi sé, nema með innlendri vísindastarfsemi. Það mun því samhuga álit, að nauðsyn sé á, að upp verði komið rannsóknar- og tilraunastofnun í þágu atvinnuveganna.

Slík stofnun hlýtur að vísu óhjákvæmilega að hafa veruleg útgjöld í för með sér fyrir ríkið. En bæði er þess að gæta, að ríkið hefir nú þegar ýms útgjöld í þessu skyni, sem spara má þegar slík stofnun er komin upp, og þó öllu frekar hins, að óbeinn hagur þjóðarinnar hlýtur, einkum er frá líður, að verða margfaldur miðað við útgjöld. Þrátt fyrir þetta tjáir þó eigi að ætla sér að koma slíkri stofnun upp kostnaðarlaust, og er þá allt undir því komið að hagnýta sem bezt starf þeirra, er við stofnunina verða tengdir.

Samkomulag mun vera um, að starf slíkrar stofnunar muni ekki verða að verulegu gagni, nema við hana séu skipaðir allt að 9 vísindalega menntaðir menn. Svo mun og að mestu samkomulag um það, að hverskonar rannsóknum þessir menn skuli vinna.

Hinsvegar er mikill ágreiningur um, hvernig fyrirkomulag slíkrar stofnunar eigi að vera. Upphafsmenn þessa máls, kennarar háskólans, hafa til þessa haldið því fram, að slíkri starfsemi yrði bezt komið fyrir í nánu sambandi við aðra vísindastarfsemi í landinu, þ. e. að þessi stofnun yrði tengd Háskóla Íslands.

Í samræmi við þessa hugsun var frv. um stofnun atvinnudeildar við Háskóla Íslands, sem fram var borið á þinginu í haust, að tilhlutan háskólakennara. Að því frv. var það fundið, að í það vantaði nánari ákvæði um rannsóknarstörf þessara manna, og mun þessi ástæða einkum hafa verið borin fyrir því, að frv. var þá látið daga uppi.

Það frv., er hér liggur fyrir, byggir á þeirri sömu meginhugsun, sem frv. í haust hvíldi á, en við er bætt þeim ákvæðum, sem þá þótti helzt á skorta.

Bersýnilegt er, að það er mjög mikilsvert atriði, að stofnuninni verði þegar komið í sem nánast samband við háskólann. Við háskólann vantar enn að mestu kennslu í þeim greinum, er hér um ræðir. Að vísu má e. t. v. við því búast, að nokkur bið verði á, að fært þyki að koma hér á embættisprófi í þessum efnum, en þar fyrir er sjálfsagt að tengja þessa vísindamenn háskólanum þegar í stað og skylda þá til fyrirlestrahalds við hann. Slíkir fyrirlestrar geta vitanlega komið að margvíslegu gagni, þótt embættispróf sé þeim eigi samfara, enda var kennslu í norrænum fræðum einmitt hagað svo í háskólanum fyrstu árin. Þeir, sem eru því andvígir að tengja rannsóknarstofnunina að öðru en nafninu við háskólann, játa og, að síðar geti að því rekið, að rétt sé að nota þessa krafta til kennslu við háskólann. Flytjendur þessa frv. telja þar á móti sjálfsagt að nota nú þegar til hins ýtrasta starfsafl þeirra, sem við rannsóknarstofnunina vinna, enda annað óverjandi, þegar litið er til þess kostnaðar, sem henni verður samfara. En þess ber að gæta, að ef síðar á að leggja kennsluskyldu á þessa menn, verður það ætíð nokkrum vandkvæðum bundið, og þá vantar ákvæði um samband þeirra við háskólann, sem sjálfsagt er að gera sér grein fyrir nú þegar, hvernig eigi að verða, og er þá komið að atriði, sem miklu máli skiptir. Það er viðurkennt í öllum lýðfrjálsum löndum og raunar víðar, að vísindaleg starfsemi þroskist þá bezt, er hún nýtur frelsis og sé látin íhlutunarlaus af pólitískum valdhöfum, enda séu þeir, er að henni starfa, ekki valdir eftir pólitískum skoðunum, heldur hæfileikum til vísindalegra starfa. Á þessum sannindum hvíla háskólalögin og þess vegna er háskólanum með þeim fengið mikið sjálfsforræði um starfsemi og starfsmannaval. Þegar upp er komið jafnþýðingarmikilli vísindastofnun og nú er ætlunin að koma upp, er sjálfsagt að búa þegar frá upphafi svo um, að hún fái, að þessu leyti, notið þeirra réttinda, sem háskólinn nýtur. Þó kemur það auðvitað hér til greina, að samkv. hlutarins eðli hlýtur stjórnin að vera óbundin um val hinna fyrstu vísindamanna, sem við stofnunina eru skipaðir.

Að þessu athuguðu hefir verið talið sjálfsagt að leggja til í því frv., sem hér liggur fyrir, að stofna atvinnudeild við Háskóla Íslands og tengja síðan rannsóknarstarfið við þá deild.

Um einstakar greinar skal þessa getið:

1. gr. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. gr. er ákveðið, að í atvinnudeild skuli a. m. k. vera 3 prófessorar, þ. e. einn í hverri af þeim höfuðgreinum, sem ætlazt er til, að þessir vísindamenn rannsaki. Það er látið opið til nánari ákvörðunar í háskólareglugerð, hversu margir aðrir vísindamenn starfi að staðaldri við deildina, en tala þeirra er þó bundin svo, að hún má eigi fara fram úr sex, enda mun samkomulag um, að ekki sé fært að taka fleiri menn til þessara starfa nú um sinn. Hinsvegar getur verið, að ekki þyki fært að stofna allar stöðurnar þegar í stað. Í greininni er byggt á því, að kennsluskylda hvíli á öllum þeim vísindamönnum, sem hér um ræðir, og gert ráð fyrir því, að þeir, sem jafnhliða gegni öðrum störfum auk rannsóknarstarfsins, verði aukakennarar. Rétt er að benda á, að þótt hér sé gert ráð fyrir, að kennsluskylda hvíli á öllum þessum vísindamönnum, þá getur

það mæta vel samrímazt því fyrirkomulagi, sem frv. ákveður, að sumir þeirra yrðu a. m. k. fyrst um sinn leystir undan þvílíkri skyldu, og væri hægt að ákveða nánar um það við meðferð málsins, ef svo ólíklega færi, að það þætti hentara. Loks er á það að minna, að samkv. l. nr. 24 1930, um háskólakennara, verða dócentar eftir 6 ára embættisstörf prófessorar, og gildir það ákvæði vitanlega einnig um dócenta atvinnudeildar.

Um 3. gr. nægir að vísa til hinna almennu athugasemda hér að framan.

Í 4.—13. gr. eru ákvæði um rannsóknar- og tilraunastofnun þá, sem ætlazt er til, að í sambandi við atvinnudeild verði starfrækt í þágu atvinnuveganna. Samkomulag mun vera um, að heppilegt sé, að rannsóknarstofnunin skiptist í þær þrjár deildir, sem upp eru taldar í 5. gr. Þá mun og samkomulag um, að hver þessara þriggja deilda starfi að þeim rannsóknum, sem taldar eru í 6.—8. gr. Rétt er að taka það fram, að ekki er ætlazt til, að þessi stofnun starfi að búfjársjúkdómarannsóknum, gerlarannsóknum né fjörvirannsóknum, því að þessar rannsóknir eru nú í höndum Rannsóknarstofu Háskólans, sem ætlazt er til, að starfi áfram sem sjálfstæð stofnun, og eru þessar rannsóknir vitanlega hvergi betur komnar en þar. Enda fara t. d. rannsóknir á búfjársjúkdómum algerlega saman við rannsóknir á mannasjúkdómum, og þarf við hvorttveggja sömu áhöld og tækni. 9. gr. þarfnast ekki skýringa. 10. gr. þarfnast ekki skýringa, að öðru leyti en því, að þar er beinlínis tekið fram, að Rannsóknarstofa Háskólans starfi að framangreindum rannsóknum og eigi að því leyti að aðstoða rannsóknarstofnun atvinnudeildar. Samkomulag mun um að leggja öðrum þeim, sem í gr. eru taldir, þær skyldur á herðar, er í gr. segir, svo og um fyrirmæli 11. gr.

Í 12. gr. er kennurum atvinnudeildar lögð sú skylda á herðar að annast stöðu sinni samkvæmt rannsóknir þær, er hér um ræðir, og er þannig fengið eðlilegt samband milli atvinnudeildar og rannsóknarstofnunar. Með því að hver deild rannsóknarstofnunarinnar hlýtur að verða smá sérheild, er nauðsynlegt að kveða á um forstöðu hverrar um sig, og þá eðlilegast að fela hana þeim prófessor, er þar starfar, en þó þarf að gera ráð fyrir því, samkv. aths. við 2. gr., að prófessorar í hverri deild um sig verði fleiri en einn, og er þá eðlilegast, að ráðherra tilnefni forstöðumann samkv. till. hlutaðeigandi deildar rannsóknarstofnunarinnar. Ekki þykir þörf á því að setja sameiginlegan framkvæmdastjóra allra deilda rannsóknarstofnunarinnar. Að svo miklu leyti, sem þær þurfa á slíkum sameiginlegum fulltrúa að halda, hlýtur það starf, vegna sambandsins við atvinnudeild, að lenda á þeim prófessornum, sem hverju sinni er forseti atvinnudeildar. Á hinn bóginn hljóta fjárhagsleg framkvæmdarstjórn stofnunarinnar og önnur slík störf að verða falin skrifstofu háskólans, eða annari þvílíkri skrifstofu, því að mjög óheppilegt er að fela þau kennurum atvinnudeildar eða vísindalegum starfsmönnum stofnunarinnar, sem ætlazt er til, að hafi meira en nóg að gera við sín vísindastörf. Samkv. eðli málsins hlýtur atvinnudeild og þar með rannsóknarstofnunin að lúta yfirstjórn háskólaráðs og kennslumálaráðherra. Að vísu væri hugsanlegt, að fulltrúar þeirra atvinnuvega, sem hér eiga hlut að máli, fengju nokkurn íhlutunarrétt um rannsóknir stofnunarinnar. En slík afskipti lítt kunnugra manna mundu sjaldan verða annað en nafnið tómt,

og stundum beinlínis geta orðið til truflunar, enda engin hætta á, að til skynsamlegra bendinga þeirra verði ekki tekið tillit, þótt þeim sé ekki hróflað upp í einhverja málamyndanefnd í þessu skyni.

13. gr. þarfnast ekki skýringa.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu, að kostnaður við stofnunina verði borinn af ríkinu að svo miklu leyti, sem hún aflar ekki eigin tekna. Svo sem fyrr er um getið, er óhjákvæmilegt, að kostnaðurinn verði verulegur, en þar sem samkomulag mun um starfsmannafjölda og aðra kostnaðarliði, þarf ekki að rekja þá hér. Um tekjur stofnunarinnar skal einungis á það bent, að nokkrar tekjur mun hún geta haft af lyfjagerð, en til slíkrar starfsemi hefir hún heimild í l. nr. 37 1935, og þarf því ekki að taka þá heimild upp í þessi lög. Um byggingarkostnaðinn eru loks ákvæði í 14. gr. Er þar gert ráð fyrir, að háskólinn komi byggingunni upp, en fái kostnaðinn síðan endurgreiddan með þeim hætti, er þar segir. Með þessu móti eru ríkinu spöruð bein útgjöld nú þegar í þessu skyni, og því mikið hagræði fyrir það. En frá háskólans sjónarmiði hlýtur það að vera vel tilvinnandi að leggja þetta fé út í bili, gegn því að fá slíka eflingu sem hér um ræðir. Á hinn bóginn þykir ekki fært að leggja á háskólann þyngri kvaðir en hér er gert, þar sem slíkt hlyti að tefja fyrir, að bætt yrði úr þeirri brýnu húsnæðisþörf, sem hann nú er í.

15.—17. gr. þarfnast ekki skýringa.

Ed. 106. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur].

Flm.: Þorsteinn Briem.

Við 1. gr.

Aftan við greinina bætist: bókasafn sr. Jóns Bjarnasonar og bókasafn Þjóðræknisfélagsins „Frón“ í Vesturheimi.

Nd. 107. Breytingartillaga

við frv. til laga um útrýmingu fjárkláðans.

Frá Gísla Sveinssyni.

Við 1. gr. Síðari málsl. gr. orðist svo:

Þó skulu undanskilin þau svæði, þar sem kláða hefir ekki orðið vart í sauðfé síðustu fimm árin.

Nd. 108. Breytingartillaga

við frv. til laga um útrýmingu fjárkláðans.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Í hverju sýslufélagi eða bæjarfélagi skal landbúnaðarráðherra, eftir tillögu sýslunefndar eða bæjarstjórnar, skipa einn eftirlitsmann, er hafi umsjón með undirbúningi og framkvæmd útrýmingarböðunarinnar innan sýslu- eða bæjarfélags.
   Skal eftirlitsmaður sýslufélags tilnefna baðstjóra í hverjum hreppi í samráði við hlutaðeigandi hreppsnefnd, en í bæjum ræður eftirlitsmaður baðstjóra eftir þörfum, í samráði við bæjarstjórn.
2. Við 4. gr.
   a. 2. tölul. orðist svo:
      Þóknun fyrir störf eftirlitsmanns innan hvers sýslu- eða bæjarfélags greiðist úr sýslu- eða bæjarsjóði, eftir reikningi, er sýslunefnd eða bæjarstjórn úrskurðar.
   b. Aftan við 3. tölul. bætist: eða bæjarsjóði.
3. Við 5. gr. Eftir „hreppsnefndum“ komi: og bæjarstjórnum.

Nd. 109. Frumvarp til laga

um nýbýli og samvinnubyggðir.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Emil Jónsson, Páll Zóphóníasson.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Ríkið vinnur að því, að skapa skilyrði til þess, að 15—20% af árlegri fólksfjölgun þjóðarinnar eigi kost á að fá býli í sveitum til ábúðar, þar sem landbúnaður verði stundaður sem aðalatvinnuvegur. Veitir ríkið þann stuðning við stofnun býlanna, að stofnverð þeirra verði ekki meira en það, að meðalfjölskylda geti haft þar sæmileg afkomuskilyrði samkvæmt því, sem ákveðið er í lögum þessum.

2. gr.

Nýbýli nefnist í lögum þessum hvert það býli, sem reist er hér á landi eftir að lög þessi öðlast gildi og þar sem landbúnaður er rekinn sem aðalatvinnugrein, enda fái hið nýja býli útskipt land með ákveðnum landamerkjum.

Til nýbýla getur verið stofnað, hvort sem vill með því að reisa það í óræktuðu landi, eða skipta túni heimajarðarinnar til beggja eða allra býlanna. Þegar jörð er skipt í nýbýli, skal þess gætt, að hvert býlið um sig hafi svo mikið landrými, að áliti nýbýlastjórnar, að nægi meðalfjölskyldu til framdráttar, miðað við þann búrekstur, sem fyrirhugaður er á hverjum stað.

Nú hefir jörð lagzt í eyði áður en lög þessi öðlast gildi, enda eru ekki nothæf hús á henni fyrir fólk né fénað. Sé slík jörð tekin til endurbyggingar og ræktunar, telst það og nýbýli.

3. gr.

Heimilt er eiganda jarðar að stofna til nýbýla á þann hátt, að landnot séu að nokkru eða öllu leyti sameiginleg fyrir heimajörðina og nýbýlið, enda samþykki nýbýlastjórn ríkisins að svo sé.

Því aðeins er þetta þó heimilt, að nægileg hús fyrir fólk og fénað séu til á jörðinni eða verði reist þar til afnota fyrir bæði býlin. Óheimilt er eigendum þessara jarða að sameina býlin aftur, nema leyfi nýbýlastjórnar komi til.

Þau býli, sem til er stofnað samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, hafa sama rétt til stuðnings ríkisins og önnur nýbýli.

4. gr.

Samvinnubyggðir nefnast í lögum þessum minnst 10 býli, sem reist eru í sama hverfi, þar sem framkvæmdir allar við byggingu býlanna hafa verið gerðar eftir ákveðnu skipulagi, enda setji ábúendur allra býla í hverfinu sér samþykktir um störf sín.

5. gr.

Samvinnubyggðafélög nefnast í lögum þessum félög, sem ábúendur samvinnubyggða mynda, samkvæmt því sem segir í 4. gr. og nánar er ákveðið í V. kafla laga þessara.

6. gr.

Enginn hefir rétt til þess að leigja út nýbýli eða samvinnubyggðir, sem styrks njóta af ríkinu, nema ríkið, bæjar- eða sveitarfélög.

Félög, er vinna að því að reisa nýbýli, skulu afhenda nýbýlingum þau við kostnaðarverði.

Jarðeigendur, er reisa nýbýli í landi jarðar sinnar, skulu afhenda býlið til ábúanda fyrir það verð, sem þeir hafa lagt út fyrir það.

Nýbýlastjórn ríkisins hefir eftirlit með, að þessum ákvæðum sé fylgt.

7. gr.

Heimilt er hverjum eiganda jarðar að skipta eignarjörð sinni í fleiri býli, enda sé ákvæðum 2. gr. um lágmarksstærð býlanna fylgt.

Þó getur enginn, er reisa vill nýbýli, notið þess stuðnings, sem ríkið veitir þessum málum, nema nýbýlastjórn ríkisins samþykki hið nýja býli. Hver sá, sem hefir í hyggju að stofna til nýbýlis á eignarjörð sinni eða landi, sem hann hefir full umráð yfir, verður að fá samþykki nýbýlastjórnar fyrir legu býlisins, hvernig ræktunarframkvæmdum skuli hagað og hvernig byggingum skuli fyrir komið. Allar slíkar upplýsingar lætur nýbýlastjórn í té, þeim að kostnaðarlausu, er nýbýlið vill stofna.

8. gr.

Hin nýja byggð verður ýmist reist sem einstök býli eða í samvinnubyggðum. Við ákvörðun um legu slíkra býla skal þess gætt, að náttúruskilyrði séu sem hagkvæmust, svo og að afstaða býlanna til markaðs og samgangna sé þannig, að líkur séu til þess, að framleiðslan geti borið sig, að dómi nýbýlastjórnar.

Sérstaklega skal vanda allan undirbúning í þessu efni þar, sem fyrirhugað er að reisa samvinnubyggðir. Beinast þær rannsóknir einkum að eftirtöldum atriðum:

1. að gera efnarannsóknir á jarðveginum.
2. að rannsaka eðliseiginleika jarðvegsins.
3. að athuga um landkosti, að því er snertir slægjur, beit o. fl.
4. að athuga um efni til húsagerðar, mótak o. fl.
5. að mæla upp land fyrirhugaðrar samvinnubyggðar og gera áætlun um framræslu, vegagerð og fleiri undirstöðuatriði ræktunar hverfisins.
6. að athuga möguleika til þess að nota megi jarðhita til upphitunar. Annað tveggja, að nýbýlahverfin séu reist við hitasvæðin sjálf, eða á þeim stöðum, sem hitaleiðsla síðar yrði lögð um til afnota fyrir aðra staði.
7. að athuga, að nýbýlahverfið sé þannig sett, að unnt verði að veita því raforku, annaðhvort með sérvirkjun eða það geti fengið rafmagn frá stærri orkuverum.
8. að samgöngur og markaðsskilyrði séu sem hægust.

Nýbýlastjórn ríkisins lætur framkvæma þessar rannsóknir og athuganir. Skal hún gera áætlun um að framkvæma rannsókn á skilyrðum til nýbýlamyndunar um allt land. Því verki skal hraðað sem mest.

9. gr.

Á grundvelli þeirra athugana, sem um getur í 8. gr. laga þessara, ákveður nýbýlastjórn ríkisins, hvaða nýbýli og samvinnubyggðir skuli hljóta stuðning ríkisvaldsins á hverju ári. Skulu þau nýbýli og þær samvinnubyggðir ganga fyrir, þar sem skilyrði til nýbýlamyndunar, að öllu samanlögðu, teljast bezt að dómi nýbýlastjórnar.

Þó skal þess gætt, að öðru jöfnu og eftir því sem við verður komið, að hver landshluti fái rétt til þess að reisa nýbýli í hlutfalli við þann fólksfjölda, sem að landbúnaði starfar á hverjum stað.

II. KAFLI

Stjórn nýbýlamála.

10. gr.

Atvinnumálaráðuneytið (landbúnaðarráðherra) skal hafa með höndum stjórn allra nýbýlamála í landinu.

11. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar nýbýlastjóra. Hann skal vera framkvæmdarstjóri ríkisstjórnarinnar um öll nýbýlamál ríkisins. Hann ferðast um landið og athugar um skilyrði til nýbýlastofnunar og gerir sjálfur eða lætur framkvæma nauðsynlegar rannsóknir í því sambandi, meðal annars samkvæmt ákvæðum 8. gr. Þá hefir hann og eftirlit og yfirumsjón með byggingum og öðrum framkvæmdum, sem unnar eru á býlum, sem verið er að byggja. Hann hefir að öllu leyti eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara, svo og reglugerðar, er sett verður í sambandi við þau, verði hlýtt.

Laun nýbýlastjóra skulu ákveðin í launalögum, en þangað til það verður gert ákveður ráðherra þau.

12. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna nýbýlanefnd. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tillögum Búnaðarfélags Íslands, en tveir skulu skipaðir af ráðherra án tilnefningar, og sé annar þeirra formaður nefndarinnar. Einn nefndarmanna skal vera sérfræðingur í byggingamálum. Nefndarmenn skulu skipaðir til þriggja ára í senn.

Nýbýlanefnd skal vera ríkisstjórn og nýbýlastjóra til aðstoðar og ráðuneytis um nýbýlamál. Nýbýlastjóri kveður hana til fundar þegar þurfa þykir. Sérstaklega skal leita álits nýbýlanefndar um það, hversu mörg og hvar nýbýlin skuli reist, svo og um skipulag bygginga og annara mannvirkja, sem gerð eru.

Störf nýbýlanefndar skulu nánar ákveðin í reglugerð.

Þóknun fyrir störf sín fá nefndarmenn samkvæmt reikningi, er ráðherra samþykkir, þó ekki yfir 10 krónur fyrir hvern dag, sem þeir koma saman til fundar.

13. gr.

Landbúnaðarráðherra getur falið Búnaðarfélagi Íslands að fara með nýbýlamál ríkisins að meira eða minna leyti.

Búnaðarfélagi Íslands er skylt að láta í té þá sérfræðiþekkingu, sem það hefir yfir að ráða og að gagni getur komið við rannsóknir og aðrar athuganir í sambandi við nýbýlamálin.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur ábúenda.

14. gr.

Hver sá, sem vill reisa nýbýli í landi jarðar sinnar, eða vill láta af höndum land til nýbýlastofnunar, sendir nýbýlastjórn ríkisins tillögur sínar. Nýbýlastjórn lætur athuga alla aðstöðu til nýbýlastofnunar á þessum stað, ef það hefir ekki verið gert áður, og úrskurðar síðan, hvort hann sé hæfur fyrir nýbýli.

15. gr.

Hinu nýja landnámi verður aðallega komið í framkvæmd á þrennan hátt, eftir því sem hér segir:

A. Í fyrsta lagi: Nýbýli byggð í landi, sem nýbýlingur á sjálfur, eða trygging er fyrir, að hann eignist samkvæmt ákvæðum 6. gr. Nú berast nýbýlastjórn ekki nægar umsóknir um stofnun nýbýla frá mönnum, sem hafa eigið land til umráða, eða hún telur, að skilyrði til nýbýlastofnunar séu ekki æskileg samkvæmt þeim tilboðum, er fyrir liggja, og skal þá nýbýlastjórn leitast við að ná samkomulagi við bændur, er á eigin jörðum búa og eiga uppkomin börn, um það, að þeir hefjist handa um stofnun nýbýlis með það fyrir augum, að eitt barnanna taki við hinu nýja býli til eignar og ábúðar.

   Býlin reisa eigendur jarða eða nýbýlingar sjálfir undir eftirliti nýbýlastjórnar.

B. Í öðru lagi: Nýbýli reist í landi ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga. Þeir menn, sem hafa í hyggju að reisa nýbýli á þessum grundvelli, senda nýbýlastjórn ríkisins umsókn um það. Ef umsækjendur reynast hæfir til þessa starfs, samkvæmt ákvæðum 21. gr., þá gerir nýbýlastjórn samning við þá um framkvæmd verksins. Þar skal meðal annars ákveðið, hversu mörg ár það skuli taka, þar til nýbýlin séu fullbúin.

   Þegar ráðstafað er landi sveitar- eða bæjarfélags til nýbýla eða samvinnubyggða og skipulagðar eru framkvæmdir við stofnun þeirra, verður nýbýlastjórn að fá samþykki hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar fyrir ákvörðunum sínum.

   Nýbýlingar annast sjálfir um allar framkvæmdir undir eftirliti nýbýlastjórnar.

   Ef unnt er, skal þessu hagað svo, að nýbýlingar geti haft aðsetur og einhver jarðarafnot svo nærri hinum fyrirhuguðu býlum, meðan verið er að reisa þau, að auðvelt sé að starfrækja þau þaðan.

C. Í þriðja lagi: Samvinnubyggðir reistar í landi ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga.

Nýbýlastjórn hefir með höndum allar framkvæmdir við stofnun samvinnubyggðar, og gilda þar um eftirfarandi ákvæði:

1. Að allar nauðsynlegar rannsóknir til undirbúnings stofnunar samvinnubyggða hafi verið framkvæmdar samkv. 8. gr.
2. Áður en hafizt er handa um stofnun samvinnubyggða, skal nýbýlastjórn tryggja það, eftir því sem hún telur þurfa, að nægilega margir ábúendur í væntanlegri samvinnubyggð séu reiðubúnir til þess að mynda félag um búrekstur í hverfinu og taka við því þegar það er fullbúið.
3. Væntanlegir ábúendur í samvinnubyggðum skulu, eftir því sem unnt er, vinna að stofnun býlanna. Teljast slík vinnuframlög sem hluti af því, er þeim ber að leggja fram af stofnverði þeirra.
4. Nýbýlastjórn ákveður býlafjölda í hverri samvinnubyggð, hversu mikið land skuli fylgja býli hverju og hverskonar búskapur skuli stundaður þar.
5. Nýbýlastjórn ákveður gerð húsa og skipulag byggðarinnar. Skal þess gætt eftir föngum, að húsin séu byggð úr varanlegu efni, séu þægileg í notkun, en þó sem ódýrust. Skylt er að leggja uppdrætti að húsum og skipulagsuppdrátt samvinnubyggðar undir álit þess samvinnubyggðafélags, sem við byggðinni á að taka, og ber nýbýlastjórn að taka til greina tillögur félagsins, að svo miklu leyti sem hægt er.

Nánari ákvæði um þessi atriði skulu sett með reglugerð.

16. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að veita félögum, er hafa að markmiði að reisa samvinnubyggðir, svo og bæjar- eða sveitarfélögum, sem vilja koma upp nýbýlum eða samvinnubyggðum í löndum sínum, rétt til þess að gera það.

Slík félög verða að uppfylla þau skilyrði og hlíta þeim fyrirmælum, sem nýbýlastjórn ríkisins setur þeim um framkvæmd verksins.

17. gr.

Um nýbýli, sem eru í einkaeign, en hafa hlotið styrk frá ríkinu samkvæmt lögum þessum, gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Skylt er að tilkynna nýbýlastjórn, ef nýbýli eru seld, og er kaupsamningur því aðeins gildur, að nýbýlastjórn samþykki hann.
2. Þegar býlin skipta um eigendur við erfðaskipti, þá skal mat á þeim háð sama eftirliti og um sölu væri að ræða.
3. Ekki má selja býli þessi meira en nemur fasteignamatsverði, að frádregnum hinum óafturkræfu framlögum ríkisins til þeirra, þar með talinn jarðræktarstyrkur, en að viðbættu virðingarverði þeirra framkvæmda, sem gerðar hafa verið frá því að síðasta fasteignamat fór fram.
4. Ekki má veðsetja þann hluta af matsverði býlanna, er svarar til þess styrks, sem ríkið hefir til þeirra lagt. Telst styrkurinn ávallt sami hundraðshluti af matsverðinu og hann upphaflega var af stofnverði þeirra.

Með stofnverði er þá átt við upphaflegt kostnaðarverð fasteignarinnar,

svo og kostnað viðbótarræktunar, er nemur því, að býlið fái 10 ha. véltækt tún og nægileg gripahús til þess að nota það fóðurmagn, sem af því fæst.

18. gr.

Hver sá, sem nýtur aðstoðar ríkisins til stofnunar nýbýlis á eigin landi, skal hlíta eftirfarandi fyrirmælum:

1. að hann eigi ekki annarsstaðar jörð eða býli, sem fjölskylda geti haft lífsframfæri af.
2. að hann sé svo efnum búinn, að hann geti lagt fram 20% af stofnverði býlisins, þar með talin áhöfn, en sé þó ekki svo vel stæður, að hann geti byggt býlið af eigin rammleik.
3. að hann hafi þá þekkingu á landbúnaði, sem nauðsynleg verður að teljast, að dómi nýbýlastjórnar, og að hann hafi starfað við landbúnað minnst 2 ár.
4. að hann haldi túni og görðum í góðri rækt, svo og öðrum mannvirkjum vel við, svo að þau fyrnist ekki um skör fram. Verði alvarlegur misbrestur hjá eiganda um viðhald býlisins, þá getur nýbýlastjórn krafizt endurgreiðslu á því fé, sem ríkið hefir lagt til þess.

19. gr.

Þau nýbýli og þær samvinnubyggðir, þar sem ríkið á land og mannvirki að nokkru eða öllu leyti, skulu leigð til lífstíðar með erfðafesturétti til þess erfingja, sem ábúandi hefir ákveðið að við býlinu taki. Þó verður nýbýlastjórn að samþykkja hinn nýja ábúanda. Liggi engin ákvörðun fyrir frá hendi fráfaranda, fer það eftir samkomulagi erfingja, hver þeirra tekur við býlinu. Náist ekki samkomulag, þá sker nýbýlastjórn úr.

Þegar ábúendaskipti verða á býli í samvinnubyggð, þarf og samþykki samvinnubyggðafélags til þess að hinn nýi ábúandi geti fengið býlið.

20. gr.

Umbætur á nýbýlum eða samvinnubyggðum ríkisins, sem ábúendur sjálfir gera, fá þeir greiddar samkvæmt mati við brottför.

Jarðræktarstyrk og önnur framlög ríkisins, svo og hæfilega fyrningu, ber þó að draga frá verði umbóta, þegar slíkt mat er framkvæmt, svo og ef ábúandi hefir unnið af sér jarðarafgjöld að einhverju leyti með jarðabótum eða öðrum umbótum.

Við mat þetta skal þess gætt, að umbætur allar séu vel gerðar og að þær komi að fullum notum fyrir þann búrekstur, sem á býlinu er.

Ríkissjóður greiðir umbætur þessar með ríkisskuldabréfum, sem út eru gefin til 42 ára með 3% í vexti og afborgun á ári.

Afgjald býlisins til næsta ábúanda hækkar að sama skapi.

21. gr.

Skilyrði fyrir því að geta orðið ábúandi á nýbýli eða í samvinnubyggð ríkisins eru þessi:

1. að ábúandi sé íslenzkur ríkisborgari og lögráða.
2. að hann sé svo efnum búinn, að hann geti lagt fram 15% af stofnverði býlisins, þar með talin áhöfn, en sé þó ekki svo vel stæður, að honum sé fært að byggja það af eigin rammleik.
3. að hann hafi þá þekkingu á landbúnaði, sem nauðsynleg verður að teljast, að dómi nýbýlastjórnar, og að hann hafi starfað við landbúnað minnst 2 ár.
4. að hann sé reglusamur maður og áreiðanlegur í öllum viðskiptum.

Um sönnunargögn fyrir 1.—4. lið þessarar greinar, svo og 1.—3. lið 18. gr., skulu sett frekari ákvæði með reglugerð.

22. gr.

Ábúendur nýbýla og samvinnubyggða ríkisins skulu halda jarðabótum, húsum og öðrum mannvirkjum vel við, svo að verðmæti þessi rýrni ekki nema á eðlilegan hátt.

Ef ábúendur vanrækja viðhaldsskyldu þá, sem á þeim hvílir gagnvart býlunum, getur það varðað útburggingu.

Ef þurfa þykir, getur nýbýlastjórn skipað umsjónarmann á vissum stöðum, til þess að hafa eftirlit með því, að ábúendur vanræki ekki skyldur sínar í þessu efni.

Um viðhaldsskyldu samkvæmt þessari grein, svo og 3. mgr. 20. gr., skal nánar ákveðið í reglugerð.

23. gr.

Nú vanrækir félagsmaður í samvinnubyggð skyldur sínar gagnvart býli sínu eða félögum, eða brýtur af sér á annan hátt, svo að hætta stafar af fyrir félagsheildina, og hefir þá samvinnubyggðafélagið rétt til þess að víkja honum burt frá næstu fardögum að telja, en þó því aðeins, að ⅔ hlutar félagsmanna samþykki brottvikningu hans og nýbýlastjórn ríkisins staðfesti hana.

IV. KAFLI

Um framlög ríkissjóðs og lán til nýbýla og samvinnubyggða.

24. gr.

Ríkissjóður veitir styrk til stofnunar nýbýla og samvinnubyggða. Styrkur þessi er ekki afturkræfur, en skoðast sem stofnfé, er ábúandi hefir fengið að láni vaxtalaust, en þarf að viðhalda og skila í hendur næsta ábúanda fullgildu.

25. gr.

Nýbýlastjórn semur árlega áætlun um það, hversu mikið fé ríkið þurfi að leggja fram á næsta ári, til þess að fullnægja ákvæðum 1. gr. laga þessara um stofnun nýbýla. Þessi áætlun skal tilbúin svo snemma, að ríkisstjórnin hafi fengið hana í hendur til afnota við samning fjárlagafrumvarpsins fyrir það ár, sem áætlunin tekur til.

26. gr.

Byggingar- og landnámssjóði Búnaðarbanka Íslands skal skipt í tvær deildir. Önnur deildin skal veita lán til þess að endurbyggja jarðir, sem eru byggðar.

Hin deildin nefnist **nýbýladeild.** Hún skal veita lán til þess að reisa nýbýli og samvinnubyggðir.

Ríkissjóður leggur fram fé, svo að báðar þessar deildir verði starfhæfar.

27. gr.

Nýbýlastjóri, í samráði við nýbýlanefnd, gerir tillögur um það, hvernig því fé, sem samkvæmt hvers árs fjárlögum er heimilt að verja sem styrk til nýbýla og samvinnubyggða, skuli skipt niður.

Á sama hátt gerir nýbýlastjóri tillögur um, hvaða nýbýli og samvinnubyggðir skuli fá lán hjá nýbýladeild Búnaðarbankans.

Tillögur sínar leggur nýbýlastjóri síðan fyrir landbúnaðarráðherra, sem tekur fullnaðarákvörðun um málið.

Nýbýlastjórn skal síðan sjá um, að þessum áætlunum verði fylgt í öllum verulegum atriðum.

28. gr.

Til nýbýla, sem stofnuð eru samkvæmt A-lið 15. gr. laga þessara, er heimilt að veita:

1. Styrk til ræktunar á landi býlisins, er nemi því, að fullrækta megi 1 ha., þó ekki meira en 1000 krónur til hvers býlis.
2. Styrk til þess að reisa byggingar á býlunum, allt að 20% af kostnaðarverði þeirra, þó ekki meira en 2000 krónur til hvers býlis.
3. Lán úr nýbýladeild Búnaðarbanka Íslands til þess að reisa byggingar, þó ekki hærri upphæð en 6000 krónur til hvers býlis. Lánin endurgreiðast með jöfnum greiðslum þannig, að árlegt gjald af allri lánsupphæðinni sé 4% í 42 ár.

29. gr.

Til nýbýla, sem stofnuð eru samkvæmt B-lið 15. gr. laga þessara, er heimilt að veita:

1. Styrk til ræktunar á landi býlanna, er nemi því, að fullrækta megi 1½ ha., þó ekki meira en 1500 krónur til hvers býlis.
2. Styrk til þess að reisa byggingar á býlunum, allt að 20% af kostnaðarverði þeirra, þó ekki hærri upphæð en 2000 krónur til hvers býlis.
3. Lán úr nýbýladeild Búnaðarbanka Íslands til þess að reisa byggingar, þó ekki hærri upphæð en 7000 krónur til hvers býlis. Lánin endurborgist með jöfnum greiðslum þannig, að árlegt gjald af allri lánsupphæðinni sé 4% í 42 ár.

Af landverði býlisins greiða ábúendur 3% í leigu árlega til ríkissjóðs.

30. gr.

Til samvinnubyggða, sem reistar verða samkvæmt C-lið 15. gr. laga þessara, er heimilt að veita:

1. Ríkið leggur til land, lætur leggja nauðsynlega ræktunarvegi, grafa aðalframræsluskurði um væntanlegt tún og fullrækta sem nemur 3 ha. fyrir hvert býli samvinnubyggðarinnar. Nýbýlastjórn reiknar síðan út kostnaðarverð landsins eins og það þá er orðið, og nefnist það grunnverð þess. Af grunnverði landsins skal allt að helmingi lagt fram sem styrkur, þó ekki meira en 2000 krónur til hvers býlis samvinnubyggðarinnar. Af hinum hluta grunnverðsins greiða ábúendur 3% í leigu árlega til ríkissjóðs.
2. Styrkur til bygginga, allt að 20% af kostnaðarverði þeirra, þó ekki hærri upphæð en 2000 krónur til hvers býlis samvinnubyggðarinnar.
3. Lán úr nýbýladeild Búnaðarbanka Íslands til bygginga og nauðsynlegra girðinga um land samvinnubyggða, þó ekki hærri upphæð en 8000 krónur til hvers býlis samvinnubyggðarinnar.

Ríkissjóður er sjálfur lántakandi og ábyrgur um greiðslur gagnvart bankanum.

Nýbýlastjórn leigir síðan samvinnubyggðafélagi mannvirki þessi, og greiðir félagið 3% í leigu eftir þau árlega.

31. gr.

Nýbýladeild Búnaðarbanka Íslands skal veita samvinnubyggðafélögum lán til kaupa á búpeningi og búslóð, að svo miklu leyti, sem framlög félagsmanna til stofnunar samvinnubyggða hrökkva ekki til. Þó skal lánið aldrei nema hærri upphæð en 1500 krónum fyrir hvern meðlim samvinnubyggðafélagsins.

Lán þessi veitast gegn veði í búpeningi og búslóð félagsmanna og sameiginlegri ábyrgð allra félagsmanna að því er eignir þeirra í samvinnubyggðinni snertir. Lánin skulu veitt til 15 ára með jöfnum árlegum afborgunum og sem vægustum vaxtakjörum.

32. gr.

Ábúendur allra nýbýla og samvinnubyggða, sem stuðnings njóta samkvæmt lögum þessum, skulu greiða fyrningargjald af húsum býlisins. Fyrningargjaldið miðast við varanleik húsanna og er ákveðið af nýbýlastjórn í eitt skipti fyrir öll sem jafnt hundraðsgjald, og skal það ekki vera yfir 1% af kostnaðarverði þeirra.

Fyrningargjaldið skal lagt í sjóð, er nefnist endurbyggingarsjóður nýbýla og samvinnubyggða. Sjóðinn skal ávaxta í nýbýladeild Búnaðarbanka Íslands undir yfirstjórn nýbýlastjórnar ríkisins.

Hvert nýbýli og hver samvinnubyggð hefir sérreikning í sjóðnum og á tilkall til séreignar sinnar, þegar endurreisa þarf hús býlisins.

Að fengnum tillögum nýbýlastjóra, setur landbúnaðarráðherra með reglugerð nánari fyrirmæli um sjóðinn.

33. gr.

Nýbýlastjórn ríkisins annast um innheimtu á öllum ársgreiðslum, sem ábúendum nýbýla og samvinnubyggða ber að greiða til ríkisins, og stendur ríkissjóði skil á þeim.

Þá innheimtir og nýbýlastjórn fyrningargjald samkvæmt 32. gr.

Gjalddagi allra ársgreiðslna er 1. nóvember ár hvert.

Heimilt er nýbýlastjórn ríkisins að ráða umboðsmann, þar sem þörf krefur, til þess að hafa innheimtu á hendi fyrir sína hönd.

34. gr.

Heimilt er nýbýlastjórn ríkisins að veita ábúendum nýbýla og samvinnubyggða undanþágu frá því að inna af höndum hinar lögboðnu ársgreiðslur vegna framlaga ríkissjóðs, svo og afborgun lána úr nýbýladeild Búnaðarbanka Íslands, allt að 5 fyrstu árin, sem þeir búa á býlunum.

Þau ár, sem nýbýlingar hafa býlin afgjaldsfrí, skulu þeir vinna ákveðið magn jarðabóta árlega, samkvæmt samningi, sem nýbýlastjórn ríkisins gerir við þá þar um. Slíkar jarðabætur teljast ekki eign ábúenda, heldur styrkur veittur býlunum af ríkissjóði.

35. gr.

Nýbýlastjóri skal halda skýrslu yfir nýbýli og samvinnubyggðir, sem reistar verða samkvæmt lögum þessum. Þar skal nákvæmlega skýrt frá stofnkostnaði hvers býlis, hvað ríkið hefir veitt til þeirra sem styrk, um allar lántökur vegna þeirra og um eigin framlög nýbýlinga. Árlega skal færa í skýrslur þessar allar ársgreiðslur býlanna af lánum sínum.

Þá skal og nýbýlastjóri afla sér þeirra upplýsinga, sem unnt er, um rekstrarafkomu hvers býlis.

Í því skyni getur nýbýlastjórn lagt þá kvöð á nýbýlinga, að halda einfalda rekstrarreikninga um afkomu búa sinna, eftir reikningsformum, sem nýbýlastjórn gefur út.

Heildarskýrslur um þessi efni skal nýbýlastjórn birta öðru hverju.

V. KAFLI

Um samvinnubyggðafélög.

36. gr.

Allir ábúendur hverrar samvinnubyggðar skulu mynda með sér félag, er nefnist samvinnubyggðafélag. Félagsmenn setja félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leitað samþykkis nýbýlastjórnar ríkisins og staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

37. gr.

Tilgangur samvinnubyggðafélaga er:

1. að taka á leigu land, byggingar og önnur mannvirki, sem ríkið hefir látið gera samkvæmt lögum þessum, og leigja það síðan félagsmönnum.
2. að koma á fót rafvirkjun eða mannvirkjum til hagnýtingar á hveraorku eða öðrum mannvirkjum, til sameiginlegra afnota fyrir félagsmenn, og annast rekstur þeirra.
3. að reisa nauðsynleg hús til viðbótar þeim byggingum, sem leigðar eru með samvinnubyggðunum, eftir því sem nauðsyn kann að krefja vegna búrekstrar félagsmanna.

4. að taka lán fyrir félagsmenn sína samkvæmt ákvæðum 31. greinar.
5. að reka nauðsynlega rekstrarlánastarfsemi fyrir félagsmenn.
6. að stunda búskap að einhverju eða öllu leyti sameiginlega samkvæmt samþykktum, sem félagsmenn gera sjálfir þar um.

38. gr.

Leita skal samþykkis nýbýlastjórnar ríkisins fyrir öllum lánveitingum, sem samvinnubyggðafélög kunna að taka til ýmiskonar framkvæmda samkvæmt 37. grein.

Ef nýbýlastjórn veitir samþykki sitt til þess að verkið sé framkvæmt, skal henni skylt að veita félaginu aðstoð sína bæði um lántöku og annan undirbúning verksins.

39. gr.

Um stjórn, reikningshald og fundi samvinnubyggðafélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 27. júní 1921.

Rekstrarkostnaði félagsins skal jafnað niður á félagsmenn á aðalfundi.

VI. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

40. gr.

Laun nýbýlastjóra, þóknun nýbýlanefndar, svo og annar kostnaður við stjórn nýbýlamála, greiðist úr ríkissjóði.

41. gr.

Nánari ákvæði um nýbýli og samvinnubyggðir samkvæmt lögum þessum setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum nýbýlastjórnar ríkisins.

42. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 15 6. nóv. 1897, um nýbýli, svo og önnur ákvæði í lögum, er varða nýbýli hér á landi og koma í bága við lög þessi.

43. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni landbúnaðarráðherra, en það er að hans tilhlutun samið af skipulagsnefnd atvinnumála.

Það þótti rétt að birta það eins og það kom frá nefndinni, enda þó einstakir flutningsmenn séu í ýmsum atriðum á öðru máli og telji frumvarpið þurfa nokkurra breytinga við.

Meðfylgjandi greinargerð fylgdi frumvarpinu, og birtist hún hér óbreytt:

„Á aukaþinginu 1933 voru bornar fram tvær tillögur til þingsályktunar, er snertu nýbýlamálið.

Efri deild samþykkti svo hljóðandi tillögu, er Jón Baldvinsson, 2. landskjörinn þingmaður, flutti:

„Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa milliþinganefnd til þess að undirbúa löggjöf um, að ríkissjóður reisi nýbýlahverfi í sveitum.

Nefndin skal skipuð þrem mönnum. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tillögum stjórnar Alþýðusambands Íslands, annar eftir tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, hinn þriðja skipar landbúnaðarráðherra, og er sá formaður nefndarinnar".

Í neðri deild flutti Eysteinn Jónsson, 1. þingm. Sunnmýlinga, tillögu til þingsályktunar um samvinnubyggðir. Deildin afgreiddi hana þannig og vísaði henni til stjórnarinnar:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta ýtarlega rannsókn fara fram um skilyrði fyrir samvinnubyggðum til sveita, og leggi niðurstöðu þeirra rannsókna fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má".

Alþingi sýndi með afgreiðslu þessara tillagna ákveðinn vilja um að taka þetta mál til athugunar og rannsóknar.

Skipulagsnefnd atvinnumála hefir samkvæmt tilmælum ríkisstjórnarinnar unnið að þessu máli. Við frekari athugun komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að semja nýbýlalöggjöf, sem ekki aðeins tæki til nýbýlahverfa, heldur einnig til allra nýbýla, sem byggð yrðu hér á landi, samkvæmt þeirri löggjöf, sem sett yrði.

Nýbýlalöggjöf vor er frá 1897, og er hún með öllu úrelt orðin. Enda var þar fremur að ræða um lög um varnir gegn nýbýlum heldur en að þau stuðluðu að myndun þeirra.

Nefndin nefnir þetta frumvarp til laga um nýbýli og samvinnubyggðir, og tekur því frv. bæði til nýbýlahverfa og einstakra býla. Nokkurn stuðning hefir nefndin haft af nýbýlalöggjöf nágrannaþjóða vorra, einkum norðurlandaþjóðanna, en að mestu leyti hefir þó orðið að sníða frumvarpið við okkar staðhætti og miða við þær sérstæðu ástæður, sem hér eru fyrir hendi.

Yfirlit um nýbýlamálið hér á landi.

Í engu ríki Norðurálfunnar mun jafnlítið hafa verið gert af ríkisins hálfu til þess að stofna ný landbúnaðarbýli eins og hér á Íslandi.

Fyrstu ráðstafanir ríkisvaldsins, er stefna að býlafjölgun, mun vera tilskipun dönsku stjórnarinnar frá 1776 um nýbýli. Þessi tilskipun byggðist á tillögum landsnefndarinnar, sem skipuð var 1770 og átti að gera tillögur um viðreisn atvinnuveganna. Í tilskipuninni frá 1776 var nýbýlingum heitið ýmsum hlunnindum, svo sem skattfrelsi í 20 ár, svo og vera lausir við að greiða jarðarafgjöld um fleiri ár. Þrátt fyrir hlunnindi þessi bar tilskipunin engan, eða því nær engan árangur. Stafar það vitanlega fyrst og fremst af því, að nýbýlingum var ekki séð fyrir neinu fé til þess að byggja nýbýlin og stofnsetja þau að öðru leyti. Er það álika líklegt til árangurs, að ætlast til þess, að menn reisi nýbýli kapitallausir og ef menn ættu að afla heyja með lúkunum einum, án þess að hafa orf né ljá eða önnur tæki til heyöflunar.

Síðan líða meira en 100 ár án þess ríkið virðist nokkuð láta nýbýlamálið til sín taka. Á Alþingi 1897 eru svo samþykkt nýbýlalög. Öll hlunnindi nýbýlinga frá 1776 eru afnumin. Af náð er mönnum leyft að stofna nýbýli á eyðijörðum og í afréttum, þó með ýmsum takmörkunum. Þingmenn voru nýbýlahugmyndinni fjandsamlegir, og var tilgangur laganna auðsjáanlega sá, að hindra það að nýbýli yrðu reist. Enda hefir það heppnazt prýðilega, eins og síðar skal sýnt. Þessi lög um nýbýli frá 1897 eru enn í gildi og hafa algerlega hindrað það, að nýbýli gætu myndazt.

Nýbýlamálinu hefir nokkrum sinnum verið hreyft síðan, en mjög hafa þær tillögur flestar verið losaralegar og lítt hugsaðar. Þó gefa þær nokkra hugmynd um, hvernig hugsjón þessi hefir þróazt, og skal því fljótlega frá því skýrt.

Hinar fyrstu tillögur um fjölgun býla eftir aldamótin, sem fram koma á Alþingi, mun vera frumvarp Jóhanns Eyjólfssonar 1914 um grasbýli. Hugmynd hans var sú, að stuðlað yrði að stofnun smábýla í landi hinna stærri jarða, til þess að tryggja bændum á þeim jörðum vinnukraft grasbýlinganna. Býlin áttu ekki að vera svo stór, að fjölskylda gæti lifað á þeim eingöngu, heldur sækja vinnu á höfuðbólið og stunda smábúskap á grasbýlinu í hjáverkum. Hér var verið að stofna til aukinnar stéttaskiptingar í sveitum, að upp risu stórbændur og blásnauður verkalýður. Málið sofnaði í nefnd og hefir lítið eða ekki verið hreyft síðan.

Hið næsta, er gerist í þessu máli, er frumvarp Jónasar Jónssonar um Byggingar- og landnámssjóð, er fyrst var fram borið á Alþingi 1925, en lögin náðu fyrst samþykki á Alþingi 1928. Eins og frumvarpið var flutt í fyrstu, var annar aðaltilgangur þess að lána fé með sérstaklega hagfelldum kjörum til stofnunar nýbýla. En í meðförum þingsins tók frumvarpið þeim breytingum, að endurbygging húsa á gömlum býlum skyldi sitja í fyrirrúmi fyrir nýbýlunum. Lögin hafa því verið framkvæmd þannig, að einungis hafa verið veitt lán úr sjóðnum til 5—6 nýbýla árlega. Eins og nú er um búið, getur hann því alls ekki varið fé sínu til nýbýla, svo verulegt gagn sé að.

Milliþinganefnd í landbúnaðarmálum, sem skipuð var 1927, tók nýbýlamálið til athugunar, og að tilhlutun hennar var flutt frumvarp á Alþingi 1930 og oftar um nýbýli. Frumvarp þetta náði ekki fram að ganga, enda ekki svo undirbúið eins og það mál þarf að vera, þótt þar væru ýmsar góðar tillögur.

Þá hefir og Jón Baldvinsson fyrir Alþýðufl. flutt frumvarp um nýbýli oftar en einu sinni á Alþingi. Þar er nýbýlastofnun miðuð við ákveðna staði á Suðurlandi, og var því fremur um tilraunalöggjöf en heildarlöggjöf að ræða.

Á Alþingi 1933 fluttu tveir þingmenn úr Framsóknarflokknum frumvarp til laga um samvinnubyggðir. Er það fyrsta tilraun hér á landi til þess að skipuleggja byggðir landsins. Þar er gert ráð fyrir, að allmörg býli séu byggð í hverfum eftir ákveðnum reglum, og að samvinna verði um framkvæmdir og búrekstur að meira eða minna leyti, eftir staðháttum og vilja félagsmanna á hverjum stað. Frumvarp þetta náði ekki fram að ganga, en hugmynd þessari hefir aukizt svo mikið fylgi síðustu árin, að sýnt er, að þjóðin er að vakna til meðvitundar um nauðsyn þess að fjölga býlum í sveitum, og sú byggð eigi að vera í hverfum og starfað verði á samvinnugrundvelli að myndun þeirra. Þessi hug-

mynd um nýbýlahverfi, þar sem búrekstur sé sameiginlegur að einhverju leyti, á þó að ýmsu leyti erfitt uppdráttar. Íslenzkir bændur hafa frá öndverðu vanizt dreifbýli og lifað eftir málshættinum: „Vík skal á milli vina og fjörður milli frænda“, eða: „Garður er granna sættir“. Tortryggnin við nábýlið er því rík í huga íslenzkra bænda. Svo sterk er sú andúð, sem margir þeirra bera til þess, að engar líkur eru til þess, að þeir sætti sig við það. Það er unga kynslóðin, sem upp er að alast, sem verður að læra að líta öðruvísi á þetta. Um það skal lítillega rætt síðar.

Árið 1924 stofnuðu nokkrir menn í Reykjavík félag, er Landnám nefnist. Skyldi það verða allsherjarfélagsskapur, sem ynni að myndun nýrra býla og aukinni ræktun. Félag þetta starfaði dálítið fyrstu árin, en hefir nú um skeið algerlega legið í dái.

Nýjustu tillögur í nýbýlamálinu er frumvarp þeirra Hannesar Jónssonar og Magnúsar Torfasonar um nýbýli, fluttar á þingi 1934 fyrir Bændaflokkinn. Í því frumvarpi eru fá nýmæli. Þar er að mestu leyti tínt upp úr frumvörpum Jörundar Brynjólfssonar, Jóns Baldvinssonar og samvinnubyggðafrumvarpinu ýmsar tillögur.

Yfirlit það, sem hér hefir verið gefið um nýbýlamálið, sýnir, að af ríkisins hálfu hefir ekkert verið gert til þess að fjölga býlunum. Jafnvel hefir löggjafarvaldið stundum verið því algerlega andvígt, að nýbýli mynduðust. Sú nýbýlalöggjöf, sem nú gildir, útilokar alla möguleika um fjölgun býla í sveitum.

Býlafjöldi hefir verið allbreytilegur á ýmsum tímum. Fyrstu aldirnar eftir að land byggðist munu þau hafa verið allmiklu fleiri en nú. Þá var byggð víða í afdölum og á heiðum uppi, sem nú er algerlega farin í eyði. Fyrsta áreiðanlega býlatalið er tekið 1703—1712 af þeim Árna Magnússyni og Páli Vídalín. Þá eru og eyðibýli talin, öll þau, sem vitað var um að einhverntíma hefðu verið byggð. Reyndust þau 4200.

Árið	1703	eru	byggð	býli	talin	 7537
—	1901	—	—	—	—	 6796
—	1910	—	—	—	—	 6687
—	1922	—	—	—	—	 6146
—	1932	—	—	—	—	 5739

Þessar tölur sýna, hve stórkostlega býlum hefir fækkað. Að vísu er dálítið á reiki um, hvað teljast lögbýli, og mun því ekki fullt samræmi í jarðatölum að þessu leyti. En þótt svo sé, hefir sveitabýlum samt fækkað stórkostlega hin síðustu árin, svo að fækkunin nemur allt að 1000 býlum síðustu 30 árin.

Margt af þessu hafa að vísu verið afskekkt kot, sem engin eftirsjón er að þótt hverfi, og má jafnvel segja, að gott hafi verið að losna við mörg þeirra. Hitt er verra, að ekkert kemur í stað þeirra býla, sem í auðn fara. Síðastliðin 50 ár hafa um 90 nýbýli verið byggð, eða ekki tvö til jafnaðar á ári. Sum þessara býla eru svo smá og svo illa sett bæði um legu og ræktunarskilyrði, að mjög er vafasamt, að þau eigi nokkra framtíð. Enda er ekki við öðru að búast. Ríkið hefir engan, eða því nær engan stuðning veitt til þessa. Mörg þessara býla eru því gerð af mestu vanefnum. Byggð í órækthæfu landi, sem aðrir

vildu ekki nytja. Byggingar mjög lélegar. Aðstaða nýbýlinga flestra er því að öllu leyti slæm, svo slæm, að ekki er við að búast, að margir reyni að brjótast þá braut. Enda er það ekki meðfæri annara en örfárra atorku- og afburðamanna, að byggja af eigin rammleik býli á óyrktu landi, stuðningslaust að mestu, og gera þau svo úr garði að vel sé.

Í nánd við Reykjavík og suma aðra stærri kaupstaði vora hafa myndazt nokkur nýbýli síðasta áratuginn. Þessi býli hafa ekki verið metin sérstaklega til fasteignamats og eru því ekki í tölu þeirra nýbýla, sem nefnd eru hér að framan. Mest er um þessi býli í nánd við Reykjavík, þar sem risið hafa upp hverfi í Sogamýrinni og víðar. Í fyrstu mun hugmyndin með þeirri nýbýlastofnun hafa verið sú, að menn, sem stunduðu atvinnu í Reykjavík, hefðu búskapinn til styrktar sínu aðalstarfi. Sú reynsla, sem nú er fengin í þessu efni, bendir þó til þess, að slíkt fyrirkomulag lánist ekki til lengdar. Landbúnaður er ekki þannig í eðli sínu, að hann verði stundaður sem ígripavinna. Hann heimtar starfskrafta manna óskipta. Reynsla erlendra þjóða, einkum Dana, bendir og áþreifanlega til þess, að býlin verði að hafa þá stærð, að nægi fjölskyldu til framfæris. Enda mun nú stefnt að því með nýbyggðir kaupstaðanna, að svo verði að mestu leyti.

Síðustu 40 árin hafa orðið stórfelldar byltingar í atvinnuháttum hér á landi. Sú saga skal ekki rakin hér, aðeins með tölum skýrt, hvernig hlutföll milli fólks í kaupstöðum og sveitum hafa breytzt yfir þennan tíma.

Mannfjöldi í bæjum og sveitum.

	1890	1900	1910	1920	1930	1933
Reykjavík	3886	6682	11600	17679	28052	31689
Kaupstaðir	1841	3431	6413	11377	17372	18447
Kauptún með yfir 300 íb.	2525	5448	9451	11389	12730	13119
Kaupstaðabúar alls	8252	15561	27464	40445	58154	63255
Sveitir	63075	62919	57719	54245	50475	50098
Íbúar alls	70927	78470	85183	94690	108629	113353

Yfir þetta 40 ára tímabil hefir fólki fjölgað hér á landi um því nær 43 þúsundir. Á sama tíma hefir fólkstala Reykjavíkur aukizt um allt að 28 þúsundir, íbúatala annara kaupstaða um fullar 16 þúsundir og kauptúna um fullar 10 þúsundir. Íbúum sveita hefir aftur fækkað um 13 þúsundir á þessu sama tímabili.

Nú er að vísu eðlilegt, að breytingar í þessa átt eigi sér stað, og eðlilegt, að þær hafi orðið hraðstigari hér en í öðrum löndum, vegna þess að fyrir 40 árum voru engir bæir til hér á landi. Öll þjóðin bjó í sveitum. Þegar atvinnuhættir breyttust, skilyrðin til framleiðslu sköpuðust við sjóinn, hlaut fólkið að streyma þangað. Enda var öllu því fjármagni, sem þjóðin hafði yfir að ráða, allt frá því Landsbankinn var stofnaður og fram um 1920, beint að því að skapa atvinnuskilyrði við sjóinn, og þó einkum í Reykjavík. Þess vegna hlaut öll viðkoma þjóðarinnar, og þó nokkru meira, að setjast þar að, en sveitirnar að

tæmast. Þótt nú allmiklu fé hafi verið veitt til sveita hin síðustu árin, þá voru búskaparhættir og öll aðstaða orðin svo úrelt og erfið þar, að ekki var að búast við verulegum breytingum, einkum vegna þess, að fjármagn það, sem til sveita hefir gengið, hefir verið notað um of af handahófi, án þess að ákveðin stefnumið væru framundan eða fénu beint eftir föstu skipulagi til arðgæfra framkvæmda.

Atvinnuvegir vorir hafa til þessa verið afar einhæfir. Hér hefir til skamms tíma aðeins verið um tvo atvinnuvegi að ræða, landbúnað og fiskveiðar. Þó hefir þetta breytzt allmikið síðustu árin, þar sem iðnaður hefir eflzt nokkuð, og þeim, sem vinna við samgöngur á sjó, hefir fjölgað til mikilla muna.

Samkvæmt manntölum 1920 og 1930 skiptast landsbúar þannig eftir atvinnu:

	1920		1930	
	Fólkstala	%	Fólkstala	%
Landbúnaður	40614	42,9	39003	35,8
Fiskveiðar	17947	18,9	23396	21,5
Iðnaður	10697	11,3	15734	14,4
Verzlun)	11591	12,2	8145	7,5
Samgöngur (	11591	12,2	8140	7,5
Ólíkamleg atvinna	3117	3,6	4756	4,4
Heimilishjú við privat húsh.	6384	6,8	5612	5,2
Óstarfandi fólk	3348	3,6	3960	3,6
Atvinna ekki tilgreind	692	0,7	115	0,1
Samtals	94690	100,0	108861	100,0

Þegar um það er rætt, að gera sérstakar ráðstafanir til þess að beina starfskröftum þjóðarinnar í ákveðnar áttir, eins og tilgangur nýbýlafrumvarpsins er, verðum við að gera okkur grein fyrir því, hvernig afstaða atvinnuvega vorra er hvers til annars og hvaða líkur séu til þess, að þeir geti rækt sitt hlutverk, sem er það, að veita unga fólkinu, er bætist við tölu starfandi borgara á ári hverju, nægileg verkefni og um leið sæmileg afkomuskilyrði.

Höfuðhlutverk hverrar ríkisstjórnar er að leita að leiðum til þess að atvinnuvegirnir geti vaxið eðlilega í samræmi við fólksfjölgunina, og að innbyrðis þróun þeirra verði þannig, að ein atvinnugrein vaxi ekki um of á kostnað annarar, heldur að vöxtur þeirra geti orðið sem jafnastur og eðlilegastur og til sem mestra þrifa fyrir almenning. Þetta verður ekki framkvæmt á annan hátt en þann, að gera áætlun um það, hvernig eðlilegast sé, að viðkoma þjóðarinnar skiptist til hinna ýmsu atvinnugreina.

Hlutverk landbúnaðarins hér hjá oss er því nær eingöngu að framleiða fæðu beint eða óbeint til manneldis. Þó mikið af hráefnum landbúnaðarins sé notað til iðnaðarframleiðslu, svo sem ull og húðir, þá er þó matvælaframleiðslan aðalatriðið, og mun verða svo í fyrirsjáanlegri framtíð. Nú er það svo, að innlendi markaðurinn ákveður fyrst og fremst, hversu mikið skuli framleiða af vörum. Því nær öll okkar landbúnaðarframleiðsla er notuð innan-

lands, og af sumum vörum, eins og mjólk, mætti nota talsvert meira en nú er gert.

Eins og tölurnar hér að framan sýna, fækkar stöðugt því fólki, er að landbúnaði starfar. Öll fólksfjölgunin og nokkru meir hefir það sem af er þessari öld horfið úr sveitum til annara starfa. Öllum mun ljóst, að svo getur ekki fram haldið til lengdar, því að þá hlýtur að því að reka fyrr en varir, að sveitirnar leggist með öllu í auðn. Tvö aðalatriði liggja hér fyrir: Annað er: Hvernig á að hindra það, að of margt fólk hverfi frá landbúnaðarframleiðslu? Hitt er: Hversu mikill hluti af þjóðinni er rétt og eðlilegt, að stundi þá atvinnu?

Fólksfjölgunin hér á landi árið 1933 varð 1798 manns, eða 1,6%. Innan fárra ára mun því þjóðinni fjölga um 2000 manns á ári hverju. Þessu fólki verða atvinnuvegir landsins að taka við, ef atvinnuleysi og örbirgð á ekki að fara sívaxandi.

Skal þá stuttlega frá því skýrt, hvaða líkur virðast til þess, að atvinnuvegir vorir séu þess umkomnir, eins og nú horfir um framleiðslu og viðskipti, að leysa þetta hlutverk, svo að vel fari. Þetta verður þó ekki tekið til rannsóknar nema að því er landbúnað snertir, en aðeins lauslega drepið á aðrar atvinnugreinir, og skal það gert fyrst.

Sjávarútvegur hefir vaxið hröðum skrefum nú um langt skeið. Er og vitað, að efnaleg afkoma vor veltur meir á honum en nokkrum öðrum atvinnuvegi, enda þótt hlutdeild hans í þjóðarbúskap vorum sé oft metin meir en rétt er, vegna þess að meginhluti af framleiðslu sjávarútvegsins er fluttur út. En það, sem notað er í landinu og heldur þrótti í þjóðinni, er sízt minna virði en hitt, sem út er flutt. Eins og markaðshorfur eru nú með sjávarafurðir, sýnist ekki líklegt, að sú framleiðsla verði aukin að mun nú næstu árin. Aðalatriði þar er, að vinna nýja markaði fyrir sjávarafurðir vorar, bæði með nýjum verkunaraðferðum og í fleiri löndum en gert hefir verið. Virðast því litlar líkur til þess, að stórum hluta af fólksfjölgun næstu ára verði varið til aukinnar framleiðslu sjávarafurða.

Iðnaður er ungur í atvinnusögu vorri. Lengi hefir því verið trúað, að Ísland væri snautt af hráefnum til iðnaðarframleiðslu. Um það vitum vér þó mjög lítið, þar sem landið er því sem næst órannsakað um allt, er jarðfræði þess snertir. Nú er þó vitað með vissu, að mjög verðmikil hráefni finnast hér, hráefni, sem byggja má margvíslegan iðnað á. Þá sendum vér og meginið af framleiðslu vorri óunna út. Mun þar vera mikið verkefni, að byggja upp innlendan iðnað á þeim hráefnum, sem vér framleiðum. Allt bendir til þess, að langmestum hluta fólksfjölgunar næstu ára verði að beina til iðnaðarins, aðaláherzlu ber að leggja á það, að framleiða iðnaðarvörur til eigin þarfa, þar sem margvíslegir erfiðleikar munu verða á vegi til þess að flytja iðnaðarvarning vorn til annara landa.

Verzlun. Svo margir starfa að verzlun hér, að tæplega mun á það bætandi. Með skipulagi og hæfilegri starfsskiptingu ætti litlu að þurfa að bæta við þá, sem annast verzlun og viðskipti, þótt fólki fjölgi um allt að 10 þúsundum næstu 5 árin.

Samgöngur hafa vaxið hraðfara nú síðustu árin. Einkum munu samgöngur á landi aukast enn. Þótt ef til vill megi að einhverju leyti koma betra skipulagi á flutninga, einkum á landi, má þó gera ráð fyrir, að nokkuð af viðkomu næstu ára þurfi að fullnægja hinni auknu samgönguþörf vorri.

Ólíkamleg vinna. Svo nefnist einn atvinnuflokkurinn í hagskýrslunum. Mun þar aðallega vera átt við þá, sem ýmsum opinberum störfum gegna, svo og rithöfunda og listamenn. Með vaxandi afskiptum ríkisins af atvinnuháttum landsmanna mun að vísu einhverju þurfa þar við að bæta, en má þó frá því, sem nú er, alls ekki fjölga meir en nemur hlutfallslegri viðkomu þjóðarinnar.

Landbúnaður hefir verið aðalatvinnuvegur okkar frá öndverðu og fram um síðustu aldamót. Þótt fólki hafi stórlega fækkað, sem við landbúnaðarstörf vinnur, síðustu áratugi, hefir samt framleiðsla landbúnaðarins farið hröðum skrefum vaxandi. Þetta stendur í sambandi við breytta búskaparhætti, einkum síðasta áratuginn, þar sem gamlar og úreltar venjur hafa orðið að láta undan síga fyrir nýjum og skjótvirkari aðferðum.

Þar sem það getur verið fróðlegt og nauðsynlegt að vita um framleiðslumagn á hvern mann, sem að landbúnaði starfar, hefir verið gerð tilraun til þess að finna þetta, og eru birtar tvær skýrslur um það efni.

Skýrsla I sýnir búpeningseign og uppskeru frá 1880 til 1930, á tíu ára fresti. Að vísu eru ekki til skýrslur um uppskerumagn fyrr en 1886, svo að þær vantar fyrsta árið, sem yfirlit þetta tekur til. Samkvæmt manntölum er hægt að fá að vita, hversu margt fólk stundar landbúnað sem aðalatvinnuveg. Frá búfjárfjölda landsins er dreginn búfénaður kaupstaða og þeirra kauptúna, sem eru sjálfstæð sveitarfélög. En þar sem hreppar eru blandaðir, kauptún og sveit saman, er áætlað, hversu mikið tilheyrir hvorum hluta. Tilsvarandi aðferð var svo höfð við hey og garðamat. Nákvæmlega næst þetta ekki á þennan hátt, en þó mun ekki neinu verulegu muna. Hér er því aðeins tekið það búfé og fóður, sem tilheyrir bændum sjálfum.

Æskilegast hefði verið að hafa skýrslu um hina beinu framleiðslu svo sem ull, kjöt, mjólk o. fl. —, en þar sem allt slíkt yrðu áætlanir, virðist eðlilegra að miða framleiðslumagn hvers tíma við búpeningsfjölda og heyafla. Enda sýnir þetta tvennt nokkuð skýrt það, sem verið er að leita eftir. Í skýrslu II er reynt að sýna þetta. Búfénu er öllu breytt í sama nafn, kýr eða kúgildi á gamla vísu. Það er gert eftir þessum reglum:

1 kýr eða geld kvíga	1	kúgildi
2 annar nautpeningur	1	—
9 ær	1	—
12 annað sauðfé	1	—
1⅔ hross	1	—
10 geitur	1	—
80 hænsni	1	—

Þá er og öllum heyafla breytt í töðu, þannig: að tveir hestar af útheyi eru látnir svara til eins hests af töðu. 1½ tn. af gulrófum er látin svara til einnar tunnu af kartöflum. Á þennan hátt fást 3 flokkar: búfé, hey og garðamatur.

Skýrsla I

YFIRLITSSKÝRSLA um fólksfjölda, búpeningseign og uppskerumagn frá 1880—1930.

Ártal	Fólk v. landb.		Búpeningseign							Uppskera			
	Tala	% af landsbúum	Kýr og kvígur	Annar nautpeningur	Ær	Annað sauðfé	Hross	Geitur	Hænsn	Tað. 1000 hestar	Úthey 1000 hestar	Kartöflur tunnur	Gulrófur tunnur
1880	53044	73,2	20742		499251		37719						
1890	45730	64,5	14852	5831	217720	224576	30927	80		476	865	8612	13280
1900	45993	58,6	16319	6787	225191	228683	40739	268		615	1283	13487	17189
1910	43411	51,0	17132	8372	337600	227486	43665	540		622	1408	23724	12700
1920	40614	42,0	15782	6411	405424	157145	48726	1768	10859	562	1396	25016	9232
1930	39003	35,8	19440	8056	499309	159646	46929	2729	28559	1036	1236	27399	10333

Skýrsla II

YFIRLITSSKÝRSLA um framleiðslu-hlutföll við landbúnað frá 1880—1930.

Ártal	Búfé breytt í kúgildi	Hey breytt í töðu 1000 hestar	Garðávextir breytt í kartöflur kg	Á 100 manns koma			Hlutfallstölur		
				Kúgildi	Tuða hestar	Kartöflur kg	Búfé	Fóður	Garðávextir
1880	90427			170			99		
1890	79238	908	17465	172	199	38	100	100	100
1900	88258	1257	24946	192	273	54	112	137	142
1910	104039	1326	32194	239	305	74	138	153	195
1920	110879	1260	31171	273	310	77	159	156	203
1930	121038	1654	34288	310	424	90	180	213	237

Síðan er reiknað út, hversu mikið af hverjum flokki kemur á hvert 100 manna, er að landbúnaði starfa, og að lokum er þetta skýrt með hlutfallstölum, þar sem búfjáreign og fóðurmagn 1890 er sett sem 100. Yfirlit þetta sýnir, að frá 1890 til 1930 nemur búfjáraukinn á hvern mann 80%, heyaaukinn 113%, en uppskeruauki garðávaxta 137%.

Þetta er að vísu ekki nákvæmt mat á framleiðslu þeirra, er að landbúnaði hafa starfað á hverjum tíma. Til dæmis má benda á, að áður var talsvert um tóvinnu og annan heimilisiðnað í sveitum, sem nú er að mestu lagður niður. Þá voru og hirt fjallagrös og fleiri ætijurtir, sem nú eru ekki notaðar að nokkrum mun. Í þessum skýrslum er ekki tekið neitt tillit til þessa, enda liggja engar skýrslur né aðrar upplýsingar fyrir um þau efni, sem hægt er á að byggja, svo að meta megi þessar tekjur nokkuð nálægt réttu. Þessar tekjur eldri tímans munu þó nást að fullu með því, að nú er allmikið ræktað af ýmsum garð-

jurtum, sem áður þekktust ekki og teljast ekki með í þessu yfirliti. Mestu munar þó um það, að búpeningur er yfirleitt afurðameiri nú en var fyrir 20—30 árum síðan. Búpeningstalan gefur því ekki nema að nokkru leyti hugmynd um framleiðslumagn. Og enginn vafi er á því, að framleiðsluaukningin er í raun og veru meiri en nemur vexti búfjárins. Þetta sést gleggst á því, að um þetta 40 ára bil hefir fóðrið vaxið allmiklu meir en búféð. Þessi fóðurauki hefir verið notaður til þess að fóðra betur en áður var gert, en aukin og bætt fóðrun skapar meiri framleiðslu hjá hverjum einstakling. Til þess að nefna dæmi þessu til sönnunar, má geta þess, að þegar fyrstu nautgriparæktarfélögin voru stofnuð hér á landi, skömmu eftir aldamótin, þá var meðalársnyt kúnna, sem í þeim voru, 2200 kg., en nú mun meðalársnyt kúa í nautgripafélögum vera ca. 2650 kg. Svipuð framleiðsluaukning, miðað við hvern einstakling, mun hafa átt sér stað að því er sauðféð snertir, sem er önnur aðalbúfjártegund bænda.

Þetta yfirlit sýnir, að framleiðslumagn á hvern mann, er að landbúnaði starfar, hefir vaxið mjög hina síðustu áratugi. Nú mun sú aukning að sjálfsögðu halda áfram, samhliða vaxandi ræktun og meiri vélanotkun við bústörfin.

Þó hlýtur að því að reka fyrr en síðar, ef fólki fækkar við landbúnað eins ört og að undanförnu, að þurrð verði á ýmsum landbúnaðarvörum til neyzlu innanlands.

Nú er svo ástatt í þessu efni, að við flytjum árlega inn mikið af ýmsum landbúnaðarvörum, sem auðvelt og sjálfsagt er að framleiða innanlands.

Árið 1932 nam innflutningur á ýmsum landbúnaðarvörum sem hér segir:

Egg	kr. 110247.00
Garðávextir ýmiskonar	— 568509.00
Mjólkurvörur	— 35031.00
Kjöt ýmiskonar	— 5877.00
Feiti úr dýrarikinu	— 32725.00
Samtals	kr 752389.00

Allt þetta mun mega framleiða hér, nema Cikoríurætur, sem inn eru fluttar til kaffibætisgerðar. Samkvæmt þessu flytjum við inn landbúnaðarvörur fyrir ca. $^3/_4$ úr milljón. Þetta er í landi, sem hefir skilyrði til þess að framleiða ógrynni af matvælum. Nú má auka framleiðslu landbúnaðarvara meir en þessum innflutningi nemur. Smjörframleiðsluna má tvöfalda. Enn er ekki hægt að nota sér heimild um íblöndun smjörs í smjörlíki vegna smjörleysis. Neyzlu garðávaxta mætti margfalda frá því, sem nú er, og mætti með því spara kornkaup frá útlöndum til mikilla muna.

Árið 1932 telja hagskýrslur kartöfluuppskeru landsmanna 45000 tunnur, en rófur og næpur 16000 tunnur. Þetta nemur liðlega 50 kg. á hvern mann í landinu. Nú ætti að rækta minnst 100 kg. fyrir hvern mann. Vegna neyzlu þjóðarinnar má því tvöfalda garðávaxtaframleiðslu frá því, sem nú er. Auk þess má svo framleiða ýmsar iðnaðarvörur úr garðávöxtum, einkum kartöflum, svo að á þessu sviði eru mjög miklir framleiðslumöguleikar enn ónotaðir.

Ræktun hænsna og ýmsra annara alifugla má og mikið auka frá því, sem nú er. Svínarækt má eitthvað vaxa, þótt rétt sé að fara varlega í því að eggja menn mjög til þess, því að fleskið hlýtur að verða keppinautur annara kjöttegunda á markaðinum, og þá einkum kindakjötsins, sem við erum í vandræðum með að selja.

Að lokum má svo benda á það, að hér eru ágæt skilyrði til loðskinnaframleiðslu. Þótt tilraunir þær, sem gerðar hafa verið á því sviði, hafi gengið misjafnlega til þessa, þá hlýtur þar aðeins að vera um venjulega byrjunarörðugleika að ræða. Veðrátta og önnur náttúruskilyrði hljóta að skipa okkur í flokk þeirra þjóða, sem bezta hafa aðstöðuna í þessum efnum.

Þær staðreyndir, er hér hafa verið nefndar, benda til þess, að allmikið megi auka framleiðslu ýmsra landbúnaðarvara án þess að veruleg vandræði þurfi af að hljótast að því er sölu þeirra snertir. Enda ber að því að stefna, að hverfa frá hinni einhæfu kjötframleiðslu vorri, og hefja svo fjölbreytta framleiðslu landbúnaðarvara sem landkostir og markaður leyfir.

Hér hafa verið færð nokkur rök fyrir því, að auka þurfi landbúnaðarframleiðslu vora til mikilla muna. Að vorum dómi á að gera þetta á þann hátt, að fjölga býlum í sveitum, svo að nokkuð af því fólki, sem upp vex, setjist þar að. Frá hagfræðilegri hlið skoðað má segja, að nýju landnámi í sveitum fylgi bæði kostir og gallar. Til þess að reisa nýbýli í allstórum stíl þarf mikið fé, og nokkuð af því verður að gefa til býlanna. Hinsvegar er það stór kostur, hve mikið af landbúnaðarframleiðslu má nota af heimilunum sjálfum og á öðrum markaði innanlands. Þetta sést greinilega þegar það er athugað, að af ca. 30 milljónum króna, sem landbúnaðarframleiðslan nemur, er aðeins útflutt um 3 millj. króna virði. Af því er þó ull og skinn full 1 millj. króna, sem að miklu eða öllu leyti mætti nota við iðnaðarframleiðslu innanlands. Þegar þar við bætist, hversu mikils virði það er fyrir hvert þjóðfélag, bæði menningarlega og efnalega, að landbúnaður sé blómlegur og í vexti, verður að telja, að eitt helzta viðfangsefni vort sé að koma skipulagi og festu á framkvæmdir þessara mála.

Erlend reynsla.

Reynsla annara þjóða er orðin mikil um framkvæmdir í nýbýlamálum, og má hún á ýmsan hátt verða okkur að gagni.

Nágrannaþjóðir vorar hafa síðustu áratugina lagt stórfé til nýbýlamála. Á Norðurlöndum öllum hafa verið reist ný býli á hverju ári svo tugum þúsunda skiptir. Þessar þjóðir hafa því fengið reynslu eigi litla um það, hvernig taka beri á þessum málum. Hér skal ekki skýrt frá löggjöf frændþjóða vorra í þessu efni, þótt margt megi af henni læra. Þess skal þó getið, að ríkin hafa alstaðar orðið að leggja fram fé sem styrk til býlanna, fé, sem ekki er til ætlazt, að ríkið fái greitt aftur öðruvísi en óbeint vegna þeirrar atvinnu, sem þar skapast.

Danir hafa byggt fjölda af nýbýlum undanfarna áratugi. Eru það smábýli, sem til er ætlazt, að veiti fjölskyldu lífsframfæri. Í fyrstu höfðu þeir mörg býlin svo smá, að bændurnir urðu að leita sér atvinnu að nokkru leyti

annarsstaðar. Reyslan kenndi þeim, að það væri óheppilegt til frambúðar, og hafa þeir orðið að stækka þessi býli aftur með ærnum kostnaði, til þess að bændurnir gætu neytt krafta sinni óskiptir við bú sín. Til býla þessara veita þeir sem styrk og lán um 90% af stofnkostnaði þeirra, en ætlast til þess, að þeir, sem við býlunum taka, leggi fram 10%. Lánin eru veitt með mjög vægum kjörum. Byggingar á ríkisbýlunum dönsku hafa síðustu 5 árin — 1930—1934 — kostað frá 9783 kr. til 10867 kr. Þetta er kostnaðarverð bygginga á fullhýstu nýbýli í Danmörku. Allt verðlag er þó nokkru lægra í Danmörku en hér á landi. Bendir þetta því til þess, að ekki muni takast að koma upp sæmilegum híbýlum fyrir lægri upphæð hér en þessu nemur, hversu sparlega sem á verður haldið.

Norðmenn hafa unnið stórvirki í nýbýlamálum nú um alllangt skeið. Félagið „Ny Jord" hefir mjög látið þau mál til sín taka og beitt sér fyrir framkvæmdum. Þó er það vitanlega ríkið, sem fé leggur fram til þessa og hefir hrint nýbýlamálinu í þann farveg, sem það nú er komið í. Þar sem skilyrði á ýmsan hátt eru svipuð hér og í Noregi, er fróðlegt að sjá, hvernig Norðmenn styrkja nýbýlamál. Sumt af því, sem til nýbýla fer, láta þeir sem beinan styrk og hitt sem hagfelld lán, samkvæmt þeim reglum, er hér segir:

I. Styrkur:

1. Styrkur til ræktunar, allt að 25% af kostnaði, þó ekki meira en 90 kr. á dekar, og ekki yfir 1100 krónur til hvers býlis.
2. Styrkur til þess að reisa gripahús, allt að 33⅓% af stofnverði þeirra, þó ekki meira en 1000 kr. fyrir hverja 10 dekara ræktaðs lands, og ekki yfir 2500 krónur til hvers býlis.

II. Lán:

1. Úr ræktunarsjóði (Jorddyrkningsfondet) til ræktunar allt að 5000 kr. til hvers býlis, þó ekki yfir 360 kr. fyrir hvern dekar ræktaðs lands. Lánin veitast til 20 ára með 2,5% p. a., afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en greiðast úr því með jöfnum afborgunum.
2. Lán úr Statens Småbruk og Boligbank, til þess að reisa byggingar. Ríkið greiðir vexti af þessum lánum fyrstu 5 frumbyggjaraárin.

Þá veitir og ríkið lán og styrk til félaga, sem taka stór landflæmi til ræktunar í einu, með það fyrir augum að skipta því til nýbýla. Gert er ráð fyrir, að félög þessi kaupi landið, sé það í einkaeign, og fái lán til þess, geri síðan aðalframræsluskurði og nauðsynlega vegi. Til þessara framkvæmda veitir ríkið allt að 75% af stofnkostnaði í styrk. Félagið lætur svo landið eins og það er undirbúið til nýbýla eftir ákveðnum reglum, sem gilda um það.

Fleira skal ekki til tínt úr nýbýlalöggjöf annara þjóða, enda nægir þetta til þess að sýna þá stefnu, er þær fylgja í þessum efnum.

Framkvæmdir komandi ára í nýbýlamálum.

Löggjöf, sem sett verður um nýbýli og framkvæmdir þeirra mála, verður að vera nægilega rúm, til þess að eðlileg þróun geti átt sér stað. Við erum enn lítt reyndir í þessum efnum og verðum því að þreifa okkur áfram og leita að heppilegustu leiðum.

Eitt, sem taka verður til athugunar í sambandi við þetta, er ábúðarrétturinn. Nú er rúmlega helmingur af íslenzkum bændum sjálfseignarbændur, en hitt leiguliðar. Með hliðsjón af þessu virðist eðlilegt, að nýbýlin muni aðallega skiptast í þrjá flokka, eða myndast á þrennan hátt.

Fyrsta leiðin er sú, að jörðum, sem nú eru í sjálfsábúð, verði skipt í tvö eða fleiri býli af erfingjum þeirra. Heppilegast er að hefja ræktun frá heimajörðinni og smáauka við hana. Þetta er eðlileg leið til nýbýlamyndunar, og hefir þann mikla kost, að auðveldast er að framkvæma hana, og verður um leið ódýrasta aðferðin, þegar alls er gætt. Auk þess er með þessu tryggt, að kunnugir menn og vanir öllum staðháttum taki við hinum nýju býlum. Ríkið veitir síðan hæfilegan stuðning við myndun býlanna með styrkveitingum og lánum, svo að stofnkostnaður þeirra fyrir nýbýlingana verði viðráðanlegur.

Í öðru lagi mun ríkið stuðla að því, að einstök býli verði reist í landi ríkisins, þar sem náttúruskilyrði eða aðrar ástæður hamla því, að unnt verði að koma nýbýlahverfum við. Ef til vill mun ríkið kaupa land til þessa á nokkrum stöðum. Sá, sem nýbýlið byggir, þyrfti að hafa heimili og einhverjar landnytjar í nánd meðan hann væri að koma upp býli.

Þriðja leiðin er að byggja fleiri eða færri býli saman í hverfum, með náinni samvinnu milli býlanna í hverfinu. Ríkið yrði að byggja þessi býli og leigja þau síðan félagi nýbýlinga. Einnig gæti félagsskapur, sem hefir að markmiði að vinna að nýbýlamálum, staðið fyrir verkinu undir eftirliti nýbýlastjórnar ríkisins. Hitt er óráð, að láta nýbýlingana sjálfa byggja býlin, þegar um heil hverfi er að ræða. Býlin verða að vera fullbúin að húsum og nokkur ræktun hafin, þegar þau eru afhent til ábúðar.

Nýbýlahverfin eða samvinnubyggðahugmyndin er algert nýmæli, og veltur á miklu, að sú byrjun, sem hafin verður, gangi greiðlega. Við hin dreifðu býli er til þess ætlazt, að nýbýlingarnir rækti sjálfir og hýsi bæi sína, en þar, sem heil hverfi verða reist í einu, þar verður ríkið eða annar öflugur félagsskapur að standa fyrir framkvæmdum.

Hér skal gerð tilraun til þess að reikna út stofnkostnað slíkrar byggðar, bæði hvað ræktun, húsabyggingar og búslóð snertir, og síðan gera athugun um það, hvernig búrekstur muni bera sig.

Tvær áætlanir verða gerðar. Í annari samvinnubyggðinni verður aðalbústofn nautgripir og sameiginlegur búrekstur stundaður. Í hinni verður aðalbústofninn sauðfé og sérbúskapur að öllu leyti.

I. Áætlun um stofnkostnað samvinnubyggðar og rekstur hennar.

Byggð verða 10 býli í sama hverfi. Til ræktunar eru ætlaðir 100 ha. Gert er ráð fyrir, að landið sé mýrlendi, er þurfi að ræsa að fullu. Beitiland, 400—500 ha. af grónu landi, verður að fylgja byggðinni. Aðalbústofn byggðarinnar verða nautgripir, en auk þess svín og hænsni, jarðrækt og búpeningsrækt verður rekin sameiginlega fyrir hverfið, en hvert býli hefir hænsni fyrir sig og dálítinn matjurtagarð til sérræktunar. Ríkið leggur veg frá þjóðvegi að byggðinni, og nauðsynlegustu ræktunarvegi um hana. Það lætur grafa aðalþurrkskurði um allt túnstæðið — 100 ha. — og þurrkar að fullu 30 ha. og rækt-

ar þá. Ræktun landsins stendur yfir í tvö ár, og verður sáð höfrum hið fyrra, en grasfræi hið síðara. Samhliða framræslu og ræktun verður túnstæðið girt. Íbúðar- og peningshús verða reist, er nægi fyrir hinn fyrirhugaða búrekstur.

Að þessum framkvæmdum loknum verður byggðin afhent samvinnubyggðafélagi samkvæmt þeim ákvæðum, er í frumvarpinu greinir.

1. Ræktunarkostnaður:

Framræsla:

Aðalþurrkskurðir, opnir, um 100 ha. svæði, ca. 5000 m. á lengd, 1,75 m. djúpir, breidd að ofan 3 m., botnbreidd 0,4 m. Þverflötur 3 m.^{2} Rými skurðanna 15000 m.^{3} á 0.70	kr.	10500.00
30 ha. af landinu eru fullþurrkaðir með hnausræsum, ca. 15000 m. á lengd á 0.40	—	6000.00
Vinnsla á landinu:		
30 ha. unnir með dráttarvélum fyrsta vinnsla á 120.00	—	3600.00
30 ha. unnir með dráttarvél, önnur vinnsla 100.00	—	3000.00
Sáðvörur og áburður:		
Höfrum sáð 1. ár — 6000 kg. á 0.20	—	1200.00
Áburður 1. ár — 90 sk. nitrophoska á 35.00	—	3150.00
Áburður 2. ár — 90 sk. nitrophoska á 35.00	—	3150.00
Grasfræ — 40 kg. pr ha. — 1200 kg. á 2.25	—	2700.00
Girðing um tún:		
Girt með 65 cm. háu vírneti og 1 strengur af gaddavír — 4000 m. á 0.75	—	3000.00
Ræktunarvegur:		
1000 m. á lengd — ca. 300 dagsverk	—	2500.00
Verkstjórn o. fl.	—	1200.00
	Kr.	40000.00

2. Húsagerð.

Hýsing jarða er eitt erfiðasta verkefni landbúnaðarins. Húsagerð verður afar dýr, þar sem við verðum að flytja inn meginhluta alls byggingarefnis. Landbúnaður vor krefst mikils húsakosts, vegna þess hve búféð er rúmfrekt. Frá landnámstíð hefir aðalverkefni hverrar kynslóðar verið það, að byggja lóleg moldarhreysi yfir sig, og nú er svo ástatt, að mikill meiri hluti af bændabýlum vorum má teljast húsalaus með öllu. Þess verður að gæta, að yfirbyggja ekki býlin með of dýrum húsum, eins og nokkrir hafa brennt sig á nú síðustu árin.

Vandasamasta úrlausnarefni nýbýlamálanna er að reisa nægilega vandaðar byggingar, sem þó verði ekki of dýrar.

Hér er birt kostnaðaráætlun um að byggja hús í 10 býla samvinnubyggð. Áætlunina hefir gert Þórir Baldvinsson. Þá hefir hann og sömuleiðis gert uppdrætti þá, sem fylgja yfir húsaskipun væntanlegrar samvinnubyggðar.

Íbúðir hinna 10 býla eru reistar í einni lengju og gripahúsin í annari. Á milli þeirra myndast matjurtagarðar, þar sem hver fjölskylda hefir sinn eig-


SAMVINNUBÚGARÐUR
Frain 10 Fleinvoll
1:200

inn garð. Til hliðar við matjurtagarðinn eru reist hænsnahús, 5 sambyggð hvoru megin. Er svo til ætlazt, að hvert býli hafi hænsni fyrir sig. Þetta er að vísu aðeins frumdrættir að skipulagi slíkrar byggðar, en mun þó sýna allglöggt í aðalatriðum, hvernig verður að leysa þessi vandamál.

Íbúð hverrar fjölskyldu er: Tvö herbergi og borðstofueldhús. Í kjallara, sem er undir hálfu húsi, er sameiginlegt þvottahús fyrir hverjar tvær fjölskyldur.

Peningahús eru: Tvö fjós fyrir alls 100 nautgripi, ásamt hlöðum fyrir þurrhey og votheý og steyptum haugstæðum fyrir mykju og þvagþróm undir nokkrum hluta haugstæða. Hesthús er fyrir 9 hesta og svínahús fyrir nálægt 50 svín.

Sameiginlegt verkstæði fyrir tré- og járnsmíði er einnig í byggingunni. Að lokum er ætlazt til þess, að eitt hænsnahús sé fyrir hverja fjölskyldu, sem rúmi allt að 50 hænsn.

Til er ætlazt, að öll hús séu byggð úr steinsteypu og að útveggir allir séu tvöfaldir og lagður þurr strengur í tróðholið.

Kostnaðarverð húsa:

Íbúðir 10 fjölskyldna — 1420 m³ á 30.00	kr.	42600.00
Gripahús með hlöðu og haugstæðum fyrir 100 gripi, kr. 500.00 pr. grip	—	50000.00
Svínahús, smíðaverkstæði, verkfærageymsla og girðingar um matjurtagarð	—	8000.00
10 hænsnahús — hvert á 600.00	—	6000.00
	Samtals kr.	106600.00

3. Búpeningur (stofnkostnaður):

70 kýr á 270.00	—	18900.00
5 svín (4 gyltur og 1 göltur) 200.00	—	1000.00
8 vinnuhestar á 200.00	—	16000.00
	Samtals kr.	21500.00

4. Búslóð:

1 dráttarvél með tilheyrandi jarðvinnslutækjum — plóg, diskaherfi, rótherfi og flagherfi + 25%	kr.	4500.00
1 plógur — fyrir hesta	—	100.00
3 herfi — fyrir hesta — meðalverð 150.00	—	450.00
2 þvagdreifarar — ámur til þess að setja á vagna 150	—	300.00
1 áburðardreifari — fyrir tilbúinn áburð	—	350.00
2 sláttuvélar — 400.00	—	800.00
2 snúningsvélar 475.00	—	950.00
4 rakstrarvélar 250.00	—	1000.00
3 vagnar — til þess að flytja hey og áburð — 400.00	—	1200.00
2 kerrur 200.00	—	400.00
Garðyrkjuáhöld — raðhreinsari, sáðvél o. fl.	—	600.00
Smærri áhöld og verkfæri ýmiskonar	—	500.00
1 vöruflutningabíll	—	4000.00
	Samtals kr.	15150.00

Til kaupa á innanhúsmunum er ekkert ætlað. Verður hver fjölskylda að sjá fyrir áhöldum til matgerðar og nauðsynlegustu húsgögnum án stuðnings. Hinsvegar verður að taka með í stofnkostnaði samvinnubyggðarinnar öll tæki, er þarf við rekstur búsins að því er tekur til jarðræktar og búfjárræktar, því að nýbýlingum er ókleift að afla sér þeirra á annan hátt.

Samandreginn stofnkostnaður:

Landverð, 500—600 ha. ræktað land	kr.	10000.00
Ræktun	—	40000.00
Byggingar	—	106600.00
Búpeningur	—	21500.00
Vélar og verkfæri	—	15150.00
Samtals	kr.	193250.00

eða kr. 19325.00 fyrir hvert býli samvinnubyggðarinnar.

Áætlun þessa ber aðeins að skoða sem tilraun til þess að gera sér grein fyrir stofnkostnaði samvinnubyggðar af þeirri stærð, sem hér er ráðgerð. En vitanlega getur mjög miklu munað eftir staðháttum. Ræktunarkostnaður er miðaður við land, sem dýrast er í ræktun. Mundi því ræktunin víða kosta minna en þetta og stofnkostnaður þá lækka er því nemur.

Nýbýlingum er ætlað að leggja fram 15% af stofnkostnaði. Ef hann er talinn 19000 krónur á býli, verða það kr. 2850.00, er koma í hlut hvers býlis.

Rekstraryfirlit fyrir samvinnubyggð:

Rekstrarafkoman er miðuð við þessa áhöfn:

80 kýr mjólkandi.
20 geldneyti veturgömul og eldri.
15 kálfar.
5 svín (4 gyltur og 1 göltur).
40 grísir til uppeldis árlega.
8 hestar.

Hænsni eru ekki talin, því að búizt er við, að hvert býli hafi þau fyrir sig, eins og áður er frá sagt.

Tekjur:

80 kýr mjólka að meðaltali 2400 kg. 192000 kg. á 0.15	kr.	28800.00
12 geldneyti vg. og eldri sláturverð 150.00	—	1800.00
8 gamalkýr — sláturverð 100.00	—	800.00
50 kálfar — slátrað nýbornum 6.00	—	300.00
40 aligrísir — sláturverð 75.00	—	3000.00
250 tunnur kartöflur 12.00	—	3000.00
200 tunnur gulrófur 6.00	—	1200.00
Tekjur samtals	kr.	38900.00

Gjöld:

Grunnverð landsins er kr. 50000.00. Af því leggur ríkið til kr. 20000.00 sem styrk. Af kr. 30000.00 greiðast 3% í vexti á ári	kr.	900.00
Húsaverð kr. 106600.00, 25% leggur ríkið til sem styrk. Af kr. 80000.00 greiðast 3%	—	2400.00

Fyrningargjald af húsum; er leggist í endurbyggingarsjóð húsa, ca. 1% af kostnaðarverði þeirra	—	1066.00
Lán til búpenings og búslóðarkaupa, kr. 34050.00. Þar frá dragast framlög nýbýlinga, kr. 24000.00. Eftir verða kr. 10050.00 á 5%	—	502.50
Viðhald húsa 1¼% af kostnaðarverði þeirra	—	1332.50
Viðhald og fyrning verkfæra 12% af kr. 15150.00	—	1818.00
Viðhald búpenings 10% af kr. 21500.00	—	2150.00
Vátrygging húsa	—	250.00
Tilbúinn áburður	—	2000.00
Kjarnfóður	—	2500.00
Útsæði og fræ	—	300.00
Benzín og hráolía	—	1000.00
Opinber gjöld	—	1500.00
Ýms útgjöld	—	1200.00
Samtals	kr.	18919.00

Rekstrartekjur voru áætlaðar	kr.	38900.00
Rekstrargjöld voru áætluð	—	18919.00
Eftir verða	kr.	19981.00

Fyrir hvern bónda samvinnubýlisins verða það ..... kr. 1998.10

Athugasemd:

Til viðhalds húsa er aðeins áætlað 1¼% af kostnaðarverði þeirra. Þetta mun þykja lítið til viðhalds, en mun þó vera fullríflega áætlað, þegar þess er gætt, að bændurnir sjálfir munu annast þetta að mestu eða öllu leyti. Í raun og veru þarf því ekki að ætla til annars en kaupa á aðkeyptu efni, og mun þetta ríflegt til þeirra hluta.

Stofnkostnaður búpenings og búslóðar er kr. 34050.00. Upp í það er ætlazt til, að eigin framlög nýbýlinga gangi, sem hér eru áætluð fyrir alla samvinnubyggðina kr. 24000.00. Afganginn, kr. 10050.00, verða þeir að fá að láni. Hitt getur eins komið til greina, að þeir leggi eitthvað til húsabóta og ræktunar af framlagi sínu. En þá verða þeir að fá þeim mun hærra lán til lausafjárkaupa.

Til viðhalds og fyrningar á verkfærum er ætlað 12% af verði þeirra, og mun ekki af veita, því að þau ganga fljótt úr sér og þarf sífellt að endurnýja þau.

Ekki þykir rétt að áætla meðalmjólkurmagn kúnna hærra en 2400 kg. um árið. Því að þótt fullmjólka kýr mjólki nokkru meira hér á landi, þá verður alltaf eitthvað af kvígum og öðrum ekki fullmjólka kúm, sem draga meðalmjólkurmagn niður. Ég tel því mjög óvarlegt að áætla meiri mjólk en þetta, einkum þar sem lítið af kjarnfóðri er ætlað til kúnna.

Verð á mjólkinni er áætlað 15 aurar pr. kg. Ekki þykir rétt að byggja rekstur væntanlegs samvinnubús á hærra verði, því að mjög mun óvíst, hvort það fæst.

Þar, sem ekki er búizt við, að neitt sauðfé sé haft á þessu búi, munu þeir

nautgripir, sem slátrað er, að mestu eða öllu ganga til heimilanna. Sláturverð þeirra er áætlað sem næst markaðsverði.

Aligrísir munu að sjálfsögðu notaðir af heimilunum að einhverju leyti. En ekki er óliklegt, að eitthvað af þeim verði selt burt.

Þar sem til er ætlazt, að hvert býli hafi dálitla garðrækt fyrir eiginn reikning — þar mundu þó einkum ræktaðar ýmsar matjurtir aðrar en kartöflur —, mun nægilegt að ætla hverju býli 6 tunnur af kartöflum og 3 tunnur af gulrófum af hinni sameiginlegu uppskeru. Ætti þá að vera til sölu 190 tunnur af kartöflum og 170 tunnur af gulrófum. Að líkindum yrði að nota rófurnar að einhverju leyti sem fóður handa kúm og svínum, og er því vafamál, að rétt sé að reikna þær til tekna, eins og hér er gert.

Til kaupa á tilbúnum áburði er ekki ætlað meira en þarf til þess að halda túni og görðum í rækt samhliða búfjáráburði. Ef ræktað er af nýju, þá greiðir jarðræktarstyrkurinn áburð og sáðvörur, er til nýræktarinnar þarf.

Kjarnfóðurkaup eru ekki mikil samkvæmt þessari áætlun. Til svína mun þurfa talsvert af kjarnfóðri, svo að lítið verður eftir handa kúm.

Benzín og olía fyrir bíl og dráttarvél eru útgjöld, sem taka verður til greina. Hinsvegar er annarsstaðar séð fyrir viðhaldi þessara verkfæra, og ganga verður út frá, að einn af ábúendum keyri bíl og annar dráttarvél, svo að ekki þurfi að ætla hér til annars en aðkeypts efnis.

Opinber gjöld er ekki hægt að áætla með nokkurri vissu. Enda geta þau orðið mjög breytileg eftir fjölskyldustærð o. fl. Útsvör og skattar yrðu að sjálfsögðu lagðir á hvern bónda samvinnubýlisins eftir þeim tekjum, sem hver þeirra fengi úr fyrirtækinu. Hinsvegar verður búið að bera þessi gjöld. Gildir það og um hina hreinu eign félagsmanna í samvinnubúinu, að rétt er, að búið beri útgjöld hennar vegna, einkum þar sem ekki er gert ráð fyrir, að greiddir séu vextir af framlagi nýbýlinga til býlanna.

Vinnutekjur hvers bónda verða rétt við 2000 krónur um árið. Auk þess er ætlazt til, að þeir hafi dálitlar tekjur af hænsnarækt og garðrækt, sem hvert býli hafi fyrir eiginn reikning. Einnig getur komið til mála, að sumir bændurnir hefðu nokkrar sauðkindur, til þess að fá kjöt og ull til heimilisnota. Slíkt yrði alger sérrekstur.

Tekjur, er nema 2000 krónum auk húsnæðis, eins og hér er gert ráð fyrir, er að vísu ekki há upphæð, en mun þó vera meira en allur fjöldi bænda og verkamanna á nú við að búa. Þess ber og að gæta, að sumir liðir gjaldamegin, eins og viðhald verkfæra og húsa, er að allmiklu leyti vinna, sem bændurnir sjálfir framkvæma og eykur því raunverulega tekjur þeirra. Þá er og víst, að bændur, sem reka samvinnubúskap samkvæmt þessari áætlun, geta haft nokkrar aukatekjur annaðhvort með því að hafa garðrækt, alifuglarækt eða annan búskap samhliða samvinnubúinu, eða að öðrum kosti að leita sér atvinnu utan heimilis vissa tíma ársins.

II. Áætlun um stofnkostnað samvinnubyggðar.

Byggð verða 10 býli í sama hverfi. Ræktun og öðrum undirbúningi sé hagað eins og í áætlun I. Aðalbústofn byggðarinnar verður sauðfé, en samhliða

því kýr, hænsni og dálítil garðrækt. Býlin verða reist með dálitlu millibili og hvert býli fær útmælt tún og hefir sérbúskap að öllu leyti. Öll nýrækt verður þó unnin í félagi fyrir alla samvinnubyggðina, og verður því verkfæraeignin að nokkru leyti sameiginleg. Þá hefir og byggðin flutningabíl í félagi.

Stofnkostnaður hvers býlis:

1. Fasteign:

Landverð	kr.	1000.00
Ræktunarkostnaður eins og áætlun I	—	4000.00
Byggingar	—	11000.00
Samtals	kr.	16000.00

2. Verkfæri. Sameign byggðarinnar:

Dráttarvél með tilheyrandi tækjum kr. 6000.00 ÷ 25%	kr.	4500.00
Völuflutningabíll	—	4000.00
1 áburðardreifari	—	350.00
2 þvagdreifarar	—	300.00
2 plógar fyrir hesta	—	200.00
2 herfi	—	300.00
Samtals	kr.	9650.00

Séreign hvers býlis af verkfærum:

½ sláttuvél — 2 býli eiga í félagi sömu vél	kr.	200.00
1 rakstrarvél	—	250.00
1 vagn fjórhjólaður	—	400.00
1 kerra	—	200.00
Ýms smærri áhöld til garðyrkju og jarðræktar	—	200.00
Samtals	kr.	1250.00
Hluti hvers býlis í sameign verkfæra	—	965.00
Samtals	kr.	2215.00

3. Búpeningur:

2 kýr 270.00	kr.	540.00
80 ær 30.00	—	2400.00
2 hestar 200.00	—	400.00
Samtals	kr.	3340.00

Þótt gert sé ráð fyrir, að búpeningseignin sé nokkru meiri en þetta, þykir ekki ástæða til þess að telja meira til stofnkostnaðar, þar sem auðvelt ætti að vera að fjölga búfénu af þessum stofni.

Samkvæmt framanskráðu verður stofnkostnaður hvers býlis kr. 21555.00.

Bústofn hvers býlis er áætlaður þessi:

2 kýr mjólkandi.
1 geldneyti.
100 ær.
20 gemlingar.
2 hrútar.
20 hænsni.
3 hestar.

Rekstrarreikningur.

Tekjur:

2 kýr mjólka að meðaltali 2400 kg. = 4800 kg. 0.15	kr.	720.00
90 dilkar — sláturverð meðaltal — 16.00	—	1440.00
Gert er ráð fyrir, að undan 100 ám fáist 125 lömb, 22 sett á, en 8 fyrir vanhöldum.		
12 gamalám slátrað árlega 11.00	—	132.00
6 vg. kindum slátrað 18.00	—	108.00
120 kg. ull 1.30	—	156.00
Sláturafurðir af nautgripum	—	100.00
3000 hænsnaegg 0.08	—	240.00
15 tunnur kartöflur 12.00 og 10 tunnur gulrófur á 6.00	—	240.00
Samtals	kr.	3136.00

Gjöld:

Grunnverð landsins kr. 5000.00. — Vaxtalaust tillag ríkissjóðs kr. 2000. — Af kr. 3000.00 greiðast 3%	kr.	90.00
Húsaverð kr. 11000.00. Af 8550.00 greiðast 3%	—	255.00
Fyrningargjald 1% af kr. 11000.00	—	110.00
Lán til búpenings- og búslóðarkaupa kr. 5655.00 þar frá eigin framlög 3000 krónur, af kr. 2555.00 gr. 5%	—	122.75
Viðhald og fyrning verkfæra 10% af kr. 2315.00	—	231.50
Viðhald húsa 1¼% af kostnaðarverði	—	137.50
Viðhald búpenings 8% af kr. 3340.00	—	267.20
Vátrygging húsa	—	25.00
Tilbúinn áburður	—	150.00
Kjarnfóður	—	75.00
Útsæði og fræ	—	20.00
Benzín og olía	—	60.00
Opinber gjöld til ríkis og sveitar	—	100.00
Ýms útgjöld	—	100.00
Samtals	kr.	1743.95

Rekstrartekjur eru áætlaðar	kr.	3136.00
Rekstrargjöld eru áætluð	—	1743.95
Vinnutekjur fjölskyldu	kr.	1392.05

Rekstrargjöldin eru áætluð mjög líkt og fyrir kúabúið. Þó er lægra hundraðsgjald af verði verkfæra og búpenings ætlað til viðhalds þeirra í þessu yfirliti. Mun það þó hæpið, að það sé rétt, en þó má álíta, að þar sem hér er um sérrekstur að ræða, muni meiri nýtni og sparsemi viðhöfð heldur en á stóru samvinnubúi, og megi því komast af með minna til þeirra hluta.

Til kaupa á tilbúnum áburði er ætlað nokkru minna, en það hefði þurft að vera meira, þar sem áburður undan sauðfé nýtist ávallt verr en undan nautgripum.

Til kaupa á kjarnfóðri eru aðeins áætlaðar 75 kr. Mun það ekki vera meira en þarf handa hænsnum.

Fyrir benzín og olíu er áætluð talsvert lægri upphæð, vegna þess að hér mun vera um minni flutninga að ræða, þar sem lítil eða engin mjólk verður til sölu.

Opinber gjöld eru áætluð einum þriðja lægri, þar sem rekstrarafkoman er verri hér.

Þrátt fyrir það, þótt svo hafi verið spart á haldið um rekstrargjöldin, þá hefir fjölskyldan þó aðeins 1392 krónur um árið fyrir vinnu sína, auk húsnæðis. Er það allt of lítið til þess að fjölskylda geti af því lifað. Samkvæmt rekstraryfirlitinu er búinu ætlað að greiða krónur 587.75 í vexti af skuldum og sem afgjald af býlinu. Jafnvel þótt þessi upphæð væri algerlega strikuð út og árstekjur fjölskyldunnar hækkuðu sem þeirri upphæð nemur, þá er þó enn mjög hæpið, að tekjurnar nægi til þess að lifa megi af þeim sæmilegu lífi. Þess er og að gæta í þessu sambandi, að litlar líkur eru til þess, að bóndi með bú af þeirri stærð, sem hér er ráðgert, geti aflað sér verulegra aukatekna. Starfskraftar hans mundu verða uppteknir að mestu eða öllu við bú sitt. Þetta gerir aðstöðu hans, borna saman við félaga hans, er hefir kúabú í samvinnubyggð, þar sem búrekstur er sameiginlegur, ennþá óhagstæðari.

Ef gert væri ráð fyrir algerðri samvinnu við rekstur sauðfjárbúsins eins og við kúabúið, þá mundi rekstrarafkoman eitthvað batna, þar sem minna mundi þurfa af verkfærum og færri hross fyrir hvert býli en hér er gert ráð fyrir. Hinsvegar mundi eitthvað vera hægt að auka hinn arðgæfa bústofn. Þó mundi þetta ekki breytast svo, að sæmilegur árangur næðist. Enda tel ég mjög hæpið að hugsa sér að reka sauðfjárrækt í stóru samvinnubúi. Þar verður hver bóndi að hafa sinn eiginn stofn. Slík hverfisbyggð á að öllu leyti verr við sauðfjárrækt en nautgriparækt. Höfuðeinkenni sauðfjárræktar er, að það þarf mikið landrými og verður alltaf að treysta að nokkru leyti á beit, og þá er erfiðara að hafa margt fé saman.

Eins og nú horfir, er ekki hægt að búa við sauðfé hér á landi. Þessi áætlun um rekstur sauðfjárbús er því ekki annað en staðfesting þeirrar reynslu, sem síðustu ár hafa fært mönnum í þeim efnum.

Ein er sú mótbára, sem oftast er flutt fram gegn nýbýlafjölgun og í fljótu bragði virðist hafa við mest rök að styðjast. Menn benda á það, að jarðir séu sífellt að leggjast í auðn og ef til vill hafi aldrei borið eins mikið á því og nú síðustu árin. Þessir menn segja: Ef ekki er hægt að halda við byggð á þeim býlum, sem nú eru til, er þá ekki fásinna að vera að ráðgera að stofna nýbýli í tugatali. Það er nær að reyna að hressa eitthvað upp á þau býli, sem nú eru talin byggð, og forða þeim frá því að leggjast í eyði.

Gegn þessum mótbárum er fyrst því til að svara, að mjög mörg býli af þeim, sem í auðn hafa farið, hafa ýmist verið afskekkt fjallakot eða þá, þó sæmilega væru í sveit sett, landlítil og landill, svo að vart var búandi á þeim. Það er því mjög eðlilegt, að svo færi um þau. Hin nýja byggð á því aðeins rétt á sér, að hún sé sett þar, sem skilyrði eru bezt, bæði hvað samgöngur og náttúrugæði snertir. Eitt er enn í þessu máli, sem ekki má gleymast. Við höfum alltaf verið

í varnaraðstöðu frá því hinu fyrsta landnámi var lokið. Síðustu aldirnar hefir býlum sífellt fækkað. Við höfum alltaf hopað á hæl og látið nýtt land af höndum. Slíkt getur ekki gengið til lengdar, því að þá hlýtur fullur ósigur að vera framundan. Við verðum að taka upp sókn á þessu sviði, verðum að vinna eitthvað í stað þess, sem við höfum tapað og eigum eftir að tapa, því að enn fara mörg býli í eyði. Sókn vor í þessu efni á að vera sú, að byggja ný býli í blómlegustu og þéttbýlustu sveitunum, auka við byggðina þar, sem hún er mest fyrir. Á þann hátt tryggjum við það, að nýbýlin verða ekki yfirgefin eins og mörg gömlu býlin hafa verið. Þrátt fyrir alla býlafækkun nú síðustu árin, er jafnnauðsynlegt að hefjast handa um stofnun nýrra býla. Við stöðvum aldrei útstreymi fólks úr sveitum, við verjum aldrei byggðir vorar fyrir því að dragast saman, fyrr en við hefjum sókn. Sú sókn á að vera fólgin í því, að fjölga býlum í þeim sveitum landsins, sem bezt eru fallnar til framleiðslu og menningar.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Ríkisvaldinu er með ákvæðum þessarar greinar sett það takmark, að sjá 15—20% af árlegri fólksfjölgun vorri fyrir býlum í sveit, þar sem starfað verði að landbúnaðarframleiðslu. Ekki þótti fært að setja markið hærra en þetta. Stafar það af tveimur meginástæðum. Fyrst því, að fjárhagur vor mun ekki leyfa meiri framlög en þetta, svo og því, að óvíst er, að markaður innanlands og utan þoli meiri framleiðslu en hér er ráðgerð.

Í þessari grein frv. er ákveðið, að ríkið veiti þann stuðning við stofnun býlanna, að fjölskylda geti haft þar sæmileg afkomuskilyrði. Frá þessu má ekki víkja. Býlin mega ekki verða ábúendum þeirra dýrari en það, að þeir fái þar sæmileg laun fyrir erfiði sitt.

Fólksfjölgunin nemur nú um 1800 manns árlega. 15—20% af henni er nálægt 300 manns. Ef gert er ráð fyrir, að 5 menn séu til jafnaðar heimilisfastir á býli hverju, verða það um 60 nýbýli, sem reisa þarf árlega.

Í frv. eru ráðgerðar þrjár tegundir nýbýla með dálítið breytilegum stofnkostnaði og fjárframlögum úr ríkissjóði. Gerum ráð fyrir, að þau 60 nýbýli, sem reisa þarf árlega samkvæmt þessari áætlun, skiptust þannig:

1. Nýbýli í landi jarðar í sjálfsábúð	30 býli
2. Dreifð nýbýli í landi ríkisins	10 —
3. Samvinnubyggðir	20 —
Samtals	60 býli

Samkvæmt þeim kostnaðaráætlunum um stofnkostnað nýbýla, sem gerðar eru í greinargerð frumvarpsins hér að framan og ákvæðum 28.—30. gr. frv. um framlög til þeirra, verður að verja til 60 nýrra býla á ári hverju þessum upphæðum:

Framlög til hvers býlis í kr.

	Nýbýli byggð í landi jarða í sjálfsábúð		Dreifð nýbýli í landi ríkisins		Samvinnubyggðir	
	Styrkur	Lán	Styrkur	Lán	Styrkur	Lán
Til kaupa á landi	»	»	»	1000	»	1000
Til ræktunar	1000	»	1500	»	2000	2000
Til húsabygginga	2000	6000	2000	7000	2000	8000
Til verkfæra og búpeningskaupa	»	»	»	»	»	1500
Til hvers býlis	**3000**	**6000**	**3500**	**8000**	**4000**	**12500**
Til 30 nýbýla	90000	180000	»	»	»	
Til 10 nýbýla	»	»	35000	80000	»	»
Til samvinnubyggða 20 býla	»	»	»	»	80000	250000

Styrkur á ári til nýbýla ..... kr. 205 þús.
Lán á ári til nýbýla ..... — 510 —

Samtals kr. 715 þús.

Þessar upphæðir eru allar miðaðar við það, sem mest má veita til hvers býlis samkvæmt ákvæðum frv. Hér er að vísu um allmikið fé að ræða, og má vera, að fjárhagsmáttur ríkissjóðs leyfi slíkt trauðla. Hitt þolir þjóðin þó hálfu verr, að svo fari fram eins og gert hefir að undanförnu, að sveitirnar tæmist af fólki. Þetta fólk hópast svo saman í kauptúnum og kaupstöðum og vantar þar atvinnu, en ríki og bæjarfélög verða að halda því uppi með arðlítilli atvinnubótavinnu.

Um 2. gr.

Um leið og ný nýbýlalöggjöf verður sett virðist sjálfsagt að veita þeim býlum einum rétt til nýbýlanafnsins, sem reist verða þar á eftir. Hér táknar nýbýli aðeins stök býli, sbr. 4 gr.

Oft mundi eðlilegast að stofna til nýbýla með því að skipta túni jarðarinnar í tvennt og reisa hið nýja býli mjög nærri gamla býlinu. Á þann hátt má stuðla að því, að skipuleg byggðarhverfi myndist úr einni eða tveimur jörðum, sem liggja saman. Þar sem nýbýlið fengi eitthvað af ræktuðu landi, mundi stofnkostnaður lækka nokkuð.

Þá virðist og sjálfsagt, að eyðijarðir, sem verða teknar til endurbyggingar, komi undir nýbýlalöggjöf. En þess þarf vandlega að gæta, að sækjast ekki eftir eyðijörðum til nýbýla, nema lega þeirra og öll aðstaða sé svo, að samrýmzt geti nútíma búskaparháttum.

Um 3. gr.

Samkvæmt 2. gr. er það aðalregla, að nýbýli fái útskipt land með ákveðnum landamerkjum. Ákvæði 3. gr. miða að því, að veita megi undanþágu frá þessu. Í sumum sveitum þessa lands hefir fleirbýli tíðkazt. Oftast er þá beitiland óskipt, og stundum einnig engjar og tún. Bændurnir vinna þá sumstaðar tún sín og engjar í félagi og skipta síðan heyaflanum. Hér er um vissa tegund af samvinnu-

búskap að ræða, sem ekki má útiloka, því að oft er þessi samvinna til mikils hagræðis fyrir hlutaðeigendur. Virðist því rétt, að reynt sé að breyta einbýlisjörðum í tvíbýli eða fleirbýlisjarðir og að ríkið veiti sama stuðning til þess og annara nýbýla. En þá verður að vera tryggt, að sæmilegt húsnæði sé á jörðinni fyrir býlin og að fleirbýlisjörð verði ekki breytt í einbýlisjörð aftur, nema knýjandi ástæður séu fyrir hendi. Þess vegna er slíkt bannað nema nýbýlastjórn leyfi.

Um 4. og 5. gr.

Virðast ekki þurfa skýringa við.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eiga að tryggja það, að nýbýlin verði ekki leigujarðir einstakra manna. Reynslan hefir þegar sannað mjög áþreifanlega, að leigukjör og aðstaða öll er langóhagstæðust á þeim jörðum, sem einstakir jarðeigendur leigja út. Þess vegna er það gert að skyldu, ef jarðeigandi reisir nýbýli í landi jarðar sinnar, þá skuli hann afhenda býlið til þess, sem við því á að taka til fullrar eignar. Þessi sömu ákvæði skulu gilda, þótt börn hans eigi hlut að máli. Félög, er kynnu að starfa að því að reisa nýbýli, er sjálfsagt að hlíti sömu fyrirmælum í þessum efnum.

Hinsvegar virðist rétt og eðlilegt, að leyfa bæjar- og sveitarfélögum að vera eigendur nýbýla eða samvinnubyggða og leigja þau út. Mjög er líklegt, að sumir kaupstaðir mundu stofna til nýbýla í grennd við bæinn. Þá mætti nota verkið við að reisa slík býli sem nokkurskonar atvinnubótavinnu um leið og þar væri lagður grundvöllur að arðgæfri framleiðslu. Ríkið mundi þó að sjálfsögðu eiga flest leigunýbýlin, eða að minnsta kosti landið og eitthvað af mannvirkjum þeirra.

Um 7. gr.

Að sjálfsögðu verða allar framkvæmdir, sem snerta nýbýlin, að vera háðar opinberu eftirliti. Með ákvæðum þessarar greinar á að hindra það, að menn ráðist í nokkrar aðgerðir um stofnun nýrra býla, þótt á eigin jörð sé, nema í samráði við nýbýlastjórnina.

Um 8. gr.

Gæði bújarðar felast í tveimur meginþáttum. Í fyrsta lagi í náttúrugæðum jarðarinnar, að þau séu sem flest og bezt. Í öðru lagi koma til greina þjóðfélagslegar ástæður, svo sem afstaða jarðarinnar innan sveitar, markaðsskilyrði, afstaða til þjóðvegakerfis landsins o. m. fl. Áður fyrr réðu náttúrugæðin mestu um verðmæti jarðar. Nú er þetta svo breytt, að hinar þjóðfélagslegu ástæður mega sín jafnvel enn meir en náttúrugæðin. Með ákvæðum 8. gr. á að tryggja það, að nægilega fjölþættar athuganir og rannsóknir verði gerðar áður en ákveðið verður, hvar hin nýja byggð skuli reist. Einkum eru slíkar rannsóknir nauðsynlegar þegar reisa á heil hverfi.

Í niðurlagi gr. er gert ráð fyrir, að slíkar rannsóknir skuli framkvæmdar um land allt sem fyrst. Þetta er nauðsynlegt, svo að taka megi þetta mál nægilega föstum tökum. Ýmsar upplýsingar og rannsóknir liggja fyrir um þessi efni

hjá Búnaðarfélagi Íslands, sem að sjálfsögðu mundu gera þetta auðveldara. Þegar heildaryfirlit um land allt væri fengið, er fyrst hægt að byggja hina nýju byggð á nægilega föstum grunni.

Um 9. gr.

Sjálfsagt virðist að gefa nýbýlastjórn fullveldi um það, hvaða nýbýli skuli reist með aðstoð ríkisvaldsins á hverju ári. Þess skal gætt að byggja fyrst á beztu stöðunum. Niðurlag gr. á að tryggja það, að hinir ýmsu landshlutar fái sem jafnastan rétt í þessu efni.

Í öllum fjórðungum landsins eru staðir, þar sem skilyrði til nýbýlamyndunar eru hin ákjósanlegustu. Á þeim stöðum eiga framkvæmdir að hefjast, og er sjálfsagt að gæta réttar allra landshluta jafnt í þessu efni.

Um 10. og 11. gr.

Þurfa ekki skýringa við.

Um 12. gr.

Nýbýlanefnd skal vera nefnd sérfróðra manna, nýbýlastjóra og ráðherra til ráðuneytis um nýbýlamálin. Hinsvegar er ekki ætlazt til, að hún hafi úrskurðar- né framkvæmdarvald. Sjálfsagt virðist, að einn nefndarmanna sé byggingafræðingur. Þá virðist og eðlilegt, að jarðabótaráðunautur Búnaðarfélags Íslands sé einn nefndarmanna. Hann á að hafa yfirgripsmestu þekkingu um öll helztu byggðarlög landsins. Þá væri og nauðsynlegt, að einn nefndarmanna væri sérfræðingur í jarðvegsrannsóknum. Nefndarmenn ættu ekki að þurfa að koma saman til funda nema sjaldan, svo að enginn verulegur kostnaðarauki ætti af því að stafa.

Um 13. gr.

Samkvæmt þessari gr. er það lagt í vald landbúnaðarráðherrans, hvort hann felur B. Í. þessi mál til meðferðar eða ekki. En hvort svo verður gert, eða sérstakur maður hafi nýbýlamálin með höndum, verður alltaf um mjög mikið samstarf að ræða milli nýbýlastjóra og starfsmanna B. Í.

Um 14. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 15. gr.

Hér er gert ráð fyrir þremur flokkum nýbýla, og skal það skýrt nokkru nánar, hvað til grundvallar liggur fyrir því.

A. Jarðir, sem nú eru í sjálfsábúð, er eðlilegt og sjálfsagt, að teknar séu til nýbýlaskiptingar, þar sem góð skilyrði eru fyrir hendi. Þetta verður oft auðveldasta leið til nýbýlamyndunar, einkum þegar börn byggja býli í landi foreldra sinna. Þess vegna á að hlynna að slíkri býlafjölgun. Hér er ráðgert, að þeir bændur, sem hugsa til nýbýlastofnunar, sendi umsóknir um það til nýbýlastjórnar. En ef nægilega margir gefa sig ekki fram á þann

hátt, er svo til ætlazt, að nýbýlastjórn leiti fyrir sér hjá sjálfseignarbændum um myndun býla, sérstaklega þar sem uppkomin börn eru til að taka við þeim.

B. Í öðru lagi verða nýbýli reist á landi, sem er í opinberri eign. Ekki er ólíklegt, að ýms bæjarfélög muni stuðla að slíku, þar sem bæirnir eiga land til nýbýlamyndunar.

Ríkið á enn margar jarðir víðsvegar um land, þar á meðal prestssetrin, sem víða eru beztu jarðir hverrar sveitar, en eru nú flestar minna en hálfnotaðar. Mjög virðist það líklegt, að rannsóknir leiddu í ljós, að á mörgum þeirra væru skilyrði til nýbýlastofnunar hin ákjósanlegustu. Á sumum þessum jörðum mætti að sjálfsögðu reisa heil hverfi, en á öðrum mundi aðeins verða um einstök nýbýli að ræða. Víða er allmikill húsakostur á prestssetrunum, og væri þá hægt að láta nýbýlinga hafa þar húsnæði meðan þeir væru að koma býlunum á fót, sem sennilega mundi taka tvö til þrjú ár. Þetta virðist helzta leið til þess, að menn geti sjálfir komið upp býlum yfir sig í landi ríkisins.

C. Þar sem reist verða heil hverfi býla (samvinnubyggðir), virðist ekki um aðra leið að ræða en hið opinbera hafi framkvæmdir með höndum. Byggingar verða að vera tilbúnar og nokkur ræktun hafi, áður en fólk flytur þangað. Svo stórfelld störf verða ekki unnin af nýbýlingum sjálfum. Í flestum tilfellum yrði því ríkið að annast slíkar framkvæmdir. Fyrstu samvinnubyggðirnar geta ekki orðið annað en tilraun í þessa átt, meðan verið er að afla nauðsynlegrar reynslu um það, hvernig taka beri á þessum málum. Það er því mjög erfitt að setja ákveðnar reglur um, hvernig þetta skuli leyst. Þar verður að fara saman, að ríkisvaldið hafi eftirlit og nægileg áhrif á það, hvernig öll tilhögun verður, án þess þó að þrengja um of frelsi ábúenda um að ákveða sjálfir starfsháttu sína.

Eitt aðalatriði þessa máls er, að fólkið fáist til þess að starfa saman í slíku nábýli og hér verður. Þess vegna er fyrsta skilyrði til þess, að í slíkar framkvæmdir verði ráðizt, að einhverjir vilji sinna þessu. Að því miða ákvæði 2. töluliðs. Menn, sem vilja starfa saman, verða sjálfviljugir að mynda samvinnubyggðafélögin. Þá má búast við, að um sæmilega samvinnu þeirra í milli geti verið að ræða, en annars ekki.

Sjálfsagt virðist, að nýbýlastjórn ákveði, hverskonar búskapur skuli stundaður í hverri samvinnubyggð. Fyrstu byggðirnar mundu sennilega settar þar, sem mjólkurframleiðsla ásamt ræktun garðávaxta og ef til vill einhver hænsna- og svínarækt yrði aðallega stunduð. Hinsvegar verður það að vera á valdi þeirra, er við býlunum taka, hversu langt samvinnan gengur um búrekstur þeirra. Þá verður og nýbýlastjórn að hafa fullt vald til þess að ákveða allt skipulag byggðarinnar, svo og gerð og tilhögun húsa, en sjálfsagt er að taka til greina tillögur samvinnubyggðafélagsins um þessa hluti, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

Um 16. gr.

Virðist ekki þurfa skýringar við.

Um 17. gr.

Ákvæði þessarar gr. miða að því að hindra það, að nýbýli, sem eru í sjálfsábúð, en reist verða samkvæmt lögum þessum, komist í brask. Sú villukenning hefir lengi verið við lýði, að hátt jarðarverð væri einhver blessun, sem bændur ættu að sækjast eftir. Þetta er hin mesta rökvilla. Hátt jarðarverð kemur þeim einum að gagni, sem vill hætta búskap og spekúlerar í því að geta selt jörðina fyrir sem hæst verð. Fyrir þá, sem kaupa, eru uppsprengdar jarðir ok, sem margur maður hefir kiknað undir. Hér er reynt að tryggja það eftir megni, að slíkt verði fyrirbyggt.

Þetta er fyrst og fremst gert með því að setja kaup og sölu nýbýla undir opinbert eftirlit. Önnur leið virðist ekki fær til þess að hafa fullt vald á þessu. Þótt hér kunni sumum að finnast, að allmjög sé þrengt að eignarrétti manna í þessum efnum, þá er það hin brýnasta nauðsyn, og hefði fyrir löngu þurft að vera gengið inn á þá braut.

Söluverð býlanna er miðað við fasteignamat þeirra. Mun ekki vera hægt að benda á aðra leið heppilegri, því þótt margt megi að sjálfsögðu finna að fasteignamati því, sem nú gildir, þá ber að stefna að því að gera það svo fullkomið, að á því megi byggja.

Þá eru og í þessari gr. ákvæði, sem sporna við því, að ríkisstyrkur, sem til býlanna rennur, gangi inn í jarðarverðið og verði svo seldur með því, eins og nú á sér stað með jarðræktarstyrkinn. Slíka styrki á ekki að veita til ábúenda eða eigenda býlanna, heldur til jarðarinnar sjálfrar. Til þess er ætlazt, að þeir komi öllum þeim, er býlin byggja í framtíðinni, að notum, en ekki aðeins þeim, sem af hendingu hafa eignarhald á jörðinni, þegar styrkurinn er veittur. Ein alvarlegustu mistök með styrkveitingar til landbúnaðarins eru þau, að þessa hefir ekki verið gætt.

Þá er að lokum bannað að veðsetja þann hluta af matsverði býlanna, er svarar til þess styrks, sem þau hafa notið. Brýn nauðsyn ber til þess að takmarka að einhverju leyti, að býlin séu veðsett úr hófi fram. Og virðist þetta þá helzta leiðin.

Um 18. gr.

Þau ákvæði, sem hér eru sett að skilyrði fyrir því, að ríkið styðji menn til nýbýlastofnunar á eigin landi, eiga að tryggja það, að menn, sem eiga verulegar eignir, fái ekki stuðning til nýbýlamyndunar. Sjálfsagt virðist, að þeir, sem eiga sæmilegt býli til ábúðar, fái engan stuðning sér til handa. Hinsvegar er rétt að veita manni, sem vill reisa býli handa barni sínu, þá hjálp, er lögin heimila. En þá ber jarðeiganda að afhenda býlið strax til þess, sem við því á að taka, til fullrar eignar.

Hér er gert ráð fyrir, að ábúendur leggi fram minnst 20% af stofnkostnaði býlanna. Þykir ekki fært að ætla þeim meiri framlög, þar sem fáir munu svo efnum búnir, að þeir geti það.

Þá er að lokum í þessari gr. ákvæði, er skylda nýbýlinga til þess að halda býlum sínum vel við. Viðurlög, ef svo reynist ekki, eru þau, að ríkið getur þá krafið til baka það fé, sem til býlisins hefir verið lagt.

Um 19. gr.

Það nýmæli er hér tekið upp, að nýbýli og samvinnubyggðir ríkisins skuli leigðar með erfðafesturétti til þess erfingja, er ábúandi vill, að við býlinu taki.

Um 20. gr.

Eitt hið mesta vandamál í þessu efni er það, hvernig skuli fara með þær umbætur, sem ábúendur eiga á ríkisbýlunum. Þetta kemur ekki til greina nema þegar ábúendaskipti verða. Þegar frá verði umbótanna er búið að draga þá styrki, sem til þeirra hafa verið veittir, þá á ábúandi vissulega kröfu á því að fá eitthvað fyrir verk sín. Hinsvegar verður þess að gæta, að býlin hækki ekki um of í verði á þann hátt, að umbæturnar verði metnar of dýrt. Hér er það ráð tekið, að láta ríkið kaupa umbætur þessar samkvæmt matsverði og greiða þær með ríkisskuldabréfum, sem út verða gefin til 42 ára og gefa 3% í vexti og afborgun á ári. Ríkið greiðir umbæturnar með sömu kjörum og það leggur fram fé til þessara býla. Ef til vill verður þetta að áliti sumra til þess að draga úr umbótalöngun manna, þar sem þeir geta ekki búizt við meiri endurgreiðslu en hér er ráðgerð. Þar til er því að svara, að þar sem býlin verða látin með erfðafesturétti, eiga þau oftast að geta haldizt í sömu ætt til langframa. Umbætur föður verða því fyrst og fremst syni hans að gagni, en þó verður þetta því aðeins, að þær verði ekki metnar of dýrt. Hér er því sömu stefnu haldið og áður í þessu frv., að hindra það, að býlin hækki um of í verði.

Um 21. gr.

Hér eru hliðstæð skilyrði fyrir því að geta orðið ábúandi á ríkisbýlum og sett eru í 18. gr. um sjálfseignarbýli. Til stofnkostnaðar þessara býla þykir ekki tiltækilegt að krefja nýbýlinga um meiri framlög en 15%. Oftast munu þeir, sem við slíkum býlum taka, fátækari og hafa erfiðari aðstöðu heldur en ábúendur nýbýla í sjálfsábúð.

Um 22. gr.

Hér eru aðeins venjuleg ákvæði um skyldur ábúenda, að halda býlum sínum vel við, og mun það ekki þurfa frekari skýringa.

Um 23. gr.

Ákvæði þessi heimila samvinnubyggðafélagi að víkja félagsmanni burt úr félaginu, og um leið af því býli, sem hann hefir til ábúðar í samvinnubyggðinni. Það mun vera nauðsynlegt að sjá um, að menn, sem á einhvern hátt bregðast stórlega skyldum sínum í því samstarfi, sem þarna hlýtur að eiga sér stað, geti ekki til langframa haldið uppteknum hætti. Það verður því að gefa samvinnubyggðafélögum heimild til þess að útiloka menn frá félagsskap og samstarfi, eins og hér er gert. En til þess að ekki verði beitt hlutdrægni í þessum efnum, eða harðræði um of, virðist rétt að krefjast þess, að ⅔ hlutar félagsmanna samþykki brottvikninguna og nýbýlastjórn staðfesti hana.

Um 24. gr.

Nýbýlum verður ekki komið upp hér fremur en annarsstaðar, nema ríkið leggi óafturkræfan styrk til þeirra. Slíkur styrkur er ekki veittur ábúanda býlisins, heldur býlinu sjálfu. Ábúendur verða að skoða þetta sem vaxtalaust lán, er þeir hafa fengið. Höfuðstólinn ber þeim að greiða til næsta ábúanda, og má hann aldrei rýrna. Þessi skilningur á eðli styrkveitinga til hverskonar umbóta verður að komast inn í meðvitund almennings, því aðeins á þeim grundvelli geta þær komið að fullu gagni.

Um 25. gr.

Mun ekki þurfa skýringar við.

Um 26. gr.

Byggingar- og landnámssjóði var ætlað að lána fé til nýbýla jafnframt því að hann veitti lán til endurbygginga á jörðum. Nú hefir reynslan orðið sú, að sjóðurinn hefir sama og ekkert til nýbýla lánað. Það er því ljóst, að ef nokkuð verulegt verður aðhafzt um nýbýlastofnun, þá verður að ætla sérstakri lánsstofnun það hlutverk. Virðist þá eðlilegast, að Byggingar- og landnámssjóði verði skipt. Önnur deildin veitir lán til þess að húsa gömul býli, eins og verið hefir, en hin ætti að veita lán til nýbýlamyndunar. Heppilegt nafn á þeirri deild er nýbýladeild. Að sjálfsögðu þarf að breyta lögunum um Búnaðarbanka Íslands, að því leyti er þetta snertir, ef frv. þetta verður samþykkt þannig. Það verður svo að sjá þessum deildum báðum fyrir auknum tekjum, svo að þær geti rækt sitt tvöfalda hlutverk. Hér skal það ekki tekið til frekari athugunar.

Um 27. gr.

Hér er ákveðið, að nýbýlastjóri og nýbýlanefnd geri tillögur um, hvernig því fé, sem verja má árlega til styrkveitinga til nýbýla, skuli skipt. Þá er og ætlazt til þess, að sömu aðilar geri tillögur um lánveitingar úr nýbýladeild, en ráðherra verði síðan að samþykkja þær. Hér virðist ef til vill tekið fram fyrir hendur bankastjórnarinnar, þar sem aðrir en hún eiga að ráða um lánveitingar. En það er nauðsynlegt, að lánveitingavaldið sé í höndum nýbýlastjórnar að sem mestu leyti, þar sem hún hefir úrskurðarvald um, hvaða nýbýli og samvinnubyggðir skuli reistar árlega. Verður því ekki hjá því komizt, að nýbýlastjórnin hafi aðalvöld í þessum efnum. Að sjálfsögðu verður að vera náin samvinna og gott samstarf milli bankastjórnar Búnaðarbankans og nýbýlastjórnar um þessar lánveitingar.

Um 28. gr.

Til nýbýla, sem reist eru á landi, sem væntanlegur ábúandi á sjálfur, er heimilt að veita:

Styrk til ræktunar allt að	kr. 1000.00	
Styrk til bygginga allt að	— 2000.00	
		kr. 3000.00
Lán til bygginga allt að		— 6000.00
	Samtals	kr. 9000.00

Við þetta bætast framlög nýbýlinga, 20% af kostnaðarverði býlisins, ca. kr. 2000.00. Samkvæmt þessu yrði kostnaðarverð þessara býla um 11 þúsund krónur. Ekki fást fullbúin býli, hvorki að ræktun né húsum, fyrir þetta verð, heldur er miðað við það, að þá megi byrja þar búskap við sæmilega aðstöðu. Sérstaklega má búast við, að ræktun verði komin skammt áleiðis og þurfi að auka hana mjög fyrstu ár nýbýlinga. Í þessari áætlun er kaupverð landsins ekki tekið með, þar sem út frá því er gengið, að ábúandi eigi það sjálfur, eða fái það frá foreldrum sínum við svo vægu verði, að það megi sleppa því í þessu sambandi.

Um 29. gr.

Til nýbýla, sem byggð verða í landi ríkisins, bæjar- eða sveitarfélaga, er heimilt að veita:

Styrk til ræktunar allt að	kr. 1500.00	
Styrk til húsabygginga allt að	— 2000.00	
	————	kr. 3500.00
Lán til húsabygginga allt að		— 7000.00
		Samtals kr. 10500.00

Að auki framlög nýbýlinga sjálfra, sem ekki mega nema minna en 15% af stofnverði býlisins, eða nálægt 2000 kr., miðað við þær upphæðir, sem taldar eru hér að ofan. Er þá verð hvers býlis orðið fullar 12½ þús. króna. Auk þess er svo landverðið, sem ákveðið er, að af sé greitt 3% í landleigu. Að leyft er að veita meira fé til þessara býla heldur en til nýbýla í sjálfsábúð, stafar af því, að oftast mun vera erfiðara og dýrara að koma þeim upp. Hinsvegar þykir ekki fært að krefja ábúendur þessara býla um hærri framlög en 15% af stofnkostnaði þeirra, þar sem hér mun oftast vera að ræða um því nær eignalausa menn. Með þeim upphæðum, sem hér eru nefndar, ætti að mega koma býlum þessum það á legg, að sæmileg atvinnuskilyrði fengjust fyrir þá, sem við þeim tækju. Lánskjörin hjá nýbýladeild eru hliðstæð við það, sem nú er hjá Byggingar- og landnámssjóði.

Um 30. og 31. gr.

Til hvers býlis í samvinnubyggð er heimilt að veita:

Styrk til ræktunar allt að	kr. 2000.00	
Styrk til húsabóta allt að	— 2000.00	
	————	kr. 4000.00
Til ræktunar og landkaupa		— 2500.00
Til húsabóta		— 8000.00
Lán til kaupa á búpeningi og búslóð allt að		kr. 1500.00
		Samtals kr. 16000.00

Þar við bætast minnst 15% af stofnverði býlisins, er ábúanda ber að leggja fram. Nemur það um 3000 krónum. Er þá kostnaðarverð býlisins orðið um 19000 króna, og í samræmi við þá áætlun, sem gerð er hér áður.

Þegar um stofnun samvinnubyggðar er að ræða, verður ekki hjá því komizt að veita ábúendum þeirra lán til búpenings- og búslóðarkaupa, að því leyti

sem þeirra eigin framlög hrökkva ekki til. Slík lán yrðu tekin af samvinnubyggðarfélagi hverrar byggðar með veði í búpeningi og búslóð félagsmanna. Ætlazt er til, að lántakendur greiði fulla vexti af lánum þessum. Þó mættu þau ekki verða dýrari en 5%, og við það er miðað í rekstraryfirlitinu hér að framan. Gert er ráð fyrir, að lánin verði veitt til 15 ára með jöfnum afborgunum. Mun lánstíminn ekki mega vera styttri en það, ef þau eiga ekki að hvíla of þungt á, einkum fyrstu árin.

Samkvæmt þessari grein er ætlazt til þess, að ríkið reisi samvinnubyggðirnar og leigi þær síðan samvinnubyggðafélögum. Ábúendur greiða svo ársleigur eftir býlin. Þær umbætur, sem þeir gera sjálfir á býlunum, eiga þeir og fá þær greiddar við brottför samkvæmt ákvæðum 20. gr.

Árlegt afgjald af býli í samvinnubyggð, sem kostar um 19000 króna, mundi verða:

Af grunnverði landsins 2500 kr. á 3%	kr.	75.00
Af húsum 8000 kr. á 3%	—	240.00
Samtals	kr.	315.00

Auk þess eru svo vextir af lánum til lausafjárkaupa og fyrningargjöld, sbr. 32. gr.

Um 32. gr.

Ákvæði þessarar gr. miða að því, að séð verði fyrir fé til þess að byggja býlin upp aftur, er með þarf. Svo er til ætlazt, að hvert býli leggi árlega í sjóð, er síðar verði varið til endurbygginga. Mun þetta helzta leið til þess að tryggja það, að býlin geti endurbyggt sig sjálf. Endurbyggingarsjóður hverrar jarðar er hennar eign, en ekki þeirra ábúenda, sem á henni búa, og það eins þótt býlið sé í sjálfsábúð. Þegar býli í sjálfsábúð skiptir um eiganda, fylgir endurbyggingarsjóðurinn jörðinni, en verð hennar má ekki hækka hans vegna.

Hér er gert ráð fyrir, að hæsta iðgjald í endurbyggingarsjóði megi vera 1% af kostnaðarverði húsanna. Ef 1% er ávaxtað með 4½% á ári, nær það stofni á 38—39 árum. Ætti því með þessu fyrningargjaldi að vera hægt að endurbyggja húsin á ca. 40 ára fresti. Ef fyrningargjaldið er ½% af kostnaðarverðinu, tekur það nálægt 60 ár með sama rentufæti að fá kostnaðarverð húsanna. Þetta bendir til þess, að aldrei þurfi að ákveða hærra fyrningargjald en 1% af kostnaðarverði húsanna, því að aldrei ætti að reisa hús, sem ekki gætu minnst staðið í 40 ár. Mundi þá fyrningargjaldið oftast leika á ½—1% af upphaflegu stofnverði húsanna.

Um 33. gr.

Eðlilegast virðist vera, að umboðsmönnum þjóðjarða verði falin innheimta á ársgjöldum þeim, sem ríkið þarf að annast innheimtu á.

Um 34. gr

Nauðsynlegt er, að nýbýlastjórn hafi heimild til þess að veita ábúendum nýbýla og samvinnubyggða ívilnun um greiðslur afgjalda fyrstu ár þeirra á býlunum. Sérstaklega er þetta nauðsynlegt um þau býli, þar sem lítið land er komið

í rækt. Þar verður að rækta mikið fyrstu árin, en það er því aðeins kleift, að ábúendur þurfi ekki að greiða full afgjöld þau árin. Hinsvegar ætti þess ekki að þurfa þar, sem nýbýlin hafa fengið allmikið ræktað land. Þessi hlunnindi nýbýlingum til handa verða því að vera hreyfanleg og algerlega á valdi nýbýlastjórnar.

Um 35. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að nýbýlastjóri haldi hagskýrslur um hvert býli, bæði að því er snertir stofnkostnað þeirra og einnig um rekstrarafkomu hvers ábúanda, eftir því sem við verður komið. Hagskýrslur vorar eru flestar mjög ófullkomnar, og um rekstrarafkomu landbúnaðarins eru þær því nær engar. Hér er gerð tilraun til þess að bæta úr þessu.

Um 36. gr.

Sjálfsagt er að skylda alla ábúendur hverrar samvinnubyggðar til þess að hafa félagsskap sín á milli. Þar verður alltaf um svo margþætta samvinnu að ræða, að slíkur félagsskapur er nauðsynlegur. Þessi félög mundu koma fram út á við fyrir hönd félagsmanna sinna.

Um 37. gr.

Hér eru talin upp nokkur meginatriði, sem sérstaklega verða verkefni samvinnubyggðafélaga. Til frekari skýringar skal þetta tekið fram:

1. Til þess er ætlazt, að ríkið selji samvinnubyggðafélögunum samvinnubyggðirnar á leigu, og á nýbýlastjóri aðgang að félaginu um, að settum skilyrðum sé fylgt um greiðslur afgjalda, viðhald á mannvirkjum o. fl.

2. Þótt íbúðir og gripahús fylgi býlunum, þegar samvinnubyggðafélagið tekur við þeim, má þó búast við, að allmiklu þurfi að bæta við húsakost þeirra síðar. Þar til heyrir rafvirkjun, sem að sjálfsögðu yrði framkvæmd af félaginu. Þá er og líklegt, að slíkar byggðir þyrftu að koma upp samkomuhúsi, sem yrði nokkurskonar miðstöð samvinnubyggðanna. Þar væru félagsfundir haldnir og almennar samkomur. Þar ætti að vera bókasafn, útvarp og margt fleira, sem til menningar horfir og allt fólk byggðarinnar gæti haft sameiginleg not af. Síðar meir mundi svo að sjálfsögðu rísa upp barnaskóli í sambandi við þessa miðstöð byggðarinnar.

3. Þegar auka þarf íbúðarhús eða gripahús, verður það að sjálfsögðu samvinnubyggðafélagið, sem beitir sér fyrir því.

4. Þetta er lán til kaupa á búpeningi og verkfærum. Samvinnubyggðafélagið tekur það fyrir hönd félagsmanna sinna.

5. Starfsfé til árlegs rekstrar búanna ættu samvinnubyggðafélögin í sameiningu að afla sér fyrir hönd félaga sinna.

6. Að lokum ræður svo hvert félag að mestu leyti um það, að hve miklu leyti búrekstur skuli vera sameiginlegur. Ræktun landsins ætti alltaf að vera framkvæmd af öllum í félagi og verkfæraeignin þar af leiðandi að nokkru leyti sameiginleg. Þá er og sjálfsagt, að aðdrættir til byggðarinnar og flutningar frá henni sé félagsrekstur.

Þegar kemur til hins sameiginlega búrekstrar, koma fyrst til greina mörg vafaatriði. Allt bendir til þess, að félagsrekstur geti verið ódýrari og léttari að flestu leyti, en þetta verður þó því aðeins, að fólkið, sem að honum starfar, sé svo þroskað, að það geti unnið saman. Hvort svo muni verða, hlýtur reynslan ein úr að skera.

Nú getur verið um ýmsar tegundir af samvinnubúskap að ræða, eftir því hversu langt samvinnan gengur. Skulu hér nefndar þær helztu, sem til greina geta komið:

a. Félagsrekstur um jarðrækt, en hinu ræktaða landi skipt á milli býlanna.
b. Félagsrekstur um jarðrækt og heyskap, en heyafla skipt á milli býlanna, sem hvert hefir sinn bústofn.
c. Allur búrekstur sameiginlegur. Nettótekjum skipt á milli félagsmanna. Hver fjölskylda hafi sitt eigið húshald.
d. Sameiginlegur búrekstur og sameiginleg matreiðsla fyrir alla samvinnubygðina.

Þessar mismunandi tegundir félagsbúskapar eru ekki settar hér fram af því, að búizt sé við, að þær verði allar starfræktar í náinni framtíð, heldur til þess að sýna, á hve marga vegu hægt er að reka félagsbú. Þessi löggjöf á að vera nægilega rúm til þess að hægt sé, í skjóli hennar, að gera þær tilraunir á þessu sviði, sem menn óska eftir.

Um 38. gr.

Þar sem samvinnubyggðir eru að mestu leyti ríkiseign, virðist sjálfsagt, að hið opinbera verði að gefa samþykki sitt til þess, að ráðizt verði í framkvæmdir, er lántökur þarf til að hrinda af stað.

Um 39.—43. gr.

Þurfa ekki skýringa.“

Ed. 110. Frumvarp til laga

um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

I. KAFLI

Stjórn háskólans.

1. gr.

Í Háskóla Íslands eru þessar 5 deildir: guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspekideild og atvinnudeild.

2. gr.

Stjórn háskólans er falin rektor háskólans og háskólaráði.

Háskólaráðið hefir úrskurðarvald í öllum þeim málum, er snerta starfsemi háskólans, samkvæmt reglugerð, er konungur setur. Háskólaráðið fer með undir-

búning þeirra mála, er leggja á fyrir konung, löggjafarvald eða stjórnarráð og snerta háskólann. Það lætur stjórnarráðinu í té allar þær upplýsingar, sem það þarf á að halda og snerta háskólann sérstaklega.

3. gr.

Rektor er kosinn af prófessorum og dósentum háskólans til 3 ára í senn, en prófessorar einir eru kjörgengir.

Sá prófessor er rétt kjörinn rektor, sem fengið hefir meiri hluta greiddra atkvæða, enda hafi tveir þriðju hlutar kosningarbærra kennara átt þátt í atkvæðagreiðslunni.

Rektorskosning fer fram 14. dag maímánaðar eða næsta virkan dag.

Hafi enginn fengið yfir helming atkvæða, skal kjósa af nýju um þá tvo eða fleiri, er flest atkvæði fengu, og er sá þá rétt kosinn, sem flest atkvæði fær. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Rektor má endurkjósa, en ekki er hann skyldur að taka við endurkjöri. Rektor tekur við störfum með byrjun háskólaárs.

Birta skal stjórnarráðinu úrslit rektorskosningar.

Nú fellur rektor frá eða verður að láta af störfum áður en rektorsár hans er liðið, og skal þá kjósa nýjan rektor svo fljótt sem því verður við komið, en varaforseti háskólaráðs gegni rektorsstörfum þangað til. Skal hinn nýi rektor kosinn til 3 ára, en það, sem eftir er háskólaárs, er hann tekur við, skal teljast sem eitt ár.

4. gr.

Rektor og forsetar deildanna 5 eiga sæti í háskólaráði. Rektor er sjálfkjörinn forseti ráðsins. En varaforseta kýs háskólaráðið sér sjálft úr sínum hópi.

Háskólaráðið heldur fundi eftir þörfum. Æski tveir menn úr háskólaráði fundar, er rektor skyldur að boða til þess fundar. Svo er og, ef einn þriðji hluti kennara æskir fundar. Sé fundur haldinn eftir ósk kennara, er ekki eiga sæti í ráðinu, eiga hvatamenn fundar rétt á að senda jafnmarga fulltrúa á fundinn og margir eru menn í háskólaráðinu, og hafa þeir fulltrúar þá málfrelsi, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

5. gr.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsvið sitt og rektors, og eru þær reglur gildar, er staðfesting stjórnarráðs kemur til.

II. KAFLI

Háskólakennarar og háskóladeildir.

6. gr.

Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar og aukakennarar, en aukakennarar eru þeir kennarar nefndir, sem jafnframt gegna embættum eða öðrum aðalstörfum.

Konungur skipar prófessorana, en ráðherra dósenta og aukakennara, að svo miklu leyti sem aukakennarar eru sérstaklega skipaðir til kennslunnar.

Áður en kennari er settur eða skipaður við háskólann, skal ávallt leita umsagnar hlutaðeigandi háskóladeildar um kennaraefnið.

7. gr.

Hver háskóladeild velur úr sínum hópi deildarforseta (dekanus), og er hann jafnframt sjálfkjörinn í háskólaráðið.

Deildarforseta skal kjósa til eins árs í senn. Þó má endurkjósa deildarforseta, en rétt hefir hann til að neita endurkjöri þangað til ár er liðið frá því er hann gegndi síðast deildarforsetastörfum.

Allir deildarkennarar eiga atkvæði um kjör deildarforseta, en prófessorar einir eru kjörgengir.

8. gr.

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum. Deildarforseti boðar fundi, og eiga þar sæti allir kennarar deildarinnar.

Heimilt er rektor að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum, eftir því sem honum lízt sjálfum, en atkvæðisrétt hefir hann þó aðeins í sinni deild.

9. gr.

Hver deild semur lestrar- og kennsluáætlun fyrir sig, og skal þar gerð nákvæm grein fyrir því, hvað heimtað er til embættisprófs, og skýrt frá því, hvernig kennarar hagi kennslu sinni.

10. gr.

Deildarforsetar skulu sjá um, að til séu í tæka tíð nákvæmar skýrslur um alla fyrirlestra og æfingar, sem halda á innan hverrar deildar á kennslumissiri því, sem í hönd fer. En rektor athugar, áður en skýrslurnar eru prentaðar, hvort þær séu í samræmi við kennsluáætlanir deildanna.

11. gr.

Stjórnarráðið skipar ritara við háskólann. Ritarinn hefir á hendi reikningsfærslu sjóða þeirra, er háskólinn eignast, og hefir umsjón með byggingum háskólans og innanhússmunum. Hann annast nauðsynlegar útveganir og endurbætur, tekur á móti skrásetningargjöldum stúdenta og prófgjöldum.

III. KAFLI

Kennsla og nemendur.

12. gr.

Kennsluár háskólans skiptist í 2 kennslumissiri, haustmissiri frá 15. september til 31. janúar og vormissiri frá 1. febrúar til 15. júní.

13. gr.

Fyrirlestrar fara fram í heyranda hljóði. Yfirheyrsla og æfingar eru þó fyrir stúdenta eina.

Alla fyrirlestra, æfingar og próf skal halda í háskólanum sjálfum, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

14. gr.

Heimilt skal hverjum kennara háskólans að halda fyrirlestra í háskólanum um sjálfvalin efni, að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bága við skyldukennslu, en tilkynna skal hann rektor háskólans það áður.

15. gr.

Hver sá, kona eða karl, sem lokið hefir stúdentsprófi við hinn almenna menntaskóla eða annan lærðan skóla honum jafngildan, á rétt á að verða skrásettur háskólaborgari, gegn því að greiða skrásetningargjald til háskólans, enda sé mannorð hans óflekkað.

Sama rétt getur háskólaráð veitt útlendingum, er fullnægja ofangreindum skilyrðum.

Hver sá, sem æskir skrásetningar, skal tilkynna það ritara háskólans og hverja námsgrein hann ætlar að stunda, og tekur ritari við skrásetningargjaldinu. Skipti stúdent um námsgrein, skal hann tilkynna það ritara, og getur hann þess í nemendaskránni.

Skrásetningargjaldið er 15 krónur.

16. gr.

Skrásettur stúdent fær háskólaborgarabréf hjá rektor.

17. gr.

Allir skrásettir stúdentar eru skyldir að gæta velsæmis bæði í háskólanum og utan hans.

Verði skrásettur stúdent sekur um einhver afbrot gegn settum reglum háskólans, getur háskólaráðið gert honum hegningu. En hegningin er annaðhvort áminning eða styrkmissir, brottrekstur um lengri eða skemmri tíma eða fyrir fullt og allt.

18. gr.

Nú verður skrásettur stúdent sekur að lagadómi um verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og er hann þá rækur.

Brottrekstur skal þegar í stað tilkynna stjórnarráðinu.

19. gr.

Hver valdsmaður, sem stefnt hefir háskólastúdent fyrir glæp, skal tilkynna það þegar í stað rektor háskólans. Svo er og þegar hafin er réttarrannsókn gegn stúdent fyrir glæp.

20. gr.

Afskiptum háskólans af skrásettum stúdentum er þá fyrst lokið, er stúdent hefir hætt námi að fullu og öllu og tilkynnt ritara háskólans það, eða hefir ekki sótt háskólann í 4 kennslumissiri samfleytt.

IV. KAFLI

Próf.

21. gr.

Háskólapróf skulu haldin á þeim tíma, sem reglugerð háskólans ákveður.

22. gr.

Stúdentar mega ganga undir embættispróf, þegar þeim sýnist, hafi þeir áður staðizt fyrirskipuð undirbúningspróf, þar á meðal próf í heimspekilegum forspjallsvísindum, og leyst af hendi fyrirskipaðar æfingar.

Próf í heimspekilegum forspjallsvísindum er öllum stúdentum heimilt að ganga undir eftir tveggja missira nám við háskólann, en skylt að hafa lokið því að minnsta kosti tveim missirum áður en þeir ganga undir embættispróf.

23. gr.

Þeir, sem ganga vilja undir embættispróf, skulu hafa tilkynnt það ritara háskólans að minnsta kosti 3 vikum áður en próf byrjar. Um leið og þeir gefa sig fram, skulu þeir gjalda 20 krónur til háskólasjóðs, og tekur ritari háskólans við fénu.

Hætti stúdent við að taka próf, eftir að hann hefir látið innrita sig til prófs, á hann heimtingu á að fá prófgjaldið endurgoldið, hafi hann gefið sig fram við ritara áður en prófið byrjar.

Gangi stúdent frá embættisprófi, verður honum ekki endurgoldið prófgjaldið.

24. gr.

Stúdentar, sem byrjað hafa á embættisprófi, en gengið frá því, geta ekki gefið sig fram til prófs af nýju fyrr en eftir ár, nema sérstakar ástæður mæli með því.

Stúdent, sem stenzt ekki embættispróf, getur ekki fengið að ganga undir próf aftur fyrr en að ári liðnu.

Æski stúdent, sem staðizt hefir embættispróf, að endurtaka prófið, til þess að öðlast hærri prófseinkunn, er honum það heimilt, en þó ekki fyrr en að ári liðnu.

Stúdent greiðir prófgjald svo oft sem hann segir sig til prófs.

25. gr.

Háskólakennararnir standa fyrir öllum prófum, en hver deild ræður fyrirkomulagi prófanna hjá sér.

Öll próf skulu haldin í heyranda hljóði.

26. gr.

Við embættispróf og undirbúningspróf þau, er koma til greina við fullnaðarpróf, skulu jafnan vera 2 prófdómarar, og skal a. m. k. annar þeirra ávallt vera utanháskólamaður.

Stjórnarráðið skipar prófdómara þá, er ekki eru háskólakennarar, eftir tillögu háskóladeildar, og skulu þeir gegna dómarastarfinu í 6 ár.

27. gr.

Að loknu embættisprófi skal gefa þeim, sem staðizt hafa prófið, kandídatsvottorð gegn 25 króna gjaldi, og rennur það í háskólasjóð.

28. gr.

Kandídatar, sem lokið hafa embættisprófi í íslenzkum fræðum, geta gengið undir meistarapróf, og dæma kennararnir í íslenzkum fræðum einir um úrlausnir í því prófi. Meistarar greiða sama gjald fyrir prófvottorð sem kandídatar.

V. KAFLI

Doktorar.

29. gr.

Háskóladeildirnar hafa hver um sig rétt til að veita doktorsnafnbót, og er slík nafnbót veitt annaðhvort í heiðursskyni eða að undangengnu sérstöku prófi.

30. gr.

Að jafnaði skal sá, er æskir doktorsnafnbótar, hafa lokið meistaraprófi eða embættisprófi. Hann verður að láta umsókn sinni fylgja vísindalega ritgerð um eitthvert ákveðið efni. Skal umsóknin stíluð til háskólaráðs, en það selur ritgerðina í hendur hlutaðeigandi háskóladeild til álita og umsagnar.

Háskólaráð semur reglur um doktorspróf.

Standist umsækjandi prófið, fær rektor og deildarforseti honum prófsvottorð.

Fyrir prófsvottorð greiðir doktorinn 100 kr., og renna þær í háskólasjóð.

31. gr.

Hver sá, er hlotið hefir doktorsnafnbót, hefir rétt til að halda fyrirlestra í vísindagrein sinni, en tilkynna verður hann það háskólaráði.

Þyki einhver misbeita þessum rétti sínum, getur háskólaráð svipt hann réttinum.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 14. maí 1935, og ganga þá jafnframt úr gildi lög um stofnun háskóla, nr. 35 1909.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, og vísast til greinargerðar þeirrar (þskj. 405), sem þá fylgdi frv., einnig að því er snertir aðstöðu einstakra nefndarmanna.

Ed. 111. Frumvarp til laga

um viðauka við lög 29. desember 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1935).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra getur veitt Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, um tiltekið tímabil sömu aðstöðu, sem heimilt er að veita löggiltum saltfiskútflytjanda samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga 29. desember 1934 um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., að því er tekur til sölu og útflutnings á þeim saltfiski af framleiðslu ársins 1934, sem óseldur er, og sambandið hefir tekið að sér að selja samkvæmt umboði fiskeigenda, og skal þá sölusambandið háð fyrirmælum téðra laga, að öðru leyti en því, að eigi þarf að breyta fyrirkomulagi sambandsins frá því sem nú er, né skrásetja það samkvæmt síðustu mgr. 4. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um viðauka við lög 29. desember 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnumálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að nauðsynlegt sé að veita Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, án þess að breyting sé gerð á fyrirkomulagi sambandsins eða það verði skrásett samkvæmt síðustu mgr. 4. gr. laga um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., um hæfilegan tíma sömu aðstöðu og gert er ráð

fyrir að löggiltur saltfiskútflytjandi geti fengið samkvæmt 2. mgr. sömu lagagreinar, til þess að sölusambandinu verði unnt að annast útflutning og sölu á þeim fiski, af framleiðslu ársins 1934, sem enn er óseldur og sem sambandið hefir tekið að sér að selja samkvæmt umboði eigenda. Þá verður það og að teljast æskilegt að Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda veitist nokkur frestur til þess að ganga úr skugga um, hvort félagsmenn eru því fylgjandi að breyta lögum sambandsins þannig, að heimilt sé að veita því löggildingu sem saltfiskútflytjanda samkvæmt ákvæðum téðrar lagagreinar.

Þar sem svo stendur á sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um þetta efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Atvinnumálaráðherra getur veitt Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, um tiltekið tímabil sömu aðstöðu, sem heimilt er að veita löggiltum saltfiskútflytjanda samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga 29. desember 1934 um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., að því er tekur til sölu og útflutnings á þeim saltfiski af framleiðslu ársins 1934, sem óseldur er, og sambandið hefir tekið að sér að selja samkvæmt umboði fiskeigenda, og skal þá sölusambandið háð fyrirmælum téðra laga, að öðru leyti en því, að eigi þarf að breyta fyrirkomulagi sambandsins frá því sem nú er, né skrásetja það samkvæmt síðustu mgr. 4. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 26. janúar 1935.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

Nd. **112. Frumvarp til laga**

um viðauka við og breyting á lögum nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

Innkaupsreikninga yfir eftirtaldar vörur, sem fluttar eru hingað til lands og ekki eru af innlendum uppruna (endursendar íslenzkar afurðir) né teljast til farangurs ferðamanna, skal hlutaðeigandi lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, stimpla á þann hátt, sem segir í 1. gr. laga nr. 5 3. apríl 1928, með þeim hundraðshlutum af innkaupsverði þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands, sem hér greinir:

A. Með 100% stimplast reikningar yfir spil (playing cards).

B. Með 50% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Fatnaður úr silki, nema sokkar. Karlmannafatnaður búinn með silki eða skinni.

C. Með 30% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Albúm. Hanzkar úr skinni og silki. Skinntöskur, skinnveski, skinnbelti. Fatnaður úr skinni, öðru en loðskinni.

D. Með 15% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Umbúðakassar, unnir og hálfunnir. Botnvörpuhlerar og tilheyrandi. Blakkir. Sigurnaglar. Bracket. Reykrör. Túrbínupípur, túrbínur allt að 100 hestafla. Jarðstrengjamúffur fyrir rafkabala. Öryggisdósir. Stauraskór. Kolaausur. Kröfsur. Strekkitengur. Þverslár á símastaura. Lausasmiðjur. Decimalvogir. Toppplötur á símastaura. Brunahanar. Brunnkarmar í holræsi og vatnsveitur. Hestrekur. Húsalistar, borðskápar og hillur í hús og annað smíði til húsa. Húsagrindur. Húsahlutar, hálf- eða altilbúnir. Blikkdósir, lóðaðar og smelltar. Gerduft. Strigaskór með gúmmísólum. Pappakassar, -öskjur, -hylki, -bakkar og pappírspokar. Pappír innbundinn og heftur, hverskonar áprentuð eyðublöð, áprentuð bréfsefni og umslög. Bréfsefni og umslög í öskjum. Prentaðir merkimiðar. Bundnar bækur, prentaðar eða ljósprentaðar erlendis fyrir ísl. útgefendur. Band af ísl. bókum, sem eru innbundnar erlendis.

E. Með 10% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Kaðlar. Færi og fiskilínur. Öngultaumar. Þorskanet. Lóðabelgir. Segl og presenningar. Baðlyf. Óbundnar bækur, sem eru prentaðar eða ljósprentaðar erlendis fyrir ísl. útgefendur. Þó er fjármálaráðherra heimilt að undanskilja frá verðtolli fræðirit ljósprentuð erlendis og þær bækur, sem samið hefir verið um ljósprentun á erlendis fyrir árslok 1934.

F. Með 5% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Málning, olíurifin málning. Kítti. Þerriolía. Lakkfernis.

G. Verðtollsfrjáls: Hringjur. Ístöð. Beizlisstengur. Beizlismél. Beizliskeðjur.

Taumlásar. Strigaborðar og strigagjarðir. Harpix. Penslar til málaraiðnar. Flóki. Hnappar. Krókar. Smellur. Spennur. Kóssar. Vélar, sem eingöngu eru notaðar til innlendrar framleiðslu.

Þar sem verðtollurinn er hærri eftir þessum lögum, er tollurinn eftir eldri verðtollslögum innifalinn í honum, en þar sem verðtollurinn er lægri, er tollurinn eins og segir í þessum lögum.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðuneytið um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að lækka eða fella niður verðtoll af útlendum vörum samskonar og þeim, sem framleiddar eru innanlands, ef verðlag á innlendu vörunni reynist, við rannsókn, er ráðherra lætur framkvæma á innlendu vörunni, hærra en honum þykir sanngjarnt í samanburði við verð á samskonar vöru innfluttri frá útlöndum, án verðtolls.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 5 1928, um sýning innkaupsreikninga, og ákvæði 2. gr. sömu laga og gildandi reglugerð um verðtoll gilda einnig um gjald og innheimtu samkvæmt 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um þetta gjald, og má þar ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum laganna eða reglugerðarinnar.

4. gr.

Ef óeðlilega lágt eða grunsamlegt verð er gefið upp á innfluttri verðtollsskyldri vöru, er tollheimtumanni rétt að ákveða sanngjarnt verð á þeirri vöru til verðtollsákvörðunar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og gilda til ársloka 1936.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af skipulagsnefnd atvinnumála, en sent fjárhagsnefnd frá fjármálaráðuneytinu. Nefndarmenn eru óbundnir um einstök atriði frumvarpsins. Frv. fylgdi svofelld greinargerð frá skipulagsnefnd:

„Á síðasta Alþingi var samþykkt þingsályktun þess efnis, að „skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka tollakjör innlends iðnaðar og þeirra iðngreina, sem líklegt er, að gætu þrifizt hér á landi, og leggja fyrir næsta þing tillögur um breytingar og viðauka á gildandi tollalöggjöf, sem nauðsynlegar eru til að tryggja landsmönnum sem mesta atvinnu. Kostnaður, sem verður af rannsókn þessari og undirbúningi frumvarpa, greiðist úr ríkissjóði".

Hæstv. fjármálaráðherra fól skipulagsnefnd atvinnumála að fjalla um þetta

mál, og hefir hún samið frumvarp þetta og frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll, með nokkurri aðstoð frá fjármálaráðuneytinu. Verður í greinargerð þessari rætt um bæði þessi frumvörp samhliða.

Mikil þörf hefði verið á því að koma tollalöggjöf vorri í eina heild, því að nú háttar svo um hana, að hún er á víð og dreif í mörgum lögum, og mjög óaðgengilegt fyrir alþjóð að átta sig á ákvæðum þeirra. En skipulagsnefndin hefir ekki talið sér fært að gera það að þessu sinni, fyrir tvennar sakir. Fyrst og fremst þyrfti að endurskoða alla tollalöggjöfina um leið og henni væri komið fyrir í einum lagabálki, en til þess hefir ekki unnizt tími frá því að nefndinni var falið þetta mál, og annarsvegar þykir hlýða, að nokkur reynsla fáist um það, hver áhrif þær breytingar, sem stefnt er að með þessum tveimur frumvörpum, hafi á iðnaðarlífið í landinu, áður en þessi endurskoðaði tollalagabálkur yrði saminn. Hefir því nefndin tekið þann kostinn að bæta enn við þann lagafjölda, sem fyrir er um þessi efni. Þó eru breytingartillögur hennar á vörutolli felldar inn í vörutollslögin.

Það hefir frá öndverðu verið ljóst, að verk það, sem mælt var fyrir um í ofangreindri þingsályktun, var engan veginn létt. Aðstaða innlends iðnaðar er eigi sambærileg við aðstöðu stærri iðnaðarlanda, sem rík eru af iðnaðarreynslu, fjármagni og hráefnum. Er því á engan hátt víst, að unnt sé að tryggja framtíð iðnaðarins, þótt tollalöggjöfin væri sérstaklega við það miðuð að greiða hans götu. Þá er og hins að gæta, að slíkar tollbreytingar verði sem minnst valdandi um aukna dýrtíð í landinu eða til óhagræðis fyrir annan atvinnurekstur.

Í fljótu bragði mætti svo virðast, sem þessar andstæður, er síðast var drepið á, yrðu vart samræmdar. Það má virðast ógerlegt að sameina það tvennt, að tollvernda iðnað og halda þó niðri verði iðnaðarvarningsins. En þó er leitazt við að benda á leið til þess í 2. gr. frumvarpsins um verðtollinn, og hvílir þá að sjálfsögðu mest á því, hvernig fjármálaráðuneytið notar sér þá heimild, er þar er veitt. En að þessu efni verður sérstaklega horfið síðar í greinargerð þessari.

Eins og getið hefir verið um, var tíminn, sem nefndin hafði til umráða til þess að vinna það verk, sem þingsályktunin tilgreinir, svo stuttur, að ekki verður litið á þessar tillögur, sem í frumvörpunum felast, öðruvísi en sem upphaf þeirrar ráðstafana, er löggjafarvaldið sennilega geri til þess að lyfta undir iðnaðinn. Að vísu hafði nefndin, áður en þingsályktunin kom til sögunnar, safnað að sér ýmsum plöggum og skýrslum, er snertu þetta mál, en hafði eigi unnizt tími til þess að vinna úr þeim til nokkurrar hlítar. En hún sneri sér í ársbyrjun til fulltrúa iðnaðargreinanna í Rvík og Landssambands iðnaðarmanna og til formanns Iðnrekendafélagsins, og sendu þessir menn nefndinni síðan erindi um flestar þær greinir iðnaðar og iðju, er mest kveður að. Hefir nefndin leitazt við að taka til greina þær bendingar og óskir, er frá þessum aðilum komu, eftir því sem hún hefir frekast séð sér fært. Ennfremur hefir hliðsjón verið höfð af þeim erindum frá einstökum mönnum og félögum, sem lögð voru fyrir iðnaðarnefnd neðri deildar á síðasta þingi.

Eins og skiljanlegt er, eru tvær leiðir einkum hugsanlegar til þess að breyta tollakjörum til hagræðis iðnaðinum. Önnur er sú, að draga sem mest úr tollum á hráefnum og vélum, hin er að tolla aðfluttan varning, er innlendur iðnaður getur

búið til. Báðar þessar leiðir hafa verið notaðar í frumvörpum þessum, en þó meir hin síðari. Nú skal þess að vísu getið, að nefndin lítur svo á, að verndartollar séu yfirleitt viðsjárverð ráðstöfun, en hinsvegar er illgerlegt fyrir lítið land að komast hjá að grípa til þeirra, er svo að segja hvert land, er skipt er við, hefir sett þá á. Og við þær tollhækkanir, sem nefndin mælir með í frumvörpunum, hefir þess verið sérstaklega gætt, að vinnan væri mjög verulegur hluti af andvirði vörunnar.

Hér fer á eftir skrá yfir vörur þær, sem breytt er tolli á samkvæmt frumvörpunum. Í fremsta dálki er nafn vörutegundarinnar; í öðrum dálki andvirði hennar samkvæmt síðustu prentuðum innflutningsskýrslum (1932); í þriðja dálki magn samkvæmt sömu skýrslum, og er það því aðeins tilgreint, að breyting sé gerð á vörutollinum; í fjórða dálki, sem er tvískiptur, er greint frá prósentutölu verðtollsbreytingarinnar og breytingunum á vörutollinum í aurum á kg.; í fimmta dálki er greint frá hækkunum eða lækkunum þeim, sem verðtollsbreytingin mundi valda á sömu verðupphæð innflutnings, sem greint er frá í öðrum dálki; í sjötta dálki er á sama hátt gerð grein fyrir hækkunum og lækkunum á vörutollinum.

En þótt tilgreindar séu allmiklar hækkanir á tollupphæðum, sem samsvara tollbreytingunum og því innflutningsverði, sem miðað er við, þá er vitanlega ekki að því stefnt, að þessar upphæðir renni nema að litlu leyti í ríkissjóð. Hér fer allt eftir því, hve ötular iðngreinirnar eru við það að notfæra sér þá hjálp, sem hér er til þess veitt, að þær geti setið fyrir á markaðinum innanlands. Fyrir þessar sakir er heldur ekki unnt að gera nákvæma áætlun um, hver áhrif þessar breytingar hafa á tekjur landssjóðs. En ætla má, að þær verði ekki verulegar, því að þótt innflutningur á tilbúnum iðnaðarvörum minnki fyrir aðgerðir innlends iðnaðar, þá er tollurinn hærri af því, sem inn er flutt, og auk þess aukast landssjóði tekjur af sköttum þeim, sem hin innlenda starfsemi mundi greiða.

Vörutegund:	Verð kr.	Magn kg	Tollbreyting: Verðtoll %	Tollbreyting: Vörutoll aura á kg	Verðtollur: Hækkun kr.	Verðtollur: Lækkun kr.	Vörutollur: Hækkun kr.	Vörutollur: Lækkun kr.
Pappakassar, öskjur, hylki, bakkar	68000		0 - 15		10200[1]			
Bókbandspappir				6 2				
Bókandspappi				6 2				
Pappírspokar	54000		0 15		7100			
Pappír innbundinn og heftur	68000		0 15	0 - 2	5000[1]			
Hverskonar áprentuð eyðublöð			0 - 15	0 - 2				
Áprentuð bréfsefni og umslög			0 - 15	0 2				
Bréfsefni og umslög í öskjum	8000[1]		0 15	0 2	1200			
Albúm			15 - 30					
Prentaðir merkimiðar			0 15	0 2				
Bækur prentaðar og ljósprentaðar								

1 Áætlað.

Vörutegund:	Verð kr.	Magn kg	Tollbreyting		Verðtollur		Vörutollur	
			Verðtoll %	Vörutoll aura á kg	Hækkun kr.	Lækkun kr.	Hækkun kr.	Lækkun kr.
erlendis fyrir íslenzka útgefendur, óbundnar	»	»	0 - 10	0 - 2	»	»	»	»
Bundnar	»	»	0 - 15	0 - 2	»	»	»	»
Band af ísl. bókum innbundnum erlendis	»	»	0 - 15		»	»	»	»
Spil	17720	»	50 - 100		8860	»	»	»
Baðlyf	49000	39500	0 - 10	0 - 2	4900	»	790	»
Löguð málning	190600	»	0 - 5		9530	»	»	»
Olíurifin málning	50000[1]	»	0 - 5		2500	»	»	»
Kítti	8700	»	0 - 5	»	435	»	»	»
Þerriolía	5200	»	0 - 5	»	260	»	»	»
Lakkfernis	43700	»	0 - 5		2185	»	»	»
Þurrir litir til máln., nema menja	»	»	»	6 - 2	»	»	»	»
Jarðlitir til málningar	13500	19700	»	6 - 2	»	»	»	788
Harpix	1422	»	15 - 0	»	»	213	»	»
Tréolía	»	»	»	6 - 2	»	»	»	»
Penslar til málaraiðnar	11400	»	15 - 0	»	»	1710	»	»
Hringjur, ístöð, beizlisstengur	2946	»	15 - 0	»	»	440	»	»
Taumlásar	»	»	15 - 0	»	»	»	»	»
Beizlismél og beizliskeðjur	»	»	15 - 0	»	»	»	»	»
Strigaborðar og gjarðir	1000	»	15 - 0	»	»	150	»	»
Hanzkar úr skinni og silki	8000	»	15 - 30[1]	»	1200	»	»	»
Skinntöskur og skinnveski	7008	»	15 - 30	»	1050	»	»	»
Skinnbelti	2800	»	15 - 30	»	420	»	»	»
Umbúðakassar og hálfunnir kassar	16000	»	0 - 15	»	2400	»	»	»
Botnvörpuhlerar	11850	»	0 - 15	»	1780	»	»	»
Blakkir, sigurnaglar, bracket, reykrör, túrbínupípur, túrbínur (allt að 100 hestafla), jarðstrengjamúffur (fyrir rafkabala), öryggisdósir (fyrir rafl. í hús), stauraskór, kolaausur, krófsur, strekkitengur, þverslár á símastaura, lausasmiðjur, decimalvogir, toppplötur á símastaura, brunnkarmar (í holræsi og vatnsveitur), hestrekur	»	»	0 - 15	»	»	»	»	»
Flóki	7000	»	15 - 0	»	»	105	»	»
Strigaskór með gúmmísólum	»	»	0 - 15	»	»	»	»	»
Hnappar	38000	»	15 - 0	»	»	5700	»	»
Krókar	»	»	15 - 0	»	»	»	»	»
Smellur	»	»	15 - 0	»	»	»	»	»
Spennur	»	»	15 - 0	»	»	»	»	»
Kóssar	»	»	15 - 0	»	»	»	»	»

1 Áætlað.

Vörutegund:	Verð kr.	Magn kg	Tollbreyting Verðtoll %	Tollbreyting Vörutoll aura á kg	Verðtollur Hækkun kr.	Verðtollur Lækkun kr.	Vörutollur Hækkun kr.	Vörutollur Lækkun kr.
Húsalistar, borð, skápar og hillur í hús og annað smíði til húsa	22500		0 - 15		1500[1]	»	»	»
Húsagrindur, húsahlutar, hálf- eða altilbúnir			0 - 15		»	»	»	»
Kaðlar	75700		0 - 10		7570		»	»
Færi og fiskilínur	697000		0 - 10		69700		»	»
Öngultaumar	190000		0 - 10		19000		»	»
Þorskanet	500000[1]		0 - 10		5000		»	»
Lóðabelgir	17000		0 - 10		1700		»	»
Fatnaður úr silki, nema sokkar ...	78000		30 - 50		15600		»	»
Karlmannafatnaður búinn með silki eða skinni	»		15 - 50		»	»	»	»
Fatnaður úr skinni (ekki loðskinni)			15 - 30		300		»	»
Blikkdósir lóðaðar og smelltar	42300		0 - 15		6355		»	»
Segl og presenningar	13200		0 - 10		1320		»	»
Ullarband	129000		15 - 10			6485	»	»
Gerduft	17900		0 - 15		2685		»	»
Vélar, sem eingöngu eru notaðar til innlends iðnaðar	4900000[1]		15 - 0	6 - 2[2]		73500	»	»

Eins og skráin ber með sér, eru þær vörur settar saman, sem skyldastar eru að notkun, eða sama iðngreinin notar eða framleiðir. Verðupphæðir innflutningsins vantar allvíða, og stafar það af því, að enginn kostur var þess að afla sér upplýsinga um þær allar. Innflutningsskýrslur hagstofunnar eru teknar saman í stórum flokkum, og taldi hagstofustjórinn ekki unnt að ná þessum upphæðum öllum sérstökum, enda þótt farið væri í gegnum öll frumskjöl hagstofunnar, því á þeim væri skyldur varningur ekki sundurgreindur á sama hátt og hér þyrfti að gera. Auk þess eru þessi frumgögn ekki lengur til fyrir þetta ár, sem hér er miðað við.

Hér fer á eftir nokkur greinargerð fyrir einstökum breytingum og þeim iðngreinum, er þær einkum snerta.

Bókbandsiðn og prentiðn. Bókbandsiðnin hefir átt í vök að verjast að því leyti, að hún hefir orðið að greiða tolla af öllum þeim efnum, sem til hennar þarf, en innflutt erlend bókbandsvinna hefir verið að mestu tollfrjáls. Tilbúin bókabindi eru eina unna varan, sem tollur hefir verið. Geta má þess t. d., að vörutollur á pappa í pappakassa hefir verið 6 aurar pr. kg., en vörutollur af pappakössum tilbúnum hefir verið 2 aurar pr. kg. Nú háttar svo um bókbandsvarning, að verð hans er að mjög miklu leyti falið í vinnu, og er því mjög æskilegt að gera þetta eins mikið innlent og frekast er unnt. Þeim tilgangi verður ekki náð með því að afnema vörutollinn af efninu, sem unnið er úr, en hækk-

1 Ætlað. 2 Af því, sem er fram yfir 1000 kg.

unin á verðtolli af tilbúinni vöru ætti hér að bæta mikið úr. Meðal annars er hér settur tollur á band af íslenzkum bókum, sem sendar eru erlendis til bands. Þykja slíkar sendingar næsta ósanngjarnar gagnvart innlendri iðn, þar sem bandið á slíkum bókum er síðan flutt tollfrjálst inn í landið. Hinsvegar þykir ekki sanngjarnt að verða við þeim tilmælum bókbindara að tolla allt band á erlendum bókum.

Um breytingarnar, sem einkum snerta prentiðnina, er það að segja, að þar er einnig leitazt við að halda vinnu, sem auðvelt er að leysa af hendi, innanlands. Mestu máli skiptir þar sennilega um það, að gera örðugra fyrir um að senda bækur héðan til prentunar erlendis. Þess má geta, að um tuttugu bækur hafa verið sendar héðan til ljósprentunar erlendis síðustu fjögur árin. Upplýsingar um upplagastærð bóka þessara eru ekki fyrir hendi, en mikil vinna hefir á þennan hátt farið út úr landinu. Rétt þykir þó að gefa stjórninni heimild til þess að undanskilja frá verðtolli sérstakar fræðibækur, sem nauðsyn þykir bera til að fá ljósprentaðar erlendis, og þær bækur, sem þegar er samið um slíka prentun á. Verðtollurinn er í frv. gerður mismunandi, eftir því hvort bækurnar eru jafnframt bundnar erlendis.

Þeirri kröfu útgefenda og prentara að setja verðtoll á erlendar bækur, tímarit og blöð, hefir ekki þótt fært að sinna. Slíkur skattur á erlend menningarálhrif yrði naumast talinn verjandi. Að vísu er það svo, að hingað flyzt mikið af erlendu prentuðu máli, sem ekki væri eftirsjón í, þótt takmarkaðist nokkuð eða greiddur væri tollur af, en hér er erfitt að greina milli verðmætis og ónýtis og naumast finnanleg leið til aðgreiningar í tollalöggjöf.

Í nokkru sambandi við pappírs- og pappavörur, sem að ofan getur, eru **spil** sett næst á skrána. Að vísu eru ekki mikil líkindi til þess talin, að mikið verði að því gert að búa hér til spil, en hinsvegar er óþarflega lágur tollur á þeim, ef miðað er við það, sem annarsstaðar tíðkast. Spil eru hér ódýrari en víðast hvar í nágrannalöndum, en ætla má, að ekki verði fundinn sanngjarnari skattstofn. Er því til ætlazt, að verðtollur af spilum hækki um helming.

Baðlyf eru tolluð með það sérstaklega fyrir augum, að væntanleg rannsóknarstofnun fyrir atvinnuvegina taki að sér tilbúning þeirra.

Málning. Svo er til stofnað, að komið verði á fót í Reykjavík verksmiðju til þess að framleiða málningarvörur, og er svo til ætlazt, að verð, sem nú er greitt erlendis fyrir málningarvörur landsmanna, minnki mjög verulega. Er því stefnt að því í frumvörpunum að lækka toll á hráefnunum, en setja 5% verðtoll á þær tilbúnar innfluttar málningarvörur, er hér yrði hægt að framleiða.

Söðlasmíði. Í frumvarpinu um verðtoll er lagt til, að verðtollur falli niður af ýmsum smáhlutum, er söðlasmiðum eru nauðsynlegir við starf sitt. Telja söðlasmiðir þessa hluti ekki verða til búna hér á landi, og járnsmiðir — en þeir koma einkum til greina í þessu sambandi — telja lítil líkindi til þess, að iðnaðarmenn hér taki að fást við smíði á ístöðum, beizlisstöngum, taumlásum o. s. frv.

Hanzkagerð o. fl. Þær tilraunir, sem gerðar hafa verið með hanzkagerð hérlendis, hafa hingað til verið frekar magnlitlar. Er því meðal annars um kennt, að íslenzk skinn, sem þykja sérstaklega hentug til hanzkagerðar, hafa verið ófáanleg sútuð. Nú er til þess stofnað, að sútun í stærri stíl verði hafin snemma á

þessu ári, og er mikils um það vert, að unnt sé að halda uppi innlendri iðnaðarnotkun skinnanna frá byrjun. Sá tollur, sem frumvarpið leggur til að lagður verði á þessar vörur, ætti að tryggja það, að innlendur iðnaður úr innlendu efni komi sem mest í þeirra stað.

Kassagerð. Um þá iðn hagar svo nú, að greiddur er 9 aura tollur pr. teningsfet af timbri, hvort sem það er innflutt eins og það kemur úr skóginum eða það er fullunnið í hefluðum, plægðum og hálfsamsettum kössum. Og af altilbúnum kössum er greiddur aðeins tveggja aura vörutollur af kg. Þetta eru ósanngjörn tollakjör, þegar þess er gætt, að efnið rýrnar mikið við vinnuna. Þykir því sanngjarnt, að verðtollur sé greiddur af kössum og hálfunnum kössum. Enda eru „hálfunnir kassar" venjulega þannig, að ekki er annað eftir við þá að gera en reka þá saman með nöglum.

Járnsmíði. Í frumvarpinu um verðtollinn er gert ráð fyrir 15% verðtolli á ýmsum vörum, sem talið er, að auðvelt sé að framleiða hérlendis. Sumir aðilar, sem við þessa iðn fást, hafa farið fram á, að þessi tollur næði til allmargra fleiri vörutegunda en hér eru teknar, en ekki þótti gerlegt að taka í lögin aðrar vörur en þær, sem nokkurn veginn þótti sýnt, að þegar yrði tekið að smíða innanlands, jafnskjótt og þessi vernd fengist. Hinsvegar hefir ekki þótt ráðlegt að verða við þeim tilmælum iðngreinarinnar að setja toll á viðgerðir ísl. skipa erlendis. Því enda þótt nú sé talið unnt að framkvæma miklar skipaviðgerðir innanlands, þá eru mikil líkindi til þess, að það yrði mjög tilfinnanlegur baggi á útgerðina, ef tollaðar væru viðgerðir erlendis. Var þetta mál borið undir Fél. ísl. botnvörpuskipaeigenda og Samtryggingu ísl. botnvörpunga, og er umsögn þeirra félaga birt sem fylgiskjal með greinargerð þessari. En ekki er ósennilegt, að auka megi innlendar skipaviðgerðir með öðrum ráðstöfunum en þeim að tolla viðgerðir erlendis.

Skógerð. Þessi iðnaðargrein er þegar komin á dálítinn rekspöl hérlendis, og á sér þó meiri framtíð, er kostur verður á sútuðum ísl. skinnum. Í verðtollsfrumvarpinu er gert ráð fyrir samskonar tolli á strigaskóm með gúmmisólum eins og öðrum strigaskóm. Tollur á nokkrum tegundum af efnivörum til skógerðar hefir verið lækkaður, svo sem flóki, hnappar, krókar o. s. frv. Lækkunin á strigaborðum, sem áður hefir verið minnzt á, kæmi og þessum iðnaði að gagni. En ekki hefir virzt unnt að lækka efni t. d. úr gervisilki, hördúk, baðmullardúkum o. fl., með því að þessir vöruflokkar eru mjög stórir innflutningsliðir og naumast hægt að greina sundur, hvað fer til iðnaðar af þessu.

Húsasmíði. Um toll á efnum, er þessa iðngrein varðar sérstaklega, hagar nú svo, að allur trjáviður er tollaður á sama hátt (9 aurar á ten.fet), en af smíðuðum trjávið til húsa, sem tollaður er meira en ónunið tré, eru aðeins gluggar og hurðir með 15%. En með því að tré rýrnar, eins og drepið hefir verið á í öðru sambandi, mjög við smíði (10—30%), þá er í raun og veru hærri tollur á ónunna efninu en á ýmsum unnum vörum, er inn flytjast. Þykir því rétt að setja 15% verðtoll á þær vörutegundir, er hér skipta mestu máli.

Veiðarfæri. Þessi iðngrein — færa-, öngultauma- og fiskilínugerð og þorskanetagerð — á mjög í vök að verjast frá hálfu þeirra þjóða, sem orð leikur á, að hafi haft það til að selja hér vörur töluvert undir verði í þeirra eigin heimalandi, eftir að tekið var að fást við þessa iðn hérlendis nú síðustu árin. Verður

ekki séð, að tilgangurinn sé annar en að taka fyrir iðnina þegar í byrjun, en þess er naumast að vænta, að hið lægra verð haldist eftir að innlenda starfsemin hefir undir lok liðið. Er því gert ráð fyrir, að settur verði 10% verðtollur á þessar vörur, í því trausti, að ákvæði 2. gr. verðtollsfrumvarpsins verði notuð á þann hátt, að um verðhækkun fyrir útgerðina verði ekki að ræða.

Lóðabelgir. Þessi iðngrein fer vaxandi og mun þegar hafa náð um ⅓ af innlendum markaði. En tollakjörin eru með þeim hætti, að nú er 2 aura vörutollur á kg. á lóðabelgjum, en efni í lóðabelgi er tollað frá 2 aurum og allt að 18 aurum á kg. 10% verðtollur virðist ekki ósanngjarn til stuðnings þessari iðn.

Fatnaður. Tollur á silki er nú 30%, og er sami tollur á tilbúnum fatnaði úr því efni. Fatnaður, sem að nokkru leyti er úr silki og skinnum — svo sem kápur fóðraðar með silki og með skinnkraga —, er tollaður með 15%, en klæðskerar verða að greiða 30% toll af silkinu og 50% toll af loðskinnum, ef þeir eiga að sauma þetta hér. Er því ætlazt til, að hækkaður verði tollur á þessum varningi. Eins gerir frumvarpið ráð fyrir hækkun á fatnaði úr skinni (ekki loðskinni), með það einkum fyrir augum að ýta undir, að notuð verði ísl. skinn eins og frekast er unnt. Tilmælum klæðskera um að fella niður toll á öllum þeim vörum, er þeir þurfa að flytja inn til iðnar sinnar, hefir ekki þótt gerlegt að sinna, vegna þeirrar framleiðslu á ullardúkum, sem þegar er fyrir í landinu.

Blikkdósir. Blikksmiðjuiðnaður fer vaxandi, meðal annars af því, að Alþingi hefir afnumið toll af hráefnum til tunnugerðar, en iðnaðarmenn þeirrar greinar fara sérstaklega fram á, að verkstæðum þeim, sem þegar hafa byrjað framleiðslu á smelltum niðursuðudósum, sé gert hægara fyrir um samkeppni við erlendar verksmiðjur en nú er, því að nú er greiddur sami tollur af unnum dósum og ónunu efni. Þykir sanngjarnt, að 15% verðtollur sé settur á innfluttar dósir.

Segl og pesenningar. Eðlilegt þykir, að unnið sé að því með tollalögum, að vinna við þennan varning verði sem mest innlend. Þykir sýnt, að ekki þurfi nema herzlumuninn til þess að þessi vinna verði með öllu innlend, og ætti 10% verðtollur að tryggja það. Seglasaumarar njóta og þess, er létt er tolli á allskonar smávarningi, er þeir nota og áður hefir verið drepið á.

Ullarband þykir sjálfsagt að lækka nokkuð tollinn af. Prjónaverkstæði komast ekki hjá að nota mikið útlent ullarband, ef þau eiga að geta haldið uppi samkeppni við erlendar prjónavörur. En hinsvegar þykir ekki rétt að lækka tollinn meira en um 5%, svo að aðhaldið verði nokkuð til þess að nota ísl. ullarband eins og unnt er.

Gerduft. Af „efnagerðarvörum" þykir ástæða til þess að setja toll á gerduft, til þess að tryggja markaðinn fyrir innlenda framleiðslu. Annars er svo um hráefni ýmiskonar, er efnagerðir nota, að þau eru tollað allhátt, en hinsvegar hefir verið veitt undanþága frá tollinum samkvæmt lögum, og þykir því ekki ástæða til að breyta ákvæðum laganna fyrr en tollalöggjöfin í heild sinni yrði endurskoðuð, svo sem drepið hefir verið á í upphafi þessa máls.

Vélar til iðnaðar. Ein sjálfsagðasta ráðstöfun til stuðnings iðnaðinum í heild sinni er, að sem léttastur tollur hvíli á vélum til starfrækslunnar. Nú eru flestar vélar til iðnaðar tollaðar með 15% verðtolli og vörutolli, er nemur 6 aur á kg.

Úr þessu hefir verið bætt á þann hátt hin síðari árin, að fjármálaráðuneytið hefir samkvæmt heimild í lögum veitt undanþágu frá verðtollinum. Upphæð lækkunar verðtollsins í skránni hér að framan er því ekki raunveruleg lækkun, heldur táknar einungis það, sem greiða hefði orðið, ef undanþágur hefðu ekki verið veittar. En réttara virðist að nema þennan verðtoll á iðnaðarvélum með öllu úr lögum. Eins virðist sanngjarnt að lækka vörutollinn nokkuð á þyngstu iðnaðarvélum. Er því til þess ætlazt í frumvarpinu, að hann verði óbreyttur frá því, sem nú er (6 aurar pr. kg.), fyrir fyrstu 1000 kg., en af meiri þunga einstakrar vélar greiðist 2 aurar pr. kg.

Rétt þykir að geta þess, að nokkur erindi hafa legið fyrir frá mönnum, sem hug hafa haft á því að koma upp nýjum iðnaðarfyrirtækjum og farið þess á leit, að tollur væri lækkaður á efnivörum til iðnaðarins, en þótt ástæða hefði virzt til að verða við þessum tilmælum, þá hefir þess ekki verið neinn kostur að aðgreina þessar vörur frá stórum flokkum innflutningsvarnings, sem ekki virtist ástæða til þess að gera með öllu tollfrjálsan. Má þar til nefna léreft og hördúka í skyrtur og gervisilki í nærfatnað, og allmargar fleiri tegundir af varningi.

Þá má geta þess, að allmikið af tilmælum frá einstökum iðngreinum hefir ekki verið unnt að taka til greina sökum þess, að nefndin hefir litið svo á, að ekki væri ástæða til þess að lækka hráefni eða aðrar efnavörur til iðnaðar, ef ekki gat verið um neina samkeppni að ræða erlendis frá. Að vísu geta slíkar tollalækkanir aukið að einhverju leyti gengi hlutaðeigandi iðngreina, og ef til vill fært verð varningsins niður í landinu, en jafnframt hefði í þessu verið fólgin tekjurýrnun fyrir ríkissjóð, sem hann ekki má við.

Í sambandi við síðastnefnt atriði má ennfremur geta þess, að nefndin hefir ekki séð sér fært að verða við tilmælum frá Skipa- og bátasmíðafélagi Reykjavíkur um að leggja fyrir þingið tillögur, er að því miðuðu, að atvinnugrein þessi öðlaðist stuðning á tollakjörum á líkan hátt og húsgagnasmíðin nú nýtur. Svo æskilegt sem það er, að skipa- og bátasmíði verði alinnlend, þá mundi há tollvernd í þessum efnum verða útgerðinni sá baggi, sem ekki væri hægt að ætlast til að hún bæri. En rétt þykir, að Alþingi gefist kostur á að kynnast erindi ofannefnds félags, og þá jafnframt umsögn frá forseta Fiskifélags Íslands um innihald þess. Er því hvorttveggja birt sem fylgiskjöl með greinargerð þessari.

Eins og frumvörpin bera með sér, hefir ekki verið unnt að hafa nema litla hliðsjón af nýjum iðngreinum, „sem líklegt er að gætu þrifizt hér á landi“. Skipulagsnefndin hefir nú með höndum rannsókn á nokkrum slíkum greinum, en þær rannsóknir eru of skammt á veg komnar enn til þess að réttlætandi virðist að breyta tollalögunum þeirra vegna. Og eins og þingsályktunin ber með sér, var svo til ætlazt, að breytingartillögur kæmu fram nú þegar á yfirstandandi þingi. Í frv. hefir því hliðsjónin aðallega verið höfð af þeim iðngreinum, sem nokkur reynsla er þegar fyrir um, að hér geti þrifizt.

Tilgangurinn með frumvörpum þeim, sem hér eru lögð fram, er sá, fyrst og fremst, að leitast við að láta tollbreytingar stuðla að því, að atvinna aukist í landinu og að hér verði unnið að þeim iðnaði, sem landsmenn geta, aðstöðu sinnar vegna, fengizt við. En þessi aukning á iðnaði landsmanna væri mjög tvísýnn gróði, ef greiða yrði fyrir hinn tilbúna varning töluvert meira fé en hann

fengist fyrir frá útlöndum. Með því væri nokkur hluti landsmanna að greiða öðrum hluta landsmanna gjald fram yfir það, sem hinir síðarnefndu hefðu raunverulega framleitt, ef miðað væri við verð á heimsmarkaðinum. Og með því að mestur hlutinn af hráefnum til iðnaðar vors er aðfenginn, væri hér verið að taka úr vasa eins og láta í vasa annars án þess að landsmenn sem heild yrðu að ríkari. Að vísu má segja, að sú iðnaðarvinna, sem hér færi fram, sparaði ávallt nokkurn erlendan gjaldeyri og yki á þann hátt þjóðarauðinn, enda þótt meira væri goldið fyrir hana en hún kostaði annarsstaðar. En hinsvegar gætu hækkaðar iðnaðarvörur dregið svo úr framleiðslu þeirra vörutegunda, er erlendur gjaldeyrir fæst nú fyrir, að þessi gróði yrði að engu.

Af þessu er auðsætt, að leitast verður á alla lund við að sporna við því, að iðnaðarvörurnar þurfi að hækka, enda þótt stuðlað sé að því, að innlendur iðnaður sitji fyrir á markaðinum. Í annari grein frv. um verðtollinn er svo ráð fyrir gert, að fjármálaráðherra hafi heimild til þess að afnema verðtollinn, ef innlendir iðnrekendur ætli sér að setja óhæfilegt verð á framleiðslu sína í skjóli hans. Af upplýsingum þeim, sem liggja fyrir um iðnaðarfyrirtæki landsmanna, má ætla, að flest þeirra geti dafnað vel, ef þau aðeins fái tækifæri til þess að notfæra sér markaðinn. Hafi löggjafinn stuðlað að því, að þetta megi takast, hefir hann gert það, sem af honum verður heimtað. Og iðnrekendur, sem tryggður er markaður, hafa ekki sanngjarna ástæðu til þess að kvarta yfir því, þótt tollinum sé létt af, ef þeir eru ekki færir um að framleiða vöru sína með sambærilegu verði við það, er hún fæst fyrir frá útlöndum.

Nokkuð hefir verið um það rætt í nefndinni, að ef til vill væri ástæða til þess að setja ákvæði um það í verðtollsfrumvarpið, að fjármálaráðherra væri gefin heimild til þess að setja ákveðið hundraðsgjald af verði á innflutta vöru, ef sýnt þætti, að hún væri seld hér á markaði við lægra verði en hún væri seld fyrir í framleiðslulandinu („dumping“) og ástæða væri til þess að ætla, að þessari verðlækkun væri komið á í því skyni að kæfa innlendan iðnað. En þótt ekki séu hér bornar fram ákveðnar tillögur um þetta efni í frumvarpinu, þykir rétt, að athygli þingsins sé leidd að þessu atriði til íhugunar“.

Fylgiskjal I.

FÉLAG ÍSL. BOTNVÖRPUSKIPAEIGENDA

Reykjavík, 12. febrúar 1935.

Skipulagsnefnd atvinnumála, Reykjavík.

Vér höfum fengið í hendur heiðrað bréf yðar, dags. 8. þ. m., þar sem leitað er umsagnar vorrar um tillögur af hálfu skipaviðgerðarstöðva og fulltrúa iðnaðarmanna, þess efnis, að settur verði tollur á viðgerðir íslenzkra skipa erlendis, er nemi 20% af reikningsupphæðinni.

Viðgerðir á íslenzkum skipum erlendis verða að teljast óhjákvæmilegar oft og einatt, af eftirfarandi ástæðum.

1. Skipin fá oft tjón í hafi á leið til útlanda, sem vegna öryggis skips og manna verður að ljúka viðgerð á í erlendri höfn, strax og því verður komið við.
2. Skipin þurfa oft að fá endurnýjaðar vélar (t. d. vindur) og hluti í vélar og skrokk, sem ekki er hægt að fá smíðað hér á landi, svo kunnugt sé.

   Í þessum tilfellum er því beinlínis útilokað, að skipin geti fengið hér viðgerðir.
3. Aðstaðan til að draga skip á land hér er ennþá talsvert takmörkuð, og hefir oftar en einu sinni hitzt svo á, að dráttarbrautir hafa verið uppteknar langan tíma, og skip hafi því orðið að leita til erlendra viðgerðarstaða, til að tefjast ekki frá fiskveiðunum, við það að bíða hér eftir dráttarbraut. Jafnvel þótt viðgerðarkostnaður hér og erlendis væri sambærilegur að verði, væri í slíkum tilfellum framið hið mesta óréttí að tolla erlendar viðgerðir.
4. Viðgerðarkostnaður á skipum hefir til þessa verið álitinn til muna ódýrari erlendis en hér. Á síðustu árum hefir að vísu batnað um vinnuaðstöðu hér yfirleitt við skipaviðgerðir, en á því leikur enn orð, að viðgerðir hér heima fyrir séu dýrari en erlendis, einkum að því er plötuvinnu snertir. Meðan ekki er sýnt og sannað, að íslenzk viðgerðarverkstæði séu jafnódýr og erlend verkstæði, eða sambærileg við þau, nær vitaskuld engri átt að leggja þann skatt á útgerðina, sem leiddi af tolli á erlendum viðgerðum skipanna, og verður því af þeirri ástæðu að mótmæla því eindregið, að slíkur tollur verði lagður á, sem stungið hefir verið upp á.

Á hinn bóginn skal það tekið fram, að útgerðarstéttin er því mjög hlynnt, ef hægt er að styrkja iðnaðarfyrirtækin í landinu til að halda velli gagnvart erlendum keppinautum, og teljum vér vera til þess ýmsar leiðir, sem mundu stuðla að því á eðlilegan hátt, að íslenzk verkstæði fengju meiri vinnu. Má þar t. d. nefna tollaívilnanir á aðkeyptu efni sem veigamesta atriðið.

Vegna þess að samhljóða bréf hafa borizt frá yður til Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda og Samtryggingar ísl. botnvörpunga, en þessi félög telja, að heita má, sömu meðlimi, höfum vér leyft oss að svara bréfum yðar sameiginlega.

Virðingarfyllst.

Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda.

(sign.)

Kjartan Thors.

Samtrygging ísl. botnvörpunga.

(sign.)

Ásgeir Þorsteinsson.

Fylgiskjal II.

SKIPA- OG BÁTASMÍÐAFÉLAG REYKJAVÍKUR
Reykjavík.

Vér undirritaðir, sem myndum stjórn Skipa- og bátasmíðafélags Reykjavíkur, höfum meðtekið heiðrað bréf yðar, dags. 15. þ. m., og í tilefni af því kallað saman á fund þá helztu menn hér í bænum, sem við iðngrein vora fást, lögðum þar fram bréf yðar og ræddum þau málefni, sem bréfið fjallar um.

Álit vort og niðurstöður, er fram komu við íhugun þessa máls, birtum vér yður hér með:

Vér tréskipa- og bátasmiðir höfum á undanförnum árum orðið varir þess mikla ósamræmis í tollalöggjöf landsins, sem kom í ljós eftir að núgildandi vöru- og verðtollslög gengu í gildi, að því leyti, sem að atvinnuvegi vorum snýr. Eins og kunnugt er, þá er samkvæmt núgildandi lögum lagður innflutningstollur á allt efni til skipa- og bátasmíða, sumt aðeins vörutollur, og sumt bæði verðtollur og vörutollur, en öll skip með þilfari, sem til landsins flytjast, eru tollfrí. Við þessu væri náttúrlega ekkert að segja, ef ekki væri hægt að smíða þessi skip í landinu eða að það væri á einhvern hátt hættulegt eða skaðlegt, en það er öðru nær en svo sé, heldur þvert á móti. Þau tréskip, sem hér á landi eru smíðuð, eru yfirleitt allmiklu betri, sterkari og hæfari í sjó að leggja hér við land heldur en þau aðkeyptu útlendu tréskip, enda er hægt að smíða hér tréskip og báta af öllum þeim stærðum, sem tíðkast hér við land.

Allmargir af þeim útlendu fiskibátum eða fiskiskipum, sem hingað hafa verið keypt ný frá útlöndum upp á síðkastið, hafa verið svo lélega byggð, að þau hafa þurft styrktar og endurbótar hér, strax eftir komu sína hingað, til þess að þau þættu fær í sjó að leggja hér við land. Hefir þetta haft eigi alllítinn kostnaðarauka í för með sér, og eru slíkir fiskibátar þó aldrei jafnsterkir og þeir, sem smíðaðir eru hér á landi. Hefir oss verið sagt, að þessir útlendu fiskibátar, sem smíðaðir hafa verið fyrir Ísland, komist þar undan ströngum sjóferðavottorðsskilyrðum með því að vera orðnir íslenzk eign áður en þeir láta úr erlendri höfn.

Frá sjónarmiði þeirra, sem alla verzlun vilja tollfrjálsa, væri náttúrlega æskilegt, að enginn tollur væri, hvorki á tilbúnum skipum né efni til þeirra, en eins og nú tilhagar hér, er tæplega við slíku að búast, en hitt er álit vort, að slíku ósamræmi í tollalöggjöfinni, sem nefnt er hér að framan og er til stórskaða fyrir landið og marga íbúa þess, verði létt af hið fyrsta.

Síðan tollalög þau gengu í gildi, sem iðnrekstur vorn varða, hafa skipasmíðastöðvar og skipasmiðir hér ekki verið samkeppnisfær gagnvart útlendum iðnaði í þessari grein, hvorki hvað snertir verð né greiðslufrest — aðeins í gæðum framleiðslunnar. Stafar þetta af því, að kaupgjald er hærra hér en í þeim löndum, sem búa til þau skip, sem seld eru hingað, og í öðru lagi af því, að hér í landinu er engin lánsstofnun, er veita vill lán til skipabygginga, og hafa þær lánsstofnanir, sem hér eru, ekki hingað til viljað lána fé til slíks.

En útlendar skipa- og bátasmíðastöðvar geta, eins og kunnugt er, veitt kaupendunum margra ára gjaldfrest á skipum, er þær selja hingað, af því að láns-

stofnanirnar, sem þær skipta við, gera þeim það mögulegt með löngum og hagkvæmum lánum. Þar af leiðandi hefir nýsmíði íslenzkra skipa hér svo að segja lagzt niður. Það er því hætt við, ef þetta ástand heldur áfram, að fáir finni hvöt hjá sér til þess að leggja mikið í sölurnar til að framast í þessari iðn og við hættum að fylgjast með tímanum í þessu efni, þar sem ekkert verður að nýsmíði unnið innanlands, heldur aðeins fengizt við viðhald og viðgerðir skipa og báta.

Í bréfi voru til milliþinganefndar í iðju- og iðnmálum 1932 tókum vér fram margt af því sama, sem vér berum nú fram hér, því það stendur óhaggað enn.

Viljum vér nú sýna, hvaða tjón ríkissjóðurinn bíður við það, að einn 20 smálesta fiskibátur er keyptur tilbúinn inn í landið í staðinn fyrir að smíða hann hér, sem og tjón það, sem þjóðin bíður við þetta í heild sinni.

Efni í 20 smálesta bát:		Vörutollur Kr. au.	Hafnargjöld Kr. au.	Uppskipun Kr. au.	Samtals Kr. au.
Eik og fura	1150 cbf.	103.50	57.50	115.00	
Boltar og annað járn	1000 kg.	20.00	1.50	7.50	
Keðjur og akker	1120 —	22.40	1.68	8.60	
Spíkarar og saumur	200 —	4.00	1.50	3.50	
Stálbik	100 —	0.60	0.30	0.70	
Tjöruhampur	40 —	2.40	0.12	0.70	
Manilla	200 —	12.00	0.30	1.50	
Vír	60 —	1.20	0.15	0.70	
Málning	100 —	6.00	0.30	1.00	
Tjara	25 —	0.15	0.03	0.20	
Blakkir	35 —	2.10	0.25	0.70	
Ýmsir lausir munir	200 —	12.00	1.50	2.10	
Járn í olíu- og vatnskassa	250 —	5.00	1.87	1.40	
Lamir, lásar og skrúfur	30 —	1.80	0.20	0.70	
2 spil	1000 —	20.00	1.50	7.50	
Hreyfill, ca.	4500 —	90.00	6.75	33.75	
Segldúkur		2.00	0.03	0.20	
					566.40
Verðtollur ca.					30.00
Trésmíðavinna, hamþétting og málningarvinna ca.					10000.00
Járnsmíði					1000.00
Vinna við segl og reiða					275.00
Blikksmíðavinna					500.00
Innsetning á gangvél					900.00
Keyrsla					190.00
Farmgjald ca.					2000.00
					Kr. 15461.40

Af ofanrituðu sést, að við hvern aðeins 20 smálesta fiskibát, sem innfluttur er til landsins fullsmíðaður, missir ríkissjóður yfir 300 kr. tekjur, hafnarsjóður

og uppskipunarfólk og iðnaðarmenn, er að skipasmíði vinna, um 13 þúsund krónur, og svo loks farmgjöldin, sem ættu að renna til ísl. skipaeigenda.

Það virðist vera meir en lítil skammsýni, að láta löggjöfina stuðla beint að því, að svo miklum peningum er veitt út úr landinu, þar sem það líka hefir sýnt sig, að útlendu bátarnir verða lítið ódýrari, þegar tillit er tekið til þeirra viðgerða, sem margir þeirra þurfa strax eftir komu sína hingað. Hér er líka um mikið fé að ræða, þegar aðgætt er, hversu margir fiskibátar hafa verið fluttir inn, svo að beint tekjutap ríkissjóðs verður einnig svo um munar.

Þar að auki finnst oss ekki rétt að styðja þannig beinlínis erlendan atvinnuveg, en gera þeim innlenda erfiðara fyrir að sama skapi.

Þess vegna virðist oss nauðsynlegt og réttmætt, að atvinnuvegur vor, skipa- og bátasmíði, öðlist stuðning tolllöggjafarinnar á líkan hátt og húsgagnasmíðin nú þegar nýtur, þar sem 37½% innflutningstollur er nú kominn á innflutt fullsmíðuð húsgögn.

Vér viljum nú leggja til, að lagður verði 20% verðtollur á öll tréskip með þilfari, sem flutt eru til landsins, 60 smálestir að stærð eða minni (brúttó), en 15% á slík skip, sem eru frá 60 til 100 smálestir brúttó.

Ef gangvél er sett í slík skip utanlands, skal verð hennar talið með tollskyldu verði skipsins, enda sé hið tollskylda verð talið það, sem skipið þá sannanlega kostar með öllu tilheyrandi og þar með gangvél, er það lætur úr erlendri höfn til Íslands.

Verðtollur af opnum skipum af öllum stærðum sé hinn sami, sem núgildandi tollalög mæla fyrir um toll af tilbúnum húsgögnum.

Fylgibátar skipa (lífbátar) skulu reiknaðir með tollskyldu verði þeirra, þó séu þeir bátar undanþegnir verðtolli, sem fylgja aðkeyptum skipum, er ekki koma undir þennan verðtoll, og sömuleiðis þeir bátar, sem skip hafa orðið að fá í erlendum höfnum vegna þess að þau hafa misst bát sinn eða báta í hafi. Að öðru leyti haldist núverandi löggjöf hvað snertir óunnið efni tilheyrandi skipa- og bátasmíði, og sömuleiðis tollar á mótorum, sem fluttir eru inn til þess að setja þá í skip eða báta hér.

Eftir voru áliti er það nauðsynlegt að lögfesta þau skilyrði fyrir innflutningi skipa hingað til lands, að þau séu byggð eftir reglum, sem ekki standa að baki reglum „Bureau Veritas“. Hið sama skilyrði ætti að gilda um innfluttar mótorvélar.

Reykjavík, 21. janúar 1935.

Í stjórn Skipa- og bátasmíðafél. Reykjavíkur

Einar Einarsson, formaður. Stefán Richter, ritari. Hafliði J. Hafliðason, féhirðir.
(sign.) (sign.) (sign.)

Til skipulagsnefndar atvinnumála, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS
REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. febr. 1935.

Ég hefi móttekið bréf yðar frá 8. þ. m., ásamt meðfylgjandi erindi frá stjórn Skipa- og bátasmíðafélags Reykjavíkur, þar sem þeir fara þess á leit, að þeir fái tiltölulega sömu tollavernd fyrir iðngrein sína eins og húsgagnasmiðir.

Ég get ekki séð, að hér sé um réttlátan samanburð að ræða, þar sem í öðru tilfellinu er um vöru að ræða, sem oft má telja til lífsþæginda eða munaðar, en í hinu er bráðnauðsynlegt framleiðslutæki.

Næstum því allir þeir bátar, sem átt er við í þessu erindi, eru fiskibátar, sem eru notaðir til að keppa við útlenda framleiðslu á heimsmarkaðinum, bæði hvað verð og gæði snertir.

Tæki þau, sem íslenzkir fiskimenn nota við framleiðslu sína, mega því ekki vera hlutfallslega mikið dýrari en samskonar tæki, sem útlendir fiskimenn nota við framleiðslu samskonar vöru í samkeppni við okkur, nema það eigi að ganga yfir á hlut fiskimannanna sjálfra, en hann er ekki nú orðið svo mikill, að aðrar stéttir þurfi að sjá ofsjónum yfir. Það má því á engan hátt íþyngja útgerðinni með því að hækka framleiðslutækin í verði, en það hlyti óhjákvæmilega að verða, ef slíkur verðtollur væri settur á innflutta báta.

Hvað því atriði viðvíkur, að ýmislegt hafi orðið að kosta upp á nýja aðkeypta báta, svo að þeir gætu uppfyllt kröfur íslenzkrar skipaskoðunar, eins og skipasmiðirnir halda fram í bréfi sínu, þá mun slíkt hafa komið fyrir, en jafnan mun það hafa orðið svo smávægilegt, að það hefir ekki hleypt skipsverðinu mikið fram, enda er hægt að fyrirbyggja þá ágalla, með því að gera það að skilyrði við byggingu bátanna, að þeir séu byggðir undir Veritas eða Lloyds eftirliti og uppfylli að öðru leyti kröfur íslenzku skipaskoðunarinnar, enda mun slíkt oft gert nú orðið.

Ég skal að vísu fúslega viðurkenna, að samkeppni íslenzkra skipasmiða við erlenda starfsbræður þeirra er erfið, og hlýtur svo ávallt að verða. Bæði er hér um unga og lítt æfða handverksmannastétt að ræða, sem skortir tilfinnanlega þau áhöld og æfingu, sem til þess heimtist að geta verið samkeppnisfærir, enda mjög óhægur aðgangur hér að heppilegum efnisbirgðum, svo að verkið geti unnizt á hagkvæman hátt, en það réttlætir ekki, að afkomu fjölmennrar sjómannastéttar sé fórnað til þess að geta bætt aðstöðu annarar fámennari stéttar.

Það er rétt hjá stjórn skipasmíðafélagsins, að lánskjör þau, sem þeir verða að sæta hjá ísl. lánsstofnunum, eru verri en erl. starfsbræður þeirra eiga við að búa, en ég álít, að þann aðstöðumun megi jafna með því að ríkisstjórn hlutaðist til um það við stjórn Fiskiveiðasjóðs, að lán til þeirra báta, sem smíðaðir eru hér á landi, væru látin ganga fyrir lánum til þeirra báta, sem að eru keyptir, og ennfremur að íslenzkir skipasmiðir gætu úr sama sjóði fengið lán til bátanna strax og byrjað er á byggingu þeirra, og sé það útborgað eftir því sem smíðinni miðar áfram, eftir þar til settum reglum.

Ennfremur er það fyllilega réttmætt, að flutningsgjöld séu endurgreidd af því efni, sem notað er til smíði nýrra báta og skipa hér á landi.

Þó ívilnanir þessar séu ekki miklar, þá vega þær þó nokkuð á móti þeim aðstöðumun, sem er á milli erlendra og íslenzkra skipasmíðastöðva, en farmgjöldin á efni til bátanna munu vera svipuð og kostnaðurinn við að sækja þá til annara landa.

Að þessu athuguðu get ég ekki lagt til, að neinn verðtollur eða aðflutningstollur sé lagður á aðkeypt skip eða báta, frekar en nú er.

Bréf Skipa- og bátasmíðafélags Reykjavíkur endursendist hér með.

Virðingarfyllst.

Kristján Bergsson
(sign.)

Til skipulagsnefndar atvinnumála.

Nd. 113. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

2. töluliður 1. gr. laga nr. 54 15. júní 1926 hljóði svo:

Af akkerisfestum (hlekkjafestum), akkerisvindum, akkerum, baðlyfum, baðmullarfræsolíu (cottonseedoil), barkarlit, bátsuglum (Davider), bifvélum (motorum) heilum og í hlutum, bjarghringum, björgunarbeltum, blásteini, blikki, blýi, blýlóðum, botnrúllum, botnrúllukeðjum, botnvörpuhlerum og efni í þá, brýnum, bókum prentuðum og ljósprentuðum erlendis fyrir íslenzka útgefendur, bandi af íslenzkum bókum, sem eru innbundnar erlendis, eldavélum, feitissýrum (fatty acids) til sápugerðar, fiskifóðurmjöli, færum, garni til fiskumbúða, gipsi, girðingarnetum, girðingarstólpum úr járni, girðingarvír, glaubersalti, gluggagleri, gólfbræðingi (linotol) og gólfdúkum (linoleum), herfum, hitunartækjum, hjólásum, hjólklöfum (blökkum), hjólum, húsapappa allskonar, jarðhnetuolíu (groundnutoil), járnbitum og járnbrautarteinum, járngirði, járnpípum, kerrum, kjötfóðurmjöli, kokolit, kokosfeiti (kokosnutoil), korki, kvíslum, köðlum allskonar, körfum til uppskipunar, lausum umbúðum, lóðabelgjum, lóðavindum, litum til málningar (þurrum litum) nema menju, jarðlitum til málningar, melasse, melassemjöli, merkispjöldum, mómylsnu, netagarni nema hampgarni, netum, olíufatnaði, olíum í tunnum eða dunkum öðrum en steinolíu eða benzíni, pappír og pappa til bókbands, pappír innbundnum og heftum, áprentuðum eyðublöðum, hverskonar sem er, áprentuðum bréfsefnum og umslögum, bréfsefnum og umslögum í öskjum, plógum, rafmagnsvökum, saum, segldúk, skilvindum og öðrum smjörgerðartækjum og ostagerðar, skipaskrúfum (úr járni),

skóflum, sláttuvélum og öðrum heyvinnslutækjum, smiðajárni, spöðum og öðrum jarðyrkjuáhöldum, stáli, steinmulningi (terrazzo), striga, strigaábreiðum (Presenninger), stýriskeðjum, söltuðum húðum, tilbúnum seglum, tini, togvindum (trawlwinch), tómum pokum, tómum tunnum, tréolíu (woodoil), þykkri tréolíu (prepared woodoil), tvistúrgangi, vatnhreyfivélum, veiðarfæralásum allskonar, vírköðlum, vírtrossum, vélaáburði, vögnum, þakjárni, önglum, öngultaumum, 1 króna af hverjum 50 kg.

2. gr.

Á undan næstsíðasta málslið 1. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef vélar, sem eingöngu eru notaðar til innlendrar framleiðslu, eru yfir 1000 kg. að þyngd hver vél, greiðist vörutollur af því, sem er yfir 1000 kg., aðeins með kr. 1.00 af hverjum 50 kg.

3. gr.

Næstsíðasti málsliður 1. gr. sömu laga hljóði svo:

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem sérstaklega er lagður tollur á, prentaðar bækur og blöð, með þeim undantekningum, sem getur í 2. tölulið 1. gr., ósmíðað gull og silfur, skip, bátar, tígulsteinar, eldfastir steinar, óhreinsað járn í klumpum, heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins, vanalegur farangur ferðamanna, pappír, sem ekki fellur undir 2. tölulið 1. gr., tilbúin áburðarefni, olíukökur, hey, beitusíld, steinlímspípur, leirpípur, sandur og endursendar fiskumbúðir, ennfremur kornvörur. Auk þess eru undanþegnar allar íslenzkar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, ef þær eru endursendar í sömu umbúðum, sem þær voru sendar í burtu, enda sé gjaldheimtumanni ríkissjóðs, þar sem heimsend vara er sett á land, afhent vottorð frá tollgæzlustöð, þar sem varan er flutt á skip til heimsendingar, um að hún sé íslenzk vara. Notaðir munir, er sendir hafa verið til aðgerðar, endursendar umbúðir um útfluttar iðnaðarvörur eru og undanskildar vörutolli.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var sent fjárhagsnefnd af fjármálaráðuneytinu, en er samið af skipulagsnefnd atvinnumála. Fjárhagsnefndarmenn eru óbundnir um einstök atriði frumvarpsins. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð frá skipulagsnefnd:

„Fyrir breytingunum, sem felast í frumvarpi þessu, er gerð grein í greinargerð, sem fylgir frumvarpi til laga um viðauka við og breyting á lögum nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll. Er þetta gert sökum þess, að frumvörpin eru mjög nákomin hvort öðru, og vísast því til ofannefndrar greinargerðar. Breytingar þær á þessu frv., sem þar er ekki getið um, eru þær einar, að orðið „fatacit“ er leiðrétt í „fatty acids“, hampur og hampgarn fellur í burt samkvæmt breytingu á síðasta þingi, orðinu „terrazzo“ er bætt við til skýringar á eftir orð-

inu „steinmulningi“, tunnuhlutar falla í burt samkvæmt breytingu á síðasta þingi, og í stað „síld“ í 3. gr. kemur „beitusíld“, enda hefir „síld“ í lögunum jafnan verið skýrð á þennan veg. Breytingar þessar eru settar í frv. samkvæmt bendingum frá tollstjóranum í Reykjavík“.

Nd. 114. Frumvarp til laga

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Thor Thors.

1. gr.

Á eftir B. 8. í 2. gr. laganna bætist fjórir nýir liðir:

a. Jökulsvegur: Frá vegamótum austan Fróðárheiðar um Breiðuvík til Hellusands.
b. Eyrarsveitarvegur: Frá Stykkishólmsvegi um Helgafellssveit til Eyrarsveitar.
c. Skógarstrandarvegur: Frá Vogaskeiði í Helgafellssveit um Skógarströnd að Skógstagli í Miðdölum.
d. Hnappadalsvegur: Frá Stykkishólmsvegi um Hnappadal og Heydal að Bilduhóli á Skógarströnd.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. eindregnum óskum hreppsnefnda og héraðsbúa þeirra, er hér eiga hlut að máli. Þegar vegalögunum var breytt árið 1933, var látið hjá líða að taka í þjóðvegatölu þær leiðir, sem frv. þetta fjallar um. Liggja til þess sterk rök, að þetta verði leiðrétt þegar í stað og sveitum þessum ásamt kauptúninu á Hellusandi komið í viðunandi samband við vegakerfi landsins, svo fljótt sem fjárhagur ríkissjóðs fær leyft.

Um hina einstöku vegi skal þessa getið:

Jökulsvegur er ætlað að liggi um Breiðuvík, Hellna og Beruvík til Hellusands. Hefir hann í fyrsta lagi þá þýðingu að koma sveit þessari í vegasamband, en mjög ríður á því fyrir bændur þar, einkum þegar þess er gætt, að nú er fyrirhugað að koma upp mjólkurbúi á sunnanverðu Snæfellsnesi, og má telja, að Breiðvíkingum sé varnað viðskipta við það, vegna vegaleysis. Ennfremur kæmi þessi vegur Hellusandi, en þar eru nú um 600 íbúar, í varanlegt samband við sveitirnar sunnanfjalls á Snæfellsnesi og samgöngurnar frá Borgarnesi. Þar sem vegur þessi lægi eingöngu um láglendi, má telja víst, að hann verði akfær nær allan ársins hring. Loks má geta þess, að þar eð landslag á þessu svæði er mjög hrífandi og sérkennilegt, má vænta þess, að ferðamannastraumur yrði mjög mikill um þessar slóðir, ef bílfært væri þar.

Eyrarsveitarveginum er ætlað að koma þessari blómlegu sveit í vegasamband. Í Eyrarsveit eru ágæt skilyrði til landbúnaðar, og auk þess nokkur útgerð, sem mjög gæti aukizt, ef ríkisvaldið vildi greiða fyrir hreppsbúum um útvegun skipakosts.

Skógarstrandarvegur er sameiginlegt áhugamál Snæfellinga og Dalamanna, þar eð hann er til þess að tengja saman þessi héruð og koma þeim í samband við vegakerfi landsins.

Hið sama má segja um Hnappadalsveginn, en auk þess skal á það bent, að telja má líklegt, að þessi vegur verði akfær allt árið, þar eð hann liggur um láglendi, en víst er, að vegurinn yfir Kerlingarskarð teppist alla vetrarmánuðina sakir snjóþyngsla.

Nd. 115. Frumvarp til laga

um breyting nokkurra laga, sem varða sölu og meðferð íslenzkra afurða.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

Allur kostnaður við störf fiskimálanefndar, sem skipuð er samkvæmt lögum nr. 76 29. des. 1934, þar með talin laun nefndarmanna, greiðist úr markaðs- og verðjöfnunarsjóði, sem myndaður er samkvæmt lögum nr. 75 29. desember 1934.

2. gr.

Allur kostnaður við störf mjólkursölunefndar, sem skipuð er samkvæmt lögum nr. 1 7. jan. 1935, þar með talin laun nefndarmanna, greiðist úr verðjöfnunarsjóðum, sem myndast samkvæmt þeim lögum.

3. gr.

Kostnaður við störf síldarútvegsnefndar, sem skipuð er samkvæmt lögum nr. 74 29. des. 1934, þar með talin laun nefndarmanna, skal greiddur úr sjóði þeim, sem heimilt er að stofna samkvæmt 2. gr. þeirra laga.

4. gr.

Kostnaður við störf kjötverðlagsnefndar, sem skipuð er samkvæmt lögum nr. 2 9. jan. 1935, þar með talin laun nefndarmanna, greiðist úr verðjöfnunarsjóði þeim, sem myndaður er samkvæmt ákvæðum þeirra laga.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll þau ákvæði í lögum nr. 76 29. des. 1934, nr. 75 29. des. 1934, nr. 1 7. janúar 1935, nr. 74 29. des. 1934, og l. nr. 2 9. janúar 1935, sem fara í bága við ákvæði þessara laga.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum þeim um afurðasölu og aðra meðferð afurða, sem afgreidd voru á síðasta Alþingi, var gert ráð fyrir því, að meira og minna af kostnaði við

þær ráðstafanir yrði greitt úr ríkissjóði. Er ekki hægt að segja með vissu, hverju þessi kostnaður nemur í heild, en hann verður alltilfinnanlegur útgjaldaauki fyrir ríkissjóð. Sennilega eigi fjarri 100 þús. krónum á ári. Það verður að teljast óeðlilegt, að ríkissjóður greiði þennan kostnað. Er það eðlilegast, að afurðirnar beri allan sölukostnaðinn, enda verður hann vart mjög tilfinnanlegur, ef honum er jafnað niður á allar afurðirnar. Ef afurðirnar bera ekki þennan kostnað, kemur heldur eigi fram hið raunverulega sannvirði varanna. Einhver kann að segja, að verð sé svo lágt á sumum afurðanna, að réttlátt sé þess vegna, að ríkissjóður greiði sölukostnaðinn. Við þessu er það að segja, að þótt þetta eigi stundum við um sumar tegundir afurðanna, þá á það, sem betur fer, ekki við um allar, og réttlætir því ekki greiðslu afurðasölukostnaðarins yfirleitt úr ríkissjóði. Ennfremur er það ljóst, að séu einhverjar afurðir í svo lágu verði, að ekki sé á neinn hátt viðunandi, og þær teljast ekki geta borið sölukostnaðinn, þá er réttara að verja fé sérstaklega til greiðslu kostnaðar við þær afurðir og uppbótar á verð þeirra. Í þessu sambandi má benda á það, að uppbót á útflutt kjöt af framleiðslu ársins 1934 mun verða greidd úr ríkissjóði. Þingsályktun um það efni mun verða fram borin einhvern næstu daga.

Ed. 116. Frumvarp til laga

um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimild sú, sem með lögum 3. jan. 1890 og lögum nr. 67 28. nóv. 1919 er veitt kaupstöðum landsins til að gera lögreglusamþykktir, skal ná til allra sýslufélaga á landinu. Viðkomandi sýslunefnd semur frumvarp til samþykktarinnar, og skulu í henni vera ákvæði um það, hvernig greiða skuli gjöld þau, er samþykktin hefir í för með sér. Sýslumaður sendir síðan frumvarpið til dómsmálaráðuneytisins, er því næst gefur samþykktina út, ef það telur hana til þess hæfa. Nú gerir ráðuneytið breytingar á frumvarpinu, og skal þá leggja þær fyrir sýslunefndina til álita. Þær breytingar, sem sýslunefnd fellst eigi á, má ekki setja í samþykktina. Að öðru leyti fer um efni samþykktarinnar, staðlegt gildi, viðurlög, birtingu og breytingar, sem segir fyrir um í framannefndum lögum.

2. gr.

Samþykktir þær, sem settar hafa verið fyrir einstök hreppsfélög samkv. lögum nr. 18 20. okt. 1905, eða lögum nr. 26 8. sept. 1931, skulu gildi halda, unz lögreglusamþykkt hefir sett verið fyrir það sýslufélag, sem hreppurinn er í.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 18 20. okt. 1905 og lög nr. 26 8. sept. 1931.

Nd. **117. Frumvarp til laga**

um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Flm.: Emil Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi:

1. Allt ræktað land Jófríðarstaða í Hafnarfirði.
2. Afnotarétt af öllu ræktuðu landi jarðarinnar Ás í Garðahreppi.
3. Þann hlutann af ræktuðu landi jarðarinnar Hvaleyri í Hafnarfirði, sem ekki er þegar eign Hafnarfjarðarkaupstaðar.
4. Eignar- og afnotarétt þess landsvæðis í Garðahreppi, sem takmarkast þannig: Að norðvestan af beinni línu úr Arnarnesi í Hnoðraholt (hreppsmörk Garðahrepps), að suðaustan af beinni línu úr Hnoðraholti í Miðaftanshól (í landamerkjum Hafnarfjarðarkaupstaðar), að sunnan af bæjarlandi Hafnarfjarðarkaupstaðar, og að vestan af beinni línu úr suðvesturhorni Arnarnesvogs yfir vesturhorn Engidals, þó að undanskildum að minnsta kosti 20 ha. af ræktuðu eða ræktanlegu landi fyrir hvert býli, sem nú er í ábúð á þessu svæði.
5. Jarðirnar Krísuvík og Stóra-Nýjabæ í Grindavíkurhreppi.

2. gr.

Þegar eignarnámið hefir farið fram, skal ríkisstjórnin selja Hafnarfjarðarkaupstað þessi lönd jafnóðum, enda greiði kaupstaðurinn allan kostnað við eignarnámið, bæði til einstakra manna fyrir rétt þeirra til landsins og mannvirkja á því, og einnig til hreppsfélaga fyrir þá tekjurýrnun, er þeir kunna að verða fyrir vegna eignarnámsins. Skaðabætur þessar skulu metnar af gerðardómi þriggja manna. Búnaðarmálastjóri skal vera einn þeirra, annar skipaður af hæstarétti og sá þriðji af atvinnumálaráðherra.

3. gr.

Lönd þau, sem Hafnarfjarðarkaupstaður kann að eignast á þennan hátt, er honum skylt að leigja bæjarmönnum, eða ráðstafa á annan hátt til ræktunar, í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Þó er honum óheimilt að selja landið aftur.

4. gr.

Eftir því sem eignarnám þetta er framkvæmt, að því er snertir 1.—4. tölulið 1. gr., og landið er afhent Hafnarfjarðarkaupstað, skal það lagt undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, og kaupstaðarsvæðið stækkað sem því nemur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Alþingi 1933 voru borin fram 3 frumvörp, er öll fóru í mjög svipaða átt og þetta og miðuðu að því að bæta úr brýnni og aðkallandi þörf Hafnarfjarðarkaupstaðar á ræktanlegu landi. Um ástæður fyrir þessu frv. má því í aðalatriðum vísa til greinargerða þeirra, er fylgdu þeim frv.

Ástæður hafa í engu verulegu breytzt síðan. Áhugi fyrir aukinni ræktun er mikill og almennur í Hafnarfirði, en landið er lítið nærtækt, nema hraun, sem er óræktanlegt með öllu. Jófríðarstaðir, Ás og Hvaleyri eru þær jarðir, sem næst liggja bænum að sunnanverðu, og fylgir þeim öllum allmikið ræktað land, sem vel mætti takast að rækta, og mundi að öllum líkindum þegar hafa verið ræktað, ef Hafnfirðingar hefðu átt þess nokkurn kost. Land þetta er aftur á móti lítið notað af eigendum eða ábúendum þessara jarða, og má því segja, að þeir missi ekki í mikils, þó að það væri af þeim tekið.

Um landsvæði það í Garðahreppi, sem um getur í 4. tölulið 1. gr., er það að segja, að afnotaréttinn að nokkrum hluta þess hefir Hafnarfjarðarbær átt kost á að kaupa, en málið hefir strandað á því, að menn í Hafnarfirði hafa ekki viljað taka þar smábletti upp á þau býti að verða fyrir það útsvarsskyldir í Garðahreppi. Hefir því nú verið tekið upp í frv. ákvæði um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar sem nemur því landi, er þarna getur komið til greina. Um þetta atriði hefir verið reynt að ná samkomulagi við Garðahrepp, en árangurslaust.

Enn er það nýmæli í þessu frv., að Krísuvík í Grindavíkurhreppi og Stóri-Nýibær verði tekinn með. Er það gert með tilliti til þess, að þar eru einu jarðhitasvæðin í nágrenni Hafnarfjarðar. Hafa kaupstaðarbúar mikinn hug á að tryggja sér þau og notfæra á ýmsa lund síðar. Jarðir þessar eru nú lausar úr ábúð og í eyði, svo tíminn yrði aldrei betur valinn en einmitt nú.

Nd. 118. Frumvarp til laga

um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að setja með reglugerð ákvæði um meðferð, verkun, umbúðir og útflutning á öllum þeim sjávarafurðum, sem ekki er áður mælt fyrir um í sérstökum lögum.

2. gr.

Í reglugerðum þeim og öðrum fyrirmælum, sem sett verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir fyrir brot gegn þeim, allt að 10000 kr., er renna í ríkissjóð, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld 2. gr. laga nr. 88 19. júní 1933.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni Fiskimálanefndar, og fylgir því svo hljóðandi greinargerð:

Þar sem óhjákvæmilegt er, að gerðar séu tilraunir með útflutning á fiski, verkuðum á ýmsan annan hátt en verið hefir, og ennfremur að reynt sé að flytja ferskan fisk til annara landa en hingað til hefir tíðkazt, telur Fiskimálanefndin nauðsynlegt, að ríkisstjórnin hafi heimild til þess að ákveða með reglugerð, hvernig flokkun, umbúðum og meðferð slíkrar vöru sé fyrir komið, svo að hún geti unnið sem bezt álit í þeim löndum, sem henni er ætlað að ná til.

Þar sem innflutningur til ýmissa landa er mjög takmarkaður og vanalega miðaður við magn vörunnar, verðum við að leggja ástundun á, að það komi að sem beztum notum og að til hvers staðar verði helzt fluttar þær tegundir, sem þar eru verðmætastar, og þá auðvitað þannig frá þeim gengið að því er flokkun og umbúðir snertir, að sem bezt hæfi hlutaðeigandi markaði.

Ríkisstjórnin hefir þennan íhlutunarrétt um útflutning til Bretlands samkvæmt 2. gr. laga 88/1933, en við teljum rétt að gera þessa íhlutun yfirgripsmeiri, svo að hún nái einnig til annara landa og yfir fleiri tegundir sjávarafurða en þar er gert ráð fyrir. Þar sem heimild sú, sem um ræðir í 2. gr. laga nr. 88/1933, felst einnig í 1. gr. frumvarpsins, teljum við rétt, samræmis vegna, að greinin verði felld burt í fyrrgreindum lögum.

Ed. 119. Nefndarálit

um frumvarp til laga um hafnsögu í Ísafjarðarkaupstað.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. marz 1935.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.	Jón A. Jónsson, frsm.

Ed. 120. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43 20. júní 1923.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Meiri hlutinn mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. marz 1935.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Pétur Magnússon.

Nd. 121. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um erfðir og skipti á dánarbúum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað framangreint frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. marz 1935.

Héðinn Valdimarsson, form.	Garðar Þorsteinsson, frsm.	Bergur Jónsson fundaskr.
Thor Thors.	Stefán Jóh. Stefánsson.	

Nd. 122. Frumvarp til laga

um viðauka við l. nr. 24 frá 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Emil Jónsson.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um:

1. Eftirlit með fermingu, affermingu og annari afgreiðslu skipa hér við land, til verndar lífi og heilsu verkamanna, sem að því starfi vinna, og annara. Skal eftirlitið meðal annars ná til véla og annara tækja, sem notuð eru við vinnuna, hvort heldur á landi eða í skipi. Í reglugerðinni má setja nánari fyrirmæli um starfsháttu, tilhögun við vinnuna og aðbúnað verkafólks á staðnum.
2. Gerð og frágang verkpalla við hverskonar vinnu og um eftirlit með þeim.

2. gr.

Um eftirlit samkvæmt 1. gr. fer eftir ákvæðum laga nr. 24 frá 1928, þar á meðal um gjöld fyrir eftirlitið, sem greiðist af eigendum skoðunarskyldra tækja og vinnustaða, sem eftirlit er framkvæmt með, samkvæmt gjaldskrá, sem sett verður, svo og um refsingu fyrir brot á þessum lögum og reglugerðum, sem settar verða í samræmi við þau. Þar, sem hentugt þykir, getur ráðherra falið lögreglustjóra að sjá um eftirlit samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Ákvæði þessara laga og eftirlit samkvæmt þeim rýrir ekki á neinn hátt ábyrgð, sem eigendur skoðunarskyldra tækja og vinnustaða eða aðrir bera á þeim slysum, sem fyrir kunna að koma.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt vegna þess, að l. nr. 24 frá 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, ná ekki nema að nokkru leyti yfir eftirlit með vélum þeim og vinnustöðum, er hér um ræðir, en einmitt við þesskonar vinnu eru slys einna tíðust og hættulegust. T. d. hafa nú frá nýári orðið tvö stórslys í Reykjavík vegna lélegs útbúnaðar við uppskipun. Þá eru og slys á vinnupöllum alltíð. En úr þessari slysahættu yrði verulega bætt með nægilega strangu eftirliti.

Ed. 123. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins.

Flm.: Þorsteinn Briem.

Við 18. gr.

a. Fyrir „5%“ komi: 4%.
b. Fyrir „1%“ komi: allt að 2%.

Nd. 124. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur].

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir „amtsbókasafni Færeyja“ í 1. gr. laganna komi: bókasafn Siglufjarðarkaupstaðar, bókasafn sr. Jóns Bjarnasonar og bókasafn Þjóðræknisfélagsins „Frón“ í Vesturheimi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 125. Nefndarálit

um frv. til laga um ríkisútgáfu skólabóka.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefir klofnað. Minni hlutinn er mótfallinn aðalstefnu frv., en meiri hlutinn vill samþykkja það með eftirfarandi

BREYTINGU.

2. gr. orðist svo:

Yfirstjórn ríkisútgáfu skólabóka skipa 5 menn: Þrír kosnir af sameinuðu

Alþingi með hlutfallskosningu til 3 ára í senn, fræðslumálastjóri og forstjóri Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg. Útgáfustjórnin starfar launalaust.

Alþingi, 13. marz 1935.

Jónas Jónsson, form., frsm. Bernh. Stefánsson.

Ed. 126. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hlutinn mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt

Alþingi, 13. marz 1935.

Jón Baldvinsson, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm.

Nd. 127. Lög

um afnám laga nr. 19 9. jan. 1935, um lántöku fyrir ríkissjóð.

(Afgreidd frá Nd. 13. marz).

Samhljóða þskj. 90.

Ed. 128. Lög

um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll.

(Afgreidd frá Ed. 13. marz).

Samhljóða þskj. 3.

Ed. 129. Lög

um breyting á lögum nr. 25 9. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

(Afgreidd frá Ed. 13. marz).

Samhljóða þskj. 28.

Ed. 130. Frumvarp til laga

um útrýmingu fjárkláðans.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að láta fara fram böðun á öllu sauðfé í landinu til útrýmingar fjárkláðanum. Þó skulu undanskilin þau svæði, þar sem kláða hefir ekki orðið vart í sauðfé síðustu fimm árin.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður, í samráði við forstöðumann rannsóknarstofu háskólans, hvaða baðlyf skuli notað til útrýmingarinnar.

3. gr.

Í hverju sýslufélagi eða bæjarfélagi skal landbúnaðarráðherra, eftir tillögu sýslunefndar eða bæjarstjórnar, skipa einn eftirlitsmann, er hafi umsjón með undirbúningi og framkvæmd útrýmingarböðunarinnar innan sýslu- eða bæjarfélags.

Skal eftirlitsmaður sýslufélags tilnefna baðstjóra í hverjum hreppi í samráði við hlutaðeigandi hreppsnefnd, en í bæjum ræður eftirlitsmaður baðstjóra eftir þörfum, í samráði við bæjarstjórn.

4. gr.

Kostnaður við útrýmingarböðunina greiðist af þessum aðilum:

1. Baðlyf, eins og það kostar á næstu höfn, greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu af fjáreigendum.
2. Þóknun fyrir störf eftirlitsmanns innan hverrar sýslu- eða bæjarfélags greiðist úr sýslu- eða bæjarsjóði, eftir reikningi, er sýslunefnd eða bæjarstjórn úrskurðar.
3. Kaup baðstjóra greiðist úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði.

5. gr.

Skylt er hreppsnefndum og bæjarstjórnum að annast um, að fyrir hendi séu nothæf tæki á hverju heimili til böðunar, en fjáreigendum ber að greiða þann kostnað, sem af útvegun þeirra tækja leiðir, að svo miklu leyti, sem þeir leggja þau eigi til sjálfir.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd útrýmingarböðunarinnar, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, og má í þeirri reglugerð ákveða allt að 5000 króna sekt fyrir brot á henni.

7. gr.

Komi það í ljós að aflokinni böðun, að útrýming fjárkláðans hefir eigi tekizt til fulls, skal tafarlaust fyrirskipa útrýmingarböðun af nýju eftir sömu

reglum, á svo stóru svæði eða svæðum, er landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, telur þurfa.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

1. Tilskipun 5. jan. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.
2. Tilskipun 4. marz 1871, er hefir inni að halda viðauka við tilskipun 5. jan. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.
3. Lög nr. 40 frá 1901.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 131. Frumvarp til laga

um sauðfjárbaðanir.

Flm.: Pétur Ottesen, Þorbergur Þorleifsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Þrifaböðun skal árlega fara fram á öllu sauðfé í landinu á tímabilinu frá 15. nóv. til 31. janúar.

2. gr.

Skylt er hverjum fjáreiganda að framkvæma böðun á öllu því sauðfé, er hann hefir undir höndum, og hlíta eftirliti því, er um getur í 6. gr.

3. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu, hver í sínu umdæmi, hlutast til um, að allir fjáreigendur í hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf á sauðfé sitt svo snemma, að böðun geti farið fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður, í samráði við forstöðumann rannsóknarstofu háskólans, hvaða baðlyf skuli notuð.

5. gr.

Skylt er hverri hreppsnefnd og bæjarstjórn að sjá um, að æfinlega séu, að dómi baðstjóra, til í hreppnum eða kaupstaðnum nægilega margar sundþrær til þess að baða fé í. Kostnað þann, sem af því leiðir að bæta úr því, sem áfátt kann að vera í þessu efni, er lög þessi koma til framkvæmda, greiða fjáreigendur.

6. gr.

Sýslunefndir skipa baðstjóra í hverjum hreppi og bæjarstjórnir í kaupstöðum. Baðstjóri skipar fyrir um, hvenær baða skuli innan þess tímatakmarks, sem til er tekið í 1. gr., og hefir eftirlit með því, að allir baði, enda ber honum að vera viðstaddur böðunina. Að öðru leyti setur landbúnaðarráðherra, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, nánari reglur um baðanir, og ber baðstjóra að sjá um, að þeim reglum sé fylgt í öllum greinum. Í reglum þessum má skipa fyrir um, að böðun fari fram sem mest samtímis á þeim svæðum, er fé gengur saman á. Kaup baðstjóra greiðist úr sveitar- eða bæjarsjóði.

7. gr.

Nú skipar landbúnaðarráðherra fyrir um baðanir á sauðfé til útrýmingar fjárkláða á stærri eða minni svæðum samkv. 1. gr. laga nr. 40 frá 8. nóv. 1901, og skal þá framkvæmd þessara laga frestað á því svæði, sem útrýmingarböðun tekur til, svo lengi sem þurfa þykir og ráðherra ákveður.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum þeim, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum frá 20—2000 krónum, sem renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal farið með þau mál sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 58 30. nóv. 1914, um sauðfjárbaðanir.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nauðsynlegt er að skerpa eftirlitið með þrifaböðunum, og yfirleitt gera allt, sem unnt er, til þess að þær geti borið sem beztan árangur. Breytingar þær, sem hér er lagt til að gerðar séu á lögunum um sauðfjárbaðanir, miða allar að þessu.

Ed. 132. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins.

Frá Þorsteini Briem.

Við 12. gr. Við greinina bætist nýr stafliður:

d. Í stað „fram úr 6%“ komi: fram úr 5%.

Nd. 133. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 14. marz 1935.

Finnur Jónsson, form. Páll Þorbjörnsson, frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr.
Sigurður Kristjánsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 134. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur].

Flm.: Emil Jónsson, Páll Þorbjörnsson.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: bókasafn Hafnarfjarðarkaupstaðar og bókasafn Vestmannaeyja.

Nd. 135. Nefndarálit

um frv. til l. um almenn gæðamerki.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með þessum.

BREYTINGUM:

1. Við 8. gr. Fyrir orðin „konunglegri tilskipun“ og „tilskipun“ komi alstaðar í greininni: reglugerð.
2. Á eftir 8. gr. komi ný gr., er verði 9. gr., svo hljóðandi:

   Ríkisstjórninni veitist heimild til að ákveða með auglýsingu, að Ísland gerist aðili að alþjóðasamningum og samþykktum um vernd iðnaðarréttinda, varðveizlu alþjóðamerkja og iðnaðarmáta, alþjóðaskrásetningu verzlunar- og vörumerkja og samþykktum snertandi takmörkun á fölskum upprunaauglýsingum á verzlunarvörum.

   Ennfremur veitist ríkisstjórninni heimild til að setja með reglugerð önnur ákvæði, er kynnu að vera nauðsynleg vegna þátttöku í slíkum samningum.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Alþingi, 14. marz 1935.

Finnur Jónsson, form., frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskrifari. Jóhann Þ. Jósefsson.
Páll Þorbjörnsson. Sigurður Kristjánsson.

Ed. **136. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Ég get ekki fallizt á, að rétt sé að samþykkja frumvarp þetta. Þó að benda megi á þörf lántakanda til lágra vaxta, þá er þó með því ekki litið á nema aðra hlið málsins. Hin hliðin, sem engu síður er athyglisverð, er hagur þess sjóðs, sem á að bera vaxtalækkunina, og hlutverk hans.

Fyrst er á það að líta, að Söfnunarsjóður Íslands er *ekki* lánssjóður fyrst og fremst. Tilgangur hans er, skv. 2. gr. l. 10. febr. 1888, sá „að geyma fé, ávaxta það og auka, og útborga vextina um ókomna tíð, eftir því sem upphaflega er ákveðið, sem og að styrkja menn til að safna sérstakri upphæð". Lánastarfsemi sjóðsins spratt af því, að þegar hann var settur á stofn, var naumast annars kostur til þess að ávaxta peninga þá, sem honum var trúað fyrir. Nú hefir verið horfið að þeirri aðferð, að ávaxta féð fremur í tryggum verðbréfum.

Þá ber að líta á það, hvaða fé það er, sem hér er ávaxtað, og hvort sanngjarnt megi telja að rýra ávöxt þess til hagsbóta fyrir þá, sem lán hafa fengið úr sjóðnum, lán, sem vafalaust hefir verið fast sótt eftir að fá sakir þess, að þau hafa verið einhver aðgengilegustu lán, sem kostur hefir verið á.

Fé þetta nemur nokkuð á fjórðu milljón króna. Er langmestur hluti þess *ellistyrktarsjóðir, ekknasjóðir og sjúkrasjóðir*, eða um ⅔ hlutar alls fjárins.

Má telja það nokkur brjóstheilindi að seilast nú í hluta arðs af þessu fé. Hver eyrir, sem lántakendum kemur hér til góða, er dreginn úr vösum þeirra gamalmenna og annara styrkþurfa, sem hér eiga hlut að máli.

Þá eru um 20000 krónur, sem ávaxtaðar eru til styrktar fátækum ungmennum til náms, fé sem menn hafa lagt til hliðar sér til framfærslu í elli sinni, og svo fé, sem ánafnað hefir verið til ýmissa þarfra hluta.

Þá eru 64000 í erfingjarentu Söfnunarsjóðsins, og loks eru framfarasjóðir sveita og búnaðarsjóðir.

Ekkert, eða að minnsta kosti mjög lítið af þessu fé, sem Söfnunarsjóður ávaxtar, er því þess eðlis, að ég geti talið koma til nokkurra mála að skerða ávöxtu þess í þágu þeirra, sem hafa notið þeirra hlunninda að fá lán úr sjóðnum.

Ég legg því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 14. marz 1935.

Magnús Jónsson.

Nd. **137. Nefndarálit**

um frv. til laga um sveitarstjórnarkosningar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um aðalefni frv., sem er samræming við ákvæði laga um kosningar til Alþingis. Þó er ágreiningur innan nefndarinnar um einstök atriði frv. (hlutfallskosningar í hreppum, kjördag utan kaupstaða og kosningar á sýslunefndar-, skólanefndarmönnum o. fl.), en nefndin er ásátt um að láta þann ágreining ekki fram koma fyrr en við þriðju umræðu málsins.

Nefndin hefir orðið sammála um að bera fram nokkrar breytingar á frv., og leggur til, að frv. verði vísað til 3. umræðu, eftir að gerðar hafa verið á því eftirfarandi

BREYTINGAR:

1. Við 1. gr. 2. málsl. orðist þannig:
   Bæjarstjórnir utan Reykjavíkur skulu skipaðar 7—15 bæjarfulltrúum, en í Reykjavík 15—21 bæjarfulltrúum.
2. Við 3. gr. Orðið „jafnmarga“ falli niður.
3. Við 8. gr. Orðin „sjálfum sér ráðandi“ falli burt.
4. Við 9. gr. Greinin orðist þannig:
   Um skiptingu kaupstaða og hreppa í kjördeildir við bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar gilda ákvæði laga um kosningar til Alþingis.
5. Við 11. gr. Í stað orðanna „gilda frá 24. janúar það ár“ og út greinina komi:
   Gilda frá 24. janúar næsta ár á eftir að þær eru samdar til 23. janúar næsta ár þar á eftir, en í öðrum hreppum frá 24. maí það ár, sem þær eru samdar, til 23. maí næsta ár á eftir.
6. Við 23. gr. Á eftir orðunum „(í Reykjavík lögmanni)“ komi: eða á skrifstofu eða heimili hreppstjóra.
7. Við 31. gr. Orðin „en tilkynna skal hann forseta“ og út málsgr. falli niður.
8. Við 33. gr.
   a. Orðin „að víkja honum frá starfanum“ í 1. mgr. falli niður.
   b. 3. mgr. falli niður.

Alþingi, 14. marz 1935.

Héðinn Valdimarsson, form.	Stefán Jóh. Stefánsson, frsm.	Bergur Jónsson, fundaskr.
Thor Thors.	Garðar Þorsteinsson.	

Ed.

138. Frumvarp til laga

um fávitahæli.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir.

1. gr.

Ríkisstjórnin sér um, jafnóðum og fé er veitt til þess í fjárlögum, að stofnuð séu:

a. Skólaheimili fyrir unga vanvita og hálfvita eða börn og unglinga, sem kenna má ofurlitið til munns eða handa.
b. Hjúkrunarhæli fyrir örvita eða þá fávita, unga og gamla, sem ekkert geta lært og ekkert unnið til gagns.
c. Vinnuhæli fyrir fullorðna fávita, sem vinnufærir eru að einhverju leyti, en verða þó að teljast ófærir til að vinna alveg fyrir sér eða stunda vinnu á almennum heimilum.

2. gr.

Hagnýta má í þessum efnum einkastofnanir eða stofnanir bæjarfélaga, ef þær hljóta meðmæli landlæknis, eftirlitsnefndar fávitahæla og ráðuneytið samþykkir gjaldskrá þeirra.

3. gr.

Skólaheimili, eitt eða tvö eftir því sem þörf krefur, taki börn og unglinga fram að tvítugsaldri og leitist við að kenna þeim undirstöðuatriði almennustu barnaskólanámsgreina, en leggi þó sérstaklega rækt við að kenna þeim einhverja þá vinnu, sem að gagni má verða.

Þegar nægilega rúmgott eða rúmgóð skólaheimili eru fyrir hendi, sé ákveðið með sérstökum lögum, að allir fávitar á skólaaldri, sem eitthvað má kenna, séu skólaskyldir. Jafnframt sé þá ákveðið, hvaða undirbúningsmenntun kennarar þeirra eiga að hafa.

4. gr.

Hjúkrunarhælið sé í þremur aðgreindum deildum, fyrir karla, konur og börn. Örvitum, eða fávitum á lægsta þroskastigi, sé þar veitt öll sú nærgætni og aðhlynning sem auðið er.

5. gr.

Vinnuhælin séu 2 eða í tveimur deildum, fyrir karla og konur. Þangað skal tekið, þegar þess er óskað og ástæður leyfa, ungt fólk frá skólaheimilum fávita, eða aðrir fávitar á svipuðu þroskastigi, og leitazt við að veita þeim vinnu við þeirra hæfi um lengri eða skemmri tíma, eftir því sem nauðsyn ber til.

6. gr.

Heilbrigðisstjórnin setur þriggja manna eftirlitsnefnd með öllum þessum heimilum eða hælum fávita, til 4 ára í einu.

Formaður nefndarinnar sé læknir, sérfróður um mein fávita, ef kostur er, en auk þess séu jafnan kennari og kona í nefndinni. Kostnaður við eftirlitsferðir nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Framfærslustyrkur fávita telst ekki fátækrastyrkur, en fávitar vinna sér ekki sveitfesti, þótt þeir dvelji utan fæðingarsveitar sinnar.

8. gr.

Ráðuneytið setur með sérstakri reglugerð ákvæði um:

a. Hvernig safna skal nákvæmum skýrslum um tölu fávita og hagi þeirra.
b. Hvernig aðgreina skal börnin, sem ætluð er vist á skólaheimili eða hjúkrunarhæli.
c. Hvernig eftirliti skal hagað með aðbúð þeirra fávita, sem dvelja ekki í fyrrnefndum hælum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Á meðan ekki eru samþykkt lög um framfærslu sjúkra manna og örkumla almennt, greiðir ríkissjóður ¾ hluta meðgjafar með efnalausum fávitum á fyrrgreindum hælum, en framfærslusveitin ¼ hluta.

Greinargerð.

Vér Íslendingar erum svo langt á eftir allflestum eða öllum menningarþjóðum að því er aðhlynningu og uppeldi fávita snertir, að ekki má svo búið standa lengur. Fávitar eru að minnsta kosti um 200, og um 80 í þeim hóp á barnsaldri. — Nákvæmar skýrslur um það eru enn ókomnar, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að safna þeim.

Handa öllum þessum hóp er ekki til nema eitt rúmlega ársgamalt lítið hæli, sem stendur þó hálftómt, — getur tekið 25, en hefir ekki nema 9 vegna féleysis fávitanna.

En þótt ekki sé fært kostnaðar vegna að reisa hæli handa öllum þeim fávitum, sem þangað þyrftu að fara, er mikilsvert að gera sér ljóst, að hverju skuli stefnt og hvernig skuli skipuleggja uppeldi og hjúkrun fávita.

Reynsla annara þjóða sannar, að það er sjálfsagt að aðgreina fávita eftir vitsmunaþroska, aldri og kyni, og þótt fjöldinn sé þar meiri en hér og skiptingin geti því verið margbreyttari en gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, er þó aðalflokkunin á sama veg, og hana verður að gera þegar í upphafi, ef vel á að fara, hvort sem um einkastofnun eða ríkisstofnun er að ræða. Fyrir því tel ég réttmætt að samþykkja þetta frumvarp nú þegar, enda þótt ríkið hafi því miður ekki fé fyrir hendi að þessu sinni til að reisa fávitahæli.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Þessi aðgreining: skólaheimili, hjúkrunarhæli og vinnuhæli, þykir sjálfsögð alstaðar þar, sem nokkurt skipulag er á málefnum fávita. Sömuleiðis þykir

samngjarnt að tengja ekkert fávita- og því síður fábjána-nafn við hælin. Foreldrar þeirra hafa nóg að bera, þótt þeir séu ekki særðir með því nafni í hvert sinn, sem minnzt er á dvalarstað barna þeirra. — Vera má, að einhver sakni þess, að ekki skuli í sérstakri lagagrein gerð grein fyrir, hvað átt er við með orðunum vanviti, hálfviti og örviti. En væntanlega ber frumvarpið með sér, hvað í þeim orðum felst. Vanvitar koma næstir á eftir tornæmum börnum að vitþroska, ná svipaðri dómgreind og 7 til 10 ára gömul börn.

Hálfvitar eru lægri, ná vitþroska á borð við 3 til 7 ára börn, en geta þó sumir lært einhverja vinnu. Lægstir eru örvitar, ná ekki vitþroska 3 ára barns. En orðið fávitar eru samnefni þeirra allra.

Um 2. gr.

Einstaklingar hafa hvarvetna orðið á undan ríkisstjórnum um stofnun fávitahæla, þótt síðar hafi þau að meira eða minna leyti komizt flest í umsjón ríkisins. Virðist sjálfgefið, að ríkið hagnýti sér slík hæli, styrki þau og hafi eftirlit með þeim, og gæti þess, að þau, hvert um sig, ef fleiri eru, taki að sér sérstakt hlutverk í þessum efnum.

Um 3. gr.

Erlend reynsla sannar, að fjöldamörg börn úr fávitahópi, sem ekkert læra heima, geta lært ýmislegt sér til gagns, ef þau komast nógu snemma til kennara, sem kunna að kenna fávitum. Sem dæmi þess má nefna: Kirkjumálaráðuneytið norska lét safna skýrslum um alla unglinga, sem útskrifazt höfðu frá 3 skólaheimilum fávita í Noregi árin 1911—1920. Svör komu viðvíkjandi 604 úr þeim hópi, og voru þau á þessa leið:

187 eða 30,96% unnu alveg fyrir sér.
92 — 15,24% unnu fyrir sér að mestu leyti.
137 — 22,69% unnu fyrir sér að dálitlu leyti.
127 — 21 % unnu ekkert fyrir sér.
21 — 3,48% voru orðnir geðveikir.
40 — 6,63% voru dánir.

Annarsstaðar hefir árangurinn stundum verið betri.

Margoft vilja foreldrar vanvita og hálfvita ekki senda þá frá sér, þótt góður fávitaskóli sé þeim opinn, og lítið er hirt um að senda þá, sem engan eiga að, og læra svo þessi börn ekkert, nema ef til vill einhverja ósiði. Því ber nauðsyn til, að þau verði skólaskyld að lögum sem önnur börn, þegar nógu stór skóli eða skólar eru til handa þeim öllum. Kennarar fávita verða að hafa góða sérmenntun, ef vel á að fara, en á meðan verið er að byrja og að einhverju leyti verður að nota erlenda kennslukrafta, er varhugavert að setja lagaákvæði um það, þótt að því sé stefnt síðar.

Um 4. gr.

Um nauðsyn og tilgang hjúkrunarhælis mun óþarft að ræða.

Um 5. gr.

Við vaxandi samkeppni um flesta vinnu dragast þeir aftur úr, sem minnstan hafa máttinn, en við iðjuleysi komast fávitarnir alveg á annara framfæri,

öllum til leiðinda, og verða oft og einatt glæpamenn. Erlendar rannsóknir sýna, að stór hópur þeirra manna, sem árum saman sitja í fangelsum, eru í raun réttri fávitar. Fyrir því eru fávitum ætluð vinnuhæli í öllum menningarlöndum á vorum dögum.

Þótt það sé ekki beinlínis tekið fram í þessu frumvarpi, er að sjálfsögðu ætlazt til þess, að þau hæli, sem ríkisstjórn lætur reisa, séu í sveit, þar sem nóg er landrými til útivistar og útivinnu, og svo nálægt hvert öðru, að sami forstjóri geti séð um fleiri en eitt hæli. Þó gæti komið til mála, að skólaheimilin yrðu tvö, annað nyrðra en hitt syðra, og hægara yrði um heimsóknir aðstandenda. Mætti svo hafa vinnuhæli fyrir konur í sambandi við annað og vinnuhæli fyrir karlmenn í sambandi við hitt. En þar sem ætla má, að ríkisstjórn gæti allrar hagsýni í þeim efnum, þykir óþarft að setja um það lagaákvæði.

Til skamms tíma þótti sjálfsagt að hafa fávitahæli karla og kvenna sem fjærst hvort öðru, þar eð fávizka vanvita og hálfvita er harla oft arfgeng, og hverju þjóðfélagi tjón að þeirri fjölgun. En nú þykir minni ástæða til þess, þar eð víða er farið að gera fávita ófrjóa og hjálpa þeim fávitum með læknisaðgerð, sem þjást af óeðlilega áköfum kynhvötum.

Um 6. gr.

Læknisfræði, uppeldisfræði og kærleiksrík nærgætni eiga allar erindi til eftirlits með fávitahælum, og því er farið fram á, að eftirlitsnefnd sé svo skipuð sem þessi grein segir.

Óþarft virðist að ætla nefndarmönnum sérstaka þóknun meðan hælið er ekki nema eitt, eða þó tvö væru, en opin leið að ákveða hana síðar, er starfið vex. Fyrir því er ekkert á persónulega þóknun minnzt hér.

Um 7. gr.

Sú lagagrein er svo sjálfsögð, að óþarft mun um að ræða.

Um 8. gr.

Heilbrigðisstjórnin er færust um að setja þau ákvæði, sem hér ræðir um. Enda eru nægar fyrirmyndir til hliðsjónar hjá nágrannaþjóðum vorum.

Um 9. gr.

Æskilegt er, að frumvarp þetta verði sem fyrst að gildandi lögum, þar sem þau mundu verða bæði styrkur og leiðbeining því fávitahæli, sem þegar er reist, og gætu orðið öðrum til hvatningar að hefjast handa, ef langt skyldi verða þangað til veitt verður fé í fjárlögum til að reisa fávitahæli.

Um bráðabirgðaákvæðið.

Flm. er kunnugt um, að von er á frumvarpi til laga um framfærslu sjúkra manna og örkumla. Eru fávitar þar meðtaldir, enda langeðlilegast, að sömu ákvæði gildi um framfærslu allra örkumla manna. Þetta bráðabirgðaákvæði er því aðeins sett hér til vara, ef einhver dráttur skyldi verða á því, að hitt frumvarpið yrði að lögum.

Nánar í framsögu.

Nd. 139. Nefndarálit

um frv. til laga um bæjargjöld á Ísafirði o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „Gjaldið skal miða við virðingarverð af fasteignamatsverði komi: Gjaldið skal miða við fasteignamat.
2. Við 5. gr. Í stað orðanna „síðustu árin“ komi: 3 síðustu árin.

Alþingi, 14. marz 1935.

Sigfús Jónsson, form. Stefán Jóh. Stefánsson, frsm. Ásgeir Ásgeirsson.

Nd. 140. Nefndarálit

um frumv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1936 með viðauka.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. marz 1935.

Sigfús Jónsson, form., frsm. Stefán Jóh. Stefánsson. Ásgeir Ásgeirsson.

Nd. 141. Nefndarálit

um frv. til laga um bæjargjöld á Akureyri.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Þar sem kunnugt er um þörf Akureyrarkaupstaðar fyrir nýja tekjustofna og enn hafa ekki verið sett almenn lög um nýja tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög, leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í staðinn fyrir „saminni“ komi: samþykktri.
2. Við 3. gr. Í stað „1937“ komi: 1936.

Alþingi, 14. marz 1935.

Sigfús Jónsson, form. Ásgeir Ásgeirsson, frsm. Ólafur Thors.

Nd. **142. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 19. júní 1933, um breyt. á l. nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Þar sem kunnugt er um, að Vestmannaeyjakaupstaður má ekki við því að missa af þeim tekjum, sem hér um ræðir, og enn hafa ekki verið sett lög um nýja tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög, leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað „1937“ kemur: 1936.

Alþingi, 14. marz 1935.

Sigfús Jónsson, form.	Ásgeir Ásgeirsson, frsm.	Ólafur Thors.

Ed. **143. Breytingartillaga**

við frv. til laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 1. gr.

a. Á eftir 6. lið komi nýr liður, sem verði 7. liður:
Framkvæmd 1. gr. l. nr. 36 8. sept. 1931, um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra, skal frestað á árinu 1936, en fé því, sem við það sparast, varið til styrktar byggingum á súrheysgryfjum og safnþróm, samkvæmt nánari fyrirmælum, er landbúnaðarráðherra setur með reglugerð.

b. 7. liður verði 8. liður.

Ed. **144. Nefndarálit**

um frv. til l. um viðauka við l. 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. marz 1935.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm.	Jón A. Jónsson.

Ed. 145. Nefndarálit

um frumvarp til laga um ríkisgjaldanefnd.

Frá 1. minni hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefir klofnað í þrjá hluta um frumvarp þetta. Telur undirritaður rétt að samþykkja það óbreytt að efni til.

En sakir þess, að því hefir verið hreyft, að misskilja megi niðurlag 2. greinar þannig, að samþykki ríkisgjaldanefndar sé fullkomin greiðsluheimild til ráðherra, svo að ekki þurfi að leita aukafjárveitingar fyrir þeim umframgreiðslum, sem þar um ræðir, er hér borin fram breytingartillaga, er tekur af öll tvímæli. Er það þó í raun réttri óþarft, því að í hlutarins eðli liggur, að ákvæði laga geta ekki haggað ákvæðum stjórnarskárinnar. Í 2. gr. felst vitanlega ekki annað en það, að ráðherra er vitalaus af þeim umframgreiðslum, sem nefndin hefir samþykkt.

Samkvæmt þessu leggur 1. minni hluti nefndarinnar til, að frv. sé samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: enda verði fullnægt ákvæðum stjórnarskrárinnar um aukafjárveitingu.

Alþingi, 15. marz 1935.

Magnús Jónsson.

Nd. 146. Breytingartillaga

við frv. til laga um sölu og flutning á kartöflum.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Bjarni Bjarnason, Jón Ólafsson, Gísli Sveinsson.

Við 4. gr. Aftan við greinina bætist: Landbúnaðarráðherra er heimilt að greiða kartöfluframleiðendum, er búa í 45 km. fjarlægð eða meira frá neyzlustað (sölustað) og flytja vöruna landveg þangað, allt að kr. 3.00 í styrk úr ríkissjóði á hverja flutta tunnu.

Nd. 147. Frumvarp til laga

um kaup á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f.

Flutningsm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að gefa út ríkisskuldabréf fyrir allt að 2 milljónum króna. Ríkisskuldabréf þessi, sem bera 4% ársvexti, eru afborgunarlaus

næstu 5 ár, en greiðast því næst með jöfnum afborgunum á 30 árum eftir inndrætti.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um inndráttinn.

2. gr.

Skuldabréfum þeim, er um ræðir í 1. gr., skal varið til kaupa á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f. Þau ein hlutabréf skulu keypt, er sannað verður, að hafi verið gefin út til þeirra manna, er áttu sparisjóðsfé (innlán í bók eða á skírteini) í Íslandsbanka og tekið hafa á móti hlutabréfum sem hluta af þeirri innstæðu. Hlutabréfin skulu keypt við nafnverði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. júní 1935.

Ástæður.

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrætt. Krafan um rétting á hluta þeirra sparifjáreigenda, er hér er um að ræða, er þó ekki niður fallin, heldur verður henni án efa haldið áfram þar til lausn fæst á málinu. Að öðru leyti vísast til ástæðna fyrir frv. til laga um kaup á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f, þingskjal 289 frá þinginu 1934.

Ed. 148. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Aftan við 6. gr. bætist:
   Skal áður fram fara nákvæmt mat á sjóðnum. Ákveður ráðherra tilhögun matsins, að fengnum tillögum bankastjórnar Búnaðarbankans.
2. 7. gr. orðist þannig:
   Í stað „35 árum“ í síðasta málslið 3. gr. komi: 45 árum.
3. Við 10. gr. C-liður falli niður.
4. Við 18. gr. Í stað „ræktunarsjóðsbréfum“ komi: jarðræktarbréfum.

Sþ. 149. Tillaga til þingsályktunar

um kaup á hvernum Grýtu í Ölfusi.

Flutningsm.: Bjarni Bjarnason.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa fyrir fé úr ríkissjóði goshverinn Grýtu í Ölfusi, ásamt meðfylgjandi lóð, fyrir það verð, er um semst, eða eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna.

Nd. 150. Breytingartillaga

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur].

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: bókasafn Akraness.

Nd. 151. Breytingartillögur

við frv. til l. um sölu og flutning á kartöflum.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

1. Við 1. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
   Heimilt er landbúnaðarráðherra að leggja fyrir innflutningsnefnd að veita ekki innflutningsleyfi á kartöflum frá öðrum löndum þann hluta árs, sem nægar birgðir eru fyrir hendi í landinu af markaðshæfum innlendum kartöflum.
2. Við 3. gr.
   a. Á eftir 1. málsgr. kemur ný málsgr., svo hljóðandi:
      Landbúnaðarráðherra er ennfremur heimilt að setja með reglugerð hámarksverð á innlendar kartöflur.
   b. Önnur málsgr. falli burt.
3. Við 5. gr.
   Fyrir „Brot gegn lögum þessum“ kemur: Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim.

Nd. 152. Nefndarálit

um frv. til l. um breytingar á l. nr. 22 6. okt. 1919, um hæstarétt, og lögum nr. 33 4. júní 1924, um breyting á þeim lögum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt. Þó er ágreiningur um nokkur atriði frv., einkum ákvæði 1. og 2. gr., svo sem um tölu dómara, skipun varadómara og hið svo kallaða „dómarapróf“, og hafa nefndarmenn áskilið sér rétt til þess að bera fram brtt. við frv.

Alþingi, 15. marz 1935.

Héðinn Valdimarsson, form.	Bergur Jónsson, frsm., fundaskr.	Thor Thors.
Garðar Þorsteinsson.	Stefán Jóh. Stefánsson.	

Ed. 153. Frumvarp til laga

um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði.

Flm.: Pétur Magnússon, Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara til ársloka 1940 veitist Agli Árnasyni, kaupmanni í Reykjavík, einkaleyfi til þess að flytja út úr landinu og selja á erlendum markaði hrafntinnu og aðrar svipaðar bergtegundir, sem notaðar eru til þess að húða með steinbyggingar.

2. gr.

Einkaleyfishafa ber að greiða til ríkissjóðs þrjár krónur í útflutningsgjald af hverri smálest ofannefndra bergtegunda, sem hann kann að flytja út.

3. gr.

Meðan leyfistíminn stendur er öllum öðrum óheimilt að flytja út vöru þá, er einkaleyfið nær til. Brot gegn því ákvæði varðar sektum frá 500—5000 kr.

4. gr.

Verði útflutningur sérleyfishafa, að liðnu þessu ári, minni en 100 smálestir á ári, er atvinnumálaráðherra heimilt að svipta hann sérleyfinu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Egill Árnason hefir á síðastliðnu ári leitað nokkuð fyrir sér um möguleika til að flytja út hrafntinnu, og eru nokkrar líkur til, að takast muni að gera hana að verzlunarvöru í Danmörku, og jafnvel víðar. Hér væri um alveg nýja útflutningsvöru að ræða, ef þetta tækist, og virðist sjálfsagt að hlynna að því, að svo mætti verða. Hinsvegar getur hann ekki komizt hjá því, að leggja í talsverðan stofnkostnað, og er því eigi að vænta, að hann sjái sér fært að leggja í slíkt fyrirtæki, nema honum sé tryggt, að geta notið einhvers verzlunarhagnaðar, ef fyrirtækið á annað borð heppnast.

Nánar í framsögu.

Ed. 154. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins.

Flm.: Pétur Magnússon.

Aftan við 6. gr. bætist:

Skal með fjárframlagi þessu stofna sérstaka deild í Ræktunarsjóði, er veitir

lán einvörðungu leiguliðum á jörðum, sem eru í eign einstakra manna, til kaupa á ábýlisjörðum sínum. Lánin skulu veitt með 4% p. a. vöxtum til 28 ára. Skilyrði fyrir lánveitingu skal þó vera það, að kaupverð jarðar sé eigi hærra en síðasta fasteignamat, að viðbættu verði þeirra umbóta, sem landsdrottinn kann að hafa kostað til síðan síðasta fasteignamat fór fram. Landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarbankans, fyrirmæli um deild þessa.

Nd. 155. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 48 1930, um gagnfræðaskóla.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist:

Nú óskar bæjarstjórn, að reist sé hús fyrir gagnfræðaskóla í kaupstaðnum, og leggur fram fé í því skyni, og er þá ríkissjóði skylt að leggja fram sinn hluta á móti. Ef ríkisstjórnin óskar þess, að reist sé hús fyrir gagnfræðaskóla í kaupstað og fé er veitt til þess í fjárlögum, er viðkomandi bæjarsjóði á sama hátt skylt að leggja fram fé til byggingarinnar að sínum hluta.

Trúnaðarmaður ríkisstjórnarinnar skal hafa eftirlit með byggingu gagnfræðaskóla.

2. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist:

Heimilt er að ákveða í reglugerð, að námskeið skuli njóta styrks úr ríkis- og bæjarsjóði, ef kennsla hvers nemanda er ekki minni en 6 stundir á viku, enda standi námskeiðið þá eigi skemur en 3 mánuði. Styrkur til námskeiða, sem standa skemur en 12 vikur, lækkar hlutfallslega við námstímann.

3. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Þar til gagnfræðaskólahús hafa verið reist samkv. 3. gr. skal viðkomandi kaupstöðum skylt að sjá skólunum fyrir húsnæði, sem kennslumálastjórnin tekur gilt, en ríkissjóður greiði $\frac{2}{3}$ húsaleigunnar. Kennslumálaráðuneytið úrskurðar um stærð húsnæðis og hámarksleigu, sem ríkissjóður tekur þátt í að greiða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í fyrstu grein er ákvörðun um byggingu gagnfræðaskólahúsa gefin á vald ríkisstjórnar eða bæjarstjórnar, og verður annar aðilinn að hlíta ákvörðun hins.

Í annari grein er heimilað að styrkja námskeið, þó kannske standi eigi

lengur en eina stund á dag, enda standi þá námskeiðið eigi skemur en 3 mánuði. Er þessarar heimildar þörf, t. d. vegna námskeiðs fyrir sendisveina, sem starfa allan daginn og geta ekki haft öllu lengri skólasetu á hverjum degi.

Í þriðju grein er svo ákveðið, að ríkissjóður taki þátt í húsaleigukostnaði í öllum kaupstöðum, en nú er aðeins greiddur húsaleigustyrkur fyrir Reykjavík, og er það misrétti. Að öðru leyti er felld niður núgildandi 18. grein, sem felur í sér sérákvæði um gagnfræðaskólabygging í Reykjavík, enda eru í 1. gr. þessa frv. sett almenn ákvæði um skyldu ríkissjóðs og bæjarsjóða um framlög.

Nd. 156. Nefndarálit

um frv. til laga um námskeið fyrir atvinnulausa unglinga í bæjum og kaupstöðum.

Frá 1. minni hl. menntamálanefndar.

Ég get ekki fylgt þessu frumvarpi. Í fyrsta lagi er hér um að ræða útgjöld fyrir ríkissjóð án þess séð sé fyrir tekjum. Í öðru lagi er það mál lítt hugsað, hvað gera skuli fyrir allan þann fjölda ungmenna í landinu, sem sökum atvinnuleysis hafa tíma til að sækja skóla. Í þriðja lagi er húsnæðisskortur fyrir marga þá skóla, sem þegar hafa verið stofnaðir.

Loks tel ég, að hlutaðeigandi bæjarfélög og kauptún eigi sjálf að annast kennslu atvinnulausra unglinga, sem búsettir eru þar. Mundi ég á sínum tíma vera fús til að athuga, hvort hyggilegt væri að setja löggjöf um slíka kennslu á þeim grundvelli, að hún sé kostuð af hlutaðeigendum, svo sem fyrr er nefnt.

Alþingi, 16. marz 1935.

Bjarni Bjarnason.

Ed. 157. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 123 [Fasteignaveðslán landbúnaðarins].

Flm.: Pétur Magnússon.

Við a-lið. Í stað „4%“ komi: 4½%.

Ed. 158. Nefndarálit

um frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

VIÐAUKATILLÖGU:

Kristján Halldórsson Torfason, námsmaður á Flateyri, fæddur í Danmörku.
Anton Schneider, sápugerðarmaður, fæddur í Þýzkalandi.

Alþingi, 16. marz 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson, form. Magnús Guðmundsson, frsm. Ingvar Pálmason, fundaskr.
Þorsteinn Briem. Páll Hermannsson.

Ed. 159. Nefndarálit

um frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar í Hraunhöfn á Melrakkasléttu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 16. marz 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm. Ingvar Pálmason, fundaskr. Magnús Guðmundsson.
Þorsteinn Briem. Páll Hermannsson.

Ed. 160. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að á frv. verði gerðar þær breyt., sem fluttar eru á þskj. 161. Þó hefir einn nefndarmaður (SÁÓ) sérstöðu um sumar breytingartillögurnar.

Alþingi, 16. marz 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., með fyrirv. Ingvar Pálmason, fundaskr.,frsm. Magnús Guðmundsson, með fyrirv.
Páll Hermannsson. Þorsteinn Briem, með fyrirv.

Ed. 161. Breytingartillögur

við frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað 1. málsgr. 6. gr. laganna komi:
   Í stjórn hvers sparisjóðs mega ekki vera færri en 3 menn, og skal einn þeirra vera formaður. Reki sparisjóður almenna hlaupareiknings- og innheimtustarfsemi, skal stjórnin skipuð 5 mönnum. Sé sjóðurinn eign sýslu- eða bæjarfélags, skal stjórnin kosin af hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn með hlutfallskosningu og stjórnin velja sér formann.
   Stjórn sparisjóða, sem eru sjálfseignarstofnanir og hafa á hverjum tíma minnst ábyrgð 20 manna í kaupstöðum eða 12 manna utan kaupstaða, skal kosin þannig, að meiri hlutinn, 2 af 3 eða 3 af 5, skulu kosnir af ábyrgðarmönnum á aðalfundi sparisjóðsins, sem haldinn skal eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, hinir stjórnarmennirnir, 1 af 3 eða 2 af 5, skulu kosnir á sama tíma af viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd. Hlutfallskosning skal viðhöfð, ef óskað er, þegar tvo eða fleiri skal kjósa.
   Stjórn sparisjóða, sem eigi eru eign sýslu- eða bæjarfélaga eða félaga einstakra manna, og eigi heldur hafa ábyrgð svo margra manna, er í annari málsgrein segir, skal kosin af viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn með hlutfallskosningu.
   Um kosningu í stjórn sparisjóða, sem eru eign hreppsfélaga eða félaga einstakra manna, fer sem fyrir er mælt í lögum eða reglugerðum viðkomandi sjóða.
   Kosningar í sparisjóðsstjórnir gilda til eins árs. Stjórn sparisjóðs ræður starfsmenn hans og hefir umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Aftan við 7. gr. laganna bætist:
   Ekki mega þeir heldur reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.
3. Við 3. gr. Greinin falli niður.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir orðunum „endurskoðunarmenn“ í upphafi 19. gr. laganna komi: kosnir til eins árs af viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd með hlutfallskosningu.
5. Við 6. gr. Í stað orðanna „nákvæma aðsjón“ komi: nákvæmt eftirlit.
6. Við 7. gr. Niðurlag greinarinnar orðist þannig: ..... í hlutfalli við samanlagðar inn- og útborganir þeirra síðastliðið ár.
7. Við 9. gr. Á eftir greininni komi ný gr., svo hljóðandi:
   Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal færa texta þeirra inn í meginmál laga nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði, og gefa þau út svo breytt sem lög frá Alþingi.

Nd. 162. Breytingartillögur

við frv. til l. um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

1. 13. gr. orðist svo:

Atvinnumálaráðherra skipar fimm manna nefnd, er séu fulltrúar atvinnuveganna og ríkisstjórnarinnar.

Atvinnumálaráðherra skipar nefndina á þann hátt, að landlæknir skal vera einn nefndarmaður, og er hann formaður, einn skal skipaður eftir tillögu Fiskifélags Íslands, einn eftir tillögu Búnaðarfélags Íslands, einn eftir tillögu Landsambands iðnaðarmanna, og einn eftir tillögum Dýralæknafélags Íslands.

Nefndin skal svo oft sem þörf krefur, og ekki sjaldnar en fjórum sinnum á ári, halda fundi með deildarstjórum rannsóknarstofunnar, og skal á þeim taka ákvarðanir um, hver aðalrannsóknarefni rannsóknarstofan taki til meðferðar á hverjum tíma, skýra frá niðurstöðum fyrri rannsókna og ákveða hvernig þær skulu birtar almenningi, svo hann hafi þeirra sem bezt not.

2. Framan við 14. gr. bætist:

Starfsmenn rannsóknarstofunnar skulu, eftir því sem atvinnumálaráðherra telur við eiga, stunda kennslu við háskólann án sérstakrar borgunar. Verklegar æfingar, sem nemendur háskólans framkvæma samhliða kennslunni, skulu framkvæmdar í rannsóknarstofunni, eftir því sem við á og hentugt þykir, og skulu starfsmenn rannsóknarstofunnar aðstoða við þær án sérstakrar borgunar, eftir nánari ákvörðun atvinnumálaráðherra.

Nd. 163. Breytingartillaga

við frv. til laga um sölu og flutning á kartöflum.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við 1. gr. Á eftir 1. málsgr. greinarinnar komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Heimilt skal ráðherranum ennfremur, að fengnum tillögum Verzlunarráðs og Búnaðarfélags Íslands, að ákveða hámarksheildsöluverð á innlendum kartöflum, ef félag matvörukaupmanna í Reykjavík fer fram á það.

Ed. 164. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á póstlögum, nr. 5 7. maí 1921, sbr. lög nr. 3 27 marz 1925.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 16. marz 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Páll Hermannsson, frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.
Magnús Guðmundsson.	Þorsteinn Briem.	

Ed. 165. Nefndarálit

um frv. til laga um ríkisgjaldanefnd.

Frá 2. minni hluta fjárhagsnefndar.

Frv. þetta er óbreytt eins og það var flutt á síðasta þingi. Þá flutti ég breytingartillögur við það og ber ég þær einnig fram nú; legg ég því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 1. málslið greinarinnar skal orða svo:
   Í lok hvers reglulegs Alþingis skal kjósa með hlutfallskosningum fimm menn í nefnd og fimm til vara, er nefnist ríkisgjaldanefnd.
2. Við 2. gr. 2. og 3. málslið skal orða svo:
   Greiðsla er því aðeins heimil, að nefndin eða meiri hluti hennar samþykki greiðsluna.
3. Við 3. gr. 3. málslið greinarinnar skal orða svo:
   Fundir ríkisgjaldanefndar eru löglegir, ef meiri hluti nefndarmanna sækir fund; ef nefndarmaður getur ekki sótt fund, kemur varamaður í hans stað.
4. Við 5. gr. Í stað „143. gr. ..... í heimildarleysi“ komi: Ákvörðun Alþingis, er næst kemur saman.

Alþingi, 16. marz 1935.

Jón Baldvinsson,
form.

Nd. 166. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur].

Flm.: Sigurður Einarsson.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Bókasafn Flateyjarhrepps í Flatey.

Nd. 167. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 29 1928 [Prentsmiðjur].

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: sýslubókasafn Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Nd. 168. Nefndarálit

um frv. til laga um námsskeið fyrir atvinnulausa unglinga í bæjum og kauptúnum.

Frá 2. minni hl. menntamálanefndar.

Fyrir nefndinni lágu engin gögn, sem bentu til þess, að hér væri um nauðsyn að ræða, og bendir enda ýmislegt á hið gagnstæða. Verði þær breytingar gerðar á lögum um gagnfræðaskóla, sem frv. á þskj. 155, 2. gr., fer fram á, sýnist nægilega séð fyrir, að ungmennum veitist kostur á að sækja slíka kennslu, sem stefnt er að með frv., og virðist sú leið hentugri til lausnar í þessu efni.

Ég legg því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 16. marz 1935.

Pétur Halldórsson.

Nd. 169. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 1930, um gagnfræðaskóla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Við 1. gr. Síðari hluti fyrri málsgreinar falli niður.

Nd. 170. Frumvarp til laga

um Líftryggingastofnun ríkisins.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Setja skal á fót stofnun fyrir líftryggingar, sem nefnist Líftryggingastofnun ríkisins, og hefir hún með höndum alla venjulega líftryggingastarfrækslu hér á landi, samkvæmt nánari ákvæðum þessara laga og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim. Engum öðrum en Líftryggingastofnun ríkisins er heimilt að taka að sér líftryggingar hér á landi, af hvaða tegund sem er, eftir 1. janúar 1936, að því undanskildu, er ræðir um í 23. gr.

2. gr.

Líftryggingastofnun ríkisins skal vera deild í Tryggingastofnun ríkisins.

3. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Líftryggingastofnunar ríkisins gagnvart þeim, sem tryggðir eru hjá stofnuninni (sbr. 5. gr.). Ríkissjóður leggur Líftryggingastofnun ríkisins til fé fyrir stofnkostnaði og rekstrarkostnaði

í byrjun eftir þörfum. Fjárframlög úr ríkissjóði til Líftryggingastofnunar ríkisins skal stofnunin ávaxta með jafnháum ársvöxtum og innlánsvöxtum sparisjóðsdeildar Landsbankans og endurgreiða eftir því, sem ástæður leyfa.

Á þeim tíma, er Líftryggingastofnun ríkisins tekur til starfa, skal gera upp lífeyrissjóði embættismanna og barnakennara, og afhendir ríkisstjórnin Líftryggingastofnun ríkisins allar eignir beggja lífeyrissjóðanna til varðveizlu og stjórnar, og gilda sömu reglur um varðveizlu og ávöxtun sjóðanna og fyrir er mælt um tryggingarsjóð í 21. gr.

Líftryggingastofnun ríkisins hefir sérstakan fjárhag og reikningshald, og hafa hinir umboðslegu endurskoðunarmenn með höndum endurskoðun á reikningum stofnunarinnar, þar til öðruvísi verður ákveðið.

4. gr.

Tryggingaupphæðir, sem stofnunin hefir á eigin ábyrgð, bundnar við líf eins einstaklings, mega ekki fara fram úr 40000 krónum, að viðbættum 1‰ af samanlögðum tryggingaupphæðum, samkvæmt tryggingasamningum, er stofnunin hefir á eigin ábyrgð, og skal þá telja tryggingarupphæð lífeyristryggingar 15-falda þá upphæð, sem greiðast á árlega samkvæmt tryggingarsamningnum.

5. gr.

Heimilt er Líftryggingastofnun ríkisins að taka að sér allar tegundir líftrygginga og lífeyristrygginga, bundnar við líf einnar persónu eða fleiri.

Stofnunin getur þó ekki tekið að sér tryggingu, sem skuldbindur hana til þess að greiða hærri upphæð við dauða, sem ber að höndum fyrir fullan 8 ára aldur, en innborguð iðgjöld nema, að viðlögðum vöxtum.

Eigi getur stofnunin heldur, nema samþykki hins tryggða liggi fyrir, skuldbundið sig til þess að greiða meira en innborguð iðgjöld ásamt vöxtum, án tillits til þess, hverrar tegundar tryggingin er, ef sá, er kaupir trygginguna, er annar en sá, sem tryggður er.

6. gr.

Líftryggingastofnun ríkisins skal gera tillögur um grundvöll fyrir útreikningi á iðgjaldaskrám og um almenna tryggingaskilmála fyrir þær tryggingar, sem stofnunin hefir á boðstólum; ennfremur um orðalag yfirlýsinga um heilbrigðisástand þeirra, er sækja um tryggingu hjá stofnuninni, sem umsækjandi sjálfur gefur og læknir sá, sem skoðar hann vegna tryggingarinnar.

Tillögur þær, er hér um ræðir, skulu lagðar fyrir atvinnumálaráðherra, er gerir þær breytingar, er hann telur hagkvæmar, og rannsakar eða leitar álits sérfræðings um það, hvort reikningsgrundvöllur stofnunarinnar í heild sinni eða í einstökum atriðum, svo sem manndauðaathuganir, vextir og álagning á nettóiðgjöld, veitir það öryggi, sem nauðsynlegt er til þess að reisa á starfrækslu líftrygginga.

Eftir að tillögur þær, sem um getur í 1. málsgrein þessarar greinar, hafa öðlazt samþykki atvinnumálaráðherra, skulu þær gilda um allar tryggingar, sem Líftryggingastofnun ríkisins tekur að sér, og gilda breytingar, sem á þeim kunna

að verða gerðar samkvæmt tillögum frá stjórn stofnunarinnar, aðeins fyrir þær tryggingar, sem Líftryggingastofnun ríkisins tekur að sér eftir að breytingin hefir hlotið samþykki atvinnumálaráðherra.

7. gr.

Atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum frá stjórn Líftryggingastofnunar ríkisins, reglur um endurkaup á tryggingum og um viðbótariðgjöld vegna aukinnar áhættu, sem viss störf, ferðalög, dvöl í héruðum, sem hættuleg eru lífi og heilsu manna, og sjúkdómseinkenni þeirra, sem sækja um tryggingu, kunna að hafa í för með sér, ennfremur reglur um útborganir á líftryggingum, ef hinn tryggði fremur sjálfsmorð.

8. gr.

Skylt er Líftryggingastofnun ríkisins að láta þeim, sem tryggja sig hjá stofnuninni, í té tryggingarskírteini eða innskráningarskírteini.

Innskráningarskírteini skal jafnan afhent þeim, sem tryggja sér frestaðan lífeyri; tryggingarskírteini skal þeim síðar látið í té, þegar lífeyrisgreiðslur hefjast. Hið sama gildir um lífeyristryggingu til eftirlifenda.

Ef tryggingarskírteini er afhent, greiðist tryggingarupphæðin til löglegs handhafa þess, gegn afhendingu skírteinisins með áritaðri kvittun. Ef innskráningarskírteini er afhent, greiðist tryggingarupphæðin þeim, sem samkvæmt innihaldi þess er skráður réttur móttakandi, eða, ef enginn slíkur er tilgreindur, til bús hins tryggða.

Lífeyrir greiðist þeim, sem í tryggingarsamningnum er nefndur sem réttur aðili, nema samningurinn sé framseldur öðrum á löglegan hátt og framsalið skráð af Líftryggingastofnun ríkisins.

Framfærslulífeyri er ekki hægt að framselja öðrum en þeim, sem samkvæmt innihaldi tryggingarsamningsins á að njóta hags af tryggingunni, nema framfærandinn við samningsgerðina hafi ótvírætt lýst því yfir, að slíkar ráðstafanir megi gera, enda skal það þá tekið fram í tryggingarsamningnum.

Í sérhverjum tryggingarsamningi skulu tilgreindir bæði almennir og sérstakir tryggingarskilmálar.

9. gr.

Eigi getur Líftryggingastofnun ríkisins tekið að sér neina tryggingu án þess, að umsækjandi láti henni í té lögleg sönnunargögn, sem stjórn stofnunarinnar tekur gild, fyrir aldri hinna tryggðu.

Þegar stofnunin tekur að sér tryggingar, sem eru þess eðlis, að hún hagnast á því, að hinn tryggði lifi sem lengst, skal hún jafnan krefjast svo nákvæmra upplýsinga um heilbrigðisástand þess, sem hlut á að máli, og um önnur atriði honum viðkomandi, er nægi til þess, að unnt sé að reisa á þeim öruggt mat á því, hvort hlutaðeigandi telst hafa að minnsta kosti jafnmiklar lífslíkur og fólk almennt á sama aldri og af sama kyni.

Ef upplýsingarnar eru ekki fullnægjandi eða heilbrigðisástand hlutaðeigandi lakara en almennt gerist, skal honum þó gefinn kostur á að tryggja sig gegn hærra iðgjaldi, sem ákveða skal með hliðsjón af öllum upplýsingum, sem fyrir

hendi eru, en þó með því skilyrði, að hann fái stofnuninni í hendur fullnægjandi sönnunargögn fyrir því, að hann sé ekki haldinn neinum slíkum sjúkdómi, er gefi tilefni til að álita, að lífi hans sé hætta búin.

Heimilt er Líftryggingastofnun ríkisins að greiða hæfilega þóknun til þess læknis, sem hún hefir samið við og gefið hefir út heilbrigðisvottorð til stofnunarinnar.

10. gr.

Útborgun á líftryggingu, sem keypt er gegn innskráningarskírteini, fer fram strax eftir að stofnunin hefir fengið fullnægjandi upplýsingar um dauða hins tryggða og dauðaorsök.

Líftrygging, sem seld er gegn tryggingarskírteini, útborgast í fyrsta lagi þrem mánuðum eftir að stofnunin hefir fengið fullnægjandi upplýsingar um dauða og dauðaorsök. Sama gildir um frestaðar útborganir, með þeim mun, að þá verður að fá stofnuninni í hendur sönnunargögn fyrir því, að hinn tryggði sé á lífi.

Lífeyristryggingar geta menn áskilið sér útborgaðar árlega, missirislega, ársfjórðungslega eða mánaðarlega, annaðhvort í byrjun eða lok greiðslutímabilsins.

11. gr.

Heimilt er stofnuninni að selja tryggingar gegn greiðslu í eitt skipti fyrir öll, eða gegn ákveðinni tölu iðgjalda, og ennfremur gegn iðgjaldagreiðslum æfilangt. Iðgjöld geta menn áskilið sér að greiða árlega, missirislega, ársfjórðungslega eða mánaðarlega, en ávallt skulu þau greidd í upphafi iðgjaldatímabilsins, bundið því skilyrði, að hinn tryggði sé þá á lífi.

Ef iðgjald greiðist ekki á réttum gjalddaga, skal tryggingin eigi að síður vera í gildi um jafnlangt tímabil og millibilið milli tveggja gjalddaga, en þó með því skilyrði, að iðgjaldið greiðist ásamt vöxtum og sekt, sem stjórn stofnunarinnar ákveður, áður en það tímabil er á enda.

Ef iðgjaldið er ekki greitt innan áðurnefnds tímabils, skoðast tryggingin vera upphafin frá hálfu hins tryggða, og skal þá ákveða endurkaupsverð tryggingarinnar og ráðstafa því samkvæmt reglum stofnunarinnar um endurkaup á tryggingum.

12. gr.

Hafi nokkur af ásettu ráði tilgreint rangt um aldur sinn í þeim tilgangi að fá ódýrari tryggingu en hann annars á kost á, eða fengið sig tryggðan hjá stofnuninni með því að gefa af ásettu ráði rangar upplýsingar um heilbrigðisástand sitt eða önnur atriði, sem skipta máli, og stofnunin hefði ekki að öðrum kosti tekið að sér trygginguna, þá er tryggingin ógild og innborguð iðgjöld eign stofnunarinnar.

Hið sama gildir um vanrækslu á að skýra frá atriðum, sem máli skipta við mat stofnunarinnar á þeirri áhættu, sem hún tekur á sig.

Aðrar rangar upplýsingar eða vanrækslur á upplýsingaskyldu hins tryggða heimila stofnuninni að lækka tryggingarupphæðina, og eftir ástæðum, að segja upp tryggingarsamningnum.

13. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir heimild til þess að mæla svo fyrir með reglugerð, að innborganir til Líftryggingastofnunar ríkisins og útborganir frá henni skuli fara fram á póstskrifstofum og póstafgreiðslustöðum, þar sem stofnunin hefir ekki sérstaka umboðsmenn, svo og að mæla fyrir um greiðslu til póstmálaskrifstofunnar fyrir það starf.

Á slíkum stöðum skulu liggja frammi, almenningi til sýnis, upplýsingar um algengustu tryggingar, sem stofnunin hefir í boði, ásamt iðgjaldaskrám.

14. gr.

Allar tryggingaupphæðir Líftryggingastofnunar ríkisins skulu vera undanþegnar sköttum til ríkissjóðs, á þær má ekki leggja löghald eða taka þær lögtaki, né taka þær til þrotabúsmeðferðar, nema því aðeins, að kaup tryggingarinnar hafi gert hlutaðeigandi eignalausan og innihald tryggingarsamningsins beri með sér, að tryggingin hafi ekki verið keypt í framfærsluskyni.

Tryggingarskírteini og innskráningarskírteini stofnunarinnar eru undanþegin stimpilgjaldi.

15. gr.

Krafa um útborgun á tryggingarupphæð eða endurkaupsverði tryggingar, er stofnunin hefir neitað að greiða, tapast, ef sá, er hlut á að máli, leitar ekki réttar síns áður en ár er liðið og framfylgir málinu til dóms, nema hann sanni fyrir rétti, að hann hafi haft lögleg forföll.

Krafa um útborgun á lífeyri, endurkaupsverði tryggingar og lífeyri til eftirlátinna tapast, ef sá, er réttinn á, kemur ekki fram með kröfuna áður en 5 ár eru liðin og hann að þeim tíma liðnum gefur sig ekki fram innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingar um kröfuna í Lögbirtingablaðinu.

16. gr.

Kostnað við stjórn og rekstur Líftryggingastofnunar ríkisins ber stofnunin sjálf. Hagnaður af rekstrinum skiptist meðal þeirra, sem eru tryggðir hjá stofnuninni, eftir reglum, sem atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum frá stjórn stofnunarinnar.

17. gr.

Fé það, sem á tveim fyrstu starfsárum stofnunarinnar er varið til stofnkostnaðar og skipulagningar á starfrækslunni, skal telja meðal eigna á efnahagsreikningi stofnunarinnar í sérstökum lið. Eignalið þennan skal þó afskrifa á fyrstu tíu starfsárum stofnunarinnar, þannig, að afskrifað sé að minnsta kosti $\frac{1}{5}$ hluti í lok sjötta starfsárs og þaðan af að minnsta kosti $\frac{1}{5}$ hluti á ári hverju.

18. gr.

Í lok fimmta starfsárs Líftryggingastofnunar ríkisins og þaðan af að minnsta kosti fimmta hvert ár skal gera upp tryggingasjóð stofnunarinnar, en í honum skal vera:

1. Tryggingaupphæðir, sem hafa verið tilkynntar til útborgunar eða eru áfallnar, en ekki útborgaðar á þeim tíma.

2. Iðgjaldaviðlagasjóður, er ekki má nema lægri upphæð en mismuninum á höfuðstólsígildi allra skuldbindinga stofnunarinnar samkvæmt gildandi tryggingasamningum og höfuðstólsígildi nettóiðgjalda, sem greiðast eiga til stofnunarinnar samkvæmt sömu tryggingasamningum. En nettóiðgjald nefnist sá hluti heildariðgjalds, sem nægir samkvæmt reikningsgrundvelli stofnunarinnar fyrir áhættunni, sem stofnunin tekur að sér samkvæmt tryggingasamningum á þeim tíma, er samningurinn er gerður.

Við iðgjaldaviðlagasjóð þann, er um getur í 2. tölulið, skal leggja hæfilega upphæð, er stjórn stofnunarinnar ákveður, fyrir væntanlegum kostnaði vegna trygginga, er iðgjöld greiðast ekki fyrir í framtíðinni, vegna þess að iðgjaldagreiðslum af þeim er lokið.

Á efnahagsreikningi stofnunarinnar skal meðal skulda telja tryggingasjóð þann, er um getur í 1. málsgrein þessarar greinar.

19. gr.

Heimilt er stjórn Líftryggingastofnunar ríkisins að telja meðal eigna á efnahagsreikningi stofnunarinnar höfuðstólsígildi allt að 30% af álagningu á nettóiðgjöld, er greiðast eiga til stofnunarinnar í framtíðinni samkvæmt gildandi tryggingasamningum, er stofnunin hefir á eigin ábyrgð.

Sá hluti álagningarinnar, sem um getur í 1. málsgrein, má þó ekki fara fram úr 7% af nettóiðgjöldunum.

20. gr.

Af rekstrarhagnaði stofnunarinnar fyrir hvert 5 ára tímabil skal, eftir að tekjuhalli frá næsta 5 ára tímabili á undan hefir verið jafnaður, verja helmingnum til stofnunar öryggissjóðs, þar til sá sjóður nemur þeirri upphæð, er kemur út þegar 1% af iðgjaldaviðlagasjóði þeim, sem stofnunin hefir undir höndum — fyrir virkar lífeyristryggingar skal þó reikna með 2% — er lagt við ½% af mismuninum á tryggingaupphæðum og iðgjaldaviðlagasjóði fyrir þær tryggingar, sem stofnunin hefir á eigin ábyrgð. Tryggingaupphæð lífeyristrygginga telst í því sambandi vera 15-föld árleg væntanleg útborgun og reiknast tryggingaupphæðir virkra lífeyristrygginga ekki með.

Það, sem eftir verður af rekstrarhagnaðinum, skal leggja í sérstakan ágóðahlutasjóð (bónussjóð), er skiptist eftir reglum stofnunarinnar samkvæmt 16. gr. meðal hinna tryggðu. Fé ágóðahlutasjóðs má þó ekki, fyrr en öryggissjóður hefir náð tvöföldu því marki, sem um getur í 1. málsgrein, nota til annars en útborgana á ágóðahlutum vegna trygginga, sem falla úr gildi við dauða eða við endalok tryggingartímans, og ennfremur til flutnings í öryggissjóð.

Eftir að öryggissjóður hefir náð því marki, sem um getur í 1. málsgrein, má lækka fjárframlög til sjóðsins niður í 10% af þeim hluta rekstrarhagnaðarins, sem eftir verður þegar tekjuhalli, er kann að hafa verið á rekstrinum á næsta 5 ára tímabili á undan, hefir verið jafnaður.

Fjárframlög til öryggissjóðs má stöðva þegar hann hefir náð tvöföldu því marki, sem um getur í 1. málsgrein.

Öryggissjóð má ekki skerða, nema það sé nauðsynlegt til þess að jafna rekstrarhalla.

21. gr.

Tryggingasjóð Líftryggingastofnunar ríkisins skal geyma og ávaxta á þann hátt, er hér greinir:

1. Í skuldabréfum útgefnum af íslenzka ríkinu, eða í skuldabréfum, er bera ákveðna vexti, sem íslenzka ríkið ábyrgist.
2. Í skuldabréfum veðlánastofnana, ef gildandi lög heimila, að þau megi nota til geymslu á fé ófjárráða.
3. Í innlánsskírteinum íslenzkra banka og sparisjóða.
4. Í lánum tryggðum með veði í fasteignum, eftir sömu reglum og þeim, er gilda um meðferð á fé ófjárráða og annara, sem eftirlit er haft með af hálfu hins opinbera.
5. Í lánum með veði í líftryggingum stofnunarinnar allt að endurkaupsverðgildi þeirra.
6. Í fasteign, er stofnunin sem ófullnægður veðhafi hefir orðið að taka til umráða, þó ekki lengur en í 2 ár og ekki með stærri upphæð en eftirstöðvar lánsins á þeim tíma, er eignin var tekin til umráða.

Ennfremur í fasteign, er stofnunin á og notar til þess að hafa þar aðalskrifstofu sína, með upphæð, sem ekki má fara fram úr $\frac{4}{5}$ fasteignamats.

Til annarar ráðstöfunar á fé tryggingasjóðs þarf samþykki atvinnumálaráðherra.

22. gr.

Skylt er stjórn Líftryggingastofnunar ríkisins að senda atvinnumálaráðherra, eigi síðar en 8 mánuðum eftir lok reikningsársins, fullnægjandi yfirlit yfir starfrækslu na ásamt ársskýrslu stjórnarinnar.

23. gr.

Nú vill einhver tryggja sig fyrir hærri upphæð en Líftryggingastofnun ríkisins hefir heimild til þess að taka að sér á eigin ábyrgð samkvæmt 4. gr., og er þá stofnuninni heimilt að leyfa annari tryggingastofnun eða félagi að taka að sér tryggingu na að því leyti sem tryggingarupphæðin fer fram úr hámarksupphæð stofnunarinnar fyrir áhættu á eigin ábyrgð, enda hafi tryggingastofnun sú eða félag það aðalumboð og varnarþing hér á landi.

24. gr.

Líftryggingastofnun ríkisins er heimilt, með samþykki ráðherra, að gera samninga við líftryggingastofnanir og félög, er hér hafa starfað, um að taka að sér tryggingasamninga þeirra og skuldbindingar gagnvart tryggjendum hér á landi.

25. gr.

Tekju- og eignarskatt til ríkissjóðs greiðir Líftryggingastofnun ríkisins þar, sem hún hefir aðalskrifstofu sína. Af árlegum tekjum stofnunarinnar telst það vera skattskylt, sem afgangs verður samanlögðum árstekjum samkvæmt árs-

reikningi hennar, þegar frá er dregið rekstrarkostnaður, þar með talin laun umboðsmanna, greiðslur á tryggingaupphæðum, skattar til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga, árleg fyrning á eignaliðum, áætlaður rekstrarhalli frá fyrra ári og áætluð viðbót við lögboðinn tryggingasjóð og öryggissjóð á reikningsárinu.

Skattskyldar eignir Líftryggingastofnunar ríkisins teljast vera jafnar ágóðahlutasjóði stofnunarinnar samkvæmt síðustu 5 ára uppgerð, að frádregnum útborgunum á ágóðahlutum, sem fram hafa farið eftir þann tíma, en að viðbættri áætlaðri aukningu á þeim sjóði frá sama tíma að telja.

Um útsvör til bæjar- og sveitarfélaga fer svo sem segir um verzlunarstofnanir ríkissjóðs í lögum nr. 47 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana, en þó þannig, að útsvarinu skal skipt milli bæjar- og sveitarfélaga, að jöfnum hlutföllum við iðgjaldagreiðslur frá mönnum, er heima eiga í viðkomandi bæjar- og sveitarfélögum. Nú er útsvarshluti bæjar- eða sveitarfélags minni en 100 krónur, og fellur þá greiðsla hans niður.

26. gr.

Nú tekur líftryggingafélag eða stofnun að sér líftryggingu hér á landi þrátt fyrir fyrirmæli 1. gr., eða án heimildar þeirrar, sem ræðir um í 23. gr., og skal þá félagið eða stofnunin sæta sektum frá 200—10000 kr.

27. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau ákvæði í lögum nr. 62 22. nóv. 1913, um ábyrgðarfélög, sem koma í bága við lög þessi.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til ný skipun verður gerð á Tryggingastofnun ríkisins, og sé forstjóri hennar ekki sérfræðingur í tryggingamálum, skal vera sérstakur framkvæmdastjóri fyrir Líftryggingastofnuninni, og skal hann vera sérfræðingur í tryggingamálum. Við hlið hans skulu vera tveir gæzlustjórar. Þessir þrír menn skipa stjórn stofnunarinnar, og er framkvæmdastjóri formaður hennar.

Stjórnarformaður boðar fundi, svo oft sem þörf krefur, þó ekki sjaldnar en einu sinni í viku. Nánari reglur um verksvið stjórnar og framkvæmdastjóra setur atvinnumálaráðherra með reglugerð og ákveður laun fyrir störf þeirra og, að fengnum tillögum stofnunarinnar, laun starfsmanna á skrifstofu Líftryggingastofnunar ríkisins og laun fastra umboðsmanna.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni atvinnumálaráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta hefir hr. Árni Björnsson, tryggingafræðingur, upphaflega samið að tilhlutun skipulagsnefndar atvinnumála. Nefndin gerði á því ýmsar

breytingar frá því, sem það kom frá honum, en engar af breytingum þeim snertu þau ákvæði í frumvarpinu, sem tryggingafræðingurinn hafði gert ráð fyrir til öryggis fyrirtækinu, sem frumvarpið fjallar um. Hr. Árni Björnsson hefir ennfremur samið að mestu athugasemdir þær um einstakar greinar frumvarpsins, sem fylgja greinargerð þessari. Frá honum eru einnig fengnar tölur þær, sem nefndar eru í greinargerð þessari.

Líftryggingastarfsemi hefir hingað til verið rekin hér á landi af erlendum félögum og stofnunum, en það virðist auðsætt, að breyting í þá átt að gera þessa starfsemi innlenda geti orðið almenningi í landi þessu til mikilla hagsbóta, ef tryggilega er um búið.

Á síðari árum hefir verið tilfinnanlegur skortur á erlendum gjaldeyri til greiðslu fyrir nauðsynlegar vörur, er vér verðum að sækja til annara þjóða, en á meðan líftryggingastarfsemi er rekin hér af erlendum stofnunum, verður yfirfærsla iðgjaldanna jafnan einn liður, er eykur þörf vora fyrir erlendan gjaldeyri. Innlend líftryggingastarfsemi mundi hinsvegar takmarka á varanlegan hátt gjaldeyrisþörfina, eins langt og sú starfsemi nær.

Að vísu er það svo, að nokkur hluti iðgjalda til erlendra félaga verður ávallt eftir í landinu. Þeim hluta er varið til skrifstofuhalds hér og til greiðslu á áföllnum tryggingaupphæðum. En skýrslur hagstofunnar um líftryggingar bera þó með sér, að um þrjú hundruð þúsund krónur ganga árlega til líftryggingafélaga fram yfir það, sem þau greiða í útborgaðar ábyrgðir, bónus-greiðslur, lífeyri o. s. frv. Eflaust er eitthvað af þessu fé lánað til innlendra manna, en það eru þó skuldir, sem fyrr eða síðar verða að greiðast með vöxtum erlendis. Meðan líftryggingastarfsemin hér á landi heldur áfram að aukast, eykst að sama skapi yfirfærsla tryggingaiðgjaldanna, og getur hún aldrei numið minni upphæð, jafnvel eftir að kyrrstaða er komin á þessa starfsemi, en sem svarar stjórnarkostnaði og hagnaði af starfseminni til eigenda áhættufjár.

Auk hinna beinu og óhagstæðu áhrifa, sem yfirfærslur tryggingaiðgjaldanna hafa á viðskiptajöfnuð vorn gagnvart útlöndum, getur ekki hjá því farið, að yfirfærsla iðgjaldanna leiði af sér rýrnun á framboði lánsfjár innanlands, en eins og kunnugt er, verða ýmsar framkvæmdir ríkisins, bæjar- og sveitarfélaga að bíða árum saman vegna skorts á lánsfé, til mikils tjóns fyrir almenning.

Í nágrannalöndum vorum hafa innlendar líftryggingastofnanir með höndum yfirgnæfandi meiri hluta líftryggingastarfsemi. Iðgjaldaviðlagasjóðir líftryggingastofnana í löndum þessum nema hundruðum milljóna króna, en svo eru þeir sjóðir nefndir, sem líftryggingastofnanir verða að safna eða leggja til hliðar af innborguðum iðgjöldum, til þess að þær geti talizt eiga fyrir skuldbindingum gagnvart hinum tryggðu.

Eftirfarandi upplýsingar um iðgjaldaviðlagasjóði innlendra líftryggingastofnana frændþjóða vorra eru teknar eftir árbókum þeirra fyrir 1934:

	Danmörk	Noregur	Svíþjóð
Iðgjaldaviðlagasjóðir 1932 ..	472 millj. kr.	561 millj. kr.	1311 millj. kr.

Fyrir Danmörku gefur hin tilgreinda tala þó ekki fulla hugmynd um stærð sjóðanna þar í landi, þar sem sjóður Statsanstaltens er þar ekki talinn með.

Þessar tölur gefa nokkra hugmynd um það, hve mikið aukið framboð af lánsfé þessar fjárupphæðir merkja og að hve miklu leyti þær geta fullnægt lánsþörf ríkis, sveitar- og bæjarfélaga og veðlánastofnana, en til slíkra útlána er varið miklum hluta þessara sjóða.

Ekki er hægt að fá vitneskju um það, hve miklu nema samtals iðgjalda-viðlagasjóðir, sem svara til líftrygginga, sem nú eru í gildi hér á landi. En við samanburð á útbreiðslu líftrygginga hér og í nágrannalöndum vorum árið 1932 er ekki ósennilegt, að samsvarandi sjóðir fyrir Ísland nemi samtals kringum 7 millj. króna, en þar getur þó skakkað talsverðu.

Líftryggingastarfsemi hér á landi hefir farið mjög í vöxt á síðustu tveim áratugum. Nákvæmar skýrslur eru að vísu ekki til um þessa starfsemi, en af þeim skýrslum, sem eru til, virðist mega ráða, að tala tryggingaskírteina hafi meir en 5-faldazt á árunum 1914—1932, og að tryggingaupphæðir hafi meira en 10-faldazt á sama tíma.

Samkvæmt Hagtíðindum (19. árg. nr. 4) hefir tala trygginga og samanlagðar tryggingaupphæðir í árslok verið sem sér segir:

	Lífsábyrgðir		Lífeyristryggingar	
	Tala	Upphæðir kr.	Tala	Árleg útborgun áfallin og í vændum kr.
1914	1353	2530452	„	„
1932	7219	26925410	179	56091

Þó eru árið 1932 ekki meðtaldar tryggingar, sem enn kunna að hafa verið í gildi af líftryggingum félaga, sem áður hafa starfað hér, en nú eru hætt að taka nýjar tryggingar og hafa hér engan umboðsmann. En jafnframt er talið sennilegt, að eitthvað vanti á, að taldar séu allar tryggingar árið 1914. Það má því telja líklegt, að það, sem vantalið er, raski ekki miklu þeirri hugmynd um vöxt líftryggingastarfseminnar, sem taflan gefur.

Líftryggingastarfsemi er nú rekin hér á landi af 6 líftryggingastofnunum. Þar af eru þrjár danskar, tvær sænskar og ein norsk. Iðgjöld hafa samtals numið þeim upphæðum, sem hér greinir:

		1930	1931	1932
Iðgjöld	kr.	469232	570054	579127

Þessar tölur bera það með sér, að líftryggingastarfsemi hér á landi hefir farið vaxandi, þrátt fyrir kreppuna, og bendir það til þess, að líftryggingar hafi þegar náð hér almennri hylli, þótt mikið vanti á, að þær hafi náð svo mikilli útbreiðslu sem í nágrannalöndunum.

Miðað við fólksfjölda nema tryggingarupphæðir og árlegur lífeyrir að meðaltali á hvern mann hér og hjá nágrannaþjóðum vorum þeim upphæðum, er hér greinir:

		Ísland 1932	Danmörk 1932	Noregur 1932	Svíþjóð 1932
Tryggingarupphæð	kr.	241	563	551	693
Árlegur lífeyrir	—	0,50	11,55	7,71	10,55

En þessar tölur sýna, að lífsábyrgðartryggingar hjá nágrannaþjóðunum hafa

náð meira en tvöfaldri þeirri útbreiðslu, sem hér gerist, og lífeyristryggingar frá 15 til 23 sinnum þeirri útbreiðslu, sem þær hafa hér á landi.

Þegar tekið er tillit til þess, að líftryggingar eru stöðugt að ná meiri og meiri útbreiðslu í nágrannalöndum vorum, enda þótt þær hafi þegar fyrir löngu náð þar miklu meiri útbreiðslu en hér, má telja líklegt, að útbreiðsla þeirra hér fari vaxandi hröðum skrefum í framtíðinni, og ætti því að vera nægilegt verksvið fyrir innlenda líftryggingastofnun, jafnvel þótt slík stofnun verði að öllum líkindum að einskorða sig við starfsemi innanlands.

Að öðru leyti er hér ekki ástæða til þess að álíta, að staðhættir hér á landi geti staðið innlendri líftryggingastofnun fyrir þrifum. Manndauði og langlífi almennt er ekki óhagstæðara hér en í nágrannalöndum vorum, enda hafa erlend félög, sem hér eru starfandi, selt líftryggingar sama verði hér og þau selja þær heima fyrir, eftir því sem næst verður komizt.

Eftirlit hefir hingað til ekkert verið með starfsemi líftryggingafélaga hér á landi af hálfu hins opinbera. Þeim er að vísu gert að skyldu að hafa varnarþing hér á landi, en ekkert er því til fyrirstöðu, að hér gætu starfað félög árum saman, sem ekki ættu þess nokkurn kost að standa við skuldbindingar sínar, er tímar liðu fram. Engin fyrirmæli eru um það í lögum, að líftryggingafélög verði að færa sönnur á heilbrigðan fjárhag eða setja tryggingar fyrir greiðslum til landsmanna.

Nú er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir því, að sett verði á fót stofnun með ríkið að bakhjarli; stofnun þessi verði rekin samkvæmt viðurkenndum, vísindalegum starfsaðferðum og hafi einkasölu á öllum nýjum líftryggingum frá ákveðnum tíma að telja. Verður því takmarki þá væntanlega náð á tiltölulega skömmum tíma, að gera líftryggingastarfsemina innlenda, en þá hverfa úr sögunni þeir annmarkar, sem á því eru að fá erlendum stofnunum í hendur full umráð yfir því fé, sem árlega er varið til kaupa á líftryggingum.

Ekki er óhugsandi, að sú mótbára kunni að verða færð gegn hinni fyrirhuguðu ríkisstofnun, sem hefði einkasölu á líftryggingum, að þetta fyrirkomulag kunni að valda óánægju hjá nágrannaþjóðum vorum, með því að einkasöluákvæðið svipti þær réttindum, sem þær sennilega hafi talið víst, að þær gætu notið í framtíðinni. En slík óánægja væri þá fyrst á sanngirni reist, ef vér hefðum samskonar aðstöðu í þeirra löndum sem þeir hafa í voru. En vér höfum í raun réttri engin skilyrði til þess að reka líftryggingastarfsemi í löndum þessum. Aðstöðumismunur hérlendrar líftryggingastofnunar, sem hefir þröngt verksvið innanlands, til þess að notfæra sér erlendan markað í samkeppni við þarlendar stofnanir af sömu tegund, er svo auðsær, að naumast gerist þörf á að útskýra, að krafa um gagnkvæmt frelsi til starfrækslu fyrir líftryggingastofnanir þar og hér er svo fjarri því að vera til hagsbóta fyrir oss, að hún verður ekki með sanngirni borin fram. Þá er og þess að gæta, að íbúatala landsins er ekki stærri en það, að hér er naumast rúm fyrir fleiri en eina myndarlega líftryggingastofnun. Og verður þá ekki um það deilt, að eðlilegra sé, að sú stofnun sé innlend en útlend.

Ákvæði frumvarpsins um einkasölurétt fyrir Líftryggingastofnun ríkisins ber því ekki að skoða sem ógreiðvikni gegn nágrannaþjóðum vorum, heldur er það ráðstöfun, sem leiðir af staðháttum hér.

Að sjálfsögðu gæti það komið til mála, að unnið væri að því, að gera líftryggingastarfsemina innlenda á annan hátt en að ríkið tæki málið í sínar hendur með einkasölu. Kæmu þá þrjár leiðir einkum til greina:

1. að stofnuð yrðu innlend félög, sem starfsemina rækju.
2. að ríkisstofnun ræki starfsemina samhliða innlendum félögum.
3. að innlent félag fengi einkarétt til starfseminnar.

Um fyrstu leiðina er það að segja, sem þegar hefir verið bent á, að hér er naumast rúm fyrir fleiri en eitt öflugt líftryggingafélag. Þá kemur það einnig til greina, að innlend einkafyrirtæki fyrir þessa starfsemi gætu naumast orðið annað en dulbúin eign erlendra manna. Einkastofnanir hafa hér ekki fjármagn til þess að taka að sér líftryggingar, nema með því móti að endurtryggja megnið af tryggingaupphæðunum. Hinsvegar koma endurtryggingar ekki til greina hjá ríkisstofnun þeirri, sem frumvarpið ræðir um, nema stofnunin kæri sig um að taka að sér tryggingu bundna við líf einnar persónu, er hærri sé en 40000 krónur að viðbættu 1% af samanlögðum tryggingaupphæðum samkvæmt tryggingasamningum, er stofnunin hefir á eigin ábyrgð. Má gera ráð fyrir, að slíkar tryggingar verði frekar sjaldgæfar meðan stofnunin er enn í bernsku.

Önnur leiðin hefir þann kost fram yfir hina fyrstu, að hún dregur nokkuð úr ókostum hennar, en er þó á engan hátt fullnægjandi.

Um þriðju leiðina er það að segja, að innlent félag, sem einkaleyfi fengi fyrir líftryggingum, yrði í fyrstu að endurtryggja mikið erlendis, nema það hefði ríkisábyrgð að baki sér. En eigi ríkissjóður að taka á sig ábyrgð, þá virðist eðlilegra, að hann hefði veg og vanda af fyrirtækinu. Þá er og þess að gæta í þessu sambandi, að einkafyrirtæki með einkaleyfi til tryggingastarfsemi mundi eftir nokkurn tíma hafa með höndum meiri hluta af handbæru fé til útlána í landinu en hollt virðist, að einstakir menn fari með. Að öllu þessu athuguðu kemur það í ljós, að einkaréttur ríkisins til þessarar starfsemi er hentugasta leiðin, sem bent verður á í þessu máli.

Að endingu skal athygli vakin á því, að í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að allur hagnaður af starfrækslu líftryggginganna, að undanskildum venjulegum gjöldum til almenningsþarfa, renni til hinna tryggðu. Þetta kæmi vitanlega ekki til greina hjá neinu einkafyrirtæki, sem beinlínis er stofnsett í því skyni að ávaxta fé eigendanna.

Um 1. gr.

Ríkisstjórninni er í grein þessari falið að setja á fót stofnun fyrir líftryggingar, er hafi með höndum alla venjulega líftryggingastarfrækslu hér á landi, og er þar átt við sölu á líftryggingum, bæði þeim, sem eru útborgaðar við dauða og í lifanda lífi og hvort heldur tryggingin nefnist lífsábyrgð eða lífeyrir, en þó aðeins þær líftryggingar, sem hverjum manni er frjálst að kaupa.

Stofnun þessari, sem nefnist Líftryggingastofnun ríkisins, er einnig í sömu grein gefið einkasöluleyfi á öllum líftryggingum, af hvaða tegund sem er og seldar verða hér á landi eftir 1. janúar 1936. En frá sama tíma að telja er öllum öðrum félögum og stofnunum, hvort heldur innlendum eða erlendum, bannað að selja eða taka að sér nýjar líftryggingar, að undanskildum þeim trygging-

um, sem getið er í 23. gr., en samkvæmt þeirri grein getur Líftryggingastofnun ríkisins leyft annari tryggingastofnun eða félagi að taka að sér þann hluta tryggingarupphæðar, sem fer fram úr hámarksupphæð stofnunarinnar fyrir áhættu á eigin ábyrgð, en sú hámarksupphæð er ákveðin í 4. gr. frumvarpsins. Þó er það skilyrði sett, að stofnun sú eða félag hafi aðalumboð og varnarþing hér á landi.

Um 2. gr.

Í samræmi við lög um samstjórn tryggingastofnana er í grein þessari ákveðið, að Líftryggingastofnun ríkisins skuli vera deild innan Tryggingastofnunar ríkisins.

Það virðist eðlilegt, að ein stofnun verði látin ná út yfir alla tryggingastarfsemi ríkisins, núverandi og væntanlega. Ætti það að verða til þess, að fyllra samræmi væri í starfseminni en ella væri kostur, auk þess sem mikill sparnaður gæti af þessu hlotizt um starfsmannahald. En meðan ekki er komin fullnaðarskipun á Tryggingastofnun ríkisins, og til þess að tryggja það, að Líftryggingastofnun ríkisins verði stjórnað í samræmi við reyndar og viðurkenndar starfsaðferðir, er svo fyrir mælt í frumvarpinu með ákvæðum til bráðabirgða, að fyrir stofnunina skuli skipaður sérstakur framkvæmdarstjóri, sem sé sérfræðingur í tryggingamálum.

Um 3. gr.

Greinin inniheldur ákvæði um ríkissjóðsábyrgð á öllum líftryggingum, sem stofnunin tekur á eigin ábyrgð. En 4. gr. setur reglur um það, hve stóra upphæð, miðað við einstaka áhættu, stofnunin getur tekið á eigin ábyrgð.

Dönsku lögin um eftirlit með líftryggingastofnunum leyfa þarlendum félögum að taka á eigin ábyrgð tryggingu, sem svarar 4% af innborguðu áhættufé, auk upphæðar, sem ekki miðast við áhættufé. Til þess að geta tekið á eigin ábyrgð svo stóra einstaka áhættu sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að Líftryggingastofnun ríkisins fái heimild til, þyrfti innborgað áhættufé félags þar í landi að nema einni milljón króna.

Samkvæmt greininni er ábyrgð ríkissjóðs, sem þannig má telja til jafns við 1 milljón króna, þó ekki takmörkuð eða ríkissjóði gert að skyldu að innborga ákveðna upphæð sem áhættufé, þar sem treysta má, að ríkissjóður verði ávallt fær um að fullnægja ábyrgðarskyldu sinni án þess, enda er hér fylgt sömu reglu og í stofnlögum Statsanstalten for Livsforsikring.

Byrjun líftryggingastarfsemi krefst jafnan nokkurs undirbúnings. Áður en stofnunin getur hafið starfsemi sína, þurfa að fara fram nákvæmar yfirveganir um val á manndauðaathugunum þeim, sem lagðar verða til grundvallar fyrir útreikningi á iðgjaldaskrám, ennfremur þarf að fara fram útreikningur á slíkum iðgjaldaskrám, ákvarðanir um almenna tryggingaskilmála og prentun tryggingaskírteina, yfirlýsinga o. fl.

Kostnaðinn við þessa undirbúningsstarfsemi verður ríkissjóður að leggja fram og sömuleiðis rekstrarkostnað stofnunarinnar fyrst framan af, þar til starfsemi hennar er svo langt komið, að hún geti sjálf borið hann, en það ætti hún að geta á 2. ári, eftir að hún hefir byrjað starfsemi sína.

Þar sem ekki er ætlazt til, að stofnunin njóti neins fjárstyrks úr ríkissjóði, er það ákvæði sett, að stofnunin greiði vexti af fjárframlögum ríkissjóðs, og endurgreiði slík framlög eftir því, sem ástæður leyfa.

Önnur málsgrein 3. gr. gerir ráð fyrir, að stofnuninni verði þegar fengið nokkurt fé til umráða og stjórnar, þar sem eru lífeyrissjóðir embættismanna og barnakennara. Störf þessara lífeyrissjóða eru svo náskyld starfsemi Líftryggingastofnunarinnar, að sjálfsagt virðist, að hún hafi þetta með höndum.

Um 4. gr.

Þar eru sett takmörk fyrir því, hve mikla einstaka áhættu stofnunin geti tekið að sér á eigin ábyrgð.

Hámarksupphæð einstakrar áhættu er ákvörðuð þannig, að hún fer hækkandi eftir því, sem stofnunin tekur fleiri tryggingar á eigin ábyrgð. Þannig verður hámarksupphæð einstakrar áhættu 60000 kr., þegar samanlagðar tryggingarupphæðir stofnunarinnar á eigin ábyrgð nema 20 milljónum króna, en slík regla er í fullu samræmi við þá dreifingu áhættunnar, sem á sér stað jafnframt aukningu á tölu hinna tryggðu.

Í þessu sambandi er tryggingaupphæð lífeyristryggingar reiknuð vera 15-föld árleg útborgun, þannig, að lífeyristrygging með 1000 kr. árlegri útborgun telst hafa 15000 kr. tryggingarupphæð.

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar heimila stofnuninni að taka að sér allar tegundir líftrygginga, að undanskildum þeim, sem nefndar eru í 2. og 3. málsgrein. En ákvæði 2. málsgreinar hefir það takmark, að girða fyrir hættu, sem barnatryggingar geta leitt af sér.

Hinsvegar eru tryggingar af þeirri tegund, sem um ræðir í 3. málsgrein, ekki leyfðar, þar sem þær geta þýtt aukna hættu fyrir hinn tryggða frá hálfu annars. En þegar þannig stendur á, að um þá hættu er ekki að ræða, ætti ekki að vera neitt því til fyrirstöðu, að stofnunin gæti tekið að sér slíkar tryggingar.

Báðar þessar tegundir trygginga eru undanskildar í dönsku eftirlitslögunum.

Um 6. gr.

Í þessari grein er stjórn stofnunarinnar falið að gera tillögur um grundvöll að útreikningi á iðgjaldaskrám, um almenna tryggingaskilmála og orðalag heilbrigðisyfirlýsinga. Þessi undirbúningsstörf taka talsverðan tíma, og er því nauðsynlegt, að sá undirbúningur verði hafinn með nægum fyrirvara, þar sem honum þarf að vera lokið fyrir 1. janúar 1936, eða þann dag, sem stofnunin fær einkasöluleyfi á líftryggingum samkvæmt 1. gr.

Í byrjun verður stofnunin að velja erlendar töflur eða athuganir um manndauða sem grundvöll fyrir útreikningi á iðgjaldaskrám, þar sem engar innlendar athuganir eru til um manndauða líftryggðra. Hinsvegar fær stofnunin með tíð og tíma reynslu á því sviði, og getur hún þá, ef nauðsyn krefur, lagt eigin reynslu til grundvallar fyrir nýjum útreikningi á iðgjaldaskrám, og geta þær þá aðeins gilt fyrir þær tryggingar, sem seldar verða samkvæmt þeim.

Um 7. gr.

Um líftryggingarsamninginn gildir það, að hinn tryggði hefir ávallt rétt til þess að slíta honum af sinni hálfu, og getur stofnunin þá, í sumum tilfellum, endurgreitt honum vissa upphæð, sem kallast endurkaupsverð tryggingarinnar, eða stofnunin getur breytt tryggingunni í samskonar tryggingu án iðgjaldagreiðslu.

Í einstaka tilfellum geta líftryggingastofnanir þó ekki endurgreitt án þess að eiga á hættu að skaðast, en um þetta þarf að setja reglur fyrir hvert einstakt tryggingarform.

Ennfremur gerir 7. gr. ráð fyrir, að stofnunin geti tekið líftryggingar, þótt fyrirfram megi vænta, að af þeim leiði meiri áhætta en almennt gerist.

Í hinum almennu tryggingaskilmálum er venja að undanskilja vissar auknar áhættur, þar sem hið almenna verð tryggingarinnar er miðað við, að stofnunin beri ekki hina auknu áhættu án þess að sérstakt endurgjald komi fyrir.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru settar reglur um skírteini, sem stofnunin afhendir hinum tryggðu. En þau geta verið með tvennum hætti, og miðast reglur 8. gr. við það, að gera tryggingarskírteinið að framseljanlegu handhafaskjali, þar sem innskráningarskírteini aftur á móti er ekki hentugt til framsals samkvæmt reglum þessarar greinar.

Um 9. gr.

Þar sem verð líftryggingar miðast við aldur hins tryggða, verður hann jafnan að láta stofnuninni í té fullnægjandi sönnunargögn fyrir aldri.

Ennfremur eru í 9. gr. reglur um það, að stofnunin skuli jafnan afla sér nægilega nákvæmra upplýsinga um heilbrigðisástand þeirra, sem sækja um líftryggingu í eignlegum skilningi. Reglur þessar eru orðaðar á þá leið, að stofnunin getur tekið tryggingar án læknisskoðunar, en slíkar tryggingar hafa nú náð allmikilli útbreiðslu.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Þegar um ríkisstofnun er að ræða, þykir réttara að setja vægari reglur um vanskil á iðgjöldum af hálfu hins tryggða, og um afleiðingar af slíkum vanskilum, en venja er hjá einkafyrirtækjum.

Að öðru leyti þarf ekki að skýra frekar innihald þessarar greinar.

Um 12. gr.

Aðalatriði þessarar greinar eru ákvæði um, að rangar upplýsingar af hálfu hins tryggða hafi þær afleiðingar, að hann glati rétti sínum samkvæmt samningnum, ef hann gefur slíkar upplýsingar af ásettu ráði og í sviksamlegum tilgangi. Standi öðruvísi á um rangar upplýsingar eða vanrækslur á upplýsingaskyldum, er stofnuninni heimilað að lækka tryggingarupphæðina eða að segja upp samningnum.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Þegar frá er dreginn kostnaður við stjórn og rekstur Líftryggingastofnunar ríkisins, er svo til ætlazt, að allur hagnaður renni til hinna tryggðu. Þetta ber það með sér, að ríkið ætlar sér ekki að afla sér tekna með ráðstöfunum þessa frumvarps, en kappkostar fyrst og fremst að halda tryggingarfénu, sem unnt væri að nota í þarfir alþjóðar, í landinu sjálfu.

Um 17. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru sett til þess að rýra ekki möguleika þeirra, sem tryggja sig hjá stofnuninni fyrstu árin, til þess að geta notið ágóða af rekstrinum.

Samskonar réttindi eru heimiluð nýstofnuðum tryggingafélögum samkvæmt dönsku lögunum um eftirlit með líftryggingastarfsemi.

Um 18. gr.

Í þessari grein er ákvæði sett um, að uppgerð á tryggingasjóði fari fram 5. hvert ár.

Samtímis getur þá farið fram skipting ágóðahluta á milli hinna tryggðu. Í tryggingasjóði eru tryggingaupphæðir, sem vitað er um, að komi til útborgunar, en hafa ekki verið útborgaðar enn, og iðgjaldaviðlagasjóður, en sá sjóður nemur þeirri upphæð, er hinir tryggðu teljast eiga inni hjá stofnuninni á þeim tíma, sem uppgerð fer fram. Þessi skuldaliður stofnunarinnar er reiknaður út með líkureikningi, eftir þeim athugunum um manndauða og vexti, sem lagðar eru til grundvallar fyrir útreikningi á iðgjaldaskrám.

Um 19. gr.

Ákvæði þessarar greinar heimila stofnuninni að dreifa nokkrum hluta af sölukostnaði nýrra líftrygginga yfir tryggingatímabilið.

Samskonar heimild hafa dönsk líftryggingafélög samkvæmt dönsku eftirlitslögunum.

Um 20. gr.

Ákvæði þessarar greinar miða að því að gera jafnari greiðslur á ágóðahluta til hinna tryggðu.

Um 21. gr.

Ákvæði þessarar greinar eiga að tryggja það, að geymsla á fé tryggingasjóðs og ávöxtun hans fari fram á fullkomlega tryggilegan hátt.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Sjá skýringar við 1. gr.

Um 24. gr.

Með því að líftryggingafélögum, sem hér hafa starfað, er samkvæmt lögum þessum ekki heimilt að selja nýjar tryggingar hér eftir, er ekki óhugsandi, að þeim þyki hentugra að afhenda samninga sína við landsmenn til Líftryggingastofnunar ríkisins. Sjálfsagt virðist að heimila Líftryggingastofnuninni að takast þetta á hendur, ef hagkvæmlega semst um. Eins er ekki ólíklegt, að hin erlendu félög æski þess, að Líftryggingastofnunin taki að sér innheimtu fyrir þau, þótt ekki taki hún við skuldbindingum að öðru leyti. En sérstök ákvæði um heimild til slíkrar innköllunarstarfsemi virðist ekki nauðsynleg í lögunum.

Um 25. gr.

Rétt virðist, að stofnun þessi greiði til almenningsþarfa, enda þótt henni sé ekki á fót komið sem gróðafyrirtæki, en ekki er unnt að láta hana greiða tekjuskatt eftir sömu reglum og erlend lífsábyrgðarfélög þau, sem hér hafa starfað, hafa greitt. Hjá þeim eru skattskyldar tekjur taldar sá hluti heildarágóðans, er svarar til hlutfallsins milli allra iðgjaldatekna félagsins hér á landi og allra iðgjaldatekna af allri starfsemi þess. Fyrir því eru sett sérstök ákvæði um það í grein þessari, við hvað skattskyldar tekjur skuli miðast.

Á sama hátt er gerð grein fyrir skattskyldum eignum, en hin erlendu líftryggingafélög hafa ekki greitt eignarskatt.

Sanngjarnt þykir, að gjöld til bæjar- og sveitarfélaga séu innt af hendi í hlutfalli við þær iðgjaldagreiðslur, sem stofnunin fær úr hverju fyrir sig. Að öðru leyti fer um þessi gjöld svo sem nú er fyrir mælt um aukaútsvör verzlunarstofnana ríkissjóðs í lögum nr. 47 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

Um 26. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Lög nr. 62 22. nóv. 1913, um ábyrgðarfélög, setja slíkum félögum skilyrði fyrir því, að þau megi reka hér starfsemi. Að því leyti, sem ofannefnd lög ná til líftrygginga, geta þau ekki samrýmzt ákvæðum 1. gr. þessa lagafrumvarps, sem heimila Líftryggingastofnun ríkisins einni að selja nýjar tryggingar.

Um 28. gr.

Þótt Líftryggingastofnun ríkisins hefji ekki sölu á tryggingum fyrr en 1. janúar 1936, er nauðsynlegur margskonar undirbúningur, svo sem drepið hefir verið á hér að framan, og fyrir því er sett ákvæðið um, að lögin öðlist þegar gildi.

Sþ. 171. Nefndarálit

um till. til þál. um leigu talskeytastöðva í fiskiskip.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að leggja til, að þingsályktunartillagan verði afgreidd með svo hljóðandi

DAGSKRÁ:

Þar sem stjórnin hefir ákveðið að láta byggja um 20 talskeytastöðvar í fiskiskip á þessu ári, en fjárhagur ríkissjóðs leyfir ekki stórtækar aðgerðir í þessu efni, þó nauðsynlegar séu, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. marz 1935.

Jónas Jónsson, form. Þorbergur Þorleifsson, frsm. Sigurður Einarsson, fundaskr.
Þorst. Þorsteinsson. Magnús Guðmundsson. Pétur Ottesen.
Bjarni Bjarnason. Jón Sigurðsson.

Nd. 172. Frumvarp til laga

um almenn gæðamerki.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Félög með heimilisfangi á Íslandi, sem hafa það að markmiði, að gæta sameiginlegra atvinnuhagsmuna félaga sinna, skulu, með því að láta skrásetja almenn gæðamerki, sem ætluð séu í viðskiptum til þess að greina vörur félaganna frá vörum annara, eða til tryggingar eftirlits, geta öðlazt einkarétt fyrir félaga sína til notkunar slíkra gæðamerkja, enda þótt félög þessi reki ekki neina þá atvinnu, sem um ræðir í 1. gr. laga nr. 43 13. nóv. 1903.

Opinber stjórnarvöld eða stofnanir á Íslandi, sem gæta sameiginlegra atvinnurekstrarhagsmuna flokks ríkisborgara, geta einnig öðlazt slíkan einkarétt með því að láta skrásetja almenn gæðamerki.

Um merki þau, er ræðir um í þessari grein, skulu gilda ákvæði framangreindra laga, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Nú beiðist félag skrásetningar merkis, og skal þá í beiðninni greina nafn félagsins og heimilisfang félagsstjórnarinnar; ennfremur skal fylgja beiðninni eintak af samþykktum félagsins og í þeim skal tekið greinilega fram:

1. Hvert sé markmið félagsins,

2. Hverjum sé heimilt að nota merkið, svo og hver skilyrði séu sett fyrir slíkum rétti.
3. Hver réttindi og hverjar skyldur fyrir félagið sjálft eða félaga þess leiði af notkun merkisins á óheimilan hátt.
4. Hver eða hverjir hafi heimild til að koma fram fyrir félagsins hönd.

Kröfu opinbers stjórnarvalds eða stofnunar um skrásetning merkis skal fylgja eintak af lögum þeim eða öðrum ákvæðum, sem við eiga, og séu í þeim samskonar upplýsingar, sem um ræðir í 2. og 3. tölul. greinar þessarar.

Nú verða síðar breytingar á atriðum þeim, sem að framan greinir, og skal þá tilkynna þær þeim, sem annast skrásetninguna.

Fyrir skrásetning almenns gæðamerkis og auglýsingu um skrásetninguna greiðist 120 kr. gjald; fyrir endurnýjun 40 kr. gjald.

3. gr.

Eigi er heimilt að framselja öðrum rétt til almenns gæðamerkis, sem skrásett er.

4. gr.

Sérhverjum er heimilt að krefjast þess, að skrásetningin skuli afmáð með dómi:

a. Ef félag það, sem á merkið, er hætt störfum,
b. ef breytzt hafa verulega skilyrði þau, er voru fyrir hendi þegar merkið var tilkynnt, og
c. ef félagið kemur ekki fram ábyrgð á hendur þeim, sem nota merkið á óheimilan hátt, þrátt fyrir áminningu um að koma fram slíkri ábyrgð.

5. gr.

Skylda sú til skaðabóta, sem hvílir á þeim, er brjóta í bága við einkarétt þann, sem stofnast með skrásetningu almenns gæðamerkis, nær eigi einvörðungu til þess að bæta tjón, sem sjálfur eigandi merkisins kann að hafa orðið fyrir, heldur einnig til að bæta tjón það, sem þeir kunna að hafa beðið, sem áttu rétt á að nota merkið.

6. gr.

Með því skilyrði, að um gagnkvæmi sé að ræða, ná framangreind ákvæði einnig til félaga, sem eiga heimilisfang í einhverju þeirra ríkja, sem ákvæði vörumerkjalaganna hafa náð gildi um samkvæmt 15. gr. laga nr. 43 13. nóv. 1903, svo og til opinberra stjórnarvalda eða stofnana með heimilisfangi í umræddum ríkjum.

7. gr.

Merki þau, sem hér ræðir um, skal skrá í sérstaka deild vörumerkjaskrárinnar, og ákveður atvinnumálaráðherra fyrirkomulag, form og færslu þessarar deildar.

8. gr.

Nú telur ríkisstjórnin, eftir samráði við fulltrúa atvinnurekenda, æskilegt að láta skrásetja almennt íslenzkt gæðamerki, sem nota megi á afurðir

útfluttar frá Íslandi, er öruggt sé að telja gæðavörur samkvæmt gildandi ákvæðum um eftirlit með útflutningsvörum, og má þá setja ákvæði um skilyrði fyrir notkun þessa merkis með reglugerð. Í reglugerðinni má setja ákvæði, er banni að nota hér á landi merki, sem hægt er að villast á og skrásetta almenna gæðamerkinu; ennfremur ákvæði, er banni að búa til og flytja til landsins, án samþykkis ráðherra, eftirmyndir af almenna gæðamerkinu eða af merkjum, sem hægt er að villast á og gæðamerkinu; ennfremur ákvæði, er banni að búa til eða flytja til landsins stimpla, myndamót eða annað, sem ætlað er til þess að gera gæðamerkið eða annað merki, sem hægt er að villast á og gæðamerkinu. Í reglugerðinni má og ákveða, að framleiðandi eða útflytjandi, sem gætir ekki fyrirmæla þeirra, sem sett eru um notkun almenna gæðamerkisins, skuli missa réttinn til að nota það, um skemmri tíma eða að fullu og öllu.

Loks má ákveða í reglugerðinni sektir frá 10—5000 kr. fyrir brot á ákvæðum reglugerðarinnar.

Heimilt er ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði kostnað þann, sem skrásetning almenna gæðamerkisins hefir í för með sér í löndum þeim, sem Ísland selur afurðir sínar.

9. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ákveða með auglýsingu, að Ísland gerist aðili að alþjóðasamningum og samþykktum um vernd iðnaðarréttinda, varðveizlu alþjóðamerkja og iðnaðarmáta, alþjóðaskrásetningu verzlunar- og vörumerkja og samþykktum snertandi takmörkun á fölskum upprunaauglýsingum á verzlunarvörum.

Ennfremur veitist ríkisstjórninni heimild til að setja með reglugerð önnur ákvæði, er kynnu að vera nauðsynleg vegna þátttöku í slíkum samningum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Ed. 173. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt á l. nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

Flm.: Þorsteinn Briem.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: gegn veði í jarðeign.

Nd. 174. Breytingartillögur

við frv. til laga um sölu og flutning á kartöflum.

Frá Hannesi Jónssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Síðari málsl. fyrri málsgr. falli burt.
   b. Síðari málsgr. orðist þannig:

Innflutningsleyfum á kartöflum skal úthluta í réttum hlutföllum við það magn af innlendum kartöflum af síðasta árs framleiðslu, sem hlutaðeigandi innflytjendur hafa haft til sölumeðferðar á hverjum stað.

2. Á eftir 4. gr. komi ný grein, sem verði 5. gr., svo hljóðandi:

Leggja skal sérstakt gjald á allar innfluttar kartöflur, sem nemi 1 kr. á hverja tunnu, og rennur það í sérstakan sjóð, sem nefnist Garðræktarsjóður. Skal honum varið til þess að greiða framleiðendum, samkvæmt tillögum Búnaðarfélags Íslands, allt að kr. 3.00 fyrir hverja tunnu af kartöflum, sem framleiddar eru til sölu út úr héraðinu. Búnaðarfélag Íslands hefir stjórn sjóðsins með höndum, og skal hann ávaxtaður í Búnaðarbanka Íslands.

3. Fyrirsögn frv. verði:

Frv. til laga um stofnun Garðræktarsjóðs og um sölu og flutning á kartöflum.

Greinatala breytist samkv. atkv.greiðslu.

Nd. 175. Frumvarp til laga

um opinberan ákæranda.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Konungur skipar opinberan ákæranda. Skal hann fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru til þess að vera málflutningsmaður fyrir hæstarétti.

2. gr.

Hinn opinberi ákærandi skal hafa sömu laun sem hæstaréttardómendur, enda má hann ekki hafa önnur launuð störf á hendi, hvorki fyrir opinberar stofnanir, félög né einstaka menn. Að öðru leyti fer um hann eftir lögum um embættismenn.

3. gr.

Hinn opinberi ákærandi tekur fullnaðarákvörðun um rannsókn, málshöfðun og áfrýjun opinberra mála, með sama hætti sem dómsmálaráðuneytið hefir hingað til gert.

4. gr.

Hinn opinberi ákærandi skal án nokkurrar aukaþóknunar sækja öll opinber mál fyrir hæstarétti, sem þangað er skotið, en þóknun sú, sem sakborningur er dæmdur til að greiða, rennur til ríkissjóðs. Skal hann jafnskjótt sem áfrýjun þeirra hefir verið ákveðin, og áfrýjunarstefna hefir verið birt, senda dómsgerðir til forseta hæstaréttar, er þá skipar verjanda og endursendir dómsgerðir síðan hinum opinbera ákæranda. Um skyldur hans varðandi undirbúning og flutning máls fyrir hæstarétti fer eftir þeim reglum, sem gilt hafa um skipaða sækjendur fyrir hæstarétti.

5. gr.

Ekki má hinn opinberi ákærandi ákveða rannsókn, málshöfðun né áfrýjun opinbers máls, né flytja slíkt mál fyrir hæstarétti, ef hann væri ekki hæfur til að dæma það í hæstarétti, væri hann dómari þar. Skal hann þá gera forseta hæstaréttar viðvart, og setur forseti þá annan hæfan mann til að inna af hendi starf hins opinbera ákæranda í slíku máli.

6. gr.

Hinn opinberi ákærandi skal hafa skrifstofu í Reykjavík. Skrifstofukostnaður hans greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er dómsmálaráðuneytið úrskurðar.

7. gr.

Haldast skulu ákvæði laga um heimild og skyldu héraðsdómara til rannsóknar, höfðunar og áfrýjunar opinberra mála, og skulu þeir í þeim efnum snúa sér til hins opinbera ákæranda með sama hætti sem þeir hafa hingað til snúið sér til dómsmálaráðuneytisins.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. um opinberan ákæranda var flutt á síðasta þingi og fékk yfirleitt þær undirtektir, að það væri gott mál og gagnlegt. En sú ástæða var færð fram gegn afgreiðslu þess á því þingi, að nú stæði fyrir dyrum allsherjarendurskoðun réttarfarslöggjafarinnar, og væri ekki rétt að taka eitt atriði, eins og t. d. skipun opinbers ákæranda, út úr. Meiri hl. allshn., sem málið fékk til meðferðar, bar fram, með tilvitnun til þessarar mótbáru, rökstudda dagskrá um að vísa málinu frá, og á þetta var meiri hl. þm. í Nd. látinn fallast.

Nú vill svo til, að fyrir þetta þing hefir verið lagt frv. um breyt. á l. um hæstarétt, og flm. þess frv. eru einmitt tveir þm. úr meiri hl. allshn., sem í haust vildu fresta frv. um opinberan ákæranda, þeir Bergur Jónsson og Stefán Jóh. Stefánsson. Er þó óneitanlega brýnni þörf á opinberum ákæranda heldur en þeim breytingum á hæstarétti, sem farið er fram á. Þessir tveir þm. eru báðir í lögfræðinganefnd þeirri, sem á að endurskoða réttarfarið, og þeir hafa með flutningi frv. síns viðurkennt, að eigi sé nauðsynlegt að bíða með sérhverja umbót og breytingu í réttarfarsmálunum, þangað til heildarlöggjöf kann að koma. Þess er því að vænta, að þetta þarflega mál, skipun opinbers ákæranda, geti fengið framgang á þessu þingi.

Minni hl. allshn., þeir Thor Thors og Garðar Þorsteinsson, lagði til á síðasta þingi, að frv. yrði samþykkt þá þegar. Leitaði hann umsagnar lagadeildar háskólans um frv., og mælti hún einróma með því. Fer hér á eftir nokkur kafli úr svari deildarinnar, sem prentað er í heild með nál. minni hl. á þskj. 418.

„Lagadeildin telur, að það muni yfirleitt verða til bóta og einkum til aukningar réttaröryggis í landinu, ef skipaður verður opinber ákærandi með því starfssviði, sem ákveðið er í frv. Vald hins opinbera ákæranda er að vísu nokkru

meira samkv. frv. en slíkum embættismönnum er fengið sumstaðar annarsstaðar, en eftir því sem til háttar hér á landi, mundi embættið ekki koma að verulegu gagni, nema því sé fengið slíkt vald sem í frv. er ákveðið.

Þar sem starf opinbers ákæranda samkv. frv. getur mæta vel fallið inn í núgildandi réttarfar og hlýtur að verða mjög svipað, þótt róttækar endurbætur réttarfarsins verði lögleiddar, þá telur lagadeildin enga ástæðu til að fresta stofnun embættisins vegna þess, að slíkar allsherjar endurbætur séu bráðlega væntanlegar. Enda hlýtur alllangur tími að líða þangað til slíkar endurbætur komast í framkvæmd, ef þær eiga að vera svo víðtækar sem nauðsyn er á."

Lagadeildin og minni hl. allshn. gerðu nokkrar tillögur til breytinga á frv., og eru þær að mestu leyti teknar upp í frv. eins og það er nú flutt.

Um ástæður fyrir skipun opinbers ákæranda og skýringar á einstökum atriðum frv. vísast til greinargerðar þeirrar, sem frv. fylgdi í haust og prentuð er hér á eftir með viðeigandi breytingum:

Ákæruvaldið er réttur ríkisvaldsins til þess að kæra mann til refsingar fyrir ólöglegar athafnir hans. Það felur í sér heimild til þess að fyrirskipa opinbera rannsókn og málshöfðun gegn hverjum þeim manni, sem álitið er, að hafi gerzt brotlegur við lög. Í meðferð ákæruvaldsins er hvorttveggja jafnmikilvægt, að því sé beitt gegn þeim, sem afbrot hafa framið, og að því sé ekki beitt gegn saklausum mönnum. Það getur haft geigvænleg áhrif, ef maður er ákærður fyrir afbrot, sem hann er alsaklaus af, jafnvel þótt hann verði sýknaður að lokum. Ákæran ein, með allri þeirri rekistefnu, réttarhöldum og ef til vill varðhaldi, sem sakamálsrannsókn eru samfara, getur gert honum slíkt tjón, bæði í andlegu og efnalegu tilliti, að hann bíði þess aldrei bætur. En jafnnauðsynlegt og það er, að enginn maður sé saklaus eltur með sakamálsrannsókn og málshöfðun, jafnnauðsynlegt er hitt, að refsivöndur laganna sé aldrei látinn hvíla, þegar glæpur er drýgður. Sé það látið hjá líða að höfða refsimál út af uppvísu afbroti og hinn seki látinn sleppa, hlýtur það að veikja stórlega réttaröryggið í landinu.

Nú er þetta ákæruvald samkvæmt íslenzkum lögum að mestu í höndum dómsmálaráðherra, sem valdir eru af stjórnmálaflokkum og standa sjálfir í eldi stjórnmálabaráttunnar. Þess vegna getur hæglega svo farið, eins og reynslan sýnir ótvírætt, að í meðferð þess sé gengið á svig við það, sem rétt er og löglegt, og það notað til ofsóknar eða yfirhilmingar. Hjá okkur Íslendingum er sérstaklega hætt við slíkri misbeiting, þar sem hér er oftast barizt í návígi og öldur flokkabaráttunnar rísa hærra en víða annarsstaðar.

Á seinni árum hafa risið upp sterkar raddir um, að hér væri umbótar þörf. Tilgangur þessa frumvarps er því sá, að taka ákæruvaldið úr höndum dómsmálaráðuneytisins og fá það sérstökum embættismanni, opinberum ákæranda, enda virðist það eina leiðin, sem tiltækileg er til að bæta úr ágöllum þess ástands, sem nú er. Það fyrirkomulag er einnig viðhaft í flestum menningarríkjum, að opinberir ákærendur hafi þetta vald með höndum.

Aukinn kostnaður við stofnun þessa starfs verður ekki mikill. Laun hins opinbera ákæranda eiga að vera jöfn launum hæstaréttardómara, en þau eru á þessu ári 8000 kr., og kostnaður við skrifstofuhald yrði nokkur. Hinsvegar mundi af þessu leiða tvennskonar sparnað, sem kæmi á móti kostnaðinum. Í fyrsta lagi

vinnst með þessum hætti sú þóknun, er málflutningsmenn í hæstarétti fá nú fyrir sókn opinberra mála, en sem rynni í ríkissjóð samkv. þessu frv. Sá kostnaður var árið 1932 kr. 3580.00, 1933 4400 krónur, og fer vitanlega vaxandi ár frá ári, vegna aukins málafjölda í hæstarétti. Í öðru lagi kemur sparnaður í dómsmálaráðuneytinu; að vísu er tæplega hægt að gera ráð fyrir, að breytingin geti sparað einn starfsmann þar, en hinsvegar má nota þá starfskrafta, er nú ganga til þessara verka, til þess að vinna önnur störf, sem nú þarf að greiða aukaþóknun fyrir. Hversu miklu þetta mundi nema, er erfitt að fullyrða um.

Um einstakar greinar frv. skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Skilyrðin fyrir því, að maður geti orðið opinber ákærandi, verða fyrst og fremst að vera þau, að hann uppfylli almenn skilyrði til að verða embættismaður, og að hann sé lögfræðingur. En auk þess er þörf á að gera til hans ríkari kröfur um þekkingu og reynslu í lögfræðisstörfum. Þar sem hann á meðal annars að hafa það hlutverk að sækja öll opinber mál fyrir hæstarétti, sýnist rétt, að hinar sömu kröfur séu gerðar um hann og um málflutningsmenn fyrir hæstarétti, sjá lög nr. 22 6. okt. 1919, 13. gr.

Um 2. gr.

Til þess er ætlazt, að ákærandinn hafi ekki önnur launuð störf á hendi og standi ekki í stjórnmálabaráttunni. Staða hans verður að þessu leyti svipuð stöðu dómaranna í hæstarétti, og liggur því nærri að ákveða launakjör hans hin sömu og þeirra.

Um 3. gr.

Hér er rætt um það hlutverk hins opinbera ákæranda að taka ákvörðun um rannsókn, málshöfðun og áfrýjun opinberra mála, bæði sakamála og almennra lögreglumála. Kemur hann hér að öllu leyti í stað dómsmálaráðuneytisins. Ákvarðanir hans eiga að vera fullnaðarákvarðanir, sem dómsmálaráðuneytið getur ekki haggað, því að ella gæti ráðherra hvenær sem er gripið fram fyrir hendur ákærandans og breytt ályktunum hans, en slíkt mundi draga stórlega úr þýðingu þessara laga. Hér er þó þess að gæta, að samkvæmt 24. gr. stjórnarskrárinnar getur konungur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til, og ennfremur veitir hann almenna uppgjöf saka. Þessi réttur verður ekki af konungi og ráðherra tekinn nema með stjórnarskrárbreytingu, og verða því ákvæði 3. gr. þessa frumvarps að takmarkast af honum.

Um 4. gr.

Þegar opinber mál koma nú fyrir hæstarétt, er skipaður þar sækjandi og verjandi úr hópi hæstaréttarmálflutningsmanna, og þeim gert að skyldu að flytja slík mál. Samkv. þessu frv. verður sú breyting á gerð, að hinn opinberi ákærandi verður sjálfkjörinn sækjandi opinberra mála. Þetta tíðkast yfirleitt þar, sem sérstakir opinberir ákærendur eru, og hér á Íslandi er það sjálfsagður þáttur í starfi ákærandans, því að annars mundi verksvið hans tæplega vera

nægilegt starf fyrir einn mann. Hinsvegar er málafjöldinn ekki meiri en svo, að hinn opinberi ákærandi ætti að geta risið undir því að sækja þau öll.

Um 5. gr.

Það getur oft komið fyrir, að opinbert mál sé svo nákomið hinum opinbera ákæranda, sakir venzla eða annarar afstöðu hans til málsins, að rangt sé að láta hann taka ákvarðanir um það eða flytja það, og er rétt, að sömu reglur gildi um þetta efni og um það, hvenær dómari í hæstarétti skuli víkja sæti. Þegar svo er ástatt, verður að fela öðrum manni meðferð þess máls, og gerir frumvarpið ráð fyrir að fela forseta hæstaréttar að nefna mann til þess.

Um 6. gr.

Hjá því verður ekki komizt, að hinn opinberi ákærandi hafi embættisskrifstofu í Reykjavík, og einhverja aðstoð á skrifstofunni. Þennan kostnað verður að greiða úr ríkissjóði.

Um 7. gr.

Í tilskipun frá 24. janúar 1838, viðvíkjandi misgerningamálum á Íslandi, 15. gr., er sýslumönnum heimilað að höfða mál án þess að til þurfi neinnar skipunar frá æðra yfirvaldi. Í lögum nr. 25 14. júní 1929, um gjaldþrotaskipti, 8. gr. 3. málsgr., er dómara gert að skyldu að höfða mál, ef sakir eru til, án þess hann þurfi að leita til dómsmálaráðuneytisins. Ennfremur er héraðsdómari oft skyldur til að annast áfrýjun opinberra mála. Þykir rétt að láta þessi ákvæði vera óbreytt, þótt opinber ákærandi verði skipaður.

Eldri lagaákvæði mun ekki þurfa að fella úr gildi, en hinsvegar breytast nokkrar greinar hæstaréttarlaganna í samræmi við þessi lög.

Ed. 176. Nefndarálit

um frv. til l. um ríkisútgáfu skólabóka.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Með lögum um fræðslumálastjórn og í lögum um fræðslumálanefndir er ríkinu veitt aðstaða til fullnægjandi áhrifa á útgáfu skólabóka, þar sem fræðslumálanefndum er gert að skyldu að bera tillögur sínar um námsskrár og löggilding skólabóka m. m. undir samþykki ráðuneytisins. Hefir það því ávallt í hendi sinni, hvaða kennslubækur eru valdar og löggiltar.

Ég hefi, meðal annars að þessu athuguðu, ekki getað orðið samferða hv. meiri hl. menntamálanefndar í því að mæla með samþykkt frv. þessa. Þar að auki er ég mótfallin ríkisrekstri yfirleitt og hefi enga trú á, að kennslubækur batni eða verði ódýrari, þótt slík ríkisútgáfa kæmist á.

Fyrir því legg ég til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að fræðslumálastjórnin sjái um, að þjóðin eigi jafnan völ á vönduðum og ódýrum kennslubókum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. marz 1935.

Guðrún Lárusdóttir.

Nd. 177. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur].

Flm.: Jón Sigurðsson.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Sýslubókasafn Skagafjarðarsýslu, Sauðárkróki.

Ed. 178. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á póstlögum, nr. 5 7. maí 1921, sbr. lög nr. 3 27. marz 1925.

Frá fjármálaráðherra.

Við 1. gr.

Í stað „15 aurar" komi: 20 aurar á tímabilinu frá 15. apríl til 14. október og 35 aurar á tímabilinu frá 15. október til 14. apríl.

Nd. 179. Nefndarálit

um frv. til l. um námsskeið fyrir atvinnulausa unglinga í bæjum og kaupstöðum.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefir haft mál þetta til meðferðar og hefir ekki getað orðið á eitt sátt. Tveir nefndarmanna (BB og PHalld) töldu sig ekki geta fylgt frv. og gera grein fyrir því hvor um sig í sérstöku áliti.

Meiri hl. (ÁÁ, GTh og SE) leggur hinsvegar til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „Skólanefndum í bæjum og" komi: Gagnfræðaskólanefndum í.
   b. Í stað „bæjar- eða hreppsfélagi" komi: bæjarfélagi.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað „Bæjar- eða hreppsfélag" í upphafi fyrri málsgr. komi: Bæjarfélag.
   b. Fyrir „Skólanefnd" í fyrri málsgr. komi: Gagnfræðaskólanefnd, fyrir

„barnaskólanna“ í sömu málsgr. komi: gagnfræðaskólanna --, og fyrir „skólanefnd“ í upphafi síðari málsgr. komi: gagnfræðaskólanefnd.

3. Við 3. gr. Í stað „skólanefndar“ í síðari málsgr. komi: gagnfræðaskólanefndar.
4. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „Skólanefndir í bæjum og kaupstöðum“ í upphafi fyrri málsgr. komi: Gagnfræðaskólanefndir.
   b. Aftan við síðari málsgr. bætist: Þó þarf samþykki kennslumálastjórnar um fleiri námsskeið en þrjú í Reykjavík og eitt í öðrum bæjum.
5. Við fyrirsögn. Orðin „í bæjum og kaupstöðum“ falli burt.

Alþingi, 18. marz 1935.

Ásgeir Ásgeirsson, form.	Sigurður Einarsson, fundaskr., frsm.	Gunnar Thoroddsen.

Nd. 180. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur].

Frá Gísla Sveinssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Sýslubókasafn Vestur-Skaftafellssýslu.

Nd. 181. Breytingartillaga

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 29 1928 [Prentsmiðjur].

Flm.: Páll Zóphóníasson.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Sýslubókasafn Skagafjarðarsýslu, bókasöfn bændaskólanna, bókasafn Alþýðuskólans á Eiðum, bókasafn héraðsskólanna og bókasöfn húsmæðraskólanna.

Nd. 182. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands og Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um erfðir og skipti á dánarbúum.

(Afgreidd frá Nd. 18. marz).

Samhljóða þskj. 25.

Ed. 183. Lög

um hafnsögu í Ísafjarðarkaupstað.

(Afgreidd frá Ed. 18. marz).

Samhljóða þskj. 47.

Nd. 184. Frumvarp til laga

um Skuldaskilasjóð útgerðarmanna.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Ólafur Thors, Jóhann Þ. Jósefsson, Garðar Þorsteinsson, Guðbrandur Ísberg, Pétur Ottesen, Thor Thors.

1. gr.

Við Fiskveiðasjóð skal stofna sérstakan sjóð, sem nefnist Skuldaskilasjóður útgerðarmanna. Ætlunarverk Skuldaskilasjóðs er að hjálpa fiskiskipaeigendum til þess að koma atvinnurekstri sínum á heilbrigðan fjárhagsgrundvöll, meðal annars með því að ná hagkvæmum samningum við lánardrottna og aðra kröfuhafa um eftirgjafir skulda.

Veitir Skuldaskilasjóður fiskiskipaeigendum lán í þessu augnamiði, eftir þeim reglum, sem nánar eru tilgreindar í lögum þessum.

2. gr.

Umráðafé Skuldaskilasjóðs er 5 millj. krónur. Skal þess aflað þannig:

a. Fiskveiðasjóður Íslands leggur sjóðnum til 250 þús. kr. í reiðufé.
b. Frá 1. júlí 1935 skal útflutningsgjald af sjávarafurðum, eins og það nú er ákveðið með lögum nr. 70 27. júní 1921 og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 11 29. maí 1925, og í lögum nr. 60 27. júní 1921, renna óskert í Skuldaskilasjóð útgerðarmanna, unz tekjur sjóðsins af þessum lið eru orðnar samtals kr. 1750000.00.

3. gr.

Til þess að lánveitingum Skuldaskilasjóðs verði lokið á eigi lengri tíma en 2 árum, er stjórn sjóðsins heimilt að gefa út handhafaskuldabréf, allt að 4 millj. króna. Trygging skuldabréfa þessara er:

1. Eignir og tekjur Skuldaskilasjóðs.
2. Ábyrgð Fiskveiðasjóðs.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Vextir af bréfunum skulu vera 4½% á ári. Þau skulu innleyst þannig, að $^{1}/_{10}$ hluti þeirra sé dreginn út árlega, en þó svo, að fyrstu 2 árin fer enginn útdráttur bréfa fram.

4. gr.

Komi til þess, að útlán Skuldaskilasjóðs endurgreiðist eigi svo ört, að sjóðurinn geti staðið straum af vaxtagreiðslum og innlausn vaxtabréfa sinna, eftir að lokið er tekjuöflun sjóðsins samkvæmt b-lið 2. gr., þá skal útflutningsgjaldið af sjávarafurðum renna áfram í Skuldaskilasjóð, unz vissa er fyrir því, að hann geti staðið við allar skuldbindingar sínar.

5. gr.

Lán úr Skuldaskilasjóði eru greidd eigendum fiskiskipa, til þess að ná samningum um eftirgjafir skulda og breytingar á lánum til hagkvæmari kjara. Lán

má og veita þeim mönnum, sem rekstur hefir verið stöðvaður hjá, og þá til þess að þeir geti haldið eignum sínum og geti hafið rekstur á ný. Ennfremur má veita lán úr sjóðnum til þess að eignast aftur útgerðartæki og aðrar eignir í sambandi við útgerð, ef lánbeiðendur hafa þegar verið sviptir þeim vegna fjárhagsörðugleika.

6. gr.

Lán úr Skuldaskilasjóði eru afborgunarlaus fyrsta árið, en skulu síðan endurgreiðast með jöfnum afborgunum á 10 til 15 árum, eftir tryggingum og öðrum ástæðum.

Lánin veitast gegn þeim tryggingum, sem sjóðstjórnin tekur gildar. Skulu þau vera forgangsskuldir, næst á eftir þeim forgangskröfum, sem nú eru í lögum.

Lánin eru vaxtalaus fyrstu þrjú ár lánstímans, en að þeim þrem árum liðnum getur sjóðstjórnin ákveðið, að greiða skuli vexti af lánum sjóðsins, allt að 3% p. a.

Verði eigandaskipti að hinni veðsettu eign, eða afborgun samkvæmt samningi er ekki innt af hendi innan tveggja mánaða frá réttum gjalddaga, getur stjórn Skuldaskilasjóðs ákveðið, að lánið sé þegar allt fallið í gjalddaga. Þó skal veita skuldunaut gjaldfrest, ef hann leggur fram skilríki, sem stjórn Skuldaskilasjóðs tekur gild, fyrir því, að hann geti ekki innt afborgunina af höndum án hnekkis fyrir atvinnurekstur sinn, en hann hinsvegar heldur veðinu vel við og stundar áfram þann atvinnurekstur, sem lánið upphaflega var veitt til stuðnings.

7. gr.

Skuldabréf Skuldaskilasjóðs skulu með nafnverði vera gildur gjaldeyrir til greiðslna á skuldum, eldri en frá 1. janúar 1934, að svo miklu leyti sem þær eru ekki tryggðar með fasteignaveði eða handveði, svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum. Sama gildir um greiðslur á víxlum, sem gefnir hafa verið út eftir 1. janúar 1934, ef skuldin upphaflega hefir verið stofnuð fyrir þann tíma.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. greinar laga um veð, 4. nóv. 1887, er lántakanda rétt að veðsetja Skuldaskilasjóði veiðarfæri og húsgögn í einu lagi og án sérstakrar sundurliðunar, jafnt það, er veðsetjandi á, þegar veðsetning fer fram, og það, er hann síðar kann að eignast.

Gengur veð sjóðsins fyrir öllum síðari veðsetningum lausafjár eða einstakra muna.

Nú flytur veðsali í aðra þinghá, eftir að skuldabréf hefir verið þinglesið, og heldur sjóðurinn þá veði sínu, þótt skuldabréfið sé eigi þinglesið á ný í þeirri þinghá, sem veðsali flutti í.

9. gr.

Stjórn Skuldaskilasjóðs skal skipuð þrem mönnum. Skulu þeir skipaðir af ráðherra þeim, sem fer með sjávarútvegsmál, og samkvæmt tilnefningu

sjávarútvegsnefnda Alþingis. Ráðherra ákveður þóknun til stjórnarnefndarmanna.

Lánveitingum úr sjóðnum skal lokið innan tveggja ára frá því er hann tók til starfa. Eftir það hefir Fiskveiðasjóður Íslands á hendi afgreiðslu hans og reikningshald. Er starfssvið stjórnar Skuldaskilasjóðs eftir það eigi annað en að taka ákvarðanir um framkomnar beiðnir um breytingar á afborgunum og öðrum lánskjörum.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðunarmönnum Fiskveiðasjóðs, úrskurðaðir af ráðherra þeim, sem fer með sjávarútvegsmál, og birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

10. gr.

Til aðstoðar stjórn Skuldaskilasjóðs og lánbeiðendum til fyrirgreiðslu skal í hverju sveitarfélagi og í hverjum kaupstað, þar sem útgerð er rekin til fiskiveiða, skipaður skuldaskilaumboðsmaður.

Stjórn Skuldaskilasjóðs skipar skuldaskilaumboðsmenn og ákveður þóknun til þeirra.

Ennfremur skipar stjórn Skuldaskilasjóðs tvo menn á sömu stöðum til þess að virða eignir lánbeiðanda. Getur sjóðstjórnin ákveðið, að skuldaskilaumboðsmaður skuli vera annar virðingarmannanna.

11. gr.

Umsóknir um lán úr Skuldaskilasjóði skulu sendar skuldaskilaumboðsmanni í þeim hreppi eða kaupstað, sem lánbeiðandi á heima í, en stílaðar skulu þær vera til sjóðstjórnarinnar.

Lánbeiðni skal fylgja:

a. Afrit af síðustu skattskýrslu lánbeiðanda.
b. Sundurliðuð skýrsla um eignir og skuldir lánbeiðanda, eins og þær eru, þegar um lánið er beðið. Skal þar fram tekið, hverjir eru skuldaeigendur, hver lánskjör eru og hverjar tryggingar.
c. Skýrsla um ábyrgðir, sem á lánbeiðanda hvíla. Skal þar fram tekið, hverjar aðrar tryggingar en ábyrgð hans eru fyrir þeim skuldum.
d. Vottorð hreppstjóra um það, hve lengi lánbeiðandi hefir rekið útgerð til fiskveiða.

Skuldaskilaumboðsmaður skal tafarlaust láta virðingarmenn Skuldaskilasjóðs virða eignir lánbeiðanda, og senda síðan lánbeiðnina, svo fljótt sem auðið er, til sjóðstjórnarinnar, með þeim gögnum, er henni fylgdu, virðingargerð virðingarmanna og rökstuddu áliti sínu um hag lánbeiðanda og afkomuhorfur fyrir rekstur hans.

12. gr.

Um leið og skuldaskilaumboðsmaður sendir lánbeiðni til stjórnar Skuldaskilasjóðs skal hann tilkynna það skiptaráðanda. Er þá hverskonar aðför vegna skulda lánbeiðanda óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þar til samningum um skuldaskil er lokið á einhvern hátt. Kröfuréttur, hverju nafni sem nefnist, fyrnist ekki á þessu tímabili.

Frá því að lánbeiðni er send og þar til skuldaskilum er lokið, ef lánbeiðni er sinnt, má lánbeiðandi ekki gera neinar þær ráðstafanir, er gera hag hans lakari en áður. Hann má ekki selja eignir sínar, fram yfir venjulega afurðasölu, og ekki greiða áður stofnaðar skuldir.

13. gr.

Innan mánaðar frá því að stjórn Skuldaskilasjóðs fær lánbeiðni í hendur, ásamt gögnum þeim, sem tilskilin eru í 8. gr., skal hún veita úrskurð um það, hvort lán verður veitt, ef samningar takast við kröfuhafa. Skal hún þá þegar, með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, skora á þá, sem fjárkröfur eiga á hendur lánbeiðanda, þar með taldar ábyrgðir, að lýsa kröfum sínum fyrir sjóðstjórninni innan 6 vikna frá síðustu birtingu auglýsingarinnar. En auglýsingin skal þrisvar birt.

Í auglýsingunni skal fram tekið, að ótryggðar kröfur og ábyrgðir, sem lánbeiðandi er í fyrir aðra, falli niður, ef þeim er ekki lýst áður en hinn auglýsti frestur er liðinn.

Ef kröfuhafi, sem ekki hefir lýst viðurkenndri kröfu áður en tilskilinn frestur var liðinn, færir fyrir því sterkar líkur meðan á skuldaskilum stendur, að hann hafi ekki átt kost á því að sjá auglýsinguna, getur sjóðstjórnin þó tekið kröfu hans til greina. Að öðru leyti falla niður allar þær kröfur, sem ekki er lýst innan hins auglýsta frests.

14. gr.

Þegar er skuldakröfuinnköllun hvers lánbeiðanda er lokið, skal sjóðstjórnin boða á skuldaskilafund alla þá, er kröfum hafa lýst. Á sama hátt lánbeiðanda.

Jafnframt skal sjóðstjórnin semja frumvarp til skuldaskila fyrir lánbeiðanda. Skal í frumvarpinu fyrst greint milli skulda þeirra, sem samningar ná ekki til, og hinna, sem ætlazt er til, að um sé samið, og síðan gerð glögg grein fyrir því, hvernig ætlazt er til, að samið verði um síðartöldu skuldirnar.

Frumvarpið skal vera til sýnis í skrifstofu stjóðstjórnarinnar þeim, er hlut eiga að máli, að minnsta kosti vikutíma fyrir skuldaskilafund.

15. gr.

Skuldaskilafundur er lögmætur, ef hann hefir verið undirbúinn og boðaður samkvæmt 8., 10. og 11. gr. laga þessara og lánbeiðandi er þar mættur, eða umboðsmaður hans, ásamt meiri hluta sjóðstjórnarinnar og kröfuhöfum, er ráða yfir meiri hluta skulda þeirra, er um skal semja.

Frumvarpið og þær breytingartillögur, sem fram kunna að koma við það á fundinum, skal ræða og síðan bera undir atkvæði kröfuhafa, sem mættir eru. Atkvæðisrétt hafa menn í hlutfalli við það, sem kröfur þeirra nema af samanlagðri kröfuupphæð þeirri, sem samningar eiga að ná til.

Sé frumvarpið breytt orðið að lokinni atkvæðagreiðslu um breytingartillögur, getur sjóðstjórnin gert eitt af þrennu:

1. Látið frumvarpið svo breytt fara undir atkvæði.

2. Ákveðið um það aðra umræðu.
3. Lýst yfir, að samningaumleitun verði ekki haldið áfram.

Ef engar breytingar eru samþykktar við frumvarpið, lætur sjóðstjórnin fara fram atkvæðagreiðslu um það á fundinum.

Hljóti frumvarpið atkvæði svo margra kröfuhafa, að þeir ráði yfir meiru en helmingi af kröfum þeim, sem samningar eiga að ná til, er sjóðstjórninni heimilt að staðfesta það, og er það þá bindandi fyrir alla kröfuhafa, eins þá, sem greitt hafa atkvæði móti því eða ekki mætt á fundinum.

Frumvarp, sem sjóðstjórnin hefir staðfest, leysir skuldunaut undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hverrar kröfu, sem undan greiðslu er skilinn í hinu staðfesta frumvarpi, svo og undan ábyrgðum, eftir því, sem þar er fyrir mælt.

16. gr.

Skuldir þær, sem samningar ná ekki til samkvæmt 11. gr., eru:

1. Skuldir tryggðar með veði í fasteign eða skipi. Þó ekki hærri fjárhæð en virðingarmenn Skuldaskilasjóðs virða þessar eignir.
2. Skuldir tryggðar með handveði.
3. Skuldir tryggðar með veði í lausafé, ef sú tryggingargerð fór fram að minnsta kosti ári áður en lánbeiðni var send sjóðstjórninni.

Um tölulið 2. og 3. gildir þó sama undantekning eins og um 1. lið.

4. Forgangskröfur skv. 83. gr. skiptalaganna, að svo miklu leyti, sem eignir skuldunauts teljast hrökkva fyrir þeim.

17. gr.

Þegar skuldaskilasamningur hefir verið staðfestur, skal lánið þegar afgreitt, og sér stjórn sjóðsins um skuldaskilin að öllu leyti samkvæmt skuldaskilasamningnum.

18. gr.

Skuldaskilasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast.

Bækur sjóðsins, ávísanir, kvittanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, svo og skuldabréf fyrir lánum úr sjóðnum og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum eru undanþegin stimpilgjaldi.

Eignar- og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

19. gr.

Gjalddagi lána úr Skuldaskilasjóði er 1. nóvember ár hvert.

20. gr.

Í reglugerð fyrir Skuldaskilasjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, útgáfu vaxtabréfa, upphæðir þeirra, innlausn og fleira, er nauðsynleg þykja, þótt eigi sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í lögum þessum, og fari þau þó eigi í bága við nein ákvæði laganna.

21. gr.

Þegar Skuldaskilasjóður hefir að fullu greitt lán þau, sem hann hefir tekið, eða tekin hafa verið af ríkissjóði hans vegna, og innlausn vaxtabréfa hans er að fullu lokið, skulu eignir sjóðsins renna í stofnsjóð Fiskveiðasjóðs Íslands, jafnóðum og útlán Skuldaskilasjóðs afborgast.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ástæður.

Eins og kunnugt er, fluttu nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins frv. á síðasta þingi um skuldaskilasjóð útgerðarmanna. Tilefni frumvarps þessa voru rannsóknir þær á hag útgerðarinnar víðsvegar um land, er framkvæmdar höfðu verið af milliþinganefndinni í sjávarútvegsmálum, er sýndu það meðal annars, að til þess að unnt sé að lækka skuldir þeirra útgerðarmanna, sem nefndinni virtist skuldaskilasjóðshjálpin þyrfti að ná til, myndi þurfa um 8—10 millj. króna. Var til þess ætlazt að fá við komið skuldalækkun, er næmi því, að skuldir þessara manna yrðu ekki meira en 65% á móti eignum, en lakari hlutföll milli eigna og skulda *taldi nefndin ekki heilbrigðan fjárhag.*

Nefndin hafði gert ráð fyrir, að þessu marki yrði náð með því, að Skuldaskilasjóður hefði stofnfé, er næmi 5 millj. króna, til lánveitinga handa útgerðarmönnum í þessu skyni, og með því að fá verulegar eftirgjafir á þeim skuldum, er um ræðir, hjá lánardrottnum útgerðarmanna.

Mál þetta átti bæði við beinan og óbeinan mótþróa ríkisstjórnarinnar og hennar liða á þinginu að etja, og er það næsta undarlegt, þegar þess er gætt, að hliðstæð hjálp — nema í miklu stærri stíl — til landbúnaðarins hafði nokkru áður verið afgreidd á Alþingi með sameiginlegum átökum allra flokka, og án nokkurrar mótspyrnu af hálfu sjávarútvegsmanna.

Lauk málinu svo á þinginu í fyrra, að það var afgreitt með rökstuddri dagskrá til ríkisstjórnarinnar, er þó fól í sér viðurkenning á nauðsyn málsins, með því stjórninni var lögð sú skylda á herðar að undirbúa og leggja frumvarp fyrir þing það, er nú er hafið, til lausnar á skuldaskilum útgerðarmanna.

Þrír af þingmönnum stjórnarinnar, þeir Finnur Jónsson, Páll Þorbjarnarson og Gísli Guðmundsson, hafa nú lagt fram frv. um þetta efni, að því er segir í greinargerð þess eftir ósk ríkisstjórnarinnar, og virðist plagg þetta eiga að leysa ríkisstjórnina af hólmi í þessu mikla vandamáli.

Er þar skemmst frá að segja, að frv. þeirra er ekkert annað en málamyndakák, eins og vænta mátti eftir framkomu þessara manna þegar skuldaskilafrv. sjálfstæðismanna var til umræðu í fyrra.

Til sönnunar þessu er nægilegt að benda á það, að í stað 5 milljóna, sem sannanlega er varlega áætluð lágmarksupphæð, ef hjálpin á að koma að nokkru verulegu gagni, gera þessir menn ráð fyrir hálfri annari milljón til umráða fyrir sjóðinn. Þeir ætla að láta sér nægja að færa skuldirnar niður í 75% móti eignum,

og svo er það aðeins nokkur hluti útvegsmanna, er þessarar hjálpar á að verða aðnjótandi.

Til samanburðar og til þess að sýna alþjóð manna rausn flutningsmanna stjórnarfrumvarpsins, þeirra er ætla að rétta við hag skuldugra útvegsmanna með hálfri annari milljón kr., er rétt að geta þess, að lögin, er Alþingi á sínum tíma afgreiddi til samskonar hjálpar handa bænum, heimila að verja allt að ellefu milljónum króna í því skyni.

Ofan á allt þetta og eins og til að undirstrika enn betur þá staðreynd, að frumvarp þeirra þremenninga stjórnarliðanna sé aðeins borið fram til að sýnast, kemur það, að hin eina fjáröflun, er þeir benda á til að ná saman þessari hálfri annari milljón, er — lántaka.

Þetta er borið fram í nafni ríkisstjórnarinnar, og að því er flm. segja að hennar undirlagi, þeirrar ríkisstjórnar, sem nýbúin er að lofa lánardrottnum landsins, erlendum, að taka ekki ný lán.

Þetta, sem hér hefir verið bent á, mun nægja til þess að sýna það, að frumvarp stjórnarliðsins, er heitir frumvarp til laga um skuldaskil vélbátaeigenda, er flutt til málamynda, og með fullri vitund þess, að það mundi ekki koma útgerðinni að neinu haldi.

Þegar séð er, að ríkisstjórnin virðist engan hug á því hafa að bera fram viðunandi frumvarp til lausnar því vandamáli sjávarútvegsmanna, er hér ræðir um, sjáum vér oss eigi annað fært, flutningsmenn þessa frumvarps, er hér liggur fyrir, en að bera fram frumvarp vort aftur og gera með því enn tilraun til þess að rétta við hag útvegsmanna eins og upphaflega var til ætlazt, og vegna þess er mál þetta nú fram komið. Þó treystumst vér eigi til að leggja það til nú, að lántaka fari fram til fjáröflunar Skuldaskilasjóði, eins og vér gerðum í frumvarpi því, er vér fluttum á síðasta þingi.

Til þess liggja þær ástæður, að mjög ólíklegt er nú, að lán fengist til þeirra hluta, svo mjög hefir útlit allt versnað um lántökur og afkomu á þeim tíma, er síðan er liðinn, og svo hefir fyrir skömmu sú yfirlýsing verið gefin af ríkisstjórninni, að eigi verði efnt til lántöku, og er líklegt, að hún myndi einnig ná til lántöku, er aflað væri til framgangs þessa máls.

Höfum vér því eigi séð oss annað fært en fara sömu leið og gert var með lögunum um kreppulánasjóð til viðreisnar landbúnaðinum, að heimila Skuldaskilasjóði útgáfu handhafaskuldabréfa, sem síðan séu notuð til lánveitinga, enda séu þau gildur gjaldeyrir með nafnverði til greiðslu á skuldum þeim, sem þessi löggjöf á að hjálpa útvegsmönnum til að koma í viðráðanlegt horf.

Til þess að skuldabréf þessi séu sem beztur gjaldeyrir og „liquid“, er innlausnartími þeirra hafður mjög stuttur, og rentan, er þau eiga að svara, svo há, að hún jafnast við rentur af fé því, sem í bönkunum er á innlánsskírteinum. Tryggð skulu bréfin vera svo sem bezt má verða, eða með eignum Skuldaskilasjóðs, en honum eru í frumvarpinu tryggðar tekjur í útflutningsgjaldi sjávarafurða. Ennfremur ætlumst vér til, að Fiskveiðasjóður tryggi bréfin, og ennfremur er gert ráð fyrir bakábyrgð ríkissjóðs.

Þetta er höfuðbreytingin á frv. frá því er það var í öndverðu — að fella burtu lántökuheimildina, en gera ráð fyrir aðalumráðafé í handhafaskuldabréf-

um — og aðrar breytingar, sem á því hafa verið gerðar, eru í sambandi við þessa höfuðbreytingu.

Grundvöllurinn til fjáröflunar er hinn sami og áður, að útflutningsgjaldið af sjávarafurðum renni til Skuldaskilasjóðs. Og verður það samkvæmt tillögum vorum nú að vera svo lengi sem þarf til þess að leysa inn þau handhafaskuldabréf að upphæð 4 millj. kr., sem ætlazt er til, að séu umráðafé sjóðsins ásamt tillagi Fiskveiðasjóðs.

Að því er snertir rökstuðning fyrir hinni knýjandi nauðsyn fyrir framgangi þessa máls, vísast til nefndarálits milliþinganefndarinnar í sjávarútvegsmálum, þess er útbýtt var til manna á síðasta Alþingi, og til greinargerðarinnar fyrir frumvarpi til laga um Skuldaskilasjóð útgerðarmanna, þingskjal 280 á því þingi (1934).

Nd. 185. Breytingartillögur

við frv. til l. um breytingar á lögum nr. 22 6. okt. 1919, um hæstarétt, og lögum nr. 37 4. júní 1924, um breyting á þeim lögum.

Frá Garðari Þorsteinssyni og Thor Thors.

1. Á undan 1. gr. komi 3 nýjar greinar, er verði 1.—3. gr., og breytist greinatala frv. samkv. því.
   a. (1. gr.). 4. gr. l. nr. 22 1919 orðist þannig:
      Hæstarétt skipa 3 aðaldómarar og 2 aukadómarar. Konungur skipar aðaldómara, en þeir kjósa sér forseta til eins árs í senn.
      Aukadómarar eru 2 af kennurum lagadeildar Háskóla Íslands, valdir samkv. þeim reglum er í lögum þessum segir.
   b. (2. gr.). Upphaf 5. gr. l. nr. 22 1919 orðist þannig:
      Ef margbrotin mál eru, umfangsmikil, þýðingarmikil eða vandasöm, þá skipa hæstarétt 3 aðaldómarar og 2 aukadómarar, og leggja þeir allir 5 dóm eða úrskurð á þau mál. Ef einn aðaldómara krefst þess, að aukadómarar verði til kvaddir, skal það gert, svo og ef dómsmálaráðherra krefst þess í opinberu máli.
      Í öðrum málum skipa dóminn aðaldómarar einir, og má aldrei setja dóm með færri dómurum en 3.
   c. (3. gr.). Á eftir 5. gr. l. nr. 22 1919 komi ný gr., svo hljóðandi:
      Nú er ákveðið, að aukadómarar skuli kvaddir til málsmeðferðar, og snýr forseti dómsins sér þá til forseta lagadeildar háskólans og tilkynnir honum kvaðningu aukadómara. Velja lagadeildarkennararnir þá tvo menn úr sínum hópi, og eru það aukadómarar hæstaréttar. — Þóknun aukadómara ákveður rétturinn fyrir hvert mál, er þeir taka þátt í dómi þess eða úrskurði.
2. Við 1. gr.
   a. 2. mgr. 1. gr. falli burt.
   b. 4. mgr. 1. gr. orðist þannig:

Nú víkur hæstaréttardómari sæti í máli, forfallast eða sæti hans verður laust af öðrum ástæðum, og velur þá dómurinn einhvern kennara lagadeildar háskólans eða einhvern meðal hæstaréttarmálflutningsmanna, eða einhvern héraðsdómara, sem fullnægir skilyrðum þessara laga, til þess að vera skipaður dómari í hæstarétti, og er þeim skylt að taka við þeirri kvaðningu.

c. 5. mgr. 1. gr. falli niður.

3. Við 2. gr.
   a. Orðin í b-lið „eða sýnt“ og út málsgreinina falli burt.
   b. c-liður falli burt.
   c. d-liður falli burt.
4. Við 6. gr. Í stað „í 2. málsgr.“ komi: í 2. og 3. málsgr.
5. Við 9. gr. Greinin orðist þannig:

   Dóma og úrskurði skal kveða upp svo fljótt sem unnt er, þegar málflutningi er lokið. Ef mál er munnlega flutt, má að jafnaði ekki fyrir taka munnlegan flutning annars máls fyrr en dómur er ákveðinn.
6. Við 10. gr. Á eftir orðunum „er upp kveðinn“ komi: Í máli, sem flutt hefir verið munnlega.
7. Við 11. gr. 2. og 3. málsgr. verði sérstök grein, og breytist greinatalan samkvæmt því.
8. Við 19. gr. Í stað orðanna „þegar í stað“ komi: 1. sept. 1935.

Nd. 186. Frumvarp til laga

um rekstrarlánafélög.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Jóhann Þ. Jósefsson

1. gr.

Útvegsmönnum í einu og sömu verstöð eða byggðarlagi er rétt að stofna rekstrarlánafélög samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Hlutverk rekstrarlánafélaga er að annast útvegun rekstrarlána handa félagsmönnum sínum.

Félögin geta einnig haft með höndum sameiginleg innkaup á nauðsynjum félagsmanna til útgerðar og sölu á afurðum þeirra.

Rekstrarlánafélögin skulu haga starfsemi sinni þannig:

a. að svo tímanlega sé samið um rekstrarlán handa félagsmönnum, að þeir geti óhindraðir hafið fiskveiðar í byrjun vertíðar.
b. að félagsmenn geti jafnan orðið aðnjótandi beztu kjara á aðkeyptum nauðsynjum til rekstrar síns, með því að geta boðið staðgreiðslu.

3. gr.

Ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum rekstrarlánafélaga getur verið með tvennu móti:

a. að félagsmenn ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar félagsins.
b. að hver félagsmaður ábyrgist einungis sína eigin skuld, að viðbættri tiltekinni upphæð, sem nánar sé ákveðin í lögum hvers félags.

Félagsmenn í sama félagi mega vera fæstir 5, en flestir 30. Þó má víkja frá þessu ákvæði, ef hentugt þykir og sérstaklega stendur á.

4. gr.

Stjórn rekstrarlánafélags eða umboðsmaður hennar semur við lánsstofnun um rekstrarlán handa félagsmönnum, eftir því sem félagsstjórninni og hverjum einstökum félagsmanni hefir komið saman um og með tilliti til eðlilegrar rekstrarlánaþarfar félagsmanns og þeirra trygginga, er hann getur sett.

5. gr.

Fyrirkomulag lána þeirra, er rekstrarlánafélög útvega félagsmönnum, getur verið með tvennu móti:

a. að hver einstaklingur sé lántakandi hjá hlutaðeigandi lánsstofnun að því láni, er hann fær.
b. að félagið sjálft sé skuldunautur gagnvart lánsstofnuninni og að það úthluti lánsfénu meðal félagsmanna.

Síðarnefnda tilhögunin skal þó að jafnaði ekki höfð, og ekki nema ef alveg sérstaklega stendur á, og skulu um þetta sett ýtarleg fyrirmæli í félagslögum og reglugerðum.

6. gr.

Þátttaka útvegsmanns í rekstrarlánafélagi er eigi því til fyrirstöðu, að hlutaðeigandi útvegsmaður verði sér úti um rekstrarlán á annan hátt, ef honum þykir það hagkvæmara.

7. gr.

Lánsstofnunum, er veita lán samkvæmt lögum þessum, er heimilt að setja sérstök skilyrði fyrir lánunum, í því skyni að tryggja skilvísa greiðslu þeirra, svo sem:

a ð allar sjávarafurðir lántakanda skuli seldar gegnum sölusamlag,
a ð í hvert skipti, er lántakandi selur afurðir — eins þó að þær séu ekki veðsettar fyrir láninu — skuli jafnan haldið eftir nokkurri upphæð af andvirðinu, svo sem nánar kann að verða um samið, til greiðslu upp í lánið. Þetta atriði gildir, þótt lánið sé ekki komið í gjalddaga.
a ð lánsstofnuninni eða trúnaðarmanni hennar sé jafnan heimilt að hafa eftirlit með því, að þannig umsömdum ákvæðum sé framfylgt.

8. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum veitast gegn hverjum þeim tryggingum, er lánsstofnunin metur gildar. Þau skulu endurgreidd að fullu innan eins árs frá lántökudegi, eða fyrr, eftir því sem um semur.

Það teljast ekki vanskil, þótt hluti af rekstraláni sé ógreiddur, ef lántakandi sannar, að hann eigi nægilegar óseldar afurðir til fullnaðargreiðslu lánsins.

Vextir — þar með talin framlengingargjöld eða provision — mega ekki vera hærri en venjulegir bankavextir af fiskveðsvixlum eru á sama tíma.

9. gr.

Komi til þess, að Landsbanki Íslands eða Útvegsbanki Íslands, annar eða báðir, sjái sér ekki fært, vegna vöntunar reiðufjár, að sinna lánbeiðnum rekstrarlánafélaga, skal ríkisstjórnin sjá svo um, að bankarnir, annar eða báðir, verði sér úti um lánsfé, til þess að fullnægja rekstrarlánaþörfinni, eftir því sem tryggingar standa til.

10. gr.

Lög og starfsreglugerðir rekstrarlánafélaga skulu sniðin eftir fyrirmyndum, sem atvinnumálaráðuneytið semur í samvinnu við Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands, Fiskifélag Íslands og Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda.

Skulu fyrirmyndir þessar samdar þegar er lög þessi hafa verið staðfest og vera til útbýtingar hjá sýslumönnum landsins og Fiskifélagi Íslands og fulltrúum þess.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Á s t æ ð u r.

Frumvarp samhlj. þessu var flutt á síðasta þingi af sömu flutningsmönnum. Var frumvarpið samið af milliþinganefndinni í sjávarútvegsmálum og sent sjávarútvegsnefnd Nd. með beiðni frá atvinnumálaráðherra um að nefndin tæki það til flutnings. Minni hl. (SK og JJós) tóku málið til flutnings einir, því meiri hlutinn taldi sig ekki hafa tekið afstöðu til málsins. Málið varð ekki útrætt á því þingi og er því flutt nú af nýju.

Um ástæður vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frv. samhljóða þessu í fyrra frá minni hluta sjávarútvegsnefndar. (Alþt. 1934, A. þskj. 695).

Nd. 187. Frumvarp til laga

um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Ólafur Thors, Sigurður Kristjánsson, Thor Thors, Pétur Ottesen, Guðbrandur Ísberg, Garðar Þorsteinsson.

I. KAFLI

Skipulag sjóðsins og ætlunarverk.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fiskveiðasjóður Íslands. Tilgangur hans er að styðja sjávarútveg landsmanna með hagkvæmum stofnlánum.

2. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sérstakri stjórn, sbr. 16. gr. Ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Sérstaka lagaheimild þarf þó hvert sinn til þess að taka lán handa sjóðnum.

3. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands hefir heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. Auk þess getur sjóðurinn haft umboðsmenn eða umboðsskrifstofur þar, sem sjóðstjórnin telur þörf á.

II. KAFLI

Stofnfé Fiskveiðasjóðs og ávöxtun reiðufjár.

4. gr.

Stofnfé Fiskveiðasjóðs skal aukið þannig:

1. Ríkissjóður leggur sjóðnum til 1 milljón króna. Greiðist tillag þetta á þann hátt, að ríkissjóður greiðir sjóðnum fyrir árslok 1935 kr. 83333,34 og tekur að sér frá og með 1. júlí 1935 að greiða, sem sína eigin skuld, eftirstöðvar af skuld Fiskveiðasjóðs við Den danske Landmandsbank í Kaupmannahöfn, kr. 916666,66.
2. Fiskveiðasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 47 19. maí 1930 skal renna í sjóðinn óskert.
3. Ríkissjóður leggur sjóðnum árlega jafnmikið fé og fiskveiðasjóðsgjaldið nemur.
4. Eignir varasjóðs og veðtryggingarsjóðs renna í stofnsjóð.
5. Þegar útrunninn er sá tími, sem útflutningsgjald af sjávarafurðum rennur í Skuldaskilasjóð útgerðarmanna, skal gjald þetta ganga óskert til Fiskveiðasjóðs Íslands í tíu ár.

5. gr.

Reiðufé Fiskveiðasjóðs skal ávaxta með sem beztum vaxtakjörum í innlánsdeild Útvegsbanka Íslands h/f, Reykjavík.

III. KAFLI

Útlánastarfsemi Fiskveiðasjóðs.

6. gr.

Fé Fiskveiðasjóðs má einungis lána sem hér segir:

1. Gegn fyrsta veðrétti í skipum, eigi stærri en 60 rúmlesta og séu þau ætluð til fiskiveiða.
2. Gegn fyrsta veðrétti í frystihúsum, lifrarbræðslustöðvum, fiskimjölsverksmiðjum og öðrum iðnfyrirtækjum, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti að hagnýtingu fiskiafurða.

3. Gegn fyrsta veðrétti í fiskverkunarstöðvum.
4. Gegn fyrsta veðrétti í hverskonar fiskiskipum landsmanna, stærri en 60 rúmlesta.

Veiting lána samkvæmt þessum lið skal hafin jafnskjótt og sjóðurinn verður aðnjótandi útflutningsgjaldsins af sjávarafurðum, sbr. 4. gr. 5. lið, og skal þá sett sérstök viðbótarreglugerð um þessa tegund útlána.

7. gr.

Út á ný skip með nýjum vélum má lána allt að $^2/_3$ virðingarverðs. Sé einnig um aukatryggingar að ræða, fasteignaveð, handveð í auðseljanlegum verðbréfum, eða bæjar- eða sýsluábyrgð, má lána allt að $^3/_4$ virðingarverðsins.

Um lán til eldri skipa en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðstjórnarinnar í hvert sinn.

Lengsti lánstími samkvæmt þessum lið er 12 ár, og hámark láns út á eitt skip kr. 30000,00.

8. gr.

Út á eignir, sem tilgreindar eru í 6. gr. 2. lið, má lána allt að helmingi virðingarverðs, ef um nýja eign er að ræða. Lengstur lánstími er 15 ár og hámark láns kr. 24000,00.

9. gr.

Lán út á eignir, sem tilgreindar eru í 6. gr. 3. lið, skal því aðeins veita, að um fullkomna fiskverkunarstöð sé að ræða: fiskþurrkunarreita með tilsvarandi geymsluhúsum fyrir fisk, blautan og fullverkaðan, saltgeymsluhúsi, fiskþvottahúsi, svo og öðrum tækjum, sem nauðsynleg eru til fullkominnar saltfiskverkunar.

Lengstur lánstími samkvæmt þessum lið má vera 15 ár, og hámark lána til hvers lántakanda kr. 12000,00, þó ekki yfir helming virðingarverðs.

10. gr.

Vextir af lánum úr Fiskveiðasjóði skulu vera 5% — fimm af hundraði — á ári og greiðast fyrirfram fyrir eitt ár í senn, eða fyrir hluta úr ári, miðað við hinn almenna gjalddaga á lánum úr Fiskveiðasjóði, sem skal vera hinn 1. nóvember ár hvert.

Nú er afborgun og vextir eigi greitt fyrir 15. nóvember, og má þá ennfremur reikna $^1/_2$% dráttarvexti fyrir hvern hálfan mánuð eða minna, sem greiðsla dregst.

11. gr.

Eignir þær, sem Fiskveiðasjóður tekur að veði, skulu virtar á kostnað lántakanda, af mönnum, sem stjórn sjóðsins tilnefnir, og eftir þeim reglum, sem nánar verða tilgreindar í reglugerð sjóðsins.

Stjórn sjóðsins getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað.

Skylt er lánþega að hafa hið veðsetta vátryggt í vátryggingarstofnun, sem

stjórn sjóðsins tekur gilda. Ef vanræksla verður á þessu, er lánveitanda heimilt að annast vátrygginguna og innheimta iðgjaldið á gjalddaga lánsins, enda skulu tryggingar þær, sem sjóðurinn hefir, þá einnig vera fyrir slíkum greiðslum jafnt og fyrir láninu sjálfu.

IV. KAFLI

Um greiðslufall lána og réttindi Fiskveiðasjóðs.

12. gr.

Verði eigandaskipti að eign, sem er veðsett Fiskveiðasjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt þegar, að nokkru eða öllu leyti. Seljanda og kaupanda er skylt að tilkynna sjóðstjórninni eigandaskipti þegar í stað.

13. gr.

Nú er lán úr Fiskveiðasjóði ekki greitt á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að veðgildi, að það er eigi svo gild trygging sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar í stað, án uppsagnar.

14. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir Fiskveiðasjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sátta eða fjárnáms, samkvæmt tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða að láta leggja það sjóðnum út til eignar, ef þörf er á.

Fiskveiðasjóður þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Fiskveiðasjóður ber hinsvegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskveiðasjóður getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram á skrifstofu uppboðshaldara.

Fiskveiðasjóður hefir rétt til að láta starfsmenn sína selja verðbréf og annað, sem hann hefir fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um það í votta viðurvist með 8 daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur eða menn vita ekki um heimili hans, og skal þá stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara til að leysa veðið, með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

15. gr.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Fisk-

veiðasjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

V. KAFLI

Stjórn sjóðsins, endurskoðun og reikningsskil.

16. gr.

Yfirumsjón Fiskveiðasjóðs er í höndum þess ráðherra, sem fer með sjávarútvegsmál.

Útvegsbanki Íslands h/f í Reykjavík hefir á hendi framkvæmdastjórn sjóðsins og annast alla starfrækslu hans. Skal Fiskveiðasjóður vera sérstök deild í bankanum, með aðskildum fjárhag og bókhaldi.

Kostnaður við rekstur sjóðsins greiðist af tekjum hans, eftir reikningi sem ráðherra úrskurðar.

17. gr.

Reikningar Fiskveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af 2 mönnum, sem ráðherra skipar. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

18. gr.

Stjórn sjóðsins skal á miðju hverju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag sjóðsins. Skal það yfirlit birt í B-deild Stjórnartíðindanna. Auk þess getur ráðherra, hvenær sem er, krafizt allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Eftir hver áramót gefur sjóðstjórnin ráðherra fullkominn, endurskoðaðan ársreikning, og skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á árinu. Skal ársreikningurinn birtur í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reikningsár Fiskveiðasjóðs er almanaksárið.

VI. KAFLI

Önnur ákvæði.

19. gr.

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast.

Bækur sjóðsins, ávísanir, kvittanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum, svo og skuldabréf fyrir lánum úr sjóðnum og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum, eru undanþegin stimpilgjaldi.

Eignar- og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

20. gr.

Nú verða vanskil með greiðslu vátryggingariðgjalda fyrir skip, og er þá viðkomandi vátryggingarfélagi skylt að rannsaka, hvort skipið sé veðsett Fisk-

veiðasjóði, og ef svo reynist, þá að tilkynna sjóðnum tafarlaust um greiðslubrest iðgjaldsins. Sama gildir, ef skipseigandi lætur vátryggingu falla úr gildi og endurnýjar ekki vátryggingarsamning sinn við félagið.

21. gr.

Í reglugerð fyrir Fiskveiðasjóð Íslands má setja þau ákvæði um starfrækslu sjóðsins, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði laganna.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 46 19. maí 1930, um Fiskveiðasjóð Íslands, svo og önnur fyrirmæli í lögum og reglugerðum, sem fara í bága við lög þessi.

Ástæður.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi af hinum sömu flutningsmönnum. Frv. varð ekki útrætt og er því flutt aftur nú.

Til annara ástæðna vísast í greinargerð þeirri á þingskj. 281, er fylgdi málinu á þinginu 1934.

Flutningsmenn áskilja sér rétt til þess að bera fram breytingartillögur við einstakar greinar frv.

Nd. 188. Breytingartillaga

við frv. til laga um sölu og flutning á kartöflum.

Frá Sigurði Einarssyni.

Orðið „verulegrar“ í 1. málsgr. 1. gr., á undan orðinu „verðhækkunar“, falli burt.

Ed. 189. Nefndarálit

um frv. til l. um eftirlit með sjóðum og sjálfseignarstofnunum.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið ásátt um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn (BSt og JBald) vill samþykkja frv. með nokkrum breytingum, en minni hl. (MJ) er á móti frv.

Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Á undan 1. gr. komi: I. kafli.
2. Við 1. gr. Á eftir „bjargráðasjóða“ komi: og félagasjóða.

3. Fyrir „Gjafasjóðir“ á undan 3. gr. komi: II. kafli. Gjafasjóðir.
4. Á undan fyrirsögn 6. gr. komi: III. kafli.
5. Á eftir 19. gr. komi: Ákvæði til bráðabirgða.

Á Alþingi því, er samþykkir þessi lög, skal í fyrsta sinni kjósa gæzlustjóra samkvæmt 2. gr.

Alþingi, 18. marz 1935.

Jón Baldvinsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm.

Nd. 190. Breytingartillaga

við frv. til l. um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands.

Flm.: Emil Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson.

14. gr. orðist svo:

Þegar því verður við komið, að dómi rannsóknarstofnunarinnar og atvinnumálaráðherra, skal tekin upp kennsla við Háskóla Íslands í þeim fræðigreinum, sem rannsóknarstofnunin einkum fjallar um, og skyldum námsgreinum. Skal þá lögð sérstök áherzla á fyrrihlutanámsgreinar tekniskra fræða og náttúruvísinda, með hliðsjón af, að síðari hluti námsins geti farið fram erlendis.

Starfsmenn rannsóknarstofnunarinnar skulu, eftir því sem atvinnumálaráðherra telur við eiga, stunda kennslu við háskólann án sérstakrar borgunar. Verklegar æfingar, sem nemendur háskólans framkvæma samhliða kennslunni, skulu framkvæmdar í rannsóknarstofunni, eftir því sem við á og hentugt þykir, og skulu starfsmenn rannsóknarstofnunarinnar aðstoða við þær án sérstakrar borgunar, eftir nánari ákvörðun atvinnumálaráðherra.

Kennarar rannsóknarstofnunarinnar mynda þá sérstaka kennsludeild í háskólanum, og lýtur hún sömu almennu fyrirmælum um skipulag sem aðrar kennsludeildir háskólans.

Nd. 191. Breytingartillaga

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 29 1928 [Prentsmiðjur].

Frá Sigfúsi Jónssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Sýslubókasafn Skagafjarðarsýslu.

Ed. 192. Frumvarp til laga

um breyting á tilskipun fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót, frá 12. febrúar 1872.

Flm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Aftan við 1. gr. tilskipunar frá 12. febrúar 1872 um síldar- og ufsaveiði með nót bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Heimilt er að veiða með herpinót í netlögum annars manns, og skal þá gjalda landshlut, 3 af hundraði af veiðinni, enda sé nótinni ekki fest við land né lagt við festar í netlögum. Nótinni telst ekki lagt við festar, þótt skip, sem er að háfa veiði úr herpinót, liggi fyrir akkeri. Nú er slíkri nót fest við land eða lagt við festar innan netlaga, og skal þá gjalda landshlut 1 af hundraði.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 54 1931, um breyting á tilskipun fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót, frá 12. febrúar 1872.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi voru samþ. lög um breyting á tilskipun frá 1872 um síldar- og ufsaveiði með nót. Var frv. að þeim lögum samið af Fiskiþingi og flutt að tilhlutun þess. Gekk frv. óbreytt fram á Alþingi með of litilli athugun.

Tilefni frv. mun hafa verið það, að nokkurs tvímælis mun það talið orka, hvort tilskipunin frá 1872 heimili veiðar með herpinót í netlögum annara manna, og því nauðsynlegt að taka af öll tvímæli í því efni. Veiði með herpinót hefir ekki þekkzt þegar tilskipunin frá 1872 var sett, en sú veiðiaðferð er svo skyld þeirri, sem tiltekin er í tilskipuninni, að það virðist réttmætt að setja þær hlið við hlið að því er það snertir, að einnig með herpinót sé heimilt að veiða í netlögum annars manns. Hinsvegar er það ákvæði laganna frá síðasta þingi, að veiði með herpinót í netlögnum skuli vera heimil „án þess að landshlutur sé greiddur", svo vafasamt, svo ekki sé kveðið fastara að orði, að ég tel ekki rétt að láta það standa í lögunum. Þess vegna er það, að ég flyt þetta frv., sem ákveður, að einnig af þeirri veiði skuli gjalda landshlut. Sanngjarnt virðist vera, að sá landshlutur sé að einhverju lægri heldur en þegar nót er fest við land, og er því í þessu frv. lagt til, að hann skuli vera 3 af hundraði.

Nd. 193. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur].

Flm.: Bjarni Bjarnason.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: bókasöfn héraðsskólanna.

Nd. **194. Frumvarp til laga**

um sveitarstjórnarkosningar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir. Tala bæjarfulltrúa og hreppsnefndarmanna. Kjörtímabil og hvenær kosningar fara fram.

1. gr.

Í hverjum kaupstað skal vera bæjarstjórn. Bæjarstjórnir utan Reykjavíkur skulu skipaðar 7—15 bæjarfulltrúum, en í Reykjavík 15—21 bæjarfulltrúum. Þegar hreppur fær kaupstaðarréttindi, ákveður ráðherra tölu bæjarfulltrúa samkvæmt tillögum hreppsnefndar. Ráðherra getur breytt tölu bæjarfulltrúa innan þeirra takmarka, sem hér eru sett, samkvæmt tillögum bæjarstjórnar.

2. gr.

Í hverjum hreppi skal vera hreppsnefnd. Hreppsnefndir skulu skipaðar 3—7 hreppsnefndarmönnum. Hreppsnefnd getur breytt tölu hreppsnefndarmanna innan þeirra takmarka, sem hér eru sett, með samþykki sýslunefndar.

3. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu kosnar til 4 ára í senn (sbr. þó 5. gr.). Um leið og kosnir eru bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn, skal kjósa menn til vara um sama tímabil, er taka sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd í forföllum þeirra eftir þeim reglum, sem greinir í XV. kafla þessara laga. Fer um kosninguna samkvæmt ákvæðum þessara laga.

4. gr.

Almennar bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar skulu fara fram 4. hvert ár. Bæjarstjórnarkosningar og hreppsnefndarkosningar í hreppum, þar sem fullir ⅔ hlutar kjósenda eru búsettir í kauptúni, skulu fara fram síðasta sunnudag í janúarmánuði, en í öðrum hreppum síðasta sunnudag í maímánuði.

5. gr.

Ef kosning bæjarstjórnar eða hreppsnefndar ferst fyrir á tilskildum eða auglýstum tíma, skal efna til kosninga á ný svo fljótt, sem því verður við komið.

Þegar hreppur fær kaupstaðarréttindi, skal kjósa bæjarstjórn svo fljótt, sem því verður við komið, nema lög ákveði annað.

Þegar hreppi er skipt, skal kjósa hreppsnefnd í hinum nýju hreppum svo fljótt sem því verður við komið.

Nú hefir í kaupstað, þar sem kosinn er bæjarstjóri, eigi náðst meiri hluti bæjarfulltrúa fyrir kosningu hans, þannig að bæjarstjóri sé í andstöðu við meiri

hluta bæjarstjórnar, og getur ráðherra þá ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

Nú verður bæjarstjórn eða hreppsnefnd af einhverjum ástæðum ekki fullskipuð fyrir það, að varamenn eru ekki fyrir hendi til að taka autt sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og skal þá kosning fara fram á bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmanni og varamanni í hið auða sæti svo fljótt, sem því verður við komið.

Kjörtímabil bæjarstjórnar í nýjum kaupstað og kjörtímabil hreppsnefndar í nýjum hreppi skal aldrei standa lengur en til næstu almennra bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosninga. Sama gildir um bæjarstjórn, sem kosin er að nýju samkvæmt heimild 4. málsgreinar, og um bæjarfulltrúa og hreppsnefndarmenn, sem kosnir eru samkvæmt 5. málsgrein þessarar greinar.

Allar kosningar, sem fara fram samkvæmt þessari grein, skulu yfirkjörstjórnir auglýsa mjög rækilega og með nægum fyrirvara, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

II. KAFLI

Kosningarréttur og kjörgengi.

6. gr.

Kosningarrétt við kosningar til bæjarstjórna og hreppsnefnda hafa allir, karlar og konur, sem

1. eru 21 árs að aldri, þegar kosning fer fram,
2. eru íslenzkir ríkisborgarar eða hafa jafnan rétt við þá,
3. hafa óflekkað mannorð,
4. eru fjárráðir.

Um óflekkað mannorð og fjárræði gilda sömu reglur og þegar um er að ræða kosningarrétt við kosningar til Alþingis.

Kjósandi neytir kosningarréttar síns í þeim kaupstað eða hreppi, þar sem hann er búsettur, eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum, er lög þessi setja.

7. gr.

Kjörgengir í bæjarstjórn og hreppsnefnd eru allir þeir, sem kosningarrétt hafa og hans mega neyta í viðkomandi kaupstað eða hreppi.

Ekki mega hjón né menn skyldir að niðjatali sitja samtímis í hreppsnefnd eða bæjarstjórn.

8. gr.

Skylt er bæði konum og körlum, yngri en 60 ára og heilum og hraustum, að taka við kjöri í bæjarstjórn og hreppsnefnd. Þeim, er setið hefir í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er þó óskylt að taka við kjöri fyrr en jafnlangur tími er liðinn síðan hann átti þar síðast sæti, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn í síðasta lagi 3 dögum áður en framboðsfrestur er út runninn, að hann skorist undan endurkjöri.

III. KAFLI
Kjördeildir.

9. gr.

Um skiptingu kaupstaða og hreppa í kjördeildir við bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar gilda ákvæði laga um kosningar til Alþingis.

IV. KAFLI
Kjörstjórnir.

10. gr.

Bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningum stjórna kjörstjórnir. Í hverjum kaupstað og hverjum hreppi skal vera yfirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum. Í hverri kjördeild hrepps eða kaupstaðar skal vera undirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs, að viðhöfðum hlutfallskosningum, kjörstjórnir til eins árs í senn úr hópi kjósenda kaupstaðarins eða hreppsins, og jafnmarga til vara. Kjörstjórn velur sér oddvita og skiptir að öðru leyti með sér störfum.

Varamenn taka sæti í kjörstjórnum í forföllum aðalmanna eftir sömu reglum og þegar um kjörstjórnir við kosningar til Alþingis er að ræða, og á sama hátt skal fylla tölu kjörstjórnar, ef varamenn eru ekki fyrir hendi.

V. KAFLI
Kjörskrár.

11. gr.

Kjörskrár til bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í hreppum. Skulu kjörskrár samdar í febrúarmánuði ár hvert, samtímis því sem kjörskrár fyrir kosningar til Alþingis eru samdar. Sérstaka kjörskrá skal semja fyrir hverja kjördeild. Kjörskrár í kaupstöðum og í hreppum, þar sem almennar hreppsnefndarkosningar fara fram í janúarmánuði, gilda frá 24. janúar næsta ár á eftir að þær eru samdar til 23. janúar næsta ár þar á eftir, en í öðrum hreppum frá 24. maí það ár, sem þær eru samdar, til 23. maí næsta ár á eftir.

12. gr.

Á kjörskrá til bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosninga skal taka:

1. Þá, sem fullnægja öllum skilyrðum 6. greinar þessara laga, og eru, þegar kjörskrá er samin, heimilisfastir í þeirri kjördeild, sem kjörskráin nær til.
2. Þá, sem skortir það eitt á að fullnægja skilyrðum 1. töluliðs þessarar greinar, að þeir hafa ekki fyllt 21 árs aldur, ef þeir hafa náð þeim aldri áður en kjörskráin gengur úr gildi, enda skal þess þá getið í athugasemd við nafn þeirra, hvaða mánaðardag þeir hafa náð fullum aldri.

13. gr.

Um allan frágang kjörskrár til bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosninga, að öðru leyti en því, er segir í 12. gr. um það, ef vanrækt hefir verið að semja kjörskrá í tæka tíð, um aðgang almennings að kjörskrá frá því að hún hefir verið samin og þangað til hún gengur í gildi, fer á sama hátt sem um kjörskrár við kosningar til Alþingis.

14. gr.

Nú eiga bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar að fara fram, og skal þá tveimur mánuðum áður leggja kjörskrá fram til sýnis almenningi, og fer um allt, er að því lýtur, á sama hátt sem um kjörskrár fyrir kosningar til Alþingis. Um kjörskrárkærur og alla meðferð þeirra fer einnig á sama hátt sem um kjörskrárkærur, þegar um kosningar til Alþingis er að ræða.

15. gr.

Nú ber nauðsyn til, að bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar, aðrar en almennar bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar (sbr. 5. gr.), fari fram með svo stuttum fyrirvara, að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja jafnlengi frammi eða veita þá fresti og fyrirvara, sem annars er gert ráð fyrir, og má þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd stytta þetta allt hlutfallslega, enda auglýsi hún það nákvæmlega, jafnframt því sem kosningin er auglýst.

16. gr.

Allar bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar skulu fara fram samkvæmt gildandi kjörskrá. Ekki má kjósandi greiða atkvæði nema í einni kjördeild við sömu bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar og ekki við fleiri en einar bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar, sína á hverjum stað, er fara fram samtímis eða með styttra millibili en eins árs. Ef kjósandi er á kjörskrá í fleiri kjördeildum en einni eða í fleiri kaupstöðum eða hreppum en einum, ræður hann sjálfur, hvar hann neytir kosningarréttar síns.

Sá, sem stendur á kjörskrá með athugasemd við nafn sitt (sbr. 12. gr.), skal hafa rétt til að greiða atkvæði, ef hann samkvæmt athugasemdinni hefir öðlazt atkvæðisrétt á kjördegi, annars ekki.

VI. KAFLI

Framboð.

17. gr.

Þegar bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar eiga að fara fram, skulu framboðslistar afhentir oddvita yfirkjörstjórnar eigi síðar en 28 dögum fyrir kjördag. Oddvita skal gefa vottorð um móttöku hvers lista.

Á framboðslista skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn. Nú berst yfirkjörstjórn listi með fleirum nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema af listanum öftustu nöfnin, sem fram yfir eru tilskilda tölu.

Hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing frá kjósendum í kaupstaðnum eða hreppnum um að þeir styðji kosningu listans. Þessir meðmælendur hvers lista mega í Reykjavík ekki vera færri en 100 og ekki fleiri en 200, í öðrum kaupstöðum ekki færri en 20 og ekki fleiri en 40, og í hreppum ekki færri en 10 og ekki fleiri en 20.

Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörgengi. Úrskurði kjörstjórnar má áfrýja til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Úrskurði bæjarstjórnar eða hreppsnefndar má aftur áfrýja á sama hátt sem fyrir er mælt í 33. gr., ef úrskurður fellur um, að bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður hafi misst kjörgengi.

Ef frambjóðandi deyr áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn, má innan þriggja daga setja mann í sæti hans á listanum, ef fullur helmingur meðmælenda listans krefst þess.

VII. KAFLI

Umboðsmenn.

18. gr.

Hverjum framboðslista skal fylgja til yfirkjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans, hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans.

Um umboðsmenn við bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar gilda hliðstæðar reglur við það, sem gildir um umboðsmenn við kosningar til Alþingis.

VIII. KAFLI

Kosningaundirbúningur.

19. gr.

Yfir- og undirkjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar á sama hátt sem kjörstjórnir við kosningar til Alþingis.

20. gr.

Jafnskjótt sem framboðsfrestur er liðinn, heldur yfirkjörstjórn fund og tekur til meðferðar að úrskurða framboðslistana. Skal umboðsmönnum gefinn kostur á að vera viðstaddir, og fer um allt, er að þessu lýtur, í samræmi við gildandi reglur um úrskurðun framboðslista við kosningar til Alþingis.

21. gr.

Þegar úrskurðað er, hverjir listar verði í kjöri, merkir yfirkjörstjórn þá með bókstöfum A, B, C o. s. frv. í samræmi við gildandi reglur um lista við kosningar til Alþingis. Ef listar eru ekki bornir fram af pólitískum flokkum, merkir yfirkjörstjórn þá í stafrófsröð, eftir því sem þeir hafa borizt henni eða eftir samkomulagi við umboðsmenn.

Því næst gerir yfirkjörstjórn þegar í stað almenningi kunna listana með auglýsingu, sem birt er á sama hátt, sem á hverjum stað er títt að birta opinberar auglýsingar. Í auglýsingunni skal greina bókstaf hvers lista og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð.

22. gr.

Yfirkjörstjórn sér um gerð kjörseðla, er notaðir verða á kjörfundi við bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar.

Kjörseðil skal gera þannig:

Á hæfilega stórt blað úr góðum þykkum pappír skal prenta eða fjölrita listana hvern við annars hlið í röð eftir bókstöfum þeirra. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera nöfn frambjóðenda listans í réttri röð, ásamt stöðu og heimili, ef nauðsyn þykir til aðgreiningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum, og skal að minnsta kosti ½ cm. breitt bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista. Efst á seðlinum skal standa sem fyrirsögn **Kjörseðill við bæjarstjórnar (hreppsnefndar) kosningar í .....kaupstað (hreppi)**, með dagsetningu og ártali.

Yfirkjörstjórn afhendir undirkjörstjórnum í tæka tíð jafnmarga kjörseðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hverri kjördeild og 10% framyfir. Skal hún gæta sömu varúðar um alla meðferð kjörseðla og ganga jafntryggilega frá þeim til sendingar og skylt er um kjörseðla við kosningar til Alþingis.

Yfirkjörstjórnir skulu sjá um, að undirkjörstjórnir hafi við hendina á kjördegi öll nauðsynleg kjörgögn, eins úr garði gerð og þegar um kosningar til Alþingis er að ræða. Þannig sendir hún þeim jafnframt kjörseðlunum kjörbók til afnota við kosninguna, árituð umslög: stórt umslag með utanáskrift yfirkjörstjórnar og minni umslög undir ónýtta seðla, ágreiningsseðla og afgangsseðja, svo og handbók kosningalaga, sem út er gefin til leiðbeiningar við kosningar til Alþingis, ásamt sérprentun af þessum lögum.

Atkvæðakassa, tilheyrandi poka og innsigli, sem notað er við kosningar til Alþingis, er heimilt að nota við bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar.

IX. KAFLI

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

23. gr.

Þeir, sem staddir eru eða gera ráð fyrir að verða staddir utan þess kaupstaðar eða hrepps, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosning fer fram, og af þeim ástæðum geta ekki sótt kjörfund, hafa heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar hvar sem er á landinu, og þó aðeins hjá einhverjum bæjarfógeta eða sýslumanni (í Reykjavík lögmanni), eða á skrifstofu eða heimili hreppstjóra, og að svo miklu leyti, sem þeir hafa kjörgögn fyrir hendi.

Í kauptúnum, þar sem er sérstakur lögreglustjóri, sem ekki er jafnframt sýslumaður, er heimilt að greiða atkvæði hjá honum, og ber hlutaðeigandi sýslumanni að láta honum kjörgögn í té í þessu skyni.

Sem kjörgögn við þessa kosningu skal nota afgangs utankjörfundargögn frá kosningum til Alþingis, og fer um allt, er að kosningunni lýtur, í samræmi við gildandi ákvæði um utankjörfundaratkvæðagreiðslu við kosningar til Alþingis.

X. KAFLI

Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

24. gr.

Um kjörstaði og útbúnað þeirra gilda sömu reglur og við kosningar til Alþingis. Um atkvæðagreiðslu á kjörfundi við bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar fer að öllu leyti samkvæmt gildandi ákvæðum um atkvæðagreiðslu á kjörfundi við kosningar til Alþingis, þegar um er að ræða hlutbundnar kosningar. Um skil af hendi undirkjörstjórna til yfirkjörstjórna fer einnig á sama hátt og við kosningar til Alþingis.

XI. KAFLI

Kosningarúrslit.

25. gr.

Um það, ef ekki bjóða sig fleiri fram við bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar en kjósa á bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn, um talning atkvæða, um mat á gildum og ógildum atkvæðum og um úrslit kosninga, hverja skuli úrskurða kosna sem bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn og hverja varamenn, í hverri röð og hverjar atkvæðatölur þeirra séu hvers um sig, fer samkvæmt gildandi ákvæðum um kosningar til Alþingis, þegar um hlutbundnar kosningar er að ræða.

Um það, ef kosningu í kjördeild þarf að fresta eða hún fellur niður, eða ef atkvæðasending kemur ekki til skila til yfirkjörstjórnar í tæka tíð eða ferst með öllu, fer í samræmi við gildandi ákvæði um kosningar til Alþingis.

XII. KAFLI

Óleyfilegur kosningaróður og kosningaspjöll.

26. gr.

Tilsvarandi framferði við það, sem talið er óleyfilegur kosningaróður eða kosningaspjöll við kosningar til Alþingis, er jafnóleyfilegt að viðhafa við bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar.

XIII. KAFLI

Kosningakærur.

27. gr.

Bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar má kæra skriflega fyrir bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og skal kæran komin þeim í hendur innan 14 daga frá því er lýst var úrslitum kosningar. Skal leita umsagnar kjörstjórnar um kærur, og skal hún láta uppi álit sitt innan viku í kaupstöðum og 14 daga í hreppum frá því að hún fékk kæruna, og bæjarstjórn kveða upp úrskurð sinn innan viku og hreppsnefnd innan 14 daga þar frá. Úrskurði bæjarstjórnar má skjóta til ráðherra, og skal tilkynning um áfrýjunina komin innan viku til ráðuneytisins og skjöl þau, er áfrýjuninni kunna að fylgja sett á póst innan sama tíma. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til oddvita sýslunefndar, og skal áfrýjunin komin honum í hendur innan 14 daga frá dagsetningu úrskurðarins.

Að öðru leyti fer um kærur út af brotum á lögum þessum í samræmi við gildandi ákvæði um kærur út af brotum á lögum um kosningar til Alþingis.

XIV. KAFLI

Kosningar innan bæjarstjórna og hreppsnefnda.

28. gr.

Bæjarstjórn kýs sér forseta úr flokki bæjarfulltrúa og hreppsnefndir oddvita úr flokki hreppsnefndarmanna (sbr. þó 3. málsgr. þessarar greinar).

Í kaupstöðum þeim, þar sem er kosinn, eða verður kosinn, sérstakur bæjarstjóri (borgarstjóri), skal hann kosinn af bæjarstjórn eftir hverjar almennar bæjarstjórnarkosningar, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil bæjarfulltrúa. Ekki hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) þannig kosinn atkvæðisrétt í bæjarstjórn eða nefndum nema hann sé einnig bæjarfulltrúi. Þó hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) óbundið málfrelsi og tillögurétt í bæjarstjórn og nefndum hennar. Ekki má kjósa bæjarstjóra (borgarstjóra) í fastar nefndir bæjarstjórnar, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi. Þó á hann sæti í föstum nefndum innan bæjarstjórnar sem aukamaður, og má kjósa hann formann nefnda, þótt ekki hafi hann þar atkvæðisrétt.

Nú gegnir, samkvæmt sérstökum lögum, bæjarfógeti eða lögreglustjóri bæjarstjórastörfum í bæjarstjórn eða oddvitastörfum í hreppsnefnd, og fer þá um atkvæðisrétt hans, málfrelsi og tillögurétt samkvæmt því, sem segir um bæjarstjóra (borgarstjóra) í 2. málsgrein þessarar greinar.

Endurkjósa má bæjarstjóra (borgarstjóra), og setur bæjarstjórn með samþykkt, staðfestri af ráðherra, ákvæði um starfssvið hans, laun og skrifstofufé, er greiðist úr bæjarsjóði.

Bæjarstjórn kýs á sama fundi og fastar nefndir eru kosnar tvo endurskoðendur bæjarreikninganna og tvo til vara. Kosning nefnda og endurskoðenda

gildir um eitt ár. Bæjarstjórn ákveður laun endurskoðenda og setur þeim erindisbréf.

Heimilt er bæjarstjórn Reykjavíkur að ákveða með samþykkt, staðfestri af atvinnumálaráðherra, að fleiri en einn borgarstjóri skuli vera í Reykjavík, og setja jafnframt reglur um skiptingu starfa þeirra á meðal. Ennfremur getur bæjarstjórn kaupstaðar með samþykkt ákveðið að setja sérstakt bæjarráð, er hafi með höndum framkvæmd tiltekinna málefna bæjarins ásamt bæjarstjóra (borgarstjóra). Heimilt er að láta bæjarráð taka að meira eða minna leyti við starfi fastra nefnda.

29. gr.

Kosningar í nefndir, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs, skulu jafnan vera leynilegar og hlutbundnar, ef fleiri skal kjósa en einn mann. Skal beita hlutfallskosningu sem hér segir: Þeir bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn, er komið hafa sér saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda forseta bæjarstjórnar eða oddvita hreppsnefndar, þegar til kosninga kemur, lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefir tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf A, B, C o. s. frv., eftir því, sem hann sjálfur ákveður eða ákveðið hefir verið með samkomulagi eitt skipti fyrir öll þann kjörtíma. Síðan les forseti (oddviti) upp stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á honum standa. Þá kjósa bæjarfulltrúarnir þannig, að hver ritar á kjörmiða aðeins stafnafn (A, B, C og s. frv.) þess lista, er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru afhentir forseta (oddvita), og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifarar rita jafnóðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafi fallið á hvern lista, hve mörg á A, hve mörg á B o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skipt, fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3 o. s. frv., eftir því sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð, hver niður undan annari, og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosningin fer eftir hlutatölunum, þannig að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næsthæsta hlutatölu, o. s. frv. þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti um, hver listinn skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosningu í þeirri röð, sem þeir standa á listanum. Sé ekki stungið upp á fleiri nefndarmönnum en kjósa á, lýsir forseti (oddviti) þá rétt kjörna án atkvæðagreiðslu.

30. gr.

Hver nýkosin hreppsnefnd skal kjósa sýslunefndarmann og annan til vara. Nú fara sýslunefndarmaður og varasýslunefndarmaður báðir úr nefndinni áður en kjörtímabil þeirra er liðið, og skal þá þegar kjósa í þeirra stað.

Umboð sýslunefndarmanns og varamanns hans fellur niður jafnframt því, sem út er runnið kjörtímabil þeirrar hreppsnefndar, sem hann er kosinn af.

Sáttanefndarmenn, skólanefndarmenn og aðrir starfsmenn kaupstaða og hreppa, sem kosnir hafa verið almennum kosningum, skulu hér eftir kosnir af bæjarstjórnum og hreppsnefndum.

XV. KAFLI

Hvernig varamenn taka sæti í bæjarstjórnum og hreppsnefndum.

31. gr.

Varamenn bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmanna taka sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá, flytjast burtu eða forfallast á annan hátt frá að eiga sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Ef bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða annars, á hann rétt á að láta varamenn taka sæti sitt á meðan.

Varamenn taka sæti í þeim nefndum innan bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eða skipuðum af bæjarstjórnum eða hreppsnefndum, er sá bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður sat í, er þeir taka sæti fyrir.

XVI. KAFLI

Kosningar innan sýslunefnda.

32. gr.

Sýslunefnd er skylt að láta fara fram hlutfallskosningu við kosningar til aukanefnda og annara starfa, er hún kýs menn til, og fer um kosninguna eftir fyrirmælum 29. gr.

XVII. KAFLI

Missir kjörgengis. Bæjarfulltrúa, hreppsnefndarmanni eða sýslunefndarmanni veitt lausn eða vikið frá.

33. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd úrskurðar, hvort bæjarfulltrúi, hreppsnefndarmaður eða sýslunefndarmaður hafi misst kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndaroddvita og úrskurði bæjarstjórnar til ráðherra.

Sýslunefnd úrskurðar þau atriði, sem í 1. málsgr. segir, ef sýslunefndarmaður á hlut að máli.

Úrskurði sýslunefndaroddvita og ráðherra eftir þessari grein má skjóta til dómstólanna.

XVIII. KAFLI

Kostnaður.

34. gr.

Kostnaður við bæjarstjórnarkosningar greiðist úr bæjarsjóði. Kostnaður við hreppsnefndarkosningar greiðist úr hreppssjóði.

XIX. KAFLI

Refsiákvæði.

35. gr.

Brot gegn lögum þessum varða refsingum í samræmi við refsiákvæði laga um kosningar til Alþingis.

XX. KAFLI

Niðurlags- og bráðabirgðaákvæði.

36. gr.

Jafnframt því sem lög þessi öðlast gildi, falla úr gildi lög nr. 59 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, lög nr. 119 29. des. 1933 og lög nr. 58 23. nóvember 1934, um breytingar á téðum kosningalögum, svo og önnur ákvæði laga, sem koma í bága við ákvæði þessara laga.

Almennar hreppsnefndarkosningar um land allt, samkvæmt lögum þessum, fara í fyrsta skipti fram á sama ári og hinar næstu almennu bæjarstjórnarkosningar, þ. e. árið 1938. Þangað til skal kjósa í hreppsnefndir samkvæmt lögum nr. 59 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, og þó þannig, að umboð allra hreppsnefndarmanna, hvort sem þeir hafa setið lengur eða skemur, fellur niður þegar eftir hinar almennu hreppsnefndarkosningar 1938.

Ed. 195. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 161 [Sparisjóðir].

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 1.

a. Fyrir „2 af 3 eða 3 af 5“ í 2. efnismálsgr. komi: 1 af 3 og 2 af 5. - - og í stað „1 af 3 eða 2 af 5“ í sömu málsgr. komi: 2 af 3 og 3 af 5.

b. Aftan við 3. efnismálsgr. komi: Nú hefir tala ábyrgðarmanna verið minni en ákveðið er samkvæmt lögum eða stofnskrá sparisjóðs tvö síðastliðin ár, miðað við gildistöku þessara laga, og er þá niður fallinn réttur ábyrgðarmanna um kosningu manna í stjórn sjóðsins.

Ed. 196. Frumvarp til laga

um verzlunarlóðina í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Flutningsm.: Jón Auðunn Jónsson.

1. gr.

Takmörk verzlunarlóðarinnar í Hnífsdal eru þessi:

Að innanverðu suðurtakmörk bryggjulóðarinnar í Skeljavík, að ofan lína

yfir þveran Hnífsdal, um svonefndan Einarshrygg, en að utanverðu bein lína á land upp frá Skarfaskeri.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 20 19. júní 1922.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk hreppsnefndar Eyrarhrepps, og hefir sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu gefið meðmæli sín til að sú breyting, sem fram á er farið í frv. á verzlunarlóðinni, nái samþykki.

Ed. 197. Tillaga til þingsályktunar

um drykkjumannahæli.

Flutningsm.: Guðrún Lárusdóttir.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa stofnun drykkjumannahælis og sérstaka löggjöf þar að lútandi.

Greinargerð.

Drykkjumannahæli eru í raun og veru jafnnauðsynleg og geðveikrahæli, með því að drukknir menn eru oft og tíðum engu betri viðfangs heldur en geðbilaðir (brjálaðir) menn. Drukknir menn eru því oftlega ofraun heimilum sínum, friðarspillar og hinir háskasamlegustu, einkum þó börnum og veikgeðja konum. Það má því heita með öllu óforsvaranlegt að láta heimili þeirra afskiptalaus hvað þetta snertir.

Í áfengislöggjöfinni segir, að maður, sem veldur óskunda í ölæði, skuli sæta ábyrgð, og í barnaverndarlögunum er gert ráð fyrir, að vikja megi slíkum manni af heimili, þar sem börn eru, þegar svo ber undir, en þrátt fyrir þessi lagaákvæði eru heimilin harla varnarlítil gegn æði og ofstopa drukkinna manna, enda alkunna, að hvergi kemur böl ofdrykkjunnar sárar við en á heimilum drykkjumannanna sjálfra.

Hér verður löggjöfin að koma til hjálpar, með hæfilegri meðferð á drykkjumönnum og hælisvist fyrir þá, þar sem þeir eru hafðir undir læknishendi, líkt og aðrir sjúklingar, um skemmri eða lengri tíma, eftir því hvernig gengur að losa þá við hinn illa og ægilega sjúkdóm — drykkjufýsnina, og losa þjóðfélagið jafnframt við eina af þess verstu plágum.

Ed. 198. Tillaga til þingsályktunar

um uppeldisstofnun fyrir vangæf börn og unglinga.

Flutningsm.: Guðrún Lárusdóttir.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um uppeldisstofnun fyrir vangæf börn og unglinga.

Greinargerð.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um nauðsyn á öruggum samastað fyrir vangæf börn og unglinga, þar sem þeim hlotnist gott uppeldi, er veiti þeim vörn gegn hverskonar spillingu. Gamla máltækið: „Of seint er að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í", minnir oftlega á sig um þessar mundir, er smærri og stærri hópar af börnum og óþroskuðum unglingum vekja athygli á sér með ýmiskonar óknyttum og glæpum. Ráðþrota og undrandi stöndum vér andspænis þessari hryggilegu staðreynd og spyrjum: Hvað á að gera við þessi vesalings börn og unglinga?

Oftast nær verða sveitaheimilin þrautalendingin með þau, og á meðan góð heimili í sveit fást til að veita þeim viðtöku, er það ef til vill bezta úrlausnin. En vandkvæði geta orðið á því, að sveitaheimilin geti yfir höfuð tekið slík börn að sér. Er þar meðal annars hin sívaxandi kvenfólksekla á sveitabæjunum þrándur í götu allverulegur, og erfiðleikarnir vaxa eftir því sem börnum þessum fjölgar og fleiri og fleiri smitast af hættulegum sjúkdómum. Það fer því að verða óhjákvæmilegt, að þjóðin eignist gott uppeldisheimili fyrir þau börn og unglinga, sem örðug reynast og óviðráðanleg foreldrum og forráðamönnum og leiðast út á glæpabrautir.

Í öllum nágrannalöndum vorum eru þesskonar stofnanir reknar, ýmist af ríkjunum sjálfum eða af einstökum mönnum og félögum, með eða án ríkisstyrks. Með sanni má segja, að á þeim heimilum hafi margur afvegaleiddur unglingurinn séð að sér og orðið nýtur borgari þjóðar sinnar.

Vel væri, ef íslenzka þjóðin sinnti í tíma þessu velferðarmáli vangæfu barnanna sinna, — byrgði brunninn áður en barnið dettur ofan í hann. Því máli til stuðnings er þessi þingsályktunartillaga borin fram.

Nd. 199. Breytingartillögur

við frv. til l. um sölu og flutning á kartöflum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Síðari málsl. fyrri málsgr. falli burt.
2. Við 3. gr.
   a. Á eftir 1. málsgr. kemur ný málsgr., svo hljóðandi:
      Landbúnaðarráðherra er ennfremur heimilt að setja með reglugerð hámarksverð á innlendar kartöflur.
   b. Önnur málsgr. falli burt.
3. Við 4. gr. Greinin falli burt.
4. Við 5. gr. Fyrir „Brot gegn lögum þessum" kemur: Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim.

Nd. 200. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur].

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Sýslubókasafn Norður-Þingeyjarsýslu.

Nd. 201. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur].

Frá Þorbergi Þorleifssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Sýslubókasafn Austur-Skaftafellssýslu.

Nd. 202. Nefndarálit

um frv. til laga um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. marz 1935.

Héðinn Valdimarsson, form.	Thor Thors, frsm.	Bergur Jónsson fundaskr., með fyrirv.
Stefán Jóh. Stefánsson.	Garðar Þorsteinsson.	

Nd. 203. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 24 frá 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og mælir með því með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 1. gr. Á eftir 2. lið komi: Áður en reglugerð er sett skal leitað álits Alþýðusambands Íslands og Atvinnurekendafélags Íslands.

Alþingi, 19. marz 1935.

Héðinn Valdimarsson, form., frsm.	Bergur Jónsson, fundaskr., með fyrirv.	Stefán Jóh. Stefánsson.
Thor Thors.	Garðar Þorsteinsson.	

Nd. 204. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 29 7. maí 1928 Prentsmiðjur].

Flm.: Jón Pálmason.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Sýslubókasafn Austur-Húnavatnssýslu.

Nd. 205. Frumvarp til laga

um breyt. á lögum nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Flm.: Ólafur Thors.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Í kaupstöðum og kauptúnum með 800 íbúa og þar yfir geta bæjarstjórnir og hreppsnefndir gert samþykktir um lokunartíma sölubúða.

2. gr.

Í stað orðsins „bæjarstjórn“ á tveim stöðum í 3. gr. laganna komi: bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

3. gr.

Fyrirsögn laganna verði þannig:

Lög um samþykktir um lokunartíma sölubúða.

4. gr.

Er frv. þetta er orðið að lögum, skal færa það og lög nr. 12 frá 1928 inn í meginmál laganna (79 frá 1917) og gefa þau út þannig breytt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefndar Keflavíkurhrepps, sem hefir óskað þess, að ákvæði laga um samþykktir um lokunartíma sölubúða næðu einnig til kauptúna. Hefir hreppsnefndin m. a. fært þessi rök fyrir ósk sinni:

„Sölubúðir eru hér opnar frá kl. 8—9 á morgnana til kl. 8—9 á kvöldin. Er það langur vinnutími hjá verzlunarfólki í misjöfnum húsakynnum.

Ekki er sjáanlegt, að neina nauðsyn beri til að hafa búðir hér lengur opnar en annarsstaðar gerist.

Kaupmenn og verzlunarmenn eru óánægðir með þetta og hafa því óskað eftir því, að hreppsnefndin færi þess á leit við yður, hr. alþingismaður, að þér nú á þessu þingi reynduð að koma fram þeim breytingum á lögum um samþykktir

um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum, nr. 79 frá 1917, að hreppsnefndin hér geti gert samskonar samþykkt og þau lög heimila bæjarstjórnum.

Virðingarfyllst.

F. h. hreppsnefndar Keflavíkurhrepps.

Guðm. Guðmundsson,
oddviti."

Nd. 206. Nefndarálit

um frv. til l. um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir athugað frumvarpið, og leggur meiri hlutinn til, að það verði samþ. óbreytt, og leggur áherzlu á, að það nái fram að ganga, áður en þingi verður væntanlega frestað. Einn nefndarmanna (SK) var vikinn af fundi áður en atkvæðagreiðsla fór fram um frv., og einn nefndarmanna (JJós) greiddi eigi atkvæði, en gerir væntanlega grein fyrir afstöðu sinni undir umræðum.

Alþingi, 19. marz 1935.

Finnur Jónsson, form., frsm.	Gísli Guðmundsson, fundaskr.	Páll Þorbjörnsson.

Nd. 207. Frumvarp til laga

um breyting á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

I. KAFLI

Búnaðarbanki Íslands.

1. gr.

Talan „6" í 3. gr. laga nr. 31 frá 14. júní 1929 verði: 5, — og orðið „Bústofnslánadeild" í sömu grein falli burt.

2. gr.

14. gr. sömu laga orðist svo:

Stofnsjóð veðdeildar Búnaðarbankans skal ávaxta í bankavaxtabréfum veðdeildarinnar, eftir því sem viðlagasjóðslánin greiðast og við verður komið, og hefir stjórn Búnaðarbankans heimild, með samþykki landbúnaðarráðherra, að verja allt að helmingi af vaxtatekjum hans til greiðslu vaxta af öðrum vaxtabréfum veðdeildarinnar, ef nauðsynlegt þykir vegna útlánsvaxta deildarinnar.

3. gr.

39. gr. sömu laga orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 5 millj. króna lán, innanlands eða utan, á ábyrgð ríkisins, til kaupa á bankavaxtabréfum veðdeildarinnar, með þeim kjörum, að ríkissjóður verði að líkindum skaðlaus af.

4. gr.

40. gr. sömu laga falli burt.

5. gr.

IV. kafli sömu laga (Bústofnslánadeild) falli niður.

II. KAFLI

Ræktunarsjóður.

6. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 17 frá 13. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands, komi nýr liður, er verði 5. liður, svo hljóðandi:

Það af Viðlagasjóði Íslands, sem er fram yfir eign veðdeildar Búnaðarbanka Íslands eins og hann telst 1. jan. 1935. Skal áður fram fara nákvæmt mat á sjóðnum. Ákveður ráðherra tillögun matsins, að fengnum tillögum bankastjórnar Búnaðarbankans.

7. gr.

Í stað „35 árum“ í síðasta málslið 3. gr. sömu laga komi: 45 árum.

8. gr.

Í stað „3½%“ í 6. gr. sömu laga komi: 2½%.

9. gr.

Aftan við c-lið 9. gr. sömu laga bætist: og baktryggingu frá lántakanda, er stjórn sjóðsins tekur gilda.

10. gr.

13. gr. sömu laga breytist þannig:

a. Á eftir „áburðargryfja“ í c-lið greinarinnar komi: og gróðrarhúsa.
b. Í stað „20“ í c-lið komi: 30 — og í stað „25“ í d-lið komi: 35.

11. gr.

16. gr. sömu laga breytist þannig:

a. Á eftir orðunum „tryggingarláni úr Ræktunarsjóði“ komi: er seljandi skyldur að tilkynna sjóðnum eigendaskipti.
b. Í stað orðanna „þá er stjórn sjóðsins“ komi: og er stjórn sjóðsins þá.

12. gr.

19. gr. sömu laga breytist svo:

a. Í stað „15“ í fyrstu málsgrein komi: 13.
b. Orðin „til 20 ára“ í 1. málsgrein falli burt.
c. Í stað „6%“, „5½%“ og „6%“ komi: 5%, 4½% og 5%.

13. gr.

Í stað „ákveðnum“ í 21. gr. sömu laga komi: næsta.

14. gr.

Fyrri málsgrein 27. gr. sömu laga orðist svo:

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal Kirkjujarðasjóðs, Bjargráðasjóðs, sjóðs Brunabótafélags Íslands, svo og annara sjóða, er standa undir vörzlu ríkisins, skal að nokkrum hluta verja til að kaupa jarðræktarbréf, og ákveður ríkisstjórnin árlega upphæðina, eftir að hafa kynnt sér reikningsskil viðkomandi sjóða.

15. gr.

28. gr. sömu laga orðist svo:

Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefir á hendi stjórn Ræktunarsjóðs samkv. lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.

16. gr.

29., 30. og 32. gr. sömu laga falli burt, og greinatalan breytist samkv. því.

17. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál 6.—16. greinar þeirra inn í lög nr. 17 13. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands, og gefa þau út svo breytt.

III. KAFLI

Ýmsar ráðstafanir vegna fjárkreppunnar.

18. gr.

4. gr. laga nr. 79 19. júní 1933, um heimild til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar, orðist svo:

Heimilt er ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði þann hluta af vöxtum af fasteignaveðslánum bænda, sem er fram yfir 5%.

Heimild þessi nær til greiðslu vaxta af stofnlánum frystihúsa og mjólkurbúa, enda séu þau eign samvinnufélaga bænda eða sýslufélaga. Á sama hátt heimilast ríkisstjórninni að greiða til Ræktunarsjóðs 1% af þeim jarðræktarbréfum, sem eru í eign annara en Búnaðarbanka Íslands.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 208. Frumvarp til laga

um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Skip skal telja óhaffært, ef bol þess, búnaði, vél eða vélartækjum eða skipshöfn er svo áfátt, eða það er svo ofhlaðið mönnum eða munum eða vanhlaðið, eða illa birgt að vistum eða vatni, að kolum eða öðrum vélanauðsynjum, ef það er gufuskip eða vélskip, eða það af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að telja verður, vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sé að vera í förum með því en venjulegt er við siglingar.

2. gr.

Setja skal með reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið gefur út, nánari ákvæði um, hverjar kröfur gera skuli til þess, að skip verði talið haffært, eftir því hvert skipið er og hvaða ferðir því eru ætlaðar, og um það, hvers gæta skuli við skipaskoðanir, sem gerðar eru samkvæmt lögum þessum og alþjóðasamþykktum.

Í sömu reglugerð skulu sett ákvæði um rúmstærð og gólfstærð í herbergjum skipverja, svo og annan útbúnað þeirra, að því er snertir birtu, loftrás og aðra hollustuhætti. Þar til ofangreind reglugerð verður gefin út, skal tilskipun dags. 20. nóvember 1922 um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra vera í gildi.

3. gr.

Eiganda skips eða útgerðarmanni, svo og skipstjóra, er skylt að sjá um, að skip sé haffært, er það leggur úr höfn. Skylt er skipstjóra að gera allt það, er hann má, til að halda skipi haffæru á ferð. Nú tekur skip grunn, verður fyrir árekstri eða það annað ber til, er ætla má, að af muni hljótast, að skipið verði óhaffært, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka það með skoðunargerð, þar sem því verður fyrst við komið.

4. gr.

Ef líkur eru á, að skip eða bátur, sem ferðbúið er frá íslenzkri höfn, sé óhaffært, má lögreglustjóri, eða skipaskoðunarmaður, er skipaskoðunarstjóri hefir sérstaklega veitt heimild til þess, hefta brottför þess til bráðabirgða.

Sama gildir, ef skipstjóri, útgerðarmaður eða sá maður, sem í þeirra stað kemur, tálma því, að skipaskoðunarmenn geti framkvæmt til hlítar skoðun, er þeir telja nauðsynlega.

Sá, sem brottför skipa heftir, skal tafarlaust tilkynna skipstjóra eða útgerðarmanni, með bréfi eða símskeyti, ástæðurnar til þess, að brottför skipsins var heft, og hvað gera þurfi til þess, að því verði leyfð brottför. Skipið, sem heft hefir verið, má eigi leggja úr höfn, fyrr en bætt hefir verið úr göllum þeim, sem á því voru, og það sannað með skoðunargerð.

Ákvæði greinar þessarar gilda og um erlend skip, þó með þeim takmörkunum, sem leiða kunna af gildandi þjóðasamningum.

5. gr.

Þar sem ekki er annars getið, taka ákvæði laga þessara um skoðun skipa til allra skipa og allra báta, sem eru 6 metrar á lengd eða lengri, mælt milli stafna, og gerðir eru út hér á landi, hvort heldur er til farþegaflutninga, vöruflutninga eða fiskveiða. Ennfremur taka ákvæði laganna til allra báta, án tillits til stærðar, flytji þeir farþega, hvort er á sjó, ám eða vötnum.

Atvinnumálaráðuneytið getur með reglugerð ákveðið, að eftirlit skuli haft með öryggi annara fljótandi fara og hvernig því eftirliti skuli hagað.

6. gr.

Eftirlit með öryggi skipa er undir yfirstjórn atvinnumálaráðuneytisins.

Ráðuneytið skipar skipaskoðunarstjóra til að annast framkvæmd þessara mála, og skal honum fengin nauðsynleg aðstoð við starfið. Hefir hann á hendi eftirlit með öllum skipaskoðunarmálum, rannsakar skoðunarskýrslur skipaskoðunarmanna og fer eftirlitsferðir um landið, til að líta eftir framkvæmd laganna. Skipaskoðunarstjóri má engin launuð aukastörf hafa á hendi, nema með leyfi ráðherra.

Skipaskoðunarstjóri hefir að launum 5000 kr. á ári, er hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 6000 kr. Dýrtíðaruppbótar skal hann og njóta eftir fyrirmælum almennra launalaga. Skrifstofukostnaður skipaskoðunarstjóra, sem og kostnaður vegna aðstoðar og eftirlitsferða, skal ákveðinn í fjárlögum.

7. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skiptir landinu í skipaskoðunarumdæmi, og skipar, eftir tillögum skipaskoðunarstjóra, til framkvæmdar eftirlitinu í hverju umdæmi svo marga skipaskoðunarmenn sem þurfa þykir. Skulu þeir skipaðir til 4 ára í senn. Þeir skulu vera valinkunnir og óvilhallir menn og að öðru leyti svo vel til starfsins fallnir sem frekast eru föng á. Áður en þeir taka til starfa, skulu þeir undirrita drengskaparheit um, að þeir skuli vinna starf sitt samvizkusamlega.

Skipaskoðunarmenn skulu gera allar skoðanir, þær, er ræðir um í lögum þessum eða í tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim og gerðar skulu innan umdæmis þeirra, hvort sem skipið er skrásett eða eigi. Ef þess er þörf, getur skipaskoðunarstjóri kvatt menn til skoðunargerðar utan umdæmis síns.

Við skoðunargerðir er skipaskoðunarmönnum skylt að gæta þess, að fullnægt sé kröfum þeim, er gerðar eru í lögum þessum eða í tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, um öryggi skipa, þeirrar tegundar, sem það skip er, sem þeir skoða, og í þeim ferðum, er því eru ætlaðar. Þeim er og skylt endranær að hafa eftir föngum vakandi auga með því, að hlýtt sé fyrirmælum þeim, sem sett eru um öryggi skipa, og skulu þeir tafarlaust tilkynna lög-

reglustjóra eða skipaskoðunarstjóra, ef þeir verða þess vísari, að misbrestur sé á því.

Skipaskoðunarmenn eiga rétt á þóknun fyrir starfa sinn samkvæmt gjaldskrá, er atvinnumálaráðuneytið setur. Þóknunina greiðir eigandi skips, og má taka hana lögtaki. Þurfi skipaskoðunarmenn að takast ferð á hendur vegna skoðunar á skipi, skal ferðakostnaður þeirra greiddur úr ríkissjóði.

8. gr.

Skoðunargerðir á skipum eru tvennskonar, aðalskoðun og aukaskoðun.

9. gr.

Aðalskoðun skal gerð á skipum í þessum tilfellum:

a. Áður en skip leggur úr höfn hér á landi í fyrsta sinn, er smíðað hefir verið hér á landi eða breytt hefir verið svo mjög, að mæla þurfi það af nýju, eða fengið er frá öðrum löndum, hvort heldur nýsmíðað eða notað, til skrásetningar undir íslenzkan fána eða til útgerðar hér á landi.
b. Á öllum farþegaskipum einu sinni á ári. Í tilskipun þeirri, er ræðir um í 2. gr. þessara laga, skal ákveðið, hver skip teljist farþegaskip.
c. Á öllum öðrum skipum annaðhvert ár.

10. gr.

Við aðalskoðun skal athuga vandlega allt öryggi skipsins, bæði sjálfs bols skipsins, þilfars og skilrúma, siglu og reiða, véla og vélartækja, búnaðar alls og áhalda, svo og allt annað, er lýtur að öryggi skipsins.

11. gr.

Að lokinni aðalskoðun skips skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra vottorð um skoðunina og tillögur sínar um það, hvort skipinu skuli gefið haffærisskírteini eða eigi, en skipaskoðunarstjóra senda þeir skýrslu um skoðunina, og skal þetta hvorttveggja ritað eftir fyrirmynd, er atvinnumálaráðuneytið setur.

Komi það í ljós við skoðunina, að skipið sé haffært, skal lögreglustjóri eða skipaskoðunarstjóri gefa því haffærisskírteini, en öryggisskírteini farþegaskipa, sem út eru gefin samkvæmt alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á sjónum, skulu gefin út af skipaskoðunarstjóra. Í haffærisskírteini skal tilgreina nafn skips og heimili, skrásetningarbókstafi þess, númer þess á fiskiskipaskrá og umdæmisbókstafi, ef um fiskiskip er að ræða, smálestatal, hvort skipið sé seglskip eða vélskip, róðrarbátur eða vélbátur, til hvaða ferða skipið sé ætlað, tölu farþega, er það má flytja, sé um farþegaskip að ræða, svo og að skipið fullnægi þeim kröfum um öryggi skipa, er gerðar eru í lögum þessum eða tilskipunum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim.

Haffærisskírteini gildir um farþegaskip í eitt ár frá dagsetningardegi þess, en um önnur skip í tvö ár frá sama tíma. Nú er skip statt í útlöndum á þeim tíma, er haffærisskírteini þess gengur úr gildi, og getur þá skipaskoðunarstjóri framlengt gildi skírteinisins til ákveðins tíma, enda séu færðar líkur fyrir því,

að skipið sé haffært. Ef sérstaklega stendur á í öðrum tilfellum, getur skipaskoðunarstjóri framlengt gildi skírteinisins um allt að 3 mánuðum.

Haffærisskírteini skal fylgja skipsskjölunum, og skal það ávallt sýnt við tollgreiðslur skipsins, lögskráningu á það, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja og þegar þess er krafizt af yfirvöldunum. Nú er sá tími, er skírteinið gildir, á enda, eða skoðun, er gerð skyldi á skipinu á þeim tíma samkvæmt lögum þessum, er vanrækt, hvort sem er aðalskoðun eða aukaskoðun, eða það kemur í ljós við slíka skoðun, að skipið er óhaffært, og skal lögreglustjóri eða skipaskoðunarstjóri þá afturkalla skírteinið.

Fyrir útgáfu eða áritun haffærisskírteinis, sbr. 16. gr., skal skipseigandi greiða í stimpilgjald:

Fyrir skip og báta upp að 30 rúmlesta stærð 2 kr.

Fyrir skip frá 30—100 rúmlesta 5 kr.

Fyrir 100 rúmlesta skip og stærri 10 kr.

12. gr.

Aukaskoðanir á skipum eru tvennskonar, almennar og sérstakar.

13. gr.

Almenn aukaskoðun skal gerð einu sinni á ári á skipum þeim, er ræðir um í 9. gr. c. í lögum þessum, það ár, er aðalskoðun eigi er gerð á þeim.

14. gr.

Við almenna aukaskoðun skal sérstaklega athuga allan búnað skipsins og áhöld, botn skipsins og stýrisbúnað.

Þó má botnskoðun gera á öðrum tíma, enda sé þá eigi ár liðið frá síðustu botnskoðun.

15. gr.

Sérstök aukaskoðun skal gerð í þessum tilfellum:

a. Þegar skip hefir sætt meiri háttar viðgerð, hvort heldur er á bol eða vél, eða ný aðalvél hefir verið í það sett, en eigi kveður samt svo mikið að viðgerðinni, að aðalskoðun skyldi gera samkvæmt 9. gr. a. í lögum þessum.

b. Þegar annars þykir ástæða til að rannsaka öryggi ákveðinna hluta skips eða búnaðar þess.

16. gr.

Við sérstaka aukaskoðun skal athuga þá hluta skips eða skipsbúnaðar, er ástæða þykir til vegna atvika þeirra, er skoðuninni valda.

17. gr.

Að lokinni aukaskoðun á skipi skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra eða skipaskoðunarstjóra vottorð um skoðunina og álit sitt um það, hvort þeir telji skipið haffært, svo og skipaskoðunarstjóra skýrslu um skoðunina, og skal hvorttveggja þetta ritað eftir fyrirmynd, er atvinnumálaráðuneytið setur.

Telji skoðunarmenn skipið haffært, ritar lögreglustjóri eða skipaskoðun-

arstjóri á haffærisskírteini þess athugasemd um, að aukaskoðun hafi verið gerð og að hún hafi eigi leitt neitt það í ljós, er geri skipið óhaffært. Fyrir áritun þessa greiði skipseigandi sama stimpilgjald sem fyrir útgáfu haffærisskírteinis.

18. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu skal vera heimilt að gera vægari kröfur en reglur þær, sem nú gilda, gera almennt til skipa, sem eru íslenzk eign eða voru í smíðum fyrir íslenzkan reikning fyrir 1. júlí 1922, þó ekki um haffærni skipsins, ferðbúnað þess né lífsöryggi manna. Eins verður að krefjast þess, að fullnægt verði samningum við aðrar þjóðir.

Heimilt er og í einstökum tilfellum, ef nauðsyn krefur, að veita slíkar undanþágur fyrir skip, sem keypt eru frá útlöndum.

19. gr.

Nú er skoðun gerð samkvæmt 3. eða 4. gr. laga þessara eða samkvæmt 59. gr. sjómannalaga, nr. 41 19. maí 1930, og ákveður þá skipaskoðunarstjóri, eða lögreglustjóri í forföllum hans, hvort skoðunin skuli vera aðalskoðun eða aukaskoðun.

20. gr.

Aðalskoðun og aukaskoðun á skipum skal framkvæmd af tveim mönnum, sem til þess hafa nægilega sérþekkingu.

Skipaskoðunarstjóri skiptir með þeim verkum eftir sérþekkingu þeirra.

Komi það atriði fyrir í sérstökum tilfellum, að fullkomnari sérþekkingar þurfi með, er skoðunarmanni heimilt að fá sér sérfræðilega aðstoð.

Skoðun á opnum bát, hvort sem hann er með vél eða án vélar, skal framkvæmd af einum manni, er til þess sé nægilega sérfróður.

21. gr.

Eiganda skips eða útgerðarmanni eða skipstjóra er skylt að sjá um, að lögskipaðar skoðanir séu gerðar á skipi.

22. gr.

Skipaskoðunarmenn skulu gera skoðun á skipi tafarlaust er þess er óskað, eða svo fljótt sem því verður við komið. Skoðun skal jafnan, ef þess er kostur, hagað svo, að sem minnst töf verði á ferðum skipsins eða vinnu á því.

Skipaskoðunarmönnum skal frjáls aðgangur að skipinu og öllum rúmum í því. Þeir skulu eiga rétt á að athuga öll áhöld skips og búnað. Þeim skal heimilt að krefjast þess, að farmur sé tekinn úr skipi, skip sett á land eða vélar hreyfðar, sé það nauðsynlegt vegna skoðunarinnar.

Eiganda skips, útgerðarmanni, skipstjóra og skipshöfn er skylt að láta skipaskoðunarmönnum í té nauðsynlega aðstoð við skoðunina og að gefa þeim þær upplýsingar um skipið og öryggi þess, er þeir krefjast.

23. gr.

Lögreglustjóri, skipaskoðunarstjóri, eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, eða í tilfellum þeim, er ræðir um í 59. gr. sjómannalaga, nr. 41 19. maí 1930, meiri hluti skipshafnar eða vélstjóri, geta krafizt yfirskoðunar á skipi. Yfirskoðun gera helmingi fleiri menn en áður skoðuðu þann hluta skipsins, er ágreiningnum veldur, og skulu þeir hafa þá sérþekkingu, er til þess þarf. Lögreglustjóri tilnefnir yfirskoðunarmenn í hverju einstöku tilfelli. Skal úrskurður yfirskoðunarmanna um ástand skips, véla eða búnaðar þess vera fullnaðarúrskurður.

24. gr.

Þeir menn, er samkvæmt 23. gr. í lögum þessum geta krafizt yfirskoðunar á skipi, geta og krafizt þess, að skipaskoðunarmenn staðfesti skoðun sína með eiði. Eiðurinn skal tekinn af þeim í sjódómi.

25. gr.

Kostnað allan við skipaskoðanir greiðir skipseigandi. Ákvæði 2. liðs 59. gr. sjómannalaga, nr. 41 19. maí 1930, skulu þó enn vera í gildi.

Nú hefir skip reynzt óhaffært við skoðun, en yfirskoðun, sem gerð er samkvæmt kröfu eiganda skips, útgerðarmanns eða skipstjóra, telur skipið haffært, og greiðir þá ríkissjóður kostnað við yfirskoðunina.

26. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að fela stjórn þeirra ríkja, sem staðfest hafa Lundúnasamþykktina frá 31. maí 1929 um öryggi mannslífa á sjónum, að framkvæma erlendis skoðun á íslenzkum skipum, sem ofangreind Lundúnasamþykkt nær til, og gefa út haffæris- og hleðslumerkjaskírteini fyrir þau.

27. gr.

Til þess að fullnægja ákvæðum téðrar Lundúnasamþykktar og annara alþjóðasamninga, ef samþykktir hafa verið, getur atvinnumálaráðuneytið gefið út reglur um það, hvernig skip skuli skipað mönnum og hvernig verkum skuli hagað á skipinu. Ennfremur getur ráðuneytið sett reglur um það, hvað til þess þurfi, að starfsmenn á skipinu, aðrir en þeir, sem verða að fullnægja kröfum þeim, sem lögin um atvinnu við siglingar og vélgæzlu setja, geti fengið vottorð um að vera hæfir til starfa þeirra, er þeim eru ætluð.

28. gr.

Þegar aðalskoðun fer fram á flokkuðu skipi, sem er í einhverju af hinum viðurkenndu flokkunarfélögum, skal sú skoðun, sem fór fram á skipinu til endurnýjunar á flokknum, talin fullnægjandi um styrkleika bols, véla og eimkatla, ef farið hefir verið eftir reglum, sem settar hafa verið samkvæmt Kaupmannahafnarsamþykktinni frá 28. janúar 1926, um haffærni og búnað skipa, og um samvinnu milli viðurkenndra flokkunarfélaga og skipaskoðunarinnar.

29. gr.

Öll íslenzk skip, sem eru í förum milli Íslands og annara landa, skulu vera með hleðslumerkjum og hafa hleðslumerkjaskírteini samkvæmt alþjóðasamþykkt, gerðri í London 5. júlí 1930.

Undanskilin þessum ákvæðum eru skip, sem eru undir 150 rúmlestir, og skip, án tillits til stærðar, sem eingöngu eru notuð til fiskveiða, ennfremur skemmtiskip og skip, sem notuð eru í öðrum tilgangi en til flutnings á fólki og vörum.

Atvinnumálaráðuneytið skal með reglugerð setja nánari reglur um mælingar og skoðanir, er gerðar skuli á skipum til ákvörðunar hleðslumerkja.

Kostnaður allur við ákvörðun hleðslumerkja greiðist af skipseiganda, eftir gjaldskrá, er atvinnumálaráðuneytið setur.

30. gr.

Þegar hleðslumerki hefir verið ákveðið, skal skipaskoðunarstjóri gefa skipinu hleðslumerkisskírteini. Skal það fylgja skipsskjölunum og ávallt sýnt bæði við tollgreiðslu og þegar þess er krafizt af yfirvöldunum.

Hafi skip hleðslumerkisskírteini, útgefið af þar til bærum erlendum stjórnarvöldum eða skipaflokkunarfélagi, getur skipaskoðunarstjóri gefið því íslenzkt hleðslumerkisskírteini í þess stað, án þess að láta mælingu þá eða skoðun, er með þarf til ákvörðunar hleðslumerkis, fara fram.

Nú er skipið flokkað í skipaflokkunarfélagi, er atvinnumálaráðuneytið tekur gilt, og skal þá hleðslumerkjaskírteini þess gilda á meðan skipið heldur sama flokki, en þó ekki lengur en í 5 ár.

Nú er skipi breytt þannig, að ætla má, að farmborð skipsins breytist, og er þá hleðslumerkjaskírteini þess úr gildi fallið.

31. gr.

Skip telst óhaffært, sé það svo hlaðið, að það liggi dýpra en hleðslumerki þess leyfa.

32. gr.

Marka skal á fram- og afturstefni allra skipa, sem stærri eru en 100 rúmlestir, mælikvarða í desímetrum annarsvegar en í enskum fetum hinsvegar, er sýni, hve djúpt skipið liggi í sjó. Kostnað við þetta greiði skipseigandi.

33. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur falið viðurkenndum skipaflokkunarfélögum, gegn þeirri ábyrgð, er það telur nægilega, að framkvæma skoðun og mælingu til ákvörðunar á hleðslumerkjum skipa og gefa því hleðslumerkjaskírteini samkvæmt 12. gr. Lundúnasamþykktarinnar frá 5. júlí 1930.

34. gr.

Nú er skipi lagt úr höfn óskoðuðu, enda þótt skylt hefði verið að skoða það samkvæmt lögum þessum, og ferst það, og er þá eigandi skaðabótaskyld-

ur þeim, er fyrir tjóni verða við skiptapann, hvort heldur fyrir missi fyrirvinnu eða eigna, nema sannað sé, að slysið hafi eigi hlotizt af óforsvaranlegu ástandi skips eða útbúnaði.

35. gr.

Nú vanrækir skipstjóri að láta gera skoðun á skipi, er skylt var að gera samkvæmt lögum þessum, og varðar það hann sektum, frá 50 kr. allt að 5000 kr. Sömu refsingu sætir skipseigandi eða útgerðarmaður, eigi þeir sök á vanrækslunni.

Önnur brot gegn lögum þessum, eða gegn tilskipunum eða reglugerðum, er settar eru samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 5000 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

36. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum, eða gegn reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

37. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 58 14. júní 1929, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, og lög um viðauka við téð lög frá 23. júní 1932.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni atvinnumálaráðherra, en nefndin áskilur sér rétt til frekari athugunar og breytinga á einstökum greinum.

Frumv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Tvær alþjóðasamþykktir hafa verið settar í London, önnur frá 31. maí 1929, um öryggi mannslífa á sjónum, og gekk hún í gildi fyrir Ísland 6. apríl 1933, sbr. auglýsingu nr. 9 22. apríl 1933 í A-deild Stjórnartíðindanna, og hin frá 5. júlí 1930, um hleðslumerki skipa, og gekk hún í gildi fyrir Ísland 1. janúar 1933, sbr. auglýsingu nr. 1 18. janúar 1933 í A-deild Stjórnartíðindanna.

Til þess að samræma ákvæði íslenzkra laga við fyrirmæli téðra alþjóðasamþykkta, hefir skipaskoðunarstjórinn samið frumvarp þetta til breytinga á lögum nr. 58 14. júní 1929, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra. Hafa breytingar hans verið færðar inn í lögin til þess að þau verði lögð fyrir Alþingi sem frumvarp til laga um eftirlit með skipum. Þykir þetta hentugra heiti á lögunum en hið eldra.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal það tekið fram, sem hér fer á eftir:

Um 2. gr.

Þessari grein hefir verið breytt þannig, að horfið er frá því að gefa skipaskoðunarreglurnar út með konunglegri tilskipun, heldur með reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur. Þetta er langtum umsvifaminna, en hefir sama gildi.

Um 5. gr.

Það hefir orkað tvímæla, hvaða skip væru skoðunarskyld, og einnig það, hvað átt sé við með orðunum „eina vertíð á ári eða lengur“. Vegna þessa hefir greininni verið breytt, og þá þótt rétt að láta lengd bátsins skera úr um það, hvort báturinn sé skoðunarskyldur eða ekki, sé hann á annað borð notaður til fiskjar eða flutninga. Ennfremur þótti það rétt, að gera þá báta skoðunarskylda, sem flytja farþega á vötnum, en slíkir flutningar hafa mikið aukizt síðustu árin, við bættar samgöngur.

Um 6. gr.

Þar sem fjármálaráðuneytinu í 3. gr. laga um „skráningu skipa“ er heimilað að fela skipaskoðunarstjóra að framkvæma öll dagleg störf, er að skráningu lýtur, hafa samskonar ákvæði verið felld úr þessari grein.

Um 11. gr.

Lögreglustjórum landsins hefir hingað til verið falið að gefa út öll haffærisskírteini skipa, en með því að líkindi eru til þess, að skoðunin á ísl. farþegaskipum verði flutt heim, en skoðun þessi hefir verið framkvæmd af Dönum, og í samræmi við alþjóðareglurnar frá 31. maí 1929 „um öryggi mannslífa á sjónum“, virðist rétt, að skipaskoðunarstjóri gefi út öll öryggisskírteini farþegaskipa, og er það í fullu samræmi við það, sem gert er af öðrum þjóðum, því enginn annar en forstjóri tilsvarandi stofnana erlendis gefur út þessi skírteini, enda málunum kunnugastir.

Um 18., 26., 27. og 28. gr.

Þessar greinar eru teknar upp úr viðauka frá 23. júní 1932 við lög nr. 58 14. júní 1929, um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, og þurfa þær engra skýringa við.

Um 20. gr.

Þessari grein hefir verið breytt í samræmi við það, sem venja er nú hjá öðrum þjóðum, og sem í framkvæmdinni hefir reynzt að vera bezt.

Um 27. gr.

Hér eru ákvæði um það, að þegar yfirskoðun fer fram, þá þurfi ekki helmingi fleiri menn en skoðuðu bát og vél, heldur helmingi fleiri en skoðuðu þann hluta skips eða vélar, sem ágreiningnum olli.

Með þessu móti verður yfirskoðunarkostnaðurinn helmingi minni, og gefur það mönnum frekar tilefni til að biðja um yfirskoðun, finnist þeim þeir vera misrétti beittir.

Um 29. gr.

Þessari grein er breytt í samræmi við alþjóðasamþykkt frá 5. júlí 1930 um hleðslumerki skipa.

Um aðrar greinar frumvarpsins þykir ekki ástæða til að fjölyrða.

Nd. 209. Breytingartillaga

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur].

Flm.: Pétur Ottesen.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Sýslubókasafn Borgarfjarðarsýslu.

Ed. 210. Frumvarp til laga

um viðauka við og breyting á lögum nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað 1. málsgr. 6. gr. laganna komi:

Í stjórn hvers sparisjóðs mega ekki vera færri en 3 menn, og skal einn þeirra vera formaður. Reki sparisjóður almenna hlaupareiknings- og innheimtustarfsemi, skal stjórnin skipuð 5 mönnum. Sé sjóðurinn eign sýslu- eða bæjarfélags, skal stjórnin kosin af hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn með hlutfallskosningu og stjórnin velja sér formann.

Stjórn sparisjóða, sem eru sjálfseignarstofnanir og hafa á hverjum tíma minnst ábyrgð 20 manna í kaupstöðum eða 12 manna utan kaupstaða, skal kosin þannig, að meiri hlutinn, 2 af 3 eða 3 af 5, skulu kosnir af ábyrgðarmönnum á aðalfundi sparisjóðsins, sem haldinn skal eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, hinir stjórnarmennirnir, 1 af 3 eða 2 af 5, skulu kosnir á sama tíma af viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd. Hlutfallskosning skal viðhöfð, ef óskað er, þegar tvo eða fleiri skal kjósa.

Stjórn sparisjóða, sem eigi eru eign sýslu- eða bæjarfélaga eða félaga einstakra manna, og eigi heldur hafa ábyrgð svo margra manna, er í annari málsgrein segir, skal kosin af viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn með hlutfallskosningu.

Um kosningu í stjórn sparisjóða, sem eru eign hreppsfélaga eða félaga einstakra manna, fer sem fyrir er mælt í lögum eða reglugerðum viðkomandi sjóða.

Kosningar í sparisjóðsstjórnir gilda til eins árs. Stjórn sparisjóðs ræður starfsmenn hans og hefir umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

2. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætist:

Ekki mega þeir heldur reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

3. gr.

Á eftir orðunum „endurskoðunarmenn“ í upphafi 19. gr. laganna komi: kosnir til eins árs af viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd með hlutfallskosningu.

4. gr.

Nú er stjórn og endurskoðendur sparisjóðs ekki skipuð í samræmi við ákvæði þessara laga, og ber þá að kjósa lögmæta stjórn innan þriggja mánaða frá því að lögin öðlast gildi. Fjármálaráðherra getur þó veitt lengri frest, ef sérstaklega stendur á.

5. gr.

Fjármálaráðuneytið annast eftirlit með öllum sparisjóðum í landinu. Skal það hafa nákvæmt eftirlit með því, að starfsemi og rekstur sparisjóðanna og stjórn þeirra sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og önnur fyrirmæli, sem fylgja ber. Skal það annast um, að tafarlaust sé kippt í lag öllu því, sem ábótavant kann að vera, og getur það stöðvað rekstur sparisjóðs, ef ástæða þykir til, meðan ekki er bætt úr ágöllunum. Ráðuneytið á heimtingu á því að fá aðgang að öllum skjölum og skilríkjum sparisjóðanna vegna eftirlitsins.

6. gr.

Kostnað þann, sem fjármálaráðuneytið kann að hafa vegna eftirlitsins, skal greiða úr ríkissjóði, en sparisjóðir skulu endurgreiða ríkissjóði kostnaðinn í hlutfalli við samanlagðar inn- og útborganir þeirra síðastliðið ár.

7. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 48 20. júní 1923, um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

9. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal færa texta þeirra inn í meginmál laga nr. 11 3. nóv. 1915, um sparisjóði, og gefa þau út svo breytt sem lög frá Alþingi.

Ed. 211. Þingsályktun

um undirbúning lagasetningar um heimilisfang.

(Afgreidd frá Ed. 19. marz).

Samhljóða þskj. 87.

Ed. 212. Frumvarp til laga

um sölu og flutning á kartöflum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að leggja fyrir innflutningsnefnd að takmarka, svo sem frekast þykir fært, og jafnvel fella niður með öllu veitingar

leyfa til innflutnings á kartöflum þann tíma árs, sem nægar birgðir eru til í landinu af innlendum, markaðshæfum kartöflum.

Við veitingu innflutningsleyfa á kartöflum skal, eftir því sem við verður komið og fært þykir, taka tillit til þess, hvort umsækjandi hefir verzlað með innlendar kartöflur og í hve stórum stíl, og mælir það með leyfisveitingu, að öðru jöfnu, ef umsækjandi hefir lagt sig fram um sölu á innlendum kartöflum.

2. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að fela Búnaðarfélagi Íslands að safna skýrslum í tæka tíð um það kartöflumagn, er framleiðendur óska að selja af ársuppskeru hverri, svo og um það, á hvaða tíma kartöflurnar geta verið tilbúnar til flutnings á markaðsstaði.

Skylt er þeim mönnum, er Búnaðarfélag Íslands leitar til í þessum efnum, að gefa umbeðnar skýrslur.

3. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að ákveða með reglugerð, hvaða skilyrðum innlendar kartöflur skuli fullnægja, til þess að geta talizt markaðshæfar. Svo má og í reglugerð ákveða, að allar kartöflur, sem afgreiddar eru til sölu, nema beint til neytenda sé, skuli merktar upprunamerki, sem sé nafn sýslu og útflutningshafnar eða sveitarfélags, ef flutningur fer fram landveg, á spjald, er fest sé við hvern kartöflupoka.

Landbúnaðarráðherra er ennfremur heimilt að setja með reglugerð hámarksverð á innlendar kartöflur.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 1000.00. Með mál út af slíkum brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 213. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 22 6. okt. 1919, um hæstarétt, og lögum nr. 37 4. júní 1924, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

5. gr. laga nr. 22 1919 orðist þannig:

Eigi má dóm setja með færri dómendum en 3.

Ef autt verður sæti forseta dómsins, kjósa hinir dómendurnir forseta í stað hans þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans. Ef forseti víkur sæti í máli eða forfallast, þá kjósa hinir dómendurnir forseta, meðan hins reglulega forseta er ekki kostur.

Nú víkur hæstaréttardómari sæti í máli, og velur þá dómsmálaráðherra, að fengnum tillögum dómsins, einhvern kennara lagadeildar háskólans eða einhvern meðal hæstaréttarmálflutningsmanna eða einhvern héraðsdómara, sem fullnægir skilyrðum þessara laga, til þess að vera skipaður dómari í hæstarétt, og er þeim skylt að taka við þeirri kvaðningu.

Nú forfallast dómari, eða sæti hans verður laust af öðrum ástæðum, og velur þá dómsmálaráðherra, að fengnum tillögum dómsins, einhvern lagakennara háskólans til að taka sæti í dóminum, þar til hinn reglulegi dómari tekur þar aftur sæti eða þar til nýr dómari verður skipaður.

Hæstiréttur ákveður þóknun handa dómurum, er taka sæti í dóminum í einstöku máli eða til bráðabirgða eftir þessari grein, fyrir hvert mál, er þeir taka þátt í dómi eða úrskurði.

2. gr.

6. gr. laga nr. 22 1919 breytist þannig:

a. Við 1. tölul. bætist:

Þó má veita þeim, er fengið hafa 2. einkunn við lagapróf, dómaraembætti, ef hæstiréttur mælir með honum, enda hafi hann sýnt sérstaka hæfileika sem fræðimaður í lögum eða lögfræðistörfum að öðru leyti.

b. 2. tölul. orðist þannig:

Hafi verið 3 ár hið skemmsta kennari í lögum við háskólann, hæstaréttarmálflutningsmaður, hæstaréttarritari, skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, héraðsdómari, eða 5 ár fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu, lögmanns eða bæjarfógeta í Reykjavík, við samningu dóma og úrskurða, eða fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík við rannsóknir opinberra mála og samningu dóma í þeim, eða sýnt verulega yfirburði í lögfræði með fræðimennsku eða á annan hátt.

c. 4. tölul. fellur niður.

d. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo látandi:

Áður en dómaraembætti í hæstarétti er veitt, skal leita umsagnar dómsins um dómaraefni.

3. gr.

9. gr. laga nr. 22 1919 og 4. gr. laga nr. 37 1924 hljóði svo:

Hæstiréttur skipar dóminum ritara og ræður aðra starfsmenn dómsins. Hæstaréttarritari skal hafa lokið embættisprófi í lögum og fullnægja að öðru leyti almennum dómaraskilyrðum. Laun ritara skulu ákveðin í launalögum. Dómurinn ákveður þóknun annara starfsmanna sinna.

4. gr.

21. gr. laga nr. 22 1919 breytist þannig:

a. Fyrir „3 vikum“ í 1. tölul. komi: viku.

b. Fyrir „Fresturinn skal vera ... einkamálum í héraði“ í 1. málsgr. 2. tölul. komi: Frestur skal fara eftir lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í héraði.

c. Orðin „en eigi má hann lengri vera ... í þeim lögum“ í niðurlagi 2. málsgr. 2. tölul. falli burt.

5. gr.

22. gr. laga nr. 22 1919 breytist þannig:

Setningin „Skal sækjandi og verjandi ... þingfesting“ falli niður.

6. gr.

24. gr. laga nr. 22 1919 breytist þannig:

Fyrir „25 krónum“ í 2. og 3. málsgr.: komi: 50 krónum.

7. gr.

37. gr. laga nr. 22 1919 breytist þannig:

Fyrir „14 dögum áður en mál skal þingfesta“ komi: viku áður en mál skal flytja munnlega.

8. gr.

44.—47. gr. laga nr. 22 1919 og 6. gr. laga nr. 37 1924 falli niður. En í stað þeirra komi nýr kafli, er verði VII. kafli, með fyrirsögn: Um uppsögu dóma og úrskurða o. fl.

9. gr.

44. gr. laga nr. 22 1919 orðist þannig:

Dóma og úrskurði skal kveða upp svo fljótt sem unnt er, þegar málflutningi er lokið. Ef mál er munnlega flutt, má að jafnaði ekki fyrir taka munnlegan flutning annars máls fyrr en dómur er ákveðinn.

10. gr.

45. gr. laga nr. 22 1919 og 6. gr. laga nr. 37 1924 orðist þannig:

Áður en dómur eða úrskurður er uppkveðinn í máli, sem flutt hefir verið munnlega, skulu dómendur ræða með sér fyrir luktum dyrum ástæður og niðurstöðu dóms eða úrskurðar, nema útivistardómur sé, og fer þá atkvæðagreiðsla fram. Atkvæði greiðir sá fyrstur, sem til er kjörinn hverju sinni, enda færi hann atkvæði sitt í letur, er verður frumvarp að dómi eða úrskurði. Nú greinast dómendur í meiri og minni hluta, og ákveður meiri hlutinn þá þann dómara, er frumvarp að dómi semur, en minni hlutinn semur þá sératkvæði. Síðan gengur dómurinn í heild eða þeir, er sammála verða, ef ágreiningur verður, frá dómi eða úrskurði.

Forseti stýrir ráðagerðum, ber fram spurningar og telur atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum.

11. gr.

46. gr. laga nr. 22 1919 orðist svo:

Nú er mál skriflega flutt, og skal þá sá dómari, sem þar til verður kjörinn, gera frumvarp að dómi eða úrskurði. Síðan ganga skjöl málsins og frumvarpið milli hinna dómendanna, er gera svo tillögur sínar um málið. Ef breytingartillögur koma fram við frumvarpið eða ágreiningur verður um forsendur eða niðurstöðu, skal fund halda um málið og ákveða dóm eftir því, er í 45. gr. segir.

12. gr.

Sá dómari, sem greitt hefir atkvæði með heimvísun máls, ómerkingu eða frávísun, en orðið í minni hluta, skal atkvæði greiða um efni máls eftir því, sem við á, og gildir það jafnt, hvort sem mál er flutt munnlega eða skriflega.

Öll atkvæði skal rita á samskonar arkir, er dómurinn leggur til, og skulu þær geymdar og innbundnar að lokum með sama hætti sem afsals- og veðmálabækur samkvæmt lögum nr. 30 7. maí 1928, og eru það atkvæðabækur dómsins.

13. gr.

47. gr. laga nr. 22 1919 orðist þannig:

Í dómi skal greina:

1. Nöfn aðilja, heimili og stöðu, ef unnt er.
2. Greinargerð um kröfur aðilja í einkamálum. Að því leyti, sem greinargerð um málsatvik í hinni áfrýjuðu dómsathöfn þykir ábótavant, skal úr því bætt í forsendum hæstaréttardóma. Ef og að því leyti, sem niðurstöðu áfrýjaðrar dómsathafnar er breytt í hæstarétti, skal hann rökstyðja breytinguna. Nú fellst hæstiréttur á niðurstöðu áfrýjaðrar dómsathafnar, og greinir hann þá rök sín í forsendum.

14. gr.

Á eftir 47. gr. komi ný (48.) gr., svo látandi:

Niðurlag dóms eða úrskurðar skal lesa upp í dómi í heyranda hljóði. Að því loknu skal þess getið, ef ágreiningur hefir verið um niðurstöðu, og lesa þá upp á sama hátt niðurlag ágreiningsatkvæðis.

Alla dóma hæstaréttar og úrskurði og öll ágreiningsatkvæði skal orðrétt birta jafnharðan í dómasafni hans, enda fylgi hverju bindi af því rækilegt efnisyfirlit. Sá af dómendum, sem dómurinn felur það, annast útgáfu dómasafnsins og fyrir þá þóknun, sem dómurinn ákveður.

15. gr.

Eftir 48. gr. komi ný (49.) gr., svo hljóðandi:

Dómar og úrskurðir skulu byggðir á því, sem fram hefir komið af hendi málflytjenda og sannað er eða viðurkennt.

Í opinberum málum er hæstiréttur þó ekki bundinn við kröfur málflytjenda, og er rétt að hækka refsingu eða lækka, sýkna eða sakfella, hvernig sem kröfur eru gerðar og hvort sem dómi er áfrýjað að tilhlutun ríkisvalds eða sökunauts.

16. gr.

Á eftir 49. gr. komi ný (50.) gr., svo hljóðandi:

Aðfararfrest skal engan setja í hæstaréttardóma, nema maður sé dæmdur til að vinna verk. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Dómsgerðir hæstaréttar skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans og nafni forseta undir.

Hæstaréttarritari undirritar dómseftirrit og önnur endurrit úr bókum eða skjölum dómsins.

17. gr.

VII. kafli laga nr. 22 1919 verði VIII. kafli og 48.—50. gr. verði 51.—53. gr.

18. gr.

VIII. kafli laga nr. 22 1919 fellur niður, að því leyti sem ákvæði hans eru enn í gildi.

19. gr.

IX. kafli laga nr. 22 1919 verði VIII. kafli, og breytist greinatalan samkvæmt því, er að framan segir.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þá er lög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal fella texta þeirra og þess, sem enn er í gildi af lögum nr. 37 1924, inn í texta laga nr. 22 1919 og gefa þau lög, þannig breytt, út sem lög um hæstarétt, og skal þá upphaf núverandi 57. gr. laga nr. 22 1919 hljóða svo:

Lög þessi koma til framkvæmdar þegar í stað. Með lögum um hæstarétt eru úr gildi numin eftirfarandi lagaákvæði:

Nd. 214. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Sigfúsi Jónssyni og Jóni Sigurðssyni.

Aftan við 1. gr. bætist:

Á eftir C. 10 í 2. gr. laganna bætist nýr liður:

Blönduhlíðarvegur: Frá Héraðsvatnabrú á Grundarstokk um Blönduhlíð og Hofstaðapláss, út yfir Gljúfurá á Hofsósveg.

Ed. 215. Nefndarálit

um frv. til laga um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar er því hlynntur, að sú tilraun, sem um ræðir í frumvarpinu, verði gerð. Það væri vissulega hagkvæmt þjóðarbúinu, ef hægt væri að gera íslenzkar bergtegundir að útflutningsvöru, en þess er naumast að vænta, að í slíkar tilraunir verði ráðizt, nema veitt sé sérleyfi, svipað því, sem hér er farið fram á. Er hér ekki um lengri sérleyfistíma að ræða en svo, að varla getur orðið hagalegt. Leggur því meiri hlutinn til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 19. marz 1935.

Magnús Jónsson, frsm. Bernharð Stefánsson, fundaskr.

Nd. 216. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur].

Flm.: Hannes Jónsson.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Sýslubókasafn Vestur-Húnavatnssýslu.

Nd. 217. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, framlengist til 1. júlí 1936.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög þau, er hér um ræðir, voru framlengd á síðasta þingi, en aðeins til 1. júlí 1935. Ástæður þær, er lágu til þess að lögin upprunalega voru samþykkt, eru enn fyrir hendi, og með tilliti til saltkjötssölu á næsta hausti er brýn nauðsyn að framlengja lögin nú þegar, áður en þingi verður frestað.

Ed. 218. Nefndarálit

um frv. til l. um eftirlit með sjóðum og sjálfseignarstofnunum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frumvarpi þessu er sett á stofn „Sjóðaeftirlit ríkisins“, stofnun með forstjóra, er hefir 6000 króna laun, og vafalaust einhverju aðstoðarfólki, auk 3 gæzlustjóra.

Sjálfsagt má færa einhver rök fyrir því, að meira eftirlit þurfi að hafa með gjafasjóðum hér á landi en verið hefir, þótt langt sé frá því, að hægt sé að benda á, að nokkurt verulegt tjón hafi hlotizt af því eftirlitsleysi hingað til. Flestir opinberir sjóðir, sem nokkru verulegu máli skiptir um, eru í umsjón stjórna, sem rækja þau störf vel og hafa sjóðina í ágætri reglu. Ennfremur hefir nú verið gerð gangskör að því að fá skýrslur um alla sjóði. Og loks voru á síðasta Alþingi sett lög um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá. Eru samkvæmt þeim lögum kosnir þrír menn til þess að framkvæma þetta eftirlit. En þessi lög eru svo ný, að árangurs þeirra er ekki farið að gæta.

Mér finnst einsætt, eins og nú horfir um fjárhagsafkomu ríkissjóðs, að forðast það eftir megni, að setja á fót nýjar og alldýrar stofnanir, ef hægt er að vinna sömu störf á ódýran hátt þannig, að forsvaranlegt sé. Tel ég því rétt að láta nú sitja við lögin frá síðasta þingi um þetta efni, þar til reynslan hefir prófað það fyrirkomulag. Mætti þá ef til vill bæta eitthvað um það og færa út verksvið eftirlitsmanna, ef þörf virtist á.

Ég legg því til, að frumvarp þetta verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að enn er ekki fengin nein reynsla fyrir árangri laga nr. 29 1934, um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá, og með því að innan handar er að auka og endurbæta þá löggjöf, ef reynslan sýnir, að hún sé ófullnægjandi, og með því að fjárhagsafkoma ríkissjóðs hvetur sízt til þess að stofna nú til aukins kostnaðar að þarflitlu, telur deildin frekari löggjöf um þetta efni ótímabæra og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 20. marz 1935.

Magnús Jónsson.

Nd. 219. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Aftan við 1. gr. bætist:
Á eftir C. 15. í 2. gr. laganna komi nýr liður:
Langanessvegur: Frá Þórshöfn út Langanes að Skálum.

Nd. 220. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 6. okt. 1919, um hæstarétt, og l. nr. 37 4. júní 1924, um breyt. á þeim lögum.

Frá Magnúsi Torfasyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein:
   Hæstarétt skipa 5 dómarar, og er einn þeirra forseti dómsins. Konungur skipar dómarana, en þeir kjósa sér forseta til ekki skemmri tíma en árs í senn.
2. Við 1. gr.
   a. Á eftir 1. málsgr. komi: Með konunglegri tilskipun skal kveðið á um, hvenær dóm skal setja með 5 dómendum.
   b. Við 2. málsgr. Orðið „dómsins“ falli niður.

c. Við 3. málsgr. Upphaf mgr. orðist svo: Nú verður dómur ekki fullskipaður, sakir þess að dómari eða dómarar víkja sæti í máli, o. s. frv.

3. Á eftir 1. málsgr. 20. gr. komi: Dómarar skulu þó aðeins vera 3 þangað til fé er veitt í fjárlögum til fjölgunar dómurum.

Nd. 221. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Pétur Ottesen.

Framan við frumvarpsgreinina komi: Á eftir B. 5. í 2. gr. laganna komi nýir liðir:

a. Reykholtsdals- og Hálsasveitarvegur: frá Kláfafossbrú að Lambá.

b. Lundarreykjadalsvegur: frá Götuási á Uxahryggjaveg gegnt Gilstreymi.

Ed. 222. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um vistarskóla fyrir vanheil börn og unglinga.

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

Hefir stjórnin látið fara fram rannsókn samkvæmt þingsályktun frá síðasta þingi um vistarskóla fyrir vanheil börn og unglinga?

Ef svo er, hvað hefir rannsóknin þá leitt í ljós?

Ed. 223. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um fræðandi erindi um áhrif tóbaksnautnar.

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

Á síðasta Alþingi samþykkti efri deild þingsályktun um að fela ríkisstjórninni að láta flytja fræðandi erindi um áhrif tóbaksnautnar við þá skóla, er njóta ríkisstyrks, og að sjá til þess, að ákvæðum fræðslulaga í þeim efnum sé fullnægt í barnaskólum landsins.

Hverjar eru framkvæmdir stjórnarinnar í þessu máli?

Nd. 224. Breytingartillögur

við frv. til laga um sveitarstjórnarkosningar.

Flm.: Thor Thors, Bergur Jónsson, Garðar Þorsteinsson.

1. Við 2. gr. 2. málsl. orðist svo: Hreppsnefndir skulu skipaðar 3—7 mönnum.

2. Við 17. gr. Á undan greininni komi ný grein, er verður 17. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Allar kosningar samkvæmt lögum þessum skulu leynilegar. Bæjarstjórnir skulu kosnar með hlutfallskosningum. Sama gildir um hreppsnefndir, ef 1/10 kjósenda krefst þess skriflega við oddvita kjörstjórnar, 6 vikum fyrir kjördag.

3. 1. málsl. 17. gr., er verður 18. gr., orðist svo: Þegar bæjarstjórnar- eða hlutbundnar hreppsnefndarkosningar eiga að fara fram, skulu framboðslistar .... o. s. frv. út málsl.
4. Við 22. gr.
   a. 2. málsgr. orðist svo: Kjörseðil við hlutfallskosningar skal gera þannig:
   b. Á eftir 3. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi: Kjörseðla við óhlutbundnar kosningar skal gera alla jafnstóra, með sama lit, úr strikuðum pappír, þannig:

Nr. á kjörskrá

Aðalmenn:

.....

.....

.....

.....

.....

.....

Nr. á kjörskrá.

Varamenn:

.....

.....

.....

.....

.....

.....

5. Við 24. gr.
   a. Á undan orðinu: „hreppsnefndarkosningar“ í 2. málsl. komi: hlutbundnar.
   b. Síðustu málsl. orðist svo: Atkvæðagreiðsla við óhlutbundnar hreppsnefndarkosningar fer fram með þeim hætti, að kjósandi gengur inn í kjörklefann að borði því, er þar stendur, og athugar, hvaða tala stendur á kjörskránni fyrir framan nöfn þeirra, er hann vill velja sem aðalmenn og varamenn, og skrifar þær með ritblýi á kjörseðilinn, hverja tölu fyrir neðan aðra. Að öðru leyti fer um þessar kosningar svo sem um óhlutbundnar kosningar til Alþingis. Um skil af hendi undirkjörstjórna til yfirkjörstjórna fer einnig á sama hátt og við kosningar til Alþingis.
6. Við 25. gr.
   a. Á undan orðinu: „hreppsnefndarkosningar“ í 1. málsl. komi: hlutbundnar.

b. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Ef um óhlutbundnar kosningar er að ræða, fer talning atkvæða fram með þeim hætti, að formaður kjörstjórnar les upp tölurnar, sem á kjörseðlinum standa, og réttir hann svo meðkjörstjórum til athugunar, en þeir merkja jafnótt á blað atkvæðatöluna við nafn hvers, sem kosinn er. Þeir, sem flest atkvæði hafa fengið sem aðalmenn, skulu rétt kjörnir sem aðalmenn, og þeir, sem flest atkvæði hafa sem varamenn, skulu rétt kjörnir varamenn.

7. Við 29. gr. 1. málsl. orðist svo: Kosningar í nefndir, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs, skulu jafnan vera leynilegar og ennfremur hlutbundnar, ef þess er krafizt og fleiri skal kjósa en einn mann.
8. Við 30. gr. 2 fyrstu málsgr. falli niður.
9. Við 31. gr.
   a. Á eftir orðunum „hreppsnefndarmanna“ komi: kosinna hlutbundnum kosningum.
   b. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Varamenn hreppsnefndarmanna kosinna óhlutbundnum kosningum taka sæti þannig, að fyrsti varamaður tekur sæti fyrsta aðalmanns, annar varamaður tekur sæti annars aðalmanns o. s. frv.

10. Við XVI. kafla. Fyrirsögn kaflans hljóði þannig: Kosningar í sýslunefndir og innan sýslunefnda.
11. Á undan 32. gr. komi 2 nýjar greinar, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):
    a. (32. gr.). Í hreppi hverjum skal kjósa einn sýslunefndarmann til 4 ára og einn varamann til sama tíma. Sýslumaður er oddviti kjörstjórnar, og skipa hana með honum 2 hreppsbúar, er sýslunefnd kýs.

Nú fara sýslunefndarmaður og varasýslunefndarmaður báðir úr nefndinni áður en kjörtímabil þeirra er liðið, og skal þá þegar kjósa í þeirra stað fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu. Til kjörfundar skal boða skriflega með a. m. k. 8 daga fyrirvara. Kosningu sýslunefndarmanns skal haga í samræmi við óhlutbundnar hreppsnefndarkosningar. Kæra má kosningu skriflega innan 14 daga, og sker sýslunefnd úr.

    b. (33. gr.): Nú er hreppi skipt, og gengur þá sýslunefndarmaður hans og varasýslunefndarmaður þegar úr sýslunefnd. Á næsta manntalsþingi á eftir skal kjósa sýslunefndarmann og varasýslunefndarmann í hinum nýju hreppum fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu.
12. Við 32. gr. Á eftir orðunum „er hún kýs menn til“, komi: ef þess er krafizt.
13. Við 33. gr. 1. málsl. orðist svo: Bæjarstjórn eða hreppsnefnd úrskurðar, hvort bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður hafi misst kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn.
14. Aftan við 2. málsgr. 26. gr. bætist: Samsvarandi gildir um kosningu sýslunefndarmanna.

Ed. 225. Breytingartillaga

við frv. til laga um viðauka við og breyting á lögum nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði.

Frá allsherjarnefnd.

Við 9. gr. Greinin falli niður.

Nd. 226. Frumvarp til laga

um heimild til að taka eignarnámi land handa kaupfélagi Rangæinga á Rauðalæk.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Gísli Guðmundsson, Bjarni Bjarnason.

1. gr.

Taka má eignarnámi handa kaupfélagi Rangæinga á Rauðalæk, úr landi Brekkna og Efri-Rauðalækjar í Holtahreppi, allt að 40 hektara ræktaðs lands, hið næsta húseignum kaupfélagsins við Rauðalæk.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæma samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni kaupfélags Rangæinga.

Kaupfélag Rangæinga er stofnað árið 1930 og hefir síðan haft aðsetur og rekið verzlun við Rauðalæk í Rangárvallasýslu. Þar á það allstórt hús, en skortir algerlega landréttindi. Og þrátt fyrir margítrekaða samningaumleitun hefir ekki enn þá tekizt að útvega félaginu allra nauðsynlegustu lóðarréttindi, auk heldur meir. Og því miður virðast ekki vera horfur á, að úr þessu verði bætt með venjulegum samningum að sinni. — Tefur það einkum fyrir samningum, að eigendur þess lands, sem næst liggur, eru 3—4, og ábúendur auk þess ekki færri en þrír, og vilja sumir af þessum aðilum alls ekki semja.

Hinsvegar er það algerlega óviðunandi til frambúðar, að félagið eigi hvorki ráð á lóð undir húsum sínum né bithaga handa hestum viðskiptamanna sinna. Og auk þess má á það benda, að samgirni mælir með, að kaupfélög og aðrar slíkar stofnanir, sem starfræktar eru í sveitum, taki beinan þátt í ræktun landsins, og hafi aðstöðu, sem tryggir starfsmönnum þeirra, sem þess kunna að óska, afnot af jörð og jarðargróða.

Ed. 227. Nefndarálit

um frv. til laga um fangelsi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. þetta verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 8. gr. 1. málsl. Á eftir orðunum „lögum þessum“ komi: þar með talið hegningarhúsið í Reykjavík.

Alþingi, 20. marz 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., með fyrirvara.	Magnús Guðmundsson, frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.
Þorsteinn Briem.	Páll Hermannsson.	

Nd. 228. Breytingartillaga

við frv. til l. um breytingar á lögum nr. 22 6. okt. 1919, um hæstarétt, og lögum nr. 37 4. júní 1924, um breyting á þeim lögum.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Síðari málsl. 2. málsgr. 3. gr. orðist svo:
Þóknun annara starfsmanna skal ákveðin í fjárlögum.

Nd. 229. Breytingartillögur

við frv. til laga um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands.

Frá Thor Thors og Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
   Þegar kennsla verður hafin við Rannsóknarstofnunina (sbr. 14. gr.) skal heiti hennar vera Rannsóknarstofnun og Atvinnudeild Háskóla Íslands.
2. Við fyrirsögn frv. Fyrirsögnin orðist svo:
   Frv. til laga um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna og atvinnudeild við Háskóla Íslands.

Nd. 230. Nefndarálit

um frv. til laga um stofnun atvinnudeildar og rannsóknarstofnunar við Háskóla Íslands.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir lítillega rætt um þetta mál, og vill meiri hl., þeir BJ, HV og StJSt, fella frv., en minni hl., GÞ og TT, leggur til, að það sé samþykkt óbreytt.

Minni hl. hefir fengið svo hljóðandi umsögn frá háskólaráði:

HÁSKÓLI ÍSLANDS
háskólaráðið. Reykjavík, 18. marz 1935.

Alþingismenn Thor Thors og Garðar Þorsteinsson.

Frumvarp um stofnun atvinnudeildar og rannsóknarstofnunar við Háskóla Íslands, sem þér í bréfi, dags. 16. þ. m., hafið óskað umsagnar háskólaráðsins um, var í dag lagt fyrir fund í háskólaráðinu.

Svo hljóðandi ályktun var gerð af meira hluta háskólaráðs:

Meiri hluti háskólaráðs hefir þegar lýst yfir fylgi sínu við frv. skipulagsnefndar um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands, og þar sem telja má víst, að frumvarp það verði samþykkt á núverandi Alþingi, vill háskólaráðið ekki taka afstöðu til frv. um stofnun atvinnudeildar og rannsóknarstofnunar við háskólann, enda þótt háskólaráðið hefði gjarnan viljað hafa frá öndverðu frekara samband milli háskólans og rannsóknarstofnunarinnar en frv. skipulagsnefndar gerir ráð fyrir.

Minni hluti háskólaráðs gerði svofellda ályktun:

Þar sem meiri hluti háskólaráðsins hefir neitað að bera umrætt frumvarp undir deildir háskólans, þá lýsir minni hlutinn þegar þeirri skoðun sinni, að frv. til laga um stofnun atvinnudeildar og rannsóknarstofnunar við Háskóla Íslands sé í fullu samræmi við frumkröfur háskólans og mælir því eindregið með samþykkt þess.

Pétur Sigurðsson
f. h. rektors háskólans.

Þessi svör bera það með sér, að raunverulega æskir allt háskólaráðið þess, að okkar frv. verði samþykkt, því að einmitt það felur í sér „frekara samband milli háskólans og rannsóknarstofnunarinnar".

Til frekari sönnunar þess, að háskólamenn eru eindregið fylgjandi frv. okkar, skal þess getið, að á mjög fjölmennum fundi kennara og stúdenta Háskólans var svo hljóðandi tillaga samþykkt í einu hljóði:

„Almennur stúdentafundur, haldinn á Garði mánud. 18. marz 1935, skorar á háskólaráð að nota rétt þann, er það hefir með bréfi til kennslumálaráðherra 4. marz 1935 áskilið sér til breytinga á frumvarpi til laga um rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna við Háskóla Íslands, á þann hátt, sem hér segir: Hin fyrirhugaða rannsóknarstofnun verði jafnframt regluleg kennsludeild í þessum fræðum við háskólann. Séu forstöðumenn hennar prófessorar, og fari um þá og aðra kennara eftir lögum nr. 24 1930, en kennsludeildin lúti háskólalögunum, að því er viðkemur rétti hennar til að útskrifa kandidata, enda verði nánari ákvæði um það sett með reglugerð. Vilji hinsvegar Alþingi ekki fallast á þessar breytingar, krefst fundurinn þess, að háskólaráðið hlutist til um, að þeim tekjum, sem háskólinn hefir af happdrættinu, verði varið til háskólabyggingar, en ekki til fyrirtækja, sem raunverulega yrðu háskólanum alveg óviðkomandi".

Af þessu má glögglega sjá, hverjar eru óskir háskólamanna í þessu efni.

Alþingi, 21. marz 1935.

Thor Thors, frsm. Garðar Þorsteinsson.

Nd. 231. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 6. okt. 1919, um hæstarétt, og l. nr. 37 4. júní 1924, um breyt. á þeim l.

Frá Gunnari Thoroddsen, Bjarna Ásgeirssyni, Jónasi Guðmundssyni.

Aftan við 3. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:
13. gr. l. nr. 22 1919 breytist þannig:

a. Orðin „með I. einkunn“ í 1. tölulið falli niður.
b. Aftan við 2. tölul. bætist: Þó skulu þeir, sem hlotið hafa 2. einkunn við embættispróf, hafa, að afloknu prófi, gegnt þessum störfum í 6 ár.

Nd. 232. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur].

Frá Bergi Jónssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Sýslubókasafnið í Flatey á Breiðafirði.

Nd. 233. Frumvarp til laga

um viðauka við og breyting á lögum nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað 1. málsgr. 6. gr. laganna komi:

Í stjórn hvers sparisjóðs mega ekki vera færri en 3 menn, og skal einn þeirra vera formaður. Reki sparisjóður almenna hlaupareiknings- og innheimtustarfsemi, skal stjórnin skipuð 5 mönnum. Sé sjóðurinn eign sýslu- eða bæjarfélags, skal stjórnin kosin af hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn með hlutfallskosningu og stjórnin velja sér formann.

Stjórn sparisjóða, sem eru sjálfseignarstofnanir og hafa á hverjum tíma minnst ábyrgð 20 manna í kaupstöðum eða 12 manna utan kaupstaða, skal kosin þannig, að meiri hlutinn, 2 af 3 eða 3 af 5, skulu kosnir af ábyrgðarmönnum á aðalfundi sparisjóðsins, sem haldinn skal eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, hinir stjórnarmennirnir, 1 af 3 eða 2 af 5, skulu kosnir á sama tíma af viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd. Hlutfallskosning skal viðhöfð, ef óskað er, þegar tvo eða fleiri skal kjósa.

Stjórn sparisjóða, sem eigi eru eign sýslu- eða bæjarfélaga eða félaga einstakra manna, og eigi heldur hafa ábyrgð svo margra manna, er í annari málsgrein segir, skal kosin af viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn með hlutfallskosningu.

Um kosningu í stjórn sparisjóða, sem eru eign hreppsfélaga eða félaga einstakra manna, fer sem fyrir er mælt í lögum eða reglugerðum viðkomandi sjóða.

Kosningar í sparisjóðsstjórnir gilda til eins árs. Stjórn sparisjóðs ræður starfsmenn hans og hefir umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

2. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætist:

Ekki mega þeir heldur reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

3. gr.

Á eftir orðunum „endurskoðunarmenn“ í upphafi 19. gr. laganna komi: kosnir til eins árs af viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd með hlutfallskosningu.

4. gr.

Nú er stjórn og endurskoðendur sparisjóðs ekki skipuð í samræmi við ákvæði þessara laga, og ber þá að kjósa lögmæta stjórn innan þriggja mánaða frá því að lögin öðlast gildi. Fjármálaráðherra getur þó veitt lengri frest, ef sérstaklega stendur á.

5. gr.

Fjármálaráðuneytið annast eftirlit með öllum sparisjóðum í landinu. Skal það hafa nákvæmt eftirlit með því, að starfsemi og rekstur sparisjóðanna og stjórn þeirra sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og önnur fyrirmæli, sem fylgja ber. Skal það annast um, að tafarlaust sé kippt í lag öllu því, sem ábótavant kann að vera, og getur það stöðvað rekstur sparisjóðs, ef ástæða þykir til, meðan ekki er bætt úr ágöllunum. Ráðuneytið á heimtingu á því að fá aðgang að öllum skjölum og skilríkjum sparisjóðanna vegna eftirlitsins.

6. gr.

Kostnað þann, sem fjármálaráðuneytið kann að hafa vegna eftirlitsins, skal greiða úr ríkissjóði, en sparisjóðir skulu endurgreiða ríkissjóði kostnaðinn í hlutfalli við samanlagðar inn- og útborganir þeirra síðastliðið ár.

7. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 48 20. júní 1923, um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 234. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Ríkisborgararétt skulu öðlast:
Aspelund, Erling, trésmiður á Ísafirði, fæddur í Noregi.
Johnsen, Didrik, sjómaður á Ísafirði, fæddur í Noregi.
Kristján Halldórsson Torfason, námsmaður á Flateyri, fæddur í Danmörku.
Petersen, Bernhard, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
Schneider, Anton, sápugerðarmaður í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi.
Smith, Sverri Christiansen, loftskeytamaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.

Nd. 235. Nefndarálit

um frv. til l. um frystigjald beitusíldar.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað í málinu, og enginn nefndarmanna treysti sér til að mæla með frv. óbreyttu. Minni hl. gerir væntanlega grein fyrir brtt. sínum við frv., en meiri hl. leggur til, að það verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem óeðlilegt virðist að setja skilyrði eftir á fyrir styrk, sem búið er að veita, og frv. þetta þar að auki flutt algerlega að tilefnislausu, en myndi, ef samþykkt væri, leggja óhæfilegar kvaðir á samvinnufélög bænda, telur deildin ekki ástæðu til að sinna því frekar og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 21. marz 1935.

Finnur Jónsson, form.	Gísli Guðmundsson, fundaskr., frsm.	Páll Þorbjörnsson.

Nd. 236. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 224 [Sveitarstjórnarkosningar].

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson og Héðinn Valdimarsson.

Við 2. lið: 2. málsl. 17. gr. orðist þannig:
Bæjarstjórnir og hreppsnefndir í kauptúnum, sem eru sérstök hreppsfélög, skulu kosnar með hlutfallskosningu.

Nd. 237. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á 22. gr. l. nr. 6 9. janúar 1935.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

a. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Á eftir 1. málsgr. 36. gr. komi: Á skattskrá þeirri, sem lögð er fram í Reykjavík, er þó nægilegt að tilgreina tekjuskatt, eignarskatt og skattupphæðir samtals.
b. 2. gr. verði 3. gr.

Sigfús Jónsson, form., frsm. | Jakob Möller, fundaskr. | Stefán Jóh. Stefánsson, með fyrirv.

Ásgeir Ásgeirsson.

Ed. 238. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á póstlögum, nr. 5 7. maí 1921, sbr. lög nr. 3 27. marz 1925.

Frá Páli Hermannssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1936.

Nd. 239. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 190 [Rannsóknarstofnun].

Flm.: Emil Jónsson og Ásgeir Ásgeirsson.

Í stað orðanna „að dómi rannsóknarstofnunarinnar og atvinnumálaráðherra“ komi: að dómi rannsóknarstofnunarinnar, háskólaráðs og atvinnumálaráðherra.

Ed. 240. Frumvarp til laga

um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal ríkisstjórnin setja á stofn rannsóknar- og tilraunastofnun í þarfir atvinnuveganna, og nefnist hún Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands.

2. gr.

Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands skal skipt í þrjár deildir, og nefnast þær fiskideild, iðnaðardeild og búnaðardeild.

3. gr.

Fiskideildin skal hafa með höndum rannsóknir á síldar- og fiskigöngum, svif- og áturannsóknir og almennar haf- og vatnarannsóknir, að því leyti, sem þær teljast við koma fiskiveiðum landsmanna, og aðrar fiskirannsóknir, er atvinnumálaráðherra kveður á um.

Við deild þessa skal starfa einn fiskifræðingur.

4. gr.

Iðnaðardeildin skal hafa með höndum efnagreiningar fyrir allar deildir Rannsóknarstofnunarinnar, rannsóknir á matvælum og öðrum vörum, sem seldar eru á innlendum markaði, og á vörum, sem seldar eru úr landi, gerlarannsóknir og fjörvirannsóknir fyrir og í samvinnu við allar deildir stofnunarinnar, náma- og jarðfræðirannsóknir og fiskiðnaðarrannsóknir.

Við deild þessa skulu starfa fimm fræðimenn í fræðigreinum þeim, er að ofan getur.

5. gr.

Búnaðardeildin skal hafa með höndum jarðvegsrannsóknir með sérstakri hliðsjón af almennri jarðrækt, garðrækt, skógrækt og áburðarþörf jarðvegsins, jurtarannsóknir og jurtasjúkdómarannsóknir, búfjársjúkdómarannsóknir og rannsóknir á kynbótum búfjár.

Við deild þessa skulu starfa þrír fræðimenn í fræðigreinum þeim, sem að ofan getur.

6. gr.

Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands er skylt að framkvæma rannsóknir fyrir atvinnurekstur landsmanna eftir því, sem hún fær því við komið, gegn þóknun samkvæmt gjaldskrá, er atvinnumálaráðherra setur. Þó getur atvinnumálaráðherra ákveðið, að stofnunin skuli framkvæma rannsóknir endurgjaldslaust fyrir ríkið eða stofnanir, sem starfa í nánu sambandi við það.

7. gr.

Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands er heimilt að láta úti og selja hverskonar lyf, er hún vinnur sjálf eða útvegar frá öðrum rannsóknarstofnunum, samkvæmt gjaldskrá, er atvinnumálaráðherra setur. Ágóði af slíkri framleiðslu eða verzlun rennur til stofnunarinnar. Enginn starfsmaður stofnunarinnar má taka ágóðahluta af slíkri framleiðslu eða verzlun.

Rannsóknarstofnunin skal fylgja sömu reglum og lyfsalar um útlát eitraðra og hættulegra lyfja, til tryggingar því, að hætta stafi ekki af.

8. gr.

Atvinnumálaráðherra felur einum af starfsmönnum hverrar deildar Rannsóknarstofnunarinnar deildarstjórn til fimm ára í senn, og skal einn

þeirra ráðinn forstjóri stofnunarinnar til sama tíma. Forstjóri skal hafa með höndum yfirstjórn stofnunarinnar og samræma í samráði við hina deildarstjórana störf deildanna á þann hátt, sem fyrir verður mælt í reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur. Forstjóri hefir 1000 kr. í aukaþóknun á ári hverju fyrir verk sitt. Leita skal álits viðkomandi deildarstjóra, er nýir starfsmenn eru ráðnir til stofnunarinnar.

9. gr.

Nú skipar atvinnumálaráðherra eigi alla starfsmenn, sem ræðir um í 3.—5. gr., um leið og Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands tekur til starfa, og er honum þá heimilt að ráða fyrst um sinn menn til þess að gegna störfum til ákveðins tíma, að fengnum tillögum deildarstjóra.

Nú hafa þeir menn, sem ráðnir eru samkvæmt fyrstu málsgrein þessarar greinar, önnur störf með höndum samhliða, og skulu þá laun þeirra vera lægri en hinna, er fullt starf hafa við stofnunina.

10. gr.

Dýralæknum, sem eru í þjónustu ríkisins, starfsmönnum Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands, skólastjórum og kennurum búnaðarskólanna og öðrum starfsmönnum stofnana ríkisins eða þeirra, er styrks njóta frá ríkinu, skal skylt að láta stofnuninni aðstoð sína í té, hverjum á sínu sviði, eftir því sem atvinnumálaráðherra telur nauðsynlegt. Heimilt er atvinnumálaráðherra að greiða fyrir slíka aðstoð samkvæmt reglugerð, er hann kann að setja.

11. gr.

Atvinnumálaráðherra getur, í samráði við Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands, falið dýralæknum og skólastjórum búnaðarskólanna með samningi að gera tilraunir á búfé, með því markmiði, sem Rannsóknarstofnunin starfar að, og ennfremur getur atvinnumálaráðherra látið fara fram tilraunir á peningi búa, sem rekin eru fyrir reikning ríkissjóðs.

12. gr.

Starfsmenn Rannsóknarstofnunarinnar, sem rætt er um í 3.—5. gr., taka laun sín samkvæmt launalögum, en þar til þau verða þar ákveðin, skulu þau ákveðin af atvinnumálaráðherra. Atvinnumálaráðherra ákveður, í samráði við Rannsóknarstofnunina, hversu margt starfsfólk skuli við hana starfa og hver laun þess skuli vera.

13. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar fimm manna nefnd, er séu fulltrúar atvinnuveganna og ríkisstjórnarinnar.

Atvinnumálaráðherra skipar nefndina á þann hátt, að landlæknir skal vera einn nefndarmaður, og er hann formaður, einn skal skipaður eftir tillögu Fiskifélags Íslands, einn eftir tillögu Búnaðarfélags Íslands, einn eftir tillögu Landssambands iðnaðarmanna, og einn eftir tillögum Dýralæknafélags Íslands.

Nefndin skal svo oft sem þörf krefur, og ekki sjaldnar en fjórum sinnum á

ári, halda fundi með deildarstjórum Rannsóknarstofnunarinnar, og skal á þeim taka ákvarðanir um, hver aðalrannsóknarefni rannsóknarstofan taki til meðferðar á hverjum tíma, skýra frá niðurstöðum fyrri rannsókna og ákveða hvernig þær skulu birtar almenningi, svo hann hafi þeirra sem bezt not.

14. gr.

Þegar því verður við komið, að dómi Rannsóknarstofnunarinnar, háskólaráðs og atvinnumálaráðherra, skal tekin upp kennsla við Háskóla Íslands í þeim fræðigreinum, sem Rannsóknarstofnunin einkum fjallar um, og skyldum námsgreinum. Skal þá lögð sérstök áherzla á fyrrihlutanámsgreinar tekniskra fræða og náttúruvísinda, með hliðsjón af, að síðari hluti námsins geti farið fram erlendis.

Starfsmenn Rannsóknarstofnunarinnar skulu, eftir því sem atvinnumálaráðherra telur við eiga, stunda kennslu við háskólann án sérstakrar borgunar. Verklegar æfingar, sem nemendur háskólans framkvæma samhliða kennslunni, skulu framkvæmdar í rannsóknarstofunni, eftir því sem við á og hentugt þykir, og skulu starfsmenn Rannsóknarstofnunarinnar aðstoða við þær án sérstakrar borgunar, eftir nánari ákvörðun atvinnumálaráðherra.

Kennarar Rannsóknarstofnunarinnar mynda þá sérstaka kennsludeild í háskólanum, og lýtur hún sömu almennu fyrirmælum um skipulag sem aðrar kennsludeildir háskólans.

15. gr.

Til Rannsóknarstofnunarinnar rennur það fé, sem háskólanum ber að greiða til ríkissjóðs í 10 ár sem einkaleyfisgjald fyrir Happdrætti Háskóla Íslands samkvæmt e-lið 1. gr. laga nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Rannsóknarstofnunin tekur til starfa þegar Háskóli Íslands hefir séð henni fyrir húsnæði, enda greiði Rannsóknarstofnunin til háskólans helminginn af því fé, er henni ber samkvæmt fyrri málsgrein þessarar greinar, upp í byggingarkostnað.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 17 14. júní 1929, um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna, og efnarannsóknarstofan lögð niður.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 241. Breytingartillaga

við frv. til laga um sveitastjórnarkosningar.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Pétur Ottesen.

Við 4. gr. Síðari málsl. orðist svo: Bæjarstjórnarkosningar skulu fara fram síðasta sunnudag í janúarmánuði, en hreppsnefndarkosningar síðasta sunnudag í maímánuði.

Nd. 242. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 224 [Sveitarstjórnarkosningar].

Flm.: Páll Zóphóníasson, Pétur Ottesen.

1. Við 2. tölul. Í stað „1/10“ komi: 1/6.
2. Við 6. tölul. b. Síðasti málsl. orðist svo:
   Þeir, sem flest atkvæði hafa fengið sem aðalmenn, skulu rétt kjörnir sem aðalmenn, og þeir, sem flest atkvæði hafa sem varamenn og ekki eru kjörnir aðalmenn, skulu rétt kjörnir varamenn.
   Fyrsti aðalmaður er sá, er flest fékk atkvæði, annar sá, er fékk næstflest atkvæði, o. s. frv. Sama gildir um varamenn.
3. Við 11. tölul. a. Síðari málsliður fyrri málsgreinar orðist svo: Kosningin fer fram á manntalsþingum, og er sýslumaður oddviti kjörstjórnar og skipa hana með honum 2 hreppsbúar er sýslunefnd kýs.

Nd. 243. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 224 [Sveitarstjórnarkosningar].

Frá Gísla Guðmundssyni, Þorbergi Þorleifssyni og Bjarna Bjarnasyni.

1. Við 4. b. Orðin „úr strikuðum pappír þannig“ svo og „kjörseðillinn“ falli niður.
2. Við 5. b. Í stað orðanna „og athugar ..... aðra“ komi: og skrifar með ritblýi á kjörseðilinn nöfn, föðurnöfn (eða ættarnöfn) og heimili þeirra, sem hann vill velja sem aðalmenn og varamenn, fyrst aðalmanna og síðan varamanna.
3. Við 6. b. Í stað orðanna „tölurnar, sem á kjörseðlinum standa“ komi: það, sem á kjörseðlinum stendur.

Nd. 244. Breytingartillögur

við frv. til l. um sveitarstjórnarkosningar.

Frá Gísla Guðmundssyni, Þorbergi Þorleifssyni og Bjarna Bjarnasyni.

1. Við 4. gr. Í stað orðanna „í maímánuði“ komi: í júnímánuði.
2. Við 7. gr. Síðari málsgr. („Ekki mega hjón“ o. s. frv.) falli niður.

Nd. **245. Frumvarp til laga**

um gelding húsdýra.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. gr.

Gelding húsdýra, sem eldri eru en veturgömul, skal framkvæmd af dýralæknum eða sérstökum geldingamönnum, sem með vottorði frá héraðslækni eða dýralækni sanna, að þeir hafi lært að fara með staðdeyfingarlyf og aflað sér þeirrar þekkingar og leikni, sem nauðsynleg er til að inna verkið vel af hendi.

2. gr.

Sýslunefndir sjá um, að nægilega margir geldingamenn séu í hverri sýslu og setur þeim skipunarbréf, er gefur rétt til starfa innan sýslu, en eigi annarsstaðar.

3. gr.

Þóknun fyrir verk sitt ber geldingamönnum samkvæmt gjaldskrá, er sýslunefndir setja hver fyrir sína sýslu.

4. gr.

Húsdýr þau, er um getur í 1. gr., skal staðdeyfa áður en gelding fer fram. Til geldingar á yngri húsdýrum skal nota Burdizzo geldingatöng eða aðrar tengur af eigi lakari gerð.

Landbúnaðarráðherra setur reglur um sölu og afhending deyfingarlyfja og sér um, að ávallt séu nægar birgðir af þeim. Einnig af deyfingarsprautum og geldingatöngum.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 50—500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum gildandi lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1936.

Greinargerð.

Fyrir tilmæli Dýraverndunarfélags Íslands hefir á nokkrum undanfarandi þingum verið borið fram frumvarp til laga um sama málefni, en jafnan dagað uppi, m. a. vegna þess, að litið hefir verið svo á, að ýms vandkvæði væru á framkvæmd lagaákvæðanna, sérstaklega með tilliti til þess kostnaðar, sem svæfing eða staðdeyfing allra húsdýra, sem gelda þarf, mundi hafa í för með sér.

Á seinni árum hafa geldingar með töngum rutt sér mjög til rúms, sérstaklega á sauðfé, og hér á landi er nú á stöku stað farið að nota þær.

Þær tengur, sem hingað hafa flutzt, eru kenndar við Dr. Burdizzo og hafa

líkað mjög vel. Oss er kunnugt um, að tengur þessar hafa verið notaðar hér á landi bæði við sauðfé og stórgripi, og með ágætum árangri. Auk þess mun geldingin mjög sársaukalítil.

Nd. 246. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Á eftir orðinu „fatnaður" í C-lið komi: og húfur.

Nd. 247. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 6. okt. 1919, um hæstarétt, og l. nr. 37 4. júní 1934, um breyt. á þeim lögum.

Frá Garðari Þorsteinssyni og Thor Thors.

1. Á eftir 3. gr. frv. komi ný grein, er verður 4. gr., svo hljóðandi:
   Á eftir 13. gr. laga nr. 22 1919 komi nýr liður, 4. liður, svo hljóðandi:
   Þó má dómsmálaráðherra veita þeim, er fengið hefir 2. einkunn við lagapróf, leyfi til þess að þreyta prófraun samkv. 3. lið gr., ef hann hefir, að áliti lagadeildar háskólans, sýnt sérstaka hæfileika sem fræðimaður í lögum eða lögfræðistörfum að öðru leyti.
2. Greinatalan breytist samkv. þessu.

Nd. 248. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað „10. gr." í annari málsgr. 1. gr. laganna komi: 11. gr.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Síðasti málsliður 3. gr. laganna orðist svo: Samsölustjórn ákveður verðuppbætur, sbr. þó 9. gr. c-lið, og geta þær verið misháar, eftir því hvaða afurðir hafa verið unnar úr mjólkinni.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   4. gr. laganna falli niður.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   a. Fyrir „3000 lítra ársnyt" í 5. gr. laganna, sem verður 4. gr., komi: 2500 lítra ársnyt.
   b. Síðasti málsliður sömu greinar falli niður.

5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 5. gr. laganna (sem verður 4. gr.) komi ný gr., sem verður 5. gr. og orðist svo:

Öll mjólkurbú og félög mjólkurframleiðenda, eitt innan lögsagnarumdæmis hvers sölustaðar, sem samkvæmt lögum þessum taka þátt í sölusamtökum á svæðinu, skipa fulltrúaráð og stjórn sölusamlagsins á þann hátt, er hér segir:

Hvert mjólkurbú hefir rétt til að kjósa í fulltrúaráð einn fulltrúa fyrir hverja milljón lítra mjólkur eða brot úr milljón, sem þó er yfir hálfa milljón og búið hefir tekið á móti árið áður en kosning fer fram, og einn fulltrúa fyrir hverja hundrað framleiðendur og brot úr hundraði, sem er yfir hálft hundrað, er sent hafa mjólk til búsins meir en sex mánuði sama ár. Félög framleiðenda innan lögsagnarumdæma verðjöfnunarsvæðisins hafa rétt til að kjósa einn mann fyrir hverja 100 félagsmenn og brot úr hundraði, sem er yfir hálft hundrað. Þó skulu þau ætíð hafa rétt til að kjósa einn fulltrúa hvert. Við kosningu til fulltrúaráðs skal viðhafa hlutfallskosningu, ef þess er óskað af ⅓ þeirra, er kosningarrétt hafa í fulltrúaráð á hverjum stað. Fulltrúaráðið kýs síðan með hlutfallskosningu þriggja manna framkvæmdarstjórn, er ræður forstjóra samsölunnar og hefir með höndum yfirstjórn allra framkvæmda hennar. Fulltrúaráðið setur sér og stjórninni starfsreglur, en 1. fundur þess er því aðeins lögmætur, að hann sitji ⅔ þeirra fulltrúa, sem heimilt er að kjósa samkvæmt lögum þessum.

6. Á eftir 5. gr. frv. komi nýjar greinar:

a. (6. gr.). Í stað „5. greinar“ í upphafi 6. gr. laganna komi: 4. gr.

b. (7. gr.). Fyrsta málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Skylt er mjólkurbúum, sem hafa fengið einkaleyfi til að starfrækja mjólkurbúðir, að sjá um, að ætíð sé næg neyzlumjólk í þeim. Öll mjólk og rjómi, sem selt er frá samsölu samkvæmt lögum þessum, skal vera stassaniseruð af viðurkenndum mjólkurbúum. Þó skal samsölunni heimilt að hafa á boðstólum vélhreinsaða nýmjólk á flöskum, enda sé hún frá þeim stöðum, þar sem hægt sé að tryggja fullkomið heilbrigðiseftirlit með framleiðslunni og flöskurnar þannig merktar, að ekki verði tekin misgrip á þeim og flöskum, sem á er stassaniseruð mjólk.

c. (8. gr.). 8. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin skipar 5 manna nefnd til eins árs í einu til að hafa á hendi stjórn mjólkursölumála samkv. lögum þessum, eins og nánar er ákveðið í 9. gr. Nefndin skal þannig skipuð: Fulltrúaráð framleiðenda (sbr. 5. gr.) tilnefnir tvo menn í nefndina, bæjarstjórn Reykjavíkur tilnefnir tvo, hvorttveggja með hlutfallskosningu, en formanninn skipar landbúnaðarráðherra án tilnefningar. Þar sem fleiri bæjarfélög eru á sama verðjöfnunarsvæði, skulu fulltrúar bæjarstjórnar Reykjavíkur víkja sæti úr nefndinni, þegar hún hefir til meðferðar sérmál annara bæjarfélaga, og taka þá sæti í nefndinni fulltrúar þeirra, kosnir á sama hátt.

Nú vanrækir einhver aðili að tilnefna í nefndina, og tilnefnir þá landbúnaðarráðherra mann eða menn í þeirra stað.

Nú eru verðjöfnunarsvæðin samkvæmt lögum þessum ákveðin fleiri en eitt, og getur landbúnaðarráðherra þá skipað sérstaka mjólkursölunefnd fyrir hvert þeirra, ef óskað er. Fer þá mjólkursölunefnd þess svæðis, sem mest sala fer fram á, með öll mál samkvæmt lögum þessum, önnur en sérmál hinna verðjöfnunarsvæðanna.

Fastir nefndarmenn séu búsettir svo nærri sölustað, að þeir geti sótt fundi, þegar þörf krefur. Þóknun til hvers nefndarmanns skal vera kr. 10.00 fyrir hvern dag, sem hann er á nefndarfundi.

d. (9. gr.).

a) c-liður 9. gr. laganna orðist svo:

Að hafa yfirumsjón með verðjöfnunarsjóðum og ákveða uppbætur úr þeim, ef samsölustjórnin á verðjöfnunarsvæðinu kemur sér ekki saman um verðjöfnunina.

b) e-liður sömu greinar orðist svo:

Að ákveða útsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum á hverjum sölustað innan verðjöfnunarsvæðisins. Skal það á hverjum tíma reiknað út, að því er við verður komið, eftir vísitölum, byggðum á meðalframleiðslukostnaði og dreifingarkostnaði. Nánari ákvæði um þetta skulu sett með reglugerð.

e. (10. gr.). Lög þessi öðlast þegar gildi.

7. Í niðurlagi frv. komi svolátandi ákvæði:

Ákvæði um stundarsakir orðist svo:

Mjólkursölunefnd fer með stjórn samsölunnar þar til kosin er lögleg stjórn samkvæmt 5. gr. og hún eða meiri hluti hennar telur sig viðbúna að taka söluna í sínar hendur.

Mjólkursölunefnd samkv. 8. gr. skal skipa svo fljótt sem verða má eftir að lög þessi hafa hlotið staðfestingu konungs.

Nd. 249. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Flm.: Pétur Halldórsson, Jakob Möller, Sigurður Kristjánsson.

1. Á undan 1. gr. komi ný gr., er verður 1. gr., svo hljóðandi:

Síðari málsgr. 2. greinar laganna orðist svo:

Undanþegin verðjöfnunargjaldi er mjólk, sem framleidd er innan sama kaupstaðar, eða kauptúns, sem hún er seld í.

2. 1. gr. frumvarpsins, sem verður 2. gr., orðist svo:

5. gr. laganna orðist svo:

Þar, sem aðeins eitt viðurkennt mjólkurbú er starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skal það annast alla sölu og dreifingu neyzlumjólkur, rjóma og skyrs í kaupstað eða kaupstöðum á verðjöfnunarsvæðinu. Þar, sem fleiri en eitt mjólkurbú eru starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skal öll

sala og dreifing þessara vara fara fram frá einni sölumiðstöð. Heimilt er þó að selja beint til neytenda þá mjólk, sem framleidd er innan sama kaupstaðar eða kauptúns, sem hún er seld í. Þeim, sem þannig er heimilt að selja mjólk sína beint til neytenda, er þó skylt að hlíta þeim fyrirmælum um hreinlæti og hollustuhætti við framleiðslu og afhendingu mjólkurinnar, sem sett verða í reglugerð, er bæjarstjórn eða sveitarstjórn semur og landbúnaðarráðherra staðfestir. Heimilt er stjórn samsölunnar að taka í sínar hendur sölu og dreifingu annara mjólkurafurða, sem mjólkurbúin framleiða. Skulu öll mjólkurbú, sem samkvæmt lögum þessum taka þátt í sölusamtökum á svæðinu, skipa stjórn, sem annast alla sölu og dreifingu og aðrar framkvæmdir sölusamlagsins.

Stjórnin skal skipuð þannig, að hvert mjólkurbú og framleiðendafélag skipi einn mann, en þó skulu þau mjólkurbú, er taka á móti meira en tveim milljónum lítra á ári, tilnefna tvo menn.

Sþ. 250. Tillaga til þingsályktunar

um framlag úr ríkissjóði til verðuppbótar á útflutt kjöt 1934.

Frá landbúnaðarráðherra.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði allt að 150000 krónur, er varið sé til að bæta upp verð á útfluttu kjöti af framleiðslu ársins 1934, öðru en ærkjöti, auk þeirrar uppbótar, sem greidd verður á kjötið úr verðjöfnunarsjóði.

Jafnframt beinir Alþingi því til ríkisstjórnarinnar, að mæta þessum útgjöldum með því m. a. að draga 10% — tíu af hundraði — af fjárveitingum til nýrra akvega samkvæmt fjárlögum fyrir 1935, og með því að draga þær 50000 krónur af framlagi til Búnaðarbanka Íslands samkvæmt fjárlögum fyrir 1935, sem heimilt er að verja til samvinnubyggða á því ári.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa:

Samkvæmt upplýsingum, sem ríkisstjórnin hefir fengið frá kjötverðlagsnefnd í bréfi hennar, dags. 4. f. m., hefir slátrun, útflutningur og sala á kjöti á árinu orðið svo sem hér segir:

I. 1. Alls er slátrað á landinu um 393636 fjár. Kjöt af því var um 5200 tonn.
2. Í janúarlok var búið að senda úr landinu, eftir skýrslum gengisnefndar, 749,5 tonn af freðkjöti og 776,3 tonn af saltkjöti (6931 tunnur).
3. Í landinu voru eftir, samkv. skýrslum trúnaðarmanna 1. febrúar, 804 tonn af freðkjöti, ætlað til sölu erlendis, og 232,6 tonn af saltkjöti, eða 2077 tunnur. Í þessu saltkjöti mun vera nokkuð af ærkjöti, en lítið, og af dilkakjöti er nú selt nokkuð og komið af stað í febr., svo ekki er eftir af því nema 1300 tunnur.
4. Fyrsta febrúar var til 660 tonn af freðkjöti og 1685 tunnur (188,7 tn.) af

saltkjöti, ætlað til innanlandssölu. Þar af munu þó um 400 tunnur vera ærkjöt, og ef til vill meira. Alls 848,7 tonn.

5. Innanlands hefir verið selt 1789 tonn af kjöti til 1. febr. 1935.

II. Um sölu er þetta að segja:

1. Saltkjöt, sem selt hefir verið úr landinu, hefir mest verið selt til Noregs, aðallega af S. Í. S., eða 5138 tunnur af 6931, sem útfluttar hafa verið. Sú sala hefir að meðaltali gefið kr. 79,50 pr. tunnu frítt um borð, en það mun gefa sem næst 55 aura pr. kg. til bænda. Líkur eru til, að saltkjötið, sem eftir er og út á að flytja, seljist allt, en víst má telja, að sú sala lækki meðalverðið.
2. Freðkjöt, sem út hefir verið flutt, hefir mest eða allt verið selt af S. Í. S. og meðalverð á því hefir verið um 83 aura pr. kg. frítt um borð. Kostnaður við það hjá félögunum er mjög misjafn, en það mun mega gera ráð fyrir, að hann sé um 15 aurar á hvert kg., og meðalverð til bænda því um 68 aura. Væntanlega verður hægt að selja það, sem eftir er í landinu og ætlað er til útflutnings, en ekki hægt að segja, hver áhrif sú sala kann að hafa á meðalverðið.
3. Salan á nýja kjötinu í haust og freð- og saltkjötinu innanlands í vetur er líklegt, að gefi 80 til 90 aura pr. kg. til bænda að meðaltali. Hvernig gengur að selja það kjöt, sem nú er eftir í landinu og ætlað er til innanlandssölu, og hvert það selzt allt eða með hvaða verði, er ekki unnt að segja.

III. Þegar búið er að endurgreiða verðjöfnunargjald af útfluttu kjöti, verða um 140000 kr. í verðjöfnunarsjóði til að greiða sem uppbót á útflutta kjötið. Það lítur út fyrir, að kjötmagnið, sem út verður flutt, verði samkv. framanskráðu:

Freðkjöt 1553500 kg.
Saltkjöt 1008900 kg.

Þær 140000 kr., sem kjötverðlagsnefnd gerir ráð fyrir samkvæmt framansögðu, að verði handbærar í verðjöfnunarsjóði, þegar búið er að endurgreiða verðjöfnunargjald af útfluttu kjöti, hrökkva skammt til þess, að framleiðendur fái sæmilegt verð fyrir kjöt af fé sínu, þar sem verðið hefir orðið svo lágt á útflutta kjötinu sem raun er á, en með því að ríkissjóður leggi fram 150000 krónur í viðbót, eins og lagt er til í tillögunni hér að framan, mætti vænta þess, að þeir fái verð, sem eftir atvikum megi teljast þolanlegt.

Það þykir ekki fært að auka útgjöld ríkissjóðs á árinu 1935 um þá upphæð, sem á kjötuppbótina er heimiluð. Er því lagt til, að Alþingi beini því til stjórnarinnar að mæta útgjöldunum m. a. með því að draga úr öðrum útgjaldaliðum. Verða þá fyrir ásamt fleiru framlög til nýrra akvega. Er það ekki tilfinnanlegt fyrir einstök héruð, þó frá þeim verði dregið sem svarar 10 af hundraði, en með því móti ættu að fást um 40 þús. krónur í kjötuppbótina. Þá er og lagt til, að í uppbótina verði notaðar þær 50000 króna, sem heimilt var að nota í ár til byggingar samvinnubyggða. Er þetta lagt til sökum þess, að fyrirsjáanlegt er, að byggingum í samvinnubyggð-

um verður ekki komið upp á þessu ári, þar sem frumvarpið um samvinnubyggðir getur ekki orðið að lögum fyrr en á síðara hluta þessa árs. Þess er rétt að geta hér, að til fjáröflunar í greiðslu uppbótarinnar er ennfremur flutt sérstök breytingartillaga við frv. um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga, um að fresta á árinu 1935 greiðslu á hluta af útflutningsgjaldi til ræktunarsjóðs. Er áætlað, að þetta nemi um 40 þús. kr. Jafnhliða ber að geta þess, að það mun verða fyrir því séð, að ræktunarsjóðurinn geti fengið aðstöðu til að afla sér fjár í staðinn á árinu 1935 með sölu vaxtabréfa. Hnekkir þá frestunin ekki starfsemi sjóðsins.

Nd. 251. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur].

Flm.: Sigurður Kristjánsson og Jónas Guðmundsson.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Sýslubókasafn Suður-Þingeyinga og bókasafn Neskaupstaðar.

Nd. 252. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir haft mál þetta til rækilegrar athugunar og meiri hl. hennar orðið ásáttur um að mæla með því með allmiklum breytingum, sem bornar eru fram á sérstöku þingskjali. Einn nefndarmanna (EmJ) er á móti frumvarpinu óbreyttu, og mun gera grein fyrir afstöðu sinni sérstaklega, og annar (PZ) skrifar undir með fyrirvara og mun gera grein fyrir honum í deildinni.

Alþingi, 22. marz 1935.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Páll Zóphóníasson, með fyrirvara. Jón Pálmason.
Emil Jónsson. Guðbr. Ísberg.

Nd. 253. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Jón Ólafsson.

Framan við frumvarpsgreinina komi:
Í stað „Múli“ í 2. gr. A. 10. komi: Galtalæk.

Ed. 254. Nefndarálit

um frv. til l. um breyting nokkurra laga, sem varða sölu og meðferð íslenzkra afurða.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt, en einn nefndarmanna (MJ) mun bera fram brtt. við það, og skrifar undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 22. marz 1935.

Jón Baldvinsson,	Bernh. Stefánsson,	Magnús Jónsson,
form., frsm.	fundaskr.	með fyrirvara.

Ed. 255. Frumvarp til laga

um eftirlit með sjóðum og sjálfeignarstofnunum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI

1. gr.

Stofna skal eftirlit með öllum sjóðum og sjálfseignarstofnunum hér á landi, nema ríkissjóðs, sýslu-, sveitar- og bæjarsjóða, sýsluvega- og hreppsvegasjóða, banka- og sparisjóða, ellistyrktarsjóða og bjargráðasjóða og félagasjóða, er heiti Sjóðaeftirlit ríkisins.

2. gr.

Fjármálaráðherra ræður forstöðumann Sjóðaeftirlits ríkisins. Hann skal hafa 6000 kr. í árslaun, nema öðruvísi verði ákveðið í launalögum. Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu 3 gæzlustjóra til 3 ára í senn. Ákveður fjármálaráðherra þóknun þeirra.

II. KAFLI

Gjafasjóðir.

3. gr.

Stjórnir þeirra gjafasjóða, er eigi hafa fengið konungsstaðfestingu á gjafabréfi, skulu hafa sent gjafabréfin til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, til þess að þau geti öðlazt konungsstaðfestingu, eigi síðar en 6 mánuðum eftir gildistöku laga þessara, og skulu gjafabréfin birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

4. gr.

Nú sendir stofnandi gjafasjóðs eða stjórn hans frumvarp til gjafabréfs eða stofnskrár til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, til þess að það geti öðlazt

konungsstaðfestingu, og skal þá leitað álits forstöðumanns Sjóðaeftirlits ríkisins um ákvæði gjafabréfsins eða stofnskrárinnar.

5. gr.

Nú eru ástæður svo breyttar síðan sjóður var stofnaður, gjafabréf gefið út eða stofnskrá fengið konungsstaðfestingu, að eigi er unnt að framkvæma fyrirmæli gjafabréfsins eða stofnskárinnar, og er þá stjórn slíks sjóðs skylt að tilkynna þetta Sjóðaeftirliti ríkisins og fjármálaráðherra. Getur þá fjármálaráðherra, að fengnum tillögum Sjóðaeftirlits ríkisins, gert nauðsynlegar breytingar á gjafabréfi eða stofnskrá, en breytingarnar skulu gerðar þannig, að í senn sé tryggt framhald á starfsemi sjóðsins og að vilji gefandans sé virtur að því leyti, sem því verður við komið undir hinum breyttu ástæðum. Leitað skal konungsstaðfestingar á slíkum breytingum á gjafabréfi eða stofnskrá.

III. KAFLI

Sjóðir almennt og sjálfseignarstofnanir.

6. gr.

Stjórnir sjóða og sjálfseignarstofnana skulu árlega senda Sjóðaeftirliti ríkisins reikning sjóðsins eða stofnunarinnar fyrir síðastliðið reikningsár, eða staðfest eftirrit af honum, eigi síðar en 4 mánuðum eftir lok reikningsárs hvers sjóðs eða stofnunar.

Nú þykir Sjóðaeftirliti ríkisins ástæða til að krefja stjórn sjóðs eða sjálfseignarstofnunar um fylgiskjöl ársreiknings eða önnur skilríki sjóðsins eða stofnunarinnar, til athugunar, og er þá stjórn þeirri, er hlut á að máli, skylt að senda skjöl þessi eða staðfest eftirrit af þeim áður en 2 mánuðir eru liðnir frá því stjórninni barst krafa um það.

7. gr.

Sjóðaeftirlit ríkisins getur krafið stjórn sjóðs eða sjálfseignarstofnunar um allar upplýsingar um hag sjóðsins eða stofnunarinnar og rekstur. Ber henni þá að svara fyrirspurn Sjóðaeftirlits ríkisins eigi síðar en þá mánuður er liðinn frá því henni barst slík fyrirspurn.

Nú þykir Sjóðaeftirliti ríkisins ástæða til að rannsaka rekstur og fjárreiður sjóðs eða sjálfseignarstofnunar, og er þá stjórn þess sjóðs eða stofnunar, er hlut á að máli, skylt að veita Sjóðaeftirliti ríkisins aðgang að öllum skjölum og skilríkjum sjóðsins eða stofnunarinnar, og má í engu tefja rannsóknir eða eftirlit þess.

8. gr.

Sjóðaeftirliti ríkisins ber að leiðbeina stjórnum sjóða og sjálfseignarstofnana um reikningshald og bókfærslu þessara stofnana. Sjóðaeftirlit ríksins getur krafizt þess af stjórnum sjóða og sjálfseignarstofnana, að reikningar þeirra sýni greinilega hag og rekstur sjóðsins eða stofnunarinnar og að bókhald allt sé við hæfi stofnunarinnar eftir stærð og verkefni hennar.

9. gr.

Sjóðaeftirliti ríkisins ber að hafa fullkomið eftirlit með rekstri, fjárgæzlu og bókhaldi sjóða og sjálfseignarstofnana og því, að lög, reglugerðir, er varða sjóðina, stofnskrár og skipulagsskrár séu ekki brotnar. Skal sjóðaeftirlit ríkisins sérstaklega vinna að því, að sjóðir séu ávaxtaðir í öruggustu peningastofnunum og tryggustu verðbréfum.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um ávöxtun á fé sjóða og sjálfseignarstofnana þeirra, sem ræðir um í lögum þessum, er tryggi það, að féð verði ávaxtað í tryggustu peningastofnunum og verðbréfum.

10. gr.

Stjórnum sjóða og sjálfseignarstofnana er skylt að leita samþykkis Sjóðaeftirlits ríkisins, ef gera skal verulegar breytingar á eignum sjóða og stofnana, svo sem kaupa eða selja fasteignir og verðbréf og annað, er varðað getur hag þeirra.

11. gr.

Nú þykir Sjóðaeftirliti ríkisins athugavert um fjárgæzlu eða bókhald sjóðs eða sjálfseignarstofnunar, eða að skipulagsskrá eða stofnskrá er brotin, og getur þá Sjóðaeftirlit ríkisins tilkynnt þetta fjármálaráðuneytinu, er í samráði við Sjóðaeftirlit ríkisins gerir ráðstafanir til, að úr því verði bætt, sem ábótavant er, innan hæfilegs frests.

12. gr.

Nú rís upp ágreiningur milli Sjóðaeftirlits ríkisins og stjórnar sjóðs eða sjálfseignarstofnunar, og getur þá hvor aðili skotið ágreiningsatriðinu til úrskurðar fjármálaráðherra, en bæði geta stjórnir sjóða og sjálfseignarstofnana, Sjóðaeftirlit ríkisins og fjármálaráðherra leitað úrskurðar dómstólanna um málið. Um aðild í málum sjóða og sjálfseignarstofnana fer að öðru leyti eftir almennum reglum.

13. gr.

Stjórnarráð Íslands skal fela Sjóðaeftirliti ríkisins vörzlu þeirra sjóða, sem nú eru í umsjón ráðuneytanna, en yfirumsjón sjóða þessara skal eigi að síður vera hjá hlutaðeigandi ráðuneyti.

14. gr.

Sjóðaeftirlit ríkisins skal árlega semja og gefa út yfirlit yfir reikninga sjóða og sjálfseignarstofnana, en fimmta hvert ár skulu reikningarnir gefnir út með ýtarlegri greinargerð.

15. gr.

Kostnað þann, sem leiðir af sjóðaeftirliti ríkisins, skal greiða úr ríkissjóði, en sjóðir þeir, er um ræðir í lögum þessum, skulu endurgreiða ríkissjóði kostnaðinn í hlutfalli við eign þeirra um hver áramót.

16. gr.

Nú vanrækir stjórn sjóðs eða sjálfseignarstofnunar að senda ársreikning eða fylgiskjöl, eins og fyrir er mælt í 6. gr., eða svarar ekki fyrirspurnum eða

neitar að leggja fram skjöl og skilríki til rannsóknar, samkv. 7. gr., eða vanrækir að hafa greinilegt bókhald, samkv. 8. gr., og getur þá fjármálaráðherra, eftir ósk Sjóðaeftirlits ríkisins, skyldað stjórn sjóðs eða sjálfseignarstofnunar, að viðlögðum allt að 20 kr. dagsektum fyrir hvern stjórnarmeðlim, til þess að fullnægja ákvæðum þessara laga. Að öðru leyti varða brot gegn lögum þessum 10—25000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

17. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 29 frá 9. jan. 1934, um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá, svo og önnur lög, er kunna að fara í bága við lög þessi.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1936.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á Alþingi því, er samþykkir þessi lög, skal í fyrsta sinni kjósa gæzlustjóra samkvæmt 2. gr.

Ed. 256. Nefndarálit

um frv. til l. um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins og um eftirlit með innflutningi trjáfræs.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta, sem komið er frá hv. Nd. hefir verið til athugunar í landbúnaðarnefnd, og leggur nefndin til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 22. marz 1935.

Bernh. Stefánsson, form.	Jón Baldvinsson, fundaskr., frsm.	Pétur Magnússon.

Ed. 257. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 22 6. okt. 1919, um hæstarétt, og lögum nr. 37 4. júní 1924, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hæstarétt skipa 5 dómarar, og er einn þeirra forseti dómsins. Konungur skipar dómarana, en þeir kjósa sér forseta til ekki skemmri tíma en árs í senn.

2. gr.

5. gr. laga nr. 22 1919 orðist þannig:

Eigi má dóm setja með færri dómendum en 3. Með konunglegri tilskipun skal kveðið á um, hvenær dóm skal setja með 5 dómendum.

Ef autt verður sæti forseta, kjósa hinir dómendurnir forseta í stað hans þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans. Ef forseti víkur sæti í máli eða forfallast, þá kjósa hinir dómendurnir forseta, meðan hins reglulega forseta er ekki kostur.

Nú verður dómur ekki fullskipaður, sakir þess að dómari eða dómarar víkja sæti í máli, og velur þá dómsmálaráðherra, að fengnum tillögum dómsins, einhvern kennara lagadeildar háskólans eða einhvern meðal hæstaréttarmálaflutningsmanna eða einhvern héraðsdómara, sem fullnægir skilyrðum þessara laga, til þess að vera skipaður dómari í hæstarétt, og er þeim skylt að taka við þeirri kvaðningu.

Nú forfallast dómari, eða sæti hans verður laust af öðrum ástæðum, og velur þá dómsmálaráðherra, að fengnum tillögum dómsins, einhvern lagakennara háskólans til að taka sæti í dóminum, þar til hinn reglulegi dómari tekur þar aftur sæti eða þar til nýr dómari verður skipaður.

Hæstiréttur ákveður þóknun handa dómurum, er taka sæti í dóminum í einstöku máli eða til bráðabirgða eftir þessari grein, fyrir hvert mál, er þeir taka þátt í dómi eða úrskurði.

3. gr.

6. gr. laga nr. 22 1919 breytist þannig:

a. Við 1. tölul. bætist:

Þó má veita þeim, er fengið hafa 2. einkunn við lagapróf, dómaraembætti, ef hæstiréttur mælir með honum, enda hafi hann sýnt sérstaka hæfileika sem fræðimaður í lögum eða lögfræðistörfum að öðru leyti.

b. 2. tölul. orðist þannig:

Hafi verið 3 ár hið skemmsta kennari í lögum við háskólann, hæstaréttarmálflutningsmaður, hæstaréttarritari, skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, héraðsdómari, eða 5 ár fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu, lögmanns eða bæjarfógeta í Reykjavík, við samningu dóma og úrskurða, eða fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík við rannsóknir opinberra mála og samningu dóma í þeim, eða sýnt verulega yfirburði í lögfræði með fræðimennsku eða á annan hátt.

c. 4. tölul. fellur niður.

d. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo látandi:

Áður en dómaraembætti í hæstarétti er veitt, skal leita umsagnar dómsins um dómaraefni.

4. gr.

9. gr. laga nr. 22 1919 og 1. gr. laga nr. 37 1924 hljóði svo:

Hæstiréttur skipar dóminum ritara og ræður aðra starfsmenn dómsins. Hæstaréttarritari skal hafa lokið embættisprófi í lögum og fullnægja að öðru

leyti almennum dómaraskilyrðum. Laun ritara skulu ákveðin í launalögum. Þóknun annara starfsmanna skal ákveðin í fjárlögum.

5. gr.

Á eftir 13. gr. laga nr. 22 1919 komi nýr liður, 4. liður, svo hljóðandi:

Þó má dómsmálaráðherra veita þeim, er fengið hefir 2. einkunn við lagapróf, leyfi til þess að þreyta prófraun samkv. 3. lið gr., ef hann hefir, að áliti lagadeildar háskólans, sýnt sérstaka hæfileika sem fræðimaður í lögum eða lögfræðistörfum að öðru leyti.

6. gr.

21. gr. laga nr. 22 1919 breytist þannig:

a. Fyrir „3 vikum“ í 1. tölul. komi: viku.
b. Fyrir „Fresturinn skal vera ... einkamálum í héraði“ í 1. málsgr. 2. tölul. komi: Frestur skal fara eftir lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í héraði.
c. Orðin „en eigi má hann lengri vera ... í þeim lögum“ í niðurlagi 2. málsgr. 2. tölul. falli burt.

7. gr.

22. gr. laga nr. 22 1919 breytist þannig:

Setningin „Skal sækjandi og verjandi .. þingfesting“ falli niður.

8. gr.

24. gr. laga nr. 22 1919 breytist þannig:

Fyrir „25 krónum“ í 2. og 3. málsgr. komi: 50 krónum.

9. gr.

37. gr. laga nr. 22 1919 breytist þannig:

Fyrir „14 dögum áður en mál skal þingfesta“ komi: viku áður en mál skal flytja munnlega.

10. gr.

44.—47. gr. laga nr. 22 1919 og 6. gr. laga nr. 37 1924 falli niður. En í stað þeirra komi nýr kafli, er verði VII. kafli, með fyrirsögn: Um uppsögu dóma og úrskurða o. fl.

11. gr.

44. gr. laga nr. 22 1919 orðist þannig:

Dóma og úrskurði skal kveða upp svo fljótt sem unnt er, þegar málflutningi er lokið. Ef mál er munnlega flutt, má að jafnaði ekki fyrir taka munnlegan flutning annars máls fyrr en dómur er ákveðinn.

12. gr.

45. gr. laga nr. 22 1919 og 6. gr. laga nr. 37 1924 orðist þannig:

Áður en dómur eða úrskurður er uppkveðinn í máli, sem flutt hefir verið munnlega, skulu dómendur ræða með sér fyrir luktum dyrum ástæður og niðurstöðu dóms eða úrskurðar, nema útivistardómur sé, og fer þá atkvæðagreiðsla

fram. Atkvæði greiðir sá fyrstur, sem til er kjörinn hverju sinni, enda færi hann atkvæði sitt í letur, er verður frumvarp að dómi eða úrskurði. Nú greinast dómendur í meiri og minni hluta, og ákveður meiri hlutinn þá þann dómara, er frumvarp að dómi semur, en minni hlutinn semur þá sératkvæði. Síðan gengur dómurinn í heild eða þeir, er sammála verða, ef ágreiningur verður, frá dómi eða úrskurði.

Forseti stýrir ráðagerðum, ber fram spurningar og telur atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum.

13. gr.

46. gr. laga nr. 22 1919 orðist svo:

Nú er mál skriflega flutt, og skal þá sá dómari, sem þar til verður kjörinn, gera frumvarp að dómi eða úrskurði. Síðan ganga skjöl málsins og frumvarpið milli hinna dómendanna, er gera svo tillögur sínar um málið. Ef breytingartillögur koma fram við frumvarpið eða ágreiningur verður um forsendur eða niðurstöðu, skal fund halda um málið og ákveða dóm eftir því, er í 45. gr. segir.

14. gr.

Sá dómari, sem greitt hefir atkvæði með heimvísun máls, ómerkingu eða frávísun, en orðið í minni hluta, skal atkvæði greiða um efni máls eftir því, sem við á, og gildir það jafnt, hvort sem mál er flutt munnlega eða skriflega.

Öll atkvæði skal rita á samskonar arkir, er dómurinn leggur til, og skulu þær geymdar og innbundnar að lokum með sama hætti sem afsals- og veðmálabækur samkvæmt lögum nr. 30 7. maí 1928, og eru það atkvæðabækur dómsins.

15. gr.

47. gr. laga nr. 22 1919 orðist þannig:

Í dómi skal greina:

1. Nöfn aðilja, heimili og stöðu, ef unnt er.
2. Greinargerð um kröfur aðilja í einkamálum. Að því leyti, sem greinargerð um málsatvik í hinni áfrýjuðu dómsathöfn þykir ábótavant, skal úr því bætt í forsendum hæstaréttardóma. Ef og að því leyti, sem niðurstöðu áfrýjaðrar dómsathafnar er breytt í hæstarétti, skal hann rökstyðja breytinguna. Nú fellst hæstiréttur á niðurstöðu áfrýjaðrar dómsathafnar, og greinir hann þá rök sín í forsendum.

16. gr.

Á eftir 47. gr. komi ný (48.) gr., svo látandi:

Niðurlag dóms eða úrskurðar skal lesa upp í dómi í heyranda hljóði. Að því loknu skal þess getið, ef ágreiningur hefir verið um niðurstöðu, og lesa þá upp á sama hátt niðurlag ágreiningsatkvæðis.

Alla dóma hæstaréttar og úrskurði og öll ágreiningsatkvæði skal orðrétt birta jafnharðan í dómasafni hans, enda fylgi hverju bindi af því rækilegt efnisyfirlit. Sá af dómendum, sem dómurinn felur það, annast útgáfu dómasafnsins og fyrir þá þóknun, sem dómurinn ákveður.

17. gr.

Eftir 48. gr. komi ný (49.) gr., svo hljóðandi:

Dómar og úrskurðir skulu byggðir á því, sem fram hefir komið af hendi málflytjenda og sannað er eða viðurkennt.

Í opinberum málum er hæstiréttur þó ekki bundinn við kröfur málflytjenda, og er rétt að hækka refsingu eða lækka, sýkna eða sakfella, hvernig sem kröfur eru gerðar og hvort sem dómi er áfrýjað að tilhlutun ríkisvalds eða sökunauts.

18. gr.

Á eftir 49. gr. komi ný (50.) gr., svo hljóðandi:

Aðfararfrest skal engan setja í hæstaréttardóma, nema maður sé dæmdur til að vinna verk. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Dómsgerðir hæstaréttar skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans og nafni forseta undir.

Hæstaréttarritari undirritar dómsefirrit og önnur endurrit úr bókum eða skjölum dómsins.

19. gr.

VII. kafli laga nr. 22 1919 verði VIII. kafli og 48.—50. gr. verði 51.—53. gr.

20. gr.

VIII. kafli laga nr. 22 1919 fellur niður, að því leyti sem ákvæði hans eru enn í gildi.

21. gr.

IX. kafli laga nr. 22 1919 verði VIII. kafli, og breytist greinatalan samkvæmt því, er að framan segir.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Dómarar skulu þó aðeins vera 3 þangað til fé er veitt í fjárlögum til fjölgunar dómurum.

Þá er lög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal fella texta þeirra og þess, sem enn er í gildi af lögum nr. 37 1924, inn í texta laga nr. 22 1919 og gefa þau lög, þannig breytt, út sem lög um hæstarétt, og skal þá upphaf núverandi 57. gr. laga nr. 22 1919 hljóða svo:

Lög þessi koma til framkvæmdar þegar í stað. Með lögum um hæstarétt eru úr gildi numin eftirfarandi lagaákvæði.

Ed. 258. Nefndarálit

um frv. til laga um sölu og flutning á kartöflum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. neðri deild og hefir verið athugað í landbúnaðarnefnd, og leggur hún til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 22. marz 1935.

Bernh. Stefánsson,	Jón Baldvinsson,	Pétur Magnússon,
form., frsm.	fundaskr., með fyrirv.	með fyrirv.

Nd. 259. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 1930, um gagnfræðaskóla.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Aftan við 3. gr. laganna bætist: Hluti ríkissjóðs af stofnkostnaði greiðist eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, enda sé tryggt framlag á móti.

Ed. 260. Breytingartillaga

við frv. til laga um verzlunarlóðina í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „að ofan lína .... um svonefndan Einarshrygg“ kemur: að ofan landamerki Bakkalands og þaðan stefna á Traðargil.

Sþ. 261. Breytingartillögur

við till. til þál. um kaup á hvernum Grýtu í Ölfusi.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. Aftan við tillögugreinina bætist:
   Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að kaupa, fyrir fé úr ríkissjóði eða kirkjujarðasjóði, jörðina Skálholt í Biskupstungum, fyrir það verð, er um semst, eða eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna.
2. Fyrirsögnin verði: Tillaga til þingsályktunar um fasteignakaup til handa ríkinu.

Sþ. 262. Nefndarálit

um till. til þál. um landhelgisgæzlu, björgunarmál og skipaskoðun.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir fengið umsögn forstöðumanna þeirra stofnana, sem fara með þau mál, er um getur í tillögunni, og annara, er þekkingu og kunnugleik hafa á þessum málum.

Að fengnum þessum upplýsingum og athugun nefndarinnar á málinu í heild, hefir nefndin orðið ásátt um að leggja til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Síðari málsgrein tillgr. skal orða svo:

Stjórnin skal leita til forstöðumanna skipaútgerðar ríkisins, Slysavarnafélags Íslands, skipaskoðunar ríkisins og Fiskifélags Íslands, um athugun þessara mála, og framkvæma þeir eða aðrir starfsmenn stofnananna þá rannsókn án sérstakrar þóknunar og senda rökstuddar tillögur um þessi efni til stjórnarinnar svo snemma, að stjórninni vinnist tími til að ganga frá málunum og leggja þau fyrir næsta fjárlagaþing.

Alþingi, 23. marz 1935.

Jónas Jónsson, form.	Pétur Ottesen, frsm.	Sigurður Einarsson, fundaskr. (með fyrirvara).
Magnús Guðmundsson.	Jón Sigurðsson.	Bjarni Bjarnason.
Þorst. Þorsteinsson.	Þorbergur Þorleifsson.	Jónas Guðmundsson (með fyrirvara).

Ed. 263. Lög

um löggilding verzlunarstaðar í Hraunhöfn á Melrakkasléttu.

(Afgreidd frá Ed. 23. marz).

Samhljóða þskj. 27.

Ed. 264. Nefndarálit

um frv. til laga um útrýmingu fjárkláðans.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og er á einu máli um það, að nauðsyn beri til, að hafizt verði handa um útrýmingu fjárkláðans, og mælir því með frv. Hinsvegar áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til að bera fram brtt. við frv. eða vera með brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 23. marz 1935.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr.	Pétur Magnússon.

Ed. 265. Lög

um breyting á póstlögum, nr. 5 7. maí 1921, sbr. lög nr. 3 27. marz 1925.

(Afgreidd frá Ed. 23. marz).

Samhljóða þskj. 51.

Nd. 266. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er því nær samhljóða frumvarpi um sama efni, er afgreitt var frá neðri deild Alþingis á síðasta þingi. N. hefir orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Einn nefndarmanna (JónP) skrifar undir með fyrirvara og mun gera grein fyrir honum í umræðum.

Alþingi, 23. marz 1935.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskr. Jón Pálmason (með fyrirvara).
Guðbr. Ísberg. Emil Jónsson.

Ed. 267. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyting nokkurra laga, sem varða sölu og meðferð íslenzkra afurða.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Á eftir 4. gr. kemur ný grein, er svo hljóðar:

Ákvæði 1.–4. gr. koma þó því aðeins til framkvæmda, að eigendur afurða þeirra, sem í hverju tilfelli ræðir um, hafi meiri hluta í umræddri nefnd, og geti því haft vald á framkvæmdum öllum og kostnaði, sem til er stofnað af nefndinni.

Ed. 268. Frumvarp til laga

um fangelsi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem í eru 700 íbúar eða fleiri, skal reisa fangelsi, til þess að geyma í gæzlufanga og aðra, sem teknir hafa verið fastir um stundarsakir.

2. gr.

Kostnaður af byggingu fangelsa greiðist að hálfu úr hlutaðeigandi bæjarsjóði eða sveitarsjóði, en að hálfu úr ríkissjóði, og skal, meðan þörf er á, árlega veitt fé í þessu skyni í fjárlögum.

3. gr.

Nú telur bæjarstjórn eða hreppsnefnd nauðsyn á, að fangelsi sé reist á staðnum, og skal hún þá snúa sér til dómsmálaráðherra með beiðni um fram-

lag úr ríkissjóði í þessu skyni. Slíkri beiðni skal fylgja skýrsla um nauðsynina, nákvæm áætlun um kostnað og uppdráttur að gerð hússins.

4. gr.

Ef fleiri beiðnir berast ráðherra en fjárveiting leyfir að teknar séu til greina, skal hann velja úr og veita fé þar, sem þörfin telst mest.

5. gr.

Ráðherra hefir þá íhlutun um byggingu fangelsa, sem nauðsynleg er til þess að tryggja vandaðan frágang, hæfilega stærð þeirra og hóflegan kostnað.

6. gr.

Nú er fangelsi á staðnum, en það þarfnast endurbóta eða viðauka, og skal þá að öllu svo með fara sem segir í 1.—5. gr.

7. gr.

Ráðherra getur veitt leyfi til, að afplána megi sektir, einfalt fangelsi og fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í fangelsum þeim, sem ræðir um í lögum þessum, þó ekki lengur en 2 mánuði, enda sé fangelsi svo vel útbúið, að föngum sé engin hætta búin.

8. gr.

Rekstrarkostnaður fangelsa þeirra, sem ræðir um í lögum þessum, þar með talið hegningarhúsið í Reykjavík, greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr bæjarsjóði eða sveitarsjóði. Að öðru leyti setur dómsmálaráðherra með reglugerð fyrirmæli um rekstur fangelsa og annað, er þurfa þykir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 269. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 10. gr. Á undan a-lið komi nýr liður (a) svo hljóðandi: Á eftir b-lið komi nýr liður, sem verður c-liður, svo hljóðandi: Til rafmagnsstöðva á sveitaheimilum 20 ár.

Stafrófsröð liðanna breytist eftir þessu.

Nd. 270. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

Aftan við frumvarpsgreinina komi ný grein, er verði 2. gr., svo hljóðandi:
Á eftir D. 2. í 2. gr. laganna komi:
Hróarstunguvegur: Frá Rangárbrú um Kirkjubæ að Húsey.

Nd. 271. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa jörðina Ás í Kelduneshreppi.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að kaupa jörðina Ás í Kelduneshreppi, að undanteknu afréttarlandi jarðarinnar, fyrir allt að 4000 kr., enda fylgi vatnsréttindi í afréttarlandinu jörðinni.

2. gr.

Kaupi ríkið jörðina, er ríkisstjórninni heimilt að undanskilja í kaupum eða selja trjáreka jarðarinnar, með þeirri lækkun á kaupverðinu samanber 1. gr. eða fyrir það verð, sem um semst.

3. gr.

Áskilið sé í kaupsamningi, að jörðin Ás og þær aðrar jarðir, sem byggðar kunna að verða í heimalandi hennar, skuli endurgjaldslaust fá rétt til upprekstrar og beitar á afréttarlandi hreppsins fyrir það búfé, sem framfleytt verður á jörðinni. Sömuleiðis skal ríkið hafa rétt til ókeypis afnota af hæfilega stóru landsvæði á afréttinni meðfram Jökulsá á Fjöllum, er þarf til virkjunar á afli fossanna í ánni, ef virkjað verður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Kelduneshreppur í Norður-Þingeyjarsýslu hefir boðið ríkinu hið forna höfuðból Ás í þeim hreppi til kaups, og er frv. flutt eftir beiðni hreppsnefndarinnar. Fasteignamat á jörðinni er: húsaverð 1400 kr., en landverð 3600 kr., samtals 5000 kr., en kaupverðið er 1000 kr. lægra, eða 4000 kr., vegna þess, að afréttarland jarðarinnar er undanskilið. Þar sem jörð þessari fylgir fullur þriðjungur af afréttarlandi allra jarða í hreppnum, sér hreppurinn sér ekki fært að láta landið af hendi. Hinsvegar er það boðið, að jörðinni Ás skuli fylgja svo stórt heimaland, sem þörf krefur fyrir búrekstur á jörðinni, þó í stórum stíl yrði, og

auk þess réttur til upprekstrar og beitar á afréttinni eftir þörfum og án endurgjalds.

Ástæður fyrir því, að hyggilegt verður að teljast fyrir ríkið að eignast jörð þessa, eru meðal annars þessar:

1. Jörðin Ás er í bezta lagi til þess fallin að framfleyta samvinnubúskap með sauðfjárrækt sem aðalatvinnugrein. Hún liggur á því svæði í byggðarlaginu, þar sem skilyrðin fyrir þann atvinnurekstur eru hvað bezt, bæði hvað snertir landgæði og veðurfar. Tún jarðarinnar er ca. 9 ha. að stærð, en hefir ekki gefið af sér í seinni tíð nema á 3. hundrað hesta af töðu, vegna óræktar og áburðarskorts.
2. Áfast við heimaland jarðarinnar liggur jarðeign ríkissjóðs Ásbyrgi, sem skortir að heita má algerlega beitiland fyrir bústofn þann, er þar mætti framfleyta, en land handa þessari jörð væri fáanlegt af heimalandi Ás án þess Ási væri nokkur óhagur gerður.
3. Jörðinni Ás, ásamt jörðinni Svínadalur, sem upphaflega er byggð úr landi Ás sem $\frac{1}{3}$ af allri jörðinni, fylgja $\frac{1}{2}$ vatnsréttindi í Jökulsá á Fjöllum fyrir landi jarðanna. Eru þar í ánni Vígabergsfoss og Hafragilsfoss, og er annar þeirra talinn vel fallinn til virkjunar; einnig tilheyrir þessum jörðum $\frac{1}{4}$ úr Dettifossi.
4. Í heimalandi jarðarinnar er allstórt skógarsvæði, Áshöfðinn, sem hefir skilyrði til þess að geta orðið einhver fegursti skógur á þeim stöðvum.
5. Loks má geta þess, að í heimalandi jarðarinnar er hinn sérkennilegi staður Hljóðaklettar, sem fer mjög vel á að ríkið eigi eins og Ásbyrgi.

Fyrir utan þær ástæður, er mæla með því, að ríkið kaupi jörðina Ás, og taldar hafa verið, má vissulega minna á þá miklu óbeinu hjálp, sem eiganda jarðarinnar er veitt, ef ríkið kaupir jörðina. Hér á í hlut fámennur og fátækur hreppur, sem hinsvegar á mörg nytsamleg áhugamál á dagskrá, svo sem stofnun einkasíma innan hreppsins, byggingu, sundskála og ýms fleiri. Losni hreppurinn við jörðina og þær lagalegu kvaðir, sem eignarréttinum fylgja, er það alveg víst, að síminn og jafnvel líka sundskálinn verða byggðir í næstu framtíð.

Af þeim ástæðum, sem fram hafa verið færðar til þess að mæla með kaupum á jörðinni, er sú fyrsta tvímælalaust þyngst á metunum, sú, að þarna eru hin beztu skilyrði fyrir samyrkju og samvinnubúskap. Ýmsir þeirra manna, sem áhuga hafa fyrir stofnun nýrra heimila í sveitum landsins, munu kannske álíta, að réttara sé að byrja þá starfsemi fyrr þar, sem skilyrði eru fyrir nautgriparækt sem aðalatvinnuveg, eða m. ö. o. í nágrenni Reykjavíkur. En vafasamt er, að rétt sé að einblína á það eitt, að framleiðsla mjólkur sýnist sem stendur bera sig betur en framleiðsla kjöts. Hvað sem söluverði þessara framleiðsluvara líður er það ljóst, að búskapur hefir í Norður-Þingeyjarsýslu á undanförnum kreppuárum orðið fyrir minni áföllum en víða annarsstaðar á landinu.

Á því er og enginn vafi, að nóg er til af ungu fólki, sem vill stofna þar ný heimili. Í þeirri sýslu hefir yfirleitt ekki vantað menn til að taka þær jarðir, sem losnað hafa úr ábúð. Margt af þessu fólki fer nauðugt burt úr sveitunum, af því stofnfé vantar til þess að reisa ný býli. Mundi fara vel á því, að þessu fólki væru gefin skilyrði til þess í framtíðinni að nota hin ágætu ræktunarskilyrði og

landkosti, sem þarna eru fyrir hendi, vekja upp frá dauðum í breyttri og bættri mynd eitthvað af þeim mörgu býlum, sem lagzt hafa í eyði þarna á síðustu öldum.

Ed. 272. Breytingartillögur

við frv. til l. um eftirlit með sjóðum og sjálfseignarstofnunum.

Frá Þorst. Þorsteinssyni og Magnúsi Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Eftir „bjargráðasjóða“ bætist: og annara slíkra sjóða.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað „6000 kr.“ komi: 4000 kr.
   b. Í stað „3 gæzlustjóra“ komi: 2 gæzlustjóra.
3. Önnur málsgr. 9. gr. falli niður.
4. 10. gr. falli niður.
5. 13. gr. falli niður.
6. 14. gr. orðist þannig: Sjóðaeftirlit ríkisins skal þriðja hvert ár semja og gefa út yfirlit yfir reikninga sjóða og sjálfseignarstofnana, sem eru undir eftirliti þess.
7. Við 15. gr. Síðari hluti greinarinnar, eftir orðunum „úr ríkissjóði“ falli niður.

Nd. 273. Nefndarálit

um frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir orðið á einu máli um að leggja til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum.

Nefndarmenn áskilja sér, hver um sig, rétt til að koma fram með tillögur til breytinga á 10. gr. frv. En nefndin öll leggur til, að á frv. verði gerðar þessar

BREYTINGAR:

1. Við 1. gr. Inn í greinina bætist eftir orðunum „næstu 4 ár“: þegar fé verður veitt til þess í fjárlögum.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður, og greinatalan breytist samkv. því.
3. Við 6. gr. Orðin „annar úr tölu ..... eða útgerðarmanna“ falli niður.

Alþingi, 23. marz 1935.

Finnur Jónsson, form.	Sigurður Kristjánsson, frsm.	Gísli Guðmundsson, fundaskr.
Jóhann Þ. Jósefsson.	Páll Þorbjörnsson.	

Ed. 274. Frumvarp til laga

um breyt. á lögum nr. 52 19. júní 1933, um breyt. á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi:

Hið sama gildir um svæðið milli Sigluness og Gjögurtár austan Eyjafjarðar fyrir þau skip, sem skrásett eru innan þeirra lögsagnarumdæma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram eftir ósk 29 sjómanna á Akureyri. Í áskorun til Alþingis, dags. 10. þ. m., skýra þeir svo frá:

„Við undirritaðir, sem höfum stundað kolaveiði með dragnót (Snurrevaad) hér á Eyjafirði að undanförnu, skorum hér með á hið háa Alþingi, er nú situr, að veita undanþágu frá lögum nr. 55 7. maí 1928 til kolaveiða á Eyjafirði frá 15. júní til 1. des. árlega, eins og veitt er með lögum nr. 52 19. júní 1933 fyrir svæðið frá Hjörleifshöfða að Látrabjargi, og sem framlengd voru á þingi 1934.

Þessi veiði hefir verið aðalatvinna okkar undanfarin haust, og hefir hún einnig oft orðið til þess að bæta úr sárri fiskiþörf almennings hér við Eyjafjörð. Nú eru atvinnuhorfur mjög iskyggilegar hér um slóðir og því mikil þörf fyrir okkur að mega stunda umtalaða veiði yfir sumartímann, eins og leyft hefir verið fyrir suðvesturlandi. Eigi verður heldur séð, að ástæða sé til annars en að leyfa þessa veiði hér á Eyjafirði, fyrst hún hefir verið leyfð á umtöluðu svæði.

Virðingarfyllst.

Akureyri, 10. marz 1935.“

(Undirskrift 29 sjómanna).

Nd. 275. Nefndarálit

um frv. til l. um iðnaðarnám.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 23. marz 1935.

Páll Zóphóníasson, form.	Emil Jónsson, fundaskr., frsm.	Bjarni Ásgeirsson.

Nd. 276. Frumvarp til laga

um einkaleyfi til að flytja út vikur og vörur unnar úr vikri og selja á erlendum markaði.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara til ársloka 1945 veitist Jóni S. Loftssyni kaupmanni, Reykjavík, og Sveinbirni Jónssyni byggingameistara, Akureyri, einkaleyfi til þess að flytja út úr landinu og selja á erlendum markaði vikur eða vörur unnar úr vikri.

2. gr.

Einkaleyfishöfum ber að greiða til ríkissjóðs fimmtíu aura í útflutningsgjald af hverri smálest vikurs eða vikurvara, sem þeir kunna að flytja út.

3. gr.

Meðan leyfistíminn stendur, er öllum öðrum óheimilt að flytja út vörur þær, er einkaleyfið nær til. Brot gegn því ákvæði varðar sektum frá 500—5000 kr.

4. gr.

Hafi sérleyfishafar ekki notfært sér leyfið að verulegu leyti þrjú fyrstu árin, er atvinnumálaráðherra heimilt að sviptæ þá sérleyfinu.

Greinargerð.

Umsækjendur eiga vísa sölu erlendis á vikri í stórum stíl, ef þeir geta orðið við kröfu kaupenda um verð, einkaumboð o. fl.

Að nokkuð athuguðu máli, virðist vera möguleiki fyrir því, að bæta megi svo aðstöðuna við að ná vikrinum og gera hann útflutningshæfan, að verðið þurfi ekki að standa í vegi fyrir sölunni.

En hér yrði um framkvæmdir að ræða, sem kosta munu mikið fé, og munu væntanlegir kaupendur ekki vera ófúsir á að leggja þar eitthvað af mörkum, geti seljendurnir á móti tryggt þeim nokkur sölufríðindi, svo sem einkasölu fyrir land eða landshluti.

Af þessum ástæðum er trygging sú, sem felst í einkaleyfi, höfuðskilyrði þess, að hægt sé að halda áfram frekari undirbúningi fyrirtækisins.

Nánar í framsögu.

Nd. 277. Frumvarp til laga

um verzlunarlóðina í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Takmörk verzlunarlóðarinnar í Hnífsdal eru þessi:

Að innanverðu suðurtakmörk bryggjulóðarinnar í Skeljavík, að ofan landa-

merki Bakkalands og þaðan stefna á Traðargil, en að utanverðu bein lína á land upp frá Skarfaskeri.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 20 19. júní 1922.

Nd. 278. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 224 [Sveitarstjórnarkosningar].

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson og Héðinn Valdimarsson.

Við 2. lið: 2. málsl. 17. gr. orðist þannig: Bæjarstjórnir og hreppsnefndir í hreppum, þar sem fullir $^2/_3$ hlutar kjósenda eru búsettir í kauptúni, skulu kosnar með hlutfallskosningu.

Nd. 279. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og hefir klofnað um málið. Minni hlutinn telur frumvarpið til bóta og leggur til, eftir atvikum, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. marz 1935.

Héðinn Valdimarsson, form., frsm. Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 280. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað í máli þessu. Minni hlutinn (HV og StJSt) leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en vér undirritaðir, sem myndum meiri hluta í nefndinni, viljum gera á frv. eftirfarandi

BREYTINGU.

2. mgr. 1. gr. hljóði svo:

Stjórn sparisjóða, sem eru sjálfseignarstofnanir og hafa á hverjum tíma minnst ábyrgð 30 manna í kaupstöðum og 18 manna utan kaupstaða, skal kosin af ábyrgðarmönnum á aðalfundi, sem eigi skal halda síðar en í aprílmánuði ár hvert.

Ástæðan til brtt. okkar er sú, að við teljum ástæðulaust og þarflaust að veita sýslunefndum og bæjarstjórnum vald til þess að ráða um hluta þeirra sparisjóðsstjórna, þar sem einstakir menn hafa með framtaki sínu og fórnfýsi unnið að því að koma slíkum nauðsynjastofnunum á fót.

Alþingi, 25. marz 1935.

Bergur Jónsson, fundaskr., frsm.	Thor Thors.	Garðar Þorsteinsson.

Nd. 281. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 203 Eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Frá allsherjarnefnd.

Í stað orðsins „Atvinnurekendafélags“ komi: Vinnuveitendafélags.

Nd. 282. Frumvarp til laga

um viðauka við l. nr. 24 frá 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um:

1. Eftirlit með fermingu, affermingu og annari afgreiðslu skipa hér við land, til verndar lífi og heilsu verkamanna, sem að því starfi vinna, og annara. Skal eftirlitið meðal annars ná til véla og annara tækja, sem notuð eru við vinnuna, hvort heldur á landi eða í skipi. Í reglugerðinni má setja nánari fyrirmæli um starfsháttu, tilhögun við vinnuna og aðbúnað verkafólks á staðnum.
2. Gerð og frágang verkpalla við hverskonar vinnu og um eftirlit með þeim.

Áður en reglugerð er sett skal leitað álits Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendafélags Íslands.

2. gr.

Um eftirlit samkvæmt 1. gr. fer eftir ákvæðum laga nr. 24 frá 1928, þar á meðal um gjöld fyrir eftirlitið, sem greiðist af eigendum skoðunarskyldra tækja og vinnustaða, sem eftirlit er framkvæmt með, samkvæmt gjaldskrá, sem sett verður, svo og um refsingu fyrir brot á þessum lögum og reglugerðum, sem settar verða í samræmi við þau. Þar, sem hentugt þykir, getur ráðherra falið lögreglustjóra að sjá um eftirlit samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Ákvæði þessara laga og eftirlit samkvæmt þeim rýrir ekki á neinn hátt ábyrgð, sem eigendur skoðunarskyldra tækja og vinnustaða eða aðrir bera á þeim slysum, sem fyrir kunna að koma.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 283. Frumvarp til laga

um breyting á 22. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 22. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935 bætist:

Undirskattanefndarmenn þeir, er nú eru, halda starfi sínu þar til tími þeirra er útrunninn.

2. gr.

Á eftir 1. málsgr. 36. gr. laganna komi: Á skattskrá þeirri, sem lögð er fram í Reykjavík, er þó nægilegt að tilgreina tekjuskatt, eignarskatt og skattupphæðir samtals.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 284. Nefndarálit

um frv. til l. um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um að ráða háttv. deild til að samþykkja frv. óbreytt.

Það er heppilegra í framkvæmd að skipa þessum málum með reglugerð. Þar sem búast má við, að ýmsar breytingar á verkun afurðanna geti orðið milli þinga, er auðveldara að setja nauðsynleg ákvæði með reglugerð en bráðabirgðalögum.

Alþingi, 25. marz 1935.

Ingvar Pálmason, form.	Jón A. Jónsson, frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.

Ed. 285. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á tilskipun fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót, frá 12. febrúar 1872.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, með skirskotun til greinargerðar frv., að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Einn nefndarm. (SÁÓ) er mótfallinn frv.

Alþingi, 25. marz 1935.

Ingvar Pálmason, form. og frsm. Jón A. Jónsson.

Nd. 286. Frumvarp til laga

um bæjargjöld á Ísafirði o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Fé það, sem þarf til að standa straum af útgjöldum Ísafjarðarkaupstaðar, skal, að því leyti, sem aðrar tekjur hrökkva ekki til, fengið með því:

1. að leggja gjald á allar fasteignir í lögsagnarumdæminu, hús, bryggjur, uppfyllingar, lóðir, byggðar og óbyggðar o. s. frv., að undanskildum fasteignum ríkissjóðs og bæjarsjóðs, kirkjum, sjúkrahúsum, skólahúsum, bókasafnshúsum og öðrum menningar- og líknarstofnunum.
2. að bærinn taki einkarétt til upp- og framskipunar á vörum úr skipum, er við bryggjur bæjarins leggjast.

2. gr.

Fasteignagjaldið skal vera:

a. Af húsum og bryggjum 0.4%—1%.
b. Af lóðum og öðrum fasteignum 0.1%—1%.

Gjaldið skal miða við fasteignamat, og skal það vera mismunandi, eftir því til hvers eignirnar eru notaðar, og af húsum ennfremur mismunandi eftir verðmæti þeirra, miðað við fasteignamatsverð og íbúafjölda, allt eftir nánari fyrirmælum í reglugerð.

3. gr.

Gjalddagi á gjöldum samkv. 1. gr. tölul. 1 og 2. gr. er 1. febrúar ár hvert, og hvíla gjöldin sem lögveð á fasteign þeirri, sem þau eru lögð á, og skulu ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum kröfum á eigninni.

Brenni hús eða skattskylt mannvirki eyðileggist, hafa þessi gjöld forgangsrétt í bruna- eða skaðabótum.

4. gr.

Séu gjöld þessi ekki greidd áður en tveir mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal gjaldandi — þinglesinn eigandi eignarinnar — greiða bæjarsjóði dráttarvexti, er nemi einum af hundraði fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, er líður frá gjalddaga, unz gjaldið er að fullu greitt.

5. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar setur með reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir, nánari fyrirmæli um gjöld þessi, eftir því sem þurfa þykir, svo og um upp- og framskipun samkv. 1. gr. tölul. 2. Í reglugerð um hið síðarnefnda skal setja taksta um hámark upp- og framskipunargjalda, og skal miða hann við meðaltal þessara gjalda fyrir 3 síðustu árin, áður en lög þessi gengu í gildi, nema um verulega kaupgjaldsbreytingu sé að ræða.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar, og er þá jafnframt úr gildi numin 18. gr. laga um bæjarstjórn á Ísafirði.

Bráðabirgðaákvæði.

Fasteignagjald samkv. lögum þessum greiðist hið fyrsta sinn árið 1935, og er gjalddagi þess ákveðinn hinn 1. júlí það ár.

Ed. 287. Nefndarálit

um frv. til laga um virkjun Fljótaár.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Ef hreppsnefndir Holtshrepps og Haganeshrepps óska þess, er Siglufjarðarkaupstað skylt að veita þessum hreppum rétt til að taka þátt í virkjun Fljótaár, allt að 200 hö. fyrir hvorn hrepp um sig. Taka hrepparnir þá að sér hlutfallslegan hluta sameiginlegs virkjunarkostnaðar.
3. Við 5. gr.
   a. Í stað „Holtshreppur kann að fá skv. 5. gr.“ komi: Holtshreppur og Haganeshreppur kunna að fá samkvæmt 4. gr.
   b. Á eftir „Holtshrepp“ komi: og Haganeshrepp.

Alþingi, 26. marz 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Þorsteinn Briem, frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.

Magnús Guðmundsson. Páll Hermannsson.

Nd. 288. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Jón Pálmason.

Aftan við frumvarpsgreinina komi ný grein, er verði 2. gr., svo hljóðandi:
Á eftir C. 6. í 2. gr. laganna komi:
a. Norðurárdalsvegur: frá Laxárbrú að Þverá.
b. Fyrir „til Skagastrandar“ í C. 7. komi: að Hofi á Skagaströnd.

Ed. 289. Nefndarálit

um frv. til laga um almenn gæðamerki.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og er sammála um að leggja til við hv. deild, að hún samþykki það óbreytt.

Alþingi, 26. marz 1935.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm.	Jón A. Jónsson.

Nd. 290. Viðaukatillaga

við brtt. á þskj. 241 [Sveitarstjórnarkosningar].

Flm.: Páll Zóphóníasson.

Aftan við tillgr. bætist:
Þó er heimilt að láta hreppsnefndarkosningar fara fram síðasta sunnudag í janúar í þeim hreppum, þar sem fullir $^{6}/_{7}$ af kjósendum hreppsins eru búsettir í kauptúni.

Nd. 291. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði.

Flutningsm.: Jón Pálmason, Sigurður Kristjánsson.

Á eftir 5. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Ef stjórn sparisjóðs óskar, skal ríkisstjórnin fyrir hönd ríkissjóðs ábyrgjast innstæður í sjóðnum, ef sannanir, sem fjármálaráðherra tekur gildar, liggja fyrir um það, að sjóðurinn eigi meira en fyrir skuldum og stjórn og starfræksla sjóðsins er í samræmi við lög þessi.
Greinatala breytist samkvæmt þessu.

Nd. **292. Lög**

um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna.

(Afgreidd frá Nd. 26. marz).

Samhljóða þskj. 116.

Ed. **293. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Frá atvinnumálaráðherra.

1. Við 2. gr.
   Aftan við greinina bætist: og handhafaskuldabréfunum.
2. Á eftir 2. grein komi tvær nýjar greinar, er verði 3. og 4. gr., og breytist greinatala og tilvitnanir samkvæmt því:
   a. (3. gr.). Nú telur stjórn skuldaskilasjóðs hentugra að gefa út handhafaskuldabréf fyrir sjóðinn, og er henni þá heimilt, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að gefa út handhafaskuldabréf fyrir allt að 1750000 kr., enda lækki lántökuheimild sjóðsins um 150 kr. fyrir hverjar 175 kr., sem út eru gefnar af handhafaskuldabréfum.
   Trygging þessara skuldabréfa er ábyrgð ríkissjóðs og framlag hans samkvæmt 2. gr.
   Vextir af bréfunum skulu vera 4½% á ári. Skulu þau gefin út í einum flokki, og skulu þau innleyst á þann hátt, að árlega sé varið sömu fastri upphæð til samanlagðra vaxta og innlausnargreiðslna, samkvæmt útdrætti, sem notarius publicus í Reykjavík framkvæmir, þannig að öllu bréfin séu innleyst á 15 árum, og fer fyrsti útdráttur fram á árinu 1936.
   b. (4. gr.). Skuldabréf skuldaskilasjóðs skulu með nafnverði vera gildur gjaldeyrir til greiðslu á skuldum, sem stofnaðar eru fyrir 1. janúar 1935, að svo miklu leyti sem þær eru ekki fulltryggðar með fasteignaveði eða handveði, en þá eru þau gildur gjaldeyrir með nafnverði fyrir þeim hluta veðskuldarinnar, sem fer fram úr verðmæti veðsins samkvæmt mati því, sem um ræðir í 13. gr., enda óski veðhafi ekki eftir kaupum á hinni veðsettu eign fyrir a. m. k. 10% hærra verð en matsverð, sbr. 23. gr. Ennfremur skulu skuldabréfin vera gildur gjaldeyrir með nafnverði til greiðslu á víxlum, sem gefnir hafa verið út eftir 1. janúar 1935, ef skuldin hefir upphaflega verið stofnuð fyrir þann tíma. Skuldabréfin eru þó ekki gildur gjaldeyrir fyrir ríkissjóð eða ríkisstofnanir, banka, sparisjóði, bæjarfélög eða sýslufélög til þess að greiða með skuldir sínar.
3. Við 4. gr.
   Í stað „15%“ komi: 15—20%.

Nd. 294. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 1930, um gagnfræðaskóla.

Frá Sig. Einarssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna: „ríkissjóði skylt að leggja fram sinn hluta á móti“ í fyrstu málsgr. 1. gr. komi: skylt að veita fé úr ríkissjóði á næstu fjárlögum, hlutfallslega við framlag kaupstaðarins.

Nd. 295. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir athugað frumvarpið, og leggur meiri hlutinn til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. marz 1935.

Sigfús Jónsson, form., frsm. Ásgeir Ásgeirsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 296. Breytingartillaga

við frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Frá Jóh. Jósefssyni og Sigurði Kristjánssyni

Við 10. gr.

3. og 4. málsliður síðustu málsgreinar orðist svo: Þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið með almennum lögum, skal bæjarstjórn Siglufjarðar heimilt að ákveða hækkun á núverandi vörugjaldi um allt að 100% af síldarmjöli, síldarolíu og fiskimjöli, um 50% af öllum öðrum vörum. Gengur hækkun þessi til nauðsynlegra útgjalda bæjarsjóðs.

Ed. 297. Lög

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43 20. júlí 1923.

(Afgreidd frá Ed. 27. marz).

Samhljóða þskj. 12.

Ed. 298. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Ástæður þær, sem færðar hafa verið að undanförnu gegn því, að hvalveiðar yrðu leyfðar hér á landi, eru að engu orðnar, þar sem útlend hvalveiðaskip liggja rétt utan við landhelgina og veiða hvali svo hundruðum skiptir árlega. Það virðist því réttmætt, að löggjöfin heimili þær breytingar á lögunum um hvalveiðar, sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sé með tiltölulega litlu fjármagni að gera tilraun með hvalveiðar frá landstöð.

Félag það, sem fengið hefir sérleyfi, er ekki svo fjársterkt, að það geti á fyrsta starfsári komið upp og starfrækt svo fullkomna stöð, að unnin verði þar bein hvala og annar úrgangur. Af þeim ástæðum flytur nefndin brtt., sem að því miðar að létta fyrir um byrjun þessarar atvinnu. Nefndin vill benda á, að með lögum nr. 6 1896 eru sett ákvæði til tryggingar því, að ekki hljótist tjón af hvalleifum, sem ekki er unnið úr á hvalveiðastöðum, en þar sem nefndin er ekki viss um, að ákvæði þeirra laga sé fullnægjandi til þess, að komið verði í veg fyrir tjón, sem orsakast kann af vanhirðingu hvalleifa, er fram á það farið með brtt., að ráðherra heimilist að setja önnur og frekari skilyrði fyrir undanþágu frá ákvæðum 3. gr. laga nr. 72 1928. Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með svofelldri

BREYTINGU:

Á eftir 1. gr. kemur ný gr., er verður 2. gr., svo hljóðandi:

Aftan við 3. gr. laganna bætist: Þó er atvinnumálaráðherra heimilt að veita sérleyfishafa undanþágu, til ársloka 1936, frá þeim ákvæðum þessarar greinar, er lúta að hagnýtingu beina, kjöts og innyfla, enda getur ráðherra þá sett sérleyfishafa frekari skilyrði en greinir í lögum nr. 6 1896, til tryggingar gegn tjóni, er leiða kynni af undanþágu frá hagnýtingu hvalleifanna.

Alþingi, 27. marz 1935.

Ingvar Pálmason, form.	Jón A. Jónsson, frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.

Ed. 299. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá landbúnaðarráðherra.

Við 1. gr. Aftan við greinina komi nýr liður, svo hljóðandi, sem verður 8. liður:

Ríkisstjórninni er heimilt að fresta árið 1935 framlagi til Ræktunarsjóðs Íslands af útflutningsgjaldi samkvæmt 4. gr. laga nr. 21 9. janúar 1935, um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

Sþ. **300. Nefndarálit**

um till. til þál. um framlag úr ríkissjóði til verðuppbótar á útflutt kjöt 1934.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að uppbót sú, sem stungið er upp á í tillögunni, verði greidd á útflutt kjöt 1934.

Einstakir nefndarmenn hafa þó sérstöðu um síðari hluta tillögunnar.

Alþingi, 27. marz 1935.

Jónas Jónsson, form. — Sigurður Einarsson, fundaskr. — Magnús Guðmundsson, með fyrirvara.

Þorbergur Þorleifsson. — Pétur Ottesen, með fyrirvara um síðari hl. till.

Jón Sigurðsson, með fyrirvara um síðari hl. till. — Bjarni Bjarnason.

Jónas Guðmundsson, með fyrirvara. — Þorst. Þorsteinsson, með fyrirvara um síðari hl. till.

Nd. **301. Breytingartillögur**

við frv. til l. um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

1. Við 2. gr. Í stað „1½ milljón króna“ komi: 2½ milljón króna.
2. Við 21. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Frá því lánbeiðandi hefir sent lánbeiðni til sjóðstjórnarinnar og þangað til samningaumleitunum er lokið, má hann ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu o. s. frv.

Ed. **302. Frumvarp til laga**

um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna skal í sambandi við Fiskveiðasjóð Íslands sérstakan sjóð, sem nefnist Skuldaskilasjóður vélbátaeigenda.

2. gr.

Stofnfé skuldaskilasjóðs er 1½ milljón króna. Upphæð þessa tekur sjóðurinn að láni, og ábyrgist ríkisstjórnin fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánsins, enda skal ríkissjóður leggja fram árlega sem styrk til sjóðsins upphæð, sem svarar árlegum afborgana- og vaxtagreiðslum af láninu og handhafaskuldabréfunum, sbr. 3. gr.

3. gr.

Nú telur stjórn skuldaskilasjóðs hentugra að gefa út handhafaskuldabréf fyrir sjóðinn, og er henni þá heimilt, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að gefa út handhafaskuldabréf fyrir allt að 1750000 kr., enda lækki lántökuheimild sjóðsins um 150 kr. fyrir hverjar 175 kr., sem út eru gefnar af handhafaskuldabréfum.

Trygging þessara skuldabréfa er ábyrgð ríkissjóðs og framlag hans samkvæmt 2. gr.

Vextir af bréfunum skulu vera 4½% á ári. Skulu þau gefin út í einum flokki, og skulu þau innleyst á þann hátt, að árlega sé varið sömu fastri upphæð til samanlagðra vaxta- og innlausnargreiðslna, samkvæmt útdrætti, sem notarius publicus í Reykjavík framkvæmir, þannig að öll bréfin séu innleyst á 15 árum, og fer fyrsti útdráttur fram á árinu 1936.

4. gr.

Skuldabréf skuldaskilasjóðs skulu með nafnverði vera gildur gjaldeyrir til greiðslu á skuldum, sem stofnaðar eru fyrir 1. janúar 1935, að svo miklu leyti sem þær eru ekki fulltryggðar með fasteignaveði eða handveði, en þá eru þau gildur gjaldeyrir með nafnverði fyrir þeim hluta veðskuldarinnar, sem fer fram úr verðmæti veðsins samkvæmt mati því, sem um ræðir í 13. gr., enda óski veðhafi ekki eftir kaupum á hinni veðsettu eign fyrir a. m. k. 10% hærra verð en matsverð, sbr. 23. gr. Ennfremur skulu skuldabréfin vera gildur gjaldeyrir með nafnverði til greiðslu á víxlum, sem gefnir hafa verið út eftir 1. janúar 1935, ef skuldin hefir upphaflega verið stofnuð fyrir þann tíma. Skuldabréfin eru þó ekki gildur gjaldeyrir fyrir ríkissjóð eða ríkisstofnanir, banka, sparisjóði, bæjarfélög eða sýslufélög til þess að greiða með skuldir sínar.

5. gr.

Lán úr skuldaskilasjóði skulu veitt eigendum vélbáta, ekki stærri en 60 smálesta, og skal lánunum varið til þess að ná samningum um nauðsynlegar eftirgjafir skulda og hagkvæmar breytingar á lánskjörum. Lánin skulu veitt með þeim skilyrðum og eftir þeim reglum, sem í lögum þessum greinir.

6. gr.

Að jafnaði skal engum lánbeiðanda veitt hærra lán úr skuldaskilasjóði en sem svarar 15—20% af virðingarverði allra eigna hans. Þó má, ef sérstaklega stendur á, og það, að dómi sjóðstjórnarinnar, telst nauðsynlegt til þess að koma atvinnurekstri lánbeiðanda á heilbrigðan grundvöll, veita honum nokkru hærra lán, ef hann fær eftirgjöf á svo miklu af skuldum sínum, að eftirstöðvar þeirra, að viðbættu láni skuldaskilasjóðs, fari eigi fram úr virðingarverði eigna hans.

7. gr.

Skilyrði fyrir lánveitingum úr sjóðnum eru þessi:

1. Að lánbeiðandi reki vélbátaútveg sem aðalatvinnuveg.
2. Að hann sé að dómi sjóðstjórnarinnar vel hæfur til að reka vélbátaútveg.
3. Að skuldir hans nemi meiru en sem svarar 75% af virðingarverði eigna hans,

enda telji sjóðstjórnin honum ekki kleift að standa við skuldbindingar sínar eða að reka útgerðina á heilbrigðum grundvelli án aðstoðar sjóðsins.

4. Að samningar náist um svo mikinn afslátt á skuldum lánbeiðanda, að raunverulegar eftirstöðvar þeirra, sem sé allar skuldir hans, eftir að lán skuldaskilasjóðs hefir verið veitt og skuldaskilasamningur gerður, nemi ekki meiru en sem svarar þeim hluta af virðingarverði allra eigna hans, sem sjóðstjórnin telur honum fært að standa straum af, og aldrei meiru en sem svarar fullu virðingarverði eignanna; svo og að samningar náist um viðunanleg greiðslukjör á þeim hluta skulda hans, sem ekki greiðist með skuldaskilasjóðsláninu.
5. Að hann geti sett þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðstjórnin tekur gilda. Skulu lánin vera forgangskröfur næst á eftir forgangskröfum, sem nú eru í lögum.

8. gr.

Vextir af lánum úr skuldaskilasjóði skulu vera 4½ af hundraði á ári. Lánstíminn skal fara eftir ákvörðun sjóðstjórnarinnar. Þó skal hann aldrei vera lengri en 18 ár.

Lánin séu vaxtalaus fyrsta ár lánstímans og afborgunarlaus fyrstu þrjú árin. Þó skal áskilið, að ef efnahagur lántakanda breytist svo, að honum verði auðvelt að greiða lán sitt á skemmri tíma, að dómi sjóðstjórnarinnar, geti hún gert honum að greiða vexti frá lánveitingardegi og afborganir fyrr, eða hærri afborganir af láninu en annars er tilskilið.

Ennfremur sé áskilið, að ef lántakandi breytir um atvinnuveg, eða ef eigendaskipti verða að hinni veðsettu eign, sé sjóðstjórninni heimilt að ákveða, að lánið sé þegar fallið í gjalddaga.

Gjalddagi skal vera 1. nóvember ár hvert. — Sé árgjald ekki innt af hendi innan tveggja mánaða frá gjalddaga, er lánið allt fallið í gjalddaga. Þó skal veita skuldunaut gjaldfrest, ef hann leggur fram skilríki, sem stjórn skuldaskilasjóðs tekur gild, fyrir því, að hann geti ekki innt afborgun af hendi án hnekkis fyrir atvinnurekstur sinn, en hann hinsvegar heldur veðinu vel við og stundar áfram þann atvinnurekstur, sem lánið var upphaflega veitt til stuðnings.

9. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, 4. nóv. 1887, er lántakanda rétt að veðsetja skuldaskilasjóði veiðarfæri, áhöld, húsgögn og annað lausafé, án sérstakrar sundurliðunar, jafnt það, er veðsali á þegar veðsetning fer fram, sem hitt, er hann kann síðar að eignast. Veð sjóðsins gengur fyrir öllum síðari lausafjárveðsetningum lántakanda, að undanskildum veðum, sem lánsstofnunum eru sett í sjávarafurðum eða útgerðarvörum vegna rekstrarlána.

Nú flytur veðsali í aðra þinghá, eftir að skuldabréf hefir verið þinglesið, og heldur sjóðurinn þá veðrétti sínum, þótt skuldabréfið sé eigi þinglesið í hinni síðari þinghá veðsala.

10. gr.

Stjórn skuldaskilasjóðs skal skipuð þrem mönnum, er ríkisstjórnin útnefnir, og skal einn þeirra vera bankastjóri í Útvegsbankanum, og er hann formaður

sjóðstjórnarinnar. Skal sjóðstjórnin skipuð til 31. des. 1936, enda skal lánveitingum úr sjóðnum þá lokið. Eftir það hefir stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands störf sjóðsins á hendi.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðunarmönnum Fiskveiðasjóðs og úrskurðaðir af atvinnumálaráðherra og birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

11. gr.

Þar, sem vélbátaútvegur er stundaður, getur sjóðstjórnin skipað einn eða fleiri menn sér til aðstoðar um að afla gagna til ákvarðana um lánveitingar. Ákveður sjóðstjórnin þóknun til þeirra.

12. gr.

Umsóknir um lán úr skuldaskilasjóði skulu stílaðar til sjóðstjórnarinnar, en sendar hlutaðeigandi umboðsmönnum hennar í héraði, sem afgreiða þær svo fljótt sem unnt er til sjóðstjórnarinnar.

Lánbeiðni skal fylgja:

1. Afrit af síðustu skattskýrslu lánbeiðanda.
2. Síðasti rekstrar- og efnahagsreikningur lánbeiðanda.
3. Sundurliðuð skrá yfir eignir lánbeiðanda og mat umboðsmanna sjóðsins á þeim. Sé þar nákvæmlega tekið fram, hverjar fasteignir hans séu, og greint frá því, hvaða breytingar hafa orðið á þeim frá síðasta fasteignamati þeirra og hvert fasteignamat sé á þeim nú.

   Af vélbát eða vélbátum lánbeiðanda skal senda nákvæma lýsingu, þar sem greint sé frá aldri báts og vélar, meðferð og viðhaldi, síðustu sölu -- hvenær seldir og fyrir hvaða verð -- og öðru, sem kann að veita upplýsingar um sannvirði bátsins. Heimilt er umboðsmönnum að leita aðstoðar kunnáttumanna um þetta.

   Frá veiðarfærum, áhöldum, salti, olíu, aflabirgðum, útistandandi skuldum og öðru lausafé lánbeiðanda skal greint sem ýtarlegast.
4. Sundurliðuð skrá yfir lánardrottna lánbeiðanda. Skal þar greina skuldarupphæð, hvort skuld er tryggð með veði eða ábyrgð og hver tryggingin er, gjalddaga, afborgunarskilmála og önnur skuldakjör.
5. Sundurliðuð skrá yfir ábyrgðir lánbeiðanda. Skal greint, hverjar aðrar tryggingar eru fyrir ábyrgðarskuldunum, og þess getið, hvort líkur eru fyrir, að ábyrgðirnar falli á lánbeiðanda.
6. Vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra um, hve lengi lánbeiðandi hafi rekið vélbátaútgerð og hvar.
7. Drengskaparyfirlýsing lánbeiðanda um, að allar upplýsingar séu gefnar eftir beztu vitund.
8. Rökstutt álit umboðsmanna sjóðstjórnar um aðstöðu lánbeiðanda til vélbátaútgerðar og afkomumöguleika hans.
9. Álit umboðsmanna um það, undir hve háum greiðslum vaxta og afborgana útgerð hans fái staðið, þannig að lífvænlegt sé fyrir hann.
10. Aðrar upplýsingar, sem sjóðstjórnin kann að óska eftir.

13. gr.

Skipa skal tvo matsmenn fyrir hvern landsfjórðung eða fyrir tiltekin útgerðarsvæði, eftir nánari ákvörðun stjórnar skuldaskilasjóðs, til þess að meta til peningaverðs fasteignir og vélbáta lánbeiðenda skuldaskilasjóðs. Skal annar skipaður af sjóðstjórninni, en hinn af atvinnumálaráðherra. Þóknun fyrir störf þeirra ákveður atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, og greiðist kostnaður við störf þeirra úr skuldaskilasjóði.

Matsmenn skuldaskilasjóðs skulu meta til sannvirðis allar fasteignir og vélbáta lánbeiðenda, með tilliti til þess, sem nú greinir:

1. Hvernig ástand eignarinnar er nú, og hvort verulegar endurbætur eru nauðsynlegar á henni, vegna þess að viðhald hennar hafi verið vanrækt undanfarin ár.
2. Hvaða leigu eða afgjald megi ætla, að hægt sé að fá nú árlega eftir eignina.
3. Hvaða verð sé líklegt, að fáist nú fyrir eignina með frjálsri sölu eða nauðungarsölu.
4. Að hve miklu leyti eignin fullnægi nú þeim kröfum um nothæfi, sem gerðar eru, eða hvort til þess verði að gera á henni breytingar, er hafi verulegan kostnað í för með sér.
5. Sérhvers annars, sem líklegt er, að hafi áhrif á verðmæti eignarinnar.

14. gr.

Þegar er sjóðstjórnin hefir fengið í hendur tillögur umboðsmanna og virðingargerðir matsmanna, tekur hún ákvörðun um, hvort lánbeiðandi getur komið til greina við lánveitingu. Skal hún þá láta birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til allra þeirra, sem fjárkröfur eiga á lánbeiðanda, þar með taldar ábyrgðir, um að lýsa kröfum sínum fyrir stjórn sjóðsins, með 6 vikna fyrirvara frá síðustu birtingu auglýsingar. Skal í auglýsingunni tekið fram, að allar ótryggðar kröfur falli niður ógildar, ef þeim er ekki lýst innan hins tiltekna frests. Ef skuldareigandi, sem ekki hefir lýst viðurkenndri kröfu innan hins tiltekna frests, síðar meðan á samningaumleitunum stendur færir líkur fyrir, að hann hafi eigi átt kost á að sjá auglýsinguna, svo sem vegna fjarveru, sjúkdóms o. s. frv., er sjóðstjórninni þó heimilt að taka kröfu hans til greina. Að öðru leyti falla niður þær kröfur, sem eigi er lýst innan hins tiltekna frests. Sé ekki lýst öllum þeim kröfum, sem taldar eru fram samkvæmt 10. gr. 4. lið, skal sjóðstjórnin sannprófa, hvort framtalið er rétt.

15. gr.

Að liðnum innköllunarfresti skal sjóðstjórnin, svo fljótt sem unnt er, taka ákvörðun um, hvort hún telur fært að veita lánbeiðanda lán úr skuldaskilasjóði. Telji hún, að umsækjandi geti komið til greina, skal honum þegar í stað tilkynnt það, annaðhvort bréflega eða með símskeyti.

16. gr.

Nú telur stjórn skuldaskilasjóðs, að umsækjandi uppfylli þau skilyrði, sem lög þessi setja fyrir lánveitingum úr sjóðnum, og skal hún þá, svo fljótt sem

auðið er, semja frumvarp til skuldaskila fyrir hann, ef hún telur, að hann þurfi að fá eftirgjöf á skuldum eða samninga við lánardrottna. Í frumvarpinu skulu taldar sér í flokki þær skuldir, er samningum er eigi ætlað að ná til, og í öðrum flokki þær skuldir, sem ætlazt er til, að samið sé um. Þá skal og skilmerkilega getið, hve háan hundraðshluta lántakanda er ætlað að greiða af skuldum þeim, er samningar ná til.

17. gr.

Þegar eftir að samningafrumvarp það, sem í 16. gr. getur, er fullsamið, skal sjóðstjórnin með ábyrgðarbréfi eða símskeyti tilkynna það öllum þeim lánardrottnum, er kröfu hafa lýst í búið, og boða þá á fund með hæfilegum fyrirvara. Samtímis skal lánbeiðanda sjálfum tilkynnt efni samningsins, og skal hann innan 5 daga frá því er tilkynning barst honum í hendur segja til um, hvort hann treystist til að ganga að honum. Sé svarið neitandi, skal fundarboð afturkallað í tæka tíð. Þangað til fundurinn er haldinn, skal frumvarp eða staðfest afrit liggja á skrifstofu sjóðsins skuldheimtumönnum til sýnis.

18. gr.

Á skuldheimtumannafundi þeim, er um getur í 17. gr., skal sjóðstjórnin leggja fram samningsfrumvarp, svo og nákvæman efnahagsreikning lánbeiðanda, staðfestan af stjórn sjóðsins. Skuldheimtumenn eiga heimtingu á að fá sérhverjar upplýsingar um hag lánbeiðanda, er sjóðstjórnin getur látið í té. Þeim er og heimilt að bera fram breytingartillögur við frumvarpið, og skulu þær ræddar og bornar undir atkvæði sérstaklega. Verði þær samþykktar, hefir sjóðstjórnin heimild til að taka frumvarpið aftur, ef hún telur þær verulega máli skipta. Að öðrum kosti ber sjóðstjórnin frumvarpið undir atkvæði skuldheimtumanna, þegar að loknum umræðum og atkvæðagreiðslum um breytingartillögur.

19. gr.

Hljóti frv. atkvæði svo margra skuldheimtumanna eða umboðsmanna þeirra, að þeir ráði yfir meira en helmingi samanlagðra kröfuupphæða mættra skuldheimtumanna, þeirra er samningnum er ætlað að ná til, hefir sjóðstjórnin heimild til að staðfesta það, og er það þá bindandi einnig fyrir þá skuldheimtumenn, er greitt hafa atkvæði á móti því, eða eigi mætt á fundi. Leysir það þá skuldunaut undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hverrar samningskröfu, sem undan er skilin í samningnum, bæði gagnvart lánardrottni sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur honum fyrir greiðslu skuldarinnar.

20. gr.

Þegar eftir að samningur er staðfestur skal sjóðstjórnin ganga frá lánsskjölum og sjá um, að formlega sé gengið frá öllu því, sem samningurinn kveður á um.

21. gr.

Samningur haggar eigi heimild lánardrottins til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefir sett fyrir kröfum á lánbeiðanda.

22. gr.

Samningurinn hefir engin áhrif á þær kröfur, sem hér greinir:

1. Skuldir tryggðar með veði í fasteign eða skipi, þó því aðeins, að skuldarupphæð nemi eigi meiru en verðmæti veðsins. Sé skuldin hærri en verðmæti veðsins samkvæmt mati því, sem lagt er til grundvallar við samningsgerðina, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr verði veðsins, enda óski veðhafi ekki eftir kaupum á hinni veðsettu eign fyrir að minnsta kosti 15% hærra verð en matsverð.
2. Skuldir tryggðar með handveði. Gildir að öllu hið sama um þær og hinar, sem taldar voru undir 1. lið.
3. Forgangskröfur samkv. 8. kap. 83. gr. skiptalaganna, að svo miklu leyti sem eigur lánbeiðanda teljast hrökkva fyrir þeim.
4. Skuldir tryggðar með lausafjárveði, ef sú veðsetning fór fram eigi síðar en ári áður en lánbeiðnin var send, að svo miklu leyti sem veðið hrekkur fyrir þeim. Komi það hinsvegar í ljós, að skuldin sé hærri en verðmæti veðsins, samkvæmt mati því á eigum lánbeiðanda, sem lagt er til grundvallar við samningagerðina, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr verði veðsins.

23. gr.

Frá því lánbeiðandi hefir sent lánbeiðni til sjóðstjórnarinnar og þangað til samningaumleitunum er lokið, má hann ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu og ekki veðsetja þær, nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánum, og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans. Komi í ljós eftir að samningur hefir verið staðfestur, að lánbeiðandi hafi brotið ákvæði greinar þessarar, er sjóðstjórninni heimilt að ógilda samninginn og endurheimta lánið án fyrirvara, ef útborgað hefir verið. Það fé, er skuldheimtumenn hafa þegar tekið á móti, verður eigi endurheimt.

24. gr.

Jafnskjótt sem umboðsmaður skuldaskilasjóðs eða stjórn sjóðsins hefir tekið við lánbeiðni, skal það tilkynnt skiptaráðanda, og er þá hverskonar aðför vegna skulda lánbeiðanda óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til samningaumleitunum er lokið. Eigi verður heldur bú hans tekið til gjaldþrotaskipta frá sama tíma. Nú takast eigi samningar og bú lánbeiðanda er tekið til gjaldþrotaskipta áður en sex mánuðir eru liðnir frá því er samningaumleitunum lauk, og við skiptin kemur í ljós, að lánbeiðandi hefir brotið gegn ákvæðum 23. gr., og má þá með málsókn rifta þeim samningum og greiðslum, er ólöglega hafa farið fram, samkv. reglum gjaldþrotaskiptalaga, enda sé málsókn hafin innan sex vikna frá því er búskipti byrja. Tímabilið frá því er umboðsmaður skuldaskilasjóðs eða stjórn sjóðsins hefir tekið við lánbeiðni og þangað til samningaumleitunum er lokið telst ekki með fyrningartíma skuldar, víxilréttar né neinna réttargerða.

25. gr.

Skuldaskilasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast.

Bækur sjóðsins, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, svo og skuldabréf fyrir lánum úr sjóðnum og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum eru undanþegin stimpilgjaldi.

Eignar- og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

26. gr.

Í reglugerð fyrir skuldaskilasjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt eigi sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í lögum þessum, og fari þau þó eigi í bága við nein ákvæði laganna.

27. gr.

Þegar lokið er lánveitingum úr skuldaskilasjóði, skulu eignir sjóðsins renna í stofnsjóð Fiskveiðasjóðs Íslands, jafnóðum og útlán skuldaskilasjóðs afborgast, enda annist Fiskveiðasjóður skrifstofuhald skuldaskilasjóðs frá upphafi, skuldaskilasjóði að kostnaðarlausu.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 303. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flutningsm.: Gísli Sveinsson.

Framan við frvgr. komi:

Í stað orðanna „yfir Eldhraun“ (á eftir „Skaftártungu“) í 2. gr. A. 1. komi: um Ásabrú, Hestalandshóla að Leiðvelli í Meðallandi, og yfir Eldhraun frá Stóra-Hvammi.

Greinargerð.

Breyting sú á vegakerfi á þessu svæði, sem hér er farið fram á, er í rauninni aðeins viðbót, til þess að uppfyllt verði gamalt loforð fyrri framsóknarstjórnar, þegar þjóðvegurinn var færður upp að Stóra-Hvammsbrú, að séð yrði fyrir bílfærum vegi milli Skaftártungu og Meðallands, og þá einkum að byggð yrði upp (endurbyggð) Ásabrú, sem samkv. áætlun vegamálastjóra kostar mjög lítið, en með nefndri færslu vegarins var Meðallandið einangrað og útilokað frá hinu nýja bílvegarsambandi um miðbik Vestur-Skaftafellssýslu. Má nú með þeim hætti, er brtt. fer fram á, bæta úr þessu (en eigi örugglega öðruvísi), enda þá við það unnið, bæði að þessi sveit, Meðallandið, verður jafnrétthá til viðunandi samgangna öðrum sveitum milli Sanda (sem er ekki sízt þörf á, m. a. vegna hinna tíðu skipstranda á þessum slóðum og þeirra mannflutninga, er þar af leiðir), og eins yrði þessi leiðin að allra kunnugra áliti þrautalending sem þjóðleið og póstleið, þegar allt er ófært efra vegna snjóa og vatna. — Auk Ásabrúar myndi þurfa 2 smábrýr á þessari leið.

Nd. 304. Frumvarp til laga

um löggilding verzlunarstaðar í Buðlungahöfn.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Í Buðlungahöfn við Axarfjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðar, samkv. lögum nr. 61 10. nóv. 1905, og birt í B-deild stjórnartíðindanna.

Greinargerð.

Fyrir Alþingi liggur nú frv. um einkaleyfi til að flytja út vikur, og munu væntanlegir einkaleyfishafar fyrst og fremst hafa í huga að taka vikurinn við Jökulsá á Fjöllum. Ef slík starfræksla kemst í framkvæmd, er nauðsynlegt að löggilda verzlunarstað við árósana, og því er þetta frv. fram borið.

Nd. 305. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Þorbergur Þorleifsson.

Framan við frvgr. komi:

Fyrir orðin í 2. gr. A. 1. „um Hóla í Nesjum" komi: yfir Hornafjarðarfljót innra (um Hoffell að Bjarnanesi) og yfir Hornarfjarðarfljót ytra um Hóla í Nesjum.

Nd. 306. Frumvarp til laga

um sjóði líftryggingafélaga og stofnana og eftirlit með þeim.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Líftryggingafélög og stofnanir, er hafa líftryggingasamninga í gildi hér á landi, þegar lög þessi öðlast gildi, skulu afhenda Landsbanka Íslands fjárupphæð, er varðveitt sé í bankanum, til öryggis fyrir þá, sem tryggðir eru hjá félögunum. Fjárupphæð þessi skal afhent í skuldabréfum, sem séu eign hlutaðeigandi félags, og séu skuldabréfin þeirrar tegundar, sem mælt er fyrir um í 7. gr. Skuldabréfin frá hverju félagi, reiknuð með kaupverði, en þó aldrei yfir ákvæðisverð (pari), mega ekki samanlögð nema lægri upphæð en tryggingasjóð fyrir þær líftryggingar félagsins, sem eru í gildi hér á landi og hljóða á útborgun í íslenzkum

krónum, enda sé tryggingasjóður reiknaður út eftir sömu reglum og þeim, er 18 gr. laga um Líftryggingastofnun ríkisins mælir fyrir um, að því undanskildu, að nota skal hinn almenna reikningsgrundvöll hlutaðeigandi félags eða stofnunar, að frá dregnum eignalið samsvarandi þeim, er um getur í 19. gr. áðurnefndra laga, og útlánum félagsins gegn veði í eigin líftryggingum þess, er hljóða á útborgun í ísl. krónum, að svo miklu leyti, sem slík lán fara ekki fram úr endurkaupsverðgildi samsvarandi tryggingasamninga.

2. gr.

Stjórn Líftryggingastofnunar ríkisins – sem í lögum þessum nefnist eftirlitsmenn — hefir fyrir hönd ríkisstjórnarinnar eftirlit með því, að líftryggingafélög og stofnanir fullnægi afhendingarskyldu sinni samkvæmt þessum lögum, og annast önnur störf, sem framkvæmd þessara laga hefir í för með sér, en laun fyrir þessi störf greiðast úr ríkissjóði.

3. gr.

Eftirlitsmenn skulu bera saman, svo oft sem þeir telja nauðsynlegt og eigi sjaldnar en einu sinni á ári, upphæð skuldabréfa félags, er geymd eru í Landsbanka Íslands samkvæmt 1. gr., við útreikning á tryggingasjóði félagsins og eignalið þeim, sem kemur til frádráttar samkvæmt 1. gr. Nú liggur ekki fyrir útreikningur á tryggingasjóði og samsvarandi eignalið þegar eftirlit fer fram, og má þá miða samanburðinn við samsvarandi útreikning í lok síðasta reikningsárs, að viðbættum innborguðum iðgjöldum á síðasta reikningsári fyrir þær líftryggingar, sem hljóða á útborgun í ísl. krónum.

4. gr.

Nú er fjárupphæð sú, sem líftryggingafélag eða stofnun hefir afhent til geymslu hjá Landsbanka Íslands, minni en lög þessi mæla fyrir, og má þá veita hlutaðeigandi félagi tveggja mánaða frest til þess að fullnægja afhendingarskyldu sinni. Hafi félagið ekki fullnægt afhendingarskyldu sinni innan þess tíma, skal það sæta sektum frá 1000–10000 krónum. Eftirlitsmenn geta, ef þeir telja betur séð fyrir hagsmunum hinna tryggðu á þann hátt og félagið hefir eigi fullnægt ákvæðum þessara laga, svipt félagið öllum yfirráðum yfir líftryggingastarfsemi þess hér á landi, og ber þá eftirlitsmönnum að ráðstafa eignum félagsins hér á landi og skipta því tapi, er hinir tryggðu kunna að bíða, á þann hátt, að allar tryggingaupphæðir skerðist hlutfallslega jafnt.

Ef svo stendur á, þegar athugun fer fyrst fram samkvæmt lögum þessum á fjárupphæðum líftryggingafélaga, er afhentar hafa verið Landsbanka Íslands, að líftryggingafélag eða stofnun hefir eigi fullnægt afhendingarskyldu sinni, fyrir þær sakir, að félagið eigi ekki, er lög þessi öðlast gildi, skuldabréf af þeirri tegund, er ræðir um í 7. gr., geta eftirlitsmenn eftir ástæðum veitt hlutaðeigandi stofnun lengri frest til fullnægingar á þeirri skyldu. Sá frestur má þó ekki fara fram úr 5 árum, enda skuldbindi stofnunin sig til þess að auka svo miklu við, að það, sem á vantar fjárupphæðina, fari ár frá ári minnkandi eftir reglum, sem eftirlitsmenn fallast á, enda minnki það, sem á vantar, að minnsta kosti

ekki um minni upphæð árlega en sem nemur samanlögðum vaxta- og iðgjaldatekjum hlutaðeigandi félags af líftryggingum þess hér á landi, að frádregnum greiðslum á áföllnum líftryggingaupphæðum hér og rekstrarkostnaði félagsins hér á landi. Slíkan frest má þó ekki veita, ef það upplýsist, að hlutaðeigandi félag eigi, eða hafi fyrir ekki meira en ári síðan átt, stærri upphæð í útlánum, er eigi að greiða í ísl. krónum, en upphaflega afhent fjárupphæð félagsins nemur.

5. gr.

Fjárupphæð sú, er um getur í 1. gr., skal eingöngu vera trygging fyrir fullnægingu á skuldbindingum líftryggingafélagsins hér á landi samkvæmt gildandi líftryggingasamningum, sem gerðir hafa verið við íslenzka ríkisborgara, og ennfremur til trygginga á greiðslu sektarfjár, sem félaginu er skylt að greiða samkvæmt þessum lögum. Hin afhenta fjárupphæð er gefin að handveði til fullnægingar á áður nefndum skuldbindingum, og eru eftirlitsmenn handveðhafar fyrir hönd hinna tryggðu, og ber þeim öll umráð með nefndu handveði, jafnskjótt og eignir hlutaðeigandi líftryggingafélags eru teknar til þrotabúsmeðferðar. Sama gildir, ef félagið fullnægir ekki skuldbindingu samkvæmt líftryggingasamningi, er telst til hérlendra líftryggingasamninga og gerður er við íslenzkan ríkisborgara og félaginu samkvæmt dómsúrskurði ber að fullnægja.

Ef afhent fjárupphæð líftryggingafélags fer fram úr þeirri upphæð, sem fyrsta eða önnur grein þessara laga mælir fyrir um, getur félagið krafizt þess, að það, sem umfram er, verði afhent því.

6. gr.

Sala á ákveðnum hluta eða öllum líftryggingastofni félags getur ekki farið fram án samþykkis eftirlitsmanna. Slíkt samþykki geta eftirlitsmenn ekki veitt, nema þeir hafi áður sannfært sig um, að þeir, sem tryggðir eru hjá félaginu hér á landi, bíði ekki tjón við söluna og að það félag, sem tekur á sig skuldbindingar seljanda samkvæmt gildandi líftryggingasamningum, skuldbindi sig til þess að taka á sig afhendingarskyldu samkvæmt lögum þessum. Þó er Líftryggingastofnun ríkisins ekki skyld að fullnægja afhendingarskyldunni, ef sú stofnun tekur að sér skuldbindingar seljanda.

7. gr.

Líftryggingafélög og stofnanir, sem skyld eru að láta af hendi handveð samkvæmt lögum þessum, mega afhenda það í þeim verðmætum, er hér greinir:

1. Skuldabréfum útgefnum af íslenzka ríkinu, eða skuldabréfum, er bera ákveðna vexti, sem ríkið ábyrgist.
2. Skuldabréfum veðlánastofnana, ef gildandi lög heimila, að þau megi nota til geymslu á fé ófjárráða.
3. Innlánsskírteinum íslenzkra banka og sparisjóða.
4. Skuldabréfum útgefnum af ísl. bæjar- eða sveitarfélögum og skuldabréfum, er bæjar- eða sveitarfélög ábyrgjast, enda taki eftirlitsmenn þau gild.
5. Veðskuldabréfum tryggðum með veðum í fasteignum eftir sömu reglum og þeim, er gilda um meðferð á fé ófjárráða og annara, sem eftirlit er haft með af hálfu hins opinbera.

6. Lánsviðurkenningum gegn tryggingum, er teljast jafnöruggar og þær, sem um getur í 5. tölulið, og verðbréfum, er samkvæmt tegund þeirra og tryggingu eru álika trygg og þau, sem talin eru í 1.—4. tölulið, að dómi eftirlitsmanna.
7. Fasteign, er félagið sem ófullnægður veðhafi hefir orðið að taka til umráða, þó ekki lengur en í tvö ár og ekki með stærri upphæð en eftirstöðvar lánsins eru á þeim tíma, er eignin er tekin til umráða.

Ennfremur fasteign, er stofnunin á og notar til þess að hafa þar aðalskrifstofu sína, með upphæð, sem ekki má fara fram úr $^4/_5$ fasteignamats.

8. gr.

Líftryggingafélög þau og stofnanir, er hafa afhendingarskyldu samkvæmt 1. gr., og aðalumboðsmenn þeirra hér á landi skulu eigi síðar en 9 mánuðum eftir lok reikningsárs félagsins senda eftirlitsmönnum skýrslu um starfsemi þess hér á landi. Þá skýrslu skal gera á eyðublöð, er eftirlitsmenn ákveða, og skal í skýrslunni vera yfirlit yfir tryggingaupphæðir, ársiðgjöld og tölu líftryggingasamninga félagsins, sem voru í gildi hér á landi við síðustu áramót, ásamt útreikningi á tryggingasjóði eftir sömu reglum og þeim, er getur í 18. gr. laga um Líftryggingastofnun ríkisins, að því er snertir líftryggingar félagsins hér á landi, sem hljóða á útborgun í íslenzkum krónum, og ennfremur útreikningi á samsvarandi eignalið eftir sömu reglum og þeim, er greinir í 19. gr. laga um Líftryggingastofnun ríkisins. Skýrslu þessari skulu fylgja öll gögn, sem nauðsynleg eru til þess að prófa útreikninga þessa, og ennfremur skýrsla um lán félagsins gegn veði í líftryggingasamningum félagsins hér á landi, er hljóða á útborgun í íslenzkum krónum.

Nú verður útreikningi á tryggingasjóði félags og eignalið þeim, er kemur til frádráttar samkvæmt 1. gr., ekki komið við er lög þessi öðlast gildi, og skal þá félagið afhenda til geymslu fjárupphæð í skuldabréfum svo sem fyrir er mælt í 1. gr., samkvæmt áætlun, sem félagið leggur fram og eftirlitsmenn samþykkja, um tryggingasjóð fyrir tryggingar, er greiða beri í íslenzkum krónum. Skylt skal þó félagi, er svo stendur á um, er að ofan greinir, að leggja fram fullkomna reikninga og skýrslur samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar innan eins árs frá því að lögin öðlast gildi, enda sé þá og fjárupphæðin í skuldabréfum, er félaginu er skylt að afhenda, færð til samræmis við þá reikninga og skýrslur.

Skylt er að láta eftirlitsnefnd í té ársskýrslu frá stjórn hlutaðeigandi líftryggingafélags ásamt skýrslu endurskoðenda eigi síðar en þrem mánuðum eftir aðalfund félagsins.

9. gr.

Vanræksla á skýrslugjöf samkvæmt 8. gr. varðar dagsektum frá 20—80 krónum, og er heimilt að dæma hvern stjórnarmeðlim eða aðalumboðsmann erlends líftryggingafélags, er sök á, í slíkar dagsektir.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun ríkisstjórnarinnar af allsherjarnefnd, en á fund vantaði tvo nefndarmenn.

Fylgdi frv. svolátandi greinargerð:

„Á þessu þingi er lagt fram frumvarp til laga, er skipulagsnefnd atvinnumála hefir fjallað um, um Líftryggingastofnun ríkisins. Með því frumvarpi er að því unnið að flytja líftryggingastarfsemi hérlendis á innlendar hendur og jafnframt að fela þá aukningu, sem hér eftir yrði á þessu starfi, sérstakri stofnun, er ríkið efndi til. Frumvarp það til laga um sjóði líftryggingafélaga og stofnana og eftirlit með þeim, sem hér liggur fyrir og sama nefnd hefir fjallað um, með aðstoð hr. Árna Björnssonar tryggingafræðings, er að nokkru skylt hinu fyrrgreinda frumvarpi, og má líta á frumvörpin bæði sem samstæður að því leyti, að hvorttveggja miðar að því að auka sem mest öryggi tryggingganna í landinu, og að hinu jafnframt, að reisa skorður við því, að verðmæti leiti að óþörfu út úr landinu. Þá eru þessi frumvörp einnig tengd að því leyti, að þetta frv. vitnar um veruleg atriði til frv. um Líftryggingastofnun ríkisins og er að því leyti á því reist, að hið síðarnefnda frumvarp verði að lögum.

Ísland er eina landið í Norðurálfunni, svo kunnugt sé, sem ekki hefir neina löggjöf um eftirlit með líftryggingastarfsemi og engar ráðstafanir gerir til öryggis þeim, sem tryggðir eru. Nú er líftryggingastarfsemi orðin svo viðtæk hér á landi, að ekki þykir hlýða að láta svo búið lengur standa. Hérlendir menn eru nú tryggðir fyrir upphæð, sem nemur nálægt 3 tugum millj. króna, og þótt svo færi, að ríkisstofnun tæki í sínar hendur væntanlega aukningu á líftryggingum hérlendis, þá er þetta svo mikið fé, að sjálfsagt virðist að gera þær ráðstafanir um meðferð tryggingasjóða — er á sínum tíma eiga að greiða tryggingarfé — sem samsvari þeim kröfum, sem annarsstaðar eru gerðar og þar þykja sjálfsagðar.

Þau eru tvö meginatriði þessa frumvarps, að tryggt sé, að ávallt sé nægur sjóður í öruggum verðmætum fyrir hendi, er samsvari þeim skuldbindingum er líftryggingafélag hefir tekið að sér gagnvart landsmönnum, og að séð sé fyrir því, að tryggingasjóðir séu ávaxtaðir innanlands. Bæði þessi atriði eru þess eðlis, að naumast getur ágreiningur risið upp um réttmæti þeirra. Enda þykja þetta sjálfsagðar kröfur af hálfu hins opinbera t. d. á Norðurlöndum, en við löggjöf frá þeim löndum hefir einkum verið stuðzt í ákvæðum frumvarpsins. Nú er það að vísu svo, að sum þeirra erlendra félaga, er hér hafa starfað undanfarið, hafa ávaxtað allverulegan hluta af tryggingasjóðum, er samsvara tryggingum íslenzkra manna, hérlendis, en hinsvegar hvílir engin lagakvöð á þeim í þessum efnum, enda ekki sjáanlegt, að sum félögin hafi að þessu ráði horfið.

Sökum þess, hve mjög er rætt um ýms þau efni, er við koma líftryggingum, í greinargerð fyrir frumvarpinu um Líftryggingastofnun ríkisins, og með því að þar er margt skýrt, sem varðar ákvæði þessa frv., verður hér látið nægja að vísa til þeirrar greinargerðar um þau efni, sem hér eru sameiginleg, að viðbættum eftirfarandi athugasemdum við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í greininni eru fyrirmæli um, að líftryggingafélög og stofnanir, er hafa líftryggingasamninga í gildi hér á landi þegar lög þessi öðlast gildi, skuli afhenda Landsbanka Íslands fjárupphæð, er varðveitt sé í bankanum til öryggis fyrir hina tryggðu, og er svo til ætlazt, að fjárupphæð þessi sé falin í sérstaklega tryggðum, innlendum skuldabréfum. Séu skuldabréfin ekki þess eðlis. að talað verði um almennt kaupverð á þeim (svo sem ríkisskuldabréf, veðdeildarbréf o. s. frv.), verða bréfin reiknuð með því verði, sem félagið hefir fyrir þau gefið, en aldrei reiknuð meira virði en ákvæðisverð þeirra er. Skuldabréf, sem hvert félag fyrir sig afhendir, skulu samanlögð nema eigi lægri upphæð en tryggingasjóður félagsins er fyrir þeim líftryggingum, sem greiðast eiga í íslenzkum krónum, enda sé tryggingasjóður þessi reiknaður út eftir þeim reglum, sem mælt er fyrir um í 18. gr. laga um Líftryggingastofnun ríkisins — þ. e. í sjóðnum skulu vera tryggingaupphæðir, sem hafa verið tilkynntar til útborgunar eða eru áfallnar, en ekki útborgaðar, að viðbættum iðgjaldaviðlagasjóði, sem skilgreindur er í þeim lögum. Þó er í greininni tilskilið, að nota megi hinn almenna reikningsgrundvöll hlutaðeigandi félags eða stofnunar, með því að álíta verður, að reikningsgrundvöllur þeirra félaga, sem hér hafa starfað, sé tryggur. Þá mega félög einnig draga frá tryggingasjóðum sem eignalið ákveðinn hundraðshluta af álagningu á nettóiðgjöld, svo sem Líftryggingastofnuninni er heimilað í 19. gr. laga um hana. Og að lokum þarf félag ekki að setja veð fyrir eigin líftryggingum, sem félagið hefir sjálft lánað tryggjendum út á. Þessi síðasta undanþága er að sjálfsögðu við það bundin, að lánin hafi ekki farið fram úr endurkaupsverðgildi tryggingasamninganna.

Um 2. gr.

Eðlilegt virðist, að stjórn Líftryggingastofnunar ríkisins hafi með höndum eftirlit með því, að þessum lögum sé framfylgt. Við þá stofnun starfa sennilega þeir menn, sem mesta þekkingu hafa hérlendis á tryggingamálum, og ættu því að hafa sérstök skilyrði til þess að leysa þetta verk af hendi. Greinin mælir svo fyrir, að laun fyrir eftirlitsstarfið séu greidd úr ríkissjóði. Eru þau fyrirmæli nauðsynleg vegna þess, að Líftryggingastofnunin greiðir laun sinna starfsmanna, en órétt þykir, að sú stofnun greiði fyrir kostnað af eftirliti með öðrum líftryggingafélögum.

Um 3. gr.

Þessi grein mælir fyrir um það, að eftirlitsmenn skuli jafnan hafa vakandi auga á því, að upphæð skuldabréfa félags, sem afhent hafa verið til geymslu, sé samsvarandi tryggingasjóði þeim, er lögin ákveða. Nú eru þær stærðir breytilegar, sem upphæð sjóðsins er miðuð við. Fyllilega nákvæman samanburð er þess vegna ekki hægt að gera, nema því aðeins, að útreikningur á fyrrnefndum stærðum, miðaður við þann dag, er talning fer fram á afhentum skuldabréfum, sé þá fyrir hendi.

Þess er þó ekki krafizt í þessum lögum, að slíkur útreikningur fari fram oftar en einu sinni á ári, í lok reikningsársins, og með því að útreikningurinn tekur nokkurn tíma, má gera ráð fyrir, að hann verði ekki kominn eftirlits-

mönnum í hendur fyrr en talsvert löngu eftir þann dag, sem hann er miðaður við. Til þess að taka af allan vafa um það, hve stór sjóðurinn eigi að vera þegar þannig stendur á, er svo fyrir mælt í greininni, að þá skuli miða við útreikning á tryggingasjóði og samsvarandi eignalið við lok síðasta reikningsárs, að viðbættri upphæð, sem nemur innborguðum iðgjöldum á síðasta reikningsári. Með því ákvæði er það tryggt, að sjóðurinn nemi ekki lægri upphæð en mælt er fyrir um í 1. gr.

Um 4. gr.

Þessi grein er um viðurlög við því að fullnægja ekki afhendingarskyldunni. Er gert ráð fyrir, að eftirlitsmenn geti veitt frest til þess að gera félaginu hægara fyrir, en að það sæti sektum, ef afhendingarskyldunnar er eigi gætt þrátt fyrir þá ívilnun, og jafnvel sviptingu á yfirráðum félagsins yfir rekstri og eignum hér á landi, ef miklar sakir eru.

Nú kann að standa svo á, að félag, sem hér hefir starfað, hafi eigi ávaxtað fé innanlands og sé því óhægt um í upphafi að afhenda skuldabréf þeirrar tegundar, er lögin mæla fyrir um, og mega þá eftirlitsmenn veita sérstakan frest, ef svo stendur á. Ef um mikið fé er hér að ræða, getur sá frestur orðið allt að 5 árum, enda minnki fjárupphæðin árlega eftir reglum, sem eftirlitsmenn fallast á í hvert skipti. Ekkert árið má lækkun upphæðarinnar vera minni en sem því nemur, er landsmenn raunverulega greiða til félagsins, að frádregnum greiðslum á áföllnum líftryggingum og rekstrarkostnaði félagsins hérlendis. Sérstök varnarákvæði eru í greininni gegn því, að félag geti brugðið við, sökum frv. þessa, og dregið fjármagn sitt til útlanda í því skyni að nota sér síðar ákvæðið um heimildina til þess að veita frest.

Um 5. gr.

Grein þessi skýrir, í hverju séu fólgin yfirráð eftirlitsmanna yfir fjárupphæð þeirri, er rætt er um í 1. gr. — að fé þetta beri að skoða sem veð fyrir skuldbindingum félagsins gagnvart landsmönnum og sem veð fyrir greiðslu sektarfjár. Þarf hér eigi sérstakra skýringa við.

Um 6. gr.

Þau félög eða stofnanir, er hér hafa starfað, geta ekki selt líftryggingastofn sinn, eða hluta af honum, nema með samþykki eftirlitsmanna, er jafnan skulu ganga úr skugga um, að tjón geti eigi hlotizt af fyrir hina tryggðu. Líftryggingastofnun ríkisins er undanþegin afhendingarskyldu, ef hún skyldi taka að sér skuldbindingar seljanda. Sú stofnun yrði, eðli sínu samkvæmt, fulltrúi ríkisins og því óþarft af ríkinu að heimta af henni veð.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar um skuldabréf þau, er félögin eiga að afhenda til geymslu, eru í nánu samræmi við ákvæðin um varðveizlu tryggingasjóðs í 21. gr. frv. um Líftryggingastofnun ríkisins. Sá er einn munur þar á, að félögin eiga að afhenda skuldabréf, sem útgefin eru af íslenzkum bæjar- eða sveitarfélögum, og skuldabréf, er bæjar- eða sveitarfélög ábyrgjast, ef eftirlitsmenn taka

þau gild, og önnur skuldabréf, sem jafngild eru, að dómi eftirlitsmanna, þeim verðbréfum, sem íslenzka ríkið, veðlánastofnanir, bankar og sparisjóðir ábyrgjast, eða talin eru nægilega trygg, samkvæmt gildandi lögum, til þess að festa megi í þeim fé ómyndugra.

Í greininni er ekki gert ráð fyrir, að félögin afhendi skuldabréf fyrir lánum, sem tryggjendur hafa sjálfir fengið út á líftryggingasamninga sína. Er þetta í samræmi við ákvæði 1. gr.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um skyldur líftryggingafélaga og stofnana til þess að senda eftirlitsmönnum skýrslur og reikninga sína árlega.

Eigi er þörf á að skýra fyrstu né þriðju málsgrein, en önnur málsgrein fjallar um þær ástæður, er félag á óhægt með að gefa fullnægjandi skýrslu um starfsemi sína hérlendis sökum þess, að íslenzkar tryggingar félagsins hafi eigi verið aðgreindar frá öðrum tryggingum í bókfærslu félagsins. Er gert ráð fyrir, að fyrsta árið megi áætla um tryggingasjóð fyrir tryggingar, er greiða beri í ísl. krónum, enda samþykki eftirlitsmenn áætlunina. Eftir fyrsta árið er félögunum gert að skyldu að gefa skýrslur, sem eftirlitsmenn eiga að hafa aðstöðu til að prófa, um þau atriði, er liggja til grundvallar útreikningi á tryggingasjóði og samsvarandi eignalið.

Um 9. og 10. gr.

Eigi er þörf skýringa á greinum þessum.

Ed. 307. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 143 (Bráðabirgðabreyting nokkurra laga).

Frá Þorsteini Briem.

Við staflið a. (við 1. gr.). Í stað „Framkvæmd 1. gr. ... árinu 1936“ kemur:

Framkvæmd 1. og 3. gr. laga nr. 36 28. nóv. 1919, um þingfararkaup alþingismanna, skal frestað til ársloka 1936, en alþingismenn fái 8 kr. þóknun fyrir hvern dag, er þeir sitja á Alþingi, eða eru á ferð þangað og þaðan, og greiðist þóknunin fyrir allt að 80 þingsetudaga á ári.

Ed. 308. Nefndarálit

um frv. til laga um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Minni hl. (MG) vill ekki afgreiða málið að þessu sinni. En meiri hlutinn vill hinsvegar láta málið

ganga fram, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur.

Alþingi, 28. marz 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm. | Ingvar Pálmason, fundaskr. | Þorsteinn Briem.

Páll Hermannsson.

Ed. 309. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 24 frá 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nefndarmanna (ÞBr) áskilur sér rétt til að bera fram brtt. við frv.

Alþingi, 29. marz 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm. | Ingvar Pálmason, fundaskr. | Magnús Guðmundsson.

Þorsteinn Briem. Páll Hermannsson.

Ed. 310. Lög

um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum.

(Afgreidd frá Ed. 29. marz).

Samhljóða þskj. 118.

Nd. 311. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt þessa frv., en telur réttara, að heimildin til að ákveða lokunartíma sölubúða nái til hreppsnefnda í öllum kauptúnum. Þess vegna vill nefndin gera á frv. svofellda

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Í kaupstöðum og kauptúnum geta bæjarstjórnir og hreppsnefndir gert samþykktir um lokunartíma sölubúða.

Alþingi, 29. marz 1935.

Héðinn Valdimarsson, form. | Thor Thors, frsm. | Bergur Jónsson, fundaskr.

Garðar Þorsteinsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Sþ. **312. Nefndarálit**

um till. til þál. um kaup á hvernum Grýtu í Ölfusi.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið. Undirritaðir nefndarmenn vilja samþykkja tillöguna með þeirri viðaukatill., sem er á þskj. 261.

Alþingi, 29. marz 1935.

Jónas Jónsson, form. Þorbergur Þorleifsson, frsm. Sigurður Einarsson, fundaskr.

Bjarni Bjarnason. Jónas Guðmundsson.

Ed. **313. Breytingartillögur**

við frv. til l. um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands.

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

1. Aftan við 5. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Rannsóknir á búfjársjúkdómum hefir þó einnig rannsóknarstofa háskólans með höndum, svo og eftir því, sem um semur, aðrar gerlarannsóknir í þágu rannsóknarstofnunarinnar.
2. 14. gr. orðist þannig:
   Þegar rannsóknarstofnunin sjálf, háskólaráð og atvinnumálaráðherra ákveða, skal rannsóknarstofnunin verða sérstök deild við Háskóla Íslands, og nefnist hún þá atvinnudeild. Gilda þá um stjórn deildarinnar og skipun starfsmanna hennar sömu lög og um aðrar deildir háskólans. Um skipulag atvinnudeildarinnar að öðru leyti og starfsemi hennar skal ákveða í reglugerð háskólans.
   Við atvinnudeildina skal svo fljótt sem því verður við komið tekin upp kennsla í fræðigreinum þeim, sem deildin fjallar um, og skyldum námsgreinum, og skal þá lögð sérstök áherzla á fyrrihlutanámsgreinar tekniskra fræða og náttúruvísinda með hliðsjón af, að síðari hluti námsins geti farið fram erlendis. Um kennsluna og um próf í námsgreinum skal ákveðið í reglugerð.
3. Síðari málsgr. 15. gr. verði svo hljóðandi:
   Rannsóknarstofnunin tekur til starfa er Háskóli Íslands hefir séð henni fyrir húsnæði. Háskólanum er þó óskylt að leggja meira en 200 þús. kr. fram til byggingar þeirrar. Rannsóknarstofnunin greiði háskólanum helminginn af því fé, sem henni ber samkvæmt fyrri málsgrein þessarar greinar, upp í byggingarkostnaðinn.

Ed. 314. Breytingartillögur

við frv. til l. um breytingar á l. nr. 22 6. okt. 1919, um hæstarétt, og l. nr. 37 4. júní 1924, um breyt. á þeim lögum.

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

1. Á undan 1. gr. frv. komi ný gr., svo hljóðandi:
   I. kafli laga nr. 22 1919 falli niður. Kafla- og greinatala breytist eftir því.
2. Við 1. gr. (sem verður 2. gr.). Greinin orðist þannig:
   4. gr. laga nr. 22 1919, sbr. 1. gr. laga nr. 37 1924, orðist þannig: Hæstarétt skipa 3 dómarar, og er einn þeirra forseti dómsins. Konungur skipar dómarana, en þeir kjósa sér forseta til ekki skemmri tíma en eins árs í senn.
3. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   5. gr. laga nr. 22 1919, sbr. 2. gr. laga nr. 37 1924, orðist þannig:
   Eigi má dóm setja með færri dómendum en 3.
   Ef autt verður sæti forseta, kjósa hinir dómendurnir forseta í stað hans þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans. Ef forseti víkur sæti í máli eða forfallast, þá kjósa hinir dómendurnir forseta, meðan hins reglulega forseta er ekki kostur.
   Nú verður dómur ekki fullskipaður, sakir þess að dómari eða dómarar víkja sæti í máli eða forfallast, og kveður forseti þá kennara lagadeildar háskólans til þess að taka sæti í dóminum svo sem þarf til þess að hann verði fullskipaður. Ef enginn hinna reglulegu dómara situr í dómi, skipa allir kennarar lagadeildar dóm og velja sér forseta. Það er skylda lagakennara, að taka sæti í dómi eftir kvaðningu forseta, og hæstiréttur ákveður þóknun handa þeim, er þeir taka sæti í dóminum í einstöku máli eða til bráðabirgða.
   Nú ber svo við, að dómur getur ekki orðið fullskipaður eftir reglum 3. málsgr. þessarar gr., og skipar þá dómsmálaráðherra dómara eins og með þarf.
4. Við 3. gr. c- og d-liður falli burt.
5. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   44.—47. gr. laga nr. 22 1919 og 6. gr. laga nr. 37 1924 falli niður, en í stað þeirra komi nýr kafli, er verður VI. kafli, með fyrirsögn: Um uppsögn dóma og úrskurða o. fl. Kafli þessi er í 8 greinum og fara þær hér næst á eftir.
6. Við 11. gr. 1. málsgr. falli niður.
7. Við 12. gr. 1. málsgr. falli niður.
8. Við 13. gr. 1. málsgr. falli niður.
9. Við 15. gr. 1. málsgr. falli niður.
10. Við 16. gr. 1. málsgr. falli niður.
11. Við 17. gr. 1. málsgr. falli niður.
12. Við 18. gr. 1. málsgr. falli niður.
13. Við 19. gr. Greinin falli burt.
14. Við 20. gr. Aftan við gr. bætist: en í hans stað komi nýr VIII. kafli, með

fyrirsögninni: Synodalréttur. Kaflinn er aðeins ein gr. og töluröð hennar fer eftir úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Greinin er svo hljóðandi:

Synodalréttinn skipa 5 dómendur. Forseti hæstaréttar er formaður hans. Auk þess eiga sæti í honum 2 hæstaréttardómarar og 2 guðfræðingar, sem forseti kveður til. Dómur þessi er æðsti dómstóll í málum þeim, sem að lögum liggja undir prófastadóm í héraði og í málum gegn biskupum út af samsvarandi afbrotum, og þeim afbrotum annara kennimanna þjóðkirkjunnar, er prófastadómur tekur yfir.

15. Við 21. gr. Greinin falli burt.

16. Við 22. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þá er lög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal fella texta þeirra og þess, sem enn er í gildi af lögum nr. 37 1924, inn í texta laga nr. 22 1919 og gefa þau lög, þannig breytt, út sem lög um hæstarétt, og skal þá núverandi 57. gr. laga nr. 22 1919 hljóða svo:

Lög þessi koma til framkvæmda þegar í stað, og falla þá úr gildi lög nr. 22 6. okt. 1919, lög nr. 37 4. júní 1924 og lög nr. 31 2. nóv. 1914.

Nd. 315. Breytingartillaga

við frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Frá Páli Þorbjörnssyni og Finni Jónssyni.

Við 10. gr. 3. og 4. málsl. síðari málsgr. („Þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið með almennum lögum, skal bæjarstjórn Siglufjarðar heimilt að ákveða hækkun á núverandi vörugjaldi um allt að 100% og jafnframt að sú hækkun gangi til nauðsynlegra útgjalda bæjarsjóðs. Þó er bæjarstjórn heimilt að undanskilja sérstakar vörur frá hækkuninni, enda séu almennar neyzluvörur ávallt undanskildar hækkun") falli burt.

Sþ. 316. Nefndarálit

um till. til þál. um kaup á hvernum Grýtu í Ölfusi.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Minni hl. lítur svo á, að útlit um hag ríkissjóðs sé ekki þannig, að rétt sé að stofna til gjalda, sem hægt er að komast hjá, og leggur því til, að till. verði felld.

Alþingi, 29. marz 1935.

Pétur Ottesen, frsm. minni hl. Magnús Guðmundsson. Jón Sigurðsson.

Ed. 317. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 307 [Bráðabirgðabreyting nokkurra laga].

Frá Jónasi Jónssyni.

Brtt. orðist þannig:

Á eftir orðunum „á árinu 1936“ í a-lið till. komi: Svo skal og frestað framkvæmd 1. og 3. gr. laga nr. 36 28. nóv. 1919, um þingfararkaup alþingismanna, til ársloka 1936, en alþingismenn fái 8 kr. þóknun fyrir hvern dag er þeir sitja á Alþingi, eða eru á ferð þangað og þaðan, og greiðist þóknunin fyrir allt að 80 þingsetudaga á ári.

Nd. 318. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 36 27. júní 1921, um samvinnufélög.

Flm.: Hannes Jónsson.

1. gr.

a. Á eftir 2. tölulið 2. greinar laganna komi nýr liður, er orðist svo: að reka atvinnufyrirtæki, svo sem landbúnað, sjávarútgerð eða iðnað.
b. 3. töluliður 2. gr. laganna verði 4. töluliður og orðist svo:
Önnur starfsemi, svo sem almenn fræðsla, bygging híbýla fyrir fjölskyldur og útvegun lánsfjár til atvinnurekstrar.

2. gr.

2. töluliður 3. greinar laganna orðist svo:

Sameiginleg ábyrgð allra félagsmanna á fjárreiðum félagsins. Þó má sú ábyrgð vera takmörkuð við ákveðna fjárhæð hjá hverjum einstökum félagsmanni, og skal hún ákveðin í samþykktum félagsins.

Eigi má takmörkuð ábyrgð einstaks félagsmanns vera lægri en 100 krónur.

3. gr.

Á eftir 3. gr. laganna komi ný grein, sem verður 4. gr. og orðist svo:

Þau félög ein, sem skipulögð eru samkvæmt lögum þessum, mega nefna sig kaupfélög eða samvinnufélög.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

4. gr.

4. gr. l. verði 5. gr. og orðist svo:

Nú vilja menn stofna samvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til almenns fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða.

Ef 15 menn eða fleiri koma sér saman um félagsstofnun, rita þeir niður grundvallaratriði um starfsemi félagsins — ef þeim þykir ástæða til, — og er það stofnsamningur félagsins.

Í stofnsamning má setja þessi ákvæði:

1. Um grundvallartilgang félagsins.
2. Um tilhögun ábyrgðar á fjárreiðum þess.
3. Um stofnsjóðsframlag.
4. Um tilhögun á greiðslum félaga og annara viðskiptamanna til félagsins.
5. Um ávöxtun varasjóðs.

Félaginu skulu síðan settar samþykktir í samræmi við lög þessi, og er þá félagið löglega stofnað.

5. gr.

Á eftir orðunum „er hafa vörukaup sem aðalverksvið“ í 25. gr. laganna komi: og veita viðskiptamönnum gjaldfrest.

Og á eftir d-lið greinarinnar komi nýr liður:

e. Ef ákvæði starfssamnings eru brotin af félagsstjórn eða aðalfundi.

Greinargerð.

Lögin um samvinnufélög hafa staðið óbreytt síðan þau voru sett (1921). Síðan hafa orðið og standa fyrir dyrum miklar breytingar á atvinnuháttum þjóðarinnar, m. a. í þá átt, að atvinnurekstur, sem áður var eingöngu rekinn sem einkaatvinnurekstur eða með hlutafélagsskap, er nú tekið að reka á grundvelli samvinnufélagsskapar, þótt brugðið hafi þar út af í framkvæmd.

Gera verður ráð fyrir, að samvinnurekstur í sjávarútgerð, landbúskap og iðnaði verði að fá sín sérlög hvert fyrir sig. Eigi að síður er það nauðsynlegt, að hin almennu samvinnufélög séu þannig gerð, að þau taki til alls þess samvinnurekstrar, sem nú rís upp í landinu, og lúta að því ákvæði 1. gr. a. og 3. gr. frv.

Tvenn ákvæði gilda í samvinnulögunum um persónulega ábyrgð félagsmanna í samvinnufélögum:

a. Ótakmörkuð sameiginleg ábyrgð.
b. Takmörkuð ábyrgð.

Hinnar ótakmörkuðu sameiginlegu ábyrgðar er krafizt fyrir þau ein félög, sem hafa það verkefni að útvega félagsmönnum sínum vörur (kaupfélög, pöntunarfélög). Öllum öðrum félögum er leyfð takmörkuð ábyrgð.

Þegar kaupfélögin (pöntunarfél.) voru stofnuð, löngu áður en samvinnulögin voru sett, þá skorti þau eðlilega, svo að kalla algerlega, rekstrarfé. Þá mun það hafa verið, að bankar og aðrir, sem leitað var til um rekstrarfé, settu það skilyrði fyrir lánveitingu, að félagsmenn stæðu allir í sameiginlegri ótakmarkaðri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum félagsins.

Bæði af þeirri nauðsyn, sem fyrir lá um útvegun rekstrarfjár, og jafnframt vegna þess, að frumherjar kaupfélagsskaparins töldu hina solidarisku ábyrgð í samræmi við alla stefnu og starfsemi félaganna, þá var það tiltölulega auðsótt, að fá slíka ábyrgð samþykkta í sérlögum hinna einstöku félaga. Þaðan er hún svo komin inn í samvinnulögin.

Reynsla umliðins tíma hefir sýnt það, að ákvæði samvinnulaganna um ótakmarkaða sameiginlega ábyrgð er hvorki nauðsynleg né getur talizt heppileg

í öllu tilliti fremur í kaupfélögum og pöntunarfélögum heldur en í öðrum tegundum samvinnufélaga.

Það hefir komið í ljós, að hin ótakmarkaða sameiginlega ábyrgð er í reyndinni meira form en að hún sé raunveruleg trygging fyrir félögin sjálf eða lánardrottna þeirra, og sízt meiri trygging en takmörkuð ábyrgð, sem miðuð væri við eðlilega og viðráðanlega upphæð á hvern félagsmann.

Þegar samvinnulögin voru sett, hafa menn að líkindum verið búnir að fá meira eða minna ljósan skilning á því, að hin ótakmarkaða sameiginlega ábyrgð væri ekki eins mikils virði, hvorki fyrir félögin sjálf eða lánardrottna þeirra, eins og álitið var í upphafi. Þess vegna mun það hafa verið, að lögin leyfðu öðrum tegundum samvinnufélagsskapar takmarkaða ábyrgð, þar á meðal félögum, sem eru aðeins sölufélög (sláturfélögin).

Mörg kaupfélögin eru jafnframt sölufélög og hafa þannig að hálfu leyti verksvið, sem samvinnulögin leyfa takmarkaða ábyrgð. Þess vegna er ekki nema hálft spor að stíga að leyfa slíkum kaupfélögum takmarkaða ábyrgð.

Síðan samvinnulögin voru sett hafa verið stofnuð nokkur kaupfélög og pöntunarfélög, sem hafa ekki ótakmarkaða sameiginlega ábyrgð. Bendir þetta til þess, að hin ótakmarkaða ábyrgð er ekki sú nauðsyn, sem álitið var í fyrstu, til þess að félögin gætu notið eðlilegs lánstrausts um rekstrarfé, og að margir fella sig betur við, að ábyrgðin sé takmörkuð.

Vegna hins afdráttarlausa skilyrðis um ótakmarkaða ábyrgð í kaupfélögunum og pöntunarfélögum, komust þessi félög ekki undir ákvæði samvinnulaganna um skyldur og réttindi.

Það má telja víst, að fleira en óttinn við hina ótakmörkuðu ábyrgð hafi staðið í vegi fyrir eðlilegum þroska samvinnufélaganna, meðal annars ágreiningur um skuldaverzlun eða staðgreiðslu. Þrátt fyrir upphaflegan tilgang félaganna, að útrýma skuldaverzluninni, hefir ekki tekizt að sneiða framhjá þeim skerjum í framkvæmdinni. Þessi staðreynd og óttinn við það, að félagsskapnum yrði beint í annan farveg en upphaflega var gert ráð fyrir, hefir sumstaðar orðið til þess að fæla menn frá félögunum. Ákvæði 4. gr. frv. eiga að greiða götu fyrir því, að við stofnun félagsins verði svo um búið, að ekki þurfi að óttast slíkar misfellur.

Þar sem samkeppni um verzlun er hörð, er erfitt að uppfylla ákvæði samvinnulaganna um sjóðatillög. Sérstaklega hefir stofnsjóðstillagið þótt hátt, og ef engin skuldaverzlun er rekin, sýnast þau ákvæði óþörf, því þar er litlu meiri þörf fyrir stofnsjóðinn en í framleiðslufélögunum, sem eru leyst undan þessum ákvæðum. Í 5. gr. frv. er því gert ráð fyrir, að stofnsjóðsákvæðin gildi ekki fyrir önnur félög en þau, sem veita viðskiptamönnum gjaldfrest.

Þá er í sömu gr. frv. bætt við þeim ákvæðum um útborgunarskyldu á stofnsjóðsinnstæðu, að stofnsjóður skuli útborgast, ef brotin eru ákvæði stofnsamnings. Ætti þetta að verða til þess, að menn yrðu öruggari fyrir því, að ekki yrði breytt um stefnu í starfsemi félagsins í þeim atriðum, sem miklu máli þættu skipta.

Nd. 319. Frumvarp til laga

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1936.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1936.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1936.
4. Framkvæmd 2. og 3. gr. laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1936.
5. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1936.
6. Framkvæmd c-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., er frestað til ársloka 1936.
7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1936 framlögum samkv. 5. gr. laga nr. 34 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1936.
8. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta árið 1935 framlagi til Ræktunarsjóðs Íslands af útflutningsgjaldi samkvæmt 4. gr. laga nr. 21 9. janúar 1935, um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

Ed. 320. Breytingartillaga

við frv. til l. um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins, og um eftirlit með innflutningi trjáfræs.

Frá Þorsteini Briem.

Við 1. gr.

a. Á eftir „rósum“ í niðurlagi fyrri málsl. komi: og ávaxtarunnum til heimilisnota.
b. Við síðari málsl. bætist: og ávaxtarunnum.

Ed. **321. Breytingartillögur**

við frv. til laga um sölu og flutning á kartöflum.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

1. Við 1. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
   Heimilt er landbúnaðarráðherra að leggja fyrir innflutningsnefnd að takmarka veitingar leyfa til innflutnings á kartöflum, að undangenginni rannsókn á markaðshæfum kartöflubirgðum í landinu, sem öruggt er um, að boðnar verða til sölu í bæjum og kauptúnum landsins.
   b. 2. málsgr. falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Landbúnaðarráðherra er heimilt að fela Búnaðarfélagi Íslands að safna skýrslum um það kartöflumagn, er framleiðendur óska að selja af uppskeru hvers árs, svo og um það, á hvaða tíma kartöflurnar geta verið tilbúnar til flutnings á markaðsstaði og til hvaða markaðsstaðar framleiðandi óskar að selja.
   Skýrslusöfnunin skal einnig ná til kartöfluframleiðenda í bæjum og kauptúnum, hvort sem þeir selja að nokkru framleiðslu sína, eða hún er framleidd til eigin notkunar, svo full vitneskja fáist um kartöflubirgðirnar.
   Skylt er þeim mönnum, er Búnaðarfélag Íslands leitar til í þessum efnum, að gefa umbeðnar skýrslur, svo fljótt sem við verður komið.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, hvaða skilyrðum innlendar og erlendar kartöflur skuli fullnægja, til þess að geta talizt markaðshæfar, jafnvel þótt ekki sé notuð heimild 1. gr. Skal heilbrigðisstjórninni falin umsjón þessara framkvæmda án aukins kostnaðar fyrir framleiðendur eða neytendur. Í reglugerð má ennfremur ákveða:
   a. Að allar kartöflur, sem afgreiddar eru til sölu, nema beint til neytanda sé, skuli merktar upprunamerki, en í því felst meðal annars nafn sýslu, sveitarfélags, kauptúns eða bæjar, útflutningshafnar, ef flutningur fer fram sjóleiðis, kartöflutegund og þyngd. Allt þetta sé letrað á spjald, er sé fest við hvern kartöflupoka.
   b. Um alla meðferð á kartöflum í flutningi á sjó og landi og umbúðir þeirra, um geymslustaði, þar sem heildverzlun á sér stað og geymsla á kartöflum um lengri tíma.
   c. Um mat á þeim kartöflum, sem ekki eru seldar af framleiðanda beint til neytanda, er tryggi neytendum, að einungis séu seldar góðar og óskemmdar kartöflur, jafnt innlendar sem erlendar.
   Landbúnaðarráðherra er heimilt að setja hámarksverð á innlendar og erlendar kartöflur.
4. Á eftir 3. gr. kemur ný gr., sem verður 4. gr., svo hljóðandi (greinatalan breytist samkv. því):

Nú telur atvinnumálaráðherra nauðsynlegt að takmarka innflutning á kartöflum, og skal þess þá gætt, að samanlagðar innlendar birgðir og innflutningur fullnægi þörf bæja og kauptúna á hverjum tíma, miðað við neyzlu tveggja undanfarandi ára.

5. Fyrirsögn frv. hljóði svo:
Frv. til laga um eftirlit með sölu á innlendum og erlendum kartöflum.

Ed. 322. Breytingartillögur

við frv. til laga um útrýmingu fjárkláðans.

Frá Páli Hermannssyni.

1. Við 1. gr. Síðari málsl. greinarinnar falli burt.
2. Við 4. gr. Aftan við 1. tölul. bætist:
Þó greiðir ríkissjóður baðlyf að öllu leyti til þeirra baðana, sem fram fara samkvæmt ákvæðum 7. gr.

Nd. 323. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 12. gr.
c-liður orðist svo:
Í staðinn fyrir tölurnar „6“ komi alstaðar 5, og í stað „5½“ komi: 4½.

Nd. 324. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

7. gr. laganna orðist þannig:

Ráðherra skipar 3 yfirkjötmatsmenn til að hafa umsjón með mati á öllu því kjöti, er nota skal samkvæmt 6. gr. Skulu þeir hafa fullkomna þekkingu á kjöti og öllu, sem lýtur að meðferð þess.

Ráðuneytið setur yfirkjötmatsmönnum reglur um störf þeirra og ákveður umdæmi þeirra. Ekki mega yfirkjötmatsmenn þiggja neina þóknun hjá þeim, er við útflutning kjöts eru riðnir, né heldur hafa með höndum sölu á kjöti né neinskonar milligöngu í því efni, er þeir geta haft hagnað af.

Yfirkjötmatsmenn hafa að árslaunum 600 krónur. Einnig skulu þeir hafa ferðakostnað eftir sanngjörnum reikningi, er ráðuneytið úrskurðar, og 4 krón-

ur fyrir fæði og húsnæði fyrir dag hvern sem þeir eru frá heimilum sínum vegna yfirmatsins. Allur kostnaður, sem leiðir af yfirmatinu, greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Með kjötmatslögunum 1933 var ákveðið, að yfirkjötmatsmaður yrði einn, en hefði sér til aðstoðar þrjá menn. Reynslan hefir nú sýnt, að það er ofvaxið einum manni að vera yfirkjötmatsmaður yfir öllu landinu, og því er það, að nú er aftur lagt til, að þeim sé fjölgað. Kostnaðarauki verður enginn af þessari breyting, en það ætti að fást meiri trygging fyrir því, að yfirkjötmatsmaðurinn kæmi á sláturstað, athugaði hús og umbúnað allan, og samræmdi mat undirkjötmatsmanna, eftir því sem þurfa þætti.

Breytingartillaga þessi er fram borin eftir ósk ráðuneytisins í bréfi til landbúnaðarnefndar þ. 25. þ. m., og leggur ráðuneytið áherzlu á, að breytingartillagan nái fram að ganga á þessum þinghluta, svo matið geti orðið sem bezt samræmt í haust.

Nd. 325. Nefndarálit

við brtt. á þskj. 269 [Landbúnaðarlán].

Frá Gísla Guðmundssyni.

Í stað „20“ komi: 15.

Ed. 326. Frumvarp til laga

um breyting á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI

Búnaðarbanki Íslands.

1. gr.

Talan „6“ í 3. gr. laga nr. 31 frá 14. júní 1929 verði: 5, — og orðið „Bústofnslánadeild“ í sömu grein falli burt.

2. gr.

14. gr. sömu laga orðist svo:

Stofnsjóð veðdeildar Búnaðarbankans skal ávaxta í bankavaxtabréfum veðdeildarinnar, eftir því sem viðlagasjóðslánin greiðast og við verður komið, og hefir stjórn Búnaðarbankans heimild, með samþykki landbúnaðarráðherra, að verja allt að helmingi af vaxtatekjum hans til greiðslu vaxta af öðrum vaxtabréfum veðdeildarinnar, ef nauðsynlegt þykir vegna útlánsvaxta deildarinnar.

3. gr.

39. gr. sömu laga orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 5 millj. króna lán, innanlands eða utan, á ábyrgð ríkisins, til kaupa á bankavaxtabréfum veðdeildarinnar, með þeim kjörum, að ríkissjóður verði að líkindum skaðlaus af.

4. gr.

40. gr. sömu laga falli burt.

5. gr.

IV. kafli sömu laga (Bústofnslánadeild) falli niður.

II. KAFLI

Ræktunarsjóður.

6. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 17 frá 13. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands, komi nýr liður, er verði 5. liður, svo hljóðandi:

Það af Viðlagasjóði Íslands, sem er fram yfir eign veðdeildar Búnaðarbanka Íslands eins og hann telst 1. jan. 1935. Skal áður fram fara nákvæmt mat á sjóðnum. Ákveður ráðherra tilhögun matsins, að fengnum tillögum bankastjórnar Búnaðarbankans.

7. gr.

Í stað „35 árum“ í síðasta málslið 3. gr. sömu laga komi: 45 árum.

8. gr.

Í stað „3½%“ í 6. gr. sömu laga komi: 2½%.

9. gr.

Aftan við c-lið 9. gr. sömu laga bætist: og baktryggingu frá lántakanda, er stjórn sjóðsins tekur gilda.

10. gr.

13. gr. sömu laga breytist þannig:

a. Á eftir b-lið komi nýr liður, sem verður c-liður, svo hljóðandi: Til rafmagnsstöðva á sveitaheimilum 15 ár.
b. Á eftir „áburðargryfja“ í c-lið greinarinnar komi: og gróðrarhúsa.
c. Í stað „20“ í c-lið komi: 30 — og í stað „25“ í d-lið komi: 35.

11. gr.

16. gr. sömu laga breytist þannig:

a. Á eftir orðunum „tryggingarláni úr Ræktunarsjóði“ komi: er seljandi skyldur að tilkynna sjóðnum eigendaskipti.
b. Í stað orðanna „þá er stjórn sjóðsins“ komi: og er stjórn sjóðsins þá.

12. gr.

19. gr. sömu laga breytist svo:

a. Í stað „15“ í fyrstu málsgrein komi: 13.
b. Orðin „til 20 ára“ í 1. málsgrein falli burt.
c. Í staðinn fyrir töluna „6“ komi alstaðar 5, — og í stað „5½“ komi: 4½.

13. gr.

Í stað „ákveðnum“ í 21. gr. sömu laga komi: næsta.

14. gr.

Fyrri málsgrein 27. gr. sömu laga orðist svo:

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal Kirkjujarðasjóðs, Bjargráðasjóðs, sjóðs Brunabótafélags Íslands, svo og annara sjóða, er standa undir vörzlu ríkisins, skal að nokkrum hluta verja til að kaupa jarðræktarbréf, og ákveður ríkisstjórnin árlega upphæðina, eftir að hafa kynnt sér reikningsskil viðkomandi sjóða.

15. gr.

28. gr. sömu laga orðist svo:

Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefir á hendi stjórn Ræktunarsjóðs samkv. lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.

16. gr.

29., 30. og 32. gr. sömu laga falli burt, og greinatalan breytist samkv. því.

17. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál 6.—16. greinar þeirra inn í lög nr. 17 13. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands, og gefa þau út svo breytt.

III. KAFLI

Ýmsar ráðstafanir vegna fjárkreppunnar.

18. gr.

4. gr. laga nr. 79 19. júní 1933, um heimild til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar, orðist svo:

Heimilt er ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði þann hluta af vöxtum af fasteignaveðslánum bænda, sem er fram yfir 5%.

Heimild þessi nær til greiðslu vaxta af stofnlánum frystihúsa og mjólkurbúa, enda séu þau eign samvinnufélaga bænda eða sýslufélaga. Á sama hátt heimilast ríkisstjórninni að greiða til Ræktunarsjóðs 1% af þeim jarðræktarbréfum, sem eru í eign annara en Búnaðarbanka Íslands.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 327. Frumvarp til laga

um breyt. á lögum nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Í kaupstöðum og kauptúnum geta bæjarstjórnir og hreppsnefndir gert samþykktir um lokunartíma sölubúða.

2. gr.

Í stað orðsins „bæjarstjórn“ á tveim stöðum í 3. gr. laganna komi: bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

3. gr.

Fyrirsögn laganna verði þannig:

Lög um samþykktir um lokunartíma sölubúða.

4. gr.

Er frv. þetta er orðið að lögum, skal færa það og lög nr. 12 frá 1928 inn í meginmál laganna (79 frá 1917) og gefa þau út þannig breytt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 328. Breytingartillaga

við frv. til l. um einkaleyfi til að flytja út vikur og vörur unnar úr vikri og selja á erlendum markaði.

Frá iðnaðarnefnd.

Við 2. gr. Aftan við gr. bætist: Þó er fjármálaráðherra heimilt að lækka útflutningsgjaldið, ef leyfishafar færa sönnur á nauðsyn þess, til að framleiðslan geti borið sig fjárhagslega.

Ed. 329. Lög

um breyting á 22. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935 [Tekjuskattur og eignarskattur].

(Afgreidd frá Ed. 30. marz).

Samhljóða þskj. 283.

Ed. **330. Lög**

um breyting nokkurra laga, sem varða sölu og meðferð íslenzkra afurða.

(Afgreidd frá Ed. 30. marz).

Samhljóða þskj. 115.

Ed. **331. Lög**

um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins, og um eftirlit með innflutningi trjáfræs.

(Afgreidd frá Ed. 30. marz).

Samhljóða þskj. 29.

Ed. **332. Lög**

um útrýmingu fjárkláðans.

(Afgreidd frá Ed. 30. marz).

Samhljóða þskj. 130.

Sþ. **333. Tillaga til þingsályktunar**

um fjárframlög úr ríkissjóði vegna skaða af ofviðri 26. og 27. okt. síðastl. o. fl.

Frá fjárveitinganefnd.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1. Að greiða vegna skaða, sem urðu af ofviðrinu 26. og 27. okt. síðastl. í Skagafirði, Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, eftir mati, er stjórnin lætur framkvæma, allt að 60 þús. kr.
2. Að láta greiða úr kirkjujarðasjóði til sjóvarnargarðs í Grenivík $^2/_3$ kostnaðar, allt að 16 þús. kr.
3. Að greiða til viðgerðar brimbrjótsins í Bolungavík helming kostnaðar, allt að 30 þús. kr.
4. Að greiða til viðgerðar bryggju á Blönduósi $^1/_3$ kostnaðar, allt að 11 þús. kr.

Greinargerð.

Nefndin öll er samdóma um, að nauðsyn beri til að draga úr gjöldum ársins 1935 sem svarar gjaldauka þeim, sem í till. þessum felst. En með því að ekki hefir tekizt að fá samkomulag um, á hvaða liðum skuli dregið úr útgjöldunum, koma fram sérstakar tillögur frá einstökum nefndarmönnum, sem samleið eiga í málinu.

Alþingi, 30. marz 1935.

Jónas Jónsson, form., frsm.	Sigurður Einarsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, með fyrirvara.
Magnús Guðmundsson.	Jón Sigurðsson.	Þorbergur Þorleifsson.
Jónas Guðmundsson.	Bjarni Bjarnason.	Pétur Ottesen.

Sþ. 334. Viðaukatillaga

við till. til þál. um fjárframlög úr ríkissjóði vegna skaða af ofviðri 26. og 27. okt. síðastl. o. fl.

Flm.: Jónas Jónsson, Bjarni Bjarnason, Þorbergur Þorleifsson.

Aftan við tillgr. kemur ný málsgr.:

Til þess að mæta fjárframlögum úr ríkissjóði vegna skaða af ofviðri 26. og 27. okt. síðastl., og vegna skemmda á brimbrjótnum í Bolungavík og bryggjunni á Blönduósi, beinir Alþingi því til ríkisstjórnarinnar, að láta fella niður að prenta umræðupart þingtíðindanna 1934 og 1935, og framlög til sjómælinga 1935.

Ed. 335. Nefndarálit

um frv. til laga um Skuldaskilasjóð vélabátaeigenda.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Jafnvel þó minni hluti sjávarútvegsnefndar sé engan veginn ánægður með afgreiðslu málsins eins og það kom frá Nd., vill hann taka því, sem fæst, sjávarútveginum til handa, en leggur þó til, að gerðar verði nokkrar breytingar á frv., sem jafnframt og þær, ef samþ. verða af háttv. deild, bæta aðstöðu vélbátaútgerðarinnar, á engan hátt stofna frv. í þá hættu, að það verði fellt eða dagi uppi áður en þingi verður frestað.

Það er vitað, að vélbátaútgerðin hefir aukið skuldir sínar á þeim tveim árum, sem liðin eru síðan milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum gerði skýrslu um skuldir útgerðarmanna, og ekki er annað sjáanlegt en að þær skuldir aukizt til muna á yfirstandandi ári. Af þessari ástæðu eru tillögur flutningsmanna frv. byggðar á ónógri athugun, og verður því ekki hjá því komizt að hækka stofnfé Skuldaskilasjóðs að mun.

Það verður ekki séð, hvernig greiða á starfrækslukostnað Skuldaskilasjóðs þau þrjú ár, sem lán úr honum eru afborganalaus. Virðist því einsætt, að ríkissjóður verði að greiða rekstrarkostnaðinn þann tíma.

Minni hlutinn hefði kosið að gera ýmsar aðrar breytingar, en þar sem slíkt gæti valdið málþófi, svo samþykkt frv. væri stefnt í tvísýnu nú áður en þingfrestun fer fram, verður það ekki gert.

Legg ég til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað „1½ milljón króna“ kemur: 2 milljónir króna.
   b. Aftan við greinina bætist: svo og starfrækslukostnað sjóðsins þrjú fyrstu starfsár hans.

2. Við 3. gr.
   a. Í stað „1750000“ kemur: 2250000.
   b. Í stað „150“ kemur 200.
   c. Í stað „175“ kemur: 225.

Alþingi, 30. marz 1935.

Jón A. Jónsson.

Ed. 336. Nefndarálit

um frv. til laga um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. marz 1935.

Ingvar Pálmason, form., frsm.
Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.

Ed. 337. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Frá Þorsteini Briem.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: og getur lögreglustjóri þá, að því er tekur til eftirlits samkvæmt 1. gr. 2., krafizt til þess aðstoðar byggingarfulltrúa, ef hann er á staðnum.

Sþ. 338. Breytingartillaga

við till. til þál. um framlag úr ríkissjóði til verðuppbótar á útflutt kjöt 1934.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Síðari málsgr. tillgr. orðist svo:

Jafnframt er ríkisstjórninni heimilað, til þess að vega á móti þessum gjöldum, að fella niður prentun umræðuparts Alþingistíðindanna 1934 og 1935 og draga þær 50000 kr. af framlagi til Búnaðarbanka Íslands samkvæmt fjárlögum 1935, sem heimilt er að verja til samvinnubyggða á því ári.

Sþ. 339. Viðaukatillaga

við till. til þál. um fjárframlög úr ríkissjóði vegna skaða af ofviðri 26. og 27. okt. síðastl. o. fl.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Aftan við tillgr. bætist ný málsgr.:

Til þess að vega á móti greiðslum þeim úr ríkissjóði, sem að framan eru nefndar, er ríkisstjórninni heimilað að fella niður þá liði fjárlaga yfirstandandi árs, sem hér segir:

1.	Af 13. gr. B. 1. a. (strandferðir ríkissjóðs)	kr. 50000.00
2.	14. gr. B. XIV. 4. (Gagnfræðaskóli)	— 30000.00
3.	14. gr. B. XIV. 6. (Flensborgarskóli)	— 20000.00

Nd. 340. Frumvarp til laga

um eftirlit með atvinnurekstri.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Fjármálaráðherra skipar eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum og setur reglugerð um starf hans. Laun hans skulu ákveðin í launalögum, en kostnað og skrifstofufé skal hann fá eftir því, sem fjármálaráðuneytið telur nauðsynlegt starfans vegna.

2. gr.

Eftirlitsmaðurinn skal hafa eftirlit með lánveitingum úr bönkum og sparisjóðum til atvinnurekstrar, hvort sem er til iðnaðar, verzlunar, sjávarútvegs, landbúnaðar eða annars atvinnurekstrar og hvort sem rekinn er af einstaklingum, samvinnufélögum, hlutafélögum eða öðrum félögum. Hann skal á hverjum tíma hafa glöggt yfirlit yfir, hvernig komið er fjárhag atvinnufyrirtækja og að eðlilegt og heilbrigt hlutfall sé milli eigna þeirra og skulda. — Eftirlitsmaðurinn skal hafa aðgang að skattaframtölum og njóta aðstoðar skattstofunnar í Reykjavík og undir- og yfirskattanefnda utan Reykjavíkur, eftir því sem hann kann að óska og skattstofunni eða skattanefnd þeirri, er hlut á að máli, er unnt að veita. Bundinn er hann og þeir, er vinna kunna í þjónustu hans, sömu þagnarskyldu og skattanefndarmenn.

3. gr.

Nú skuldar atvinnufyrirtæki eða atvinnurekandi 50% eða þar yfir, miðað við lögmælt virðingarverð eigna, og skal þá eftirlitsmaðurinn gefa fjármálaráðherra sem gleggsta skýrslu um allar fjárreiður þess. Ef launagreiðslur við fyrirtækið eru hærri eða fé tekið út úr fyrirtækinu af eiganda eða eigendum þess, hvort sem er til persónulegrar eyðslu eða annars, meira en nemur launum við sambærileg störf hjá ríkinu, hefir fjármálaráðherra, að fengnum tillögum eftir-

litsmannsins, heimild til að leggja svo fyrir lánstofnanir, að fyrirtækinu skuli ekki veitt framhaldslán og eldri lánum sagt upp, eftir því sem samningar leyfa, nema forsjármenn fyrirtækisins skuldbindi sig og fyrirtækið til að færa allar launagreiðslur við fyrirtækið til samræmis við þau laun, er ríkið greiðir fyrir sambærileg störf. Ef tekjur fyrirtækisins umfram nauðsynlegan kostnað og lögmælt gjöld nema meiru en fyrirsögðum launum, skal því af þeim, sem fram yfir er, varið til varasjóða fyrirtækisins og skuldalúkninga. Skylt skal fyrirtækinu að leggja árlega fyrir bankana endurskoðaða reikninga yfir hag sinn og atvinnurekstur.

4. gr.

Öll fyrirtæki, er veitt verður ríkisábyrgð fyrir lánum, skulu haga sér við launagreiðslur sem fyrirtæki, sem um ræðir í 3. gr., jafnvel þó skuldir fyrirtækisins nái ekki 50% af verðmæti eignanna.

Ennfremur er fjármálaráðherra heimilt á sama hátt og segir í 1. mgr. þessarar greinar að fyrirskipa launagreiðslur í samræmi við starfslaun hjá ríkinu við þau fyrirtæki, sem nú eru rekin með lánsfé með ríkisábyrgð. Brot gegn fyrirmælum þessarar greinar varða sektum, allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð, sem greidd er umfram lögmælt laun.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 48 20. júní 1923, um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

4. liður þingsályktunarinnar um skipun launamálanefndar hljóðar svo:

„Hvernig samræma megi með atbeina löggjafar launagreiðslur einkafyrirtækja, sem ekki falla undir 3. tölulið, launagreiðslum ríkisins.“

Eins og þetta atriði þingsál. ber með sér, var til þess ætlazt af hálfu Alþingis, að milliþinganefndin í launamálum gerði tillögur um, á hvern hátt unnt væri með atbeina löggjafar að hafa áhrif á launagreiðslur hjá einkafyrirtækjum.

Launamálanefndin ræddi nokkuð þetta atriði, en tók enga ákvörðun í því efni. Litu nefndarmenn nokkuð misjafnt á, hvernig haga bæri slíkri íhlutun af hálfu ríkisvaldsins, og hve langt skyldi í því gengið. Og þar sem nefndin hafði ærið að starfa að öðrum viðfangsefnum, var ekki frekar við það fengizt. Hinsvegar er þetta svo þýðingarmikið atriði í atvinnu- og fjármálum vorum, að ekki er hyggilegt, að það opinbera láti slíkt mál afskiptalaust með öllu. Mætti benda á ýmisleg atriði úr sögu vorri hin síðari ár þessu til sönnunar. Af þessum ástæðum er frv. þetta fram komið.

Mér er það vitanlega ljóst, að þó að ákvæði þessa frv. verði lögtekin, þá verður ekki með þeim einum ráðin bót á öllum þeim atriðum í þessum greinum, er lagfæringar þyrftu. En ég er þeirrar skoðunar, að af þeim geti þó leitt meiri aðgæzlu í fjármálum og meira samræmi í kjörum manna heldur en ella myndi, og er hvorttveggja nauðsynlegt og gagnlegt.

Sþ. 341. Tillaga til þingsályktunar

um ábyrgð á þýzkum ríkismörkum.

Flm.: Magnús Jónsson, Jakob Möller, Pétur Halldórsson, Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs gagnvart Landsbanka Íslands, að bankinn bíði engan skaða af kaupum þýzkra ríkismarka fyrir ísfisk, seldan í Þýzkalandi á árinu 1935.

Greinargerð.

Eftir samningum þeim, sem gerðir hafa verið við Þjóðverja, megum vér selja þeim ísfisk á yfirstandandi ári fyrir 800000 Rm. En hér er sá galli á, að seljendur fisksins fá ekki andvirði hans útborgað, heldur verða þeir að geyma það í Þýzkalandi þangað til hægt er að ráðstafa því til greiðslu á vörum, sem vér kaupum þar. Afleiðingin af þessu er sú, að andvirði fisksins verður oft að geyma langan tíma í þýzkum bönkum. Undir þessum kringumstæðum hefir Landsbankinn ekki séð sér fært að kaupa hin þýzku mörk þannig, að hann greiði þau eigendum þegar í stað, því að með því móti mundi bankinn taka á sig ábyrgð á mögulegu gengisfalli marksins. Eigendur þessa fjár verða því bæði að fara á mis við það, að eiga fé sitt víst þegar í stað til ráðstöfunar, og auk þess bera alla áhættuna, sem því fylgir að geyma mörkin í Þýzkalandi.

Í þessu sambandi verður að athuga það, að ísfisksala í Þýzkalandi má heita algerlega fundið fé. Sá fiskur, sem þar er seldur, dregur á engan hátt frá markaðsmöguleikum annarsstaðar. Þó að áðurnefndir annmarkar séu á þessari verzlun, nær samt engri átt, að ríkisvaldið horfi á það aðgerðarlaust, að siglingar með ísfisk til Þýzkalands leggist niður, eins og getur legið við borð, ef ekki eru gerðar ráðstafanir í þá átt, sem tillagan fer fram á. Mundi það verða til mikils tjóns fyrir útgerðina og þjóðfélagið og orsaka aukið atvinnuleysi.

Loks ber að hafa það í huga, að ef eigendur ríkismarkanna mættu ráðstafa þeim til vörukaupa eftir vild, þá væri ekki nema eðlilegt, að þeir bæru og áhættuna á geymslu þeirra, þar til þeir ráðstöfuðu þeim. En þessu er alls ekki að heilsa. Hið íslenzka ríkisvald tekur af þeim ráðin um þetta með innflutnings- og gjaldeyrishömlum. En með þessu virðist þó ekki nema sanngjarnt, að ríkið taki einnig á sig þá áhættu, sem beinlínis stafar af þessum ráðstöfunum.

Ed. 342. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist:

Árin 1935 til 1937 er þó sérleyfishafa heimilt að nota 3 erlend skip til veið-

anna, enda séu á þeim skipum eingöngu íslenzkir sjómenn, nema leyfi atvinnumálaráðherra komi til.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist: Þó er atvinnumálaráðherra heimilt að veita sérleyfishafa undanþágu, til ársloka 1936, frá þeim ákvæðum þessarar greinar, er lúta að hagnýtingu beina, kjöts og innyfla, enda getur ráðherra þá sett sérleyfishafa frekari skilyrði en greinir í lögum nr. 6 1896, til tryggingar gegn tjóni, er leiða kynni af undanþágu frá hagnýtingu hvalleifanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 343. Breytingartillaga

við till. til þál. um fjárframlög úr ríkissjóði vegna skaða af ofviðri 26. og 27. okt. síðastl. o. fl.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 3. lið. Fyrir „helming kostnaðar, allt að 30 þús. kr." kemur: tvo þriðju kostnaðar, allt að 40 þús. kr.

Sþ. 344. Breytingartillaga

við till. til þál. um framlag úr ríkissjóði til verðuppbótar á útflutt kjöt 1934.

Flm.: Hannes Jónsson.

Síðari málsgrein tillgr. orðist svo:

Jafnframt beinir Alþingi því til ríkisstjórnarinnar, að mæta þessum útgjöldum með því m. a. að draga 10% — tíu af hundraði — af fjárveitingum til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum og til nýrra akvega, hvorttveggja samkvæmt fjárlögum 1935, og með því að draga 20% — tuttugu af hundraði — af hagnaði tóbakseinkasölunnar, sem á að ganga til byggingar- og landnámssjóðs og byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna samkv. fjárlögum 1935.

Ed. 345. Frumvarp til laga

um einkaleyfi til að flytja út vikur og vörur unnar úr vikri og selja á erlendum markaði.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara til ársloka 1945 veitist Jóni S. Loftssyni kaupmanni, Reykjavík, og Sveinbirni Jónssyni byggingameistara, Akureyri, einka-

leyfi til þess að flytja út úr landinu og selja á erlendum markaði vikur eða vörur unnar úr vikri.

2. gr.

Einkaleyfishöfum ber að greiða til ríkissjóðs fimmtíu aura í útflutningsgjald af hverri smálest vikurs eða vikurvara, sem þeir kunna að flytja út. Þó er fjármálaráðherra heimilt að lækka útflutningsgjaldið, ef leyfishafar færa sönnur á nauðsyn þess, til að framleiðslan geti borið sig fjárhagslega.

3. gr.

Meðan leyfistíminn stendur, er öllum öðrum óheimilt að flytja út vörur þær, er einkaleyfið nær til. Brot gegn því ákvæði varðar sektum frá 500—5000 kr.

4. gr.

Hafi sérleyfishafar ekki notfært sér leyfið að verulegu leyti þrjú fyrstu árin, er atvinnumálaráðherra heimilt að svipta þá sérleyfinu.

Ed. 346. Lög

um almenn gæðamerki.

(Afgreidd frá Ed. 1. apríl).

Samhljóða þskj. 172.

Nd. 347. Lög

um breyting á lögum nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 1. apríl).

Samhljóða þskj. 64.

Nd. 348. Lög

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Afgreidd frá Nd. 1. apríl).

Samhljóða þskj. 319.

Ed. 349. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 19. júní 1933, um breyt. á l. nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hlutinn leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 1. apríl 1935.

Magnús Jónsson,	Bernh. Stefánsson,
frsm.	fundaskr.

Ed. **350. Breytingartillaga**

við frv. til l. um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði.

Flm.: Pétur Magnússon.

Við 2. gr. Á eftir „ríkissjóð“ komi: auk venjulegs útflutningsgjalds.

Ed. **351. Lög**

um breyting á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins.

(Afgreidd frá Ed. 1. apríl).

Samhljóða þskj. 326.

Ed. **352. Lög**

um sölu og flutning á kartöflum.

(Afgreidd frá Ed. 1. apríl).

Samhljóða þskj. 212.

Sþ. **353. Viðaukatillaga**

við till. til þál. um fjárframlög úr ríkissjóði vegna skaða af ofviðri 26. og 27. okt. síðastl. o. fl.

Flm.: Sigurður Einarsson.

Aftan við tillgr. komi ný málsgr.:

Sé ekki nægilegt fé fyrir hendi af tekjum ríkissjóðs árið 1935 til þess að standast þessar greiðslur, þá er ríkisstjórninni heimilt:

1. að ábyrgjast fyrir sýslunefndir Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslna allt að 60 þús. króna lán.
2. að ábyrgjast fyrir hreppsnefnd Hólshrepps allt að 30 þús. króna lán.
3. að ábyrgjast fyrir sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu allt að 11 þús. kr. lán,

er öllum sé varið í því skyni, er í fyrri málsgr. segir, og öll greiðast af tekjum ríkissjóðs árið 1936.

Sþ. **354. Þingsályktun**

um landhelgisgæzlu, björgunarmál og skipaskoðun.

(Afgreidd frá Sþ. 1. apríl).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka:

1. Á hvern hátt bezt verði séð fyrir öruggri landhelgisgæzlu, án þess að ríkissjóði sé íþyngt um of.

2. Á hvern hátt bezt verði fyrir komið björgunarstarfsemi í framtíðinni, og hvort hægt sé að sameina hana landhelgisgæzlunni.
3. Skipulag og löggjöf um eftirlit með skipum og bátum og allt, er miðar til öryggis sjófarendum.

Stjórnin skal leita til forstöðumanna skipaútgerðar ríkisins, Slysavarnafélags Íslands, skipaskoðunar ríkisins og Fiskifélags Íslands um athugun þessara mála, og framkvæma þeir eða aðrir starfsmenn stofnananna þá rannsókn án sérstakrar þóknunar og senda rökstuddar tillögur um þessi efni til stjórnarinnar svo snemma, að stjórninni vinnist tími til að ganga frá málunum og leggja þau fyrir næsta fjárlagaþing.

Sþ. 355. Tillaga til þingsályktunar

um áfengismál.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera það, sem í hennar valdi stendur og unnt er til þess að draga úr þeirri miklu vínnautn, sem fylgt hefir í kjölfar þess, að sterku drykkjunum var aftur hleypt inn í landið. Þetta ber stjórninni að gera með því meðal annars:

1. Að sjá svo um, að í áfengisútsölum ríkisins séu ekki seld vín nema 3 daga vikunnar og aldrei lengur en 4 tíma á dag.
2. Að kveða svo á í reglugerð, að veitingahús það í Reykjavík, sem dómsmálaráðherra veitir vínsöluleyfi, megi ekki selja vín nema með mat, og ekki nema 3 tíma á dag og aldrei eftir kl. 9 að kvöldi.
3. Að veita engin vínveitingaleyfi í veizlum, dansskemmtunum og öðrum samkvæmum, hvort sem þær fara fram í veitingahúsum eða í félagsherbergjum.
4. Að leggja fyrir gjaldeyris- og innflutningsnefnd að veita ekki gjaldeyri til kaupa á sterkum drykkjum fyrr en fullnægt er gjaldeyrisþörfum landsmanna um kaup á nauðsynjavörum.
5. Að leggja ríkt á við löggæzlumenn ríkisins, að þeir gangi röggsamlega fram í því að hafa eftirlit með, að áfengislögunum sé hlýtt.

Greinargerð.

Það er nú þegar komið á daginn, að þeir menn höfðu rétt fyrir sér, sem héldu því fram, að það mundi leiða til ófarnaðar og stórtjóns fyrir þjóðina að fara að hleypa aftur nýju vínflóði inn í landið. En að afleiðingarnar af því að þetta óheillaspor var stigið yrðu jafngeigvænlegar eins og raun ber þegar vitni um, mun þó fæsta hafa grunað. Skal nú vikið nokkru nánar að þessu.

Ég hefi í höndum skýrslu frá forstjóra vínverslunar ríkisins, sem sýnir, hvað komið hefir inn á hverjum degi fyrir seld vín í áfengisútsölu ríkisins í Reykjavík frá 1. febr. til 15. marz í vetur, og sömuleiðis aðra skýrslu, sem sýnir, hvað inn kom fyrir seld vín hjá þessari sömu útsölu á sama tíma 1934.

Skýrslan um söluna í vetur sýnir, að komið hefir inn fyrir seld vín í áfengis-

útsölunni á þessu tímabili kr. 311570.55. Samsvarar það því, að selt hafi verið vín fyrir kr. 7246.00 á dag að meðaltali.

Skýrslan um söluna á þessum sama tíma 1934 sýnir, að þá hefir verið selt fyrir kr. 104657.53, eða að meðaltali á dag kr. 2434.00.

Af þessum samanburði verður það ljóst, að eftir að sterku vínin komu á markaðinn hefir umsetning þessarar einu áfengisútsölu **þrefaldazt** á þessu tímabili, samanborið við það, sem hún var á sama tíma 1934. Og það er síður en svo, að það dragi nokkuð úr vínkaupunum; síðasta daginn sem skýrslan tekur yfir var selt vín fyrir kr. 7308.00.

Þessar skýrslur og sá samanburður, sem hér hefir verið gerður, sýnir svart á hvítu og ótvírætt, hve þeir menn, sem náð hafa til áfengisútsölunnar í Reykjavík, hafa aukið áfengiskaup sín gífurlega. Um það, hver munur hefir orðið á vínkaupum í áfengisútsölum ríkisins í hinum kaupstöðunum, liggja engar skýrslur fyrir, en sjálfsagt hafa vínkaupin þar einnig örvazt stórum.

Þó að það sé nú ekkert smáræði, sem meiru fé er nú sóað til vínkaupa en áður, þá er sá munur, sem þar kemur fram, samt ekki nema svipur hjá sjón, samanborið við það, hvað hlutfallslega miklu meira af áfengismagni hefir runnið ofan í landsfólkið frá 1. febr. í vetur og á sambærilegu tímabili í fyrra. Þarf í því sambandi ekki annað en að benda á þann áfengismagns styrkleikamun, miðað við rúmmál, sem brenndu drykkirnir innihalda, samanborið við hin suðrænu náttúruvín. Þó sorglegt sé til þess að vita, hvað miklu fé er sóað í vínkaupin, þá er sá skatturinn ennþá þungbærari, sem þjóðin verður að gjalda í ótal myndum í afleiðingum vínnautnarinnar. Það þjóðarböl verður ekki metið til fjár.

Skal ég nú þessu næst draga fram nokkur dæmi þess, hvernig hin stórauknu áfengiskaup í Reykjavík hafa sett sitt mark á bæjarbraginn. Eftir upplýsingum, sem ég hefi fengið hjá lögreglustjóranum, varð lögreglan að setja í tukthúsið í febrúar í vetur meira en helmingi fleiri menn sökum ölvunar en á sama tíma í fyrra. En ástand þeirra manna, sem lögreglan af þessum völdum keyrir inn í tukthúsið, er þannig, að annaðhvort eru það menn, sem með svakalegu framferði á almannafæri sýna, að lífi og limum annara manna getur stafað hætta af þeim, og þá ekki hvað síst þegar í hlut eiga konur þeirra og börn, og svo þeir menn, sem hafa drukkið frá sér ráð og rænu og eru svo á sig komnir, að þeir geta enga björg sér veitt og sem ekki tekst að útvega annan samastað en tukthúsið. Hinir hafa svo vitanlega verið miklu fleiri, sem sökum drykkjuskaparóreglu þverbrjóta að vísu settar reglur til verndunar friði manna á almannafæri, en þó voru ekki beinlínis hættulegir. Þessum mönnum hefir lögreglan komið heim til sín eða til kunningja þeirra og vandamanna, sem svo hafa haft ofan af fyrir þeim þangað til áfengisáhrifin fjöruðu út. Sem allra flestum að hægt er af ölvuðum mönnum, sem á vegi lögreglunnar urðu og þurftu hennar aðgerða við, mun hún hafa komið af sér á þennan hátt, og það þá ekki síður þar sem húsrúmið í tukthúsinu hefir víst reynzt að vera af mjög skornum skammti, að minnsta kosti á stundum í vetur síðan 1. febrúar.

Þá er það ekki að ólíkindum, þó nokkuð hafi meira borið á því en ella síðan 1. febrúar, að menn hafi sézt með glóðaraugu og skrokkskjóður og önnur ytri tákn í húðláti og fataspjöllum, sem fylliríi og slagsmálum eru samfara.

Þá hefir borið miklu meira á innbrotum og hverskonar þjófnaði í bænum á þessu tímabili en nokkru sinni áður, og hefir það komið í ljós, að þeir, sem hafa verið að fremja þessa hvinnsku og óknytti, hafa gert það undir áhrifum víns, stundum svamfullir, og refirnir allajafna til þess skornir að ná í peninga eða verðmæta hluti, sem hægt væri að koma í peninga og fara svo með peningana inn í áfengisútsölu ríkisins og kaupa þar fyrir þá „svarta dauða".

Þó að reynslan í þeim dæmum úr daglega lífinu hér í bænum síðan 1. febr. síðastl., sem hér hefir verið stuttlega drepið á, sýni, að í því efni hefir þjóðin mikið afhroð goldið af völdum hins nýja vínflóðs, þá er langt frá því, að öll sú raunasaga sé sögð með þessu. Nei, það er meira blóð í kúnni. Það er eftir að lýsa þeim þættinum, sem hættulegastur er vaxtarbroddi þjóðlífsins, þeim þættinum, sem sýnir, að ástandið í áfengismálunum er nú að komast á það stig, að framtíð þjóðarinnar er teflt í fullkomna tvísýnu. Það er hvernig áhrif og afleiðingar vínflóðsins hafa brotizt út og sagt til sín í samkvæmislífi borgarinnar innanveggja á síðkvöldum á opinberum stöðum í veizlum, dansleikum og þvílíkum mannfagnaði.

Það er út af fyrir sig stórvægilegt áhyggjuefni, hversu mjög drykkjuskapur karlmanna hefir nú aukizt, en hvað er það hjá þeirri staðreynd, að kvenfólkið er nú líka farið að drekka. Einmitt í þessu, að kvenfólkið er við slík tækifæri að verða vínnautninni að bráð, birtast áhrif og afleiðingar vínflóðsins, sem hleypt var inn í landið 1. febrúar, í sinni átakanlegustu og geigvænlegustu mynd. Ég hefi það eftir góðum heimildum, konum og körlum, sem hafa séð með eigin augum þessa nýju sorglegu mynd af þjóðlífinu, sem þarna birtist, að það sé nú komið svo, að kvenfólkið sé við slík tækifæri engir eftirbátar karlmannanna í víndrykkju og að ölvunin brjótist út hjá þeim í ef til vill ennþá átakanlegri mynd en hjá karlmönnunum, og er þó sannarlega ekki á það bætandi. Má þá nærri geta, þegar þessu fordrukkna fólki ægir svo öllu saman þarna í einni bendu, hversu hollt og heilsusamlegt slíkt samlíf muni vera, og yfirleitt hvert mannsmót muni vera á slíkum samkomum.

Hér blasir við hyldýpi spillingarinnar og hverskonar tortíming á velfarnaði. Og það skyldi engan undra, þó að í samkvæmum, sem mótuð eru af slíku ásigkomulagi karls og konu, velti á ýmsu og að velsæmiskenndin eigi þar erfitt uppdráttar, og að í kjölfar þess sigli svo ýmislegt það, sem lengst hefir haldið við minningunni um smalareiðar og Jörfagleði.

Hér skal nú brotið í blað og frá því horfið að lýsa frekar hinu nýja viðhorfi í áfengismálunum hér, þó margt mætti fleira um það ástand segja. En af því, sem sagt hefir verið, mun það öllum vera ljóst, að hér verður eitthvað til bragðs að taka, ef þjóðin á ekki að fljóta sofandi að feigðarósi.

Um tillöguna sjálfa þarf ég lítið að segja; hún skýrir sig sjálf.

Tillagan felur í sér allkröftugar og staðgóðar ráðstafanir og möguleika til þess að veita viðnám á þeirri háskabraut, sem hið nýja viðhorf í áfengismálunum gefur okkur til kynna, að við séum nú komnir inn á. Á skal að ósi stemma. Og það má með engu móti láta undir höfuð leggjast að grípa nú þegar til slíkra ráðstafana, sem hér hefir verið bent á, eða annara, sem leitt gætu til jafngóðrar niðurstöðu eða betri.

Um 4. lið tillögunnar vil ég aðeins segja þetta: Það nær vitanlega ekki nokkurri átt og gengur brjálæði næst að veita ótakmarkaðan gjaldeyri til þess að kaupa fyrir whisky og brennivín á sama tíma sem allar horfur eru á, að ekki verði hægt að flytja til landsins, sökum skorts á gjaldeyri, nema sem svarar helmingi af brýnustu lífsnauðsynjum þjóðarinnar. Að verja á slíkum tímum sem þessum 2—3 milljónum af okkar litla gjaldeyri til þess að kaupa fyrir vín og tóbak er hvorttveggja í senn firra og fjarstæða og óforsvaranleg sóun á verðmætum og ber vott um óverjandi tómlæti og skeytingarleysi um hag og afkomu þjóðarinnar. Það má með sanni segja, að það sé eftirtektarvert tímanna tákn, að í Reykjavík er nú ekki hægt að fá nýmjólk handa börnum nema eftir læknisrecepti, en whisky og brennivín og allt, sem þar er á milli, getur hver og einn fengið í áfengisútsölu ríkisins allan guðslangan daginn.

Um 5. liðinn vil ég aðeins segja það, að það er ekki að ófyrirsynju eða ástæðulausu, þó gengið sé ríkt eftir því við löggæzlumenn landsins að sýna árvekni í sinni köllun við gæzlu áfengislaganna, því auk þess, sem drykkjuskaparóregla á almannafæri krefst nú fyllra eftirlits en áður, þá halda áfengisbruggararnir og smyglararnir, í skjóli hins háa verðs á vínunum, áfram iðju sinni, alveg eins og ekki síður en áður var. Sama er reynslan í því efni hjá hinum þjóðunum, sem horfið hafa frá vínbanninu, Norðmönnum, Finnum og Bandaríkjamönnum. Allar þær vonir, sem þessar þjóðir gerðu sér um það, að smyglið mundi hverfa við afnám bannsins, hafa svikið, og nú hervæðast þjóðirnar hver í kapp við aðra til þess að heyja baráttu við smyglarana. Slíkt hið sama verður okkar hlutskipti. Í gæzlu áfengislöggjafarinnar má ekki vera neitt hik eða hálfvelgja, þar verður hver og einn að gæta sinnar skyldu og sýna árvekni í starfinu.

Tillaga þessi hefir nú því miður orðið það síðbúin, sökum veikinda minna að undanförnu, að hún mun tæplega geta náð afgreiðslu áður en þingi verður frestað. En það er bót í máli, að svo framarlega sem ríkisstjórnin sér þann voða, sem við horfumst hér í augu við, og gerir sér grein fyrir því, hver vá er hér fyrir dyrum, þá getur hún upp á eigin spýtur, án þess nokkur þingsamþykkt þurfi að koma til, gert eða látið gera allt, sem farið er fram á í tillögunni. Og þess er að vænta, að hún láti ekki undir höfuð leggjast að gera það.

Með þeim ráðstöfunum, sem í tillögunni felast, samhliða öflugri bindindisstarfsemi, sem nýtur viðurkenningar, trausts og stuðnings þess opinbera, má miklu til vegar koma, og engin ástæða til að örvænta, þó þessum málum hafi nú verið stefnt í ærið óefni.

Ed. 356. Frumvarp til laga

um virkjun Fljótaár.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar heimilast að reisa og reka raforkustöð við Fljótaá í Skagafjarðarsýslu, til þess að vinna úr ánni raforku til almenningsþarfa, svo og

að leggja háspennutaugar til Siglufjarðar og gera afspennistöð í Siglufirði og að framkvæma þau mannvirki, sem þarf til þess að koma orkunni til notenda.

2. gr.

Rétt sinn til virkjunar og rekstrar raforkustöðvarinnar og sölu rafmagns getur bæjarstjórnin afhent öðrum, með samþykki atvinnumálaráðherra, enda sé gætt ákvæða 27. og 28. gr. laga 46/1925, eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Ef bærinn reisir og rekur raforkustöðina við Fljótaá, skal virkjunin rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi, samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir.

4. gr.

Ef hreppsnefndir Holtshrepps og Haganeshrepps óska þess, er Siglufjarðarkaupstað skylt að veita þessum hreppum rétt til að taka þátt í virkjun Fljótaár, allt að 200 hö. fyrir hvorn hrepp um sig. Taka hrepparnir þá að sér hlutfallslegan hluta sameiginlegs virkjunarkostnaðar.

5. gr.

Óheimilt er Siglufjarðarkaupstað, umfram stofnkostnað og 6% vexti af útlögðum kostnaði, að torvelda eða leggja fjárhagslegar álögur eða kvaðir af nokkru tægi á rafmagn það, sem Holtshreppur og Haganeshreppur kunna að fá samkv. 4. gr. úr Fljótaá. Sama gildir um Holtshrepp og Haganeshrepp eða sýslufélagið um rafmagn það, er Siglufjarðarkaupstaður kann að virkja eða láta virkja úr Fljótaá, eða um mannvirki í sambandi við virkjunina.

Ed. 357. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 48 1930, um gagnfræðaskóla.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist:

Hluti ríkissjóðs af stofnkostnaði greiðist eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, enda sé tryggt framlag á móti.

2. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist:

Heimilt er að ákveða í reglugerð, að námskeið skuli njóta styrks úr ríkis- og bæjarsjóði, ef kennsla hvers nemanda er ekki minni en 6 stundir á viku, enda standi námskeiðið þá eigi skemur en 3 mánuði. Styrkur til námskeiða, sem standa skemur en 12 vikur, lækkar hlutfallslega við námstímann.

3. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Þar til gagnfræðaskólahús hafa verið reist samkv. 3. gr. skal viðkomandi kaupstöðum skylt að sjá skólunum fyrir húsnæði, sem kennslumálastjórnin tekur gilt, en ríkissjóður greiði ⅔ húsaleigunnar. Kennslumálaráðuneytið úrskurðar um stærð húsnæðis og hámarksleigu, sem ríkissjóður tekur þátt í að greiða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. **358. Breytingartillaga**

við viðaukatillögu á þskj. 353 [Ofviðrisskaðar].

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 2. lið. Fyrir „30 þús.“ kemur: 40 þús.

Sþ. **359. Breytingartillaga**

við till. til þál. um fjárframlög úr ríkissjóði vegna skaða af ofviðri 26. og 27. okt. síðastl. o. fl.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

Aftan við tillgr. komi nýr liður, er verður 5. liður, svo hljóðandi:

Að greiða til viðgerðar bryggju á Litla-Árskógssandi helming kostnaðar, allt að 1500 kr.

Nd. **360. Lög**

um viðauka við og breyting á lögum nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði.

(Afgreidd frá Nd. 2. apríl).

Samhljóða þskj. 233.

Nd. **361. Lög**

um verzlunarlóðina í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu.

(Afgreidd frá Nd. 2. apríl).

Samhljóða þskj. 277.

Nd. **362. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1936 með viðauka.

(Afgreidd frá Nd. 2. apríl).

Samhljóða þskj. 103.

Ed. **363. Lög**

um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

(Afgreidd frá Ed. 2. apríl).

Samhljóða þskj. 217.

Ed. **364. Lög**

um viðauka við lög nr. 24 frá 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

(Afgreidd frá Ed. 2. apríl).

Samhljóða þskj. 282.

Sþ. **365. Skýrslur**

um Gjöf Jóns Sigurðssonar.

A.

Skýrsla um „Gjöf Jóns Sigurðssonar" frá 1. jan. 1933 til 31. des. 1934.

Tekjur:

1. Eignir í árslok 1932:			
a. Bankavaxtabréf	kr.	3000.00	
b. Veðskuldabréf	—	2000.00	
c. Lán Laugarvatnsskóla	—	9500.00	
d. Í Landsbankanum	—	6624.92	
			kr. 21124.92
2. Vextir:			
a. Af bankavaxtabréfum	kr.	270.00	
b. — veðskuldabréfum	—	1125.00	
c. — innstæðu í Landsbankanum	—	449.31	
			— 1844.34
			Kr. 22969.26

Gjöld:

1.	Verðlaun greidd Sögufélaginu		kr.	1600.00
2.	Auglýsingakostnaður		—	171.00
3.	Eignir í árslok 1934:			
	a. Bankavaxtabréf	kr. 3000.00		
	b. Veðskuldabréf	— 2000.00		
	c. Lán Laugarvatnsskóla	— 9000.00		
	d. Í Landsbankanum	— 7198.26		
			—	21198.26
			Kr.	22969.26

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. marz 1935.

F. h. r.
Friðg. Bjarnarson.

B.

Skýrsla frá verðlaunanefnd „Gjafar Jóns Sigurðssonar".

Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar, sem kosin var af Alþingi 1933, auglýsti 5. janúar 1934, að þeir, er ætluðust til verðlauna, skyldu hafa sent nefndinni ritgerðir sínar fyrir árslok. Er nefndin kom saman í gær hafði engin ritgerð enn verið send henni síðan auglýsingin var birt, og ákvað þá nefndin í einu hljóði að veita 1800.00 kr. til útgáfu rita Jónasar Hallgrímssonar.

Reykjavík, 9. marz 1935.

Hannes Þorsteinsson. Barði Guðmundsson. Matthías Þórðarson.

Til Alþingis.

Sþ. 366. Tillaga til þingsályktunar

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkv. 19. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Sameinað Alþingi ályktar að veita samþykki sitt til þess, að fundum Alþingis verði frestað frá fyrri hluta aprílmánaðar þar til síðar á árinu, þó ekki lengur en til 10. október 1935.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er var Alþingi 1934 ekki haldið á venjulegum tíma, því að aukaþingið 1933 kom óreglu á þinghaldið. Var þinginu 1934 eigi lokið fyrr en síðara hluta desembermánaðar. Hinsvegar varð þing þessa árs, samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar, að koma saman um miðjan febrúarmánuð. Þannig voru ekki nema tæpir tveir mánuðir milli þinganna. Liggur það í augum uppi, öllum er til þekkja, að mjög erfitt er að halda tvö regluleg þing með svo stuttu milli-

bili. Mál þau, sem hvert þing á að taka til meðferðar, þurfa, ef vel á að vera, allýtarlegan undirbúning milli þinga, og þingmönnum og öðrum þarf að hafa unnizt tími til að athuga þau sem bezt. Þá er það og mjög æskilegt, að löggjöf næsta þings á undan sé sem mest komin til framkvæmda og reynslu áður en nýtt þing tekur sínar ákvarðanir. Báðar þessar ástæður eru fyrir hendi nú í ríkum mæli. Síðasta þing samþykkti óvenju umfangsmikla og merkilega löggjöf á mörgum sviðum, og er enn, svo sem von er, lítil reynsla um hana fengin. Og þess þings, sem nú situr, biðu líka mjög viðtæk verkefni, sem fyllilega þarfnast gaumgæfilegrar athugunar. Má þar t. d. nefna hina fyrirhuguðu, nýju landbúnaðarlöggjöf um samvinnubyggðir og nýbýli, nýja framfærslulöggjöf, lög um almennar tryggingar, launalögin o. fl. Eru öll þessi verkefni þannig vaxin, að æskilegt er, að bæði þing og þjóð hafi sem rýmstan tíma til athugunar.

Þó ekki hefðu verið aðrar ástæður fyrir hendi en þær, sem nú eru nefndar, væru þær út af fyrir sig talsverð almenn rök fyrir þingfrestun.

Tillagan um að fresta þinginu er þó fram borin fyrst og fremst vegna afgreiðslu fjárlaganna fyrir árið 1936.

Afkoma ríkissjóðs á hverjum tíma er, eins og gefur að skilja, mjög mikið komin undir utanríkisverzluninni. Verulegs hluta af ríkistekjunum hefir allt að þessu verið aflað með tollum af innfluttum vörum (auk þess sem ríkið einnig hefir nokkrar tekjur af útfluttum vörum). Ennfremur hlýtur gjaldgeta atvinnuveganna mjög að byggjast á því, hversu framleiðslan selst erlendis. Þegar fjárlög eru samin, er þess vegna alveg nauðsynlegt að gera sér sem nákvæmasta grein fyrir því, hvernig útflutningur og innflutningur muni verða á því ári, sem fjárlögin eiga að gilda fyrir. Sé þetta ekki gert, er fjárlagaáætlunin markleysa að því er tekjuhliðinni viðkemur, en við tekjuöflunarmöguleikana verður hinsvegar að miða allar þær útgjaldaákvarðanir, sem ekki eru óðruvísi lögbundnar. En það eru m. a. útgjöldin til verklegra framkvæmda.

Þegar núverandi stjórn tók við völdum, ákvað hún þegar, í samráði við stuðningsmenn sína, að taka upp ákveðna baráttu fyrir því, að koma viðskiptum þjóðarinnar út á við í sæmilegt horf. Þess vegna lagði hún fram, og fékk samþykkt á síðasta þingi, ný lög um innflutning og gjaldeyrisverzlun, í því skyni að koma í veg fyrir, að þjóðin héldi áfram að kaupa inn meira en framleiðslan getur borgað. En til þess að koma á aftur viðunandi greiðslujöfnuði við útlönd, þarf að gera sér grein fyrir söluverði útfluttrar framleiðslu og takmarka síðan innflutninginn eftir því.

En þegar þessi nýja stefna var upp tekin, að takmarka innflutninginn við greiðslugetu, varð að taka tillit til þeirra afleiðinga, sem þær ráðstafanir hlutu að hafa á tekjuöflun ríkissjóðs. Þetta gerði líka ríkisstjórnin þegar hún undirbjó fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1935. Fjárlagafrumvarpið var miðað við það, að ástandið á þessu ári, að því er útflutning snerti, yrði svipað eða þó heldur lakara en 1934. Hinsvegar var gert ráð fyrir, að innflutningurinn yrði miklu minni en 1934, en sá innflutningur hefir verið um 48½ millj. kr. samkvæmt bráðabirgðaskýrslum. Eru fjárlög þessa árs við það miðuð, að innflutningurinn verði svipaður og 1932, en það ár var hann um 37,3 millj. kr. Er þó sennilegt, að hann megi ekki verða svo mikill, eftir því sem nú er komið á daginn um út-

flutninginn. En jafnframt því, sem áætlunin um tekjur af innflutningi var færð niður sem þessu svaraði, þurfti að sjá fyrir nýjum tekjuöflunarleiðum, til þess að ekki þyrfti að skera niður framlög til landbúnaðarins og verklegra framkvæmda. Þetta var gert á síðasta þingi, með því að auka skatt á hátekjur og stóreignir, hækka einstaka lúxustolla og taka einkasölu á sumum arðvænlegum vörutegundum. Niðurstaðan varð svo sú, að fjárlögin 1935 voru afgreidd með um 14 millj. kr. útgjöldum, og framlög til landbúnaðarins og verklegra framkvæmda talsvert aukin. Mátti telja þetta mjög vel viðunandi útkomu, þegar þess er gætt, að útgjöldin síðastl. ár hafa reynzt um 17 milljónir. Árið 1932 reyndust útgjöldin, talin á sama hátt, um 13,9 millj., árið 1933 um 15 millj. og árið 1931 um 18,2 millj.

Fjárlögin fyrir árið 1935 voru þannig afgreidd í fullu samræmi við þá stefnu, sem núverandi stjórn tók upp í fjármálunum: Að stöðva skuldasöfnunina við útlönd og óhóf í innflutningi og gera jafnframt þær ráðstafanir, sem fært er á hverjum tíma, m. a. með atbeina ríkissjóðs (framlög til atvinnuveganna og verklegra framkvæmda), til þess að jafna lífskjör íbúanna í landinu.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1936, sem leggja þurfti fram nú í þingbyrjun, var samið í janúarmánuði. Fjármálaútlitið, þar á meðal um utanríkisverzlunina, var þá svipað og þegar fjárlögin fyrir 1935 voru til meðferðar, enda ekki liðnar nema nokkrar vikur. Við þennan undirbúning lá því ekkert nýtt fyrir, og hið nýja fjárlagafrumvarp var að mestu samið á sama grundvelli og hið fyrra, að undanteknum nokkrum leiðréttingum í samræmi við bráðabirgða niðurstöðu fjárhagsársins 1934.

En um það leyti sem þingið kemur saman, syrtir snögglega að í utanríkisverzluninni. — Fregnir höfðu áður borizt um það, að Portúgalsmarkaðurinn fyrir íslenzkan saltfisk væri í meiri hættu en áður hafði verið álitið. En höfuðótíðindin eru þó frá Ítalíu. Sú hætta vofir yfir, að innflutningurinn á íslenzkum saltfiski til Ítalíu kunni að verða skorinn svo mikið niður, að hann verði ekki nema fjórði eða fimmti hluti af því, sem verið hefir. Og um þetta er allt enn þá í fullri óvissu.

Á meðan allt er enn í óvissu um markaðinn á Ítalíu, er ómögulegt að gera sér grein fyrir því, hver útflutningurinn muni verða á þessu eða næsta ári, og þá heldur ekki hversu mikið hægt er að flytja inn í landið og borga með íslenzkri framleiðslu. En eins og áður er bent á, verður afgreiðsla fjárlaganna að miðast við horfurnar um útflutning og innflutning. Þegar svo stendur á, er um tvennt að velja:

1. Að afgreiða fjárlögin nú þegar, ásamt öðrum málum í sambandi við þau, svo sem skattamálum og atvinnumálum, án þess að hafa hugmynd um, hvernig úr kann að rætast um þá viðskiptasamninga, sem nú standa fyrir dyrum.
2. Að fresta þinginu og þar með afgreiðslu fjárlaganna og þeirra mála yfirleitt, sem fara fram á útgjöld úr ríkissjóði, í þeirri von, að við þá samninga, sem nú standa fyrir dyrum, muni — síðara hluta ársins — verða fengin frekari vitneskja en nú um þann grundvöll, sem byggja þarf á alla afgreiðslu þessara mála. En sá grundvöllur er utanríkisverzlunin.

Stjórnin hefir valið síðara kostinn — að fresta þinginu, af því að sú leiðin þótti skynsamlegri og gætilegri. Og við nánari athugun ættu líka allir að geta fallizt á það, að afgreiðsla fjárlaga nú — í slíkri óvissu, sem um er að ræða — væri algerlega út í bláinn.

Hér má einnig benda á það, að ef illa tekst til um úrslit samninga, og útflutningurinn lækkar stórlega frá því sem áður var, þarf áreiðanlega að gera margháttaðar ráðstafanir innanlands til þess að mæta hinu nýja viðhorfi. Þessar ráðstafanir verður Alþingi að gera. Ef þinginu væri ekki frestað nú, yrði þá í slíku tilfelli að kalla saman sérstakt aukaþing með haustinu. Hefði það þá í för með sér algerðan aukakostnað við sérstakt þinghald, auk þess sem gera mætti ráð fyrir, að meira og minna af ákvörðunum þessa þings yrði þá einskis virði.

Til dæmis má taka, að ef útflutningur hrapaði niður í 40 milljónir, þyrfti innflutningurinn að fara niður í 32 milljónir, svo framarlega, sem þjóðin ætti að geta staðið í skilum með greiðslur sínar út á við. Er það 5,3 milljónum minna en innflutningur hefir lægstur verið um langt árabil. Enginn vafi er á því, að slíkt ástand myndi krefjast þess, að ýmsar neyðarráðstafanir yrðu gerðar. Í því sambandi má benda á það, hversu stórkostleg breyting þetta væri frá þeim innflutningi, sem var s. l. ár, en hann nam samkvæmt bráðabirgðaskýrslum 48½ millj. kr., og mun sjálfsagt raunverulega hafa verið rúml. 50 milljónir, því að bráðabirgðaskýrslurnar áætla æfinlega of lágt.

Vel getur svo farið, að ástandið í haust geri það óhjákvæmilegt, að færa niður til muna útgjöld ríkissjóðs frá því, sem þau eru ákveðin á fjárlögum nú. Gera þó fjárlög þessa árs, eins og áður er sagt, ekki ráð fyrir nema 14 millj. kr. útgjöldum, í stað þess að útgjöldin 1934 reyndust 17 milljónir. En stjórnin mun ekki færa niður framlög til landbúnaðar og verklegra framkvæmda fyrr en í síðustu lög. Hinsvegar verður í þeim efnum sem öðrum að beygja sig fyrir utanaðkomandi örðugleikum um sölu framleiðslunnar, sem þjóðinni eru óviðráðanlegir. En fari svo, að framkvæma þurfi slíkan neyðarsparnað, sem þar væri um að ræða, verður ekki hjá því komizt að framkvæma meira og minna óvenjulegan niðurskurð á öðrum liðum fjárlaganna.

Sþ. 367. Breytingartillögur

við tillögu til þál. um framlag úr ríkissjóði til verðuppbótar á útflutt kjöt 1934.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

1. Fyrri málsgr. tillögunnar orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði allt að kr. 150000.00, er varið sé til þess að bæta bændum það tjón, er þeir biðu á síðastliðnu sumri vegna óþurrka, og skemmda á heyjum af þeim sökum. Sé fénu skipt milli héraða á óþurrkasvæðinu, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands að undangenginni rannsókn, en héraðsstjórnir skipti síðan, hver

innan síns héraðs, fé þessu milli bænda, í hlutfalli við tjón það, er hver búandi hefir beðið.

2. Fyrirsögn tillögunnar verði:

Till. til þingsályktunar um að heimila ríkisstjórninni að bæta bændum tjón það, er þeir urðu fyrir af völdum óþurrka á síðasta sumri.

Sþ. 368. Þingsályktun

um fasteignakaup til handa ríkinu.

(Afgreidd frá Sþ. 2. apríl).

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa fyrir fé úr ríkissjóði goshverinn Grýtu í Ölfusi, ásamt meðfylgjandi lóð, fyrir það verð, er um semst, eða eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að kaupa, fyrir fé úr ríkissjóði eða kirkjujarðasjóði, jörðina Skálholt í Biskupstungum, fyrir það verð, er um semst, eða eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna.

Sþ. 369. Þingsályktun

um framlag úr ríkissjóði til verðuppbótar á útflutt kjöt 1934.

(Afgreidd frá Sþ. 2. apríl).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði allt að 150000 krónur, er varið sé til að bæta upp verð á útfluttu kjöti af framleiðslu ársins 1934, öðru en ærkjöti, auk þeirrar uppbótar, sem greidd verður á kjötið úr verðjöfnunarsjóði.

Jafnframt er ríkisstjórninni heimilað, til þess að vega á móti þessum gjöldum, að draga þær 50000 kr. af framlagi til Búnaðarbanka Íslands samkvæmt fjárlögum 1935, sem heimilt er að verja til samvinnubyggða á því ári.

Ed. 370. Nefndarálit

um frv. til l. um einkaleyfi til að flytja út vikur og vörur unnar úr vikri og selja á erlendum markaði.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. apríl 1935.

Páll Hermannsson, form., frsm.	Guðrún Lárusdóttir, fundaskr.	Ingvar Pálmason.

Ed. 371. Nefndarálit

um frv. til laga um loftskeytastöðvar á íslenzkum skipum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Minni hlutinn (JAJ) heldur fast við þá skoðun sína, að talstöðvar séu fullnægjandi öryggistæki á skipum, er sigla landa á milli.

Meiri hlutinn er óbreyttrar skoðunar um það, að loftskeytastöðvar hafi tvímælalaust miklu fullkomnari skilyrði til þess að koma sjófarendum til hjálpar, þegar mest á reynir, heldur en talstöðvar, og þá sérstaklega á þeim skipum, er um úthöfin sigla. Að þessu eru færð skýr rök í greinargerð frv.

Andstaða minni hlutans gegn þessu frv. mun meðal annars byggjast á kostnaðarhliðinni. Fullkomin loftskeytastöð samkv. frv. mun kosta uppsett um 5—5½ þús. krónur. Árlegt viðhald 100—150 kr. Annar rekstrarkostnaður er einkum fólginn í því, hvort sérstakur loftskeytamaður annast gæzlu stöðvarinnar, er mundi kosta allt að 5000 kr., eða ef einhverjum yfirmanni skipsins yrði falin slík gæzla sem aukastarf, sem er leyfilegt eftir gildandi lögum á flutningaskipum og tíðkast á minni flutningaskipum ýmsra nágrannaþjóða okkar. Fyrir slíkt aukastarf er meðal Norðmanna greitt 50 kr. á mánuði. Á þennan hátt yrði allur rekstrarkostnaður loftskeytastöðvar árlega innan við 1 þús. krónur. Slík upphæð getur á engan hátt verið þess valdandi, að skip hafi ekki um borð jafnþýðingarmikið öryggistæki og loftskeytastöð er. Það skal að vísu viðurkennt, að stöðvarþjónustan sem aukastarf yfirmanns veitir ekki jafnmikið öryggi og reglubundin þjónusta loftskeytamanns. En vegna hins umtalaða kostnaðar, er fyrri leiðin mun ódýrari og til mikilla bóta og aukins öryggis, og því ekki fráleitt að farin yrði.

Vegna þeirrar andstöðu, er mál þetta mætti á síðasta þingi og mætir enn hjá minni hluta nefndarinnar, hefir meiri hlutinn ekki hraðað málinu að þessu sinni, en væntir, að það geti náð fram að ganga á þinginu næst er það kemur saman.

Í annari grein frv. hefir slæðzt inn meinleg prentvilla, sem nauðsynlegt er að leiðrétta.

Meiri hlutinn leggur því til, að frv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Við 2. gr. Í stað orðsins „volt“ komi: vatt.

Alþingi, 3. apríl 1935.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm.

Sþ. **372. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 359 [Ofviðrisskaðar].

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fyrir „1500 kr.“ komi: 1200 kr.

Ed. **373. Nefndarálit**

um frv. til l. um bæjargjöld á Ísafirði o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar, þeir BSt og JBald, mælir með frv., en MJ er á móti. Þó hefir BSt þann fyrirvara um fylgi sitt við frv., að öðrum kaupstöðum verði veitt heimild til tekjuöflunar á svipaðan hátt.

Alþingi, 3. apríl 1935.

Jón Baldvinsson, form., frsm.	Bernharð Stefánsson, fundaskr., með fyrirv.

Nd. **374. Lög**

um breyting á lögum nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar.

(Afgreidd frá Nd. 3. apríl).

Samhljóða þskj. 342.

Ed. **375. Lög**

um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

(Afgreidd frá Ed. 3. apríl).

Samhljóða þskj. 302.

Ed. **376. Lög**

um breytingar á lögum nr. 22 6. okt. 1919, um hæstarétt, og lögum nr. 37 4. júní 1924, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 3. apríl).

Samhljóða þskj. 257.

Nd. 377. Nefndarálit

um frv. til l. um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. apríl 1935.

Finnur Jónsson, form. Páll Þorbjörnsson, frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr.
Jóhann Þ. Jósefsson, með fyrirv. Sigurður Kristjánsson.

Ed. 378. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Páll Hermannsson, Ingvar Pálmason.

Aftan við 1. málsgr. 46. gr. laganna bætist: Þó má ákveða í samþykkt, að félagsfundir skuli vera fulltrúafundir, þar sem félagssvæði eru stór.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk Fiskiræktarfélags Fljótsdalshéraðs, og mun nánari grein verða gerð fyrir því í framsögu.

Sþ. 379. Tillaga til þingsályktunar

um forstöðu Raftækjaeinkasölu ríkisins.

Flm.: Jakob Möller, Pétur Halldórsson, Sigurður Kristjánsson, Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að víta fjármálaráðherra fyrir þær ráðstafanir, er hann hefir gert um tilhögun og forstöðu Raftækjaeinkasölu ríkisins, og skorar á hann að bæta tafarlaust úr þeim misfellum, er orðið hafa í þessu efni.

Sþ. 380. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 359 [Ofviðrisskaðar].

Frá Gísla Guðmundssyni.

a. Í stað „bryggju á Litla Árskógssandi“ komi: bryggjum á Þórshöfn, Kópaskeri og Litla Árskógssandi.
b. Aftan við liðinn bætist: á hverjum stað.

Ed. **381. Lög**

um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 4. apríl).

Samhljóða þskj. 240.

Ed. **382. Lög**

um breyting á lögum nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

(Afgreidd frá Ed. 4. apríl).

Samhljóða þskj. 327.

Ed. **383. Lög**

um einkaleyfi til að flytja út vikur og vörur unnar úr vikri og selja á erlendum markaði.

(Afgreidd frá Ed. 4. apríl).

Samhljóða þskj. 345.

Ed. **384. Lög**

um löggilding verzlunarstaðar í Buðlungahöfn.

(Afgreidd frá Ed. 4. apríl).

Samhljóða þskj. 304.

Nd. **385. Lög**

um virkjun Fljótaár.

(Afgreidd frá Nd. 4. apríl).

Samhljóða þskj. 356.

Nd. **386. Lög**

um eftirlit með skipum.

(Afgreidd frá Nd. 4. apríl).

Samhljóða þskj. 208.

Sþ. **387. Þingsályktun**

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkv. 19. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 4. apríl).

Samhljóða þskj. 366.

Sþ. **388. Breytingartillaga**

við till. til þál. um fjárframlög úr ríkissjóði vegna skaða af ofviðri 26. og 27. okt. síðastl. o. fl.

Frá Hannesi Jónssyni.

Við 1. lið. Á undan „Skagafirði“ komi: Húnavatnssýslum.

Sþ. **389. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 380 [Ofviðrisskaðar].

Frá Magnúsi Guðmundssyni og Sigfúsi Jónssyni.

a-liður till. orðist svo:

Í stað „bryggju á Litla Árskógssandi“ komi: bryggjum í Haganesvík, á Þórshöfn, Kópaskeri og Litla Árskógssandi.

Sþ. **390. Breytingartillaga**

við viðaukatillögu á þskj. 353 [Ofviðrisskaðar].

Frá Einari Árnasyni.

Aftan við „Þingeyjarsýslna“ komi: og bæjarstjórn Siglufjarðar.

Sþ. **391. Breytingartillaga**

við till. til þál. um fjárframlög úr ríkissjóði vegna skaða af ofviðri 26. og 27. okt. síðastl. o. fl.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 1. lið. Á undan „Skagafirði“ komi: Snæfellsnessýslu (Ólafsvík).

Sþ. 392. Þingsályktun

um fjárframlög úr ríkissjóði vegna skaða af ofviðri 26. og 27. okt. síðastl. o. fl.

(Afgreidd frá Sþ. 4. apríl).

Ríkisstjórninni er heimilt:

1. Að greiða vegna skaða, sem urðu af ofviðrinu 26. og 27. okt. síðastl. í Skagafirði, Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, eftir mati, er stjórnin lætur framkvæma, allt að 60 þús. kr.
2. Að láta greiða úr kirkjujarðasjóði til sjóvarnargarðs í Grenivík ⅔ kostnaðar, allt að 16 þús. kr.
3. Að greiða til viðgerðar brimbrjótsins í Bolungavík helming kostnaðar, allt að 30 þús. kr.
4. Að greiða til viðgerðar bryggju á Blönduósi ⅓ kostnaðar, allt að 11 þús. kr.

Sé ekki nægilegt fé fyrir hendi af tekjum ríkissjóðs árið 1935 til þess að standast þessar greiðslur, þá er ríkisstjórninni heimilt:

1. að ábyrgjast fyrir sýslunefndir Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslna og bæjarstjórn Siglufjarðar allt að 60 þús. króna lán.
2. að ábyrgjast fyrir hreppsnefnd Hólshrepps allt að 30 þús. króna lán.
3. að ábyrgjast fyrir sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu allt að 11 þús. kr. lán,

er öllum sé varið í því skyni, er í fyrri málsgr. segir, og öll greiðist af tekjum ríkissjóðs árið 1936.

Ed. 393. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 99 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Aftan við orðin „eða handveði“ í 4. gr. laganna komi: eða sjálfsvörzluveði í afla fiskiskips, sem sett er samkv. l. nr. 46 31. maí 1927.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Í þrotabúi eða skuldafrágöngubúi lántakanda skulu lán úr Skuldaskilasjóði njóta forgangsréttar samkv. b-lið 83. gr. skiptalaganna, nr. 3 12. apríl 1878.

3. gr.

Orðin „í fasteign eða skipi“ í 1. lið 22. gr. laganna falli niður.

2. og 4. liður greinarinnar falli niður.

3. liður greinarinnar verði 2. liður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það var tilætlun laganna um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, að skuldaskilin snertu eigi fiskveð samkv. l. nr. 46 31. maí 1927, enda fram tekið við umræðurnar á Alþingi. En nú þykja ákvæði laganna í þessu efni ófullnægjandi, og hafa því með frumvarpi þessu verið gerðar þær breytingar á lögunum, sem nauðsynlegar þykja til þess að tryggja fiskveðin.

Nd. 394. Breytingartillögur

við frumvarp til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Aftan við frvgr. komi tvær nýjar gr., er verði 2. og 3. gr., svo hljóðandi:

a. (2. gr.). Á eftir D. 3. í 2. gr. laganna komi: um Gönguskörð og Njarðvíkurskriður til Borgarfjarðar.

b. (3. gr.). D. 4. í 2. gr. laganna orðist svo:
Frá Lagarfljótsbrú vestan Fljóts um Brekku í Fljótsdal að Víðivöllum.

Ed. 395. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á tilskipun fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót, frá 12. febrúar 1872.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Ég gat ekki orðið samferða hinum nefndarmönnunum um afgreiðslu þessa máls, af þeirri ástæðu, að með frv. er verið að skattskylda innlenda síldveiðimenn, sem kunna að veiða síld í landhelgi, þegar svo ber undir, að síld veiðist nærri landi í netlögum, en slíkan skatt tel ég ranglátan. Undir mörgum kringumstæðum myndi erfitt að krefja inn skatt þennan, þegar síld er veidd fjarri mannabyggðum og enginn til að gæta réttar landeigenda. Út af þessu myndu verða allskonar klögumál og málarekstur, sem óþarft er að stofna til.

Legg ég því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 16. okt. 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson.

Ed. **396. Frumvarp til laga**

um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu).

Flutningsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

1. gr.

Hvervetna skal svartbakur (veiðibjalla) réttdræpur. Er heimilt að eyða honum í annars manns landi með skotum eða hverri annari veiðiaðferð, sem ekki brýtur í bág við önnur lög. Þó má aldrei eitra fyrir svartbak í löndum annars manns, nema tilkynna honum það áður eða samtímis og eitrun fer fram.

2. gr.

Heimilt er sýslunefndum eða bæjarstjórnum að setja reglugerðir um útrýmingu svartbaks, og skal þeim skylt að gera það, ef 10 eða fleiri æðarvarpseigendur eða leigutakar æðarvarpslanda, búsettir innan sýslunnar eða í kaupstaðnum, krefjast þess, og skal reglugerð fullger innan þriggja missira frá því að krafan hefir komið fram.

3. gr.

Eitur til eyðingar svartbaks kaupir hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarsjóður, og er lyfjaverzlun ríkisins skylt að láta það af hendi með innkaupsverði. Sýslumaður skipar menn til þess að hafa eitrunina á hendi, eftir því sem þurfa þykir, eftir ábendingu hlutaðeigandi hreppstjóra, og hafa þeir einir heimild til þess að eitra í löndum annara manna.

4. gr.

Hver sá, er reynir að varna því, að skipaðir eitrunarmenn framkvæmi eitrun fyrir svartbak í sínum löndum eða annara, eða ónýtir eitrun, er slíkir menn framkvæma, en hefir ekki áður fengið samþykki eitrunarmanns til þess, sæti sektum frá 50—500 krónum.

5. gr.

Skyldur er hver jarðarábúandi að eyða öllum svartbakseggjum í landi ábýlisjarðar sinnar, ef þess er kostur. Vanræki jarðarábúandi þessa skyldu sína af ásetningi eða skeytingarleysi, sæti hann sektum frá 20—200 krónum.

6. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum falla að hálfu til uppljóstrarmanns og hálfar til hlutaðeigandi sveitarsjóðs.

Mál þau, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 6 frá 19. febr. 1892, um eyðing svartbakseggja.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nú á síðari árum hefir svartbak fjölgað mjög víða hér á landi, en mest kveður að því á þeim stöðum, sem æðarvarp er. Á Breiðafirði hefir honum t. d. fjölgað mjög ört, og er þar nú orðinn svo mikill sægur hans, einkum í Suðureyjum, að viðbúið þykir, að æðarvarp nær hverfi þar, ef slíku heldur lengi fram. Er hann nú svo aðgangsharður við æðarfuglinn, að á síðastliðnu vori hefir ekki sézt æðarungi í sumum beztu varpeyjunum, eins og t. d. Hrappsey og Arney. Gleypir svartbakurinn ungana undireins og þeir koma á sjóinn, og sveimar yfir varplöndunum í flokkum á þeim tímum, er æðarfuglinn leiðir út. Sagt er og, að hann drepi fullorðinn æðarfugl. Svartbakurinn drepur unglömb á vorin, og óttast ýmsir bændur, að hann muni gera þeim stórtjón, einkum ef vorhart verður.

Það er ekki aðeins æðarvarpið, sem vargur þessi ásækir. Hann situr hundruðum saman við árósa og tínir þar upp silunga og smálaxa, sem leita upp í árnar, og stórspillir veiði í ám og vötnum.

Það virðist ekki einhlítt eins og nú er ástatt að eyða svartbaknum með skotum einum. Hefi ég því gert ráð fyrir í frumv. þessu, að honum verði einnig eytt með eitri. Ég játa það, að það getur verið kvalafullur dauðdagi fyrir fuglinn að vera drepinn þannig, en þetta er örþrifaráð til þess að vernda nytjafugla fyrir vargi þessum. Munu og aðrir vargfuglar farast, ef eitrun fer fram.

Í 5. gr. frumv. er gert ráð fyrir því, að ábúandi eigi ekki ávallt þess kost að taka egg svartbaks, er verpir í landi hans, t. d. er hann verpir í hólmum djúpra vatna eða óreiðrar ár, en bátur hvergi nærri.

Ed. 397. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenzkum afurðum.

(Lagt fyrir Alþingi 1935).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa svo fyrir, að leyfi atvinnumálaráðherra þurfi til þess að mega selja eða flytja til útlanda hverskonar lýsi, síldarmjöl, fiskmjöl, beinamjöl, fiskbein, hrogn, gærur og skinn, ull og harðfisk.

Ríkisstjórnin getur notað heimild þessa um aðeins eina eða nokkrar af framangreindum vörutegundum eða allar, eftir því sem ástæða þykir til.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur falið ákveðnum embættismönnum, stofnunum eða nefndum úthlutun útflutningsleyfa og aðra framkvæmd laga þessara og sett um þetta nánari reglur eftir því, sem þurfa þykir.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum, er sett verða samkvæmt lögum þessum eða gegn reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögunum, varða sektum allt að 100000 krónum, og skal fara með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenzkum afurðum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að vegna ýmsra viðskiptaörðugleika á erlendum markaði sé það komið í ljós, að óhjákvæmilegt muni verða að ríkisstjórnin, auk þeirrar íhlutunar, sem þegar á sér stað um sölu og útflutning síldar, annars fisks og kjöts, af opinberri hálfu, fái heimild til svipaðrar íhlutunar um ýmsar aðrar útflutningsvörur landsmanna, sem sé hverskonar lýsi, síldarmjöl, fiskmjöl, beinamjöl, fiskbein, hrogn, gærur, skinn, ull og harðfisk.

Þar sem svo stendur á, sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um þetta efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa svo fyrir, að leyfi atvinnumálaráðherra þurfi til þess að mega selja eða flytja til útlanda hverskonar lýsi, síldarmjöl, fiskmjöl, beinamjöl, fiskbein, hrogn, gærur og skinn, ull og harðfisk.

Ríkisstjórnin getur notað heimild þessa um aðeins eina eða nokkrar af framangreindum vörutegundum eða allar, eftir því sem ástæða þykir til.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur falið ákveðnum embættismönnum, stofnunum eða nefndum úthlutun útflutningsleyfa og aðra framkvæmd laga þessara og sett um þetta nánari reglur eftir því, sem þurfa þykir.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum, er sett verða samkvæmt lögum þessum eða gegn reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögunum, varða sektum allt að 100000 krónum, og skal fara með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 8. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

Nd. 398. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 76 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1935).

1. gr.

2. málsgrein 4. gr. nefndra laga orðist svo:

Nú hefir félag fiskframleiðenda fengið löggildingu sem saltfiskútflytjandi og hefir umráð yfir 65% eða meiru af saltfiskframleiðslu landsmanna, og getur þá atvinnumálaráðherra ákveðið að veita því útflutningsleyfi fyrir jafnháum eða hærri hundraðshluta af framleiðslunni og það hefir umráð yfir, en fullnægja skal félagið þeim skilyrðum, er hér fara á eftir, sé það eigi stofnað og starfrækt samkvæmt lögum nr. 36 27. júní 1921, um samvinnufélög: Félagið skal vera opið fiskframleiðendum þannig, að skrásett samlagsfélög þeirra, sem ná yfir eina eða fleiri veiðistöðvar eða tiltekin svæði, samvinnufélög og sambönd þeirra, sem selja fisk meðlima sinna, samvinnuútgerðarfélög og útgerðarfyrirtæki bæjar- og sveitarfélaga hafi rétt til þátttöku og til að senda fulltrúa á fundi þess, enda hafi hvert þeirra til umráða að minnsta kosti 1000 skpd. saltfisks. Önnur útgerðarfélög, einstakir útgerðarmenn og fiskeigendur skulu og eiga rétt til að gerast meðlimir og mæta eða láta mæta á fundum félagsins, ef þeir ráða yfir að minnsta kosti 1500 skpd. saltfisks. Æðsta vald í félagsmálum sé hjá félagsfundum. Aðalfundur sé haldinn ár hvert, og kýs hann stjórn félagsins, úrskurðar reikninga þess og kveður á um starfsemi þess. Stjórnin ræður framkvæmdarstjóra. Nú ákveður atvinnumálaráðherra, að félaginu skuli veitt útflutningsleyfi fyrir meiru en 65% af saltfiskframleiðslunni, og hefir hann þá rétt til að

tilnefna eða skipa 2 menn í stjórn þess til viðbótar hinum félagskosnu. Hver þátttakandi hefir eitt atkvæði á félagsfundum og auk þess viðbótaratkvæði, er miðist að nokkru leyti við það fiskmagn, er hann hefir umfram tilskilið lágmark, þannig, að viðbótaratkvæðisréttur þeirra, sem geta orðið þátttakendur með 1000 skpd., verði jafnan minnst þeim mun ríflegri en hinna, sem svarar til mismunar á tilskildu lágmarksfiskmagni. Enginn þátttakandi má fara með meira en 8% af atkvæðamagni félagsins fyrir sjálfan sig og aðra. Sama gildir um atkvæðisrétt innan félaga, sem eru þátttakendur.

2. gr.

Orðin „og njóta um það jafnréttis við hið almenna fisksölusamlag“ í lok 3. málsgreinar 4. gr. skulu falla niður.

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú ákveður atvinnumálaráðherra að veita félagi fiskframleiðenda samkvæmt 2. málsgrein 4. gr. útflutningsleyfi fyrir 65% eða meiru af saltfiskframleiðslunni, og á þá stjórn félagsins rétt til að fá allar þær upplýsingar, er hún óskar, um sölu og útflutning fisks, er fiskimálanefnd kann að sjá um sölu á, samkv. 2. gr., og aðgang að skjölum þar að lútandi, enda skal félagið láta fiskimálanefnd fá til umráða nægan fisk til nauðsynlegra tilraunasendinga á nýja markaði og annarar nýbreytni samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um breyting á lögum nr. 76 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að við athuganir í sambandi við stofnun sölufélags fiskframleiðenda, samkvæmt því sem ráð er fyrir gert í 2. málsgr. 4. gr. laga 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., hafi það komið í ljós, að æskilegt væri að lækka nokkuð það lágmarksákvæði, sem

þar er sett um þátttöku, og ennfremur að nauðsynlegt sé að kveða nokkuð nánar en gert er í fyrrnefndri lagagrein á um það, hverjir geti verið þátttakendur í slíku félagi, og réttindi þeirra, svo og um íhlutunarrétt ríkisstjórnarinnar, jafnframt því að rýmkað yrði nokkuð um atkvæðisrétt einstakra meðlima félagsins. Þá er það og æskilegt, að ákveðið verði nánar um samstarf fiskimálanefndar og slíks sölufélags, einkum að því er varðar sölu saltfiskjar á nýja markaði, eða með breyttum verkunaraðferðum. Með því að svo er ástatt sem að ofan segir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920, til þess að ráða bót á þessu.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

2. málsgrein 4. gr. nefndra laga orðist svo:

Nú hefir félag fiskframleiðenda fengið löggildingu sem saltfiskútflytjandi og hefir umráð yfir 65% eða meiru af saltfiskframleiðslu landsmanna, og getur þá atvinnumálaráðherra ákveðið að veita því útflutningsleyfi fyrir jafnháum eða hærri hundraðshluta af framleiðslunni og það hefir umráð yfir, en fullnægja skal félagið þeim skilyrðum, er hér fara á eftir, sé það eigi stofnað og starfrækt samkvæmt lögum nr. 36 27. júní 1921, um samvinnufélög: Félagið skal vera opið fiskframleiðendum þannig, að skrásett samlagsfélög þeirra, sem ná yfir eina eða fleiri veiðistöðvar eða tiltekin svæði, samvinnufélög og sambönd þeirra, sem selja fisk meðlima sinna, samvinnuútgerðarfélög og útgerðarfyrirtæki bæjar- og sveitarfélaga hafi rétt til þátttöku og til að senda fulltrúa á fundi þess, enda hafi hvert þeirra til umráða að minnsta kosti 1000 skpd. saltfisks. Önnur útgerðarfélög, einstakir útgerðarmenn og fiskeigendur skulu og eiga rétt til að gerast meðlimir og mæta eða láta mæta á fundum félagsins, ef þeir ráða yfir að minnsta kosti 1500 skpd. saltfisks. Æðsta vald í félagsmálum sé hjá félagsfundum. Aðalfundur sé haldinn ár hvert, og kýs hann stjórn félagsins, úrskurðar reikninga þess og kveður á um starfsemi þess. Stjórnin ræður framkvæmdarstjóra. Nú ákveður atvinnumálaráðherra, að félaginu skuli veitt útflutningsleyfi fyrir meiru en 65% af saltfiskframleiðslunni, og hefir hann þá rétt til að tilnefna eða skipa 2 menn í stjórn þess til viðbótar hinum félagskosnu. Hver þátttakandi hefir eitt atkvæði á félagsfundum og auk þess viðbótaratkvæði, er miðist að nokkru leyti við það fiskmagn, er hann hefir umfram tilskilið lágmark, þannig, að viðbótaratkvæðisréttur þeirra, sem geta orðið þátttakendur með 1000 skpd., verði jafnan minnst þeim mun ríflegri en hinna, sem svarar til mismunar á tilskildu lágmarksfiskmagni. Enginn þátttakandi má fara með meira en 8% af atkvæðamagni félagsins fyrir sjálfan sig og aðra. Sama gildir um atkvæðisrétt innan félaga, sem eru þátttakendur.

2. gr.

Orðin „og njóta um það jafnréttis við hið almenna fisksölusamlag“ í lok 3. málsgreinar 4. gr. skulu falla niður.

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú ákveður atvinnumálaráðherra að veita félagi fiskframleiðenda samkvæmt 2. málsgrein 4. gr. útflutningsleyfi fyrir 65% eða meiru af saltfiskframleiðslunni, og á þá stjórn félagsins rétt til að fá allar þær upplýsingar, er hún óskar, um sölu og útflutning fisks, er fiskimálanefnd kann að sjá um sölu á, samkv. 2. gr., og aðgang að skjölum þar að lútandi, enda skal félagið láta fiskimálanefnd fá til umráða nægan fisk til nauðsynlegra tilraunasendinga á nýja markaði og annarar nýbreytni samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 28. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

Nd. 399. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um gelding húsdýra.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Gelding á búfé, sem eldra er en veturgamalt, skal framkvæma af dýralæknum eða sérstökum geldingamönnum, sem með vottorði frá dýralækni sanna, að þeir hafi aflað sér þeirrar þekkingar og leikni, sem nauðsynleg er til að inna verkið vel af hendi.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðuneytið hlutast til um, að haldin séu námskeið, þar sem geldingamenn geti lært geldingar, en sýslunefndir sjá um, að fyrir 1. maí 1937 hafi nægilega margir menn lært geldingar í sýslu hverri, enda er þeim einum heimilt að framkvæma geldingu á eldra búfé en veturgömlu innan sýslunnar, sem til þess eru tilnefndir af viðkomandi sýslunefnd.
3. Við 4. gr. Greinin falli niður.
4. Við 6. gr., sem verður 5. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1937, en fyrir þann tíma skulu sýslunefndir hafa tilnefnt geldingamenn eftir 2. gr. og ráðuneytið efnt til námskeiða þeirra, er þar um ræðir.
5. Fyrirsögnin verður: Frv. til l. um geldingu búfjár.

Nd. 400. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyting á l. nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við 3. málsgr. greinarinnar.
1. Orðið „sanngjörnum“ falli niður.
2. Í stað „4 krónur“ komi: 7 krónur.

Nd. 401. Breytingartillögur

við frv. til l. um gelding húsdýra.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „staðdeyfingarlyf“ komi: eða svæfingarlyf.
2. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: Ákvæði þetta skerðir þó eigi réttindi skipaðra dýralækna.
3. Við 3. gr. Á eftir „geldingamönnum“ komi: öðrum en dýralæknum.
4. Við 4. gr.
   a. Á eftir orðinu „staðdeyfa“ komi: eða svæfa.
   b. Niðurlag 2. málsgr. frá orðinu „deyfingarlyfja“ falli niður.
   c. Aftan við málsgreinina bætist: Hann hlutist og til um, að dýralæknar landsins gefi mönnum kost á því að læra geldingar og meðferð deyfingarlyfja.
5. Við 6. gr. bætist: en framkvæmd þeirra má fresta til 1. maí 1937, að svo miklu leyti sem skortur hæfra geldingamanna gerir það nauðsynlegt.

Ed. 402. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. nái fram að ganga.

Alþingi, 19. okt. 1935.

Bernh. Stefánsson, form.	Pétur Magnússon, frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Ed. 403. Frumvarp til laga

um gelding húsdýra.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Gelding húsdýra, sem eldri eru en veturgömul, skal framkvæmd af dýralæknum eða sérstökum geldingamönnum, sem með vottorði frá héraðslækni eða dýralækni sanna, að þeir hafi lært að fara með staðdeyfingarlyf eða svæfingarlyf og aflað sér þeirrar þekkingar og leikni, sem nauðsynleg er til að inna verkið vel af hendi.

2. gr.

Sýslunefndir sjá um, að nægilega margir geldingamenn séu í hverri sýslu og setur þeim skipunarbréf, er gefur rétt til starfa innan sýslu, en eigi annarsstaðar. Ákvæði þetta skerðir þó eigi réttindi skipaðra dýralækna.

3. gr.

Þóknun fyrir verk sitt ber geldingamönnum, öðrum en dýralæknum, samkvæmt gjaldskrá, er sýslunefndir setja hver fyrir sina sýslu.

4. gr.

Húsdýr þau, er um getur í 1. gr., skal staðdeyfa eða svæfa áður en gelding fer fram. Til geldingar á yngri húsdýrum skal nota Burdizzo geldingatöng eða aðrar tengur af eigi lakari gerð.

Landbúnaðarráðherra setur reglur um sölu og afhending deyfingarlyfja. Hann hlutast og til um, að dýralæknar landsins gefi mönnum kost á því að læra geldingar og meðferð deyfingarlyfja.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 50—500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum gildandi lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1936, en framkvæmd þeirra má fresta til 1. maí 1937, að svo miklu leyti sem skortur hæfra geldingamanna gerir það nauðsynlegt.

Ed. 404. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um bæjargjöld á Ísafirði o. fl.

Frá Einari Árnasyni.

1. Við 1. gr. Síðasta málsgr. (tölul. 2) falli niður.
2. Við 3. gr. Orðin „gr. tölul. 1“ falli niður.

3. Við 5. gr. Orðin „svo og um upp- og framskipun“ til enda greinarinnar falli niður.
4. Fyrir „1935“ (Bráðabirgðaákvæði) komi: 1936.
5. „o. fl.“ í fyrirsögn frv. falli niður.

Nd. 405. Frumvarp til laga

um alþýðutryggingar.

Flm.: Jónas Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Emil Jónsson, Finnur Jónsson, Sigurður Einarsson, Páll Þorbjörnsson.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Alþýðutryggingar teljast samkvæmt lögum þessum:
1. Slysatryggingar.
2. Sjúkratryggingar.
3. Elli- og örorkutryggingar.
4. Atvinnuleysistryggingar.

2. gr.

Stofnun sú, er annast tryggingarnar, heitir Tryggingarstofnun ríkisins. Þegar tryggingarnar koma til framkvæmda verða þær, hver um sig, sjálfstæð deild í tryggingarstofnuninni og hafa þar aðskilinn fjárhag. Engin deildnanna ber ábyrgð á skuldbindingum annarar.

3. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins hefir heimili og varnarþing í Reykjavík, en úti um land hefir hún umboðsmenn svo víða og á þeim stöðum, sem þörf krefur.

4. gr.

Ríkisstjórnin hefir umsjón þeirra mála, sem heyra undir Tryggingarstofnun ríkisins, og setur reglugerðir eftir lögum þessum.

5. gr.

Heimilt er að fela Tryggingarstofnun ríkisins framkvæmdarstjórn skyldra opinberra stofnana, svo sem Samábyrgðarinnar, sbr. lög nr. 23 1921, og Brunabótafélags Íslands, sbr. lög nr. 54 1915 og lög nr. 53 1919. Skal hver stofnun hafa sérskilinn fjárhag, og fer að öðru leyti um stjórn þeirra eftir því, sem ákveðið er í lögum þeirra og reglugerðum.

6. gr.

Ráðherra ræður forstjóra Tryggingarstofnunar ríkisins. Hann ræður og deildarstjóra, eftir því sem þörf krefur, svo og yfirlækni tryggingarstofnunarinnar, að fengnum tillögum forstjórans. Fela má sama deildarstjóra forstöðu

fleiri en einnar deildar. Forstjórinn stjórnar stofnuninni í samræmi við lög, reglugerðir og erindisbréf, er honum verður sett. Hann afgreiðir mál í samráði við hlutaðeigandi deildarstjóra, en ber sjálfur ábyrgð á ákvörðunum og úrskurðum.

Laun forstjóra Tryggingarstofnunar ríkisins og annara fastra starfsmanna skulu ákveðin í launalögum, en þangað til svo er gert, ákveður ráðherra launin.

Lífeyrissjóður Íslands og slysatryggingarsjóður greiða sameiginlega ¾ hluta af öllum kostnaði við Tryggingarstofnun ríkisins, og ákveður ráðherra hvernig kostnaðurinn skiptist milli þeirra á hverjum tíma. Ríkissjóður greiðir fyrst um sinn ¼ hluta kostnaðarins, en leggja má þann kostnað á deildir Tryggingarstofnunarinnar, ef fært þykir.

7. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna tryggingarráð. Skal einn vera tryggingafræðingur og annar lögfræðingur með dómararéttindum.

Áfrýja má til tryggingarráðs öllum ákvörðunum og úrskurðum Tryggingarstofnunar ríkisins. Skal það þegar taka málið fyrir og að jafnaði kveða upp úrskurð innan 14 daga frá því, að það fékk málið til meðferðar. Nú sættir annarhvor aðili sig ekki við úrskurð tryggingarráðs, og má þá bera málið undir dómstólana. Tryggingarráðið skal hafa frjálsan aðgang að öllum skjölum og bókum Tryggingarstofnunar ríkisins, og er því skylt að hafa eftirlit með því, að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir.

Reikningar Tryggingarstofnunarinnar skulu endurskoðaðir á sama hátt sem reikningar ríkisins og ríkisstofnana.

II. KAFLI

Slysatryggingar.

8. gr.

Skylt er að tryggja gegn slysum samkvæmt ákvæðum þessara laga:

1. Sjómenn þá, er hér greinir:
   a. Farmenn, fiskimenn og aðra sjómenn, er lögskráðir eru á íslenzk skip.
   b. Fiskimenn og farmenn á róðrarbátum og vélbátum, minni en 12 smál., er stunda fiskveiðar og hverskonar flutninga.
2. Verkamenn og starfsmenn, sem vinna fyrir kaupi í þeim atvinnugreinum, sem hér eru taldar:
   a. Ferming og afferming skipa og báta, svo og vöruhúsavinna, vöruflutningar í sambandi við það, hverskonar bifreiðastjórn og stjórn aflvéla við jarðvinnslu.
   b. Vinna í verksmiðjum og verkstæðum, þar með talið gas- og rafmagnsframleiðsla, vinna í sláturhúsum, mjólkurbúum og rjómabúum, námugröftur, bjargsig, fiskverkun, ísvinna og vinna við raflagnir.
   c. Húsabyggingar, bæði smíði nýrra húsa og viðbætur og breytingar á eldri húsum.

d. Vegagerð, brúagerð, hafnargerð, vitabyggingar, símalagningar og símaviðgerðir, svo og vinna við vatnsleiðslur, raforkuleiðslur og gasleiðslur. Ennfremur skulu tryggðir hafnsögumenn, lögregluþjónar, tollþjónar, vitaverðir og starfsmenn við vita, sótarar, póstar og slökkvilið og aðrir þess háttar starfsmenn, ráðnir að opinberri tilhlutun.
e. Skipasmíði, skipaviðgerðir, skipaviðhald og varðstaða á skipum við bryggju, í höfn eða í lægi, bátasmíði, bátaviðgerðir.

Tryggingin nær til sendistarfa í þágu tryggingarskylds atvinnureksturs og þess tíma, er fer til að fara frá og til vinnu.

Nú slasast maður eða bíður líftjón við björgun, eða tilraun til björgunar manns í lífsháska, skal hann þá, eða eftirlátnir vandamenn hans, eiga rétt til slysabóta eftir sömu reglum sem slysatryggðir menn.

Það er skilyrði fyrir tryggingarskyldu þeirra, sem nefndir eru í 2. tölulið, að starfið sé rekið fyrir reikning ríkis- eða sveitarfélags, eða einstaklings eða félags, sem hefir það að atvinnu. Þó fellur þar undir smíði nýrra húsa og verulegar breytingar á eldri húsum, þar með talin öll utanhússmálning og innanhússmálning stórra bygginga, þótt það sé framkvæmt fyrir reikning manna, sem ekki hafa húsasmíð að atvinnu.

Tryggingin samkv. tölul. 2. nær ekki til starfsfólks í skrifstofum eða í búð, nema að því leyti, sem það vinnur að tryggingarskyldum störfum utan skrifstofu eða búðar.

Nú er tryggingarskylt verk látið í ákvæðisvinnu, og ber þá sá, sem verkið tekur í ákvæðisvinnu, ábyrgð á, að verkamennirnir séu tryggðir.

Heimilt er atvinnurekendum að tryggja sjálfa sig og verkafólk, sem ekki er tryggingarskylt, með tryggingarskyldu verkafólki sínu, en segja verður hann til þess, þegar trygging er tilkynnt eða endurnýjuð.

Atvinnurekendur, svo og ríki eða sveitarstjórn, bera ábyrgð á því, að þeir séu tryggðir, sem tryggingarskyldir eru samkvæmt lögum þessum, enda sé starfið rekið fyrir þeirra reikning.

9. gr.

Það er bótaskylt slys, er tryggður maður slasast eða deyr af slysi við þann atvinnurekstur, sem hann er tryggður í.

Til slysa telst hverskonar fingurmein og handarmein, er menn fá við sjómennsku, fiskvinnu, sláturhúsavinnu og aðra þá vinnu, sem kunn er að því að vera hættuleg á þennan hátt, enda kenni menn meinsins fyrst á meðan þeir stunda vinnuna, eða innan þess tíma, er rekja megi orsakir þess til hennar.

Sama gildir um aðra atvinnusjúkdóma, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Sjómenn eru tryggðir fyrir slysum á sjó á tryggingartímabilinu, eða þegar þeir eru á landi, annaðhvort í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfa sig, í erindum, sem leiðir af starfi þeirra sem sjómanna.

10. gr.

Valdi slysið meiðslum, skal slysatryggingin greiða bætur sem hér segir:

1. Ef meiðslin valda sjúkleika og vinnutjóni lengur en 10 daga, þá skal greiða

þeim, er fyrir slysinu varð, læknishjálp frá því að slysið vildi til, þar með talin nauðsynleg sjúkrahúsvist, og ¾ hluta lyfja og umbúðakostnaðar utan sjúkrahúss, en að fullu á sjúkrahúsi, svo og dagpeninga, þangað til hann verður vinnufær, eða úrskurður er felldur um varanlega örorku, eða maðurinn deyr, þó ekki lengur en 6 mánuði. Dagpeningar eru 5 kr. á dag. Þó mega þeir aldrei fara fram úr ¾ af dagkaupi mannsins við þá atvinnu, er hann hafði þegar slysið varð. Ef hinn slasaði er lögskráður skipverji, fer um rétt hans eftir 27. og 28. gr. laga nr. 41 19. júní 1930, en aldrei skal hann þó missa neins í að því er snertir dagpeningagreiðslu. Síðan fer um rétt hans eftir lögum þessum. Þó skal útgerðarmanni heimilt að semja við slysatrygginguna um, að hún taki að sér gegn aukaiðgjaldi þá áhættu, sem útgerðarmaður ber samkvæmt nefndum greinum sjómannalaganna vegna slysa. Dagpeningar greiðist aldrei fyrir fyrstu 7 dagana, og aldrei fyrr en 7 dagar eru liðnir frá því að hinn tryggði hætti að taka kaup.

2. Ef slysið hefir valdið varanlegri örorku, greiðast örorkubætur þeim, sem fyrir því varð. Fullar örorkubætur eru 6000 krónur, og greiðast þær, ef sá, sem fyrir slysinu varð, að dómi læknis tryggingarinnar, er algerlega ófær til nokkurrar vinnu þaðan í frá, en örorkubæturnar eru að því skapi lægri, sem minna skortir á, að hann sé til fulls vinnufær, og engar, ef minna skortir en ⅕ hluta.

11. gr.

Valdi slysið dauða innan árs frá því að það bar að höndum, greiðast dánarbætur sem hér segir:

1. Ekkja eða ekkill hljóta 1500 krónur.
2. Barn, sem er á framfæri eftirlifandi foreldris, hlýtur 100 kr. fyrir hvert heilt ár, sem það vantar á að vera fullra 16 ára.
3. Barn, sem ekki er svo ástatt um, sem í 2. lið segir, hlýtur 175 kr. fyrir hvert heilt ár, sem það vantar á að vera fullra 16 ára.
4. Barn yfir 16 ára aldur, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið bar að höndum, fær 1500 krónur.
5. Foreldri, sem var á framfæri hins látna að öllu eða nokkru leyti, þegar slysið vildi til, hlýtur 1500 krónur. Sé þannig ástatt um bæði foreldrin, og búi þau samvistum, hljóta þau þó aðeins sameiginlega 2500 krónur.
6. Systkini hins látna, sem voru á framfæri hans, þegar slysið vildi til, hljóta dánarbætur á sama hátt og börn.

Ekkja eða ekkill, sem ekki var samvistum við hið látna og ekki á framfæri þess, hlýtur engar dánarbætur. Kona, sem býr samvistum með manni án þess að vera gift honum, hefir sama rétt til dánarbóta og eiginkona, ef hún hefir fætt honum barn eða þau verið samvistum samfleytt í 18 mánuði. Sama gildir um karlmann, sem býr samvistum við konu án þess að vera kvæntur henni.

Um fósturbörn og fósturforeldra gildir sama og um börn og foreldra, að fullnægðum sömu skilyrðum. Barn telst hafa verið á framfæri föðurins, þótt það fæðist að honum látnum.

Heimilt er þó stjórn tryggingarinnar að víkja frá þessum reglum, ef sérstaklega stendur á.

Frá dánarbótum, sem greiddar skulu vandamönnum, skal draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið samkvæmt 10. gr. 2.

12. gr.

Til þess að standast útgjöld slysatryggingarinnar skulu þeir, er tryggingarskylda menn hafa í þjónustu sinni, greiða iðgjöld fyrir alla þá, sem þeim er skylt að tryggja, og má ekki færa gjöldin þeim, sem tryggðir eru, til útgjalda. Iðgjaldaupphæðina ber að miða við slysahættuna. Eftir slysahættunni skal skipta þeim störfum og starfsgreinum, sem falla undir trygginguna, í flokka, og fyrir hvern flokk skal ákveðin sérstök iðgjaldsupphæð. Starfstíminn er talinn í vikum, og telst vikan eining við iðgjaldaákvörðun. Sé um tímavinnu að ræða, teljast 48 klst. í viku. Skal við ákvörðun iðgjaldanna hafa það fyrir augum, að þau samanlögð hrökkvi fyrir þeim bótum, sem slysatryggingunni ber að greiða.

Um skiptingu í áhættuflokka og iðgjaldagrundvöllinn fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er stjórnarráðið setur, og ber að endurskoða hana 5. hvert ár. Þó getur stjórnarráðið hvenær sem er, þegar ástæða þykir til, gert breytingar á skiptingunni í áhættuflokka og á iðgjöldum, en slíkar breytingar koma ekki til framkvæmda fyrr en með byrjun næsta almanaksárs á eftir.

Ef atvinnufyrirtæki nær yfir starfsemi, er fellur undir mismunandi áhættuflokka, reiknast iðgjöldin sérstaklega fyrir hvern hluta fyrirtækisins, eftir iðgjaldi þess áhættuflokks, sem það heyrir undir. Þó getur tryggingarstjórnin, ef erfitt er að halda þessu aðgreindu, ákveðið meðaliðgjald fyrir allt fyrirtækið eftir iðgjöldum þeirra áhættuflokka, sem það fellur undir.

13. gr.

Iðgjöld sjómanna, sem tryggðir eru samkv. 8. gr. 1., reiknast eftir tíma þeim, sem sjómaðurinn er lögskráður eða ráðinn til, og telst í vikum frá lögskráningardegi, eða þeim degi, er hann kom í skiprúm.

Um leið og lögskráning fer fram, skal skráningarstjóri gera sérstaka skrá yfir tryggingarskylda skipverja, hverja stöðu sem þeir hafa á skipinu. Útgerðarmaður greiðir skráningarstjóra iðgjöldin um leið og lögskráning fer fram.

Þegar formaður á vélbát eða róðrarbát (sbr. 8. gr. 1.) hefir ráðið skipverja sína, skal hann jafnskjótt senda hreppstjóra eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögreglustjóra), þar sem báturinn er gerður út, skrá yfir skipverjana ásamt iðgjaldi því, er greiða ber, en hreppstjóri sendir skrána og gjaldið til sýslumanns.

Útgerðarmenn róðrarbáta og vélbáta, minni en 5 smálestir, greiða aðeins $^{7}/_{10}$ af iðgjaldi því, sem ákveðið er fyrir þá, en það, sem á vantar fullt iðgjald, greiðist úr ríkissjóði. Skráningarstjóri sendir slysatryggingunni skrár þær, sem nefndar eru í 2. og 3. málsgr. greinar þessarar, sem fylgiskjöl með ársreikningi sínum. Hann skal og standa skil á iðgjöldunum samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.

14. gr.

Nú forfallast slysatryggður skipverji, og gengur ótryggður maður í skiprúm hans, og skal þá skylt að tryggja þann skipverja, svo sem að framan greinir,

meðan hann er í því skiprúmi, þó aldrei skemur en eina viku. Iðgjald fyrir forfallaðan skipverja má endurgreiða fyrir það, sem eftir er af ráðningartímanum, þegar forföllin stafa ekki af bótaskyldu slysi, enda hafi maðurinn gengið úr skiprúminu.

Útgerðarmaður eða formaður róðrarbáta eða vélbáta, minni en 12 smálestir, getur með leyfi skráningarstjóra tryggt ákveðna tölu skipverja, ef sérstakar ástæður gera þess þörf.

Útgerðarmaður eða skipstjóri tilkynnir tafarlaust skráningarstjóra eða hreppstjóra mannaskiptin, og ábyrgist útgerðarmaður iðgjaldagreiðslu.

15. gr.

Sérhver forráðamaður atvinnufyrirtækis eða starfrækslu, sem nefnd er í 8. gr. 2., skal, þegar fyrirtækið tekur til starfa, senda hreppstjóra eða bæjarfógeta (í Reykjavík tollstjóra) tilkynningu samkvæmt fyrirmynd, er slysatryggingin gerir, með öllum þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru til þess að áætla iðgjaldagreiðslu þess. Eftir þeirri áætlun skal iðgjaldið greitt og innheimt fyrirfram. Sömuleiðis skal senda tilkynningu, ef fyrirtækið verður fyrir verulegum breytingum, er máli geta skipt að því er trygginguna snertir. Hreppstjóri sendir lögreglustjóra tilkynningar þessar, en lögreglustjórar gera samkvæmt þeim skrá yfir öll tryggingarskyld fyrirtæki, en annað eintak tilkynninganna senda þeir slysatryggingunni. Verkamenn teljast tryggðir frá þeim tíma, er fyrirtækið byrjar.

Forráðamönnum fyrirtækis eða starfrækslu, er um getur í 8. gr. 2., er skylt að gera skrá samkvæmt vinnubókum fyrirtækisins, í því formi, sem slysatryggingin mælir fyrir um. Samrit af skrám þessum sendist hreppstjóra eða lögreglustjóra, og miðast hið endanlega iðgjald við þær. Lögreglustjóri sér um innheimtu iðgjaldanna og stendur skil á þeim, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.

Lögreglustjóri getur, ef honum þykir ástæða til, eða slysatryggingin óskar þess, látið rannsaka vinnuskrár og bækur fyrirtækisins, til þess að fullvissa sig um, hvað fyrirtækinu beri að greiða í iðgjöld.

16. gr.

Nú er vanrækt að tilkynna tryggingarskyldan atvinnurekstur, eða greiða iðgjöld fyrirfram samkvæmt 13., 14. og 15. gr. fyrir tryggingarskylda menn, og skulu þeir þó jafnt teljast slysatryggðir samkvæmt lögum þessum, en hlutaðeigandi atvinnurekandi skal skyldur að greiða slysatryggingunni tvöföld iðgjöld þau, sem vangoldin eru, og auk þess sæta sektum.

17. gr.

Þegar slys ber að höndum, sem ætla má að greiða beri bætur fyrir samkvæmt lögum þessum, skal forráðamaður fyrirtækisins senda tafarlaust, og eigi síðar en innan 2 mánaða, tilkynningu um slysið í því formi, sem slysatryggingin skipar fyrir um, til lögreglustjóra eða hreppstjóra, er síðan sendir tilkynninguna áfram til lögreglustjóra. Ef lögreglustjóri álítur, að slysið veiti rétt til bóta frá slysatryggingunni, sendir hann tilkynninguna áfram til slysatrygging-

arinnar, ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum. Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ófullnægjandi upplýst, eða ef ástæða er til að ætla, að slysið hafi orsakazt af hirðuleysi eða af lélegum útbúnaði, eða slysatryggingin óskar þess einhverra ástæðna vegna, skal lögreglustjóri halda réttarpróf í málinu. Því aðeins ber að taka til greina og senda til slysatryggingarinnar kröfur um bætur fyrir slys, er verða við atvinnurekstur, sem heimilt er að tryggja í frjálsri tryggingu, að tryggingar hafi verið beiðzt og iðgjöld verið greidd áður en eða samtímis því, að atvinnureksturinn var hafinn.

Ef sá, sem átti að tilkynna slys, hefir vanrækt það, skal það eigi vera því til fyrirstöðu, að sá, sem fyrir slysi varð, eða eftirlátnir vandamenn hans, geti gert kröfur til bóta, ef það er gert áður en ár er liðið frá því að slysið varð.

Heimilt er að taka til greina tilkynningar, sem berast eftir að fyrrnefndur 2 mánaða frestur er liðinn, ef sannað er að tilkynnandi á ekki sök á drættinum.

18. gr.

Undir eins og tryggingarstjórn hafa borizt nægar upplýsingar um slys og annað, sem til greina kemur um ákvörðun bóta, úrskurðar hún, hvort bætur skuli greiðast samkvæmt lögum þessum og ákveður bæturnar. Ef um meiðsl er að ræða, eru bæturnar fyrst ákveðnar til bráðabirgða (dagpeningar), þar til lækningu er lokið og maðurinn getur farið að stunda vinnu sína aftur, eða sjá má, hve mikið hann hefir misst af vinnuþreki sínu. Endanlegur úrskurður skal þó kveðinn upp áður en ár er liðið, nema læknir tryggingarinnar telji þörf á frekari drætti.

19. gr.

Þeir, sem stunda eða reka einhverja þá atvinnu eða störf, sem ekki eru tryggingarskyld samkv. 8. gr., hafa rétt til að tryggja sjálfa sig eða verkamenn sína gegn slysum. Slík frjáls trygging er þó því aðeins leyfð, að hún sé til ákveðins tíma og á nafn, og því aðeins gild, að hún hafi verið tilkynnt og iðgjöld greidd fyrirfram. Ef um er að ræða tryggingu við óskyld og misjafnlega áhættusöm störf, sem ekki er hægt að aðgreina og skipa í sérstaka áhættuflokka, má ákveða fyrir slík störf meðaltalsiðgjöld fyrir hverja viku tryggingartímabilsins.

20. gr.

Heimilt er atvinnurekendum að skipa 5 manna nefnd til þess að gæta hagsmuna sinna við skiptingu í áhættuflokka og ákvörðun iðgjalda. Í nefndinni eiga sæti: einn fulltrúi fyrir gufuskipaútgerð, sem Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda skipar, tveir fyrir vélbáta- og róðrarbátaútgerð, sem Fiskifélag Íslands skipar, einn fyrir skipaafgreiðslu og hafnarvinnu, sem Verzlunarráð Íslands skipar, og einn fyrir verksmiðjuiðnað, sem Landssamband iðnaðarmanna skipar.

Ef stofnaður verður almennur félagsskapur meðal atvinnurekenda í vélbáta- og róðrarbátaútgerð, skipaafgreiðslu og verksmiðjuiðnaði, fellur kosning fulltrúa þessara atvinnugreina undir hann. Nefnd þessi getur gert tillögur um skiptingu í áhættuflokka og um iðgjaldagreiðslu, og er skylt að leita álits hennar áður en ákvörðun er tekin um þau efni. Ennfremur hefir nefndin rétt til að

velja einn mann til þess að fylgjast með stjórn og rekstri slysatryggingarinnar. Sama rétt hefir og Alþýðusamband Íslands. Báðir þessir menn hafa aðgang að öllum skjölum slysatryggingarinnar, og er stjórn hennar skylt að veita þeim allar upplýsingar, sem þeir óska, viðvíkjandi framkvæmd tryggingarinnar, enda er þeim heimilt að sækja stjórnarfundi.

III. KAFLI

Um sjúkratryggingar.

21. gr.

Sjúkrasamlög samkvæmt lögum þessum eru tryggingarstofnanir, sem hafa það hlutverk að tryggja samlagsmönnum, er ekki hafa hærri tekjur en í 23. gr. segir, sjúkrahjálp og uppbót á fjárhagstjóni, sem veikindi valda.

22. gr.

Þar, sem sjúkrasamlög eru stofnuð, hefir sérhver maður, karl eða kona, eldri en 16 ára og búsettur á samlagssvæðinu, rétt og skyldu til að tryggja sig í samlaginu. Undanteknir eru þeir, er dvelja í sjúkrahúsum eða heilsuhælum vegna alvarlegra langvarandi veikinda.

23. gr.

Rétt til þeirra hlunninda, sem sjúkrasamlag veitir, eiga þeir meðlimir þess, sem á síðastliðnu ári hafa ekki haft hærri árstekjur en 4500 krónur, eftir að persónufrádráttur hefir átt sér stað samkvæmt skattalögum.

Hjón njóta því aðeins hlunninda, að samanlagðar tekjur þeirra fari ekki fram úr því, sem hér var sagt.

24. gr.

Kaupstaðir þeir, sem nú eru og síðar kunna að verða í landinu, skulu, hver um sig, vera sérstakt sjúkrasamlagssvæði. Ákveða má í reglugerð að samlagssvæði kaupstaðar skuli, auk lögsagnarumdæmisins, ná yfir tiltekin svæði í grennd við hann.

25. gr.

Í hverjum kaupstað starfar sérstakt sjúkrasamlag. Kýs bæjarstjórn stjórn samlagsins, sem skipuð skal 3, 5 eða 7 mönnum, eftir því, sem bæjarstjórn ákveður. Stjórnin skal kosin á sama hátt, samtímis og til jafnlangs tíma og fastanefndir eru kosnar. Bæjarstjórn ákveður þóknun stjórnenda, er greiðist af samlaginu.

26. gr.

Í hreppum utan sjúkrasamlagssvæða kaupstaðanna skal stofna sjúkrasamlög, ef meiri hluti þeirra, sem kosningarrétt hafa í málefnum sveitarfélaga, æskir þess. Atkvæðagreiðsla skal fara fram um, hvort stofna skuli sjúkrasamlag í

hreppnum, ef fimmti hluti kjósenda óskar þess. Hreppsnefnd annast atkvæðagreiðsluna, á sama hátt sem sveitarstjórnarkosningar.

Sama samlag getur náð til fleiri hreppa en eins, innan sama læknishéraðs, eða jafnvel allra hreppa innan læknishéraðsins, sem samþykkt hafa stofnun samlags. Ákveður ráðherra, að fengnum tillögum hlutaðeigandi hreppsnefnda og stjórnar Tryggingarstofnunar ríkisins, yfir hvaða samlagssvæði hvert sjúkrasamlag skuli ná.

Eftir að ár er liðið frá atkvæðagreiðslu getur fimmti hluti atkvæðisbærra manna í hrepp, sem áður hefir fellt að stofna sjúkrasamlag, krafizt þess, að atkvæðagreiðsla fari fram á ný í hreppnum. Greiði þá meiri hluti atkvæðisbærra manna atkvæði með stofnun sjúkrasamlags, skal það stofnað, nema ráðherra ákveði, að fengnum tillögum hreppsnefndar hlutaðeigandi hrepps og stjórnar Tryggingarstofnunar ríkisins, að hreppurinn skuli falla undir samlag innan læknishéraðsins, sem áður hefir verið stofnað.

27. gr.

Nái sjúkrasamlag aðeins til eins hrepps, skal stjórn þess skipuð 3 mönnum, kosnum af hreppsnefnd. Standi fleiri hreppar en einn að sjúkrasamlagi, skulu þeir leggja til einn mann hver í stjórn samlagsins, kosna af hreppsnefndum, en verði tala stjórnarmanna jöfn, skal hreppsnefnd þess hrepps, sem fleiri eða flesta hefir tryggingarskylda meðlimi, kjósa oddamann.

Ef nýr hreppur er lagður til áður stofnaðs sjúkrasamlags, og það veldur því, að annar hreppur hefir fleiri menn í stjórn en honum ber samkvæmt því sem hér var sagt, þá falla niður umboð stjórnarmanna þess hrepps og skal hreppsnefnd kjósa mann eða menn á ný, svo að stjórn samlagsins verði rétt skipuð.

Laun stjórnenda greiðast af samlaginu og skulu ákveðin í samþykktum þess.

28. gr.

Stjórnir sjúkrasamlaga velja sér formann og skipta með sér verkum.

Sjúkrasamlögin lúta öll yfirstjórn Tryggingarstofnunar ríkisins.

Samþykktir sjúkrasamlaga skulu samþykktar af ráðherra, að fengnum tillögum tryggingarstofnunarinnar.

29. gr.

Í samþykktum sjúkrasamlaga skal tekið fram, hverra réttinda samlagsmenn njóta. Ætíð skal þó sjúkrasamlag veita þá hjálp vegna veikinda, sem hér er talin:

1. Læknishjálp hjá tryggingarlækni, þ. e. lækni, sem samlagið hefir samið við, eða tryggingarstofnunin, að fullu á sjúkrahúsi og að ¾ hlutum utan sjúkrahúss. Læknishjálp fari fram í viðtalsstofu læknis, sé sjúklingurinn ferðafær og hægt sé að koma því við.
2. Lyf og umbúðir, samkvæmt fyrirsögn tryggingarlæknis, að fullu í sjúkrahúsi og að ¾ hlutum utan sjúkrahúss.
3. Ókeypis vist eftir ráði tryggingarlæknis í sjúkrahúsi, sem samlagið hefir samið við, eða tryggingarstjórn fyrir hönd þess.

4. Í sjúkrasamlögum kaupstaða er ennfremur skylt að greiða dagpeninga til þeirra, sem óvinnufærir eru sökum veikinda. Dagpeningar greiðast þó ekki fyrr en ein vika er liðin frá því, að hinn tryggði varð óvinnufær, samkvæmt framansögðu, og aldrei frá fyrri tíma en viku eftir að hann hætti að taka laun eða hætt er að reikna honum laun samkvæmt því, er segir í 39. gr. hér á eftir.

Dagpeningar eru tvennskonar, persónudagpeningar og fjölskyldudagpeningar, og skal upphæð þeirra ekki vera lægri í Reykjavík en hér segir, en annarsstaðar eftir því, sem ákveðið er í samþykktum:

a. Persónudagpeningar nema kr. 2.00 og greiðast eingöngu þegar hinn tryggði liggur utan sjúkrahúss.

b. Eigi hinn tryggði fyrir konu eða börnum að sjá, nýtur hann, auk persónudagpeninga, fjölskyldudagpeninga. Fara þeir eftir tölu þeirra, sem eru á framfæri hans, þannig:

Fyrir 1 á framfæri kr. 2.00.
Fyrir 2 á framfæri kr. 3.00.
Fyrir 3 á framfæri kr. 3.75.
Fyrir 4 á framfæri kr. 4.50.

Fyrir fleiri en 4 bætast við 50 aurar fyrir hvern, sem umfram er, en þó mega dagpeningar samtals ekki fara fram úr 7 krónum, og aldrei fram úr ¾ hlutum af venjulegu dagkaupi verkamanna á staðnum.

Fjölskyldudagpeningar greiðast jafnt, hvort sem hinn tryggði liggur í sjúkrahúsi eða utan sjúkrahúss.

Gift kona nýtur hvorki persónudagpeninga né fjölskyldudagpeninga, ef maður hennar er vinnufær, enda hafi meiri hluta af sameiginlegum tekjum hjónanna verið aflað af honum.

Heimilt er að ákveða í samþykktum sjúkrasamlaga víðtækari hjálp en hér er talin, þar á meðal fulla læknishjálp, læknisaðgerðir hjá öðrum en tryggingarlækni, styrk vegna barnsfæðinga, styrk upp í útfararkostnað, kostnað við læknisvitjun, dagpeninga í sjúkrasamlögum utan kaupstaða, hjúkrunarkostnað utan samþykktra sjúkrahúsa o. s. frv.

Að jafnaði skulu samlagsmenn ekki eiga rétt til styrks fyrr en 6 mánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er trygging þeirra hófst með iðgjaldagreiðslu, en heimilt er þó að ákveða annan biðtíma í samþykktunum.

30. gr.

Börn samlagsmanna, yngri en 16 ára, sem eru á framfæri þeirra, fá sömu hjálp í veikindum og foreldri á rétt til, að dagpeningum undanteknum.

Nú eru börn, eldri en 16 ára og yngri en 21 árs, á heimili fátækra foreldra sinna án þess að hafa sjálfstæðar tekjur, og er þá heimilt að ákveða í samþykkt sjúkrasamlags, að stjórn þess hafi heimild til að gefa eftir iðgjöld barnanna að nokkru eða öllu leyti án skerðingar á rétti barnsins til sjúkrahjálpar, annara en dagpeninga.

Kona, sem býr samvistum með manni án þess að vera gift honum, hefir

sama rétt til sjúkrahjálpar og eiginkona, ef hún hefir fætt honum barn, eða þau verið samvistum samfleytt í 18 mánuði.

31. gr.

Dagpeningar og meðlagskostnaður í sjúkrahúsi greiðist fyrir samlagsmenn og skyldulið þeirra samkvæmt 30. gr. í allt að 32 vikur á 12 mánuðum samfleytt. Aldrei greiðist þó áður greindur kostnaður fyrir lengri tíma en 26 vikur alls fyrir einn og sama sjúkdóm.

32. gr.

Ákveða skal í samþykktum sjúkrasamlaga upphæð iðgjalda tryggingarskyldra manna. Skulu þau ákveðin með það fyrir augum, að heildartekjur samlagsins nægi til þess að standa straum af skuldbindingum þess.

Heimilt er að ákveða í samþykkt sjúkrasamlags, að meðlimum, sem ekki leita hjálpar samlagsins árlangt eða lengur, skuli endurgreiddur hluti iðgjalda sinna, og fari upphæð endurgreiðslunnar eftir því, hve lengi meðlimur hefir greitt til samlagsins án þess að leita hjálpar þess.

33. gr.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðir greiða, hvor um sig, í sjóði sjúkrasamlaga 25 af hundraði greiddra iðgjalda.

34. gr.

Nú þykir sýnt, að sjóður sjúkrasamlags nægi ekki til að standa straum af skuldbindingum samlagsins. Skal stjórn þess þá gera hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn aðvart, sem þá getur ákveðið að gera ráðstafanir til aukinnar tekjuöflunar eða dregið úr hlunnindum þeim, sem samlagið veitir. Þó má aldrei skerða þau lágmarksréttindi, er um getur í 29. gr.

35. gr.

Iðgjöld samkv. 32. gr. greiðast fyrirfram, eftir því sem nánar verður ákveðið í samþykktum. Bæjar- eða sveitarsjóðir greiða iðgjöld þeirra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri. Einnig er rétt, að greidd séu úr bæjar- eða sveitarsjóði ógreidd iðgjöld þeirra manna, sem bæjar- eða sveitarstjórn telur ástæðu til að halda í tryggingu. Gjaldið telst ekki sveitarstyrkur, en endurgreiðist ef ástæður leyfa.

Lífeyrissjóður Íslands greiðir iðgjöld þeirra manna, sem njóta elli- eða örorkulífeyris, enda dregst iðgjaldið frá lífeyrinum. Ellistyrktarsjóðir greiða iðgjöld þeirra gamalmenna, sem ellilauna njóta, og dragast þau frá ellistyrknum.

36. gr.

Ef tryggður maður veikist utan samlagssvæðis, á hann rétt til sjúkrastyrks frá sjúkrasamlagi sínu, en þó eigi hærri en ef hann hefði veikzt á samlagssvæðinu.

37. gr.

Nú flyzt maður, sem tryggður er í sjúkrasamlagi, burt af samlagssvæðinu, og á hann þá rétt til sjúkrastyrks, ef hann veikist á því tímabili, sem hann hefir greitt iðgjald fyrir, eftir sömu reglum og um getur í síðustu grein. Verði hann tryggingarskyldur á þeim stað, sem hann flyzt til, og greiðir þar iðgjöld, öðlast hann full réttindi þar jafnskjótt og tryggingartími hans er útrunninn þar sem hann var áður. Þó öðlast hann ekki rétt til dagpeninga fyrr en að 6 mánuðum liðnum, hafi hann ekki átt rétt til þeirra í þeirri deild, er hann fluttist úr.

38. gr.

Eigi hinn tryggði rétt til slysabóta á hendur Slysatryggingu ríkisins eða skaðabótaskyldum manni eða stofnun, skal hann, ef hann krefst sjúkrastyrks, framselja hlutaðeigandi sjúkrasamlagi rétt sinn til bótanna. Nú greiðast hærri bætur en framlögðum sjúkrastyrk nemur, og fær hinn tryggði þá það, sem fram yfir er, og jafnan skal hann fá þær bætur, sem greiddar eru vegna þjáninga, líkamslýta eða aðrar slíkar miskabætur.

39. gr.

Fastir starfsmenn skulu aldrei missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu 14 dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóms, en njóta skulu þeir kaupgreiðslu um lengri tíma, ef svo er mælt fyrir í sérstökum lögum.

Hafi tryggður aðaltekjur sínar af eigin atvinnurekstri eða eignum, skal hann ávallt talinn á launum hjá sjálfum sér fyrstu 14 dagana eftir að veikindi eða slys ber að höndum, en heimilt er samlagsstjórn að telja hann lengur á sjálfs sín launum, ef sannanlegt er, að tekjur hans rýrna ekki að neinu verulegu leyti vegna sjúkdómsforfalla hans.

40. gr.

Vangoldin iðgjöld innheimta bæjarstjórnir og sveitarstjórnir hjá gjaldanda eða þeim, sem ábyrgð ber á greiðslunni (sbr. 83. gr.). Heimilt er stjórn sjúkrasamlags eða bæjar- eða sveitarstjórn, sem lagt hefir fram iðgjald samkv. 35. gr., að krefjast þess af atvinnurekanda, sem tryggður maður vinnur hjá, að hann haldi iðgjaldinu eftir af kaupi hans og greiði það til sjúkrasamlags eða bæjar- eða sveitarsjóðs. Óhlýðnist atvinnurekandi þessu, þrátt fyrir tilkynningu, má innheimta iðgjaldið hjá honum með lögtaki, ef á þarf að halda.

41. gr.

Greiði tryggingarskyldur maður ekki iðgjald sitt á gjalddaga, skal honum þó gefinn frestur, 14 dagar í kaupstöðum en einn mánuður utan kaupstaða, til að greiða gjaldið, án þess að réttur hans skerðist við það. Þegar sá frestur er liðinn, fellur réttur hans til sjúkrastyrks niður, en þó skal honum heimilt á næsta mánuði að greiða gjaldið, og öðlast hann þá full réttindi aftur frá þeim tíma, er gjaldið er greitt. Greiðist iðgjaldið síðar, öðlast hann réttindi sem nýr meðlimur, sbr. 29. gr. síðustu mgr.

42. gr.

Tillög ríkissjóðs og bæjar- og sveitarsjóða greiðast ársfjórðungslega eftir á og miðast í hvert sinn við greidd iðgjöld á næsta ársfjórðungi á undan.

43. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni, að fengnum tillögum frá Tryggingarstofnun ríkisins, að stofna jöfnunarsjóð sjúkrasamlaga. Sjóði þessum skal aflað tekna á þann hátt, að vinnukaupendur greiði allt að einum af hundraði umsaminna vinnulauna, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Jöfnunarsjóði skal stjórnað af Tryggingarstofnun ríkisins. Úr jöfnunarsjóði má greiða styrk til einstakra sjúkrasamlaga, sem orðið hafa fyrir svo miklum útgjöldum vegna veikinda samlagsmanna, að sjóðir þeirra hrökkva ekki til. Veittan styrk skal sjúkrasamlagið endurgreiða jöfnunarsjóði að hálfu á næstu fimm árum, með hækkun iðgjalda, ef með þarf, eða annari tekjuöflun.

IV. KAFLI

Elli- og örorkutryggingar.

44. gr.

Stofna skal almennan lífeyrissjóð, er nefnist Lífeyrissjóður Íslands. Honum er ætlað það hlutverk, að veita elli- og örorkulífeyri, eftir því, sem nánar er mælt fyrir í þessum kafla.

45. gr.

Sjóðurinn myndast á þann hátt, er hér segir:

1. Af iðgjöldum tryggingarskyldra manna.
2. Af sjóðum þeim, sem ræðir um í 60. gr. hér á eftir, þegar hlutverki þeirra samkvæmt þeirri grein er lokið, svo og af ellistyrktarsjóðum, þegar hlutverki þeirra er lokið skv. VI. kafla þessara laga.

46. gr.

Tryggingarskyldur er sérhver íslenzkur ríkisborgari, heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á íslenzkt skip, nema annað sé fyrir mælt í lögum þessum. Tryggingarskyldan hefst með fullnuðum 16 ára aldri og lýkur með fullnuðum 67 ára aldri.

Sanni íslenzkur ríkisborgari, sem er lögskráður á íslenzkt skip, en heimilisfastur erlendis, að hann greiði þar iðgjöld til almenns elli- og örorkulífeyrissjóðs, er hann ekki tryggingarskyldur hér.

47. gr.

Sérhver tryggingarskyldur maður, karl og kona, skal árlega greiða iðgjald í Lífeyrissjóð Íslands, sem nemur:

1. 7 krónum fyrir þá, sem heimilisfastir eru í kaupstöðum landsins, en 6 krónum fyrir þá, sem heimilisfastir eru utan kaupstaða.

2. Einum af hundraði af hreinum árstekjum, sbr. 12. gr. 1. mgr. laga nr. 6 9, jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, að frádregnum 500 krónum fyrir einstakling og 500 krónum fyrir hvern skylduómaga, sem hinn skyldutryggði hefir á framfæri sínu.

Heimilt er tryggingarskyldum manni að greiða fyrir sig fram til lífeyrissjóðs á hvaða tíma sem er iðgjöld sín samkvæmt 1. tölulið þessarar gr., eða hluta þeirra, eftir þeim reglum, er tryggingarstofnunin setur, sem miða skal við það, að báðir aðilar séu skaðlausir. Fyrirframgreiðslan skal ganga til þess að færa niður ógoldin, árleg iðgjöld hins tryggða.

48. gr.

Undanþegnir hinni árlegu iðgjaldagreiðslu samkv. 47. gr. eru þó þeir, sem allt undanfarið ár hafa

1. notið örorkulífeyris úr Lífeyrissjóði Íslands,
2. notið opinbers styrks samkvæmt ákvæðum laga um styrkveitingar til þeirra manna, sem haldnir eru alvarlegum, langvinnum sjúkdómi,
3. dvalið í fangelsum, vinnuhælum eða öðrum slíkum stofnunum, samkvæmt opinberri ráðstöfun,
4. greitt iðgjöld samkvæmt sérákvæðum 60. gr. hér á eftir.

49. gr.

Greiðslur ellilífeyris hefjast þegar hinn tryggði verður 67 ára.

Sé hinn tryggði ekki að neinu leyti á opinberu framfæri né njóti styrks samkvæmt lögum þessum, er honum heimilt að fá greiðslum ellilífeyris frestað um eitt ár í senn. Sé greiðslum frestað, hækkar árslífeyrir hins tryggða sem hér segir:

68	ára	gamall	maður	fær	13%	í viðbót.
69	—	—	—	—	30%	- —
70	—	—	—	—	50%	- —
71	árs	eða	eldri	—	75%	- —

50. gr.

Örorkulífeyrir greiðist á aldrinum 16—67 ára, en sá telst öryrki samkvæmt þessum lögum, sem ekki er lengur fær um, við störf, er samsvara lífskröftum hans og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af honum, með hliðsjón af uppeldi hans og undanfarandi starfa, að vinna sér inn helming þess, er andlega og líkamlega heilbrigðir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði.

Réttur til greiðslu örorkulífeyris hefst, með þeim undantekningum, er um ræðir í 52. og 53. gr., þegar hinn tryggði er úrskurðaður öryrki, og telst frá þeim tíma, er umsókn um lífeyrinn kemur í hendur Tryggingarstofnun ríkisins eða umboðsmanni hennar, nema talið sé í úrskurðinum, að örorkan hafi síðar hafizt, en þá reiknast rétturinn frá þeim tíma, er örorkan hófst.

51. gr.

Tryggingarstjórninni er heimilt að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að tryggingarskyldir menn og konur, eiginmenn þeirra og eiginkonur

verði öryrkjar, með því að láta þá læra störf við þeirra hæfi, veita þeim viðeigandi læknishjálp, æfa þá við notkun umbúða, gervilima, gleraugna, sjúkravagna og annara tækja, ef fyrirsjáanlegt er, að vanræksla á þessu hafi í för með sér verulega rýrnun á starfsgetu hins tryggingarskylda í nánustu framtíð. Sama gildir um þá, sem þegar eru orðnir öryrkjar, ef líkur eru til, að slíkar ráðstafanir muni geta veitt þeim aftur starfsgetu þeirra eða bætt hana að verulegum mun. Neiti hinn tryggingarskyldi, eða sá, er nýtur örorkulífeyris, að hlíta slíkum ráðstöfunum af hálfu tryggingarstjórnar, getur hún ákveðið, að hann hafi með neitun sinni fyrirgert að nokkru eða öllu leyti réttinum til örorkulífeyris. Þó skal hún jafnan áður en slík ákvörðun er tekin senda í ábyrgðarbréfi þeim, er hlut á að máli, tilkynningu um það, hvaða áhrif neitun hans getur haft. Enginn er þó skyldur að hlíta læknisaðgerð, sem getur haft í för með sér hættu á lífi hans eða limum.

Tryggingarstjórnin getur ennfremur ákveðið, þegar svo stendur á sem í 1. málsgr. segir, að veita skyldutryggðum og þeim, er njóta örorkulífeyris eða ellilauna, hjálp til þess að byrja sjálfstæða atvinnu, með því að styrkja þá til náms, bóklegs eða verklegs, til þess að kaupa vinnuvélar og veita þeim aðstoð til þess að afla sér vinnu.

Allur kostnaður af ráðstöfunum þessum greiðist af örorkutryggingunni.

52. gr.

Enginn maður getur notið örorkulífeyris fyrir sama tíma sem hann

1. nýtur sjúkrastyrks samkvæmt reglum þessara laga um sjúkra- og slysatryggingar,
2. nýtur opinbers styrks samkvæmt ákvæðum laga um styrkveitingar til þeirra manna, sem haldnir eru alvarlegum langvinnum sjúkdómi,
3. dvelur í fangelsum, vinnuhælum eða öðrum slíkum stofnunum, samkvæmt opinberri ráðstöfun, enda sé dvalartíminn á hælinu eða stofnuninni skemmst einn mánuður,
4. nýtur lífeyris úr öðrum sjóði samkvæmt sérákvæðum 60. gr. hér á eftir.

53. gr.

Réttur til þess að fá útborgaðan fullan árlegan elli- eða örorkulífeyri er bundinn því skilyrði, að aðrar árlegar tekjur þess, sem í hlut á, reiknaðar samkvæmt reglum í 3. málsgr., fari eigi fram úr ⅓ af árlegri lífeyrisgreiðslu.

Ef tekjurnar eru meiri, skal draga frá lífeyrinum 60% af þeirri upphæð, sem árstekjurnar eru umfram þriðjung fullrar lífeyrisupphæðar.

Tekjurnar, sem koma til greina, eru reiknaðar samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Til árstekna telst allt það, sem hlutaðeigandi hefir unnið sér inn á síðastliðnu almanaksári, sbr. þó 2. tölul., fastur styrkur frá opinberum sjóðum, að undanskildum örorkulífeyri, eftirlaun og tekjur af eignum.
2. Af því, sem öryrkjar vinna sér inn sjálfir, skal eigi við ákvörðun teknanna tekið tillit til upphæðar, sem nemur allt að 30% af upphæð fullrar árlegrar lífeyrisgreiðslu.

3. Ef aðeins annað hjóna, sem búa saman, á rétt á að fá útborgaðan örorkulífeyri, reiknast árstekjurnar vera helmingur af árstekjum beggja.
4. Eftir að árstekjurnar hafa verið ákveðnar eftir þessum reglum, er upphæð þeirra gerð deilanleg með 10, þannig, að upphæð, er nemur 5 kr. eða meiru, er hækkuð upp í 10 kr., en minni upphæð sleppt, og gildir sú upphæð, er þá kemur fram, þegar ákveða skal örorkulífeyri samkv. 1. og 2. mgr.

54. gr.

Örorkubætur frá slysatryggingardeild Tryggingarstofnunar ríkisins renna í Lífeyrissjóð Íslands, ef sá, sem bæturnar á að fá, er tryggingarskyldur, en þó því aðeins, að örorkubætur séu greiddar sökum þess, að vinnuhæfni hlutaðeigandi manns sé skert að meiru en hálfu, og aldrei hærri upphæð en þyrfti til að kaupa fullan lífeyri.

55. gr.

Nú á tryggður maður rétt til skaðabóta á hendur öðrum vegna slysa, og á hann þess þá kost að afsala sér skaðabótaréttinum til Lífeyrissjóðs Íslands, gegn því að hann fái greiddan lífeyri eftir ákvæðum þessara laga, enda fullnægi hann að öðru leyti þeim skilyrðum, sem í lögunum eru sett fyrir lífeyrisgreiðslum. Þó þarf hann aldrei að afsala sér hærri upphæð en nægja mundi til að kaupa fyrir fullan lífeyri.

Kjósi hann heldur að halda sjálfur skaðabótaréttinum, missir hann rétt til örorkulífeyris að nokkru leyti eða öllu, eftir úrskurði tryggingarstjórnar.

56. gr.

Þegar elli- og örorkutryggingar eru að fullu komnar til framkvæmda, nemur árlegur elli- og örorkulífeyrir því, sem hér segir:

1. Til hjóna, sem bæði eiga rétt til fulls lífeyris, greiðast 1125 kr. í Reykjavík, í öðrum kaupstöðum 750 kr. og annarsstaðar á landinu 450 kr.

   Sama gildir um ókvæntan mann, sem býr með ógiftri konu, ef hún hefir fætt honum barn, eða þau búið samvistum lengur en 18 mánuði.
2. Til einhleypinga, manns eða konu, og hjóna, ef aðeins annað þeirra fullnægir skilyrðum til að njóta lífeyris, greiðist í Reykjavík 750 kr., í öðrum kaupstöðum 500 kr. og annarsstaðar á landinu 300 kr.

Nú hefir maður, sem rétt á til lífeyris, dvalizt á þeim tíma, er hann greiddi iðgjöld, ýmist í Reykjavík, öðrum kaupstöðum eða annarsstaðar á landinu, og skal þá lífeyrisupphæð hans ákveðin í hlutfalli við þann tíma, sem hann hefir dvalið á hverjum stað og hvenær æfi sinnar, svo og þær lífeyrisupphæðir, sem ákveðnar eru fyrir hvert svæði samkvæmt 1. og 2. tölulið greinar þessarar.

57. gr.

Umsóknir um elli- og örorkulífeyri sendist til umboðsmanns Tryggingarstofnunar ríkisins á þeim stað, þar sem umsækjandi er heimilisfastur. Umsókninni skal fylgja skýrsla undirrituð af umsækjanda, ef unnt er, og í því formi, sem tryggingarstjórn ákveður, með upplýsingum um öll þau atriði, sem máli

skipta, þegar ákveða skal rétt umsækjanda til elli- eða örorkulífeyris. Auk þess skulu tveir menn, nákunnugir högum umsækjanda, undirskrifa yfirlýsingu um að upplýsingar þær, sem skýrslan hefir að geyma, séu sannleikanum samkvæmar. Umsókninni skal fylgja skírnarvottorð, og auk þess, þegar sótt er um örorkulífeyri, vottorð frá tryggingarlækni um heilbrigðisástand umsækjandans. Umboðsmaðurinn skal athuga vandlega allar umsóknir, sem honum berast, og ber honum að líta eftir, að skýrslurnar hafi að geyma þær upplýsingar, sem krafizt er, prófa sannleiksgildi þeirra og leiðrétta, ef rangar eru, og að því búnu senda umsóknirnar til Tryggingarstofnunar ríkisins, sem sker úr því, hvort umsækjandi eigi rétt á lífeyri og ákveður upphæð hans samkvæmt lögum þessum.

Skal úrskurður felldur innan 14 daga frá því að Tryggingarstofnun ríkisins barst umsóknin í hendur, nema brýn nauðsyn sé á að afla nýrra upplýsinga og þær fáist ekki í tæka tíð.

58. gr.

Sveitar- og bæjarstjórnir annast innheimtu þess hluta iðgjaldsins, sem um ræðir í 47. gr. 1. tölulið.

Sá hluti iðgjaldsins, sem um ræðir í 49. gr. 2. tölulið, innheimtist ásamt tekju- og eignarskatti. Bæjar- og sveitarfélög greiði iðgjöld samkvæmt 47. gr. 1. tölulið þeirra tryggingarskyldra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri.

59. gr.

Sveitar- og bæjarstjórnir skulu fyrir 1. febrúar ár hvert gera skrá yfir alla þá, sem eru heimilisfastir innan hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarfélags og í byrjun almanaksársins hafa náð 16 ára aldri, en yngri eru en 67 ára. Skráin skal greina nöfn, heimili, atvinnu, fæðingarár og dag allra þeirra, sem á hana eru færðir, og ennfremur upplýsingar um það, hvort nokkur, sem þar er talinn, hafi á síðastliðnu ári á undan verið undanþeginn iðgjaldagreiðslu.

Skráin sendist síðan hlutaðeigandi skattanefnd, í Reykjavík skattstjóra, sem rannsakar, hverjir af þeim, sem á skrána eru færðir, eru undanþegnir gjaldskyldu, og ákveður síðan, hve mikið hverjum gjaldskyldum ber að greiða í iðgjald samkvæmt 47. gr. 2. tölulið. Gjaldskráin sendist síðan lögreglustjórum, sem annast innheimtuna.

Afrit af gjaldskrá skal liggja frammi, almenningi til sýnis, samtímis skattskrám.

Kæra má til yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar eftir sömu reglum og gilda um kærur út af tekjuskatti.

60. gr.

Lífeyrissjóður embættismanna og ekkna þeirra, sbr. lög nr. 51 1921, og lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra, sbr. lög nr. 33 1921, skulu lagðir undir stjórn Tryggingarstofnunar ríkisins, og hvorum um sig haldið þar sérskildum. Þeir embættismenn og barnakennarar, sem nú greiða iðgjöld í sjóði þessa, skulu gera það framvegis eftir sömu reglum og áður, enda eru þeir og konur þeirra ekki tryggingarskyldir samkvæmt ákvæðum þessara laga um elli- og örorkulífeyri.

Heimilt skal þó hverjum embættismanni eða barnakennara, sem yngri er en 40 ára, þegar lög þessi taka gildi, að hætta iðgjaldagreiðslum til hlutaðeigandi lífeyrissjóðs, og er hann þá tryggingarskyldur hjá Lífeyrissjóði Íslands. Embættismaður eða barnakennari, sem notar heimild þessa, skal fá endurgreidd iðgjöld sín úr hlutaðeigandi sjóði, án vaxta.

Þeir embættismenn og barnakennarar, sem stöðu fá eftir að lög þessi öðlast gildi, eru tryggingarskyldir hjá Lífeyrissjóði Íslands. Þó er þeim, sem stöðu fær síðar, heimilt að losna við tryggingarskylduna með því að greiða iðgjöld til hinna sérstöku lífeyrissjóða, enda sé hann ekki yngri en 40 ára, þegar lög þessi öðlast gildi.

V. KAFLI

Atvinnuleysistryggingar

61. gr.

Félög manna, karla og kvenna, sem vinna daglaunavinnu, án tillits til starfsgreinar, svo og annara, sem vinna gegn launum við sömu eða svipuð störf, svo sem sjómenn, starfsmenn við iðju, iðnaðarmenn, verzlunarmenn, skrifstofumenn, starfsmenn við vöruflutninga á landi, starfsmenn við fólksflutninga á landi, þjónar og annað starfsfólk á veitingahúsum og önnur sambærileg félög, sem hafa myndað atvinnuleysissjóð innan félagsins, eiga rétt á staðfestingu atvinnumálaráðherra sjóðnum til handa og hlunnindum samkvæmt lögum þessum, ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem í lögum þessum greinir.

62. gr.

Markmið atvinnuleysissjóða má eingöngu vera að tryggja sjóðfélaga gegn atvinnuleysi, sem ekki stafar af þeim orsökum, sem um getur í 69. gr.

63. gr.

Skilyrði fyrir því, að atvinnuleysissjóður geti fengið staðfestingu ráðherra eru:

1. Að sjóðfélagar séu ekki færri en 50 og vinni að sömu eða svipaðri starfsgrein, eða eigi við svipuð vinnuskilyrði að búa.
2. Að félagið sé heimilisfast í einhverjum kaupstaðanna og sjóðfélagar allir búsettir í kaupstaðnum eða nágrenni hans. Í hverjum kaupstað um sig getur ekki nema einn atvinnuleysissjóður innan sömu starfsgreinar notið hlunninda samkvæmt lögum þessum, né fengið staðfestingu ráðherra.
3. Að samþykktir félagsins og starfstilhögun sé í samræmi við það, sem hér fer á eftir.

64. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins semur fyrirmynd að samþykktum handa atvinnuleysissjóðum.

Samþykktirnar skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingarstofnunar ríkisins. Á sama hátt skal fara um breytingar á samþykktum.

65. gr.

Enginn getur orðið sjóðfélagi eða haldið áfram að vera það, sem á eignir er nema meira en 5000 kr. fyrir einhleypan mann, og 10000 kr. fyrir hjón. Við ákvörðun eigna skulu ekki taldir innanstokksmunir, fatnaður og bækur.

Enginn getur orðið sjóðfélagi, sem er yngri en 16 ára né eldri en 67 ára.

Enginn getur verið sjóðfélagi samtímis í fleiri en einum sjóði.

66. gr.

Engum má neita um rétt til að gerast sjóðfélagi, sem fullnægir upptökuskilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

Rétt hafa menn til að gerast styrktarfélagar atvinnuleysissjóðs, þótt þeir fullnægi ekki þeim skilyrðum, sem gerð eru til sjóðfélaga. Greiða styrktarfélagar lágmarksgjöld til sjóðsins, eftir því sem ákveðið verður í samþykkt hans, en ekki hafa þeir rétt til styrks úr sjóðnum.

67. gr.

Í samþykktum skal ákveða árstillög sjóðfélaga og styrktarfélaga og hvernig þau greiðast. Sjóður félagsins skal ávaxtaður í sparisjóði, þannig, að sjóðurinn sé ávallt til í handbæru fé.

Einnig skal ákveðið í samþykkt um styrkveitingar úr sjóðnum. Veittur styrkur má aldrei nema meiru en ¾ af þeim launum, sem greidd eru í hlutaðeigandi starfsgrein á sama tíma.

68. gr.

Í samþykktum atvinnuleysissjóða skal ákveða, hve langur biðtími skuli líða til þess er sjóðfélagi á rétt til styrks, og má sá tími vera mismunandi langur, eftir því hver starfsgreinin er. Biðtími telst sá tími, sem sjóðfélagi hefir verið atvinnulaus á undanförnum 12 mánuðum, og sanna verður hann með vottorði vinnumiðlunarskrifstofu, að hún hafi ekki getað útvegað honum atvinnu á þeim tíma.

69. gr.

Staðfestur atvinnuleysissjóður má ekki veita atvinnuleysisstyrk:

1. Til manna, er þátt taka í verkfalli eða verkbann nær til.
2. Til þeirra manna, er njóta slysa-, sjúkra- eða örorkustyrks samkvæmt lögum þessum, eða eru á opinberu framfæri vegna langvarandi veikinda.
3. Til þeirra, sem misst hafa atvinnu af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á, svo sem vegna drykkjuskaparóreglu.
4. Til þeirra, sem sviptir eru frelsi sínu að opinberri tilhlutun.
5. Til þeirra, sem neita vinnu, er þeim býðst að tilhlutun vinnumiðlunarskrifstofu samkvæmt lögum um vinnumiðlun, þó því aðeins, að ekki hvíli verkfall eða verkbann á vinnunni, enda sé kaupgjald og vinnutími í samræmi við taxta, sem viðurkenndur er af verklýðsfélagi á staðnum.

70. gr.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjarsjóður greiða hvor um sig framlög til atvinnuleysissjóða ófaglærðra daglaunamanna og sjómanna, er nema árlega frá hvorum aðila 50 af hundraði greiddra iðgjalda sjóðfélaga.

Til annara atvinnuleysissjóða greiða ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjarsjóðir framlög, er miðast við atvinnuleysisstyrk þann, er sjóðirnir hafa úthlutað af framlögum sjóðfélaga. Nema framlög hvors aðila um sig því, sem hér segir:

Ef meðalvinnutekjur í starfsgrein sjóðfélaga nema árlega minnu en 3000 krónum, greiðast 25%. Ef tekjurnar eru yfir 3000 kr., en undir 4000 kr., greiðast 20%. Ef tekjurnar eru yfir 4000 kr., en undir 5000 kr., greiðast 15%.

71. gr.

Stjórn staðfests atvinnuleysissjóðs skal árlega senda Tryggingarstofnun ríkisins endurskoðaða reikninga sjóðsins, og skal tryggingarstofnunin hafa eftirlit með því, að sjóðirnir starfi lögum samkvæmt.

Hefir hún rétt til að krefjast skýrslna um allt, sem sjóðinn varðar og aðgang að skjölum hans og skilríkjum.

72. gr.

Sá, sem gerist sekur um svik gagnvart sjóðnum, hefir fyrirgert rétti sínum til þess að vera sjóðfélagi og til styrks úr sjóðnum. Sé um minni háttar yfirsjón að ræða, getur félagið þó heimilað honum félagsréttindi á ný. Svo getur félagið og ákveðið, að fyrir slíkar eða aðrar yfirsjónir skuli svipta mann, sem brotlegur hefir gerzt, styrk úr sjóðnum um tiltekinn tíma.

VI. KAFLI

Um ellilaun og örorkubætur.

73. gr.

Þar til Lífeyrissjóður Íslands greiðir 50% af fullum elli- og örorkulífeyri, greiðast ellilaun og örorkubætur samkvæmt fyrirmælum þeim, er hér fara á eftir.

74. gr.

Ellistyrktarsjóðir þeir, sem nú eru til, skulu ávaxtaðir á sama hátt og verið hefir. Þó skal fé þeirra, ef það verður handbært, flytjast í Lífeyrissjóð Íslands og ávaxtast þar.

75. gr.

Til örorkubóta og ellilauna skal árlega varið:

1. Árlegum vöxtum af ellistyrktarsjóðum.
2. Tillagi frá Lífeyrissjóði Íslands, eftir því sem ákveðið er í 77. gr.
3. Framlögum úr bæjar- og sveitarsjóðum eftir ákvörðun bæjar- og sveitarstjórna.

76. gr.

Til þess að gera lífeyrissjóðnum kleift að standa straum af framlögum samkvæmt 2. tölul. síðustu gr., skal ríkissjóður leggja honum árlega í næstu 50 ár 150 þúsund krónur.

77. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins skal reikna út í lok hvers árs, hve miklu árstillag lífeyrissjóðs samkvæmt 2. tölulið 75. gr. nemi.

Upphæðin er fundin á þann hátt sem hér segir:

Tryggingarstofnunin leggur til grundvallar síðustu skýrslur um tölu gamalmenna, yfir 67 ára, á öllu landinu. Árstillag lífeyrissjóðs fæst þá með því að margfalda tölu gamalmennanna með kr. 52,50, að frádreginni þeirri upphæð, sem úthlutað hefir verið á því ári af vöxtum ellistyrktarsjóðanna. Gildir regla þessi þangað til Lífeyrissjóður Íslands byrjar að greiða elli- og örorkulífeyri, sbr. 87. gr. Eftir þann tíma dregst auk þess, sem að framan getur, frá árstillagi lífeyrissjóðs helmingur af öllum lífeyrisgreiðslum á árinu.

78. gr.

Sveitar- og bæjarstjórnir auglýsa árlega í septembermánuði, að fram fari úthlutun á ellilaunum í umdæmum þeirra til 67 ára gamalla manna og eldri, og örorkubótum til þeirra, sem yngri eru.

Umsóknir skulu vera skriflegar, og skal þeim fylgja skýrsla um efnahag og ástæður umsækjanda, gefin af honum sjálfum, ef unnt er, og vottuð af tveim valinkunnum mönnum, sem vitað er, að vel er kunnugt um hag hans. Skýrslur þessar skulu vera á sérstökum eyðublöðum, er ráðuneytið lætur gera og sendir bæjar- og sveitarstjórnum.

Umsóknirnar skulu sendar hreppsnefnd í hreppum, en bæjarstjórnum í kaupstöðum eða framfærslunefndum, ef til eru.

Umsóknum um örorkubætur skal fylgja vottorð tryggingarlæknis eða héraðslæknis um heilsufar umsækjanda.

79. gr.

Þegar umsóknarfrestur er liðinn, skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir (framfærslunefndir) taka umsóknirnar til úrskurðar, og skal ákveða þeim gamalmennum ellilaun, sem að dómi sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar teljast hafa þeirra þörf, og jafnframt ákveða, hve há ellilaun skuli vera til hvers einstaklings. Skal reynt að stilla svo til, að gamalmenni, sem ellilauna nýtur, þurfi ekki jafnframt að leita framfærslustyrks.

Til greina við úthlutun koma öll gamalmenni sveitarinnar, sem náð hafa hinu tilskilda aldursmarki, og jafnt þau, sem áður hafa þegið sveitarstyrk, sem önnur.

Sömu reglur skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um úthlutun örorkubóta.

80. gr.

Þegar úthlutun ellilauna er lokið, skal senda Tryggingarstofnun ríkisins nákvæma skýrslu um úthlutunina, og í því formi, er hún ákveður.

Í skýrslunni skal tekið fram, hve mikill hluti af hinni úthlutuðu upphæð hafi verið vextir af ellistyrktarsjóði, og tiltekin upphæð sú, er úthlutuð hefir verið hverju gamalmenni.

81. gr.

Þegar tryggingarstofnunin hefir fengið skýrslur af öllu landinu, telur hún saman allan veittan styrk úr bæjar- og sveitarsjóðum. Reiknar tryggingarstofnunin síðan út hlutfallið milli þessarar upphæðar og árstillags lífeyrissjóðs, samkv. 77. gr. hér að framan. Greiðir hún því næst hverju bæjar- eða hreppsfélagi þá upphæð, sem því ber, í hlutfalli við þess eigin framlög, þó þannig, að framlag lífeyrissjóðs sé aldrei hærra en framlag bæjar- eða sveitarsjóðsins. Úthlutar svo bæjar- eða sveitarstjórn hlutaðeigandi gamalmennum og öryrkjum þessari upphæð í réttu hlutfalli við fyrri úthlutun.

VII. KAFLI

Ýms ákvæði.

82. gr.

Nú taka þessi lög eða lög, sem um opinbera framfærslu gilda, að öllu leyti að sér hlutverk sérstakra opinberra sjóða eða annara sjóða, sem ekki eru eign einstakra manna, svo sem ýmsra dánargjafasjóða, og skal þá engu að síður skylt að úthluta árlega úr sjóðnum jafnhárri upphæð og skipulagsskrá hans leggur fyrir eða heimilar að veita í því skyni. Skal upphæðin greidd til hlutaðeigandi tryggingarsjóðs eða þess sjóðs, sem hlutverkið hefir tekið að sér. Skylt er opinberum eftirlitsmönnum sjóða þessara að sjá um, að fyrirmælum þessum sé fylgt.

83. gr.

Auk þess sem gjaldendur eiga að greiða iðgjöld sín til sjúkrasamlaga og Lífeyrissjóðs Íslands hver fyrir sig, þá eru menn og skyldir til að leggja fram gjöldin fyrir aðra, eins og hér segir:

1. Hjón bera sameiginlega ábyrgð á iðgjöldum beggja meðan hjónabandinu er ekki slitið að lögum, enda séu þau til heimilis í sama hreppi.
2. Foreldrar og fósturforeldrar eiga að inna af hendi iðgjöld fyrir börn sín og uppeldisbörn, sem vinna hjá þeim, eru á þeirra vegum eða þeir kosta til náms.
3. Húsbændur greiða iðgjöld fyrir hjú sín og annað þjónustufólk.
4. Iðnaðarmenn greiða iðgjöld fyrir starfsmenn (iðnnema og sveina) sína.
5. Atvinnurekendur greiða iðgjöld fyrir fasta starfsmenn sína.

Þeir, sem þannig greiða gjöld fyrir aðra, hafa rétt til að halda gjaldinu eftir af kaupi þeirra.

84. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bóta- eða lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefir rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

85. gr.

Öll iðgjöld og önnur framlög til sjúkrasamlaga og tryggingarsjóða samkvæmt lögum þessum njóta forgangsréttar í dánar- og þrotabúum, samkvæmt

83. gr. b. 3. skiptalaganna frá 12. apríl 1878. Gjöldin hafa öll lögtaksrétt samkvæmt lögum nr. 29 16. des. 1885, og má taka þau lögtaki hjá gjaldanda og þeim, sem ábyrgð ber á greiðslunni, sbr. 83. gr.

86. gr.

Ákveða má í reglugerðum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, að brot gegn ákvæðum þeirra varði sektum, 50—1000 kr., er renni í sjóð hlutaðeigandi tryggingardeildar.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

87. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda jafnskjótt og þau öðlast gildi. Menn, sem þá eru orðnir fullra 60 ára, eru þó undanþegnir iðgjaldagreiðslu til Lífeyrissjóðs Íslands.

Lífeyrisgreiðslur hefjast þegar hinir tryggðu hafa með iðgjaldagreiðslum sínum eignazt rétt til 12½% af fullum lífeyri.

88. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1936. Falla þá jafnframt úr gildi:

Lög nr. 65 7. maí 1928, um samstjórn tryggingarstofnana landsins.

Lög nr. 72 8. sept. 1931, um slysatryggingar.

Lög nr. 103 19. júní 1933, um sjúkrasamlög.

Lög nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Lög nr. 68 19. júní 1933, um breyting á síðastnefndum lögum.

Öll önnur ákvæði laga, sem í bága fara við lög þessi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun atvinnumálaráðh. Það er samið af nefnd, er ráðh. skipaði til að gera tillögur í trygginga- og framfærslumálum, og fer greinargerðin, er fylgdi því frá nefndinni, hér á eftir:

Um síðastliðin áramót skipaði atvinnumálaráðherra 5 manna nefnd til þess að gera heildartillögur um tryggingarmál og opinbera framfærslu. Í nefndina voru skipaðir:

Sigfús Sigurhjartarson kennari, formaður nefndarinnar,
Þórður Eyjólfsson prófessor,
Páll Hermannsson alþingismaður,
Jónas Guðmundsson alþingismaður og
Brynjólfur Stefánsson framkvæmdarstjóri.

Sökum þess, að hraða þurfti verkinu sem mest, skipti nefndin með sér verkum þannig, að Jónas Guðmundsson og Páll Hermannsson tóku að sér samningu frumvarps um framfærslulöggjöf, en hinir þrír nefndarmennirnir unnu að frumvarpi um alþýðutryggingar. Jafnframt þessu aðstoðaði Vilmundur Jónsson landlæknir nefndina og samdi frumvarp til laga um styrkveit-

ingar til manna, sem haldnir eru af alvarlegum langvinnum sjúkdómum. Milli þessara nefndarhluta var þó stöðug samvinna, þannig, að úr starfi nefndarinnar kæmi uppkast að nokkurnveginn tæmandi heildarlöggjöf.

Frá þeim þremur nefndarmönnum, sem unnu að samningu tryggingafrv., fylgdi svolátandi

Umsögn.

Þær ráðstafanir, sem gerðar eru af hálfu hins opinbera með aðstoð löggjafarvaldsins til þess að tryggja það, að enginn einstaklingur þjóðfélagsins líði neyð vegna efnaleysis, eiga sér ekki langa sögu í heiminum. Það er á síðustu hálfu öldinni, sem menningarþjóðirnar hafa fyrir alvöru tekið sér fyrir hendur að leysa þau mál á skipulagsbundinn hátt, og eru flestar þeirra nú búnar að gera mjög víðtækar ráðstafanir í þessum efnum. Sú löggjöf, sem um þessi mál fjallar, alþýðulöggjöfin, skiptist eftir eðli sínu í tvo flokka, annarsvegar löggjöf um alþýðutryggingar og hinsvegar löggjöf um opinbera forsjá. Þó er ekki svo að skilja, að takmörkin milli þessara flokka séu föst og óhagganleg, enda eru þau misjafnlega sett í ýmsum löndum, en til samans mynda báðir flokkarnir eina heild, þannig, að annar tekur við þar, sem hinn hættir.

Nágrannaþjóðir vorar hafa allar síðustu áratugina verið að koma skipulagi á þessa löggjöf, hver hjá sér, og er langt frá því, að hægt sé að segja, að sú löggjöf hafi orðið til í einni svipan. Sú reynsla, sem smámsaman hefir fengizt, hefir gert fjölmargar breytingar æskilegar og nauðsynlegar, og valda því vitanlega meðfram hinar miklu breytingar, sem orðið hafa á fjárhagslífi og atvinnulífi þjóðanna á þessum tíma. Þær breytingar gera það að verkum, að alþýðulöggjöfin verður aldrei fullsmíðuð, en þó er það til ómetanlegs gagns fyrir oss að geta notað þá reynslu, sem aðrir hafa fengið, þegar vér byrjum að setja hliðstæða löggjöf hér á landi. Þykir því rétt að gefa allýtarlegt yfirlit yfir alþýðulöggjöfina í nágrannalöndum þeim, sem lengst eru komin, Svíþjóð, Danmörku, Englandi, Þýzkalandi og Hollandi. Er yfirlit þetta, sem samið er af Sverri Þorbjarnarsyni hagfræðing, í sérstöku fylgiskjali hér á eftir.

Hér á landi er alþýðulöggjöfin mjög skammt á veg komin. Eini vísirinn að alþýðutryggingum er slysatryggingin, en um sjúkratryggingar, elli- og örorkutryggingar og atvinnuleysistryggingar vantar alla löggjöf. Eins og þegar hefir verið minnzt á, er tryggingarlöggjöf þessi nátengd framfærslulöggjöfinni og löggjöf um opinbera forsjá, og er því erfitt að taka hana til meðferðar án þess að hinn hluti alþýðulöggjafarinnar sé athugaður um leið.

Í stjórnarskránni er svo fyrir mælt, að hver sá, sem eigi er fær um að sjá fyrir sér og sínum, skuli eiga rétt á sæmilegum framfærslueyri. Framkvæmdin á þessu fyrirmæli stjórnarskrárinnar hefir þó lengst af verið á þann veg, að neyðarúrræði hefir verið að þurfa að nota sér þennan rétt. Álitshnekkir og jafnvel missir mannréttinda hefir verið því samfara að þurfa að leita á náðir sveitarinnar og styrkurinn veittur eftir mati fátækrastjórnarinnar á verðleikum og þörf sveitarómagans. Þröngur fjárhagur sveitarfélaganna hefir leitt til þess, að styrkurinn væri af svo skornum skammti, sem frekast er unnt, og í mörgum tilfellum ekki getað talizt sæmilegur. Því verður að vísu ekki neitað,

að í einstökum tilfellum er ástæðan til styrkbeiðninnar sjálfskaparvíti eða svo vítavert fyrirhyggjuleysi, að það megi virðast réttmætt, þó að álitshnekkir og mannréttindamissir fylgi, en í langflestum tilfellum er þó ástæðan til þess, að styrkbeiðandinn getur ekki lengur séð fyrir sér og sínum, honum algerlega óviðráðanleg, svo sem t. d. þegar um slys, sjúkdóma, ómegð, örorku og elli er að ræða, og í þeim tilfellum er það mikilvægt mannúðar- og menningarmál, að svo sé um hnútana búið frá þjóðfélagsins hálfu, að hann og þeir, sem hann á fyrir að sjá, beri ekki allt of skarðan hlut frá borði. Í þessum flokki verður einnig að telja atvinnuleysið, sem á síðari árum er að verða þjóðfélaginu mesta vandamál hér eins og annarsstaðar, með hinum stórkostlegu breytingum á atvinnuháttum þjóðarinnar, sem eru einkenni áratuganna síðustu.

Með núverandi fyrirkomulagi koma framlög þess opinbera til þessara hluta mestmegnis fram í fátækraframfærslunni, þar sem öllum er gert jafnhátt undir höfði, hver svo sem ástæðan er til þess, að styrkbeiðandinn neyðist til þess að leita styrks. Undantekning eru einkum þau framlög, sem veitt eru samkvæmt berklavarnalögunum, og nokkur önnur. Auk þeirra annmarka á þessu fyrirkomulagi, sem þegar hafa verið taldir, er kvartað yfir því, að framfærslunni sé ábótavant og hún ófullnægjandi, og hvað sem um það kann að vera, er hitt víst, að fátækraframfærið er að sliga mörg bæjar- og sveitarfélög, og þau framlög, sem til þess þarf, fara vaxandi ár frá ári. Þörfin er því aðkallandi til þess að finna ráð við þeim göllum, sem núverandi fyrirkomulagi fylgja, og kemur þar varla nema eitt ráð til greina, og það er alþýðutryggingar samhliða tilsvarandi breytingum á fátækralöggjöf og lögum um opinbera forsjá.

Alþýðutryggingar eru í því fólgnar, ef haldið er hreinu tryggingarformi, að gera ráðstafanir til þess, að hver borgari þjóðfélagsins tryggi sig og þjóðfélagið gegn því að þurfa að leita á náðir þess af orsökum, sem hann getur tryggt sig fyrir gegn árlegu gjaldi, sem hverjum heilbrigðum vinnandi manni á að vera viðráðanlegt. Tryggingarstofnun ríkisins, sem frv. gerir ráð fyrir að verði stofnuð, gerir honum þetta kleift. Hún gerir honum kleift að tryggja sér ellilífeyri 500 kr. á ári frá 67 ára aldri, gegn árlegu gjaldi kr. 12,50 frá 16 til 67 ára, og ennfremur örorkulífeyri fyrir þann tíma allt að sömu upphæð, ef hann verður öryrki fyrr. Honum er því tryggður nokkur styrkur í ellinni, þó að honum takist ekki að safna miklu til elliáranna, og hann tryggir þjóðfélagið jafnframt fyrir því að þurfa að bera fjárhagslegar byrðar fyrir hann í ellinni. Tryggingarstofnun ríkisins gerir honum ennfremur kleift gegn föstu, tiltölulega lágu gjaldi, að tryggja sér læknishjálp, lyf og sjúkrahúsvist og dagpeninga til heimilis hans meðan veikindin standa, m. ö. o. kostnað, sem hæglega getur numið hundruðum og jafnvel þúsundum króna, og gæti að öðrum kosti orðið honum algert ofurefli og neytt hann til að flýja á náðir sveitarinnar.

Tryggingin er því báðum til hagsbóta, einstaklingnum og þjóðfélaginu, og það er auðsætt mál, að tryggingin hlýtur, þegar hún er komin í fullan gang, að létta mjög fátækraframfæri af því opinbera, eða gera því hægara að standast byrðarnar af þeirri opinberu forsjá, sem eftir verður og tryggingin nær ekki til. Hún leysir þannig af hendi tvö mikilvæg verkefni í þjóðfélaginu:

1. Verndar einstaklingana frá þeim fjárhagslegu vandræðum, sem leiðir af slysum, sjúkdómum eða öðru, sem tryggingin nær til.
2. Léttir af þjóðfélaginu þeim fjárhagsbyrðum, sem það annars yrði að bera af þessum sökum, að undanteknum þeim föstu, fyrirfram ákveðnu fjárframlögum, sem til tryggginganna kunna að renna af opinberu fé.

Auk þess má í þessu sambandi benda á þá þjóðhagslegu þýðingu, sem fjársöfnunin við lífeyrissjóðinn (ellitryggingarnar) hefir, og verður minnzt á það síðar.

Af þeim ástæðum, sem hér hafa verið taldar, getur það ekki orkað tvímælis, að alþýðutryggingar séu nauðsynlegar og æskilegar hér á landi eins og í öðrum löndum. Um hitt gætu frekar verið skiptar skoðanir, hvernig fjár skuli aflað til tryggginganna eða hver skuli bera iðgjaldabyrðarnar. Með hreinu tryggingarfyrirkomulagi ber hverjum einstakling að greiða þau iðgjöld, sem samsvara þeirri áhættu, sem tryggingarstofnunin ber fyrir hann, og æskilegast væri, að alþýðulöggjöfin væri svo fullkomin, að almannatryggingarnar tryggðu alla efnalitla einstaklinga þjóðfélagsins gegn slysum, sjúkdómum, elli, örorku og atvinnuleysi, en jafnframt væri með lögum um opinbera forsjá séð fyrir þeim, sem þjást af langvinnum sjúkdómum, munaðarlausum börnum, fyrirvinnulausum mæðrum með börn o. s. frv. Í því tilfelli væri hægt og sjálfsagt að halda hreinum tryggingargrundvelli, því iðgjaldskyldir til tryggingarstofnunarinnar væru þá aðeins fullhraustir vinnandi menn og konur, og iðgjöldin kæmu þá sem fastur fyrirfram ákveðinn gjaldaliður með öðrum lífsnauðsynjum, sem taka yrði tillit til við allar kaupákvarðanir.

Þeim hluta nefndarinnar, sem hefir haft tryggingarmálin til meðferðar, hefir þótt sú aðferðin eðlilegri og einfaldari að láta hvern einstakling greiða sín iðgjöld sjálfan, og telur það hafa nokkra þýðingu að því leyti, að þeim tryggðu sé það ljóst, að þau hlunnindi, sem tryggingin veitir þeim, sé greidd af þeim sjálfum, og þar af leiðandi þeirra óvefengjanlegur réttur og þurfi á engan hátt að skoðast sem styrkur eða opinber framfærsla þeim til handa. Hinsvegar hefir nefndin álitið rétt að heimila, að tryggingariðgjöldunum sé haldið eftir af vinnuveitanda, þar sem því verður við komið, en það er aðeins gert með það fyrir augum að létta innheimtuna.

Frumvarp það, sem nefndin leggur fram, nær yfir:

1. Slysatryggingar,
2. Sjúkratryggingar,
3. Elli- og örorkutryggingar,
4. Atvinnuleysistryggingar,
5. Ellilaun og örorkubætur.

Skal nú gefið stutt yfirlit yfir hverja af þessum tryggingargreinum um sig.

I. Slysatryggingar.

Frv. nefndarinnar er í aðalatriðum eins og slysatryggingalögin, sem nú gilda. Þó hefir nefndin gert á lögunum nokkrar breytingar til að samræma þau reglum þeim, sem fylgt er í hinum tryggingagreinunum, þannig t. d. að ör-

orkubætur þær, sem slysatryggingin greiðir, breytist í örorkulífeyri eftir sömu reglum, sem gilda um annan örorkulífeyri samkvæmt frv. Ennfremur hefir verið breytt ákvæðunum um sjúkrabætur til samræmis við tilsvarandi reglur samkv. frv. um sjúkratryggingar. Þá hafa loks verið gerðar nokkrar breytingar á lögunum eftir tillögu forstjóra slysatryggingarinnar um atriði, sem ekki hafa þótt nógu skýrt ákveðin í lögunum eða getað orkað tvímælis.

Engar af þessum breytingum breyta fjárhagsgrundvelli tryggingarinnar að neinu marki, svo að hann má heita óbreyttur frá því, sem nú er. Eru flestar greinar þessa kafla óbreyttar að orðalagi og efni.

II. Sjúkratryggingar.

Sjúkratryggingin er byggð á grundvelli sjúkrasamlaga. Sá grundvöllur er þekktur og reyndur svo að segja um allan heim. Sjúkrasamlag er í sinni upphaflegustu mynd félagsskapur manna, sem hafa komið sér saman um að tryggja sig í sameiningu gegn þeirri áhættu, sem af sjúkdómum þeirra leiðir. Þetta er gert með þeim hætti, að félagsmenn koma sér saman um að greiða árlega (mánaðarlega) tiltekna upphæð í sameiginlegan sjúkrasjóð. Úr sjóðnum greiðist svo, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum samlagsins, sá kostnaður, sem leiðir af sjúkdómum samlagsmanna, og í sumum tilfellum dagpeningar til hinna sjúku. Þau fríðindi, sem hinn tryggði öðlast með þessum hætti, eru fyrst og fremst í því fólgin, að hann jafnar þeirri áhættu, sem af sjúkdómum hans leiðir, niður á lengri tíma, eða með öðrum orðum, hann leggur fé til hliðar þegar heilsan er góð, sem hann nýtur, þegar sjúkdóm ber að höndum. Einnig ber þess að gæta í þessu sambandi, að gjöld til sjúkrasamlaga eru miðuð við það að standa straum af sjúkleika meðalhrausts manns. Reynslan verður því sú, að þeir, sem hraustir eru og lítið þurfa læknis með, bera nokkuð af sjúkdómsbyrðum þeirra, sem vanheilli eru, og er þetta í alla staði rétt og eðlilegt, og byggt á þeirri bræðralagshugsjón, sem síðað þjóðfélag á að byggjast á. Hinsvegar er það óhugsandi, að slíkur félagsskapur geti borið áhættuna af öllum sjúkdómum, hversu langvinnir sem þeir kunna að vera, og því er það, að hvert sjúkrasamlag ákveður hámarksveikindatíma, sem skyldur þess eru takmarkaðar við. Þegar sjúkdómarnir fara fram úr þeim tíma, verður hin opinbera forsjá að jafnaði að taka við framfæri hins sjúka að meira eða minna leyti.

Þjóðfélögin hafa fyrir löngu komið auga á það, hversu geysiviðtæk trygging felst í því fyrir þau, að sem flestir þegnar þeirra séu tryggðir í sjúkrasamlögum. Það er sem sé augljóst, að áhætta þjóðfélagsins af sjúkdómum þegnanna minnkar mjög mikið við það, að þeir tryggi sig þannig sjálfir.

Þetta hefir leitt til þess, að flest ríki, bæjar- og sveitarfélög leggja nú fram stórfé sjúkrasamlögunum til styrktar. En það hefir aftur leitt til þess, að hið opinbera gerir ýmsar kröfur til samlaganna. Kröfur þessar ganga allar í þá átt að skylda sjúkrasamlögin til sem víðtækastra trygginga, og að skylda sem flesta, helzt alla þá, sem þjóðfélagið telur nokkrar líkur til, að ekki séu færir um að standa straum af veikindum sínum, til þess að vera meðlimir þeirra. Þannig hafa Danir nú nýlega gengið inn á þá braut að skylda alla undantekn-

ingarlaust til þess að tryggja sig í sjúkrasamlögum. Hinsvegar hafa þeir takmarkað rétt manna til þess að njóta þeirra hlunninda, sem samlögin veita við ákveðið tekjuhámark. Þetta er rökstutt með því annarsvegar, að öllum beri að tryggja sig gegn þeim möguleika, að efnahagur þeirra verði þannig, að þeim verði erfitt eða ókleift að standa straum af sjúkdómum sínum. Hinsvegar er á það bent, að eðlilegt sé, að allir þegnar þjóðfélagsins taki þátt í því að byggja upp hina sameiginlegu sjúkratryggingu, og það engu að síður þótt efnahag þeirra sé þannig farið, að þeir séu færir um að standa straum af veikindum sínum og sinna. Í þessu frv. er tekinn upp háttur Dana og allir skyldaðir til að gjalda til sjúkrasamlaga, þar sem þau hafa verið stofnuð, og án tillits til efnahags, en rétturinn til að njóta hlunninda samlaganna er hinsvegar bundinn við, að árstekjur samlagsmanna fari ekki fram úr 4500 kr. skattskyldum. Í þessu sambandi kom fram í nefndinni sú tillaga, sem er til athugunar fyrir þá þingnefnd, sem væntanlega fær málið til meðferðar, að láta ekki tryggingarskylduna ná til annara en þeirra, sem hafa lægri árstekjur en nefndar voru, þ. e. 4500 kr. skattskyldar, en gefa þeim hinsvegar frjálsan rétt til tryggingar, er hærri tekjur hafa. Ennfremur að framlög frá ríkis- og bæjar- eða sveitarsjóði komi ekki á móti iðgjöldum þeirra samlagsmanna, sem hafa tekjur yfir vissu lágmarki, t. d. 2500 kr. skattskyldum, en þeir, sem hærri tekjur hafa, greiði þeim mun hærra ársiðgjald, sem ríkis- og bæjar- eða sveitarstyrknum nemur. Allir tryggingarskyldir nytu samkvæmt þessu sömu réttinda hjá sjúkrasamlaginu. Væri horfið að þessu ráði, mundi talsverður hluti af framlagi ríkis- og bæjar- eða sveitarsjóðs sparast.

Æskilegast hefði verið, að hægt væri að hverfa að því nú þegar að stofna sjúkrasamlög um allt land, með víðtækri tryggingarskyldu. En þegar þess er gætt, hversu litla reynslu þjóðin hefir í þessum málum, þótti rétt að takmarka skylduna til að stofna sjúkrasamlög við kaupstaðina. Þar er án efa þörfin brýnust fyrir slíkt starf, og ætti því mikið að vinnast við það, að stofnuð yrðu sjúkrasamlög í öllum kaupstöðum landsins.

Hinsvegar er sveitunum gefinn kostur á því að stofna sjúkrasamlög, er njóti hlunninda samkvæmt lögum þessum, ef meiri hluti kjósenda æskir þess, og er svo til ætlazt, að þau fríðindi, sem lögin gera ráð fyrir sjúkrasamlögum til handa, verði næg hvöt til þess, að þau verði stofnuð í náinni framtíð í flestum eða öllum sveitum landsins.

Sú reynsla, sem fengin er af starfi sjúkrasamlaga hér á landi, virðist benda til þess, að alllangt sé enn í land með það, að almenningur skilji sem vert væri nauðsyn sjúkrasamlaga. Það mundi því sennilega verða langt þess að bíða, ef haldið yrði áfram með frjáls sjúkrasamlög, að þátttaka í þeim yrði eins almenn og æskilegt væri, bæði vegna einstaklinganna og þjóðarheildarinnar. Þess vegna er lagt til, að horfið verði að því að gera tryggingarskylduna almenna, á sama hátt og gert hefir verið í Danmörku.

Um fjárhagshlið þessa máls er þetta að segja: Reynsla sú, sem fengin er af starfi sjúkrasamlaga hér á landi, er svo lítil, að erfitt er af henni að gera sér ljósa grein fyrir því, hversu mikið fé hvert samlag þarf að fá vegna hvers tryggingarskylds manns, ef samlagið á að fullnægja að minnsta kosti þeim lág-

Yfirlit yfir tekjur og gjöld Sjúkrasamlags Reykjavíkur að meðaltali á hluttækan samlagsmann.

	1922 kr.	1923 kr.	1924 kr.	1925 kr.	1926 kr.	1927 kr.	1928 kr.	1929 kr.	1930 kr.	1931 kr.	1932 kr.	1933 kr.
Tekjur												
1. Iðgjöld	39,36	37,30	36,94	37,61	36,25	36,02	35,15	35,99	34,23	37,75	42,65	45,07
2. Ríkisstyrkur	2,75	2,75	2,75	2,79	2,75	2,75	2,75	2,75	2,75	2,45	2,70	4,52
3. Bæjarstyrkur	4,80	4,99	4,76	4,42	4,75	6,43	5,96	4,99	4,17	7,69	7,26	6,44
4. Vextir	1,39	1,57	1,57	1,51	1,35	1,12	1,10	0,90	0,65	0,56	0,81	0,96
5. Ýmsar tekjur	4,18	3,10	3,96	2,59	0,17	0,30	2,09	1,45	0,95	0,20	»	0,06
6. Úr varasjóði o. fl.	»	»	»	»	»	»	»	»	»	4,08	2,04	»
7. Gjafir	»	»	»	»	»	»	»	»	»	5,21	»	»
Samtals	52,48	49,73	49 98	48,85	45,27	46,62	47,05	46,11	42,75	57,96	55,46	57,05
Gjöld												
1. Dagpeningar	1,70	2,14	2,13	2,82	2,84	1,64	1,84	2,07	1,81	1,91	1,49	1,25
2. Sængarkonur	0,95	1,26	0,90	1,00	1,26	0,94	0,93	0,96	0,98	0,70	0,72	1,06
3. Sjúkrahús	17,84	11,84	12,74	10,13	12,92	11,03	10,00	10,77	9,01	14,97	13,52	9,92
4. Læknar	19,63	19,48	21,11	21,00	22,52	22,88	21,48	24,29	25,35	26,86	24,30	21,26
5. Lyf	7,53	6,73	7,28	7,47	7,22	9,05	7,81	8,25	8,25	10,29	10,89	10,41
6. Nuddaðgerð	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	1,66
7. Hjúkrun	»	»	»	»	»	»	»	»	»	0,70	0,65	0,52
8. Skrifstofuvinna	1,84	1,98	2,12	1,92	2,24	2,10	1,82	2,42	2,36	2,32	2,07	2,05
9. Annar kostnaður	0,75	0,86	1,15	0,65	1,68	1,17	0,69	1,16	0,82	1,30	1,34	0,97
10. Umbúðir	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	0,20
Samtals	50,24	44,29	47,33	44,99	50,68	45,86	44,52	49,92	48,58	58,65	54,98	49,30

markskröfum um sjúkrahjálp, sem gera verður til samlagsmanna. Mesta reynslu hefir Sjúkrasamlag Reykjavíkur í þessum efnum. Hér að ofan er því birt skrá yfir tekjur og gjöld þessa samlags, miðað við hluttækan samlagsmann, það er að segja mann, sem er gjaldskyldur til samlagsins, og tekur skráin yfir 12 ár.

Af yfirliti þessu virðist mega ráða, að kostnaður á tryggingarskyldan mann þurfi ekki að fara langt fram úr 50 kr. á ári, þó að réttindi samlagsmanna yrðu aukin nokkuð frá því, sem nú er. Með því að gera tryggingarskylduna almenna, fást inn iðgjöld frá allmörgum efnamönnum, sem ekki koma til með að njóta friðinda frá samlaginu. Skýrslur liggja þó ekki fyrir um launaflokkana í landinu, þannig að hægt sé að vita með vissu, hversu margir slíkir menn eru, en það verður hinsvegar að teljast víst, að þetta leiði til þess að hægt verði að lækka meðaliðgjöld eitthvað, eða að auka réttindi hinna tryggðu. Þá er og sennilegt, að takast mætti að fá hagfelldari samninga

við sjúkrahús og lækna en til þessa hefir verið auðið fyrir Sjúkrasamlag Reykjavíkur.

Að öllu þessu athuguðu virðist því mega áætla, að sæmilega væri séð fyrir hag samlaganna, ef hver tryggingarskyldur maður í kaupstöðum greiddi þeim 3 kr. á mánuði eða 36 kr. á ári. Gegn því kæmi svo framlag hlutaðeigandi bæjarsjóðs og ríkissjóðs, sem hvort um sig mundi nema 9 kr., og yrðu þá tekjur samlagsins alls 54 kr. á tryggingarskyldan mann. Tala þeirra, sem í kaupstöðum búa og verða tryggingarskyldir samkvæmt frv., er um 30 þúsund. Yrði þá hámarksframlag ríkissjóðs vegna þessara manna því sem næst 270 þúsund krónur á ári.

Sú reynsla, sem fengin er af starfi sjúkrasamlaga í sveitum landsins, virðist benda til þess, að kostnaður við þau muni verða mun minni en við sjúkrasamlög kaupstaðanna. Frumv. gerir líka ráð fyrir, að sjúkrasamlög í sveitum greiði enga dagpeninga, og leiðir það til verulegs sparnaðar fyrir þau. Það mun láta nærri, að allur kostnaður á tryggingarskyldan mann í sveit verði um 30 kr., og yrðu þá framlög hinna tryggingarskyldu 20 kr. á ári, en sveitarfélög og ríki mundu leggja fram sem svarar 5 krónum hvort.

Hámarkstala þeirra, sem tryggingarskyldir mundu verða í sveitum, er því sem næst 40 þús. Yrði þá framlag ríkissjóðs vegna þessara sjúkrasamlaga hér um bil 200 þúsund krónur, eða fyrir allt landið 470 þúsund kr. Vitanlegt er, að sjúkrasamlög verða ekki stofnuð um allt land fyrr en að nokkrum árum liðnum, og verður því kostnaður ríkissjóðs miklu minni fyrstu árin.

Sjúkrasamlögin mundu hinsvegar létta allmiklum útgjöldum af ríkissjóði. Ber þar fyrst að nefna, að þau myndu annast kostnað þann, sem leiðir af framfærslu berklaveikra manna fyrstu 26 sjúkdómsvikurnar. Sú upphæð, sem þannig mundi sparast, nemur eftir því sem næst verður komizt ca. 150 þús. í kaupstöðum og allt að því öðru eins í sveitum, eða alls um 300 þús. kr.

Þá myndu og falla niður framlög ríkisins, sem greidd hafa verið til ýmsra sjúkrasjóða og sjúkrasamlaga, og hefir sú upphæð numið nú síðustu árin kringum 30 þúsund kr. á ári, sem að mestu hefir gengið til kaupstaðanna.

Aukinn kostnaður ríkissjóðs af sjúkratryggingunum mundi því verða sem næst: Í kaupstöðum ca. 90 þús. kr., í sveitum ca. 50 þús. kr., eða alls um 140 þús. kr. þegar tryggingarnar eru komnar til fullra framkvæmda.

Eins og áður hefir verið tekið fram, er hér um áætlunarupphæðir að ræða. En þær eru byggðar á svo sterkum líkum, að miklu getur ekki skeikað. Það, sem því liggur fyrir, er að gera sér ljóst, hvort einstaklingar, sveitarfélög og ríki eru þess megnug að leggja á sig þær fjárhagsbyrðar, sem þessu mundu fylgja, og hvort þeim er réttilega skipt milli þessara þriggja aðila.

III. Elli- og örorkutryggingar

Ellitryggingarnar hafa ýmissa orsaka vegna sérstöðu innan alþýðutrygginganna, og er sú tryggingagrein, sem liggur beinast fyrir. Eins og áður hefir verið minnzt á, er það aðalhlutverk alþýðutryggingganna að sjá um, að þær fjárhagsbyrðar, sem þær tryggja fyrir, verði ekki neinum borgara þjóðfélagsins ofurefli, og þetta hlutverk þurfa þær að leysa sem mest af eigin rammleik

þeirra tryggðu. Ef ríki, bæjar- og sveitarfélög væru nógu vel efnum búin, svo að þau gætu á fullnægjandi hátt séð fyrir öllum gamalmennum, sjúklingum, munaðarleysingjum og ekkjum og öllum þeim, sem vegna atvinnuleysis geta ekki útvegað sér og sínum brýnustu lífsnauðsynjar, þyrfti í rauninni engra trygginga við. Þá mætti með allsherjarlögum um opinbera forsjá leggja framfærslu allra, sem hennar þyrftu, yfir á ríkið, bæjar- og sveitarfélögin. En því meira sem á það skortir, að hið opinbera sé þess megnugt að leysa svo víðtækt hlutverk af hendi á viðunandi hátt, því brýnni verður þörfin á því að taka þær byrðar út úr, sem hverjum heilbrigðum vinnandi manni er kleift að sjá fyrir sjálfum, ef honum er gefinn þess kostur með hagfelldum alþýðutryggingum. Sú takmarkaða upphæð, sem hið opinbera getur varið til þess að standast þessar byrðar, koma þá þeim mun betur að notum á því þrengra sviði, sem eftir verður og ekki er hægt að sjá fyrir öðruvísi en með opinberri framfærslu.

Fjárframlög af hendi hins opinbera til trygginganna umfram brýnustu nauðsyn eru þess vegna því aðeins réttlætanleg, að hið opinbera hafi eftir nægilegt fé til að standast þá opinberu framfærslu, sem er óhjákvæmileg, og þeir, sem hennar þurfa, geta ekki tryggt sig fyrir, svo sem framfærslu vegna langvinnra veikinda, framfærslu munaðarlausra barna og fyrirvinnulausra mæðra, sem eiga fyrir börnum að sjá, framfærslu vegna atvinnuleysis framfærandans, ef svo mikil brögð eru að, að ekki verði ráðin bót á með atvinnuleysistryggingum o. s. frv.

Sú tryggingagrein, sem hægast er að framkvæma á hreinum tryggingagrundvelli, er elli- og örorkutryggingin. Á undan ellinni er meiri hluti mannsæfinnar liðinn, og hver maður, sem vill sjá sér farborða í ellinni, hefir því langt árabil til þess að gera þær ráðstafanir, sem með þarf til þess. Til þess að tryggja sér 500 kr. lífeyri á ári æfilangt frá 67 ára aldri, þarf t. d. ekki nema rúmlega 11 kr. árlegt gjald frá 16 til 67 ára aldurs. Fjárframlögin af hendi hins tryggða dreifast þannig yfir 50 ár og nema samtals ekki nema rúmlega eins árs lífeyri, en tryggja hinsvegar fullan lífeyri, hversu gamall sem maðurinn verður. Liggur þetta að nokkru leyti í ávöxtun iðgjaldanna, en þó mest í hinu, að það er ekki nema nokkur hluti þeirra, sem samtímis komast af bernskuskeiði, sem nær gamalsaldri, og renna til þeirra iðgjöld hinna, sem fyrr eru fallnir frá og þurfa aldrei fyrir ellidögunum að sjá.

Frv. gerir ráð fyrir, að allir séu skyldir að tryggja sér ellilífeyri. Kemur þetta til af því, hvað tryggingartíminn er langur. Þó að þrítugur eða fertugur maður sé vel efnum búinn, getur hann verið eignalaus, þegar elliárin koma, og þurft á ellilífeyrinum að halda, og er því sjálfsagt að skylda alla til að tryggja sér ellilífeyri.

Þá er í frv. gert ráð fyrir, að útborgun ellilífeyris byrji við 67 ára aldur. Er aldursmarkið sett svo hátt vegna þess, hve mikill munur er á ellilífeyrinum fyrir sama árgjald, ef hann byrjar ekki fyrr en þetta. Fyrir sama ársiðgjald sem gefur rétt á 100 kr. lífeyri frá 67 ára aldri, fæst ekki nema ca. 75 kr. lífeyrir, ef hann byrjar við 65 ár. Hinsvegar er það mögulegt, vegna þess að örorkulífeyrir er innifalinn, að veita lífeyri fyrir 67 ára aldur, ef maður er

Tekju- og eignarskattur árið 1933. (Tekjur 1932).

	Tekjuskattur						Eignarskattur				Skattur samtals
	Tala gjaldenda	Sjálfframteljendur	Nettótekjur	Frádráttur samkv. 13. gr.	Skattskyldar tekjur	Skattur alls	Tala gjaldenda	Sjálfframteljendur	Skuldlaus eign	Eignarskattur	
Reykjavík:			kr.	kr.	kr.	kr.			kr.	kr.	kr.
Einstaklingar ..	11499	9064	34994750	10963800	24030950	584692	1955	1886	54750500	102547	687239
Félög	102	90	948300	119700	828600	123135	64	61	5920500	19547	142682
Samtals	11601	9154	35943050	11083500	24859550	707827	2019	1947	60671000	122094	829921
Aðrir kaupstaðir											
Hafnarfjörður:											
Einstaklingar ..	844	695	2392873	923500	1455550	34805	157	142	2760800	3759	38564
Félög	6	5	55950	12000	43950	4172	7	6	517400	1497	5669
Ísafjörður:											
Einstaklingar ..	542	409	1502280	574500	919050	16126	100	84	1789500	2203	18329
Félög	5	5	15350	»	15350	924	5	5	225600	365	1289
Siglufjörður:											
Einstaklingar ..	615	514	1539537	614000	916000	16156	113	105	1896800	2135	18291
Félög	5	5	15500	»	15500	2086	3	3	39100	26	2112
Akureyri:											
Einstaklingar ..	1057	637	2765239	1027750	1724600	31166	265	196	6425400	12489	43655
Félög	8	4	101000	»	101000	5998	6	4	840000	2875	8873
Seyðisfjörður:											
Einstaklingar ..	254	224	524319	219000	300500	4290	50	49	799600	726	5016
Félög	1	1	5900	»	5900	295	3	3	32300	17	312
Neskaupstaður:											
Einstaklingar ..	256	142	583327	265000	315200	3971	42	30	1100300	2353	6324
Félög	5	4	11050	»	11050	772	2	2	36400	30	802
Vestmannaeyjar:											
Einstaklingar ..	680	465	1510167	668500	833500	11117	252	183	4043200	4032	15149
Félög	4	4	6400	»	6400	539	3	2	265500	533	1072
Samt. einstakl.	4248	3086	10817742	4292250	6464400	117631	979	789	18815600	27697	145328
Samt. félög	34	28	211150	12000	199150	14786	29	25	1956300	5343	20129
Alls	—	—	—	—	6663550	—	—	—	—	—	
Sýslur:											
Gullbr. og Kjósars.:											
Einstaklingar ..	1134	768	2297888	1079500	1200350	16527	231	191	4190300	5108	21635
Félög	15	4	21937	2228	19700	1188	10	2	124500	77	1265
Borgarfj.sýsla:											
Einstaklingar ..	502	424	859705	391750	461250	5967	175	158	2361900	2196	8163
Félög	3	3	10100	»	10100	505	2	2	25400	15	520
Mýrasýsla:											
Einstaklingar ..	277	225	343183	175500	163350	1528	123	115	1666000	1307	2835
Félög	»	»	»	»	»	»	2	2	74100	110	110
Snæf. og Hnappad.:											
Einstaklingar ..	367	205	513028	281250	227200	1954	91	78	985300	569	2523
Félög	1	1	1000	»	1000	60	1	1	8300	3	63
Dalasýsla:											
Einstaklingar ..	290	274	257533	156000	95850	809	72	71	897200	692	1501
Félög	1	1	2450	»	2450	147	1	1	12000	7	154
Barðastrandars.:											
Einstaklingar ..	421	217	625496	311000	309350	3542	70	58	949800	666	4208
Félög	»	»	»	»	»	»	3	3	331600	531	531

Tekju- og eignarskattur árið 1933. (Tekjur 1932), frh.

	Tekjuskattur						Eignarskattur				Skattur samtals
	Tala gjaldenda	Sjálf-framtelj endur	Nettótekjur	Frádráttur samkv. 13. gr.	Skattskyldar tekjur	Skattur alls	Tala gjaldenda	Sjálf-framtelj endur	Skuldlaus eign	Eignarskattur	
			kr.	kr.	kr.	kr.			kr.	kr.	kr.
Ísafjarðarsýslur:											
Einstaklingar .	1034	716	1441233	757250	668450	11926	145	138	1869200	1456	13382
Félög	5	5	19650		19650	1767	5	5	217300	430	2197
Strandasýsla:											
Einstaklingar .	168	151	173978	108500	62350	494	60	57	235800	481	975
Félög	4	2	9831	2570	7400	420					420
Húnavatnssýsla:											
Einstaklingar .	480	409	530253	305250	217100	1950	187	184	2538600	1948	3889
Félög	2	2	11600		11600	696	3	3	157900	273	969
Skagafjarðars.:											
Einstaklingar .	479	443	548236	326500	212800	1949	150	147	2171000	2047	3996
Félög	5	5	20500		20500	1284	4	4	169700	275	1559
Eyjafjarðarsýsla:											
Einstaklingar .	870	723	1137972	621750	500050	7201	217	191	3317200	3363	10564
Félög	3	2	25900		25900	2637	2	2	339400	1228	3865
Þingeyjarsýsla:											
Einstaklingar .	842	652	1037819	586000	437600	4292	226	210	2808100	2063	6355
Félög	2	1	900		900	54	3	3	287000	933	987
Norður-Múlas.:											
Einstaklingar .	655	551	659972	405500	242750	1728	88	86	1178300	956	2684
Félög	1	1	350		350	21	1	1	38200	47	68
Suður-Múlasýsla:											
Einstaklingar .	631	498	860980	485250	364450	3405	125	112	1613500	1198	4603
Félög	3	3	8050		8050	486	3	3	173400	340	826
Skaftafellssýslur:											
Einstaklingar .	403	346	532283	309000	215700	2002	132	131	1490400	955	2957
Félög	1	1	2800		2800	168	1	1	35100	41	209
Rangárvallas.:											
Einstaklingar .	625	555	662230	381250	268200	2025	185	180	2003300	1200	3225
Félög	2	2	5900		5900	354					354
Árnessýsla:											
Einstaklingar .	859	664	1152462	562250	574950	6235	250	232	3204300	2842	9077
Félög	1	1	17450		17450	1047	1	1	16500	12	1059
Sýslur: Einstakl.	10037	7821	13634251	7243500	6221750	73534	2577	2339	33980200	29047	102581
Félög	49	34	158418	4798	153750	10834	42	34	2010400	4322	15156
Samtals					6375500						
1932 allt landið:											
Einstaklingar	25784	19971	59446743	22509550	36717100	775857	5461	5012	107546300	159291	935148
Félög	185	152	1317868	136498	1181500	148755	135	120	9887200	29212	177967
Samtals					37898600						

orðinn óvinnufær fyrir þann tíma, svo að það ætti ekki að koma mjög að sök, þó aldurstakmarkið sé þetta hátt.

Iðgjaldagreiðslan byrjar skv. frv. við 16 ára aldur. Áleit nefndin rétt að láta iðgjaldagreiðsluna byrja svo snemma, sökum þess að einnar krónu iðgjald er þeim mun drýgra, því yngri sem maðurinn er, þegar það er greitt. Hins-

vegar eru, eins og skýrt verður frá hér á eftir, gerðar ráðstafanir til þess að ekki þurfi að greiða fullt ársiðgjald, þegar menn eiga erfitt með það, og léttir það undir með þeim, sem ekki vinna sér neitt inn, t. d. unglingum við nám.

Einnig er forsjálum mönnum, sem á beztu árum æfi sinnar eiga ef til vill auðvelt með greiðslur, heimilað að greiða iðgjöld sín fyrirfram að nokkru leyti eða öllu og létta þar með fyrir sér eða leysa sig undan greiðslum síðar, sem þeim kynnu að vera erfiðari eða um megn.

Ákvörðun aldursmarks og þess tíma, sem iðgjaldagreiðslan nær yfir, er eins og hér hefir verið sagt, sett með það fyrir augum að fá svo háan lífeyri, sem mögulegt er fyrir svo lágt árgjald sem unnt er, en þó verður því ekki neitað, að aðstaðan til þess að greiða þetta ársiðgjald er mjög misjöfn. Eins og atvinnuháttum og peningaviðskiptum er háttað nú, er mjög misjöfn aðstaða fyrir einstaklinginn til að greiða sömu upphæð á ári, þó lítil sé, eftir því hvort hann er búsettur í sveit eða kaupstöðum eða í Reykjavík, enda mundi líka sama lífeyrisupphæð hafa mjög mismunandi notagildi, eftir því hvar lífeyririnn er notaður. Þá má ennfremur gera ráð fyrir því, að greiðsla ársiðgjaldsins sé hverjum einstakling misjafnlega þungbær byrði, eftir því, hvernig ástæðum hans er háttað á því 51 árs tímabili, sem iðgjaldagreiðslan nær yfir. Á þessu tímabili eru ef til vill ár, þegar hann er með mörg börn í ómegð og er lítt aflögufær, og önnur ár, þegar hann gæti sér að meinalitlu lagt meira til hliðar til ellinnar.

Til þess að taka tillit til þessa, var sú leið valin að ákveða fast lágmarksiðgjald, 6 kr. utan kaupstaða og 7 kr. í kaupstöðum og Reykjavík, en fá afgang ársiðgjaldsins sem hluta (einn af hundraði) af skattskyldum tekjum hvers einstaklings. Framtalið 1932 var lagt til grundvallar við útreikning þessa síðari hluta iðgjaldanna, sjá bls. 33.

Samkvæmt manntalinu 1930 var skipting iðgjaldagreiðenda þannig:

Sveitir og verzlunarst.	Kaupstaðir	Rvík
35300	10800	18400

Samkvæmt þessari skiptingu má vænta þessara heildariðgjalda:

	Sveitir og verzlunarst.	Kaupstaðir	Rvík
Lágmarksiðgjöld	211800	75600	128800
1% af skattsk. tekjum .	62200	64600	240300
	274000	140200	369100

Þessi tekjuöflun gefur meðaliðgjald á mann sem hér segir:

Sveitir og verzlunarst.	Kaupstaðir	Rvík
7,76	12,98	20,06

Nú hefir verið reiknað með því að 100 kr. lífeyrir, að örorkulífeyri viðbættum, kosti kr. 2,50 ársiðgjald frá 16—67 ára, ef jafnframt er gert ráð fyrir, að hjón, sem búa samvistum, fái 50% hærri lífeyri en einstaklingur, og ættu þá þessi iðgjöld að nægja fyrir lífeyri, sem nemur:

Línurit, sem sýnir hvaða lífeyrisupphæð fæst fyrir iðgjaldagreiðslur þeirra, sem eldri eru en 15 ára við stofnun lífeyrissjóðs.



í sveitum og verzl.st.	í kaupstöðum	í Rvík
kr. 300 f. einst.	kr. 500 f. einst.	kr. 750 f. einst.
— 450 — hjón	— 750 — hjón	— 1125 — hjón

og eru það þær upphæðir, sem frv. gerir ráð fyrir. Að vísu verður Reykjavík lítið eitt útundan, en þar nemur líka sá hluti teknanna, sem ekki er fastur, mestu, og er þar af leiðandi mest háður sveiflum frá ári til árs.

Meðaliðgjald það, sem fæst fyrir allt landið, nemur með þessu móti kr. 11,60.

Til þess að finna, hvaða meðallífeyri á öllu landinu þetta fyrirkomulag mundi veita, verður að taka tillit til þess hvernig gamalmennin skiptast. Skv. manntalinu 1930 er skiptingin þannig:

	Sveitir og verzl.st.	Kaupst.	Rvík
Eldri en 67 ára	4500	900	1400
Fullur ellilífeyrir	1350000	450000	1050000

og yrði þá meðalellilífeyrir tæpar 420 kr., eins og skiptingin er nú.

Gjaldskyldan til tryggginganna og þar af leiðandi lífeyrisupphæðin líka eru þannig mjög misjafnar í sveitum, kaupstöðum og Reykjavík. Nú má í mörgum tilfellum gera ráð fyrir, að einstaklingur, sem rétt fær til lífeyris, hafi á æfinni dvalið bæði í sveit og kaupstöðum og Reykjavík, og er þá gert ráð fyrir, að lífeyririnn ákveðist þannig, að tillit sé tekið til þess, hve lengi hann hefir dvalið á hverjum þessara staða sem iðgjaldsgreiðandi.

Frv. gerir ráð fyrir því, að við stofnun Lífeyrissjóðs Íslands verði allir iðgjaldaskyldir, sem eru þá á aldrinum 16—60 ára, og að iðgjaldaskylda þeirra haldi áfram til 67 ára aldurs. Fullan lífeyrisrétt geta því ekki aðrir verið búnir að eignast af iðgjaldagreiðslum sínum en þeir, sem 16 ára eru þegar tryggingin byrjar, og svo vitanlega allir yngri árgangar, sem við bætast eftir því, sem tímar líða. Maður, sem t. d. er 40 ára þegar tryggingin byrjar, hefir engin iðgjöld greitt frá 16—40 ára aldurs og eignast því ekki rétt á fullum lífeyri. Fyrir þau iðgjöld, sem hann greiðir eftir þann tíma, fær hann rétt til 23% af fullum lífeyri o. s. frv. Réttur inn til lífeyris fyrir þá árganga, sem ganga inn í tryggginguna við byrjun, er sýndur á línuritinu á bls. 652.

Þeir, sem eru á aldrinum 60—67 ára þegar tryggingin byrjar, verða alls ekki með í tryggingunni. Er það ákvæði fyrst og fremst sett vegna þess, að sá hluti lífeyrisins, sem þeir gætu eignazt rétt á, er alveg hverfandi lítill, þó að þeir væru gerðir iðgjaldaskyldir, og í öðru lagi er ákvæðið sett með tilliti til þess, að aldursmarkið fyrir greiðsluskyldu til ellistyrktarsjóðanna gömlu var 60 ár, og þótti því óviðfelldið að fara að gera þá iðgjaldaskylda aftur, sem voru orðnir iðgjaldafrjálsir samkvæmt því.

Það er vitanlega ljóst, að með þessu móti líður langur tími þangað til lífeyrissjóðurinn greiðir elli- og örorkulífeyri, sem sé nægilegur framfærslueyrir fyrir þá, sem engar aðrar tekjur eða efni hafa. En þetta er óumflýjanlegt og er aðeins bein afleiðing af þeirri staðreynd, að við stofnun sjóðsins er þjóðin ótryggð og að það hlýtur að taka nokkurt árabil þangað til hún er búin með iðgjöldum sínum að safna ellilífeyri fyrir hvern einstakling. Þeir, sem eru yfir

sextugt, eru orðnir svo gamlir, að þeir geta ekki með því lága ársiðgjaldi, sem frv. gerir ráð fyrir, safnað lífeyri sem neinu nemur, en síðan smávex lífeyrisupphæðin eftir því sem árgangarnir eru yngri, þegar sjóðurinn er myndaður. Fyrir því gamla fólki, sem ekki kemst með í tryggginguna, verður því að sjá með opinberri forsjá eftir því sem þörf krefur, eins og verið hefir fram til þessa. Sá ókostur hlýtur alltaf að fylgja, hvenær sem byrjað verður, og mætti eins vel segja, að hann stafi af því, að ekki hefir verið byrjað fyrr. Verður að harma það, að lífeyrissjóður eins og sá, sem frv. gerir ráð fyrir, skuli ekki hafa verið myndaður strax eftir aldamótin, því eins og afkomu þjóðarinnar hefir verið háttað þann tíma, hefði iðgjaldagreiðslan ekki verið tilfinnanleg byrði, en þá væru lífeyrisgreiðslurnar komnar svo að segja í fullan gang nú.

Sú leið væri hugsanleg að koma ellitryggingarmálum þannig fyrir, að hafa enga sjóðmyndun, en afla ellilífeyrisins á annan hátt, t. d. þannig, að þeir, sem eru á aldrinum 16—67 ára, greiddu lífeyrinn til gamalmennanna, sem eldri eru, og fengju svo á sínum tíma sinn ellilífeyri greiddan af þeim, sem þá verða ungir o. s. frv. Við þetta ynnist það, að fullar lífeyrisgreiðslur byrjuðu strax, en árlega eyddist það, sem inn kæmi. Nefndin taldi þó ekki fært að fara inn á neinar slíkar leiðir, vegna þess, að sá hagnaður, sem við það ynnist í svipinn, yrði of mjög á kostnað framtíðarinnar, ungu kynslóðarinnar, sem nú er, og þeirra, sem síðar koma. Með fyrirkomulagi því, sem frv. gerir ráð fyrir, fæst fyrir 11,60 kr. meðalársiðgjald á aldrinum 16—66 ára, ellilífeyrir, sem nemur að meðaltali 420 kr. frá 67 ára aldri, og auk þess örorkulífeyrir fyrir þann tíma, og er gert ráð fyrir, að rúml. 10% af iðgjaldinu fari til hans. Skv. manntalinu 1930 voru ca. 6800 gamalmenni á landinu eldri en 67 ára og ca. 64500 einstaklingar á aldrinum 16—66. Sé tekið tillit til öryrkjanna, má þá gera ráð fyrir 7500 lífeyrisnjótendum og tæpum 64000 gjaldendum. Árlegur lífeyrir, miðað við 420 kr. meðaltal, næmi þá alls kr. 3150000, og yrði þá meðal ársgreiðsla á hvern gjaldanda frá 16—66 ára tæpar 50 kr., eða meira en ferfalt iðgjald það, sem þarf skv. fyrirkomulagi frv. Svo geysimikla þýðingu hefir sjóðmyndunin fyrir tryggginguna.

Þá er annað mjög mikilvægt atriði í þessu sambandi, sem ekki má ganga framhjá, en það er sú þjóðhagslega þýðing, sem sjóðmyndunin hefir að öðru leyti. Eins og sést á eftirfarandi yfirliti mundi þurfa sjóð, sem næmi fullum 57 millj. króna, til þess að allir núlifandi Íslendingar gætu fengið fullan ellilífeyri frá 67 ára aldri til æfiloka og örorkulífeyri, og er það sú upphæð, sem lífeyrissjóðurinn mundi nema nú, ef hann hefði verið stofnaður fyrir svo löngum tíma, að hann væri nú kominn í fullan gang. Með tíð og tíma á því Lífeyrissjóður Íslands að vaxa upp í þessa upphæð, og raunar þeim mun hærri, sem til þess svarar að þjóðinni fjölgar. Fyrir milljónaþjóðir, sem fyrir löngu eru búnar að eignast stórkostlega lífeyrissjóði fyrir tilstilli líftryggingarstarfsemi í landinu (en hún verkar að þessu leyti á mjög svipaðan hátt), getur slík sjóðmyndun verið varhugaverð að því leyti, að ekki sé til eðlilegur markaður í landinu fyrir svo stóra sjóði og því erfitt að ávaxta þá, en hér á landi kemur slíkt ekki til greina í náinni framtíð. Allt það lánsfé, sem þurft hefir til að standa undir framkvæmdum síðustu áratugina, hefir að langmestu leyti verið

Yfirlit.

Aldur	Fjöldi 1930	Verð ellilífeyris	Þar af greiðast með iðgj.	Afgangur	Uppbót í 25 %	Uppbót í 12½ %	Uppbót í 10 %
16—19	8500	1320800	1268600	52200	»	»	»
20—24	10116	2002800	1537700	465100	»	»	»
25—29	9207	2402400	1337000	1065400	»	»	»
30—34	8389	2861900	1120500	1741400	»	»	»
35—39	7750	3475300	967700	2507600	7600	»	»
40—44	7299	4316200	824000	3492200	55100	»	»
45—49	5528	4386100	567800	3818300	528700	»	»
50—54	4759	4890100	395900	4494200	826600	215400	93100
55—59	4482	6319800	298500	6021300	1281500	491500	333500
60—64	3893	7502800	»	7502800	1875700	937900	750300
65—67	1991	5137600	»	5137600	1284400	642200	513800
68—69	1518	3893900	»	3893900	973500	486700	389400
70—74	3279	6896000	»	6896000	1724000	862000	689600
75—79	2231	3225500	»	3225500	806400	403200	322500
80—84	1615	1452600	»	1452600	363100	181600	145300
85—89	791	409500	»	409500	102400	51200	41000
90—94	318	67200	»	67200	16800	8400	6700
95—99	62	5000	»	5000	1300	600	500
	81818	60565500	8317700	52247800	9947100	4280700	3285700

sótt til útlanda, og vextir af því nema nú orðið sjálfsagt einum 5 milljónum króna á ári, og eru orðnir mjög iskyggilegur skattur, sem vér verðum að greiða öðrum þjóðum. Og þó virðist lánsþörfinni langt frá fullnægt. Það er því fyrirsjáanlegt, að ef þjóðinni á að takast að losna undan þessum skatti, á hún það erfiða verk fyrir höndum næstu áratugina að greiða upp skuldirnar án þess að bæta við nýjum erlendum lántökum. En samfara því er fyrirsjáanlegur skortur á fjármagni til að standa undir nýjum nauðsynlegum framkvæmdum, og þeirri þörf fyrir fjármagn er varla hægt að hugsa sér fullnægt á annan æskilegri hátt en með sjóðmyndun eins og þeirri, sem yrði við myndun Lífeyrissjóðs Íslands.

Sökum þess hve langur tími líður þangað til lífeyrissjóðurinn getur til fulls leyst af hendi það hlutverk, sem honum er ætlað, verður óhjákvæmilegt að gera sérstakar ráðstafanir til bráðabirgða um ellilaun til þeirra, sem orðnir eru of gamlir til að tryggja sér ellilífeyri, en hafa hans þörf. Verður það ekki gert á annan hátt en með beinum framlögum frá ríki og bæjar- og sveitarfélögum. Til þess að gera sér grein fyrir, hvað til þess þarf, er bezt að fá sundurliðun á því, hvaða framlag þyrfti til þess að tryggja öllum fullan lífeyri, og

Ellistyrktarsjóðir 1932.

	Eignir í ársbyrjun	Tekjur						Gjöld				Eignir í árslok
		Vextir	Gjaldendur: Karlar	Gjaldendur: Konur	Gjald	Tillag ríkis	Aðrar tekjur	Styrkur: Styrkþ.	Styrkur: Fjárhæð	Innh.laun	Önnur gjöld	
	kr.	kr.			kr.	kr.	kr.		kr.	kr.	kr.	kr.
Reykjavík	201503	11565	5222	6725	17169	14916	13	757	27245	344	»	217577
Aðrir kaupstaðir												
Hafnarfjörður	—	1409	792	782	2366	1574	130	132	3069	47	954	25706
Ísafjörður	—	3107	542	546	1630	1088	5	66	2336	33	1321	28683
Siglufjörður	—	841	565	514	1606	1060	»	70	2022	32	»	16382
Akureyri	—	1762	932	946	2810	1878	980	145	3600	56	1844	32765
Seyðisfjörður	—	772	212	208	632	420	»	44	999	13	13	14054
Neskaupstaður	—	616	267	240	774	507	1502	»	963	15	»	10071
Vestmannaeyjar	—	1760	741	786	2268	1527	»	90	3000	45	»	33181
Samtals	149180	10267	4051	4022	12086	8054	2617	»	15989	241	4132	161842
Sýslur												
Gullbr.- og Kjósarsýsla	—	3186	1080	950	3110	2030	574	120	4858	61	566	63958
Borgarfjarðarsýsla	—	2460	656	595	1887	1241	»	76	3108	38	5	44312
Mýrasýsla	—	1918	486	426	1398	912	»	41	2202	28	4	34925
Snæf.n. og Hnappad.s.	—	3777	815	658	2288	1473	182	103	4120	46	430	67070
Dalasýsla	—	2128	397	388	1182	785	»	33	2194	24	18	38670
Barðastrandarsýsla	—	2862	703	666	2072	1359	»	»	3095	42	22	51965
Ísafjarðarsýslur	—	11012	1302	1192	3798	2493	1210	179	6266	76	1830	102215
Strandasýsla	—	1687	439	353	1231	987	32	47	1673	25	266	30426
Húnavatnssýslur	—	3696	970	903	2843	1873	»	86	4617	57	44	66806
Skagafjarðarsýsla	—	3678	909	867	2685	1776	7	139	4440	54	75	66081
Eyjafjarðarsýsla	—	3871	1211	1059	3482	2271	»	140	5230	70	443	70371
Þingeyjarsýslur	—	5042	1419	1283	4121	2702	»	170	6426	82	17	91262
Norður-Múlasýsla	—	2914	660	567	1887	1227	»	70	3265	38	37	52567
Suður-Múlasýsla	—	3882	1042	907	2991	1957	2250	»	4799	52	2223	69799
Skaftafellssýslur	—	2772	741	667	2149	1408	»	68	3465	43	36	50647
Rangárvallasýsla	—	3590	889	843	2621	1732	181	94	4359	53	26	66807
Árnessýsla	—	5644	1197	1084	3478	2281	»	124	5200	70	72	102056
Samtals	1005927	64119	14916	13408	43223	28507	4451	»	69317	859	6114	1069737
Allt landið	1356610	85951	24189	24155	72478	51477	7081	»	112551	1444	10246	1449156

hve mikill hluti þeirrar upphæðar fæst með iðgjaldagreiðslum einstaklinganna. Er það sýnt í yfirlitinu á bls. 655.

Yfirlit þetta er byggt á manntalinu 1930 með þeim breytingum, sem vænta má að hafi orðið á því þangað til í árslok 1935.

Eftir þessu yfirliti má reikna kostnaðinn af hverri tillögu sem er. Tillögur nefndarinnar eru teknar í sérstökum kafla um ellilaun og örorkubætur. Er þar gert ráð fyrir, að ellilaun verði greidd eftir efnum og ástæðum fyrst um sinn og þangað til almennur ellilífeyrir er kominn upp í 12½% af fullum upphæðum. Eftir þann tíma fer almenn lífeyrisgreiðsla fram, en auk þess uppbætur,

sem nema 12½% að frádregnum helmingi þess lífeyris, sem er greiddur út. Á móti þessum framlögum lífeyrissjóðs komi að minnsta kosti jöfn upphæð frá því bæjar- eða sveitarfélagi, þar sem hlutaðeigandi maður á framfærslurétt, og má þá gera ráð fyrir, að lífeyrissjóðsframlagið komi fyrst og fremst fram sem lækkun á fátækraframfærslu til gamalmenna bæjar- og sveitarfélaganna. Ef gert er ráð fyrir, að helmingur gamalmennanna sé svo efnum búinn, að hann geti séð fyrir sér sjálfur eða eigi aðstandendur, sem geti séð fyrir honum, er með þessu móti tryggt að þau gamalmenni, sem þess þurfa, fái ellilaun, sem nema a. m. k. 50% af fullum lífeyri. Þó er gert ráð fyrir, að ríkissjóður haldi lífeyrissjóði skaðlausum af þessum framlögum. Þarf til þess upphæð, sem nemur ca. 4.28 millj. króna fram til þess tíma, þegar almennar lífeyrisgreiðslur hefjast, og ca. 450 þús. kr. fyrir þær uppbætur, sem greiðast eiga úr lífeyrissjóði eftir þann tíma. Af þessari upphæð gengur fyrst sú upphæð frá, sem (sbr. yfirlitið) ellistyrktarsjóðirnir nema nú, en það er ca. 1,75 millj., miðað við árslok 1934, þar sem gert er ráð fyrir, að þeir renni á sínum tíma yfir til lífeyrissjóðs, og eru þá eftir tæpar 3 millj. kr. Þá upphæð hugsar nefndin sér að ríkið fái að láni hjá lífeyrissjóði og endurgreiði með 4½% ársvöxtum á 50 árum. Þarf til þess ársgreiðslu frá ríkissjóði til lífeyrissjóðs, sem nemur 150000 kr. Þess ber að gæta, að framlag ríkisins til ellistyrktarsjóðanna nemur nú ca. 75 þús. kr. á ári, en fellur niður, ef frv. verður að lögum.

IV. Atvinnuleysistryggingar

Um atvinnuleysistryggingar liggur engin reynsla fyrir hér á landi. Sá kostur var því tekinn, að taka til fyrirmyndar það fyrirkomulag, sem Danir og Svíar og fleiri þjóðir hafa hallazt að, en það er í því fólgið að styrkja atvinnuleysissjóði stéttarfélaganna af almannafé.

Það er ljóst, að þetta er á engan hátt fullnægjandi til þess að vinna bug á atvinnuleysisbölinu. Eftir sem áður verður að vinna að því að auka atvinnulífið í landinu, þannig, að varanlegt atvinnuleysi hverfi úr sögunni. Það er sem sé augljóst, að atvinnuleysið, sem er orðið varanlegt frá ári til árs, verður ekki læknað með tryggingum. Hlutverk tryggingarinnar er það fyrst og fremst, að tryggja verkamenn gegn því atvinnuleysi, sem stafar af árlegum sveiflum innan atvinnulífsins. Hitt verður að vera viðfangsefni ríkis, bæjarfélaga og einstakra atvinnurekenda að sjá svo til, að atvinnulífið í landinu aukist í réttu hlutfalli við fjölgun þjóðarinnar, þannig, að varanlegt atvinnuleysi verði ekki til. Það er sanngjarnt og eðlilegt, að laun verkamanna séu við það miðuð, að þeim sé kleift með aðstoð hins opinbera að tryggja sig gegn því atvinnuleysi, sem ekki getur talizt að vera langvarandi, en stafar aðeins af sveiflum innan atvinnulífsins.

Ekki er auðið að gera sér fulla grein fyrir því, hvað slíkar tryggingar mundu kosta. Til þess vantar allar hagfræðilegar upplýsingar. En á það má benda, að félagsbundnir verkamenn munu vera því sem næst 10 þúsund. Ekki þykir sennilegt, að þeir legðu fram meira en sem svaraði 12 krónum á mann í atvinnuleysissjóði árlega, eða 120 þúsund alls. Framlög ríkis- og bæjarsjóðs yrðu þá 60 þúsund frá hvorum aðila. Einhver framlög myndu svo bæt-

ast við vegna atvinnuleysissjóða faglærðra manna. En ekki þykir sennilegt, að þessi upphæð yrði öllu meiri en sem svaraði 15 þúsundum á ári. Yrðu þá framlög ríkisins alls í þessu skyni 75 þúsund kr. árlega. Það ber að taka skýrt fram í þessu sambandi, að ekki má við því búast, að framlög til atvinnubóta minnki sem þessu nemur, nema því aðeins, að atvinna í landinu aukist almennt.

Yfirlit.

Sá heildarkostnaðarauki, sem af framkvæmd tryggingarnna mundi leiða fyrir ríkið á fyrsta ári, yrði eftir því, sem næst verður komizt, þessi:

Vegna sjúkrasamlaga (í kaupstöðum)	90	þús. kr.
Vegna ellilauna og örorkubóta	75	— —
Vegna atvinnuleysistrygginga	75	— —
Samtals	240	þús. kr.

Eftir því sem sjúkrasamlög kunna að verða stofnuð í sveitum, bætast við framlög frá ríkisins hálfu þeirra vegna, en naumast þarf að gera ráð fyrir, að þess gæti á fyrsta ári. En þess er þó að vænta, að á næstu árum verði stofnuð sjúkrasamlög í sem flestum sveitum, og mundi það þá leiða til þess, að ríkið yrði að greiða þeirra vegna allt að 50 þús. kr. árlega.

Ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um það, hversu miklum byrðum tryggingarnar muni létta af bæjar- og sveitarfélögum, en án efa er þar um mikla upphæð að ræða, svo að sennilegt þykir, að þau framlög, sem þessir aðilar komi til með að greiða vegna tryggingarnna, sparist að miklu leyti á framlögum til fátækraframfæris.

Um þær fjárhagsbyrðar, sem einstaklingarnir verða að bera vegna tryggingarnna, er þetta að segja:

Til sjúkrasamlaga verða ársiðgjöld sennilega frá 20—36 kr. á mann, mismunandi eftir því, hvað samlögin veita mikil réttindi. Hinsvegar er það ljóst, að hér er alls ekki um nein ný útgjöld að ræða. Samlögin afla tekna aðeins til þess að standa straum af óhjákvæmilegum útgjöldum vegna veikinda samlagsmanna. Hér er því aðeins um það að ræða, að jafna þeim fjárhagsbyrðum, sem af sjúkdómum manna leiðir, jafnt á herðar allra, og að láta þær hvíla jafnt á hverjum einum frá ári til árs, án tillits til þess, hvernig heilsunni er háttað það og það árið.

Til elli- og örorkutryggingarinnar er til þess ætlazt, að tryggður greiði 6 kr. árgjald í sveit, en 7 kr. í kaupstað, og auk þess einn af hundraði af skattskyldum tekjum. Naumast getur talizt, að mönnum sé íþyngt um of, þó að þeim sé gert að skyldu að leggja þetta fé til hliðar og tryggja sér þannig nokkurn lífeyri, þegar elli eða örorku ber að höndum. Að þessu athuguðu virðist engum þeim aðila, sem gjaldskyldur verður til tryggingarnna, íþyngt um skör fram, heldur sé hér um skipulagningu að ræða, sem verður öllum þessum aðilum til hagsbóta.

Engum er ljósara en þeim, sem starfað hafa að samningu þessara frumvarpa, að reynslan muni leiða í ljós, að þau þurfi áður en langur tími líður endurskoðunar og endurbóta með. Reynsla allra þjóða er sú, að þegar tryggingarnar eru

eitt sinn komnar til framkvæmda, hafa þær verið auknar og endurbættar, og skapað aukið fjárhagsöryggi fyrir einstaklinga, bæjar- og sveitarfélög og ríki, og er engum efa bundið, að þannig verður þetta og hér.

Um einstakar greinar frv. þykir rétt að taka eftirfarandi fram.

I. Almennu ákvæðin.

Um 2.—6. gr.

Hentugt þykir, að ein stofnun fari með stjórn allra tryggginganna. Ræður ráðherra forstjóra stofnunarinnar og er auk þess heimilt að ráða deildarstjóra, ef þörf krefur. Ennfremur er heimilað að fela stofnuninni að annast framkvæmd annarar opinberrar tryggingarstarfsemi en um ræðir í þessum lögum, sbr. 5. gr. Verður framkvæmdarstjórnin að sjálfsögðu ódýrari fyrir hverja tryggingargrein, ef ein stofnun annast þær.

Um 7. gr.

Reynsla sú, sem fengin er af slysatryggingunni, hefir leitt í ljós, að óheppilegt er, að ekki sé til neitt úrskurðarvald, er áfrýja megi til úrskurðum tryggingarstofnunarinnar og hraðari úrlausn veitir en hinir almennu dómstólar. Þörf hinna tryggðu er að jafnaði mjög brýn og þolir því ekki þann seinagang, sem venjulegast er á málum, er fara fyrir dómstólana. Hér er því gert ráð fyrir, að skjóta megi ágreiningsatriðum öllum í sambandi við tryggingarnar til 3 manna tryggingarráðs, sem er óháð stofnuninni, og úrskurði skal fella að jafnaði innan 14 daga frá því að atriðið er undir það borið. Rétt þykir að gefa aðiljum kost á að bera ágreiningsefnið samt sem áður undir dómstólana, en sennilegt er, að ekki verði mikið að því gert. Tryggingaráðinu er ennfremur ætlað eftirlit með því, að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir.

II. Um slysatryggingarnar.

Núgildandi lögum um slysatryggingar hefir verið haldið að mestu leyti óbreyttum að efni, niðurröðun og orðfæri. Helztu breytingar eru þær, sem hér segir.

Um 8. gr.

Í 2. tölul. b. er bjargsigi bætt við. Þykir sjálfsagt, að þeir menn, er að því vinna, séu tryggðir fyrir slysum. Ennfremur er e-liðnum bætt við, samkvæmt tillögum framkvæmdarstjóra Slysatryggingarinnar, og öll tvímæli tekin af um það, að tryggingin skuli ná til sendistarfa í þágu tryggingarskylds atvinnurekstrar og til þess tíma, er fer til að fara frá og til vinnu. Aðrar breytingar á gr. eru smávægilegar og skýra sig sjálfar.

Um 10. gr.

Hér eru bætur þær, er hinn tryggði á rétt til, færðar að mestu leyti til samræmis við hlunnindi þau, sem sjúkrasamlögum er ætlað að veita. Þannig er

biðtíminn færður úr 10 dögum niður í 7 daga, en jafnframt ákveðið, að biðtíminn teljist, að því er dagpeninga snertir, fyrst frá þeim tíma, er hinn tryggði hættir að taka kaup. Hinsvegar er upphæð dagpeninga látin haldast óbreytt. Þar eð sjómannalögin leggja útgerðarmönnum þá skyldu á herðar að greiða kostnað af sjúkrahjálp slasaðra skipverja um nokkurn tíma, áður en slysatryggingin tekur við, þótti rétt að gefa þeim kost á að tryggja sig fyrir þeirri áhættu með greiðslu aukaiðgjalda til slysatryggingarinnar, en aukaiðgjöldin ákveðast af slysatryggingunni í samræmi við þá áhættu, sem hún þannig tekur að sér.

Um 11. gr.

Úthlutun dánarbóta og reglunum um rétt til þeirra hefir verið breytt í réttlátara horf, og skýrir greinin sig sjálf að því leyti.

III. Um sjúkratryggingar.

Um 22. gr.

Tryggingarskyldan nær til allra manna, 16 ára og eldri, sem heimilisfastir eru á samlagssvæðinu, án tillits til efnahags. Sjálfsagt þykir, að gamalmenni njóti hlunninda frá samlögunum ekki síður en þeir, sem yngri eru, en til þess að gera iðgjaldagreiðslu þeirra léttari, er ákveðið í 35. gr., að Lífeyrissjóður Íslands og ellistyrktarsjóður greiði beint í sjóði sjúkrasamlaga iðgjöld gamalmenna, sem njóta ellilífeyris eða ellilauna.

Undanþegnir tryggingarskyldu eru allir þeir, sem í sjúkrahúsum dvelja vegna alvarlegra langvarandi veikinda, enda eiga þeir ekki heldur rétt til tryggingar. Um þá sjúklinga fer eftir lögum, er sett verða um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Þeir, sem þannig dvelja í sjúkrahúsum eða hælum, þegar lögin koma til framkvæmda, koma því ekki inn í samlögin fyrr en dvöl þeirra er lokið í sjúkrahúsinu eða hælinu. Ef þeir síðar verða meðlimir samlags, greiðir samlagið þeim sjúkrahjálp þann tíma, sem um getur í 31. gr., þó að um sama sjúkdóm sé að ræða og þann, er olli hælisvist þeirra áður. Eins er um þá menn, sem veikjast af sjúkdómum og rétt kunna að eiga á opinberu framfæri þeirra vegna, að þeir njóta sjúkrahjálpar frá samlagi sínu þann tíma, sem um ræðir í 31. gr., áður en opinbert framfæri kemur til greina.

Um 29. gr.

Hér er í 1.—4. tölul. ákveðin lágmarkshjálp sú, er sjúkrasamlög skulu veita, en þó er heimilt í kaupstöðum utan Reykjavíkur að ákveða í samþykktum lægri dagpeningagreiðslu en um ræðir í 4. tölul. Hinsvegar er heimilt að ákveða í samþykktum víðtækari hjálp.

Biðtíminn (6 mánuðir) samkv. síðustu mgr. telst frá því, að maður, sem rétt á á tryggingu, greiðir iðgjald sitt í fyrsta sinn, eða iðgjald er greitt fyrir hann samkvæmt 35. gr. Heimilt er þó að ákveða annan biðtíma í samþykktum.

Um 31. gr.

Enginn getur notið þeirrar sjúkrahjálpar, er um ræðir í 29. gr., lengur en 32 vikur á 12 mánuðum samfleytt, þótt um fleiri en einn sjúkdóm sé að ræða.

Hinsvegar á tryggður maður rétt til sjúkrahjálpar um þetta langan tíma sjálfstætt fyrir sig og hvern einstakan fjölskyldumeðlim, sem með honum er tryggður samkv. 30. gr. Sé um einn og sama sjúkdóm að ræða, er kostnaður þessi greiddur aðeins fyrir 26 vikur alls, þótt maðurinn gangi með hann árum saman. En hafi maður orðið albata af sjúkómi og fær aftur samskonar sjúkdóm (þ. e. fyrri sjúkdómur tekur sig ekki upp aftur), þá reiknast sjúkrahjálpartími hans sjálfstætt fyrir síðari sjúkdóminn.

Um 32. gr.

Þar eð samþykktir sjúkrasamlaga mundu ekki ná staðfestingu ráðherra nema iðgjald væri ákveðið hæfilega hátt, miðað við skuldbindingarnar, en þær verða mismunandi fyrir sjúkrasamlögin, þykir ekki ástæða til þess að ákveða lágmarksiðgjald í lögunum.

Um 35. gr.

Þar eð úthlutun úr lífeyrissjóði og ellstyrktarsjóðum mundi oft ekki fara fram í tæka tíð, miðað við gjalddaga þá, sem í samþykktum verða ákveðnir, yrði hentugast, að bæjar- og sveitarsjóðir greiddu iðgjöld gamalmenna, sem hér um ræðir, til bráðabirgða, gegn endurgreiðslu af ellilífeyri eða ellilaunum.

Um 37. gr.

Ef maður flytur úr einu sjúkrasamlagi í annað, er ekki rétt að hann þurfi að bíða fullan biðtíma eftir tryggingu í samlagi því, er hann flytur í, og heldur ekki rétt, að hann greiði í tveimur samlögum iðgjald fyrir sama tíma. Hér er því gert ráð fyrir, að tryggingartíminn haldist óslitinn, ef hann greiðir iðgjöld til samlags þess, er hann flytur til, frá þeim tíma, er réttur hans í fyrra samlaginu fellur niður. Þó verður hann að bíða fullan biðtíma til þess að fá dagpeninga, hafi hann ekki haft rétt til þeirra áður.

Um 38. gr.

Oft er það, að maður, sem verður fyrir slysi, á rétt til slysabóta frá slysatryggingunni eða skaðabótaskyldum einstakling eða stofnun, sem sök á á slysinu. Krefjist hann þá jafnframt styrks frá sjúkrasamlagi sínu, verður hann að framselja því rétt til sinn bótanna, því að ekki er ástæða til, að hann fái þær tvígreiddar. Eigi hann hinsvegar rétt á hærri bótum en þeim, sem samlagið veitir, eða fyrir annað tjón en það tryggir hann fyrir, á hann rétt á að fá það, sem umfram er.

Um 39. gr.

Það mun vera langtíðast, að fastráðnir starfsmenn eru ekki látnir missa neins í af kaupgreiðslu, þótt þeir séu hálfan mánuð frá verki eða jafnvel lengur vegna veikinda. Þykir því rétt að lögákveða þetta, svo að sama gangi yfir alla, og telst þá 7 daga biðtími þeirra samkv. 4. tölul. 29. gr. frá því að þeir hættu að taka kaup.

Um 43. gr.

Þar eð nokkur hætta getur verið á því, að fámenn sjúkrasamlög komist í greiðsluþrot, ef óvenjulega mikil veikindi ber að höndum, getur orðið nauð-

synlegt, að til sé jöfnunarsjóður fyrir öll sjúkrasamlög landsins, sem hlaupið gæti undir bagga, þegar svo ber undir. Þess vegna er ríkisstjórninni veitt sú heimild, er um ræðir í greininni. Ástæðan til þess, að þessi tekjuöflunarleið var valin, er sú, að allri vinnu er samfara meiri eða minna sjúkdómahætta, og þykir því ekki ósanngjarnt, að vinnuveitendur leggi til þennan skerf til hinna almennu sjúkratrygginga.

IV. Um elli- og örorkutryggingar.

Um 45. gr.

Eins og sjá má af 60. gr. skal halda lífeyrissjóðum embættismanna og barnakennara aðgreindum hjá Tryggingarstofnun ríkisins, meðan þeir menn eru á lífi, sem rétt eiga til lífeyris úr sjóðnum, en að þeim tíma loknum, er ætlazt til, að eftirstöðvar sjóðanna renni til Lífeyrissjóðs Íslands. Sama er að segja um ellistyrktarsjóði þá, sem nú eru til. Þeim er haldið aðgreindum, sbr. 74. gr., meðan vöxtum þeirra er varið til ellilauna samkvæmt VI. kafla, en að þeim tíma loknum renna þeir til lífeyrissjóðsins.

Um 47. gr.

Persónufrádráttur, sbr. 2. tölulið, er hér ákveðinn nokkuð lægri en samkvæmt tekju- og eignarskattslögunum nr. 6 1935. Er ástæðan til þess sú, að hér er ekki um að ræða skattgreiðslu, heldur iðgjaldagreiðslu í eigin þágu, og því nokkur ástæða til að miða við lægri frádrátt, enda hefði, að öðrum kosti, orðið að ákveða hundraðshlutann hærri.

Um 48. gr.

Þótt þeir, sem í greininni eru taldir, séu undanþegnir iðgjaldsgreiðslu, er ekkert því til fyrirstöðu, að þeir, sem í 2. og 3. tölulið eru taldir, greiði iðgjöld, ef þeir æskja þess. Um þá, sem í 1. og 4. tölulið eru taldir, er vart hugsanlegt að þeir hafi nokkra hagsmuni af iðgjaldagreiðslum.

Um 49. gr.

Hér er mönnum gefinn kostur á að fresta því, að fá ellilífeyri greiddan, gegn allmikilli hækkun á lífeyrinum eftir að greiðslur byrja. Mundi frestur einkum koma til greina hjá þeim mönnum, er enn hefðu nægilegar tekjur til framfæris sér fyrstu árin eftir að réttur þeirra til lífeyrisgreiðslna hefst.

Um 53. gr.

Hér er ákveðið, að menn geti notið elli- eða örorkulífeyris, þótt þeir hafi nokkrar aðrar tekjur samhliða. Einkum þykir rétt að veita öryrkjum hvatningu til þess að afla sér sjálfir nokkurra tekna með vinnu sinni, sbr. 2. tölulið greinarinnar.

Um 54. gr.

Greinin miðar að því að samræma ákvæði þessa kafla um örorku við ákvæði 2. kafla um örorkubætur slysatryggðra manna.

Um 55. gr.

Ef tryggður maður, sem öryrki verður vegna slysa, á skaðabótarétt á hendur þeim, sem slysinu hefir valdið eða ábyrgð ber á því, á hann þess kost, samkvæmt þessari gr., að halda sjálfur skaðabótaréttinum, en missa þá jafnframt rétt til örorkubóta frá Lífeyrissjóði Íslands að öllu eða nokkru leyti, eða afsala skaðabótaréttinum til lífeyrissjóðsins, gegn því að fá örorkubætur frá honum eftir reglum þessara laga.

Um 56. gr.

Þegar ákvörðuð er upphæð lífeyris, verður að miða við það, hvar hinn tryggði hafði dvalið, er iðgjaldagreiðslur fóru fram og á hvaða tíma æfinnar hann dvaldi á hverjum stað. Ber þá einnig að sjálfsögðu að athuga, hvort niður hafa fallið iðgjaldagreiðslur af hans hálfu um einhvern tíma, og lækkar þá lífeyrir hlutfallslega, ef svo hefir verið.

Um 60. gr.

Sjálfsagt þótti að láta þá embættismenn og barnakennara, sem unnið hafa sér rétt til lífeyris úr hinum sérstöku sjóðum, er í gr. getur, halda áfram iðgjaldagreiðslum á sama hátt og áður og njóta sama réttar. Þó er þeim, sem yngri er en 40 ára, er lögin taka gildi, heimilað að tryggja sig hjá Lífeyrissjóði Íslands, ef þeir æskja þess. Öðru máli gegnir um þá, sem embætti fá eða barnakennarastöður, eftir að frv. þetta verður að lögum. Þeir verða tryggingarskyldir hjá Lífeyrissjóði Íslands, með þeirri undantekningu, að þeir, sem eldri eru en 40 ára við gildistöku laganna, hafa rétt til þess að tryggja sig eftir sérlögunum.

V. Um atvinnuleysistryggingar.

Um 61.—66. gr.

Gert er ráð fyrir því, að félög daglaunamanna, sjómanna og önnur félög, sem mynduð eru innan sérstakra starfsgreina, stofni atvinnuleysissjóði innan félagsins. Eru þá þeir, sem iðgjöld greiða í atvinnuleysissjóðinn og rétt eiga til styrks samkvæmt lögunum, nefndir sjóðfélagar, en aðrir félagsmenn, sem iðgjöld greiða, styrktarfélagar.

Um 70. gr.

Sökum þess, að atvinnuleysi er tíðast og tilfinnanlegast hjá ófaglærðum verkamönnum og sjómönnum, eru ákveðin mun hærri ríkissjóðs- og bæjarframlög til atvinnuleysissjóða þeirra en til félaga faglærðra manna. Ef meðalatvinnutekjur í ákveðinni starfsgrein fara fram úr 5000 kr. á ári, greiðist engin ríkis- né bæjarframlög.

VI. kafli. Um ellilaun og örorkubætur.

Um 74. gr.

Fé ellistyrktarsjóðs ávaxtast nú í Söfnunarsjóði Íslands, en rétt þykir að það flytjist í Lífeyrissjóð Íslands og ávaxtist þar, ef það verður handbært.

Um 77. gr.

Upphæð sú, sem Lífeyrissjóður Íslands leggur fram til ellilauna, miðast við framlag ríkissjóðs til hans samkvæmt 76. gr. Ástæðan til þess, að aðeins helmingur árlegra lífeyrisgreiðslna skal dragast frá árstillagi lífeyrissjóðsins, eftir að elli- og örorkulífeyrisgreiðslur hefjast beint til hins tryggða, er sú, að gert er ráð fyrir, að aðeins helmingur gamalmenna í landinu njóti ellilauna samkvæmt þessum kafla, og rennur þá helmingur árlegs ellilífeyris til annara gamalmenna og getur þess vegna ekki komið til frádráttar framlagi til ellilauna.

Fylgiskjal.

ALÞÝÐUTRYGGINGAR OG ALÞÝÐUHJÁLP Í ÝMSUM NÁGRANNALÖNDUM.

Skýrsla sú, sem hér fer á eftir, er útdráttur úr bók,[1]) sem gefin var út af verkamálaskrifstofunni í Genf og fjallaði um alþjóða alþýðustyrki. Fjallar bókin um fjölda landa víðsvegar um heim.

ALMENNT UM ALÞÝÐUSTYRKI.

Alþýðustyrkir nefnast einu nafni fyrirskipanir og afskipti hins opinbera af málefnum alþýðu, sem fullnægja þeim tveim skilyrðum, að

a. tilgangur þeirra sé að tryggja eftirtaldar áhættur: 1. Slys við vinnu. 2. Vinnusjúkdóma. 3. Veikindi. 4. Fæðingar. 5. Örorku. 6. Elli. 7. Óverðskuldað atvinnuleysi. 8. Fjölskylduábyrgð.
b. Stofnað sé til hennar fyrir stéttir þjóðfélagsins, sem selja starfskrafta sína öðrum einstaklingum og hafa lágar tekjur þrátt fyrir það, að þeir séu „sjálfs sín“. Alþýðutrygging er sá alþýðustyrkur talinn, þegar vinnuþiggjandi eða vinnuveitandi greiðir hluta af eða allan kostnað við tryggginguna. Alþýðuhjálp, þegar hið opinbera ber allan veg og vanda af þarafleiðandi kostnaði.

ALÞÝÐUSTYRKIR Í DANMÖRKU.

Alþýðustyrkir í Danmörku skiptast eins og annarsstaðar í alþýðutryggingar og alþýðuhjálp.

Til alþýðutrygginga teljast eftirtaldar ráðstafanir: 1. Slysatryggingin. 2.

1) International Survey of Social Services. International Labour Office. Studies and Report Series M. No 11. Geneva 1933.

Sjúkratryggingin. 3. Örorkutryggingin. 4. Atvinnuleysistryggingin og 5. Lífeyristrygging opinberra starfsmanna.

Alþýðuhjálp er aftur á móti: 1. Almenni lífeyrisstyrkurinn. 2. Styrkir veittir samkv. barnalöggjöfinni. 3. Styrkir veittir samkv. sjúkralöggjöfinni og við fæðingar. 4. Styrkir úr hjálparsjóði sveitarfélaga og 5. Styrkir til fátækraframfærslu. Til alþýðuhjálpar eru einnig taldir alþýðubústaðirnir og sumarfrí verkafólks með fullu kaupi, þó svo, að slíkt valdi hinu opinbera ekki alltaf fjárútláta.

A. Alþýðutryggingar.

I. Slysatrygging.

Slysatryggingar eru fyrirskipaðar samkv. lögum og ná til flestallra þeirra, er hjá öðrum vinna, og eru aðeins undanteknir þeir, er skamman tíma vinna við heimilisstörf. Iðgjaldaskyldan hvílir hjá atvinnurekendum, en ríkið greiðir fyrir yfirumsjón með tryggingunum. Atvinnurekendur mega tryggja sig hjá slysatryggingunni, hafi þeir ekki hærri árstekjur en sem nema 2400 kr. í höfuðstaðnum, 2100 kr. í öðrum borgum og 1800 kr. annarsstaðar. Greiðir ríkið einnig tvo fimmtu hluta af iðgjöldum þeirra, er hjá atvinnurekendum vinna, sem ekki hafa hærri tekjur en því nemur, og í sérstökum tilfellum hluta af iðgjöldunum, eða jafnvel þau öll. Sjúkrakostnaður greiðist allur, þegar slys ber að höndum, að svo miklu leyti, sem hann er ekki greiddur í sjúkratryggingunni, ennfremur dagpeningar, eftir því hve lengi stendur á bata, eða eftir því hve mikinn orkumissi sá slasaði hlýtur. Tryggingarnar eru keyptar í ýmsum tryggingarsjóðum, sem samþykktir eru af ríkinu.

II. Sjúkratrygging.

Sjúkratryggingar eru frjálsar[1]) öllum eignalausum mönnum, og er eignaleysi bundið við visst hámark tekna eða eigna. Sjúkratryggingarnar greiðast af ríkissjóði og hinum tryggðu.

Greiðslur fara fram í borgun sjúkrakostnaðar og í greiðslu dagpeninga.

Sjúkratryggingarnar eru keyptar hjá sjúkrasjóðum, sem bundnir eru við visst hérað. Þeir stjórna sér sjálfir, en eru undir eftirliti hins opinbera og verða að uppfylla þau skilyrði, sem sett eru í sjúkratryggingarlögunum. Mestur hluti þeirra er saman um endurtryggingu.

III. Örorkutrygging.

Örorkutryggingar eru frjálsar, en bundnar sömu skilyrðum og sjúkratryggingar. Í báðar tryggingarnar er hægt að taka meðlimi, sem ekki eru eignalausir, en þá verða þeir að greiða viðbótargjald, sem er þrisvar sinnum hærra en iðgjald eignalauss manns. Kostnaður við örorkutrygginguna greiðist af meðlimum, atvinnurekendum og hinu opinbera. Örorkutryggingin greiðir sjúkrakostnað, sem stofnað er til í þeim tilgangi að minnka orkutap, og lífeyri eftir því, hve mikið orkutap hins tryggða er.

1) Á þessu hefir orðið breyting síðar, sbr. greinargerð fyrir sjúkratryggingum.

IV. Atvinnuleysistrygging.

Atvinnuleysistryggingar eru að nafninu til frjálsar og einnig bundnar við visst hámark tekna eða eigna, sem þó er nokkuð hærra en í hinum tveim tryggingunum. Í raun og veru eru þó atvinnuleysistryggingarnar skyldutryggingar, af því að allir meðlimir verklýðsfélaganna eru skuldbundnir að tryggja sig. Atvinnuleysistryggingar eru með þrennu móti, eða í atvinnuleysissjóðum, sem eru í sambandi við verklýðsfélögin, kreppusjóð, sem er nokkurskonar varasjóður hins fyrrnefnda og hinum þjóðlega atvinnuleysissjóði, sem myndaður er með tillögum atvinnurekenda.

Atvinnuleysissjóður tryggir gegn hinu venjulega atvinnuleysi, kreppusjóður er til styrktar þeim atvinnuleysingjum, sem þegar hafa að fullu notið styrks úr atvinnuleysissjóði, en enn eru atvinnulausir, en hinn þjóðlegi atvinnuleysissjóður stendur fyrir lánveitingum til atvinnuleysissjóða og getur veitt fé til atvinnubótavinnu og til menntunar atvinnuleysingjum.

Iðgjöld til sjóða þessara eru greidd af hinum tryggðu atvinnurekendum og hinu opinbera, eftir vissum reglum.

Styrkir eru veittir til kennslu og atvinnubóta, til atvinnuleysingja til flutninga milli atvinnusvæða.

Æðsta stjórn þessara mála hvílir hjá hlutaðeigandi ráðherra.

V. Lífeyrissjóður starfsmanna við opinberan rekstur.

Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna nær til starfsmanna við ríkisrekstur, svo sem járnbrauta og póstmála. Tryggingar þessar eru skyldutryggingar og greiðast að mestu með frádrætti af launum starfsmannanna, en að nokkru leyti af hinu opinbera.

Til þess að gefa yfirlit yfir það, hve víðtækar þessar tryggingar eru, þykir rétt að skýra frá fjölda hinna tryggðu í hverri grein trygginganna fyrir sig.

Af 3268 þús. íbúum voru 1. febrúar 1921 1348 þús. vinnandi, en í hinum ýmsu tryggingum voru tryggðir 31. desember 1930:

Í slysatryggingu	940000
– sjúkratryggingu	1753000
– örorkutryggingu	1551000
– atvinnuleysistryggingu	344000

Í lífeyristryggingunni eru allir starfsmenn hins opinbera.

Þess ber að gæta, að ekki er til þess ætlazt af alþýðutryggingum, að þær nái til allra starfandi manna í þjóðfélaginu, heldur aðeins til þeirra, er svo lágar tekjur hafa, að ekki er gerlegt fyrir þá að tryggja sig sjálfir.

Því er sú tala starfandi manna, er áður var greind, tæplega sambærileg við tölu hinna tryggðu, en til frekari upplýsinga má geta þess, að tala þeirra manna, sem hjá öðrum unnu, nam því sem næst 882000, en þar eru ekki þeir meðtaldir, sem unnu að svonefndum frjálsum störfum, né heldur þeir, sem ekki er kunnugt um, hverja atvinnu stunduðu. Það mun því láta nærri, að slysatryggingin nái til allra þeirra, er til var ætlazt. Hvað sjúkra- og örorkutryggingu snertir, þá eru hinar háu tölur þar skiljanlegar, því þar er talið með skyldulið hinna tryggðu

verkamanna, en atvinnuleysistryggingin, sem er fámennust, mun þó ná til flestallra, sem þörf hafa á slíkri tryggingu, en það er vitað, að mjög skiptir þar í tvö horn um áhættu, enda ýmsar atvinnugreinar, þar sem atvinnuleysishættan er lítil eða engin.

VI. Kostnaður við tryggingarnar.

Það er hægt að reikna út kostnaðinn við tryggingarnar frá tveimur sjónarmiðum. Annað er það, að telja saman upphæðir þær, sem greiðast til alþýðu, en hitt, að telja saman þau iðgjöld og styrki, sem greiddir eru til hinna ýmsu tryggingarstofnana; munu hér fyrst verða taldar þær upphæðir, er greiddar voru til alþýðu árið 1929.

Greitt hinum tryggðu af hinum ýmsu tryggingum árið 1929:

1. Slysatryggingin	6846	þús. kr.
2. Sjúkratryggingin	45473	— —
3. Örorkutryggingin	16232	— —[1])
4. Atvinnuleysistryggingin	26304	— —
5. Lífeyristr. opinberra starfsmanna	13224	— —
Samtals	108079	þús. kr.

Þessi upphæð er því sá eiginlegi kostnaður við alþýðutryggingarnar í Danmörku árið 1929.

Ef reynt er að gera sér ljóst, hverjir aðilar það eru, sem þennan kostnað greiða, verður að nota aðra leið, eða reikna út hinar árlegu greiðslur þeirra til tryggingarstofnananna, en þær verða ekki jafnháar greiðslum til hinna tryggðu. Þrír flokkar aðilja standa að greiðslu iðgjaldanna, en það eru: ríki og sveitarfélög, hinir tryggðu og atvinnurekendur. Hin tilgreindu ár voru greiðslur þeirra sem hér segir:

Tegund trygginga	Ríkis- og sveitarstyrkur (í þús. kr.)	Iðgjöld hinna tryggðu (í þús. kr.)	Iðgjöld atvinnurekenda (í þús. kr.)
1. Slysatrygging	1070	„	9098
2. Sjúkratrygging	11693	30811	„
3. Örorkutrygging	6770	6230	3718
4. Atvinnuleysistrygging	10648	18497	1701
5. Lífeyristr. starfsm. ríkisins	13224		„
Samtals	30181	55538	14517
	13224		

Af þeim, er kostnaðinn bera beint, greiða hinir tryggðu mest, svo hið opinbera og minnst atvinnurekendur.

Auk þessara tekna eru vaxtatekjur og aðrar, sem ekki verður skipt milli hinna einstöku gjaldenda.

Að lokum skal gerð tilraun til þess að gera sér grein fyrir hinni áætluðu tryggingarhættu við hverja af þessum tryggingum. Munu því verða reiknaðar út ársgreiðslur á hvern hinna tryggðu í öllum tryggingunum, að undantekinni lífeyristryggingunni, en þar er oss ekki kunnugt um fjölda hinna tryggðu.

1) Tölurnar, sem fyrir hendi voru, eru ekki fyrir sama ár, heldur fyrir árin 1929, 1930 og 1931.

Alþýðutryggingar í Danmörku:

Tegund trygginga	Fjöldi hinna tryggðu	Greiðslur vegna hinna tryggðu	Greiðsla fyrir hvern meðlim
1. Slysatrygging	940000	10168 þús. kr.	10,82 kr.
2. Sjúkratrygging	1753000	42504 — —	24,25 —
3. Örorkutrygging	1551000	16718 — —	10,79 —
4. Atvinnuleysistr.	344000	30846 — —	89,67 —

Það sést, að greiðslur fyrir hvern einstakling eru langhæstar í atvinnuleysistryggingunni, og svo í sjúkratryggingunni, enda þar, að því er virðist, mest áhætta, en eins og fyrr greinir hafa sjúkra- og örorkutryggingin þá sérstöðu, að með tryggðum er oft talið skyldulið, og því virðast greiðslur þar á einstakling lægri en þær í raun réttri eru.

B. Alþýðuhjálp.

Hinn almenna lífeyrisstyrk í Danmörku mætti telja til trygginga, en þar eð greiðslur allar koma frá hinu opinbera, hlýtur hann að teljast til styrkja.

1. Greiðslur úr hinum almenna lífeyrissjóði fá allir danskir borgarar, sem uppfylla viss skilyrði, þegar þeir verða fullra 65 ára. Þó er leyfilegt að greiða lífeyri fyrr, eða þegar lífeyrismaður verður 62 ára.

   Greiðslurnar eru bundnar því skilyrði, að tekjur styrkþega fari ekki fram úr vissu marki og að hann hafi verið síðustu fimm árin heimilisfastur í Danmörku, hafi ekki þegið sveitarstyrk og hafi óskert mannorð. Upphæð styrkjarins fer eftir því, hvernig heimilishagir eru.
2. Til barnaheimila greiddi ríkissjóðurinn danski fjárhagsárið 1930—1931 4540 þús. kr., og sveitarfélög greiddu fjárhagsárið 1929—1930 782 þús. kr. Greiðsla til hjálpar munaðar- og föðurleysingjum nam árið 1930—1931 2202 þús. kr.

Auk þess, sem hér er talið, eru ýmsir aðrir styrkir greiddir til handa börnum, sem óhægar aðstæður eiga, svo sem máltíðir handa skólabörnum, sumardvöl uppi í sveit, og ýmsar öryggisráðstafanir fyrir tökubörn, óskilgetin börn o. s. frv., en engar upplýsingar eru fyrir hendi um kostnað þann, sem hið opinbera hefir af þessum styrkjum.

Veittur er sjúkra- og mæðrastyrkur fyrir fátæklinga, þar sem sjúkratryggingar ná ekki til. Ekki verður greinilega séð, hver kostnaður af öllu þessu leiðir, en upplýsingar eru fyrir hendi um nokkrar greinar sjúkrastyrkja.

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þennan kostnað fyrir fjárhagsárið 1930—31.

Kostnaður samkv. berklalögunum	4639 þús. kr.
— — farsóttarlögunum	1979 — —
— — geðveikralögunum	13926 [1])— —
Styrkur til vanaðra	2279 — —
Samtals	22823 þús. kr.

1) Hluti sveitarfélaganna, sem nemur 6620 þús. kr., er framlög árið 1928—1929.

Til fátækraframfærslu var veitt sama ár úr hjálparsj. sveitarfél. 17291 þús. kr.
og til sveitarómaga ..... 39000 — —

Samtals 56291 þús. kr.

Auk þessa ber útgerðarmönnum að styrkja særða skipverja auk hinnar reglulegu slysatryggingar.

Telja má einnig til alþýðustyrkja alþýðubústaði ríkisins og fyrirskipanir um sumarfrí með fullu kaupi, sem ná til mjög mikils hluta alþýðu, eða árið 1930 til 110 þús. verkamanna.

Ef gera á nú tilraun til þess að reikna saman kostnað við alþýðutryggingar og alþýðustyrki í Danmörku, verður að gera sér það ljóst, að með þeim tölum, sem hér á undan eru nefndar, eru alls ekki fulltalin öll þau hlunnindi, sem alþýða nýtur. Við athugun verður því að gæta allrar varúðar.

Sérstaklega hættulegt getur það orðið að fara að bera þessi hlunnindi saman við álíka hjálp í öðrum löndum, og er þar margs að gæta. Þó svo að allir beinir styrkir væru taldir saman og reiknað út, hve miklu þeir nemi á hvern íbúa, þá þarf slíkt ekki að gefa neinar upplýsingar um hag alþýðu, borið saman við önnur lönd. Launakjör geta verið mismunandi, og því ekki þörf á jafnmiklum styrkjum. Verðmæti peninganna er í flestum löndum misjafnt, og þarf aðeins að benda á hinn gífurlega mismun á verkakaupi í Ameríku og í Evrópu, sem að miklum mun aðeins er í orði, en ekki á borði, því lífsviðurværi er svo ólíkt í þeim tveimur álfum.

Við notkun þess samdráttar, sem hér fer á eftir, ber því að gæta fyllstu varúðar.

Alþýðutryggingar og alþýðustyrkir:

	Þús. kr.
1. Slysatrygging	6846
2. Sjúkratrygging	40274
3. Örorkutrygging	15276
4. Atvinnuleysistrygging	24423
5. Lífeyristrygging opinberra starfsmanna	13224
Tryggingargreiðslur samtals	100043
6. Almennur lífeyrisstyrkur	60708
7. Kostnaður vegna barnalaga	7524
8. Sjúkra- og mæðrastyrkur	22823
9. Fátækrastyrkur	56291
Samtals	147346

ALÞÝÐUSTYRKIR Í SVÍÞJÓÐ.

Svíar munu vera sú Norðurlandaþjóðin, sem bezt hefir skipulagt alþýðustyrki hjá sér, enda er þar mestur iðnaður og því brýnust þörfin. Eru þar allviðtækar slysatryggingar, sjúkratryggingar, örorku- og ellitryggingar og atvinnuleysistryggingar.

Alþýðuhjálp er þar allmikil og tekur þar við, sem tryggingarnar hætta.

Veitir hið opinbera á þann hátt mikið fé til barnaverndunar, sjúkrahjálpar,

skóla fyrir vönuð börn, drykkjumannahæla, atvinnuleysisstyrkja og atvinnubóta og fátækraframfærslu.

Með lögum er réttur skipverja, sem veikir verða, tryggður, alþýðubústaðir styrktir, fjölskylduuppbót veitt til starfsmanna hins opinbera, og verkamönnum veitt sumarfrí með fullu kaupi. Munum vér nú fyrst athuga alþýðutryggingarnar.

A. Alþýðutryggingar.

I. Slysatrygging.

Slysatrygging var fyrst fyrirskipuð með lögum árið 1901, en hefir verið breytt og fullkomnuð á ýmsa lund síðan. Lögin mæla svo fyrir, að atvinnurekendum sé skylt að tryggja ábyrgð sína, en sú ábyrgð nær til allra starfsmanna þeirra.

Þær undantekningar eru þó gerðar, sem hér segir:

a. Starfsmenn, sem vinna á heimilum sínum eða eiga frjálsar hendur um völ á vinnustöðvum sínum.
b. Meðlimir fjölskyldu atvinnurekanda, sem búa hjá honum, með þeim forsendum, að þeir starfi aðeins fyrir hann.
c. Verkamenn, sem aðeins um stundarsakir vinna hjá mönnum, sem annars veita enga atvinnu.

Vinnurekendur eru skyldugir að tryggja hjá tryggingarfélagi ríkisins eða samábyrgðartryggingarfélögum atvinnurekenda. Starfsmenn ríkisins eru ekki tryggðir sérstaklega, en ríkinu ber skylda að standa straum af þeim kostnaði, sem ella hefði verið greiddur af tryggingarfélögunum.

Æðsta úrskurðarvald í málum, sem slysatryggingar snerta, hvílir hjá tryggingarráði ríkisins.

Tryggingarfélögin mega tryggja verkamenn, sem ekki falla undir lögin, og sömuleiðis tryggja gegn slysum, sem ekki hljótast við vinnu, en aðeins atvinnurekendur geta samið um slíkar tryggingar.

Kostnaðurinn við tryggingarnar greiðist eingöngu af vinnuveitendum.

Þeir vinnurekendur, sem ekki tryggja starfsfólk sitt hjá tryggingarfélagi ríkisins, greiða gjald til þess, sem notað er til þess að standa straum af rekstrarkostnaðinum.

Tryggingarnar ná til slysa við vinnu og á leið til og frá vinnu, sömuleiðis til nokkurra tegunda vinnusjúkdóma.

Tryggingarnar greiða allan sjúkrakostnað, er af slysi hlýzt frá degi þeim, er það bar að höndum, og þar til bati er fenginn.

Ef um skammvinnt vinnutap er að ræða, en sá slasaði tefst meira en þrjá daga frá vinnu sinni, og orkutap er meira en 25%, eru greiddir dagpeningar, sem fara eftir því, hve háar tekjur sá slasaði hafði á ári, eða úr 1.00 kr. fyrir tekjuflokk undir 675.00 kr. upp í 5.50 kr. fyrir tekjuflokk yfir 2835.00 kr. Ef um langvinnt vinnutap er að ræða, hljóta þeir slösuðu lífeyri. Fyrir fullkomið orkutap greiðast ⅔ hlutar árstekna þess slasaða, sem þó má ekki vera meira en 3000 kr., og ekki minna en 450 kr. Ef um minna orkutap er að ræða, greiðist hlutfallslega lægri lífeyrir. Ef dauði hlýzt af slysinu, er greiddur útfararkostn-

aður, og styrkur til fjölskyldunnar, sem er mismunandi hár, eftir því hvernig heimilishagir eru.

Fyrir fiskiðnaðinn gilda sérstök lög. Tryggð eru öll slys, sem að höndum ber við vinnu eða utan vinnu, og geta allir sænskir þegnar, sem í Svíþjóð dvelja, tryggt sig, ef þeir lifa aðallega á fiskveiðum.

Sjóður þessi er undir stjórn tryggingarsjóðs ríkisins. Iðgjöld meðlima eru frá 6 kr. upp í 10 kr. á ári, eftir því hve háar tekjur sá tryggði hefir. Greiðslurnar eru hinar sömu og hjá hinum almennu slysatryggingum, en dagpeningar eru ákveðnir frá 1.10 kr. upp í 2.20 kr., eftir árstekjum.

II. Sjúkratrygging.

Sjúkratrygging er frjáls í Svíþjóð, en var skipulögð með lagaboði 1910, og hefir síðar orðið fyrir allmiklum breytingum, síðast árið 1931. Þær breytingar, sem þá voru gerðar, hefir ekki unnizt tími til að athuga, svo að þær eru ekki með í yfirlitinu. Lögin mæla ekki fyrir um neina takmörkun á þátttöku í tryggingunum, en enginn má vera í fleirum en einum tryggingarsjóði, og ekki teljast þeir sjóðir til sjúkrasjóða, sem aðeins greiða útfararkostnað.

Strangar reglur um, að ekki megi vísa mönnum úr tryggingunum, tryggja rétt alþýðu.

Sjúkrasjóðir þurfa ekki að vera skrásettir, en skrásettir sjóðir njóta sérstakra hlunninda, ef reglur þeirra eru í samræmi við lögin um sjúkratryggingar.

Meðlimir geta verið minnst 100 í venjulegum sjúkrasjóðum, en 500 í svokölluðum framhaldssjúkrasjóðum. Í einstökum fámennum héruðum í Norður-Svíþjóð geta þessar tölur þó verið 25 og 200.

Hinir svonefndu framhaldssjúkrasjóðir tryggja meðlimi hinna almennu tryggingarsjóða fyrir sjúkleik, sem verður svo langvinnur, að hinum almennu sjúkrasjóðum ber ekki að greiða frekari styrk.

Greiðslur í sjúkrasjóðina eru með þrennu móti. Stærsti liðurinn eru iðgjöld meðlima, sem eru jafnhá fyrir alla, nema ef svið tryggginganna er mismunandi. Er hinum tryggðu þannig skipt í tryggingarflokka, og hafa þeir þá mismunandi miklar kröfur á hendur sjúkrasjóðanna, en greiða líka mismunandi há iðgjöld.

Ekki eru nein ákvæði í lögum um tillag atvinnuveitenda til þessara sjóða, en þó eru þau nokkur, og þá frjáls.

Ríkið greiðir allríflegan styrk, sem fer eftir fjölda meðlima, sjúkradaga og styrkgreiðslna hvers sjóðs um sig. Sérstakur styrkur er vegna fæðinga.

Sveitarfélögin greiða mörg styrk til sjúkrasjóða, sem þó er af frjálsum vilja. Aðrar tekjur sjóðanna eru aðallega vextir af eignum þeirra.

Sjúkrastyrkurinn verður að minnsta kosti að nema dvöl á sjúkrahúsi, læknishjálp og meðulum, eða 90 aurum í dagpeninga.

Í hinum almennu sjúkrasjóðum verður sjúkrastyrkurinn að greiðast að minnsta kosti í 90 daga á ári, en í framhaldssjúkrasjóðunum í 180 daga.

Ótiltekið er um upphæð fæðingarstyrks, en ríkið greiðir aðeins styrk, ef dagpeningarnir nema 90 aurum. Styrkurinn verður að greiðast að minnsta

kosti í hálfan mánuð, en aðeins til meðlima, sem hafa verið 270 daga í tryggingunum.

Útfararstyrkur má ekki nema meiru en 500 kr. Einstaka sjúkrasjóðir greiða styrk til meðlima sinna, ef þeir þurfa að fara sér til heilsubótar eða þurfa á heimahjúkrun að halda.

III. Örorku- og ellitrygging.

Örorku- og ellitryggingin er skyldutrygging, og byggist á lögum frá 1913, sem oft hefir verið breytt, og síðast 1927.

Tryggingarskyldan hvílir á öllum sænskum borgurum milli 16 og 66 ára aldurs. Þó eru undanteknir þeir starfsmenn hins opinbera eða opinberra stofnana, sem annarsstaðar eru tryggðir fyrir slíkum áhættum. Þó er öllum leyfilegt að kaupa viðbótartryggingu allt að 69 ára aldri.

Lægstu iðgjöld fyrir nokkurn tryggðan er 3 kr. á ári, sem svo hækkar upp í 33 kr. fyrir menn með yfir 10000 kr. tekjur. Undanteknir tryggingarskyldu eru þeir, sem tapað hafa starfskröftum sínum, en teljast þó til trygginganna, og greiðir ríkið ¾ hluta af lífeyri þeirra, en sveitar- og bæjarfélögin afganginn. Hið opinbera greiðir ennfremur kostnaðinn við stjórn þessara stofnana.

Rétt til lífeyris, sem byggist á skylduiðgjöldum, fá allir, sem iðgjöld greiða, þegar þeir verða 67 ára að aldri, eða þegar þeir verða að staðaldri óstarfhæfir. Lífeyririnn er reiknaður út af samanlögðum iðgjöldum, og nemur mismunandi hlutum af þeim, eftir því á hvaða aldri hinn tryggði fór að greiða iðgjöld.

Lífeyrir, sem ríkið greiðir starfskraftalausum mönnum, er bundinn við það, að tekjur hans séu ekki yfir 425 kr. á ári, ef um karlmann ræðir, 400 kr. ef kvenmaður á í hlut. Upphæð lífeyrisins fer eftir því, hve miklar tekjur lífeyrismaður annars hefir, en nemur aldrei meiru en 225 kr. fyrir karlmann, 210 kr. fyrir kvenmann, að viðbættum styrk vegna skylduómaga.

Hinar frjálsu lífeyristryggingar eru mismunandi að upphæð, og leggur ríkið félögunum til styrk.

Þeir, sem fyrir slysum verða, fá fría læknishjálp, ef ætla má, að á þann veg verði komizt hjá fullkomnu orkutapi.

IV. Atvinnuleysistryggingar.

Í Svíþjóð eru ekki til nein lög um atvinnuleysistryggingar, en verkalýðsfélögin hafa stofnað til sjóða með þeim tilgangi. Meðlimir í þeim sjóðum eru allir verkalýðsfélagar. Sum félög hafa ekki stofnað neinn sérstakan sjóð og greiðist styrkurinn þá beint úr félagssjóði.

Kvaðir á meðlimum þessara sjóða nema 10—60 aurum á mann á viku. Styrkurinn er aðeins veittur, ef hinn atvinnulausi hefir verið meðlimur nokkurn tíma og hafi greitt vissan fjölda iðgjalda. Styrkir eru greiddir eftir einnar eða tveggja vikna atvinnuleysi og greiðast í 1 til 4 mánuði á ári. Upphæðin nemur 1—3 kr. á dag.

V. Tryggingar starfsmanna við opinberan rekstur.
(ríkisjárnbrautir, ritsíma, talsíma, póst- og aflstöðvar).

Þess hefir áður verið getið, að starfsmenn við ríkisrekstur eru ekki allir tryggðir í hinum almennu örorku- og ellitryggingum. Fyrir þá starfsmenn eru stofnaðir sjóðir, sem hafa sama starfssvið og hinar almennu örorku- og ellitryggingar, og uppfylla að nokkru starf slysa- og sjúkratrygginganna. Fyrir hverja stjórnardeild er sjóður, og tryggir hann þá starfsmenn, sem undir þá deild heyra. Þetta nær þó aðeins til sjálfstæðs rekstrar ríkisins. Kostnaðurinn við tryggingarnar greiðist af hinum tryggða, en ríkið leggur líka sinn skerf til.

Sveitar- og bæjarfélögin hafa einnig tryggingar fyrir sína starfsmenn, en þær eru eiginlega viðbótartryggingar við hinar almennu örorku- og lífeyristryggingar.

Annars eru upplýsingar um tryggingar þessar af skornum skammti, og því ekki gerlegt að greina nánar frá þeim.

VI. Athugasemdir.

Nú hefir verið greint frá helztu atriðum viðvíkjandi fyrirkomulagi trygginganna, og væri því rétt að athuga, hversu víðtækar þær eru.

Árið 1930 voru íbúar Svíþjóðar 6142 þús. Þar af starfandi 3100 þús. Launaðir starfsmenn voru 349 þús., en verkamenn 1395 þús., eða samtals 1744 þús. Í hverri hinna 4 aðalgreina trygginganna var meðlimafjöldinn sem hér segir:

Í slysatryggingunni	1563	þús.
- sjúkratryggingunni	1017	—
- örorku- og ellitryggingunni	4246	—
- atvinnuleysistryggingunni	323	—

Af þessum fjórum tryggingargreinum ná slysatryggingarnar og örorku- og ellitryggingarnar til flests fólks, enda má gera ráð fyrir, að þær tryggingar séu að því leyti fullkomnar, að þær nái til allra — eða því sem næst — þeirra, sem slíkra trygginga þurfa með, þar sem þær eru skyldutryggingar.

Sjúkratryggingin nær að vísu til allmikils hluta þjóðarinnar, en þó ekki líkt því til allra, sem sjúkraáhættu bera; af þeirri rúmu milljón, sem tryggðir eru, er 383 þús., eða rúmur þriðjungur, konur, og sést þá greinilega, að tryggingarnar eru ekki svo víðtækar sem skyldi, enda ber skýrsla sú um sjúkrastyrki, sem hér kemur á eftir, þess greinilega vott.

Atvinnuleysistryggingarnar eru fámennastar, enda engin lagafyrirmæli um þau, né styrkur veittur þeim.

Tala hinna tryggðu gefur okkur að vísu hugmynd um það, hversu vítt tryggingarnar ná, þ. e. a. s. hversu mikill hluti þjóðarinnar er þeirra aðnjótandi, en hún veitir engar upplýsingar um það, að hve miklu leyti þær hafa létt ábyrgðinni af einstaklingunum. Það mun erfitt að gera sér grein fyrir því, hve sú ábyrgð er mikil, og einnig varhugavert að reyna að draga þar ályktanir af annara þjóða tryggingum, en ekkert er því til fyrirstöðu að athuga, hve miklu greiðslur trygginganna námu að meðaltali á hvern tryggðan.

Árið 1930 greiddu tryggingarfélögin styrk til hinna tryggðu sem hér segir:

Tegund trygginga	Þús. kr.	Tala meðlima	Greiðsla á hvern meðlim (í kr.)
Slysatrygging	12230	1563000	„
Sjúkratrygging	25735	1017000	25.30
Örorku- og ellitrygging	62806	4246000	14.79
Atvinnuleysistrygging	3315	323000	10.26

Ekki er útreiknaður hluti á hvern meðlim í slysatryggingunni, af því að upplýsingar um greiðslu annara tryggingarstofnana en slysatryggingar ríkisins eru ekki fyrir hendi, en ekki er kunnugt um, hversu marga eða hversu mikinn hluta allra tryggðra sú stofnun tryggir.

Af þessum tölum má að nokkru ráða kostnaðinn við að standa straum af tryggingunum það árið, en þær gefa litlar eða engar upplýsingar um það, hversu mikil sé tryggingaráhættan, þ. e. a. s. hversu miklar kröfur hinn komandi tími muni gera til trygginganna.

Um það má fá nokkra hugmynd með því móti að reikna út, hve miklu tekjur stofnananna vegna meðlima sinna námu á hvern einstakan. Sama ár og áður getur voru þessar tekjur sem hér segir:

Tegund trygginga	Tekjur trygginganna	Tekjur á hvern meðlim
Slysatrygging	12823 þús. kr.	„
Sjúkratrygging	28164 — —	27.69 kr.
Örorku- og ellitrygging	84148 — —	19.82 —
Atvinnuleysistrygging	„ — —	„ —

Hér er ekki hægt að reikna hluta þennan út fyrir slysatryggingunа frekar en áður, og engar upplýsingar eru fyrir hendi um iðgjöld til atvinnuleysistrygginga, nema vitað er, að þau nema frá 5.20—31.20 kr. á meðlim á ári, samkvæmt því, er fyrr sagði.

B. Alþýðuhjálp.

Áður hafa verið taldir helztu liðir alþýðuhjálpar, og skal nú að nokkru gerð grein fyrir þeim.

I. Barnastyrkir.

Samkvæmt fátækralögunum ber sveitar- og bæjarfélögunum að veita sérhverju barni, sem ekki getur hlotið þá aðstoð á annan hátt, framfærslu, umönnun og menntun. Yfirstjórn þessara mála er í höndum barnaverndarnefndar. Mæla lög nákvæmlega fyrir um, með hverju móti börnin skuli hljóta þá aðstoð, og hvaða rétt börnin eða foreldrar þeirra hafa eða hafa ekki.

Sérstakar fyrirskipanir gilda um blind og vönuð börn.

II. Sjúkrastyrkir.

Hið opinbera veitir styrki til eftirtaldra sjúkrahúsa:

1. Almennra sjúkrahúsa.
2. Sjúkrahúsa fyrir kynferðissjúkdóma.

3. Sjúkrahúsa fyrir krypplinga.
4. Geðveikraspítala.
5. Berklaspítala.
6. Farsóttahúsa.
7. Heimila fyrir ólæknandi sjúklinga.
8. Holdsveikraspítala.

Þar að auki er veittur sjúkrastyrkur til fátæklinga, sem ekki ná til sjúkrahúsa. Ríki og bæjarfélög kosta einnig heimili fyrir ofdrykkjumenn, og eru 8 slík heimili í Svíþjóð.

III. Styrkir vegna atvinnuleysis.

Atvinnuleysisstyrkur er ekki lagalegur réttur hins atvinnulausa og er ákveðinn við rannsókn hvers sérstaks tilfellis. Styrkurinn er aðeins veittur, ef eftirtöld skilyrði eru fyrir hendi:

a. að sá atvinnulausi sé fullra 15 ára að aldri,
b. að hann sé fær til vinnu í iðn sinni,
c. að hann hafi ekki hlotið fátækrastyrk síðustu 6 mánuðina,
d. að hann hafi leitazt fyrir um vinnu hjá opinberri vinnuskrifstofu,
e. að hann hafi óverðskuldað verið atvinnulaus í eina viku, og að hann sé hjálparþurfi.

Styrkurinn er aðallega innifalinn í atvinnubótavinnu, sem stofnað er til annaðhvort af ríkinu eða sveitar- eða bæjarfélögunum. Greiðir ríkið þó einnig styrk til hinna síðarnefndu, sem nemur 30—50% af kostnaði.

Ef ógerlegt hefir verið að veita hinum atvinnulausa atvinnubótavinnu, er honum greiddur fjárstyrkur, sem ekki má nema meiru en 1,50 kr. fyrir hjón á dag, 1,00 kr. fyrir einstakling yfir 18 ára aldur, 60 aurum fyrir aðra eldri en 15 ára og 30 aurum fyrir hvert barn. Greiðir ríki og sveitar- og bæjarfélög sinn helminginn hvort.

Ríkið styrkir og kennslu fyrir atvinnuleysingja, sem bæjarfélögin stofna til, og greiðir allt að 50% af styrk til atvinnulausra lærlinga.

Kaupgjaldshæðin í atvinnubótavinnu byggist á því kaupgjaldi, sem greiðist á frjálsum markaði fyrir ólærða verkamenn. Þar sem verkakaup er hæst, dragast 24% af því, og hljóta því verkamenn við atvinnubótavinnu 76% af því kaupi, sem venjulega er greitt, en annarsstaðar er frádráttur minni.

IV. Styrkur til fátækraframfærslu.

Fátækralögin sænsku mæla svo fyrir, að hlutaðeigandi yfirvöldum beri að veita fátækrastyrk börnum innan 16 ára aldurs, og mönnum, sem vegna elli, sjúkdóms eða annara ástæðna geta ekki framfleytt sér. Fátækraframfærslan er í höndum sveitar- og bæjarfélaga, sem tilnefna fátækranefnd.

Kostnaður við fátækraframfærslu er greiddur af bæjar- og sveitarfélögunum, en lítill hluti hans er þó endurgreiddur af ríkinu; sömuleiðis ber þeim, er fátækrastyrk hafa fengið, að endurgreiða hann þegar ástæður leyfa.

V. Styrkur til sjómanna.

Sjómannalögin mæla fyrir um skyldur útgerðarmanns gagnvart skipverjum. Ber honum að greiða sjúkrakostnað meðan á ráðningartímanum stendur og í 6 víkur á eftir. Einnig greiðir hann kostnað af flutningi hins sjúka til Sviþjóðar.

Þar sem um kynferðissjúkdóma ræðir, ber ríkinu að greiða kostnaðinn.

Skipverjinn á einnig kröfu á fullu kaupi allan ráðningartímann, eða ef honum hefir verið sagt upp vegna veikinda eða slyss, í 1 mánuð, ef háseti, 2 mánuði, ef yfirmaður, en þrjá mánuði, ef skipstjóri á í hlut.

Útgerðarmaður er þó laus allra skilmála, ef veikindin eða slysið hefir orsakazt af alvarlegu hirðuleysi eða verið dulin þegar ráðningin fór fram.

Lífeyrir er veittur sjómönnum, sem uppfylla eftirtalin þrjú skilyrði:

a. að hann sé orðinn 55 ára,
b. að hann hafi verið skráður í 25 ár á sænskri skrásetningarstofu og hafi mestan tímann siglt á sænsku skipi í utanlandssiglingum, og
c. að hann hafi skilríki um góða hegðun.

Tala lífeyranna er takmarkaður, og því verður að vera óveittur lífeyrir fyrir hendi, ef einhver sækir um slíkan. Kostnaðinn við þennan lífeyri greiðir ríkissjóður.

VI. Annað.

Alþýðubústaðir njóta nú ýmissa hlunninda og styrkja af hendi hins opinbera, en hér þykir rétt að fara ekki nánar út í þau mál.

Vér munum nú reyna að gera grein fyrir því, hve miklu þessir aðþýðustyrkir nema, en þar er þó sleppt öllu öðru en beinum greiðslum, en vitað er, að ýms lagafyrirmæli, sem ekki valda neinum sérstökum greiðslum, geta engu síður verið til styrktar en beinar eða óbeinar fjárgreiðslur.

Um þá töflu gildir sama og áður hefir verið sagt, að upplýsingar eru ekki greinilegar, og því ekki of mikið á þeim byggjandi, en samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir hendi voru, voru styrkgreiðslur þær, sem um ræðir, sem hér segir árið 1930:

Til barnaverndar	22527	þús. kr.
Sjúkrastyrkir	83980	— —
Til drykkjumannahæla	432	— —
Atvinnuleysisstyrkur	4522	— —
Til fátækraframfærslu	90528	— —
Vegna sjómannalaga	1013	— —
Samtals	203002	þús. kr.

ALÞÝÐUSTYRKIR Í ÞÝZKALANDI.

Eins og eðlilegt er um jafnstóra og jafnmikla iðnaðarþjóð, hafa verið skipulagðar mjög víðtækar öryggisráðstafanir fyrir alþýðu í Þýzkalandi, svo að varla munu þær vera eins vel skipulagðar annarsstaðar.

Ein af þessum ráðstöfunum eru alþýðustyrkirnir, og þá fyrst og fremst alþýðutryggingarnar, því að alþýðuhjálp er aðeins lítill hluti af þeim greiðslum, sem hér greinir frá. Ber það vott um, hve réttur hins vinnandi lýðs er tryggður, að hann þarf svo lítið undir höggið að sækja með hjálparbeiðnir, heldur á kröfu á tryggingargreiðslum þegar svo ber undir, að slíks er þörf.

Í greinargerð þessari munu því alþýðutryggingarnar vera mikilvægasti hlutinn.

A. Alþýðutryggingar

Skipulagning alþýðutrygginganna í Þýzkalandi hefst með lögum um sjúkratryggingar 1883, en með þeim lögum er yfirgnæfandi meiri hluta allra verkamanna við iðnrekstur gert að skyldu að tryggja sig gegn veikindum. Á næstu þrjátíu árum er svo aukið við og bætt, svo að 1911 voru komnar á almennar skyldutryggingar gegn veikindum, slysum og örorku. Eftir stríðið hefir enn skipulag þetta verið aukið og bætt við atvinnuleysistryggingum, sem komu til framkvæmda árið 1927.

Til frekari skýringar skal þess getið, að af 32 millj. íbúa, sem höfðu atvinnu annaðhvort sjálfstæða eða hjá öðrum, voru árið 1930 tryggðir gegn:

slysum rúmar 24 millj.,
veikindum tæpar 22 millj.,
elli og örorku rúmar 22 millj. og
atvinnuleysi rúmar 15 millj.

Þegar tekið er tillit til þess, að af öllum þeim 32 millj. voru aðeins tæpar 20 millj., sem hjá öðrum unnu, má heita, að hinar þrjár fyrstnefndu greinar trygginganna nái til allra, sem með þurfa, og atvinnuleysistryggingarnar jafnvel líka, þar eð áhættan er þar ekki eins almenn og annarsstaðar.

Vér munum nú taka til athugunar hverja grein þessara trygginga um sig.

I. Slysatrygging.

Tryggðir eru allir, sem atvinnu hafa hjá öðrum, og ennfremur geta þeir atvinnurekendur, sem sjálfir vinna við atvinnurekstur sinn, tryggt sig af frjálsum vilja. Tryggingarnar ná til þeirrar áhættu, er af slysum við vinnu hlýzt, og einnig til allmargra tegunda vinnusjúkdóma.

Tryggingarstofnanirnar eru með tvennu móti: samábyrgðarfélög atvinnurekenda og sérstakar tryggingarstofnanir hins opinbera.

Hinar fyrri eru annaðhvort takmarkaðar við vissar iðngreinar eða við hin einstöku lönd innan ríkisins, en tryggingarstofnanir ríkisins eru fyrir starfsmenn við opinberan rekstur.

Styrkir eru greiddir vegna kostnaðar, er af læknishjálp leiðir, og vinnutaps, ef dauði hlýzt af slysinu, og vegna vinnusjúkdóma.

Vegna slyss, sem ekki hefir dauða í för með sér, greiðist: læknishjálp og sjúkrahúskostnaður, kostnaður við að gera hinn slasaða aftur vinnufæran, og dagpeningar frá þeim degi, er slysið bar að höndum, eða þegar sjúkrastyrkurinn frá sjúkratryggingu, ef hinn slasaði er í slíkri, hættir.

Ef örorka hlýzt af slysinu, fær hinn slasaði lífeyri, sem nemur ⅔ af venjulegum launum hans. Ef hann missir aðeins nokkurn hluta orku sinnar að staðaldri, er lífeyririnn hlutfallslega lægri.

Ef dauði hlýzt af slysinu, er veittur útfararstyrkur, er nemur fimmta hluta árstekna hins dauða, en þó ekki minni en 50 RM; einnig greiðist lífeyrir til hinna eftirlátnu. Ekkja fær fimmta hluta af árstekjum látins bónda síns, en tvo fimmtu hluta, ef hún missir meira en helming starfsorku sinnar. Greiðist lífeyrir þessi þar til hún deyr eða giftist aftur. Hvert barn fær fimmta hluta kaups látins föður fram til 16 ára aldurs, og lengur, ef um framhaldsmenntun er að ræða eða ef barnið er ófært til vinnu. Þó má lífeyrir vegna látins manns ekki nema meiru en ⅘ hlutum kaups hans.

Styrkur vegna vinnusjúkdóms má ekki nema meiru en hálfum lífeyri hins tryggða, en þó greiðast biðlaun þar til hinn tryggði getur fengið starfa í annari iðngrein, ef ætla má, að veikindin ágerist við áframhaldandi starf í sömu iðn.

Kostnaðurinn við tryggingar þessar greiðist eingöngu af atvinnuveitendum, og fer greiðsla hvers einstaks eftir áætlun um áhættuna við vinnuna, sem gerð er við lok hvers árs.

II. Sjúkratrygging.

Trygging þessi nær til allra, sem hjá öðrum vinna, hvort heldur þeir fá kaup eða ekki (t. d. lærlingar). Þó eru þeir launaðir starfsmenn og handiðnaðarmenn undanteknir, sem hafa hærra kaup en 3600 RM á ári.

Sjálfstæðir atvinnurekendur, sem ekki hafa hærri tekjur en sem þessu marki nemur, geta tryggt sig af frjálsum vilja, og hafi þeir aðeins tvo menn í þjónustu sinni.

Ef skylda eða réttur til tryggingar fellur burt, getur sá, sem í hlut á, tryggt sig sjálfur áfram.

Tryggingarsjóðirnir eru með þrennu móti: sjóðir, sem bundnir eru við visst bérað eða bæ, sjóðir, sem eru fyrir vissan atvinnurekstur, og svo sjóðir, sem leyfðir eru með sérstökum ákvæðum, og eru þeir fæstir, enda ekki leyft að stofna nýja.

Kostnaðurinn við tryggingarnar greiðist með iðgjöldum frá hinum tryggðu og atvinnuveitendum; greiða hinir fyrrnefndu ⅔ hluta þeirra, en atvinnurekendur ⅓ hluta. Þeir, sem í frjálsu tryggingunum eru, greiða sjálfir öll iðgjöldin. Iðgjöldin hjá hverjum sjóði eru í beinu hlutfalli við kauphæðina, en eru mismunandi eftir sjóðum. Að jafnaði nema þau 3½% af kaupgreiðslum.

Lágmark sjúkrastyrksins er ákveðið með lögum, en flestir sjúkrasjóðir greiða meira, og er það mismunandi eftir reglugerðum þeirra.

Styrkurinn greiðist við veikindi og fæðingar. Lögin segja fyrir, að greiða skuli læknishjálp og meðul í allt að 26 vikur, sjúkrahúsdvöl þegar aðstæður krefja, og læknishjálp fyrir skyldulið hins tryggða.

Við fæðingar greiðist yfirsetukonuhjálp, og ef þörf gerist sjúkrahúsdvöl og læknishjálp fyrir tryggðar konur og konur og dætur tryggðra manna.

Þar að auki veita margir sjúkrasjóðir fría hjúkrun á heimili hins tryggða,

styrki til heilsubótar, gervilimi o. fl. Einnig er styrktíminn allvíða lengdur í heilt ár.

Fjárstyrkurinn á minnst að nema hálfu kaupi og greiðist frá fjórða degi veikindanna í hálft ár. Ef heimilisfaðirinn er stundaður á sjúkrahúsi, fær fjölskyldan hálfan sjúkrastyrkinn greiddan. Við fæðingar greiðist fæðingarstyrkur, jafn sjúkrastyrknum, í fjórar vikur fyrir og sex vikur eftir barnsburð. Þó má þessi styrkur ekki vera lægri en 0,50 RM á dag. Þar að auki greiðist 10 RM styrkur og fóstrunarstyrkur, jafn hálfum fæðingarstyrk, í 12 vikur eftir fæðingu. Eftir þessu er því fjárstyrkur vegna fæðingar minnst 66 RM.

Útfararstyrkur greiðist, sem nemur kaupi hins látna í 20 daga.

Sjúkrasjóðirnir mega hækka dagpeningana upp í 60% af kaupi, auk viðbótarstyrks vegna fjölskyldunnar, en þó má styrkurinn allur ekki nema meiru en 75% af kaupi hins tryggða.

Lengstur styrkgreiðslutími má vera eitt ár.

Við fæðingar má hækka greiðslur upp í 25 RM og 75% af kaupi í þrettán vikur og fóstrunarstyrk í 26 vikur. Útfararstyrkurinn má hæst nema 40 daga kaupi. Sömuleiðis má greiða styrk vegna dauða maka eða barns hins tryggða.

III. Örorku-, elli- og ekkna- og munaðarleysingjatryggingar.

a. Fyrir verkamenn.

Trygging þessi nær til allra verkamanna við iðnað, verzlun, flutninga, handiðn, einnig þeirra, er vinna fyrir aðra á heimili sínu, vinnufólks og lærlinga.

Þeir, sem sjálfstæðir eru, geta einnig tryggt sig, séu þeir yngri en 40 ára, en þó með samskonar takmörkunum, sem settar eru í sjúkratryggingunni.

Tryggingarstofnanir þær, sem tryggingar þessar annast, eru 35. Þar af eru 6, sem bundnar eru við ákveðinn atvinnurekstur, og 29, sem eru hver fyrir sitt landið. Stjórnin er skipuð af hinu opinbera, atvinnuveitendum og verkamönnum.

Kostnaður við tryggingar þessar greiðist af iðgjöldum atvinnuveitenda og verkamanna og styrk ríkisins. Iðgjöldin eru bundin við 7 launaflokka og nema 5% af hæsta kaupi í hverjum flokki. Atvinnuveitendur greiða þau öll, en heimilt er þeim að draga helminginn af kaupi verkamanna.

Ríkið greiðir vegna hvers örorkulífeyris, ellilauna eða ekkils- eða ekkjulífeyris 72 RM á ári, og vegna hvers munaðarleysingja, sem tryggingarnar ná til, 36 RM á ári.

Einnig greiðir ríkið sérstakan styrk til þess að bera hluta af tapi því, er af verðfalli gjaldmiðilsins hlauzt árin eftir stríðið.

Örorku- og ellilífeyririnn greiðist, þegar hinn tryggði verður öryrki eða 65 ára.

Lífeyririnn nemur 240 RM á ári, að viðbættum 20% af greiddum iðgjöldum síðan 1923 og 4—30 Rpf. eftir kaupflokkum fyrir hverja iðgjaldsviku fyrir 30. sept. 1921. Þar að auki greiðist viðbótarstyrkur fyrir hvert barn innan 15 ára aldurs, sem nemur 120 RM á ári.

Ekkjulaun nema 72 RM, að viðbættum ¾ hlutum þess, sem hinn tryggði

maki hefði fengið, en þó aðeins, ef hún er öryrki eða orðin 65 ára að aldri. — Ekkilslaun nema sömu upphæð, en greiðast aðeins, líði launakrefjandi skort.

Munaðarleysingjastyrkurinn nemur hálfum þeim lífeyri, er foreldrið hefði fengið, og greiðist hann fram að 16 ára aldri, eða allt að 22 ára aldri, ef um framhaldsnám er að ræða.

Ef barn er óhæft til að vinna fyrir sér, greiðist styrkurinn meðan svo er.

Í sérstökum tilfellum getur í stað lífeyris komið dvöl á barnahæli, kryplingahæli eða elliheimili.

b. Fyrir launaða starfsmenn.

Tryggingin nær til allra launaðra starfsmanna, sem lægri tekjur hafa en 8400 RM á ári. Auk þeirra, sem þannig eru skyldutryggðir, geta launaðir starfsmenn, sem hærra kaup hafa, og sjálfstæðir menn, sem hafa líka stöðu og launaðir starfsmenn, tryggt sig af frjálsum vilja.

Sérhver, sem tryggður hefir verið í 4 mánuði, getur tryggt sig áfram, þó svo, að skylda hans eða réttur til trygginganna sé fallinn burt.

Mestur hluti hinna tryggðu er tryggður hjá tryggingarstofnun ríkisins fyrir launaða starfsmenn.

Kostnaður við tryggingarnar greiðist eingöngu af hinum tryggðu og atvinnuveitendum. Er hinum skyldutryggðu skipt í átta launaflokka, hinn lægsti undir 50 RM á mánuði og sá hæsti yfir 600 RM á mánuði. Iðgjöldin nema 4% af hæstu laununum í hverjum launaflokki, eða frá 2—24 RM á mánuði. Þeir, sem eru í frjálsu tryggingunni, greiða 25 eða 50 RM á mánuði. Iðgjöld hinna skyldutryggðu greiðast að helmingi af atvinnuveitendum og hinum tryggðu.

Örorku- og ellilaunin greiðast með sömu skilyrðum og í verkamannatryggingunum, en þó er tryggður maður yfir 60 ára aldur, sem hefir verið atvinnulaus í heilt ár, talinn óstarfhæfur, og fær því lífeyri meðan hann er atvinnulaus.

Lífeyririnn nemur 480 RM á ári, að viðbættum 15% af iðgjöldum greiddum síðan 1923, 0,50—5 RM fyrir hverja iðgjaldsgreiðslu á árunum 1913 — 31. júlí 1921, og viðbót, sem nemur 120 RM, fyrir hvert barn innan 15 ára aldurs, eða innan 21 árs, ef um framhaldsnám er að ræða, eða lengur, ef barnið getur ekki unnið fyrir sér vegna veikinda.

Ekkjulífeyrir er jafn ⅗ hlutum þess, sem maður hennar hefði fengið, og greiðist hann til dauða, eða þar til hún giftist aftur. Í síðara tilfelli fær hún í eitt skipti fyrir öll þriggja ára lífeyri.

Lífeyrir til ekkjumanna er með sama móti og til ekkna, en þó greiðist hann aðeins, hafi konan unnið fyrir manni sínum, og sé hann þurfandi. Ef hann kvongast aftur, fær hann ekkert, eða ef aðstæður þær, er urðu þess valdandi, að hann fékk lífeyri, eru ekki lengur fyrir hendi.

Lífeyrir munaðarleysingja nemur hálfum lífeyri foreldrisins og greiðist með sömu skilmálum og viðbótarstyrkurinn til lífeyrismanna vegna barna þeirra.

c. Fyrir námumenn.

Allir menn, sem vinna við námugröft og hafa ekki hærri árslaun en sem nemur 8400 RM, eru skyldutryggðir. Einnig mega þeir, sem hærra kaup hafa og ekki eru fullra 40 ára, tryggja sig.

Fyrir þessar tryggingar er ein tryggingarstofnun (Reichsknappschaft), sem svo hefir undir sér landastofnanirnar.

Kostnaðurinn greiðist af atvinnuveitendum, sem draga mega $^3/_5$ hluta hans af kaupi hinna tryggðu. Þeir, sem í frjálsu tryggingunum eru, greiða sjálfir öll iðgjöldin.

Ríkið greiðir þó styrk til stofnunarinnar til þess að tryggja fjárhagslega afkomu hennar.

Í aðalatriðunum er fyrirkomulagið hið sama og í samskonar tryggingum annara atvinnugreina, nema nokkuð er tekið tillit til sérstöðu námumannanna. Annars má geta þess, að tryggingar innan námugraftrarins eru hinar elztu, sem greinir frá, þó svo að lögboð fyrir þeim hafi ekki staðið lengi.

IV. Atvinnuleysistryggingar og kreppuhjálpin.

Þeir verkamenn og launaðir starfsmenn, sem lægra kaup hafa en 8400 RM á ári, eru skyldutryggðir, þó með þeim undantekningum, er hér greinir:

Sérstakir flokkar verkamanna við landbúnað, lærlingar, þeir, sem vinna við íhlaupavinnu, og þeir, sem vinna á heimilum sínum.

Atvinnuleysistryggingunum er stjórnað af ríkisstofnun (Reichsanstalt für Arbeitsvermittlung und Arbeitslosenversicherung), og er stjórn hennar samsett af trúnaðarmönnum yfirvaldanna, atvinnuveitenda og verkamanna.

Kostnaðurinn greiðist að jöfnu af atvinnuveitendum og hinum tryggðu. Nema iðgjöldin hundraðshluta af kaupgreiðslum, fyrst 3%, sem síðan hefir verið hækkað upp í 6½%.

Ef stofnunin getur ekki staðið straum af útgjöldunum, er ríkinu skylt að veita henni lán, en slíkt hefir ekki verið nauðsynlegt síðan iðgjöldin voru hækkuð. Greiðslur eru þrennskonar: atvinnuleysisstyrkir, greiðslur til annara skyldutryggingastofnana, og styrkur vegna skamms vinnutíma.

Atvinnuleysisstyrkurinn er greiddur, ef hinn tryggði hefir verið ákvæðistímann í tryggingunum og ef hann er fær eða fús til vinnu.

Ákvæðistíminn er 52 vikur síðustu tvö árin, eða 26 vikur síðasta árið, ef hinn tryggði verður atvinnulaus í annað skipti eða oftar.

Styrkurinn fer eftir því, í hvaða launaflokki hinn tryggði er, og eftir fjölda skylduliðs hans. Hann greiðist viku eftir atvinnuleysisskráningu í 26 vikur.

Greiðslur til annara skyldutryggingarstofnana, þ. e. sjúkratrygginga, örorkutrygginga o. s. frv., eru til þess, að hinn atvinnulausi fari ekki varhluta af rétti sínum þar.

Greiðslur vegna skamms vinnutíma koma til greina, ef vinnutími skerðist um helming eða meira.

Kreppuhjálpin er fyrir þá, sem ekki eru í atvinnuleysistryggingunni, eða þegar hafa fullnotað rétt sinn þar og eru hjálparþurfi.

Stjórn hennar er í sambandi við atvinnuleysistryggingunna. Kostnaður greiðist að $^4/_5$ hlutum af ríkinu, en $^1/_5$ hluti af sveitar- eða bæjarfélögunum. Greiðslur úr kreppuhjálp fara eftir launaflokki og fjölda skylduliðs hins atvinnulausa. Að jafnaði eru þær mun lægri en greiðslur úr atvinnuleysistryggingarstofnuninni.

Styrktíminn er 32 vikur, eða 45 vikur, ef hinn atvinnulausi er meira en 40 ára að aldri.

V. Tryggingar fyrir starfsmenn við opinberar stofnanir

er margþætt fyrirkomulag, sem vér munum ekki skýra frá, þar eð það í eðli sínu er ekki svo mjög frábrugðið hinu.

VI. Athugasemdir.

Við höfum þegar í byrjun gert okkur nokkra grein fyrir því, til hve mikils hluta þjóðarinnar tryggingarnar ná. Því skal nú reynt, eins og áður, að fá nokkra hugmynd um kostnaðinn við tryggingarnar fyrir þá, sem til þeirra greiða, svo og hve miklu greiðslur tryggingganna nema. Þar sem rétt þykir að reikna rekstrarkostnað tryggingarstofnananna með, mun það gert að þessu sinni:

Í eftirfarandi töflu eru því talin iðgjöld og greiðslur til tryggingganna, og hversu miklu það nemur á hvern tryggðan árið 1930.

Tegund trygginga	Iðgjöld og greiðslur (í milj. RM)	Á hvern tryggðan (í RM)
1. Slysatrygging	405	17
2. Sjúkratrygging	2075	94
3. Örorku-, ellitr. o. s. frv.:		
a. Fyrir verkamenn	1423	79
b. — launaða starfsmenn	385	110
c. — námumenn	181	259
4. Atvinnuleysistryggingar	2152	143

Það sama ár námu greiðslur stofnananna og kostnaður við reksturinn sem hér segir:

Tegund trygginga	Kostnaður við tryggingarnar (í millj. RM)	Kostnaður á hvern tryggðan (í RM)
1. Slysatrygging	429	18
2. Sjúkratrygging	2011	91
3. Örorku-, ellitrygging o. s. frv.:		
a. Fyrir verkamenn	1467	82
b. — launaða starfsmenn	225	60
c. — námumenn	251	418
4. Atvinnuleysistryggingar	2159	144

Það, sem sérstaklega er áberandi í þessari töflu, er, hve kostnaður er lágur á tryggðan í 3. b. og hár í 3. c. Trygging 3. b. er til þess að gera svo nýleg, að lífeyrar eru ennþá ekki búnir að ná þeim fjölda, sem vera ætti samkv. fjölda hinna tryggðu, en greiðslur til námumanna eru svo háar vegna hinnar miklu áhættu við dauða eða örorku. Má og vera, að árið 1930 hafi verið sérstaklega óhagstætt, enda hefir fjárstofn þeirra trygginga skerzt allmikið það ár.

Sú tafla, sem hér fer á eftir, gefur hugmynd um það, hverjir bera kostnaðinn af tryggingunum. Bera hinir tryggðu sjálfir mestan þunga af þeim, en atvinnuveitendur þó næstum því jafnmikið. Minnsta hlutann ber hið opinbera.

Tegund trygginga	Greiðslur hins opinbera (í millj. RM)	Greiðslur atvinnu-veitenda (í millj. RM)	Greiðslur hinna tryggðu (í millj. RM)
1. Slysatrygging	„	405	„
2. Sjúkratrygging	21	685	1369
3. Örorku-, ellitr. o. s. frv.:			
a. Fyrir verkamenn	437	493	493
b. — launaða starfsmenn.	„	192	192
c. — námumenn	29	62	90
4. Atvinnuleysistryggingar	1090	531	531
	1577	2368	2675

B. Alþýðuhjálp.

Við höfum nú að nokkru leyti fengið hugmynd um alþýðutryggingar og séð, hversu víðtækar þær eru, og munum vér nú taka til athugunar hinn hluta alþýðustyrkja, þar sem alþýðuhjálpin er.

Þessi starfsemi er að vísu umfangsmikil, en þó hverfandi lítil í samanburði við alþýðutryggingarnar. Hún er í sjö liðum, sem hér segir:

1. Styrkur til fyrrverandi hermanna og ekkna og barna fallinna hermanna.
2. Lífeyrisstyrkur til manna, sem kröfu eiga á slíkum styrk, en fá hann ekki greiddan úr tryggingarstofnunum.
3. Styrkur til manna með lágar tekjur.
4. Hjálp til örkumla manna til þess að fá atvinnu, og annara, sem ekki geta aflað sér viðurværis.
5. Styrkur til unglinga.
6. Fæðingarstyrkur.
7. Almenn hjálp til þeirra, sem ekki teljast til neins af þeim liðum, er hér voru taldir.

Stjórn alþýðuhjálparinnar er í höndum landanna, sem hvert um sig getur gert ráðstafanir um stjórn hennar.

Löndin fá allmikinn styrk frá ríkinu, sem greiðir löndunum hluta af ýmsum tekjum sínum, en það, sem á vantar, greiða löndin sjálf.

Hjálp þessi er takmörkuð við hið minnsta, sem hinn hjálparþurfi getur komizt af með, eða

a. lífsnauðsynjar (húsnæði, fæði og klæðnað),
b. sjúkrahjálp, ef til veikinda kemur,
c. fæðingarstyrk,
d. almenna fræðslu og starfskennslu fyrir börn,
e. starfskennslu fyrir blinda, heyrnarlausa og mállausa.

Auk þessarar hjálpar eru sérstök lög, sem mæla fyrir um verndun barna og aumingja.

Kostnaðurinn við hjálp þessa nam fjárhagsárið 1930—31: 2205 millj. RM, sem greiddust að níunda hluta af ríkinu, en 8/9 hlutum af löndunum.

Sérstök lög mæla fyrir um skyldur skipaeigenda gagnvart sjúkum og slösuðum skipverjum.

Ennfremur eru víðtækar ráðstafanir til þess að draga úr húsnæðisvandræðum, lög, sem mæla fyrir um styrki vegna stórra fjölskyldna, og frídaga með kaupi, en ekki þykir ástæða til þess að skýra nánar frá því hér.

ALÞÝÐUSTYRKIR Í STÓRA-BRETLANDI OG NORÐUR-ÍRLANDI.

Það hefir löngum þótt einkenni Englendingsins að halda fast við allt gamalt og reynt, en vera varkár og athugull um alla nýbreytni. Svo var það og hvað snerti öryggisráðstafanir fyrir alþýðu. Það var fyrst eftir aldamótin, að skriður komst á þessi mál, og fyrst núna á áratugnum eftir stríðið hafa alþýðutryggingar komizt í það form, sem ætla má, að til frambúðar verði.

Lögin um ábyrgð atvinnuveitenda á lífi og limum verkamanna hans við vinnu voru samþykkt rétt fyrir aldamótin, og enn eru atvinnuveitendur ekki skyldugir að tryggja sig gegn þeim greiðslum, sem af ábyrgð þeirra kann að leiða. Sjúkratryggingin var fyrst lögboðin (National Health Insurance Act) 1911 og elli-, ekkna- og munaðarleysingjatryggingar fyrst fyrirskipaðar 1925.

A. Alþýðutryggingar.

Við höfum þegar nefnt nokkrar greinar trygginganna, og eru þá aðeins ótaldar atvinnuleysistryggingarnar og frjálsu tryggingarnar. Voru þær fyrri lögboðnar 1911.

Til þess að gera nokkra grein fyrir því, til hve mikils hluta þjóðarinnar tryggingarnar ná, skal það tekið fram, að af 19,2 millj. starfandi íbúa (án atvinnuveitenda) 1921 og 1926 voru 1930[1]) í hverri grein trygginga sem hér segir:

	Fjöldi tryggðra 1930 (í millj.)
1. Slysatrygging	18,0
2. Sjúkratrygging (National Health Insur.)	17,4
3. Elli-, ekkna- og munaðarleysingjatryggingar	17,8
4. Atvinnuleysistryggingar	12,7
5. Frjálsar tryggingar	11,6

Það skal tekið hér fram, að sjúkratryggingin er ekki samskonar og annarsstaðar, og nær til fleiri áhættna, enda eru engar örorkutryggingar í 3. tryggingargreininni.

Meðlimatöluna í frjálsu tryggingunum ber ekki að skilja svo, að 11,6 millj. af íbúum Bretlands séu tryggðir þar, heldur er samanlögð meðlimatala allra frjálsu tryggingarfélaganna 11,6 millj., og er ekki útilokað, að þar sé tvítalning, þ. e. a. s. að margir séu í tveimur félögum, því að starfssvið hinna ýmsu félaga er með ýmiskonar móti.

Munum vér nú taka til athugunar nánari ákvæði hverrar tryggingargreinar.

1) Sjá: Manntal í Stóra-Bretlandi 1921, í Norður-Írlandi 1926. Þær tölur, sem hér eru gefnar, eru því ekki fyllilega sambærilegar og verður að taka tillit til þess.

I. Slysatryggingar.

Samkv. lögum frá 1897, sem síðast var breytt 1925, ber atvinnuveitendum að greiða slysabætur fyrir slys við vinnu; en engin ákvæði eru um það, að atvinnuveitanda beri skylda til að tryggja sig gegn þeirri áhættu.

Rétt til slysabóta eiga allir, sem vinna samkv. kaup- eða lærlingssamningi, nema þeir starfsmenn við ólíkamlega vinnu, er hærra kaup hafa en 350 £ á ári, verkamenn, sem vinna íhlaupavinnu, og meðlimir fjölskyldu atvinnuveitenda, sem búa hjá honum.

Þó tryggja flestir atvinnuveitendur sig gegn áhættu þessari hjá samábyrgðar-tryggingarfélögum atvinnuveitenda eða almennum tryggingarfélögum. Bætur eru greiddar fyrir líkamleg meiðsl, sem hljótast af slysi við vinnu og vegna nokkurra vinnusjúkdóma.

Bætur eru allar fjárgreiðslur, og eru mismunandi eftir þeim afleiðingum, sem slysið hefir. Ef hinn slasaði verður um stund algerlega óvinnufær, fær hann greitt hálft kaup, en þó ekki meira en 30 sh. á viku. Hafi hann lægra vikukaup en 50 sh., greiðist uppbót, er nemur hálfum mismunìnum á kaupi hans og 50 sh.

Ef hinn slasaði nær ekki fullum bata, svo að hann fær ekki greitt eins hátt kaup og áður, greiðast bætur áfram, sem nema hálfum mismuninum.

Í sérstökum tilfellum getur komið í stað vikulegra greiðslna ein upphæð í eitt skipti fyrir öll, og nota atvinnuveitendur eða þeir, sem bæturnar eiga að greiða, oft þann kostinn.

Bætur, er greiðast vegna dauða, er af slysi hlýzt, eru mjög mismunandi, og veldur þar um fjöldi ómaga og hæð kaups hins látna.

Ef hinn látni lætur eftir sig ekkju eða skylduómaga eldri en 15 ára, nema bæturnar þriggja ára kaupi hans, sem þó ekki má vera meira en 300 £ og ekki minna en 200 £.

Ef hann þar að auki hefir átt börn yngri en 15 ára, vaxa bæturnar, svo að fyrir hvert barn er greitt 15% af kaupi hins látna, þar til barnið verður 15 ára. Alls mega bæturnar ekki vera hærri en 600 £. Hafi aðstandendur hins látna aðeins að nokkru leyti verið honum háðir, er greiðslan ákveðin með samkomulagi, eða ef slíkt næst ekki, með gerðardómi. Vegna dauða manns, sem engan ómaga hefir, nema bæturnar hæfilegum sjúkra- og útfararkostnaði, sem ekki má vera meiri en 15 £.

II. Sjúkratryggingar (National Health Insurance).

Brezka sjúkratryggingin var lögleidd sem skyldutrygging 1911, en hefir verið breytt nokkuð síðan.

Tryggingarskyldir eru allir eldri en 16 ára, sem hjá öðrum vinna, að þeim mönnum undanteknum, sem vinna ekki líkamlega vinnu og hafa hærra kaup en 250 £ á ári, sem hafa íhlaupavinnu, kauplaus börn atvinnurekenda og kauplausir lærlingar. Undanskyldir tryggingunum eru ennfremur ýmsir starfsmenn hins opinbera og opinberra stofnana og launað starfsfólk við járnbrautirnar, en þeim er tryggður jafn réttur og hinum annarsstaðar.

Tryggt er hjá sameignarlegum tryggingarfélögum, sem stjórnað er af trúnaðarmönnum hinna tryggðu og tryggingarnefnd, sem aðallega samanstendur

af trúnaðarmönnum viðurkenndra félaga og læknum. Þessar stofnanir eru undir yfirumsjón heilbrigðismálaráðherra í Englandi og Skotlandi, en atvinnumálaráðherra í Norður-Írlandi.

Kostnaðurinn við tryggingarnar greiðist með iðgjöldum hinna tryggðu og atvinnuveitenda, sem nema 9 d. á viku fyrir karlmann, en 8½ d. á viku fyrir kvenmann. Af því greiðir atvinnurekandi 4½ d. fyrir hvern tryggðan. Þar að auki veitir ríkið styrk, sem nemur ⅐ af útgjöldum vegna karlmanna, en ⅕ af útgjöldum vegna kvenmanna, og allan kostnað yfirstjórnarinnar.

Tryggingarnar ná til veikinda (fyrstu 26 vikurnar), og orkutaps (eftir 26. vikuna) og barnsburðar tryggðra kvenna og eiginkvenna tryggðra manna. Greiddur er sjúkrakostnaður, dagpeningar, örorkustyrkur, fæðingarstyrkur og viðbótarstyrkur.

Sjúkrastyrkurinn er aðeins greiddur vegna veikinda hins tryggða og nemur almennri læknishjálp og meðulum. Til þess að verða sjúkrastyrks þessa aðnjótandi þarf engan ákvæðistíma.

Til þess að fá fulla dagpeninga, sem nema 15 sh. á viku til karlmanns, en 12 sh. á viku til kvenmanns, verður hinn tryggði að hafa verið 2 ár í tryggingunni, en annars fær hann aðeins 9 sh., ef um karlmann ræðir, en 7 sh. 6 d., ef kvenmaður á í hlut, þó aðeins hafi hinn sjúki verið 26 vikur í tryggingunni. Dagpeningar greiðast í allt að 26 vikur.

Örorkustyrk fá þeir, sem rétt höfðu á fullum dagpeningum, og nemur hann 7 sh. 6 d. á viku frá 27. viku veikinda og greiðist þar til bati er fenginn. Til þess að verða fæðingarstyrks aðnjótandi verður styrkkrafi að hafa verið 42 vikur í tryggingunum, og nemur hann 2 £, en getur hækkað upp í 4 £, ef bæði foreldrin eru tryggð.

Viðbótarstyrk mega þau félög greiða, sem eftir mati eiga meira en fyrir skuldbindingum. Greiðist hann vegna langvarandi veikinda, orkutaps, fæðinga, tannlækninga, augnlækninga eða sjúkrahúsdvalar. Þennan styrk geta þó aðeins þeir fengið, sem 5 ár hafa verið í tryggingunum.

III. Elli-, ekkna- og munaðarleysingjatrygging.

Samkv. lögum frá 1925, sem breytt var 1929, eru þessar tryggingar skyldutryggingar. Þær ná til því sem næst sömu manna og sjúkratryggingin.

Kostnaður við tryggingarnar greiðist með iðgjöldum hinna tryggðu og atvinnuveitenda. Greiða hinir fyrrnefndu: karlmaður 4½ d. á viku, en kvenmaður 2 d., en atvinnuveitandi greiðir fyrir hvern karlmann 4½ d., en kvenmann 2½ d. Að jafnaði greiðir ríkið mismuninn milli tekna og gjalda.

Nákvæm fyrirmæli eru um það, hverjum beri styrkurinn, og eru þau í þá átt að tryggja þeim, sem orðið hefðu styrksins aðnjótandi, hefðu tryggingarnar fyrr verið framkvæmdar, ýms hlunnindi, og jafnvel að greiða fullan styrk fyrir áhættur, sem komi til greina áður en lögin gengu í gildi; þó eru þar allströng ákvæði til þess að forðast það, að tryggingarnar verði misnotaðar, og er ákvæðistíminn ákveðinn 2 ár.

Lífeyrir til ekkju nemur 10 sh. á viku þar til hún giftist aftur, að viðbætt-

um 5 sh. fyrir fyrsta barn yngra en 14 ára og 3 sh. fyrir hvert hinna. Til munaðarleysingja greiðist 7 sh. 6 d. á viku.

Ellilaun greiðast frá 65 ára aldri til 70, en þá taka við lífeyrisgreiðslur ríkisins, sem síðar greinir frá.

Styrkurinn nemur 10 sh. á viku til tryggðs manns. Kona hins tryggða fær sömu upphæð þegar hún verður 65 ára.

IV. Atvinnuleysistryggingar.

Skyldutryggingar vegna atvinnuleysis voru lögleiddar 1911, en breytt allmikið 1920.

Með þeim undantekningum, er síðar greinir, eru allir þeir, sem vinna samkv. kaup- eða lærlingssamningi, skyldir að tryggja sig á aldrinum 16—65 ára. Eftirtaldar undantekningar eru þó gerðar:

1. Þeir, sem við landbúnað, garðyrkju og skógrækt vinna.
2. Vinnufólk á heimilum.
3. Þeir, sem í þrjú ár hafa verið í fastri vinnu hjá hinu opinbera eða járnbrautarfélagi.
4. Andlegra starfa menn, sem hærri tekjur hafa en 250 £ á ári.

Stjórn tryggingarinnar er í höndum atvinnumálaráðherra og í sambandi við ráðningarskrifstofurnar. Kostnaðinn við tryggingarnar greiðir ríkið, atvinnurekendur og hinir tryggðu. Fyrir hvern fullorðinn karlmann greiðir atvinnurekandi 8 d. á viku, ríkið 7½ d. og hann sjálfur 7 d.

Styrkirnir eru því skilyrði bundnir, að hinn tryggði hafi greitt 30 iðgjöld síðustu 2 árin og að styrkkrafi sé atvinnulaus, en fær og viljugur til vinnu. Sérstök ákvæði eru þó um leyfi til þess að veita undanþágu frá fyrsta skilyrðinu.

Atvinnuleysi vegna kaupdeilu er ekki styrkhæft, sömuleiðis greiðist enginn styrkur í 6 vikur, ef atvinnuleysið stafar af illri framkomu, eða ef hinn atvinnulausi hefir hætt vinnu án ástæðu. Styrkhæðin er mismunandi eftir aldri og kyni. Fullorðinn karlmaður fær 17 sh. á viku og 9 sh. fyrir skylduómaga, aðra en börn, en fyrir hvert barn greiðast 2 sh.

V. Frjálsar alþýðutryggingar.

Þessar tryggingar eru mjög víðtækar og harla erfitt að gera grein fyrir verksviði þeirra eða tilgangi.

Þær geta verið vegna sjúkdóms, orkutaps, elli eða munaðarleysis, fæðinga eða dauða, atvinnuleysis, eldshættu o. s. frv. En allar þessar tryggingar eru bundnar við alþýðu manna, því að ákvæði eru um, að tryggingarupphæðin megi ekki nema meiru en 50 £ á ári eða 200 £ í eitt skipti fyrir öll.

Tekjur þessara tryggingarfélaga, ef svo skal nefna, eru aðallega tillög meðlimanna; ennfremur greiða sumir atvinnuveitendur iðgjöld. Algengt er, að félögunum er ánöfnuð peningaupphæð í erfðaskrám. Ennfremur veitir ríkið styrk til sumra félaganna.

VI. Athugasemdir.

Við höfum þegar í byrjun gert okkur grein fyrir því, hve mikill hluti þjóðarinnar er tryggður gegn þeim áhættum, er taldar voru. Við munum því nú

athuga, hve miklu þessar tryggingar nema og hvernig kostnaðurinn við þær skiptist. Nú er svo, að tryggingar þær, sem hér eru nefndar, t. d. sjúkratryggingin og ellitryggingin, hafa ekki sama verksvið og við sáum t. d. í Þýzkalandi, og verður því ætið að hafa hugfast við athugun tryggingargreiðslna eða iðgjaldagreiðslna, hvað hér var áður sagt um verksvið hverrar tryggingar fyrir sig.

Töflur þær, sem hér fara á eftir, sýna, hve miklu greiðslur til hverrar greinar trygginganna námu (iðgjöld og styrkir frá hinu opinbera eða annarsstaðar að), hve miklu kostnaðurinn við tryggingarnar nam (tryggingargreiðslur og stjórnarkostnaður) og hvern stofn tekjur trygginganna höfðu (iðgjöld atvinnurekenda eða verkamanna eða styrkir hins opinbera eða annarsstaðar að).

Iðgjöld og styrkir til trygginganna árið 1930:

Tegund trygginga	Iðgjöld og styrkir alls (í þús £)	Á hvern tryggðan (í sh.)
Slysatrygging	5555	6,2
Sjúkratrygging	33993	39,2
Elli-, ekkna- og munaðarleysingjatr.	33172	37,3
Atvinnuleysistrygging	67140	106,0
Frjálsar alþýðutryggingar	24725	42,6

Kostnaður við tryggingarnar árið 1930:

Tegund trygginga	Styrkir og stjórnarkostn. alls. (í þús. £)	Á hvern tryggðan (í sh.)
Slysatrygging	5077	5,6
Sjúkratrygging	39354	45,3
Elli-, ekkna- og munaðarleysingjatr.	35327	40,0
Atvinnuleysistrygging	101697	160,0
Frjálsar alþýðutryggingar	23846	41,0

Skipting tekna trygginganna eftir stofni í þús. £:

Tegund trygginga	Greiðslur hins opinbera	Greiðslur atvinnuveitenda	Greiðslur hinna tryggðu	Aðrar tekjur
Slysatrygging	„	5555	„	„
Sjúkratrygging	7520	ca. 13500	ca. 13000	6038
Elli-, ekkna- og mun.l.tr.	9315	— 12300	— 11500	2242
Atvinnuleysistr.	35958	— 16300	— 14000	„
Frjálsar alþýðutr.	3690	2955	18080	6748
Samtals	56483	50618	56580	15028

B. Alþýðuhjálp í Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi.

Alþýðuhjálp í Stóra-Bretlandi er allvíðtæk, og heyrir þar til elli- og blindralífeyrir án iðgjalda, fátækraframfærsla, sjúkrahjálp vegna ýmissa sjúkdóma,

sem krefjast sjúkrahúsdvalar, sjúkrahjálp Hálanda og eyjanna, sjúkrahjálp fyrir geðbilaða og taugaveiklaða, fæðingar- og barnahjálp, heilbrigðisráðstafanir fyrir skólabörn og skyldur skipaeiganda gagnvart sjúkum og særðum sjómönnum.

I. Elli- og blindralífeyrir án iðgjalda.

Þess var getið, að lífeyristryggingar nái aðeins fram til 70 ára aldurs, en þá tekur við lífeyrir, sem ríkið greiðir, og telst því til alþýðuhjálpar, en ekki til alþýðutrygginga.

Auk þeirra, sem þannig voru í ellitryggingunum, eiga allir brezkir þegnar, sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum, rétt á slíku hinu sama.

Styrkkrefjandi verður að hafa haft aðsetur sitt innan Bretaveldis í 12 af síðustu 20 árunum og má ekki hafa hærri tekjur en 49 £ 17 sh. 6 d., að undanteknum 39 £ vinnulausum tekjum.

Stjórnin er í höndum sömu stjórnardeilda og tryggingarnar, en svonefndar lífeyrisnefndir taka ákvörðun um styrkgreiðslur, en póststjórnin sér um greiðslu þeirra. Lífeyrir þessi greiðist frá 70 ára aldri fyrir sjáandi menn, en 50 ára aldri fyrir blinda.

Lífeyririnn fer stighækkandi eftir því, hve miklar tekjur lífeyrismaður fær auk hans, og nemur mest 10 sh. á viku.

Fyrir sjómenn eru sérstök ákvæði, og veita þau sjómönnunum öllu meiri rétt en öðrum, en annars er fyrirkomulagið mjög svipað.

II. Fátækraframfærsla.

Fátækraframfærslan er með nokkuð mismunandi móti í einstökum hlutum ríkisins, og þykir því réttara að skýra frá hverjum hluta um sig.

a. England:

Það er skylda stjórnar fátækraframfærslunnar að veita þurfalingum hjálp, sem innan starfsvæðis hennar eru, án tillits til þjóðernis, ef þeir eru ekki færir um að afla sér eða aðstandendum sínum lífsnauðsynja. Stjórn fátækramála er í höndum heilbrigðismálaráðherra, en framkvæmd þeirra er sérstök fyrir hvert hérað.

Kostnaðurinn, er af þessu leiðir, er aðallega greiddur með útsvörum, en auk þess greiðir ríkið styrk til sveitarfélaganna, sem að nokkru leyti er notaður til þessara hluta.

Hinn hjálparþurfi fær annaðhvort fjárstyrk eða er komið fyrir á stofnunum fátækraframfærslunnar, eða ef börn eiga í hlut, eru þau vistuð hjá fósturforeldrum.

Ef skorturinn er vegna atvinnuleysis, er styrkþegi annaðhvort settur til vinnu eða hann er æfður og honum kennt, til þess að hann missi ekki hæfileika sína til þess að vinna. Sjúkrakostnaður er einnig greiddur, ef veikindi ber að höndum.

b. Skotland:

Ákvæðin eru hér strangari að því leyti, að fullfriskur maður, sem getur haft vinnu, fær engan styrk, þó svo hann sé í örbirgð; annars eru ákvæðin um greiðsluna og öflun tekna með svipuðu móti.

c. Norður-Írland:

Hér verða styrkþegar að flytjast á stofnun fátækraframfærslunnar, með örfáum undantekningum, og eru þeir látnir vinna þar.

III. Styrkur til sjúkrahúsdvalar.

Fátækralögin frá 1930 mæla fyrir um sjúkrahjálp fyrir öreiga, en heilbrigðislögin frá 1875 mæla svo fyrir, að styrk megi veita til hvers sjúklings, sem er til dvalar í sjúkrahúsi, en þó er það bundið við smitandi sjúkdóma. Æðsta stjórn þessara mála er í höndum heilbrigðismálaráðherra, en framkvæmd laganna er í höndum héraðsstjórna.

Kostnaðurinn er greiddur með útsvörum og styrk frá ríkinu með líku móti og vegna fátækraframfærslu. Þau veikindi, sem sérstaklega eru tiltekin, eru bólusótt, taugaveiki, skarlatssótt, kynferðissjúkdómar og berklaveiki.

Fyrirkomulag þessara styrkja er nokkuð mismunandi eftir landshlutum, en í eðli sínu er það hið sama alstaðar.

IV. Sjúkrahjálp fyrir Hálöndin og eyjarnar.

Þótt hefir ástæða að gera sérstakar ráðstafanir vegna þessara landshluta, vegna þess hve strjálbýlt þar er og yfirleitt hve aðstæður, ef til veikinda kemur, eru erfiðar.

Vegna þess, hve mikil almenn fátækt ríkir í þessum héruðum, greiðir ríkið mestallan hluta kostnaðarins.

V. Sjúkrahjálp vegna geðbilaðra og hálfvita.

Hjálp þessi er veitt öllum þeim, er sjúkdóma þessa hafa, og er þeim komið fyrir á sérstökum sjúkrahúsum. Kostnaðurinn er, að svo miklu leyti sem efnahagur leyfir, greiddur af sjúklingum og aðstandendum, en það, sem á vantar, er greitt með sama móti og sjúkrahjálpin.

VI. Fæðinga- og barnastyrkur.

Hjálp þessi nær til allra vanfærra kvenna, mæðra með ungbarni og barna yngri en 5 ára. Hjálp þessi er að nokkru leyti sem fræðsla fyrir vanfærar konur, læknisskoðun fyrir fæðingu, dvöl á barnahælum, aðstoð yfirsetukonu og barnfóstru og sjúkrahúsdvöl fyrir konur, sem fá barnsfararsótt, auk ýmis annars. Kostnaðurinn greiðist með sama móti og sjúkrahjálp vegna geðveikra og hálfvita.

VII. Heilbrigðisráðstafanir fyrir skólabörn.

Kennslulögin frá 1921 mæla svo fyrir, að fræðslustjórnin eigi að sjá börnunum fyrir læknisskoðun og læknishjálp í almennum barnaskólum; þar að auki ber þeim að sjá um kennslu fyrir blind, dauf, hálfvita, bækluð og flogaveik börn. Einnig er skólavöldunum heimilt að veita börnunum máltíðir. Kostnaðurinn við þetta er greiddur með útsvörum og styrk ríkisins; ennfremur ber foreldrum barnanna að greiða aftur kostnaðinn, ef hagur leyfir.

VIII. Skyldur skipseiganda við sjúka eða særða skipverja.

Lög mæla nákvæmlega fyrir um skyldur skipseiganda, og eru ákvæðin með mjög líku móti og t. d. í Danmörku, og þykir því ekki ástæða að skýra nánar frá því hér.

Nákvæmar skýrslur um allan kostnaðinn, sem af alþýðuhjálp þessari leiðir, eru ekki fyrir hendi, en vitað er, hve mikið hið opinbera greiðir, og er það sem hér segir:

Greiðslur hins opinbera til alþýðuhjálpar í Stóra-Bretlandi og N.-Írlandi árið 1930.

	þús. £
1. Elli- og blindralífeyrir	38033
2. Fátækraframfærslan	34000
3. Styrkur til sjúkrahúsdvalar	9983
4. Sjúkrahjálp fyrir Hálöndin og eyjarnar	71
5. Sjúkrahjálp vegna geðveikra og hálfvita	10426
6. Fæðingar- og barnastyrkir	2703
7. Heilbrigðisráðstafanir fyrir skólabörn	4224
Samtals	99438

ALÞÝÐUSTYRKIR Í HOLLANDI.

A. Alþýðutryggingar.

Alþýðutryggingar eru slysatryggingar, sjúkratryggingar og örorku-, elli- og ekkna- og munaðarleysingjatryggingar, sem eru lögboðnar, og atvinnuleysistryggingar, sem eru frjálsar.

Sjúkratryggingin er mjög ung í þeirri mynd, sem hún er nú, og er því ekki hægt að gefa neinar tölur um það, hve miklu hin tryggða áhætta nemur, né hve mikill hluti þjóðarinnar er hennar aðnjótandi, en þar sem kunnugt er um ákvæðin um tryggingarskyldu og tryggingarrétt mun láta nærri, að jafnmargir séu tryggðir og í örorkutryggingunni.

Af 6,9 millj. íbúa 1920 unnu rúmar 2 millj. fyrir kaupi. 1930 voru íbúarnir 7,9 millj., og mun því láta nærri, ef gert er ráð fyrir sömu hlutföllum, að 2,3 millj. hafi þá unnið fyrir kaupi, en fjöldi hinna tryggðu var 1930 sem hér segir:

Í slysatryggingunni	1611	þús.
– örorku-, elli- og ekknatryggingunum	2716	—
– frjálsum ellitryggingum	285	—
– frjálsum atvinnuleysistryggingum	419	—

Í slysatryggingunni eru sjómenn ekki taldir með, þar sem engar upplýsingar voru fyrir hendi um fjölda hinna tryggðu sjómanna.

I. Slysatrygging.

Í Hollandi eru sérstakar slysatryggingar fyrir sjómenn og verkamenn við landbúnað, en í almennu slysatryggingunum eru aðrir þeir, sem fyrir kaupi vinna eða samkv. lærlingssamningi.

Stjórn almennu slysatryggingarinna er í höndum tryggingarbanka ríkisins, sem tekur ákvarðanir um styrki og sér um styrkgreiðslur. Í sérstökum tilfellum og með leyfi bankans getur atvinnuveitandi sjálfur ábyrgzt áhættuna, sem af vinnu hjá honum stafar, en setja verður hann bankanum tryggingu fyrir greiðslunni.

Úrskurðarvald í deiluatriðum er í höndum tryggingarréttar, sem er skipaður tveim trúnaðarmönnum ríkisstjórnarinnar, fjórum trúnaðarmönnum hinna tryggðu og jafnmörgum fyrir atvinnuveitendur. Kostnaðinn við tryggingunа greiða atvinnuveitendur, annaðhvort til tryggingarbankans, eða, ef þeir sjálfir ábyrgjast áhættuna, beint til hinna slösuðu.

Styrkir greiðast vegna slysa við vinnu og nokkurra vinnusjúkdóma.

Ákvæðin um greiðslur til hinna slösuðu gera ráð fyrir þrennskonar afleiðingum af slysum: Orkutapi um stundarsakir, örorku og dauða, og eru greiðslur mismunandi, eftir því, hver afleiðingin verður.

Í fyrsta tilfelli er greidd læknishjálp, eða tilsvarandi fjárupphæð, dagpeningar, sem nema 80% af kaupi hins slasaða í allt að 13 daga, og lífeyrir til þeirra, sem þá eru enn ekki orðnir heilir heilsu. Fer lífeyririnn eftir því, hve mikið orkutapið er, en mest nemur hann 70% af kaupi hins slasaða.

Ef hinn slasaði þarfnast stöðugrar umönnunar, má greiða honum fullt kaup, sem þó aldrei er talið hærra en 8 fl. á dag.

Ef örorka hlýzt af slysinu, er greiddur lífeyrir eins og í fyrsta tilfelli.

Ef hinn slasaði deyr, er greiddur útfararkostnaður, sem nemur 30 daga kaupi hins látna, og lífeyrir til skylduómaga, sem nemur 30% af kaupi til konu hans og 15% til hvers af börnum hans, en 20%, ef þau eru munaðarleysingjar. Um greiðslur til annara skylduómaga fer eftir því, hve mjög þeir voru honum áhangandi.

Allur lífeyrir, sem greiddur er vegna dauða, má þó ekki nema meiru en 60% af kaupi hins látna.

Fyrirkomulag sértrygginganna fyrir landbúnaðarverkamenn og sjómenn er með svipuðu móti, nema að ríkið greiðir tryggingarkostnaðinn fyrir nokkra smáútgerðarmenn.

II. Slysatrygging.

Lög um sjúkratryggingar eru frá 1913, en var breytt mjög mikið 1929. Mæla þau svo fyrir, að allir verkamenn, sem fyrir kaupi vinna, lægra en 3000 fl. á ári, séu skyldutryggðir.

Undantekið er vinnufólk á heimilum, verkamenn við íhlaupavinnu, sjómenn í siglingum, kauplausir lærlingar og ýmsir þeir, sem tryggðir eru annarsstaðar, svo sem starfsmenn járnbrautanna, hermenn o. s. frv.

Tryggt er hjá tvennskonar sjóðum, og eru aðrir takmarkaðir við vissar iðngreinar, en hinir við héruð. Kostnaðinn við tryggingarnar greiða atvinnuveitendur og verkamenn, sinn helminginn hvor, og eru iðgjöldin ákveðin sem viss hundraðshluti af kaupgreiðslu. Sérhver sjóður verður að leggja 5% af iðgjöldunum í varasjóð, þar til hann nemur hálfum meðaltekjum þriggja síðustu áranna.

Styrkgreiðslur eru vegna veikinda og fæðinga, og eru eingöngu í peningum. Greiðslutíminn er allt að 26 vikur, og nema greiðslunnar 80% af kaupi hins sjúka. Fæðingarstyrkur er aðeins greiddur tryggðum konum, en hann nemur fullu kaupi í 6 vikur fyrir og minnst 6 vikur eftir barnsburð.

Annars er fyrirkomulag þessara trygginga ennþá svo ungt, að ekki er enn séð, með hverju móti framkvæmd þess verður.

III. Örorku-, elli- og ekkna- og munaðarleysingjatryggingar.

Tryggingar þessar voru fyrst settar á stofn 1913, en hefir oft verið breytt, síðast 1931.

Tryggingarskyldir eru allir, sem hjá öðrum vinna og hafa tekjur lægri en 2000 fl. á ári. Nú hækka tekjur tryggðs manns upp úr 2000 fl. á ári, og er hann þó skyldutryggður þar til tekjur hans nema 3000 fl. á ári. Þeir, sem ekki eru lengur tryggingarskyldir, geta þó haldið áfram að tryggja sig, en greiða verða þeir sjálfir öll iðgjöldin.

Tryggingarskyldir eru þó aðeins þeir, sem tryggingarskylt starf hafa unnið fyrir 35 ára aldur, sömuleiðis eru þeir undanteknir tryggingarskyldu, sem annarsstaðar eiga kröfu á lífeyri, og eru það aðallega ýmsir opinberir starfsmenn og starfsmenn við atvinnurekstur hins opinbera.

Framkvæmd tryggingganna er hjá tryggingarbankanum, en úrskurðarvaldið hjá tryggingarrétti.

Kostnaðinn við tryggingguna greiða atvinnurekendur og verkamenn, og nema iðgjöldin 0.25—0.60 fl. á viku eftir launaflokki.

Ríkið greiðir öll iðgjöld fyrir þá, sem herþjónustu gegna, en meðan á atvinnuleysi eða verkfalli stendur falla þau burt, og ef hinn tryggði verður veikur, greiðir sjúkratryggingin þau.

Lífeyrir, er vegna elli eða örorku greiðist, nemur 260 meðalvikugjöldum, að viðbættum 11,2% af öllum iðgjöldunum, en þó má þessi viðbót aldrei verða minni en fimmti hlutinn af fasta tillaginu.

Ellilaun greiðast frá 65 ára aldri. Örorkulífeyrir greiðist, ef starfskraftar hins tryggða hafa skerzt um ⅔ hluta eða meira, en örorka er þó aðeins tekin til greina, sé hún lengri en hálft ár.

Til þess að verða ellilaunanna aðnjótandi er ekki krafizt neins ákvæðistíma, en aðeins þeir, sem greitt hafa 150 iðgjöld, fá örorkulífeyri.

Sjúkrahjálp má veita, ef ætla má, að á þann hátt verði komizt hjá örorku.

Ekkjulaun nema 312 sinnum meðalvikuiðgjaldi manns hennar, en þau greiðast þó aðeins, hafi maður hennar ekki notið örorkulífeyris eða hafi ekki verið 60 ára að aldri, þegar þau giftust.

Sömuleiðis verður hún að vera orðin 60 ára eða hafa misst ⅔ hluta starfskrafta sinna.

Styrkur til munaðarleysingja greiðist aðeins skilgetnum börnum og nemur sömu upphæð og ekkjulaunin. Allur styrkur til aðstandenda má ekki nema meiru en þeim lífeyri, sem hinn látni hefði fengið, og verður hann þó að hafa greitt 40 vikuiðgjöld. Hafi það verið gert, er áhættan tryggð áfram, þó svo að iðgjaldagreiðslur hafi fallið niður.

Sérstök ákvæði voru gerð til þess að veita þeim, sem ekki féllu undir tryggginguna vegna aldurssakir, þegar hún var lögleidd, einhverja úrlausn, en hér þykir ekki ástæða til þess að greina frá þeim.

Fyrir námumenn eru sérstakar tryggingar, enda er áhættan þar mun meiri en í öðrum starfsgreinum, en hér mun ekki nánar skýrt frá þeim.

Frjálsar ellitryggingar voru lögleiddar 1919; greiða hinir tryggðu öll iðgjöldin, en þau eru mismunandi eftir því, hve há tryggingarupphæðin er, og getur hún verið 3—20 fl. á viku.

Til þess að gera öllum þeim, er þessar tryggingar voru ætlaðar, en það voru lágtekjumenn, sem ekki heyrðu til skyldutryggingunum, jafnt undir höfði, greiddi ríkið allverulegan styrk til tryggginganna til þess að iðgjöld eldri manna þyrftu ekki að vera þeim mun hærri sem þeir voru eldri, sömuleiðis til þess að hægt væri að greiða mönnum, sem uppfylltu þau skilyrði, sem þurfa þótti, ellilaun, þó svo þeir væru þegar orðnir 65 ára.

IV. Frjálsar atvinnutryggingar.

Tryggingarsjóðir þessir eru myndaðir af stéttafélögum verkamanna og launaðra starfsmanna, og geta allir meðlimir þeirra félaga tryggt sig, en ekki ber þeim nein skylda að gera það.

Kostnaðurinn við tryggingarnar er greiddur af hinum tryggðu og ríkinu. Greiða hinir tryggðu iðgjöld, sem nema 12—40 fl. á ári, en ríkið greiðir að jafnaði jafnháa upphæð. Helming þessa styrks getur ríkið innheimt hjá sveitar- og bæjarfélögunum. Nánari ákvæði um upphæð styrksins og ákvæðistíma eru mjög mismunandi eftir félögum, en styrkgreiðslutími er venjulega 36—90 daga. Til þess að verða ríkisstyrksins aðnjótandi verða lög sjóðanna að vera samþykkt af hlutaðeigandi ráðherra.

V. Tryggingar fyrir starfsmenn við opinber fyrirtæki.

Þessar tryggingar eru með ýmsu móti, og er aðaltryggingin fyrir starfsmenn járnbrautanna, og eru þeir tryggðir gegn veikindum, örorku, elli og dauða.

VI. Athugasemdir.

Vér munum nú eins og fyrr reyna að gera oss grein fyrir, hve miklu kostnaður við tryggingarnar nemur fyrir hina tryggðu og þá, sem fyrir þá borga, og fyrir tryggingarstofnanirnar.

Þess ber þó að gæta við töflur þær, sem hér fara á eftir, að í slysatryggingunum eru sjómenn undanskildir, þar eð engar upplýsingar voru fyrir hendi um fjölda hinna tryggðu; sömuleiðis var ekki hægt að gera slíkan útreikning við hinar frjálsu ellitryggingar, því að meðlimatala er ekki í neinu eðlilegu sambandi við fjölda lífeyrismanna, því að lífeyrir er greiddur til fleiri en þeirra, sem iðgjöld hafa greitt; sömuleiðis eru engar tölur gefnar við sjúkratrygginguna, eins og áður hefir verið skýrt frá.

Iðgjöld og styrkir hins opinbera til tryggginganna 1930.

Tegund trygginga	Iðgjöld og styrkir (í þús. fl.)	Á hvern tryggðan (í fl.)
1. Slysatrygging:		
a. almenn slysatr.	11441	8,0
b. slysatr. fyrir landbún.	272	1,4
2. Sjúkratrygging	—	—
3. Örorku-, elli- og ekknatryggingar:		
a. almenn örorkutr.	58375	21,8
b. örorkutr. fyrir námumenn	3270	89,1
4. Frjálsar atvinnuleysistryggingar	10808	25,8

Kostnaður við tryggingarnar árið 1930

Tegund trygginga	Styrkir og stjórnarkostn. (í þús. fl.)	Á hvern tryggðan (í fl.)
1. Slysatrygging:		
a. almenn slysatrygging	10777	7,6
b. slysatr. fyrir landbún.	227	1,2
2. Sjúkratryggingar	—	—
3. Örorku-, elli- og ekknatryggingar:		
a. almenn örorkutrygging	26516	9,9
b. örorkutr. fyrir námumenn	774	21,1
4. Frjálsar atvinnuleysistryggingar	11564	27,6

Tekjur tryggginganna eftir tekjustofni árið 1930.

Tegund trygginga	Greiðslur hins opinbera (í þús. fl.)	Geiðslur atv.rekenda (í þús. fl.)	Greiðslur hinna tryggðu (í þús. fl.)	Aðrar tekjur (í þús. fl.)
1. Slysatryggingin	145	12088	—	1878
2. Sjúkratrygging	—	—	—	—
3. Örorku-, elli- og ekknatr.	17623	22026	21978	21837
4. Frjálsar ellitryggingar	32139	—	5511	47
5. Frjálsar atvinnuleysistr.	5610	—	5198	396

B. Alþýðuhjálp í Hollandi

1. Sjúkrahjálp:

Fátækralögin frá 1912 mæla fyrir um fría sjúkrahjálp fyrir fátæklinga, sem hið opinbera á að greiða, en auk þess eru ýmsar velgerðarstofnanir, sem veita slíkt.

2. Fæðingarhjálp:

Yfirsetukonur og hjúkrunarkonur veita fátækum sængurkonum ókeypis hjálp. Ennfremur eru upplýsingastofur fyrir vanfærar konur í öllum þéttbýlli héruðunum. Barnaverndarstöðvar fyrir ungbörn eru og á víð og dreif um landið.

Kostnaðurinn við þessa starfsemi er greiddur af sveitar- og bæjarfélögunum og velgerðarstofnunum.

3. Barnavernd:

Margskonar hjálp er veitt fátækum börnum í skólum, svo sem máltíðir og fatnaður, ennfremur mikið gert til þess að veita börnunum sumardvöl í sveit.

4. Skyldur skipaeigenda við veika og særða skipverja eru með líku móti og annarsstaðar.

Bera skipaeigendur ábyrgðina á eftirtöldum áhættum: slysi, sem ber að höndum við vinnu skipverja um borð eða í landi, veikindum, sem koma til á ferðinni, og dauða. Á þá skipseigandi að greiða sjúkrahjálp og legukostnað, greiða skipverja laun út ráðningartímann og hluta af launum til aðstandenda hans, ef hann deyr. Sömuleiðis ber honum að greiða kostnaðinn við flutning hins sjúka til dvalarstaðar hans.

Ekki er gerlegt að gera nokkra grein fyrir kostnaðinum, er af hjálp þessari leiðir, þar sem stofnar hennar eru með svo ýmsu móti.

ALÞÝÐUSTYRKIR Í FRAKKLANDI.

Alþýðustyrkir voru til skamms tíma mjög ófullkomnir í Frakklandi. Aðeins einn hluti landsins hafði sæmilegar alþýðutryggingar, en það var Elsass-Lothringen; var tryggingarfyrirkomulagið þar leifar þess tíma, þegar sá landshluti tilheyrði Þýzkalandi. Annars voru alþýðutryggingar bundnar við einstakar atvinnugreinar, svo sem námugröft og siglingar; ennfremur voru ýmsir starfsmenn hins opinbera tryggðir.

Eftir heimsófriðinn, og sérstaklega með tilliti til þess, hve mikill munur var á skipulagi þessara mála í Frakklandi og Elsass-Lothringen, var hafizt handa með undirbúning almennra alþýðutrygginga, og var frumvarp til laga um þær borið fram árið 1921 af verkamálaráðherra. Sem dæmi upp á það, hve mjög var talið nauðsynlegt að vanda til tryggingarlaganna, má geta þess, að þau voru fyrst samþykkt árið 1928, og var þó strax breytt árið 1930, áður en þau komu til framkvæmda.

Þessar almennu alþýðutryggingar hafa því enn þá ekki gefið mikla reynslu, sem draga mætti ályktanir af, en aftur á móti munu lögin vera hin fullkomnustu, það sem þau ná.

A. Alþýðutryggingar í Frakklandi.

Eins og áður var getið, eru sérstök tryggingarlög í gildi fyrir Elsass-Lothringen, ennfremur fyrir einstakar atvinnugreinar. Þar að auki eru hinar almennu slysatryggingar ekki í lagabálkinum um hinar almennu alþýðutryggingar.

Hér munum vér reyna að gera grein fyrir tryggingum þessum, sem snerta aðallandið, en á hinn bóginn ekki taka til meðferðar fyrirkomulag tryggingganna í Elsass-Lothringen.

I. Slysatrygging.

Tryggingar þessar ná til allra manna, sem vinnu hafa við verzlun, iðnað eða landbúnað, sömuleiðis til heimilishjúa.

Sjómenn, menn sem vinna á heimilum sínum, starfsmenn við ýmsar opinberar stofnanir og starfsmenn við ólíkamlega vinnu teljast ekki til tryggjinganna.

Vinnuveitendur eru ekki skyldugir að tryggja sig gegn ábyrgð þeirri, sem á þeim hvílir, en geri þeir það, verða þeir að tryggja sig hjá viðurkenndum tryggingarfélögum.

Sérstakur sjóður ábyrgist greiðslurnar til verkamanna, og greiða atvinnuveitendur eða tryggingarfélög þau, er þeir tryggja hjá, ákveðið gjald í sjóð þennan. Er gjaldið fyrir þá atvinnuveitendur, er hafa tryggt sig, lægra en hina, sem ekki hafa tryggt sig.

Verkamenn eiga kröfu á greiðslum, ef þeir vegna slysa við vinnu, eða vinnusjúkdóma, sem nánar eru tilteknir, verða frá vinnu í 4 daga eða meira, verða algerlega eða að nokkru leyti óstarfhæfir, eða hljóta dauða af.

Greiðslurnar eru hlutfallslegar við svo kölluð stofnlaun hins tryggða, en stofnlaun eru öll laun lægri en 8000 fr. á ári, fjórði hluti þess, sem milli 8000 og 18500 fr. er, og áttundi hluti þess, sem þau nema meiru en 18500 fr.

Ef hinn tryggði verður um tíma óstarfhæfur af áður nefndum ástæðum, fær hann greidda dagpeninga, sem nema hálfum stofnlaunum hans, læknishjálp og sjúkrahúsdvöl.

Ef orkutap verður að staðaldri vegna slyssins, fara greiðslur eftir því, hve miklu orkutapið nemur.

Öryrkjar frá greiddan lífeyri, sem nemur $\frac{2}{3}$ stofnlauna þeirra, en aðrir fá hálfa þá kauplækkun, sem orkutapið veldur.

Í öllum tilfellum er greidd læknishjálp og sjúkrahúsdvöl, þar til hinn slasaði er búinn að fá þann bata, sem fæst.

Ef dauði hlýzt af slysinu, fær maki hins slasaða lífeyri, sem nemur 20% af stofnlaunum, og uppbætur vegna barna yngri en 16 ára.

Hafi hinn dauði ekki verið giftur eða átt börn, er greiddur styrkur, mismunandi eftir skyldleika, skylduliði hins látna. Auk þessa er greiddur útfararkostnaður allt að 200 fr.

II. Almennar alþýðutryggingar vegna veikinda, örorku, elli og dauða.

Tryggingar þessar eru í tveimur aðaldeildum, annari fyrir iðnaðarverkamenn, verzlunarmenn og heimilishjú, hinni fyrir verkamenn við landbúnað.

a. Tryggingar fyrir iðnaðarverkamenn, verzlunarmenn og heimilishjú:

Tryggingarskyldir eru allir þeir, er hjá öðrum vinna og ekki hafa hærri árslaun en 15000 fr. Mark þetta er þó hærra í stórborgum og fyrir barnmargar fjölskyldur, og getur orðið hæst 25000 fr.

Erlendir verkamenn hafa í öllum aðalatriðum sömu skyldur og réttindi sem innlendir.

Tryggingar þessar ná ekki til ýmissa flokka verkamanna, sem tryggðir eru með öðrum lögum, eins og séð verður.

Tryggt er hjá ýmiskonar tryggingarstofnunum, opinberum eða séreignar, og þykir hér ekki ástæða til þess að gera nánari grein fyrir því.

Kostnaðurinn við tryggingarnar er greiddur með iðgjöldum hinna tryggðu

og atvinnuveitenda, styrk hins opinbera og ýmsum skatttekjum. Iðgjöldin eru reiknuð af 5 launaflokkum og eiga að nema 10% af stofnlaununum, en voru fram til 1. apríl 1934 aðeins 8% og verða til 1. apríl 1940 9%. Vinnuveitandi greiðir öll iðgjöldin, en getur dregið helminginn af kaupi hins tryggða.

Ríkissjóður greiðir um 640 millj. fr. til tryggginganna á ári, aðallega vegna ellitryggginganna.

Hinar ýmsu aðrar tekjur eru t. d. sparnaður, sem unnizt hefir við fátækraframfærsluna, og skattur á veðmálum og spilum.

Greiðslurnar eru vegna veikinda, örorku, elli og dauða, og einnig er gert ráð fyrir styrkjum vegna erfiðra heimilishaga, fæðinga og atvinnuleysis.

Til þess að verða aðnjótandi styrks vegna veikinda, verður hinn tryggði að hafa greitt 60 daga iðgjöld þrjá síðustu mánuðina.

Greiðslur eru ekki aðeins vegna veikinda hins tryggða, heldur og vegna veikinda konu hans og barna yngri en 16 ára.

Styrkurinn er fyrir læknishjálp, en þó greiðir hinn tryggði hluta af þeim kostnaði, sem nemur 15—20%.

Ef hinn tryggði verður frá vinnu vegna veikinda, fær hann greidda dagpeninga, sem nema hálfum launum hans, og þar að auki uppbót fyrir hvert barn sitt.

Fæðingarstyrkur er bundinn því skilyrði, að hinn tryggði hafi greitt 60 daga iðgjöld í þrjá mánuði fyrir byrjun óléttunnar.

Veittur er sjúkra- og meðalakostnaður tryggðum konum og konum tryggðra manna.

Tryggðar konur fá og sjúkrastyrki í 6 vikur fyrir og 6 vikur eftir fæðingu, og þar að auki fóstrunarstyrk í allt að 9 mánuði eftir fæðingu.

Örorkustyrkur er bundinn því skilyrði, að hinn tryggði hafi verið tryggður síðustu tvö árin, og hafi greitt 480 daga iðgjöld.

Ef orkutap er 66⅔% eða meira, fær hinn tryggði lífeyri og læknishjálp og sjúkrakostnað.

Lífeyririnn nemur að jafnaði 40% af launum hins tryggða, en getur breytzt nokkuð, eftir því hve gamall hinn tryggði var, þegar hann var tryggður, og eftir því, hve mörg iðgjöld hann hefir greitt. Þar að auki er greidd uppbót fyrir börn yngri en 16 ára.

Ellitryggingin greiðir ellilaun til hinna tryggðu, þegar þeir verða 60 ára. Þó má greiða ellilaun þegar frá 55 ára aldri, og draga að greiða þau fram til 65 ára aldurs.

Ellilaun þessi eru mismunandi, eftir því hve mörg iðgjöld hinn tryggði hefir greitt, en eiga að jafnaði að nema 40% af kaupi hans.

Tryggðir menn, sem komið hafa á legg þremur börnum, fá uppbót, sem nemur 10% af kaupi þeirra.

Greiðslur vegna dauða tryggðs manns fara einnig eftir því, hve mörg iðgjöld hann hefir greitt, þó með takmörkunum. Sömuleiðis eru greiðslurnar mismunandi eftir heimilishögum.

Ef tryggður maður verður atvinnulaus, greiðir svonefndur atvinnuleysistryggingarsjóður iðgjöldin fyrir hann, en þó ekki lengur en 80 daga á hverju ári.

b. Tryggingar fyrir landbúnaðarverkamenn:

Þessar tryggingar eru með nokkru öðru móti en hinar áðurgreindu. Iðgjöldin eru t. d. ekki eingöngu bundin við launaupphæðina, heldur eru þau 10 fr. á mánuði, að viðbættum 20% af launaupphæðinni.

Auk þessara iðgjalda greiddi sjóður nokkur, sem ekki er með öllu ljóst, hvernig á stendur, iðgjöld, sem námu allt að því jafnmiklu, en frá 1. apríl 1932 hefir ríkið greitt þá upphæð.

Ákvæði um greiðslur þessarar tryggingar eru ekki fastákveðin, heldur hafa tryggingarfélögin allmikið sjálfsvald, en hinir tryggðu hafa þar allmikil áhrif á.

Þá eru sérstakar tryggingar fyrir námamenn, sjómenn, starfsmenn við járnbrautir, starfsmenn við póstinn og verkamenn hins opinbera, og munum vér reyna að gera stutta grein fyrir hverri um sig.

III. Tryggingar fyrir námamenn.

Tryggingar þessar eru í tvennu lagi, sjúkratrygging og örorku, elli- og ekkna- og munaðarleysingjatryggingar.

a. Sjúkratryggingar námamanna.

Allir starfsmenn við námafyrirtæki eru tryggðir í tryggingum þessum, en tryggingarfélögin eru styrktarfélög námamanna, og mega engin önnur félög tryggja gegn áhættum þessum. Stjórn þeirra er í höndum trúnaðarmanna atvinnurekenda og verkamanna.

Kostnaðurinn við tryggingarnar er greiddur með iðgjöldum hinna tryggðu og atvinnurekenda, en ríkið veitir einnig nokkurn styrk.

Lög mæla ekki nákvæmlega fyrir um, hvaða eða hverskonar greiðslur félögunum beri, en veita félögunum sjálfum víðtækt vald til að ákveða slíkt.

b. Örorku-, elli- og ekkna- og munaðarleysingjatryggingar fyrir verkamenn.

Svið þessara trygginga er slíkt hið sama og hinna fyrrnefndu.

Stjórn þeirra er í höndum lífeyrissjóðs námamanna. Kostnaðurinn er greiddur með jöfnum iðgjöldum frá verkamönnum og atvinnurekendum og styrk hins opinbera.

Styrkir eru greiddir, þegar hinn tryggði verður 55 ára að aldri, þegar hann verður öryrki, og til skylduliðs hans, þegar hann deyr.

IV. Tryggingar fyrir sjómenn.

Slysa-, sjúkra-, örorku-, elli- og dauðatryggingar.

Tryggðir eru allir franskir borgarar, sem stunda sjómennsku, að undanskildum hermönnum og öðrum þeim, er í þjónustu hins opinbera eru, annars eru tryggingarnar í tveimur deildum, önnur fyrir áhættur við starfið, en hin örorku-, elli- og ekkna- og munaðarleysingjatrygging.

a. Tryggingar gegn vinnuáhættum.

Stjórn þessara trygginga er skipuð trúnaðarmönnum hins opinbera, atvinnuveitenda og hinna tryggðu.

Kostnaðurinn er greiddur með iðgjöldum skipaeigenda og hinna tryggðu, styrk hins opinbera og ýmsum tekjum tryggingarsjóðsins.

Greiðslur þessa sjóðs eru vegna vinnutaps um stundarsakir, örorku eða dauða.

Ef hinn tryggði verður óvinnufær um stundarsakir, fær hann dagpeninga, er nema að jafnaði hálfum launum hans, ef hann verður öryrki, fær hann lífeyri, sem nemur ⅔ launa hans; en ef hann deyr, fá aðstandendur hans hálfan þann lífeyri, sem hinn tryggði hefði fengið hefði hann lifað, og uppbót vegna barna yngri en 16 ára.

b. Örorku-, elli- og ekkna- og munaðarleysingjatryggingar fyrir sjómenn.

Stjórn og tekjuöflun þessa sjóðs eru með líku móti og hins fyrrtalda, en greiðslur sjóðsins eru vegna elli, örorku eða dauða.

Upphæð ellilauna, sem greidd eru frá 50 ára aldri, fer mjög eftir stöðu hins tryggða á skipinu og starfstíma hans; sama er að segja um örorkulífeyrinn.

Ekkja eða börn hins látna fá sama lífeyri og hinn tryggði hefði fengið, hefði hann náð 50 ára aldri.

V. Tryggingar fyrir járnbrautarmenn.

Tryggingar þessar eru gegn samskonar áhættum og almennar alþýðutryggingar, en eru allmiklu eldri, og var þeim því breytt í samræmi við hina nýju tryggingarlöggjöf 1928.

Þó eru þessar tryggingar sérstæðar að því leyti, að kostnaðurinn við þær er allur greiddur af járnbrautarfélögunum; annars eru önnur ákvæði svo svipuð fyrirmælum annara trygginga, að ekki þykir ástæða til þess að fara nánar inn á þau hér.

VI. Tryggingar fyrir starfsmenn við póstinn.

Tryggingar þessar eru fyrir elli, örorku og dauða, og er greiddur lífeyrir, þegar hinn tryggði verður 60 ára, öryrki eða deyr. Fer lífeyririnn aðallega eftir starfstíma hins tryggða. Kostnaðurinn er greiddur með iðgjöldum hinna tryggðu, sem nema 6% af launum þeirra, og styrk ríkisins, sem nemur 9% af kaupgreiðslum; annars ber hið opinbera allan halla af tryggingunum.

VII. Tryggingar fyrir verkamenn hins opinbera.

Þessar tryggingar eru gegn samskonar áhættum og hinar síðasttöldu, og eru fyrir verkamenn við ýmsar stofnanir hins opinbera.

Kostnaðurinn er greiddur með jöfnum iðgjöldum hinna tryggðu og ríkisins.

Eins og áður var á minnzt, gilda sérstök tryggingarlög fyrir Elsass-Lothringen, en þar sem þau mynda algerlega heild fyrir sig, þykir hér ekki ástæða til þess að gera nánari grein fyrir þeim.

Auk þessara tryggingarfyrirmæla eru enn þá í lögum ákvæði um frjálsar atvinnuleysistryggingar og frjálsar alþýðutryggingar. Eru þessi fyrirmæli allgömul.

VIII. Frjálsar atvinnuleysistryggingar.

Tryggingar þessar eru í sambandi við verklýðsfélögin. Kostnaðurinn er greiddur með iðgjöldum hinna tryggðu og styrk hins opinbera, sem nemur 40% eða 33% af greiðslum sjóðanna eftir stærð þeirra. Greiðslur sjóðanna eru mjög mismunandi og önnur ákvæði þeim viðvíkjandi svo óákveðin, að ekki er hægt að gera nánari grein fyrir þeim.

Að endingu skal hér getið hinna frjálsu alþýðutrygginga.

IX. Frjálsar alþýðutryggingar.

Lög mæla ekki fyrir um, hvert svið þessir sjóðir hafa, en slíkt er ákveðið í reglugerð hvers um sig; þó verða þessir sjóðir að fá viðurkenningu hins opinbera á reglum sínum.

Tekjur sjóðanna eru iðgjöld meðlimanna, styrkur hins opinbera, tekjur af lánum og gjafir og styrkir frá einstaklingum.

Tryggt er gegn veikindum, fæðingum, örorku og dauða.

Styrkgreiðslur eru ákveðnar fyrir hvern sjóð fyrir sig, og eru því með nokkuð misjöfnu móti.

X. Athugasemdir.

Eins og séð verður af yfirliti því, er hér fór á undan, er fyrirkomulag tryggingarmála í Frakklandi með nokkuð öðru móti en annarsstaðar; er það sérstaklega eftirtektarvert, að tryggingar skiptast þar frekar eftir atvinnugreinum en eðli tryggginganna sjálfra. Engin ein grein tryggginganna nær til allra þeirra, er slíkra trygginga þurfa, heldur eru þar sérstakar tryggingar fyrir vissan landshluta, eins og t. d. Elsass-Lothringen, eða fyrir sérstakan starfsmannaflokk, eins og t. d. námamenn og sjómenn. Allt þetta veldur því, að erfiðara er að gera sér grein fyrir því, hversu víðtækar hinar einstöku greinar tryggginganna eru, eða að hve miklu leyti þær bera þungann, er af hinum ýmsu áhættum leiðir. Það þykir því ekki gerlegt að reikna út, hve miklu tryggingargreiðslur nema á mann eða hve háar tekjur tryggingarstofnananna eru á meðlim, af áðurgreindum ástæðum. Vér munum því eingöngu reyna að gefa sem greinilegast yfirlit yfir meðlimafjölda og fjárveltu hinna einstöku tryggingargreina fyrir sig, án þess að reyna að draga nokkrar ályktanir af því.

Síðasta manntal, sem við höfum skýrslur um, er frá í marz 1926. Þá voru íbúar Frakklands (með Elsass-Lothringen) 40743897. Þar af voru starfandi 21394088, en hjá öðrum unnu 15118500.

Í hverri einstakri tryggingargrein var fjöldi hinna tryggðu og gjöld vegna tryggginganna sem hér segir árið 1930 eða 1931:

1. Slysatrygging	10300000	2024500	þús. fr.
2. Almennar alþýðutryggingar[1])	9388000	4102401	— —
3. Tryggingar fyrir námamenn:			

1) Tryggingargrein þessi er nýtekin til starfa og því ekki fullar greiðslur byrjaðar.

a. Sjúkratrygging	324087	106491 — —
b. Elli-, örorku- og ekknatr.	388000	330735 — —
4. Tryggingar fyrir sjómenn:		
a. Trygging fyrir vinnuáhættum	200000	30100 — —
b. Örorku-, elli- og ekknatr.	200000	200602 — —
5. Tryggingar fyrir járnbrautarmenn	554511	2000639 — —
6. Tryggingar fyrir póstmenn	óþekkt	234337 — —
7. Tryggingar fyrir verkam. hins opinbera	71582	178932 — —
8. Frjálsar atvinnutryggingar	180299	1702 — —
9. Frjálsar alþýðutryggingar	7301184	519495 — —
		9729964 þús. fr.

B. Alþýðuhjálp í Frakklandi.

Hér mun eigi gerð grein fyrir fyrirkomulagi alþýðuhjálpar í Frakklandi, heldur munum vér aðeins reyna að gera grein fyrir því, hve mikið hver liður þessarar styrktarstarfsemi kostar hið opinbera og aðra, er að henni standa.

Greiðslur hins opinbera og annara til almennrar alþýðuhjálpar árið 1930:

1. Elli- og örkumlastyrkir	587144 þús. fr.
2. Atvinnuleysisstyrkir	5216 — —
3. Fátækraframfæri	221467 — —
4. Sjúkrastyrkir	1315579 — —
5. Berklavarnir	90772 — —
6. Geðveikrakostnaður	500000 — —
7. Styrkir til þungra fjölskyldna	262234 — —
8. Fæðingarstyrkir	164316 — —
9. Styrkir til fátækra barna	220102 — —
	3366830 þús. fr.

Nd. 406. Frumvarp til laga

um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Flm.: Jónas Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Emil Jónsson, Finnur Jónsson, Sigurður Einarsson, Páll Þorbjörnsson.

1. gr.

Rétt á að koma til greina við úrskurðun styrkveitinga samkvæmt ákvæðum laga þessara eiga:

1. Sjúklingar, sem haldnir eru berklaveiki, holdsveiki, kynsjúkdómi, geðveiki (þar með taldir fávitar), eða öðrum alvarlegum, langvinnum sjúkdómi (þar með taldir ofdrykkjumenn og aðrir eiturlyfjaneytendur).
2. Daufdumb og alvarlega málhölt, svo og blind og mjög sjóndöpur eða á annan hátt örkumla börn og unglingar.
3. Örkumla menn, er þarfnast gervilima, umbúða eða annara þesshátta tækja.

2. gr.

Samkvæmt lögum þessum verður styrkur ekki veittur þeim, sem er svo efnum búinn eða framfærandi hans, að ætla má, að hann sé fær um að standast sjálfur kostnaðinn af sjúkdómi sínum eða örkumli án þess að stofna afkomu sinni í tilfinnanlega hættu.

Samkvæmt lögum þessum verður styrkur ekki heldur veittur til greiðslu kostnaðar, sem hlutaðeigandi á rétt á að fá greiddan samkvæmt lögum um alþýðutryggingar.

3. gr.

Ráðherra úrskurðar, að fengnum tillögum landlæknis, hver sé styrkhæfur samkvæmt ákvæðum laga þessara og hvort og á hvern hátt styrk skuli veita samkvæmt þeim, enda séu lögð fram fullnægjandi efnahags- og læknisvottorð, svo og önnur nauðsynleg skilríki.

Ráðherra setur reglur um, hverra efnahags- og læknisvottorða, svo og hverra annara skilríkja sé krafizt til úrskurða samkvæmt lögum þessum, og segir fyrir um, hvernig vottorðin og skilríkin skuli úr garði gerð. Ráðherra segir og fyrir um, hvernig ganga skuli frá öllum reikningum, sem farið er fram á að greiða af styrk þeim, sem veittur er samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Nú hefir sjúklingur (sbr. 1. tölulið 1. greinar) verið úrskurðaður styrkhæfur samkvæmt lögum þessum, og á hann þá rétt á styrk úr ríkissjóði til greiðslu $\frac{4}{5}$ kostnaðar við nauðsynlega og hæfilega langa dvöl í sjúkrahúsi eða hæli við hans hæfi, svo og alla viðeigandi aðhlynningu þar, þar með talin nauðsynleg læknishjálp og lyf, enda sé um að ræða slíkt sjúkrahús eða hæli, sem rekið er af ríkinu, eða sjúkrahús eða hæli, sem ráðherra hefir samið við um vist og greiðslur fyrir slíka sjúklinga, er þangað leita.

Ráðherra skal leita samninga við þau sjúkrahús og hæli í landinu, önnur en þau, sem rekin eru af ríkinu, um vist hinna ýmsu sjúklinga, sem úrskurðaðir eru styrkhæfir samkvæmt lögum þessum og þangað leita, enda séu þau sjúkrahús eða hæli hæf til að veita sjúklingunum viðtöku og láta þeim í té viðeigandi aðhlynningu og nauðsynlega læknishjálp.

5. gr.

Nú hefir barn eða unglingur, sem svo er ástatt um, sem segir í 2. tölulið 1. greinar, verið úrskurðaður styrkhæfur samkvæmt lögum þessum, og á hann þá rétt á styrk úr ríkissjóði til greiðslu $\frac{4}{5}$ kostnaðar við nauðsynlega og hæfilega langa dvöl í skóla við hans hæfi, og í heimavist, ef þess er þörf, enda sé um að ræða slíkan skóla, sem rekinn er af ríkinu.

6. gr.

Ráðherra er heimilt að úrskurða, að fengnum tillögum landlæknis, að ríkissjóðsstyrk skuli veita:

1. Sjúklingi (sbr. 1. tölulið 1. greinar), sem er úrskurðaður styrkhæfur samkvæmt lögum þessum, til greiðslu allt að $\frac{4}{5}$ kostnaðar við nauðsyn-

lega dvöl í sjúkrahúsi eða hæli, öðrum en þeim, sem um getur í 4. gr., ef nauðsyn hefir borið til að vista sjúklinginn þar til bráðabirgða, annaðhvort vegna þess, að ekki hefir fengizt rúm fyrir hann í sjúkrahúsi eða hæli, sem um getur í 4. gr., eða sjúklingurinn hefir ekki verið flutningsfær í slíkt sjúkrahús eða hæli.

Upphæð styrksins úrskurðar ráðherra með tilliti til dvalarkostnaðar í sjúkrahúsum eða hælum, sem rekin eru af ríkinu, svo og með tilliti til gildandi samninga við sjúkrahús þau eða hæli, sem samið hefir verið við um vist slíkra sjúklinga.

2. Sjúklingi (sbr. 1. tölulið 1. greinar), sem úrskurðaður er styrkhæfur samkvæmt lögum þessum og ekki dvelur í sjúkrahúsi eða hæli, til greiðslu allt að ⅘ nauðsynlegs lækningakostnaðar, enda sé læknishjálpin mikilsháttar eða langvarandi, svo sem ljóslækningar berklasjúklinga, nudd og rafmagnsaðgerðir mænusóttarsjúklinga, geitnalækningar o. s. frv.

Upphæð styrksins úrskurðar ráðherra samkvæmt gildandi læknagjaldskrám.

3. Barni eða unglingi, sem svo er ástatt um, sem segir í 2. tölulið 1. greinar, og úrskurðaður er styrkhæfur samkvæmt lögum þessum, til greiðslu allt að ⅘ kostnaðar við nauðsynlega og hæfilega langa vist í skóla við hans hæfi, öðrum en þeim, sem rekinn er af ríkinu, enda geti barnið eða unglingurinn ekki sótt skóla ríkisins, eða skóli ríkisins ekki veitt því fræðslu við þess hæfi.

Upphæð styrksins úrskurðar ráðherra með tilliti til kostnaðar við dvöl í skóla við hæfi slíkra barna og unglinga, sem hér um ræðir og rekinn er af ríkinu.

4. Örkumla manni (sbr. 3. tölulið 1. greinar), sem úrskurðaður er styrkhæfur samkvæmt lögum þessum, til greiðslu allt að ⅘ kostnaðar við útvegun nauðsynlegra gervilima, umbúða eða annara þesshátta tækja.

Upphæð styrksins úrskurðar ráðherra samkvæmt eða með tilliti til samnings, er hann gerir við gervilima- og umbúðasmið um smíði gervilima og umbúða og slíkra tækja fyrir örkumla menn, sem úrskurðaðir eru styrkhæfir samkvæmt lögum þessum og leita viðskipta við hann.

7. gr.

Styrk, sem veittur er samkvæmt lögum þessum, greiðir ráðherra að framlögðum gildum reikningum fyrir hvern styrkþega, ef um styrk er að ræða samkvæmt 4. eða 5. gr. eða 1. eða 3. tölulið 6. greinar, greiðir ráðherra styrkinn til þess sjúkrahúss eða hælis eða skóla, þar sem styrkþeginn hefir verið vistaður, en ef um styrk er að ræða samkvæmt 2. eða 4. tölulið 6. greinar, til þess eða þeirra, er styrkþeganum hafa látið það í té, er þar greinir.

8. gr.

Sjúkrahús eða hæli eða skóli eða annar viðtakandi styrks þess, sem veittur er samkvæmt lögum þessum (sbr. 7. gr.), á rétt á, ef hann er utan þess lögsagnarumdæmis, þar sem styrkþeginn á framfærslusveit, að ríkissjóður greiði

allan kostnaðinn eins og hann er talinn og úrskurðaður samkvæmt 4., 5. og 6. gr., en ef viðtakandinn er innan þess lögsagnarumdæmis, þar sem styrkþeginn á framfærslusveit, á hann rétt á, að framfærslusveitin greiði það, sem á vantar fulla greiðslu, er ríkissjóðstyrkurinn hefir verið greiddur. Þó skal aldrei krefja ríkissjóð né framfærslusveit um greiðslu þessa kostnaðarhluta fyrr en styrkþeginn sjálfur eða framfærandi hans hefir verið krafinn um greiðsluna, og ekki nema að svo miklu leyti sem sú krafa hefir engan árangur borið.

Ráðherra innheimtir síðan fyrir hönd ríkissjóðs af framfærslusveit styrkþegans það, sem samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar hefir verið greitt úr ríkissjóði til bráðabirgða fram yfir ákveðinn eða úrskurðaðan ríkissjóðsstyrk til styrkþegans samkvæmt þessum lögum. Framfærslusveit á aftur endurgreiðslukröfu á sjúklinginn eða framfæranda hans.

Framfærslusveit innheimtir ekki þennan kostnaðarhluta af styrkþeganum eða framfæranda hans gegn vilja hans, ef hann er ekki fær um að inna greiðsluna af hendi án þess að stofna afkomu sinni í tilfinnanlega hættu, og telst þá greiðsla sveitarinnar á þessum kostnaðarhluta ekki veittur sveitarstyrkur.

9. gr.

Nú deyr sá, er styrks hefir notið samkvæmt lögum þessum, og lætur engan eftir sig, er honum lifandi bæri skylda til að framfæra, og renna þá eftirlátnar eigur hans, ef nokkrar eru og eftir því, sem þær hrökkva, til endurgreiðslu styrksins, þannig, að fyrst er endurgreiddur útlagður kostnaðarhluti framfærslusveitar, sem ógreiddur kann að vera, og síðan ríkissjóðsstyrkurinn.

10. gr.

Sá, er styrks nýtur samkvæmt lögum þessum til að dvelja í sjúkrahúsi eða hæli (sbr. 4. gr. og 1. tölulið 6. greinar) og er að einhverju leyti vinnufær, er skyldur til, auk þess að hlíta öllum almennum sjúkrahúsreglum, að taka þátt í þeim störfum í sjúkrahúsinu eða hælinu, sem hann að dómi yfirlæknis sjúkrahússins eða hælisins er fær um að inna af hendi, enda sé um að ræða sjúkrahús eða hæli, sem rekið er af ríkinu, sveitarfélagi, almennri alþýðutryggingu eða sjúkrasamlagi innan hennar, eða ef um annað sjúkrahús eða hæli er að ræða, að í samningi milli þess og ráðherra sé heimiluð slík vinna.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum yfirlæknis sjúkrahúss eða hælis og í samráði við landlækni, að setja reglur um vinnu sjúklinga, er þar dvelja og styrks njóta samkvæmt lögum þessum, og má í þeim reglum tryggja sjúklingunum þóknun fyrir arðberandi vinnu, sem þeir leysa af hendi í sjúkrahúsum eða hælum eða í sambandi við sjúkrahús eða hæli, sem rekin eru af ríkinu, svo og þegar um önnur sjúkrahús eða hæli er að ræða, að svo miklu leyti sem því verður komið í kring með samningi milli þeirra og ráðherra.

11. gr.

Sá, er styrks nýtur samkvæmt lögum þessum til að dvelja í skóla (sbr. 5. gr. og 3. tölulið 6. greinar), er skyldur til, auk þess að hlíta almennum skólareglum, að taka þátt í þeim störfum í skólanum eða í sambandi við skólann,

sem forstöðumaður í samráði við lækni skólans telur hann færan um að inna af hendi, og fer um allt, er að þessu lýtur, í samræmi við ákvæði 10. greinar um vinnu sjúklinga í sjúkrahúsum eða hælum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda samtímis lögum um alþýðutryggingar. Jafnframt falla úr gildi öll ákvæði í lögum, sem koma í bága við ákvæði laga þessara, sbr. einkum lög nr. 60 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki, og lög nr. 46 23. júní 1932, um breyting á þeim lögum, og fellur 14. grein hinna fyrrnefndu laga, svo sem henni er breytt með hinum síðarnefndu lögum, úr gildi, lög nr. 91 23. júní 1932, um varnir gegn kynsjúkdómum, lög nr. 3 4. febrúar 1898, um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum, og lög nr. 57 30. júlí 1909, um breyting á þeim lögum, lög nr. 54 23. júní 1932, um afnám laga nr. 33 20. október 1905, um stofnun geðveikrahælis, og lög nr. 24 19. júní 1922, um kennslu heyrnar- og málleysingja.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun atvinnumálaráðh. Það er samið af landlækni, sem gerir fyrir því svolátandi grein:

Þetta frumvarp er samið að tilhlutun ríkisstjórnarinnar, og er tilgangurinn sá, að setja í heildarkerfi gildandi reglur um beina aðstoð ríkisins til líknar sjúkum mönnum og örkumla, jafnframt því, sem þau ákvæði eru gerð nokkru fyllri og viðtækari en verið hefir, en allt fært til samræmis við ákvæði um sjúkratryggingar í frumvarpi því um alþýðutryggingar, sem lagt verður fyrir Alþingi samhliða þessu frumvarpi.

Frumvarp þetta nær til

1) eiginlegra sjúklinga, að svo miklu leyti, sem þeir þurfa á sjúkrahúsvist eða hælisvist að halda, og í einstökum tilfellum, þó að utan sjúkrahúsa sé, ef um mikilsháttar læknishjálp er að ræða (sbr. 2. tölulið 6. gr.),
2) barna og unglinga, sem eru daufdumb, alvarlega málhölt, blind eða mjög sjóndöpur eða á annan hátt örkumla, þeim til nauðsynlegrar skólavistar og fræðslu,
3) örkumla manna í því skyni að sjá þeim fyrir gervilimum, umbúðum, sjúkravögnum o. s. frv.

I. Sjúklingar.

Ríkið hefir nú þegar tekið að sér á svipaðan hátt og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi sjúklinga þá, sem haldnir eru berklaveiki, með berklavarnarlögum, holdsveiki með holdsveikislögum, kynsjúkdómum með kynsjúkdómalögum, og geðveiki með því ákvæði í lögum, að geðveikir þurfalingar skuli fá vist í geðveikrahæli ríkisins fyrir aðeins kr. 1,50 gjald á legudag. Með frumvarpi þessu er bætt við tveimur flokkum sjúklinga: fávitum, sem fé hefir raunar verið veitt til á síðastliðnu ári og því, sem nú er að líða, og sjúklingum, sem haldnir eru öðrum langvinnum sjúkdómum en taldir hafa verið,

þar á meðal ofdrykkjumenn og deyfilyfjaneytendur. En ýmsir sjúklingar, sem til þess flokks myndu teljast, hafa einnig við og við notið ríkissjóðsstyrks, og má þar til nefna styrk til mænusóttarsjúklinga og geitnasjúklinga, svo og hina persónulegu sjúkrastyrki á fjárlögum.

Síðastliðin 5 ár (1930—1934) hefir kostnaðurinn við þessa sjúkraframfærslu ríkisins numið, samkvæmt lauslegu yfirliti frá ríkisbókhaldinu og dómsmálaráðuneytinu:

1. Berklasjúklingar		
1930	kr. 674534.89	
1931	— 692677.92	
1932	— 925211.43	
1933	— 922512.60	
1934	— 993673.07	
		kr. 4208609.91
2. Holdsveikissjúklingar (aðallega Laugarnesspítali)		— 292632.77
3. Kynsjúkdómasjúklingar		— 68019.91
4. Geðveikissjúklingar og fávitar (aðall. Kleppsspítalarnir)		— 665512.67
5. Geitnasjúklingar		— 4160.00
6. Mænusóttarsjúklingar		— 1677.50
7. Persónulegir sjúkrastyrkir		— 14900.00
		Kr. 5255512.76

Verður kostnaður samkvæmt þessu til uppjafnaðar rúmlega 1 millj. og 50 þús. kr. á ári, og kemur þó ekki allt til reiknings, þar á meðal ekki sá hluti af rekstrarhalla Landsspítalans, sem til þessa sjúkrakostnaðar mætti telja, ekki sá hluti af greiðslum ríkisins til uppbótar á fátækraframfæri hreppsfélaga, sem er vegna sjúkrakostnaðar hreppanna og gera má ráð fyrir, að nemi a. m. k. 100 þús. kr. á ári, miðað við árlegar endurgreiðslur vegna sjúkrakostnaðar, áður en fátækralögunum var breytt. Enn eru ótaldir ríkissjóðsstyrkir til sjúkrasjóða víðsvegar um landið, svo og ýmsar huldar greiðslur, sem dulizt geta í ýmsum liðum landsreikninganna. Þess er og að gæta, að allra síðustu árin hafa nýir kostnaðarliðir bætzt hér við, svo sem styrkir til fávita, sem á núgildandi fjárlögum eru ákveðnir 5000 kr., og sjúkrahúskostnaður kynsjúkdómasjúklinga samkv. breytingu á kynsjúkdómalögunum frá 1932. Er kynsjúkdómakostnaðurinn á síðustu fjárlögum áætlaður 30 þús. kr., miðað við reynslu síðastliðins árs, og þó tæplega nóg í lagt. En áður var þessi kostnaður að jafnaði 6—10 þús. kr. á ári. Ef allt kæmi til reiknings, geri ég ráð fyrir, að lítið skorti á, að varið sé nú úr ríkissjóði til þeirrar sjúkrahjálpar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, 1¼ millj. króna.

Um þörfina á að gera þessa sjúkrahjálp ríkisins nokkru víðtækari en verið hefir, þannig, að ekki sé gert upp á milli þurfandi sjúklinga, eftir því, hvert heiti er gefið sjúkdóminum, sem þjáir þá, svo sem nú tíðkast, þarf ekki að ræða, með því að það getur engum ágreiningi valdið. Hitt kemur til álita, hvern kostnaðarauka fyrir ríkissjóð réttarbætur þessar mundu hafa í för með sér.

Í lögum um alþýðutryggingar, sem lögð verða fyrir Alþingi samhliða þessu frv. í því skyni, að hvorttveggja frv. verði að lögum samtímis, er gert ráð fyrir, að sjúkrasamlög, sem þegar er skylt að stofna í öllum kaupstöðum svo og í þeim hreppum, þar sem helmingur kjósenda æskir þess, taki meðal annars að sér greiðslur á sjúkrahúss- og hælisvist meðlima sinna í allt að 6 mánuði í hverju sjúkdómstilfelli. Þetta dregur verulega úr ríkissjóðsgreiðslum samkvæmt þessum lögum, þó að það sé ríkissjóði engan veginn að kostnaðarlausu að öðru leyti, og vísast um það til greinargerðarinnar fyrir alþýðutryggingafrv.

Samkvæmt athugunum, sem atvinnumálaráðuneytið hefir látið gera, virðist kostnaður við sjúkrahúss- og hælisvist svo og aðra læknishjálp úrskurðaðra styrkhæfra berklasjúklinga fyrstu 6 mánuði sjúkdómsins nema samtals ca. 300 þús. kr. á ári og skiptast nokkurnveginn jafnt á milli kaupstaða og hreppa. Eftir því ætti alþýðutryggingin að taka þegar að sér 150 þús. kr. af berklakostnaði kaupstaðanna, og með því að gera má ráð fyrir, að allmargir hreppar og einkum hinir fjölmennustu bregði þegar við og stofni sjúkrasamlög, virðist ekki fjarri sanni að gera ráð fyrir, að 200 þús. kr. af berklakostnaðinum falli mjög bráðlega á trygginguna. Tryggingin mundi og taka að sér mjög mikinn hluta af lækninga- og legukostnaði kynsjúkdómasjúklinganna, og gizka ég á 10 þús. kr. Hluttöku tryggingarinnar í sjúkrahúskostnaði geðveikra sjúklinga og þátttöku sveitarfélaga í sjúkrahúskostnaði holdsveikissjúklinga læt ég jafna það upp, sem skorta kann á, að greiðsla berklaveikra og geðveikra sjúklinga eða aðstandenda þeirra á $^1/_5$ hluta legukostnaðarins á móti $^4/_5$ úr ríkissjóði jafnist á við berklakostnaðargreiðslur sýslusjóða nú og greiðslu kr. 1,50 daggjalds með geðveikissjúklingum á Kleppi. En það hefir ríkisstjórnin raunar jafnan í sinni hendi, og fer það eftir því, hvert daggjald verður ákveðið í sjúkrahúsum ríkisins. Með því að ríkissjóði er ætlað að leggja fram til tryggginganna $^1/_6$ af fé því, er þær fá til umráða, koma 35 þús. kr. til frádráttar þeim 210 þús. kr. kostnaði, sem gert er ráð fyrir, að alþýðutryggingin spari ríkissjóði á hinum tveimur póstum, berklakostnaðinum og kynsjúkdómakostnaðinum, og nemur þá sparnaðurinn 175 þús. kr.

Gera má þegar ráð fyrir þeim kostnaðarauka af styrk til fávita samkv. ákvæðum þessa frv., sem leiða mundi af því, ef fávitahæli það, sem til er, á Hverakoti í Grímsnesi, yrði þegar fullskipað fávitum, er styrktir yrðu úr ríkissjóði. Fávitahæli þetta tekur í hæsta lagi 25 fávita, og mundi vera auðgert að semja um 80 kr. meðgjöf með hverjum fávita á mánuði. Yrði þá hluti ríkissjóðs af meðgjöfinni með öllum fávitunum 19500 kr. Allvel væri séð fyrir fávitamálunum til bráðabirgða, ef öðru hæli svipuðu yrði komið upp fyrir stálpaða drengi og fullorðna karlmenn, og þyrfti kostnaður ríkissjóðs af meðgjöf með fávitum á tveimur slíkum hælum ekki að fara fram úr 40 þús. kr., sem er 35 þús. kr. meira en greitt er til fávita nú.

Þá er eftir að athuga kostnaðinn við sjúkrahúsvist og læknishjálp sjúklinga með aðra alvarlega langvarandi sjúkdóma en berklaveiki, holdsveiki, kynsjúkdóma og geðveiki (þar með taldir fávitar). Ég hefi athugað, hve margir slíkir sjúklingar lágu í sjúkrahúsum og höfðu legið lengur en 6 mán-

uði á síðustu áramótum, og voru þeir 26 talsins á öllu landinu. Legukostnaður 26 sjúkl. árlangt, miðað við 5 kr. daggjald, er 47450 kr., eða hluti ríkissjóðs samkv. frv. 37960 kr. Að vísu má gera ráð fyrir, að tala slíkra sjúklinga mundi aukast allverulega, ef þeim byðust þau friðindi, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, en vel tel ég í lagt til bráðabirgða að gera ráð fyrir, að talan nálgaðist það að þrefaldast, þannig, að kostnaðarhluti ríkissjóðs næmi 100 þús. kr., og væru raunar engin tök á að koma svo mörgum sjúklingum fyrir í sjúkrahúsum eins og á stendur, en þess er að gæta, að mjög aðkallandi er, að komið verði upp hæli fyrir ofdrykkjumenn, sem frv. gerir ráð fyrir, að styrktir verði til hælisvistar. Kostnaðarauka af þessum sjúklingum vil ég ekki telja nema ca. 50 þús. kr., með því að til frádráttar ætti að koma, auk smávægilegs beins kostnaðar, sem ríkissjóður hefir nú af slíkum sjúklingum, milli 40 og 50 þús. kr. upphæð, sem ríkissjóði ætti að sparast í uppbótargreiðslum á fátækraframfæri til hreppa, sem losna á þennan hátt að mestu leyti við þessa þungu ómaga.

Samkvæmt þessu telst mér til, að af þeirri upphæð, sem nú er varið í þessu skyni, séu eftir 90 þús. kr. til annara ráðstafana samkv. lögum þessum.

II. Skólavist daufdumbra, málhaltra, blindra og örkumla barna og unglinga.

Ég geri ekki ráð fyrir, að hér verði breyting á, er miklum kostnaði þurfi að valda. Kostnaðurinn við daufdumbraforsjána hefir numið á síðustu 5 árum kr. 191331.74 eða til uppjafnaðar tæpum 40 þús. kr. á ári. Fyrir mér vakir, að færðar verði út kvíar skólans, þannig, að unnt verði að taka þangað til kennslu önnur málhölt börn, blind og á annan hátt örkumla, til þess að veita þeim þá fræðslu, er unnt er að láta slíkum unglingum í té hér á landi. Þau börn, er hér kæmu til greina, mundu verða mjög fá. Kostnaðarauka af þessu áætla ég fyrst um sinn 5 þús. kr.

III. Gervilimir, umbúðir og þess háttar tæki handa örkumla mönnum.

Til gervilimasmíðs og styrktar örkumla fólki til gervilimakaupa hefir á síðustu 5 árum verið eytt úr ríkissjóði 33767 kr., eða kr. 6753.40 til jafnaðar á ári. Með því að gert er ráð fyrir, að alþýðutryggingin skili fólki, sem verður örkumla vegna slysa eða sjúkdóma, frá sér með gervilimum, umbúðum eða öðrum þess háttar tækjum, en ríkið hjálpi þeim síðan samkv. ákvæðum þessa frv. til að halda þessum tækjum við og endurnýja þau, geri ég ekki ráð fyrir, að fyrst um sinn þurfi ákvæði frv. þessu viðvíkjandi að hafa verulegan kostnaðarauka í för með sér.

Samkvæmt því, sem að framan segir, er gert kostnaðaryfirlit það, sem fer hér á eftir:

A. Á alþýðutrygginguna fellur kostnaður, sem nú er greiddur úr ríkissjóði til sjúkraframfærslu:

1.	Af berklakostnaði	kr. 200000.00
2.	Af kynsjúkdómakostnaði	— 10000.00
		Kr. 210000.00

B. Kostnaðarauki samkv. þessu frv. og frv. um alþýðutryggingar:

1. Til fávita	kr.	35000.00
2. Til sjúklinga með langvarandi sjúkdóma, þar á meðal til hælisvistar ofdrykkjumanna	—	50000.00
3. Til daufdumbraskólans	—	5000.00
4. Til alþýðutryggingarinnar upp í kostnað við A-lið	—	35000.00
5. Mismunur	—	85000.00
	Kr.	210000.00

Samkvæmt þessari áætlun sparast þá ríkissjóði á þessu frv. og á frv. um alþýðutryggingar, að því er snertir þá sérstöku sjúkraframfærslu, sem hér er um að ræða, *85 þús. kr.*, en að því ber að gæta um þessa áætlun, að hún er miðuð við næstu tíma, en kostnaðurinn hækkar að sjálfsögðu eftir því sem sjúkrahúsum, hælum og öðrum heilbrigðisstofnunum fjölgar og eftir því sem kröfur manna aukast um að nota slíkar stofnanir og þær kröfur ná viðurkenningu yfirvalda. Kostnaðurinn fer og þegar frá upphafi mjög mikið eftir framkv. laganna. Öllum fríðindum af þessu tæi fylgir sú hætta, að misnotkun eigi sér stað, og er einkum mikið undir því komið, ef kostnaði á að halda í skynsamlegum skefjum, að læknum lærist að þræða hinn vandfarna meðalhófsveg að gæta heilla sjúklinga sinna án þess að gleyma fjárhagslegum hagsmunum þjóðfélagsins, sem er undirstaðan undir öllum fríðindunum.

Um hinar einstöku greinar skal þessa getið:

Um 1. gr.

Þegar talað er um alvarlega og *langvinna* sjúkdóma *aðra en* berklaveiki, holdsveiki, kynsjúkdóma og geðveiki (þar með taldir fávitar), er til þess ætlazt, að yfirleitt sé miðað við sjúkdóma, sem krefjast lengri sjúkrahúss- eða hælisvistar en 6 mánaða, og að þegar sjúklingar með slíka sjúkdóma úr hreppum, þar sem ekki eru sjúkrasamlög, eiga í hlut, verði þeir ekki fremur en sjúkrasamlagsmeðlimir úrskurðaðir á ríkisframfæri fyrr en eftir að þeir hafa þarfnazt og notið 6 mánaða sjúkrahúss- eða hælisvistar á eiginn kostnað eða framfæranda síns. Hér undan eru þó teknir sjúkdómar, sem sjúkrasamlög greiða ekki almennt fyrir, t. d. ofdrykkja.

Um 2.—5. gr.

Ætlazt er til, að horfið verði frá því, sem tíðkazt hefir um úrskurði samkvæmt berklavarnalögum, að sjúklingar séu úrskurðaðir að nokkru leyti styrkhæfir, þannig, að þeim sé gert að greiða nokkurn hluta daggjalds í sjúkrahúsi eða hæli o.s.frv. Eftir frv. eru menn annaðhvort að öllu leyti styrkhæfir skv. ákvæðum þess eða ekki. Ef maður er svo efnum búinn, að ætla má, að hann geti kostað sig að nokkru leyti sjálfur, sé honum gert að kosta sig að öllu leyti, styttri eða lengri tíma, eftir því sem talið er, að efnahagur hans leyfi, en síðan sé hann tekinn á fullt framfæri. Fullt ríkisframfæri má þó aldrei nema meiru samkv. frv. en $^4/_5$ kostnaðarins. $^1/_5$ verður sjúklingurinn jafnan að bera sjálfur eða framfærandi hans. Er gert ráð fyrir, að þetta verði nokkur trygg-

ing gegn misnotkun. Öreigar eða lítt efnum búnir menn eiga þó eftir sem áður kröfu á, að greitt sé að fullu með þeim af opinberu fé. Aðeins verður framfærslusveit þeirra að sjá um greiðslu $^1/_5$ hluta kostnaðarins, sem aldrei má telja sveitarstyrk og aldrei má heimta endurgreiðslu á, ef afkomu hlutaðeigandi er með því stofnað í tilfinnanlega hættu. Samræmis vegna er fallið frá því að innheimta hluta berklavarnakostnaðarins úr sýslusjóðum. Í stað þess lendir $^1/_5$ hluti kostnaðar á framfærslusveit, þegar hlutaðeigandi greiðir ekki þann hluta sjálfur eða framfærandi hans, og skiptir það ekki verulegu máli fyrir hreppana, eftir að þeir eiga rétt á uppbót á fátækraframfæri samkv. fátækralögum, enda er að öðru leyti miklu létt af sveitarfélögum samkv. ákvæðum þessa frv.

Ákvæðið um samninga við sjúkrahús og hæli um vist sjúklinga, sem njóta ríkisframfærslu, er í samræmi við nýlega sett ákvæði í berklavarnalögum, sem hefir gefizt vel.

Um 6. gr.

Heimild ráðherra til greiðslu með sjúklingum og örkumla fólki samkv. þessari gr. er í samræmi við núgildandi ákvæði berklavarnalaga.

Um 7. og 8. gr.

Að mestu leyti samkv. því, sem tíðkazt hefir um greiðslur samkv. berklavarnalögum. Óhjákvæmilegt þykir, vegna örðugrar innheimtu sjúkrahúsa og hæla hjá fjarliggjandi sveitarfélögum, að gera ríkissjóð að millilið, sem í flestum tilfellum stendur vel að vígi um innheimtuna, t. d. með skuldajöfnuði.

Um 9. gr.

Rétt þykir, að eignir styrkþega, er deyr án þess að láta eftir sig nokkurn þann, er honum lifandi bæri skylda til að framfæra, renni til endurgreiðslu styrksins eftir því sem þær hrökkva til. En ef til vill væri ástæða til að setja jafnframt ákvæði til tryggingar gegn því, að styrkþegi, sem svo er ástatt um, geti ráðstafað eignum sínum fyrir dauða sinn, og þannig farið í kringum ákvæði þessarar greinar.

Um 10. og 11. gr.

Að mestu leyti í samræmi við tilsvarandi ákvæði í berklavarnalögum, en að nokkru fyllra.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 407. Frumvarp til framfærslulaga.

Flm.: Jónas Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Emil Jónsson, Finnur Jónsson, Sigurður Einarsson, Páll Þorbjörnsson.

I. KAFLI

Um framfærsluskyldu.

1. gr.

Framfærslustyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sér þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Framfærslustyrkur skal vera svo mikill sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar eða framfærslunefndar, og honum haga svo, sem hún telur rétt vera, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum.

2. gr.

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

3. gr.

Skylt er foreldrum í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og ala upp börn sín þangað til þau eru 16 ára.

4. gr.

Nú gengur maður að eiga konu þá, er átt hefir áður með öðrum manni barn eða börn, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, er ekki hafa náð þeim aldri, enda hafi hún foreldraráð yfir þeim, og helzt sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur, ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það söm og áður en konan giftist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sínu leyti hefir og kona við börn eiginmanns síns, þau er hann hefir átt, áður en hún giftist honum, með annari konu. Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aftur.

5. gr.

Skylt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafizt framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins, nema kjörforeldrin þrjóti.

6. gr.

Börn skulu, svo sem þau eru fær um, ala önn fyrir foreldrum sínum, og mega foreldrar ekki verða framfærsluþurfar, meðan þau eiga þau börn á lífi,

sem eru þess umkomin að annast þau. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri.

7. gr.

Framfærslumaður á rétt á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sín og ala þar önn fyrir þeim, ef hann fer vel með þá. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rétt og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sér eða ráða verustað þess (sbr. þó 15. gr.).

Ef framfærsluþurfi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlag af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á framfærsluþurfi tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald. þar sem framfærsluþurfi á lögheimili eða er staddur, skera úr.

Nú vill framfærslumaður taka á heimili sitt framfærsluþurfa eldri en 16 ára, er honum er skylt fram að færa samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, en framfærsluþurfi vill eigi samþykkja þá ráðstöfun, og má þá eigi flytja framfærsluþurfann þangað án samþykkis hans. Skal þá framfærslumanni gert að greiða meðlag með styrkþega, samkvæmt fyrirmælum 8. gr., en eigi má það hærra vera en sem nema mundi framfærslukostnaði styrkþega, ef hann dveldist á heimili framfærslumanns.

8. gr.

Nú fullnægir framfærslumaður eigi framfærsluskyldu sinni, eða hann fer illa með framfærsluþurfa sinn, og er þá dvalarsveitinni skylt að annast framfærsluna gegn endurgjaldi frá framfærslumanni, ef sveitarstjórnin í heimilissveit hans álítur, að hann sé fær um að greiða meðlagið. Álit þetta má leggja undir úrskurð yfirvalds, en úrskurði þeim má skjóta til atvinnumálaráðherra.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna í milli, barna yngri en 16 ára, né um framfærslu þá, er getur í 11. gr.

9. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum næstu greinar á undan, ákveður yfirvald, þar er framfærsluþurfi á heima, eða dvelur, ef hann á hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum eða kjörbörnum, hjóna hvors með öðru og upphæð barnsfararkostnaðar. Áður en slíkur úrskurður er upp kveðinn, skal yfirvald það, er í hlut á, hafa aflað sér upplýsinga um efnahag og greiðslugetu framfærslumanns, og sé hann búsettur utan lögsagnarumdæmisins, skal slíkra upplýsinga leitað hjá yfirvaldi í því umdæmi, þar sem framfærslumaður er búsettur.

10. gr.

Nú er meðlagsúrskurður samkvæmt framansögðu löglega birtur og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rétt að taka fúlguna lögtaki samkv. lögum 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Ef ekki er greidd í gjalddaga fúlga sú, sem framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum, eða stjúpbarni sínu á sama aldri, þá skal um greiðslu fúlgunnar fara sem segir í lögum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu.

Þó á fráskilin kona eigi kröfu á að fá greitt af heimilissveit sinni hærri upphæð en sem svarar meðalmeðlagi fyrir það eða þau börn hennar, er hún hefir á framfæri.

11. gr.

1. Um réttindi og skyldur sveitarstjórna út af framfærslu hjóna og skilgetinna barna og óskilgetinna fer eftir sifjalögum, að því leyti, sem lög þessi ná ekki til.
2. Um framfærsluskyldu húsbænda gagnvart hjúum sínum fer eftir hjúalögum.
3. Um framfærsluskyldu útgerðarmanns gagnvart skipverjum fer eftir sjómannalögum.
4. Um framfærsluskyldu lærimeistara gagnvart iðnnemum fer eftir lögum um iðnaðarnám.

Framfærslumaður eða framfærslusveit hjúa, skipverja og iðnnema á sömu framfærslukröfu á hendur húsbónda, útgerðarmanni og lærimeistara eins og aðili sjálfur, ef hann neytir ekki réttar síns.

II. KAFLI

Um framfærslurétt.

12. gr.

Sérhver íslenzkur ríkisborgari, eldri en 16 ára, á framfærslurétt í heimilissveit sinni, en heimilissveit er sá kaupstaður eða hreppur, þar sem maður á lögheimili.

Verði eigi upplýst um lögheimili manns, er leitar framfærslustyrks, þá skal sú sveit er hann dvelur í, þegar hann verður styrkþurfi, teljast framfærslusveit hans.

13. gr.

Nú flyzt maður milli sveita, og skal hann þá eiga framfærslurétt í þeirri sveit, er hann flytur í, þegar er hann hefir tekið sér þar fast aðsetur. Á þetta jafnt við um þá, sem framfærslustyrks hafa notið, og aðra. Enginn öðlast þó framfærslurétt í annari sveit með dvöl sinni þar í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli eða annari slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi. Meðan þeir dvelja þar eiga þeir framfærslurétt í þeirri sveit, er þeir áttu lögheimili í, þegar dvöl þeirra á stofnunum þessum hófst, en öðlast þegar framfærslurétt í þeirri sveit, er þeir taka sér bólfestu í, að dvölinni lokinni.

14. gr.

Um framfærslurétt hjóna, sem skilið hafa samvistir, gilda ákvæði 12. og 13. greinar. Skilgetin börn undir 16 ára aldri eiga framfærslurétt í heimilissveit

foreldra sinna. Séu hjónin skilin eða sambúð þeirra slitið, á barnið framfærslurétt í heimilissveit þess foreldrisins, er foreldraráðin hefir, eða það fylgir, og helzt sá framfærsluréttur, þótt foreldrið deyi.

Nú hafa hjón skilið samvistir án þess að úrskurðað hafi verið um foreldraráð yfir barni þeirra, er hjá hvorugu dvelur, og á barnið þá framfærslurétt í heimilissveit föður síns, eða þeirri sveit, er hann átti síðast lögheimili í, sé hann dáinn.

Óskilgetin börn innan 16 ára aldurs eiga framfærslurétt í heimilissveit móður sinnar.

15. gr.

Nú hefir lögskyldur framfærslumaður barns komið því í fóstur, og þar er gefið með því samkvæmt meðlagsúrskurði, eða sveitarstjórn hefir ráðstafað barni með ákveðinni meðgjöf, og er þá eigi heimilt að taka barnið frá fósturforeldri, ef þar fer vel um það, að dómi barnaverndarnefndar eða skólanefndar, þar sem barnið dvelur, og fósturforeldrarnir vilja halda barninu, enda krefjist þeir ekki af sveitarstjórn hærri meðgjafar en meðalmeðlags.

Nú vill foreldri barns, sem ráðstafað hefir verið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, taka barnið til sín, en fósturforeldrarnir vilja hafa það áfram, og þeir krefjast ekki meiri meðgjafar en meðalmeðlags, og skal þá barnaverndarráð úrskurða, að fengnum tillögum barnaverndarnefndar eða skólanefndar, þar sem barn og foreldri eiga heima, hjá hvorum aðila barnið skuli dvelja.

16. gr.

Nú verður barn munaðarlaust, en munaðarlaust telst það barn, sem engan lögskyldan framfærslumann á, þann er vitað sé um eða til verði náð, og er þá sveitarstjórn í dvalarsveit barnsins skylt að annast framfæri þess fyrst um sinn, þar til úr því er skorið, hver sé hin rétta framfærslusveit þess samkvæmt lögum þessum, og skal sú sveit þá taka við framfærslu barnsins, þó með þeim takmörkunum, er segir í næstu grein á undan.

Verði eigi úr því skorið, hver sé hin rétta framfærslusveit barns, er dvalarsveit þess skylt að annast framfærslu þess. Framfærslustyrkur veittur samkv. þessari grein telst styrkur veittur munaðarlausu barni.

17. gr.

Danskir ríkisborgarar, heimilisfastir hér á landi, eiga sama framfærslurétt sem íslenzkir ríkisborgarar meðan þeir dvelja hér.

Aðrir utanríkismenn eignast framfærslurétt hér á landi, þegar þeir fá íslenzkan ríkisborgararétt.

18. gr.

Maður, sem öðlazt hefir framfærslurétt á Íslandi, missir hann, þá er hann missir íslenzks ríkisfangs, enda hafi hann öðlazt ríkisborgararétt í öðru ríki. En öðlist hann aftur íslenzkan ríkisborgararétt, þá á hann framfærslu í heimilissveit sinni.

19. gr.

Nú verður maður, sem eigi á framfærslurétt hér á landi, þurfandi framfærslustyrks hér, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í heimilissveit hans eða dvalarsveit, en endurgreiða skal ríkissjóður framfærslustyrkinn.

20. gr.

Nú er þess krafizt frá útlöndum, að tekið verði hér við framfærslu íslenzks ríkisborgara, og ráðherra álítur, að ekki verði hjá því komizt að veita honum viðtöku, og er þá rétt, að ráðherra vísi honum með fjölskyldu, ef nokkur er, á þá sveit, er framfærsluþurfi til þess kýs, en styrkur sá, er sveitin veitir honum fyrsta árið, er hann dvelur þar, skal henni endurgoldinn úr ríkissjóði.

21. gr.

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur framfærslustyrkur erlendis, og er þá skylt að endurgreiða þann styrk úr ríkissjóði. Sömuleiðis greiðist úr ríkissjóði allur kostnaður við flutning þess styrkþurfa og skylduliðs hans frá útlöndum, ef til slíks flutnings kemur og kostnaðurinn fæst ekki á annan hátt endurgoldinn.

III. KAFLI

Um styrk með börnum ekkna.

22. gr.

Þegar ekkja, sem rétt á til framfærslu hér á landi og börn hefir á framfæri sínu, eitt eða fleiri, sem hjá henni dveljast, á við þau kjör að búa, að hún, að dómi valdsmanns þar, sem hún á heima, er ekki einfær um að kosta framfærslu og uppeldi þeirra, á hún rétt á, að valdsmaðurinn úrskurði henni meðlag samkvæmt lögum þessum. Leita skal valdsmaður álits framfærslunefndar eða hreppsnefndar þar, sem ekkjan á heima, um hagi hennar, áður en úrskurður er upp kveðinn.

23. gr.

Kveða skal upp úrskurð um meðlag með hverju barni um sig, sem er innan 16 ára aldurs og á framfæri ekkjunnar. Þó skal valdsmaður ekki úrskurða meðlag með öllum börnunum, ef fleiri eru en eitt og hann telur, að meðlag með einu þeirra eða einhverjum muni nægja til þess að ekkjan geti kostað framfærslu allra barnanna. Sérhver úrskurður skal hljóða á nafn ákveðins barns, og séu ekki kveðnir upp úrskurðir með öllum börnunum, skulu úrskurðir hljóða á nafn hinna yngstu. Valdsmaður getur fjölgað úrskurðum og einnig fellt úrskurði úr gildi, ef honum þykir ástæða til, sökum breyttra ástæðna ekkjunnar. Neitun valdsmanns á að kveða upp úrskurð og niðurfelling úrskurðar má jafnan áfrýja til atvinnumálaráðherra.

24. gr.

Upphæð meðlags samkvæmt hverjum meðlagsúrskurði skal vera jöfn meðalmeðlagi í þeirri sveit eða kaupstað, þar sem ekkjan á heimili.

25. gr.

Meðlög með börnum ekkna samkvæmt lögum þessum greiðast af heimilissveit ekkjunnar, á sama hátt og meðlög með óskilgetnum börnum. Þó er heimilissveit ekki skylt að inna af höndum greiðslu, sem ekki er krafizt fyrr en ár er liðið frá því að hún varð gjaldkræf. Þegar greiðslu er krafizt, er skylt að sýna úrskurð og lífsvottorð barnsins, sé þess óskað.

26. gr.

Nú giftist ekkja, sem meðlög fær með börnum sínum samkvæmt fyrirmælum þessara laga, og falla þá meðlagsúrskurðirnir sjálfkrafa úr gildi.

IV. KAFLI

Um stjórn framfærslumála.

27. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir yfirstjórn allra framfærslumála í landinu. Hann getur, ef hann telur þess þörf, skipað framfærslumálastjóra, er þá stýrir framkvæmdum framfærslumála, undir yfirumsjón ráðherra. Framfærslumálastjóri skal vera sveitar- og bæjarstjórnum til aðstoðar og ráðuneytis um vandasöm framfærslumál.

Atvinnumálaráðherra ákveður laun og skrifstofufé framfærslumálastjóra.

28. gr.

Framfærslumálum heima í héraði stjórna bæjarstjórnir og hreppsnefndir, hver í sínu umdæmi.

29. gr.

Í kaupstöðum kýs bæjarstjórn sérstaka nefnd, er nefnist framfærslunefnd, til þess að annast framkvæmdir framfærslumála kaupstaðarins.

Framfærslunefnd skal skipuð 5 mönnum. Bæjarstjórn kýs 4 þeirra með hlutfallskosningu; auk þess er formaður barnaverndarnefndar sjálfkjörinn í nefndina.

Kjörtímabil framfærslunefndar er hið sama og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Nefndin kýs sér sjálf formann.

30. gr.

Hreppsnefndum er heimilt að kjósa framfærslunefnd, og fer þá um skipun hennar og verksvið eins og í kaupstöðum, nema að formaður skólanefndar kemur þar í stað formanns barnaverndarnefndar.

31. gr.

Í kaupstöðum og hreppum, þar sem framfærslunefndir eru, skal hver sá, er þarfnast opinberrar hjálpar, snúa sér til formanns framfærslunefndar, eða á skrifstofu nefndarinnar, og skýra frá ástæðum sínum. Framfærslunefnd skal

þá, svo fljótt, sem við verður komið, halda fund um málið, sé það þannig vaxið, að það geti eigi orðið afgreitt án sérstaks fundar eða beðið reglulegs fundar í nefndinni, og ákveða, hverja hjálp nauðsynlegt sé að veita, og skal sú hjálp látin í té af bæjar- eða sveitarsjóði eftir fyrirmælum nefndarinnar.

32. gr.

Framfærslunefnd skal eigi halda sjaldnar fundi en einu sinni í viku. Skal hún þá afgreiða öll þau erindi, er til hennar hafa borizt, og geta hvers einstaks erindis í gerðabók sinni og hvaða afgreiðslu það hafi hlotið.

Nú þykir styrkþega rétti sínum hallað eða eigi nógu vel fyrir þörfum sínum séð af framfærslunefnd, og má hann þá skjóta máli sínu til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Sérhverjum, er ekki vill una þeirri afgreiðslu, sem mál hans hefir fengið hjá bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er heimilt að áfrýja því til yfirstjórnar framfærslumálanna, er þá skal fullnaðarúrskurð á leggja.

33. gr.

Framfærslunefnd er skylt að veita hverjum þeim, sem til hennar leitar, allar upplýsingar og leiðbeiningar, um framfærslumál, eftir því sem í hennar valdi stendur, og sjá um, að framfærsluþurfi fái komið fram réttmætum kröfum sínum eða fengið þann framfærslustyrk, sem honum ber, óskertan.

Hún skal einnig sjá um, að þeir, sem fara þurfa til dvalar á sjúkrahús eða aðra stofnun, fái ábyrgð fyrir dvöl sinni þar frá sveitarfélagi sínu, eða sjúkrasamlagi, nema því sé áður ráðstafað á annan hátt.

34. gr.

Skylt er framfærslunefnd að stuðla að því eftir megni, að fólk þurfi ekki að leita framfærslustyrks, svo sem með því að hvetja það til að sjúkratryggja sig, brýna fyrir því reglusemi, hjálpa því til að komast í atvinnu, benda hreppsnefnd, bæjarstjórn, atvinnubótanefnd eða vinnumiðlunarskrifstofu á, hvar svo bágar séu kringumstæður, að nauðsyn sé fyrir vinnu, koma börnum til sumardvalar á góð sveitaheimili og eiga frumkvæði að öðru því, er í einstökum tilfellum og almennt gæti orðið til þess að forða því frá að þiggja framfærslustyrk.

35. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur setur, að fengnum tillögum framfærslunefndar þar, nánari reglur um tilhögun á framkvæmdum framfærslumála í kaupstaðnum.

36. gr.

Í hreppum, sem eigi kjósa framfærslunefnd, annast hreppsnefnd framkvæmd framfærslumála og gegnir þar skyldum framfærslunefndar samkvæmt lögum þessum, svo sem við á þar.

V. KAFLI

Um tilhögun styrkveitinga.

37. gr.

Framfærslustyrk skal veita á þann hátt, að gætt sé hvorstveggja í einu, hagsmuna almennings og þarfa og velferðar styrkþega.

38. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu styrkþega.

39. gr.

Framfærsluþurfum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sé lagður þeim á heimili þeirra í matvælum, fatnaði og öðrum nauðsynjum, eða greiddur þeim í peningum, allt eftir því, sem framfærslunefnd eða hreppsnefnd telur bezt henta. Húsnæði, sem framfærsluþurfa er útvegað og fyrir er greitt af opinberu fé, eða sveitarstjórn leggur til, skal vera svo útbúið, að dómi héraðslæknis, að heilsu þeirra, er þar eiga að búa, stafi eigi hætta af.

40. gr.

Nú þarf að ráðstafa framfærsluþurfa, og skal honum þá komið fyrir á góðu heimili, þar sem vel fer um hann, hann látinn fara á sjúkrahús, ef læknir álítur þess þörf, eða honum komið fyrir á vinnuhæli eða framfærslu- eða atvinnustofnun, sem er undir opinberri umsjón.

41. gr.

Nú þurfa foreldrar að leita framfærslustyrks vegna ómegðar sinnar, og má þá hreppsnefnd eða framfærslunefnd koma börnum þeirra, svo mörgum sem þörf þykir, fyrir á góðum heimilum, hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum. Þó þarf samþykki foreldra til þess að taka börnin frá þeim, nema framfærslu og uppeldi barnanna sé áfátt á þann hátt, er segir í 42. gr.

Engu síður skal kosta kapps um að velja góð heimili handa munaðarlausum börnum, er sveitarstjórn annast framfærslu á.

Ekki má sveitarstjórn skilja hjón samvistum nema með leyfi þeirra.

42. gr.

Ef foreldrar, sem ekki þiggja framfærslustyrk, veita eigi börnum sínum, er hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi eða fara illa með þau, þá skal fátækrastjórnin koma börnunum burtu þaðan á góð heimili, þar sem þau fá góðan aðbúnað og lögskipaða fræðslu og venjast algengri vinnu. Meðgjöf með slíkum börnum skal talinn framfærslustyrkur, veittur foreldrum eða öðrum lögskyldum framfærslumönnum barnanna, nema hún sé þegar endurgoldin.

43. gr.

Þegar um ráðstafanir er að ræða eftir 41. og 42. gr., skulu þær eigi framkvæmdar fyrr en barnaverndarnefndir í kaupstöðum og skólanefndir í sveit-

um hafa haft málið til meðferðar og reynt að leysa það samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, ef það fellur undir ákvæði þeirra, og skal farið eftir tillögum þeirra að því leyti, sem við verður komið. Hið sama gildir um ráðstöfun fávita og vanþroska unglinga, sem nauðsyn krefur, að hið opinbera ráðstafi eða hafi afskipti af.

44. gr.

Sóknarprestar, kennarar og héraðslæknar skulu líta eftir því, að vel sé farið með alla framfærsluþurfa í umdæmum þeirra. Þyki einhverjum ofangreindra aðilja misbrestur á því vera, og geti hann eigi með umvöndun komið lögun á það, ber þeim að kæra mál það fyrir lögreglustjóra, er halda á sveitarstjórn til að gæta skyldu sinnar.

Innansveitarmenn hafa einnig rétt til að kæra yfir vanrækslu í þessu efni, og er lögreglustjóra skylt að rannsaka kærur þær. Skulu slík mál sæta meðferð almennra lögreglumála.

45. gr.

Sveitarstjórn skal gera sér allt far um að stuðla að því, að börn, sem eru undir hennar umsjá, séu þannig upp alin, að þau geti séð fyrir sér sjálf, þá er þau hafa náð 16 ára aldri.

VI. KAFLI

Um vald sveitarstjórnar yfir styrkþegum.

46. gr.

Sá, sem þegið hefir framfærslustyrk, er endurgjalda skal, er háður valdi sveitarstjórnar að því leyti og á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

47. gr.

Fyrir þeginn framfærslustyrk getur sveitarstjórn beiðzt lögtaks eftir fyrirmælum laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Lögtaksbeiðni er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

48. gr.

Sveitarstjórn getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn framfærslustyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eftirriti af uppskriftargerðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því er styrkinn snertir, leggst veðband á hina uppskrifuðu muni skuldinni til tryggingar.

Heimilt er sveitarstjórn að fara með fjárkröfur framfærsluþurfa á hendur öðrum mönnum, án þess samþykki hans komi til.

Verkfæri eða búsmunir, sem sveitarstjórn fær framfærsluþurfa í hendur, eru eftir sem áður eign sveitarinnar.

49. gr.

Sannist það fyrir ráðherra, að sá, er þiggur eða þegið hefir framfærslustyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða gefinn eftir, fari ráðlauslega með efni

þau, er hann hefir undir höndum, skal ráðherra, eftir beiðni sveitarstjórnar og tillögum lögreglustjóra, svipta hann fjárráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðunum er sviptur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að framfærslustyrkurinn sé endurgoldinn, skal ráðherra nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviptur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

50. gr.

Sá, sem þiggur framfærslustyrk og er þó vinnufær, er skyldur að fara í viðunanlega vist og vinna hverja þá vinnu, sem sveitarstjórn ákveður og honum er ekki um megn og greidd er með venjulegu kaupgjaldi, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur til að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sé viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra, er sker úr því, eftir að hafa leitað álits tveggja óvilhallra manna og verklýðsfélags á staðnum, ef slíkt er til.

Á sama hátt getur framfærslusveit barnsföður látið hann vinna af sér barnsfúlgu þá, er hún hefir orðið að borga, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og við skylduvinnu á vinnuhæli ríkisins, og ákveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til ríkissjóðs, enda greiði hann kostnað allan af fangelsisvistinni.

Nú hefir framfærslusveit ekki fengið meðlag greitt fyrir þá sök, að ókunnugt hefir verið um dvalarstað greiðanda eða hann hefir komizt undan lagaaðförum, og er þá þeirri sveit, sem ekki hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er greiðandi kemur síðar fram, að ganga að honum að lögum að því er meðlagið snertir.

51. gr.

Nú óhlýðnast þurfamaður skipun sveitarstjórnar, þeirri er getur um í næstu grein hér á undan, og má þá kæra hann um það fyrir lögreglustjóra, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist, með sektum eða fangelsi, eftir málavöxtum.

Með mál út af brotum gegn þessari grein skal fara sem almenn lögreglumál.

52. gr.

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefir vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærslusveit þeirra eða barnsmóðir heimtar, skyldur að setja viðunanlega tryggingu fyrir því, að vandamenn hans,

er eftir verða, verði eigi sveitarfélaginu til þyngsla að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni lögreglustjóri utanförina, nema þessum skilyrðum sé fullnægt.

53. gr.

Nú sýnir framfærsluþurfi mikla óhlýðni eða þrjózku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í allt að 3 mánuðum, þó því aðeins, að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn, eða setji hann í nauðungarvinnu, með samþykki lögreglustjóra og eftir reglum, er ráðherra þar um setur.

Kostnaður við fangelsisvist eftir grein þessari greiðist af ríkissjóði.

VII. KAFLI

Um viðskipti sveitarstjórna og endurgreiðslur framfærslustyrks.

54. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks, og skal hann þá veittur honum af heimilissveit hans.

55. gr.

Verði maður styrkþurfi utan heimilissveitar sinnar sökum slysa, veikinda, atvinnuleysis eða af öðrum orsökum, er dvalarsveitinni skylt að veita þá aðstoð, sem nauðsynleg er til þess að styrkþurfinn fái þá læknishjálp og hjúkrun, sem þarf, eða hann komizt heim til sín, en endurgreiða skal heimilissveitin dvalarsveit þann kostnað að fullu.

56. gr.

Sá, sem þegið hefir framfærslustyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld, nema um styrk sé að ræða, sem eigi er endurkræfur eftir þessum lögum eða öðrum. Því aðeins er þó sveitarstjórn heimilt að gera fjárnám í eignum eða tekjum styrkþega, að afkomu hans framvegis sé með því eigi stefnt í þá hættu, að hann þurfi aftur á framfærslustyrk að halda.

Framfærslustyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barns innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í félagi, ef þau eru gift og bæði á lífi, en því foreldrinu, sem er á lífi, ef annað er dáið, og því foreldri, sem það er hjá, eða síðast var hjá, eða er á vegum þess, ef hjónabandi foreldranna er slitið að lögum.

Nú nægir eigi úrskurðað föðurmeðlag til þess að greiða kostnað við uppeldi og framfærslu barns, og skal þá telja þann styrk, sem umfram þarf að veita, veittan móður barnsins, sé hún á lífi.

57. gr.

Nú hafa hjón komizt í sveitarskuld í félagi, eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana, báðum fyrir ann-

að og öðru fyrir bæði; þó skal, ef annað þeirra deyr og ekki er fé til að greiða skuldina, eigi hvíla á því eftirlifanda meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau þá voru í, og ekkert á ekkju, ef hún hefir einn eða fleiri skylduómaga.

Nú hefir dvalarsveit barnsmóður eða framfærslumanns barns greitt úrskurðað barnsmeðlag samkvæmt ákvæðum þessara laga og sifjalaga, og skal þá heimilissveit barnsföður skylt að endurgreiða dvalarsveitinni meðlagið að fullu, og skal telja það framfærslustyrk, veittan barnsföður.

Það sveitarfélag skal inna greiðsluna af hendi, þar sem barnsfaðirinn á lögheimili, þegar greiðslunnar er krafizt.

58. gr.

Skylt er barnsföður að endurgreiða heimilisveit sinni, eða þeirri sveit, er endurgreitt hefir fyrir hann meðlag með barni hans, til dvalarsveitar barnsins, móður þess eða annars framfærslumanns, sé hann þess umkominn, að dómi framfærslunefndar eða hreppsnefndar.

Heimilt er sveitarstjórn að leggja löghald á kaup barnsföður eða aðrar tekjur hans til greiðslu slíkra meðlaga, og má hvort heldur er skylda húsbónda hans eða atvinnurekanda þann, er barnsfaðirinn starfar hjá, til þess að halda eftir hluta af mánaðarkaupi mannsins eða allri fúlgunni, er honum ber að greiða.

59. gr.

Þegar dvalarsveit hefir greitt meðlag, sem innheimta ber hjá öðru sveitarfélagi, skal senda kröfu um endurgreiðsluna til framfærslumálastjóra eða ráðuneytisins. Skal kröfunni fylgja kvittun barnsmóður eða annars framfærslumanns fyrir greiðslunni, afrit af meðlagsúrskurði og lífsvottorð barnsins. Yfirstjórn framfærslumála innheimtir síðan kröfuna hjá heimilisveit barnsföður, með aðstoð lögreglustjóra, ef þörf krefur, og endurgreiðir dvalarsveitinni upphæðina. Þó má sveitarstjórn dvalarsveitar, ef hún telur það hentara, krefja meðlagið beint frá sveitarstjórn heimilissveitar barnsföður.

60. gr.

Nú deyr barnsfaðir, er samkvæmt úrskurði yfirvalds átti að greiða meðlag með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, og fellur þá niður skylda heimilissveitar þeirrar, er hann síðast átti, til greiðslu meðlags með barni hans, en móðir barnsins eða framfærslumaður eiga rétt á, að heimilissveit þeirra greiði hið úrskurðaða barnsmeðlag, sem þá telst framfærslustyrkur veittur munaðarlausu barni.

61. gr.

Nú giftist móðir barns, er meðlag hefir tekið eftir dauða barnsföður samkvæmt 60. gr., og fellur þá sjálfkrafa úr gildi réttur hennar til að krefjast meðlagsgreiðslna af heimilissveit sinni, nema svo sé ástatt, sem segir í 25. gr. 4. mgr. laga nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

62. gr.

Ekki á sveitarstjórn rétt á að krefjast endurgreiðslu á styrk, veittum af sveitarfé, til að greiða:

1. Gjald fyrir nauðsynlegar bækur og kennsluáhöld handa börnum undir 14 ára aldri.
2. Greftrunarkostnað styrkþega, að því leyti sem eftirlátnar eignir þeirra hrökkva ekki til.
3. Fæðingarhjálp, sem barnsföður er ekki skylt að endurgreiða.
4. Meðlög, sem samkvæmt lögum þessum verða talin veitt munaðarlausum börnum.
5. Meðlög með börnum ekkna, úrskurðuð af valdsmanni.
6. Útgjöld vegna útbúnaðar og sendingar barns, sem komið er til dvalar af barnaverndarnefnd eða framfærslunefnd utan heimilissveitar sinnar.

Allur sá styrkur, sem hér um ræðir, skal þó í bókum sveitarinnar talinn framfærslustyrkur veittur á því ári, sem hann er greiddur úr sveitarsjóði.

63. gr.

Heimilt er bæjarstjórn og hreppsnefnd að gefa upp þeginn framfærslustyrk, þegar eitt ár er liðið frá því að styrkþurfa var síðast veittur framfærslustyrkur.

64. gr.

Nú hefir framfærslunefnd eða hreppsnefnd ráðstafað styrkþurfa til dvalar í aðra sveit, með eða án meðgjafar um lengri eða skemmri tíma, og ber þeirri sveit, sem ráðstafaði dvöl hans, þá að annast framfærslu styrkþurfans meðan hann þarf á óslitnu sveitarframlagi að halda.

65. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks áður en 4 mánuðir eru liðnir frá því hann fluttist til þess sveitarfélags, er hann á heima í, og skal þá hreppsnefnd eða framfærslunefnd láta valdsmann rannsaka eftirfarandi atriði:

1. Hvar framfærsluþurfi átti áður heimilissveit.
2. Hvort hann þáði þar framfærslustyrk, og hve mikinn.
3. Hvenær hann síðast þáði framfærslustyrk þar.
4. Hvort sveitarstjórn fyrrv. heimilissveitar hans eða einstakir sveitarstjórnarmenn, eða aðrir áhrifamenn, hafi hvatt styrkþega til að flytja búferlum, lagt fram fé í því skyni eða á annan hátt beint eða óbeint stutt að för hans, svo sem með gjöfum eða samskotum, svo af því megi ætla, að þær ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að losa fyrrverandi heimilissveit við verandi eða væntanleg þyngsli vegna styrkþegans eða fjölskyldu hans.
5. Önnur atriði, er sveitarstjórn eða framfærslunefnd telur nauðsynlegt að upplýsa í þessu sambandi.

66. gr.

Sannist það við rannsókn þessa, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar styrkþegans, eða einstakir áhrifamenn í sveitarfélaginu, hafi komið því til leiðar, að styrkþegi flutti búferlum í aðra sveit í þeim tilgangi að losa fyrrverandi heimilissveit hans við framfærslu styrkþegans, skal þeirri sveit skylt að endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hann eða fjölskylda hans þarf að þiggja í framfærslustyrk fyrstu 3 árin, sem styrkþegi dvelur í hinni nýju heimilissveit sinni.

Hið sama gildir, ef það sannast, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar hafi lagt fram fé, beint eða óbeint, til þess að styrkþegi gæti komizt hjá því að biðja um framfærsluhjálp hina tilskildu fyrstu 4 mánuði.

Atvinnumálaráðherra fellir úrskurð í slíkum deilumálum milli sveitarfélaga, og verður þeim úrskurði ekki áfrýjað.

67. gr.

Nú verður sveitarstjórn uppvís að því að hafa stuðlað að flutningi manns til annars sveitarfélags í því augnamiði að komast hjá að framfæra hann, og skal þá ríkissjóður endurgreiða dvalarsveit styrkþegans allt, er hún leggur út hans vegna, og innheimta síðan upphæðina hjá fyrrverandi heimilissveit styrkþegans.

VIII. KAFLI

Um jöfnun framfærslukostnaðar.

68. gr.

Í lok hvers reikningsárs, og eigi síðar en 1. marz næsta ár, senda bæjarstjórnir og hreppsnefndir til atvinnumálaráðuneytisins (framfærslumálastjóra) skýrslu yfir framfærslukostnað í kaupstaðnum eða hreppnum umliðið ár og í því formi, sem ráðuneytið ákveður.

Skýrslunni skal fylgja vottorð, staðfest af bæjarfógeta, sýslumanni eða hreppstjóra um, hve margir menn og konur á aldrinum 18—60 ára eiga heimili í kaupstaðnum eða hreppnum.

69. gr.

Sýslumenn skulu fyrir lok marzmánaðar ár hvert senda atvinnumálaráðuneytinu skýrslu um samanlagðar skattskyldar tekjur allra íbúa hvers einstaks hrepps sýslunnar samkvæmt skattskrá fyrir umliðið ár, svo og um skuldlausar eignir samkvæmt sömu skattskrá og loks um skattmat allra fasteigna í hverjum hreppi, sem skatt ber að greiða af síðastliðið ár. Á sama hátt ber bæjarfógetum í kaupstöðum og tollstjóranum í Reykjavík að senda ráðuneytinu tilsvarandi skýrslur úr umdæmum þeirra.

70. gr.

Framfærsluhéruðum landsins skal skipa í tvo flokka. Eru í öðrum flokknum allir kaupstaðirnir og kauptún þau, er hafa yfir 500 íbúa og sem eru sérstök sveitarfélög, en í hinum flokknum eru öll önnur sveitarfélög.

71. gr.

Eftir skýrslum þeim, sem um getur í 69. gr., reiknar atvinnumálaráðuneytið út, hver er meðaltalsframfærslukostnaður í hvorum jöfnunarflokknum fyrir sig. Skal það gert á þann hátt, að miða að ⅓ hluta við tölu þeirra karla og kvenna, sem eru á aldrinum 18—60 ára, að ⅓ hluta við skattskyldar tekjur, að ⅙ hluta við skuldlausar eignir og ⅙ hluta við fasteignamat.

72. gr.

Nú fer samanlagður framfærslukostnaður sveitarfélags fram úr meðaltali framfærsluútgjalda í þeim jöfnunarflokki, sem sveitarfélagið tilheyrir, reiknað á sama hátt og segir í næstu grein á undan, og fá sveitarfélögin þá endurgreiðslu úr ríkissjóði eins og hér segir:

1. Reykjavík greiðir meðaltalsframfærslukostnað í flokki kaupstaðanna og fær endurgreidda ⅔ hluta þess, sem fram yfir er.
2. Aðrir kaupstaðir og kauptún í þeim flokki greiða meðaltalsframfærslukostnað í sínum flokki, að frádregnum 10%, og fá endurgreidda ⅔ þess, sem þar verður fram yfir.
3. Sveitarfélög í öðrum jöfnunarflokki greiða meðaltalsframfærslugjald þess flokks, að frádregnum 10%, og fá endurgreidda ⅔ þess, sem þar er fram yfir.

Minni upphæð en 100 krónur greiðist þó aldrei neinu bæjar- eða sveitarfélagi.

73. gr.

Nú eru skýrslur þær, er um getur í 68. gr., ekki komnar til atvinnumálaráðuneytisins fyrir lok marzmánaðar og skal þá fela sýslumanni eða bæjarfógeta í viðkomandi sýslu eða bæjarfélagi — í Reykjavík tollstjóra — að útvega þær tafarlaust, að viðlögðum dagsektum, ef nauðsyn þykir á vera.

74. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skal hafa lokið skiptingu framfærslufjár milli bæjar- og sveitarfélaga í fyrsta flokki eigi síðar en 1. júní og í öðrum flokki eigi síðar en 1. október.

75. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir úrskurðarvald um sérstaka reikninga yfir veittan framfærslustyrk og um reikninga sveitarfélaga yfir framfærslukostnað í heild sinni.

Sannist það á einhverja sveitarstjórn, að hún vísvitandi gefi rangar skýrslur eða upplýsingar í þeim tilgangi að öðlast endurgreiðslu frá ríkissjóði, missir viðkomandi sveitarfélag rétt til allrar endurgreiðslu úr ríkissjóði það ár, auk þeirrar hegningar, sem sveitarstjórnin kann að baka sér með slíku athæfi samkvæmt ákvæðum hinna almennu hegningarlaga.

IX. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

76. gr.

Nú hafa sveitarstjórnir gert samninga sín á milli um framfærslu styrkþega, áður en lög þessi koma til framkvæmda og skulu þeir samningar þá haldast, ef þeir brjóta eigi í bág við ákvæði þessara laga.

Um styrkþurfa, sem ráðstafað hefir verið utan sveitar af sveitarstjórn, áður en lög þessi öðlast gildi, skal fara sem segir í 64. gr. þessara laga.

77. gr.

Nú verður ágreiningur milli sveitarfélaga um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá atvinnumálaráðherra skera úr þeim ágreiningi, og verður úrskurði hans ekki áfrýjað til dómstólanna.

78. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1936, og eru frá sama tíma úr gildi felld lög nr. 43 31. maí 1927, fátækralög, og lög nr. 68 23. júní 1932, um breytingu á þeim lögum, svo og önnur ákvæði eldri laga, er brjóta í bága við þessi lög.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun atvinnumálaráðh. Er það samið af tveim mönnum úr tryggingarmálanefnd, og fer greinargerð þeirra fyrir frv. hér á eftir:

Með bréfi atvinnumálaráðherra dags. 31. des. 1934 vorum við undirritaðir ásamt þeim Sigfúsi Sigurhjartarsyni kennara, Þórði Eyjólfssyni prófessor og Brynjólfi Stefánssyni framkvæmdarstjóra skipaðir til þess að undirbúa fyrir næsta Alþingi löggjöf um almennar tryggingar og til þess að gera tillögur til breytinga á núgildandi framfærslulöggjöf. Nefndin skipti með sér störfum þannig, að við sömdum frv. það að framfærslulögum, er hér liggur fyrir, en hinir unnu að tryggingafrumvörpum þeim, sem nú einnig eru fullgerð.

Við komum hingað til Reykjavíkur 18. janúar síðastl. og höfum þá þegar starf okkar og höfum starfað að samningu þessa frv. síðan óslitið, þegar tími okkar hefir leyft frá þingstörfum.

Það er erfiðara verk en margur mun hyggja, að gerbreyta svo framfærslulöggjöfinni sem gert er í þessu frv., því hér er um svo yfirgripsmikið, vandasamt og viðkvæmt mál að ræða. Hvernig okkur hefir tekizt þetta getum við vitanlega ekki dæmt um sjálfir og væntum því þess, að allir, sem um mál þessi fjalla, athugi þau með gaumgæfni og geri sitt til að fylla í þau skörð, sem við kunnum að hafa skilið eftir.

Við leggjum ekki til, að *framfærsluskyldunni* sé breytt frá því sem nú er heldur haldist áfram eins og hingað til skylda foreldra til að framfæra börn sín, sem eldri eru en 16 ára, og jafnframt, að börn framfæri foreldra sína, ef þau geta það.

Aðalbreytingarnar, sem í frv. felast, eru þessar:

1. Sveitfestitíminn er afnuminn.
2. Hver maður á framfærslurétt í heimilissveit sinni og öðlast þann rétt strax og hann sezt að í annari sveit.
3. Sveitarflutningar eru afnumdir.
4. Ríkissjóði er gert að jafna framfærslukostnaðinn eftir ákveðnum reglum.
5. Ekkjur og fráskildar konur njóta samkv. frv. sama eða svipaðs réttar og ógiftar menn.
6. Nánari ákvæði eru sett um stjórn framfærslumála.

Auk þessa er fjöldi nýrra ákvæða í frv., sem leiðir af þessum aðalbreytingum þess og öðrum.

Við höfum reynt að hafa frv. svo ljóst sem okkur var unnt; væntum við þess, að ekki sé margt í því, sem misskilizt getur. Hitt væri frekar, að einhver ákvæði vanti, því hæglega getur sézt yfir ýmislegt, þegar tíminn er stuttur og slitróttur, sem til þess er ætlaður að vinna að sliku frv. sem þessu.

Á eftir athugasemdunum við hinar einstöku greinar höfum við látið prenta skýrslu um fátækraframfærsluna í landinu 1933, og er hún fyrir margra hluta sakir mjög fróðleg. Nægir að vísa til hennar um ýmislegt það, sem frv. þetta byggist á, og auk þess munum við, er frv. kemur fyrir Alþingi, skýra hina ýmsu kafla þess og ákvæði nánar.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um I. kafla.

Þessi kafli svarar til I. kafla núgildandi fátækralaga.

Um 1. gr.

Greinin er samhlj. 1. gr. núgildandi fátækralaga, nema að tvær síðustu málsgr. eru hér felldar niður vegna þess, að efni þeirra á heima í köflunum um endurgreiðslu framfærslustyrks og vald sveitarstjórnar yfir þurfamönnum.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar eru samhlj. 2. og 3. gr. núgildandi fátækralaga

Um 4. gr.

Greinin samhljóða 4. gr. núgildandi fátækralaga að öðru en því, að í stað orðanna „enda fylgi þau henni“ er sett „enda hafi hún foreldraráð yfir þeim“ og er með því átt við það, að framfærsluskyldan, þegar svona stendur á, skuli hvíla á stjúpforeldrinu, þó barnið eða börnin séu ekki hjá móður eða föður, heldur dvelji annarsstaðar, þegar hjónaband er stofnað.

Um 5. og 6. gr.

Samhljóða 5. og 6. gr. fátækralaga.

Um 7. gr

Greinin er samhljóða 7. gr. fátækral. nema að við er bætt síðustu málsgreininni og þarfnast sú viðbót ekki skýringa.

Um 8. gr.

Efnislega samhljóða 17. gr. fátækralaganna.

Um 9. gr.

Greinin svarar til 18. gr. fátækralaganna og er fyrri málsgr. samhlj. þeirri grein að öðru en því, að í frv. er ætlazt til, að úrskurðirnir séu kveðnir upp þar sem framfærsluþurfi á heima, en ekki þar, sem framfærslumaður á heima, eins og nú er í lögum. Síðari málsgr. er ný viðbót, sem þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Greinin svarar til 19. gr. fátækralaganna. 1. mgr. er samhljóða 1. mgr. þar. Í 2. mgr. er sú breyting gerð í fyrsta lagi, að í stað orðanna „Ef ekki næst á þann hátt fúlga sú o. s. frv.“ er í frumv.: Ef ekki er greidd í gjalddaga fúlga sú o. s. frv. Í öðru lagi er fellt aftan af núgildandi grein niðurlagið frá orðunum „að því er við verður komið o. s. frv.“ Er þetta gert til þess að tryggja fráskildum og yfirgefnum konum sama rétt og mæðrum óskilgetinna barna. Síðasta málsgr. frumv.greinarinnar er ný viðbót, sem leiðir af brottfellingunni og þarfnast tæplega skýringa.

Um 11. gr.

Þessi grein svarar til 8.—17. greinar fátækralaganna og eru hér tekin saman í eina grein. Þó ber þess að gæta, að ákvæðin um iðnaðarmenn verður að fella inn í lögin um iðnaðarnám, verði frumv. það um iðnaðarnám, er nú liggur fyrir Alþingi, eigi samþykkt.

Um II. kafla.

Þessi kafli svarar til II. kafla fátækralaganna.

Um 12. gr.

Ný grein. Í þessari grein felst ein mesta breytingin, sem frv. gerir ráð fyrir. Framfærslusveit hvers manns verður, samkv. frumv., heimilissveit hans án þess menn þurfi „að vinna sér sveit“ með lengri eða skemmri dvöl. Verði frumv. þetta að lögum, er ætlazt til þess, að frá þeim degi, er þau öðlast gildi, eignist hver maður, sem eldri er en 16 ára, framfærslurétt í heimilissveit sinni og það eins þeir, sem áður hafa verið á framfæri annara sveita.

Um 13. gr.

Ný grein. Þarf ekki sérstakra skýringa við, að öðru leyti en því, að nokkur ákvæði úr 24. gr. fátækralaganna eru tekin þar inn. Annars falla úr núgildandi fátækralögum samkv. frumv.gr. þessari og 12 gr. greinarnar 20.—25.

Um 14. gr.

Greinin svarar til 26., 27. og 28. gr. fátækralaganna með þeim breytingum, sem nauðsynlegar eru vegna tveggja undanfarandi greina.

Um 15. gr.

Ný grein. Greinin þarf ekki sérstakra skýringa, en er nauðsynleg til að tryggja rétt barns, sem komið hefir verið í fóstur, bæði gagnvart sveitarstjórn og framfærslumanni, sem ekki er talinn hæfur til að ala barnið upp.

Um 16. gr.

Ný grein. Greinin skýrist af sambandi sínu við næstu greinar á undan.

Um 17.—21. gr.

Þessar greinar svara til 25., 31., 32. og 67. gr. fátækralaganna með smávægilegum breytingum, sem leiðir af ákvæðum þessa kafla laganna.

Um III. kafla.

Nýr kafli.

Um 22.—25. gr.

Nýjar greinar. Hér eru tekin upp í frumvarpið ákvæði, sem tryggja ekkjum svipaðan styrk með börnum sínum og nú hafa mæður óskilgetinna barna. Það getur varla talizt vansalaust, að löggjöfin setji ekkjur og fráskildar konur skör lægra en ógiftar barnsmæður, en það er nú raunverulega svo, því hinar fyrrtöldu eiga það undir mati sveitarstjórna, hvort þær fá hjálp eða ekki, en hinar síðartöldu eiga lagalega kröfu á ákveðnum styrk. Að öðru leyti þurfa greinar þessar ekki sérstakra skýringa við.

Um 26. gr.

Ný grein. Hér er gert ráð fyrir því að meðlagsúrskurðir ekknabarna falli úr gildi, ef ekkjan giftist aftur. Sama er og tilætlunin um fráskildar konur og ógiftar barnsmæður, sbr. 60. og 61. gr. frumv. Er þetta gert með tilliti til þess, að þegar barnsmóðirin í öllum þessum tilfellum er gift, þá hefir barn hennar öðlazt lögskyldan framfærslumann, og verður þá varla gerður munur á lífsaðstöðu þess og hjónabandsbarna.

Um IV. kafla.

Nýr kafli.

Um 27. gr.

Ný grein. Hér er ráðherra heimilað að skipa sérstakan framfærslumálastjóra, sem hafi þá með höndum öll framfærslumál fyrir ráðuneytið, líkt og nú er um heilbrigðismál, fræðslumál, vegamál, vitamál o. fl. Nú hefir sérstakur maður í atvinnumálaráðuneytinu nokkurn hluta þessa starfs með höndum fyrir sérstaka borgun, en nokkur hluti starfsins er hjá Hagstofunni. Með frumv. þessu er auk þess gert ráð fyrir því, að miklu meira af framfærslumálunum fari nú gegnum hendur atvinnumálaráðuneytisins en áður hefir verið, og er því ekki ósennilegt, að það mundi spara nokkurt fé að gera þessa skipun á, auk þess sem öll afgreiðsla mundi þá ganga greiðara. Til sannindamerkis um það, hve sein öll afgreiðsla nú er á framfærslumálunum, má benda á það, að það er fyrst í júní eða júlí 1934, sem skipting fer fram á framfærslufé fyrir 1932, og nú í marz 1935 á framfærslufé 1933, eða meira en ári síðar en sveitarfélögin hafa lagt þetta fé út.

Annars er það aðeins heimild, sem ráðherranum er hér gefin, og mundi vitaskuld ekki verða notuð nema það þætti hagkvæmara fyrir ríkissjóð og gang þessara mála.

Um 28.—36. gr.

Nýjar greinar um stjórn og tilhögun framfærslumála. Greinarnar þurfa ekki sérstakra skýringa. Þess má þó geta, að ekki er nauðsynlegt að bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn eigi sæti í framfærslunefndum, og væri sennilega bezt að það væri flest eða allt menn utan bæjarstjórna og hreppsnefnda. Hugsunin með framfærslunefndum er sú, að þær fyrst og fremst gæti réttar og velferðar styrkþeganna.

Um V. kafla.

Þessi kafli svarar til III. kafla fátækralaganna.

Um 37. og 38. gr.

Greinarnar svara til 33. og 34. gr. fátækralaganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 39. og 40. gr.

Greinarnar svara til 35. gr. fátækralaganna, þó með þeirri breytingu, að heimilað er að leggja matvæli og aðrar nauðsynjar á heimili styrkþega, ef það telst réttara, svo eru hér og einnig sett ákvæði um húsnæði, er styrkþegum er lagt eða fyrir er greitt af opinberu fé.

Um 41. og 42. gr.

Greinarnar svara til 36. og 37. gr. núgildandi fátækralaga og þurfa ekki sérstakra skýringa.

Um 43. gr.

Ný grein. Ákvæði þessarar greinar leiðir af lögum um barnavernd, en að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 44. og 45. gr.

Greinar þessar svara til 38. og 39. gr. núgildandi fátækralaga og þarfnast ekki skýringa. 40. gr. fátækralaganna fellur burtu í frumv., því ákvæði hennar felast raunverulega í VI. kafla frumv.

Um VI. kafla.

Kafli þessi svarar til IV. kafla fátækralaganna.

Um 46. gr.

Greinin svarar til 41. gr. fátækralaganna og þarfnast ekki skýringa, að öðru leyti en því, að samkv. frumv. er ætlazt til þess, að menn borgi sveitarskuldir sínar, ef þeir verða þess einhverntíma megnugir, og hér er sleppt úr því ákvæði í fátækralögunum, að sveitarstjórn skuli kveða á um það, hvort skuld sé afturkræf eða óafturkræf. Var það sett í lögin 1927 til þess að menn misstu ekki kosningarrétt, þó menn þyrftu að þiggja fátækrastyrk, ef kringumstæður þeirra voru mjög bágar, og styrkurinn var veittur vegna elli, sjúkdóms eða ómegðar. Nú hafa allir öðlazt þann rétt með breytingu á stjórnarskránni, og sýnist þá ekki þörf á að hafa þau ákvæði lengur, enda munu fæstar sveitarstjórnir hafa fylgt þessu ákvæði laganna.

Um 47.—49. gr.

Greinar þessar svara til 45., 46. og 47. gr. fátækralaganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 50. gr.

Greinin er samhlj. 48. gr. fátækralaganna, að öðru leyti en því, að samkv. núgildandi fátækralögum eiga sveitirnar að bera kostnaðinn af dvöl manna á

vinnuhæli, en í frumv. er ríkissjóði ætlað að bera þann kostnað. Ákvæðið er með öllu þýðingarlaust fyrir sveitarfélögin eins og það er í núgildandi lögum, því það er aðeins aukinn kostnaður fyrir sveitarfélögin að neyta þessarar aðferðar við menn, er þrjózkast við að greiða meðlög með börnum sínum eða annað slíkt.

Um 51.—53. gr.

Greinar þessar svara til 49., 50. og 51. gr. fátækralaganna, og eru mjög lítið breyttar. Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um VII. kafla.

Þessi kafli svarar að nokkru leyti til V. kafla fátækralaganna, en þó eru tekin upp í hann ýms ákvæði, sem þar eru ekki, og mörgu sleppt, sem þar er og leiðir af breytingum, sem búið er að gera ráð fyrir áður í frumv. þessu.

Um 54. og 55. gr.

Þessar greinar svara til 52. gr. fátækralaganna. Styrkur sá, sem gert er ráð fyrir í 55. gr., á að endurgreiðast allur af heimilissveit, því þar er aðeins um bráðabirgðahjálp að ræða, sem önnur sveit ábyrgist eða leggur út.

Um 56.—59. gr.

Þessar greinar fjalla allar um endurgreiðslur á veittum framfærslustyrk, sérstaklega barnsmeðlögum, en það verða eftir frumv. einkum þau, sem sveitirnar þurfa eftirleiðis að krefja hver hjá annari. Í 58. gr. er þeim veitt heimild til að festa kaup barnsföður til greiðslu á meðlagi.

Um 60. og 61. gr.

Þessar greinar, sem báðar eru nýjar, stafa af því, að hingað til hafa ógiftar mæður hafið meðlög með börnum sínum eftir dauða barnsföðurins hjá sveit hans. Þennan rétt öðlast nú einnig ekkjur og fráskildar konur. Með þessum ákvæðum breytist þetta svo, að heimilissveit föðurins hættir þessum greiðslum, en heimilissveit móðurinnar innir þær af hendi, meðan þarf, eftir dauða föðurins, og telst þetta engum til skuldar. Giftist hinsvegar barnsmóðirin, fellur réttur hennar til þessara greiðslna úr gildi.

Um 62. gr.

Þessi grein svarar að nokkru til 42. gr. fátækralaganna, en 4 síðustu tölul. er hér bætt við, og þurfa þeir ekki skýringa eða greinin að öðru leyti.

Um 63. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 64. gr.

Hér eru tekin af tvímæli um það, að maður, sem sveitarfélag hefir komið fyrir hjá einhverjum í annari sveit, geti á nokkurn hátt orðið því sveitarfélagi til þyngsla, heldur haldi hann áfram að tilheyra þeirri sveit, er ráðstafaði honum meðan honum er lögð hjálp.

Um 65.—67. gr.

Í greinum þessum felast viðurlög við því, ef sveitarstjórn ætlar að koma af sér styrkþega með því að láta hann flytja í aðra sveit, og þurfa þær ekki nánari skýringa.

Um IX. kafla.

Þessi kafli svarar til fátækralagabreytingarinnar 1932. Þá var það ákveðið, að ríkissjóður jafnaði eftir ákveðnum reglum framfærslukostnaðinn, og er því haldið hér.

Um 68. og 69. gr.

Í greinum þessum er mælt fyrir um það, hvernig skýrslum þeim skuli safnað, sem útreikningurinn byggist á, og þurfa þær ekki sérstakra skýringa.

Um 70. gr.

Hér er breytt frá því, sem nú er í lögum, að landinu er skipt í tvö jöfnunarsvæði. Er þetta miklu hagkvæmara fyrir kaupstaði og kauptún, því þau geta skilað mjög fljótt skýrslum sínum, en það vill oft dragast meira en ár, að sumir hreppar sendi skýrslurnar, og tefst þá skiptingin vegna þess.

Um 71. og 72. gr.

Í þessum gr. felst reglan, sem reiknað er eftir, og er hún hin sama og nú gildir, að öðru leyti en því, að samkv. núgildandi lögum þurfa fátækraútgj. að fara 15% eða meira fram úr meðaltali til þess að sveitarfélag fái endurgreiðslu, en hér er því sleppt.

Fyrir 1933 lítur þessi útreikningur þannig út eftir núgildandi lögum:

Fátækraframfærslan er samtals kr. 1976361.00.

a. Tala gjaldenda til ellistyrktarsjóða samtals 51483.
b. Skattskyldar tekjur ..... kr. 37898600.00
c. Skuldlausar eignir ..... — 117324500.00
d. Skattskyldar fasteigir ..... — 191457000.00

Samkvæmt þessu kemur þá:

a. Á hvern gjaldanda ..... kr. 38.39
b. — hverjar 100 kr. skattsk. tekna ..... — 5.22
c. — hverjar 100 kr. skuldl. eigna ..... — 1.68
d. — hverjar 100 kr. fasteignamats ..... — 1.03

Þessar tölur ber svo að hækka um 15%, og verða þær þá:

a. kr. 44.15 b. kr. 5.99 c. kr. 1.94 d. kr.1.18

Síðan er a. og b. deilt með 3, en c. og d. með 6, því a. og b. bera ⅓ hvor og c. og d. ⅙ hvor, og verður þá útkoman:

a. (⅓) = 14.71
b. (⅓) = 1.99
c. (⅙) = 0.32
d. (⅙) = 0.19

Til þess svo að finna, hver á að vera meðaltalsframfærsla hvers hrepps, verður að margfalda tölu gjaldenda í hreppum með a. (14.71), upphæð skatt-

skyldra tekna með b. (1.99), upphæð skuldlausra eigna með c. (0.32) og skattskyldra fasteigna með d. (0.19). Þó eru það aðeins hundruð í hverjum hinna þriggja síðustu liða, sem margfölduð eru. Þegar þetta hefir verið gert og tölurnar lagðar saman, kemur út, hvað sá hreppur eða kaupstaður á að bera í framfærslukostnað án þess að fá endurgreiðslu. Sé nú framfærslukostnaður hrepps meiri en þetta, fær hann endurgreidda úr ríkissjóði ⅔ hluta þess, sem umfram er. Sé hann minni, fær hann ekkert.

Eftir frv. verður reglan eins, nema hvað þetta er þá reiknað út í tvennu lagi, og þá byggt á sömu stofnun í hvorum jöfnunarflokki fyrir sig og sleppt að bæta 15% við. Aftur á móti er gert ráð fyrir því, að frá sveitarfélögum öllum öðrum en Reykjavík verði dregin 10%, þegar meðaltalsgjald þeirra hefir verið fundið, og er það vegna þess gífurlega mismunar, sem er á skattskyldum tekjum og skuldlausum eignum í Reykjavík annarsvegar og öllum sveitarfélögum á landinu hinsvegar, en fólksfjöldi og framfærslukostnaður aftur á móti svipaður.

Um 73.—78. gr.

Þessar greinar þurfa ekki skýringa við.

Fátækraframfærslan 1933.

Nú liggja loks fyrir nokkurnveginn fullkomnar skýrslur um fátækraframfærsluna hér á landi árið 1933. Samkvæmt þeim hefir verið varið til fátækramála í öllu landinu kr. 1 976 361.00 og er það réttum 100 þús. krónum meira en árið 1932.

Alls eru í landinu 8 kaupstaðir og 205 hreppsfélög eða samtals 213 framfærsluhéruð.

Árið 1933 eru íbúar á öllu landinu taldir vera 113366, og nema því bein fátækraútgjöld tæpum 18 krónum á hvern íbúa.

Sex hreppar hafa enga fátækraframfærslu, þ. e.: Skilmannahreppur í Borgarfirði, Hvammshreppur í Dalasýslu, Óspakseyrarhreppur í Strandasýslu, Rípurhreppur í Skagafirði, Borgarhafnarhreppur í Austur-Skaftafellssýslu og Þingvallahreppur í Árnessýslu. Hæsta fátækraframfærslu, miðað við íbúafjölda, hefir Grunnavíkurhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu, eða 50 krónur á mann.

Af kaupstöðunum hefir Ísafjörður hæstan framfærslukostnað, koma þar 35 kr. á íbúa. Þá eru Vestmannaeyjar með 30 kr., Reykjavík með 25 kr., Hafnarfjörður með 23 kr., Seyðisfjörður og Norðfjörður með 20 kr., Akureyri með 18 kr. og lægstan framfærslukostnað af kaupstöðum hefir Siglufjörður, sem er með 16 krónur á íbúa.

Samtals nemur fátækraframfærsla allra kaupstaðanna (8) kr. 1 201 028.00 en sýslnanna (23) kr. 775 332.00.

Alls eru íbúar kaupstaðanna 50136 en íbúar sýslufélaga 63230.

Nemur því fátækraframfærslan í kaupstöðum tæpum 24 krónum á íbúa, en rúmum 12 krónum í sýslunum.

Mjög er framfærslukostnaður mismunandi í hreppum innan sama sýslu-

félags og kaupstöðum með svipaðan íbúafjölda og lík atvinnuskilyrði. Nægir þar að benda á Ísafjörð og Siglufjörð. Hefir Ísafjörður 2576 íbúa og 91000 kr. framfærslukostnað, en Siglufjörður, sem hefir 2330 íbúa, hefir ekki nema 37000 kr. í framfærslukostnað.

Grunnavíkurhreppur hefir 253 íbúa, og 12622 kr. í framfærsluútgjöld, en Sléttuhreppur í sömu sýslu, sem þó er helmingi fólksfleiri, hefir aðeins 3003 kr. í framfærsluútgjöld.

Fer hér á eftir yfirlit yfir framfærsluútgjöld bæjar- og sýslufélaga 1932 og 1933.

Tafla I. Fátækraútgjöld bæjar- og sýslufélaga.

Kaupstaðir	1932		1933	
Reykjavík	733326		776721	
Hafnarfjörður	80787		73908	
Ísafjörður	82117		91007	
Siglufjörður	36894		37071	
Akureyri	77139		75071	
Seyðisfjörður	20647		19153	
Neskaupstaður	33861		21728	
Vestmannaeyjar	83193	1147964	106399	1201028
Sýslur				
Gullbringusýsla	79441		87299	
Kjósarsýsla	24580		19595	
Borgarfjarðarsýsla	39114		32179	
Mýrasýsla	14422		11686	
Snæfellsnessýsla	54206		48845	
Dalasýsla	15088		20065	
Austur-Barðastrandarsýsla	9518		10491	
Vestur-Barðastrandarsýsla	21653		21375	
Vestur-Ísafjarðarsýsla	22371		19587	
Norður-Ísafjarðarsýsla	68731		60653	
Strandasýsla	13757		13669	
Vestur-Húnavatnssýsla	14876		23028	
Austur-Húnavatnssýsla	22770		19431	
Skagafjarðarsýsla	32006		35092	
Eyjafjarðarsýsla	58982		52489	
Suður-Þingeyjarsýsla	31724		37397	
Norður-Þingeyjarsýsla	16586		13873	
Norður-Múlasýsla	34107		47071	
Suður-Múlasýsla	66198		80364	
Austur-Skaftafellssýsla	3378		3270	
Vestur-Skaftafellssýsla	10401		12512	
Rangárvallasýsla	25429		35445	
Árnessýsla	52657	731995	69917	775333
Allt landið		1879959		1976361

Af yfirliti þessu sést, að í 4 kaupstaðanna hefir framfærslukostnaðurinn hækkað frá 1932, og er hækkunin hlutfallslega mest í Vestmannaeyjum, eða

um ca. 30%. En í hinum fjórum hefir framfærslukostnaðurinn lækkað, og er lækkunin mest í Neskaupstað, eða um 30%.

Af sýslufélögunum hafa 11 hærri framfærslu 1933 en 1932, en 12 hafa lægra.

Mjög er erfitt að greina sundur, hvernig framfærslan skiptist í gamalmennastyrk, sjúkrahjálp og beina fátækrahjálp. Í kaupstöðunum hafa 318 gamalmenni notið styrks og er styrkur til þeirra samtals 220764 kr.

Í sýslunum eru tilgreind 336 gamalmenni, er styrks njóta, en ekki er tala þeirra alstaðar tilgreind, svo þau munu vera nokkru fleiri.

Sjúkrastyrkur í kaupstöðunum er talinn vera samtals 151616 kr. og sjúklingar, er styrks njóta, 399 samtals. Í sveitum er þetta mjög ógreinilega tilgreint og víða alls ekki gerður munur á styrk veittum vegna veikinda og öðrum fátækrastyrk.

Fer hér á eftir sundurliðun á þessu í kaupstöðunum, þó er upphæðin til gamalmenna í Reykjavík ekki nákvæm.

Tafla II. Styrkur til gamalmenna yfir 60 ára og sjúklinga í kaupstöðum 1933.

Nöfn	Gamalmennast.		Sjúkrastyrkur		Gamalm. og sjúkrast. samtals kr.	Fátækraútgjöld samtals kr.
	Tala styrkþ.	Styrkupphæð kr.	Tala styrkþ.	Styrkupphæð kr.		
Reykjavík	174	125000	158	84710	209710	776721
Hafnarfjörður	32	19324	61	8615	27939	73908
Ísafjörður	31	23770	13	8827	32597	91007
Siglufjörður	6	7147	21	5230	12377	37071
Akureyri	31	17049	24	12795	29844	75041
Seyðisfjörður	12	6133	5	2090	8223	19153
Neskaupstaður	10	8505	22	3897	12402	21728
Vestmannaeyjar	22	13338	95	25452	38790	106399

Með breytingu fátækralaganna 1932 var ríkissjóði gert að skyldu að jafna nokkuð fátækraframfærsluna í landinu. Skyldi það gert á þann hátt, að reikna út meðaltalsframfærslu alls landsins og skyldi miða við tölu verkfærra manna og kvenna, að ⅓ hluta, skattskyldar tekjur að ⅓ hluta, skuldlausar eignir að ⅙ og fasteignamat að ⅙. Skyldi síðan leggja þessa reglu til grundvallar í hverjum hreppi og kaupstað og finna þannig hvað bæri að endurgreiða.

Fór fyrsta endurgreiðsla úr ríkissjóði fram 1934 og var miðuð við framfærsluna 1932. Fer hér á eftir skýrsla um þá endurgreiðslu.

Nú er og lokið skiptingu framfærslufjár úr ríkissjóði fyrir árið 1933 og birtist hér skýrsla Hagstofunnar um útreikning og úthlutun þess fyrir hvern kaupstað og hrepp í landinu.

Tafla III. Fátækraframfæri 1932. Tillag úr ríkissjóði til sveitarfélaga.

Kaupstaðir	
Hafnarfjarðarkaupstaður	2271 kr.
Ísafjarðarkaupstaður	21396 —
Seyðisfjarðarkaupstaður	479 —
Neskaupstaður	9881 —
Vestmannaeyjakaupstaður	9815 —
Kaupstaðir samtals	43842 kr.
Gullbringusýsla	
Grindavíkurhreppur	2093 kr.
Hafnahreppur	653 —
Miðneshreppur	1739 —
Gerðahreppur	7179 —
Keflavíkurhreppur	5401 —
Vatnsleysustrandarhreppur	8591 —
Garðahreppur	1165 —
Bessastaðahreppur	3468 —
Samtals	30289 kr.
Borgarfjarðarsýsla	
Innri-Akraneshreppur	576 kr.
Ytri-Akraneshreppur	2983 —
Samtals	3559 kr.
Snæfellsnessýsla	
Miklaholtshreppur	1327 kr.
Ólafsvíkurhreppur	7999 —
Eyrarsveit	1392 —
Stykkishólmshreppur	5408 —
Helgafellssveit	1779 —
Samtals	17905 kr.
Dalasýsla	
Laxárdalshreppur	363 kr.
Saurbæjarhreppur	1493 —
Samtals	1856 kr.
Austur-Barðastrandarsýsla	
Gufudalshreppur	221 kr.
Flateyjarhreppur	950 —
Samtals	1171 kr.
Vestur-Barðastrandarsýsla	
Barðastrandarhreppur	1943 kr.
Rauðasandshreppur	105 —
Samtals	2048 kr.
Vestur-Ísafjarðarsýsla	
Auðkúluhreppur	2387 kr.
Mýrahreppur	1391 —
Samtals	3778 kr.
Norður-Ísafjarðarsýsla	
Hólshreppur	1547 kr.
Eyrarhreppur	3931 —
Súðavíkurhreppur	5797 —
Reykjarfjarðarhreppur	323 —
Snæfjallahreppur	789 —
Grunnavíkurhreppur	6221 —
Sléttuhreppur	2056 —
Samtals	20664 kr.
Strandasýsla	
Árneshreppur	1699 kr.
Samtals	1699 kr.
Vestur-Húnavatnssýsla	
Staðarhreppur	1375 kr.
Þverárhreppur	676 —
Samtals	2031 kr.
Austur-Húnavatnssýsla	
Torfalækjarhreppur	2436 kr.
Blönduóshreppur	1218 —
Samtals	3654 kr.
Skagafjarðarsýsla	
Hofshreppur	444 kr.
Samtals	444 kr.
Eyjafjarðarsýsla	
Grímseyjarhreppur	292 kr.
Skriðuhreppur	5301 —
Öxnadalshreppur	1835 —
Glæsibæjarhreppur	2065 —
Samtals	9493 kr.
Norður-Múlasýsla	
Vopnafjarðarhreppur	4374 kr.
Jökuldalshreppur	693 —
Hjaltastaðahreppur	642 —
Loðmundarfjarðarhreppur	1018 —
Samtals	6727 kr.
Suður-Múlasýsla	
Eiðahreppur	763 kr.
Mjóafjarðarhreppur	1101 —
Norðfjarðarhreppur	4412 —
Helgustaðahreppur	800 —
Eskifjarðarhreppur	3723 —
Fáskrúðsfjarðarhreppur	1539 —
Búðahreppur	371 —
Breiðdalshreppur	843 —
Geithellnahreppur	544 —
Samtals	14096 kr.
Vestur-Skaftafellssýsla	
Skaftártunguhreppur	128 kr.
Dyrhólahreppur	466 —
Samtals	594 kr.
Rangárvallasýslu	
Ásahreppur	791 kr.
Samtals	791 kr.
Árnessýsla	
Stokkseyrarhreppur	2561 kr.
Eyrarbakkahreppur	3583 —
Skeiðahreppur	418 —
Selvogshreppur	674 —
Samtals	7236 kr.
Kaupstaðir samtals	43842 kr.
Sýslur —	128035 —
Allt landið	171877 kr

Tafla IV. Skipting fátækraframfærslunnar 1933.

	Mannfjöldi	Ellistyrktarsj. gjaldendur	Skattskyldar tekjur	Skuldlausar eignir	Fasteignamat	Fátækrabyrði ársins	Meðal fátækrabyrði + 15%	Tillag úr ríkissjóði 1933	Tillag úr ríkissjóði skv. 72. gr.
I. Kaupstaðir			kr.	kr,	hdr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Reykjavik	31689	15137	24859550	60671000	787189	776721	1071528	»	»
Hafnarfjörður	3748	1518	1499500	3278200	82564	73908	79251	»	8200
Ísafjörður	2576	1077	934400	2015100	53994	91007	51728	26186	33555
Siglufjörður	2330	1082	931500	1935900	71293	37071	54913	»	»
Akureyri	4243	1753	1825600	7265400	99696	75041	105498	»	»
Seyðisfjörður	990	447	306400	831900	25497	19153	20438	»	1873
Neskaupstaður	1098	504	326250	1136700	15782	21728	20736	661	3371
Vestmannaeyjar	3462	1540	839900	4299700	83015	106399	69778	24414	33423
Samtals	50136	23058	31523100	81433900	1219030	1201028	1473870	51261	80422
II. Hreppar									
Gullbringusýsla									
Grindavikur	531	223	114000	389200	5047	9195	7817	919	790
Hafna	148	80	44500	164000	1409	3124	2876	165	71
Miðnes	512	198	88500	190800	7195	12610	6724	3924	4002
Gerða	393	157	42450	77000	3959	13088	4192	5931	6275
Keflavikur*)	1072	456	243950	683100	19210	23443	17597	3897	6029
Vatnsleysustrandar	338	107	38750	155600	4128	12456	3670	5857	6027
Garða	214	103	69250	180000	4750	7143	4421	1815	1612
Bessastaða	159	50	48000	307900	3678	6240	3619	1747	1680
Samtals	3367	1374	689400	2147600	49376	87299	50916	24255	26486
Kjósarsýsla									
Seltjarnarnes	512	234	237500	959700	14272	12669	14118	»	»
Mosfells	383	205	183700	395200	12041	4114	10349	»	»
Kjalarnes	199	112	57400	380000	5790	245	5168	»	»
Kjósar	314	169	52050	432300	5440	2567	6000	»	»
Samtals	1408	720	530650	2167200	37543	19595	35635	»	»
Borgarfjarðarsýsla									
Strandar	173	80	8950	101300	2494	2166	2177	»	345
Skilmanna	100	47	5900	38900	1459	»	1225	»	»
Innri-Akranes	158	73	5300	57800	2110	2842	1785	705	21
Ytri-Akranes*)	1488	659	365750	940600	18851	21548	23720	»	1365
Leirár og Mela	136	73	8750	95100	2491	1237	2049	»	»
Andakils	183	92	30450	376500	5923	1706	4352	»	»
Skorradals	124	64	5500	137100	1773	1250	1846	»	»
Lundarreykjadals	118	67	4300	106900	1705	550	1755	»	»
Reykholtsdals	195	97	31100	376400	3047	580	3868	»	»
Hálsa	114	41	5350	156700	1318	300	1477	»	»
Samtals	2789	1293	471350	2387300	41171	32179	44254	705	1731

Aths. Þeir hreppar í þessari töflu, sem merktir eru með *), tilheyra jöfnunarflokki kaupstaðanna samkv. 70. gr. frumvarpsins.

Tafla IV. Skipting fátækraframfærslunnar 1933 (frh.).

	Mannfjöldi	Ellistyrktarsj.-gjaldendur	Skattskyldar tekjur	Skuldlausar eignir	Fasteignamat	Fátækrabyrði ársins	Meðal fátækrabyrði + 15%	Tillag úr ríkissjóði 1933	Tillag úr ríkissjóði skv. 72. gr.
Mýrasýsla			kr.	kr.	hndr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Hvítársíðu	125	63	6600	157200	2122	1373	1987	»	»
Þverárhlíðar	111	65	7500	192100	1901	1098	2103	»	»
Norðurárdals	144	77	9150	90400	1971	1584	2003	»	»
Stafholtstungna	251	131	23600	358500	4026	1363	4355	»	»
Borgar	264	130	17550	276100	4799	2510	4106	»	»
Borgarnes	462	244	79600	347500	6934	1298	7677	»	»
Álftanes	173	88	9450	202500	3465	1129	2824	»	»
Hraun	236	124	9900	115800	3453	1331	3081	»	»
Samtals	1766	922	163350	1740100	28671	11686	28136	»	»
Snæfellsnessýsla									
Kolbeinsstaða	216	106	4400	70200	2531	1480	2376	»	»
Eyja	100	49	2350	56400	1533	654	1254	»	»
Miklaholts	167	64	11250	96700	1673	1641	1809	»	115
Staðarsveit	263	114	8400	76700	2345	340	2558	»	»
Breiðuvikur	259	104	10950	46600	1505	3793	2198	1063	1473
Nes utan Ennis*)	629	232	26900	70300	4624	3354	5095	»	»
Ólafsvíkur	456	137	23000	113000	2976	12640	3430	6140	6632
Fróðár	135	50	1900	14900	872	1493	995	332	572
Eyrarsveit	410	163	28850	61000	2359	4183	3640	362	858
Helgafellssveit	208	89	3000	26900	2009	4393	1855	1692	2134
Stykkishólms*)	620	257	93600	270300	8073	14447	8124	4195	5043
Skógarstrandar	194	105	13600	90600	2366	427	2578	»	»
Samtals	3657	1470	228200	993600	32866	48845	35912	13784	16827
Dalasýsla									
Hörðudals	134	65	7950	141300	1386	674	1866	»	»
Miðdala	240	141	12200	102300	2179	1723	3080	»	»
Haukadals	153	66	5150	81100	1009	300	1536	»	»
Laxárdals	259	133	24850	182000	3112	6418	3654	1843	2286
Hvamms	167	86	24250	189300	1396	»	2638	»	»
Fellsstrandar	158	79	6050	63000	1651	2283	1814	313	668
Klofnings	96	41	8300	24100	1338	734	1112	»	»
Skarðs	129	59	3500	83300	1641	-1449	1532	»	238
Saurbæjar	247	111	6050	42800	2397	6484	2367	2745	3267
Samtals	1583	781	98300	909200	16109	20065	19599	4901	6479
Austur-Barðastrandarsýsla									
Geiradals	98	47	3050	100200	994	1033	1274	»	71
Reykhóla	259	117	14250	43500	1844	920	2513	»	»
Gufudals	152	56	1850	8500	767	1449	1040	273	539
Múla	117	53	2200	16200	822	425	1039	»	»
Flateyjar	318	140	43650	215700	3212	6664	4266	1599	1854
Samtals	944	413	65000	384100	7639	10491	10132	1872	2464

Tafla IV. Skipting fátækraframfærslunnar 1933 (frh.).

	Mannfjöldi	Ellistyrktarsj. gjaldendur	Skattskyldar tekjur	Skuldlausar eignir	Fasteignamat	Fátækrabyrði ársins	Meðal fátækrabyrði + 15%	Tillag úr ríkissjóði 1933	Tillag úr ríkissjóði skv. 72. gr.
Vestur-Barðastrandarsýsla			kr.	kr.	hdr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Barðastrandar	329	120	12100	70300	1484	1514	2648	»	»
Rauðasands	337	145	13900	90200	2085	2378	3116	»	97
Patreks*)	657	281	152350	413100	7419	8525	9983	»	159
Tálknafjarðar	249	100	5750	14800	1363	1477	3939	»	»
Dala	200	81	12000	45600	1259	1024	1828	»	»
Suðurfjarða	442	210	48250	163300	4293	6457	5432	683	1232
Samtals	2214	937	244350	797300	17903	21375	26946	683	1488
Vestur-Ísafjarðarsýsla									
Auðkúlu	203	83	4600	33800	1306	4989	1681	2205	2582
Þingeyrar	749	332	124650	336600	7115	5566	9874	»	»
Mýra	339	150	32550	74700	1854	2519	3466	»	»
Mosvalla	281	129	16450	33500	1971	1480	2725	»	»
Flateyrar	492	211	75500	94400	7389	1493	6382	»	»
Suðureyrar	463	208	52100	107400	3959	3540	5233	»	»
Samtals	2527	1113	305850	680400	23594	19587	29361	2205	2482
Norður-Ísafjarðarsýsla									
Hóls*)	797	324	110250	213700	7345	15579	9116	4309	5151
Eyrar	555	225	120300	314500	7072	11929	8132	2531	2375
Suðavíkur	444	194	95400	136700	4987	9509	6191	2212	2092
Ögur	260	128	20950	238200	2231	3691	3514	118	571
Reykjafjarðar	160	76	4350	115100	2255	1591	2023	»	97
Nauteyrar	186	79	8550	99300	2669	1356	2183	»	»
Snæfjalla	146	54	4100	76200	1742	1373	1468	»	200
Grunnavíkur	253	94	1950	19500	1106	12622	1704	7279	7735
Sléttu	501	219	16400	192900	4385	3003	5042	»	»
Samtals	3302	1393	382250	1406100	33792	60653	39373	16449	18221
Strandasýsla									
Árnes	453	178	10650	57200	3054	3722	3622	»	872
Kaldrananes	377	140	2550	77200	2328	3404	2821	389	1095
Hrófbergs	404	109	22350	302800	2901	783	3603	»	»
Kirkjubóls	161	65	1850	25900	1038	977	1419	»	115
Fells	107	54	1800	67800	1142	1325	1276	»	308
Óspakseyrar	104	49	1950	67600	803	»	1137	»	»
Bæjar	320	137	28600	137300	2758	3458	3577	»	317
Samtals	1926	732	69750	735800	14024	13669	17455	389	2707
Vestur-Húnavatnssýsla									
Staðar	155	119	7300	18000	1357	3883	2224	1106	1621
Fremri-Torfustaða	216	119	7400	120100	1783	698	2640	»	»
Ytri-Torfustaða	225	263	12350	187800	2446	2522	5208	»	»
Kirkjuhvamms	523	123	41550	365400	4194	7812	4651	2107	2350
Þverár	269	100	10800	139600	2443	6335	2623	2475	2905
Þorkelshóls	282	77	6000	131600	2068	1778	2087	»	160
Samtals	1670	801	85400	962500	14291	23028	19433	5688	7036

Tafla IV. Skipting fátækraframfærslunnar 1933 (frh.).

	Mannfjöldi	Ellistyrktarsj. gjaldendur	Skattskyldar tekjur	Skuldlausar eignir	Fasteignamat	Fátækrabyrði ársins	Meðal fátækrabyrði + 15%	Tillag úr ríkissjóði 1933	Tillag úr ríkissjóði skv. 72. gr.
Austur-Húnavatnssýsla			kr.	kr.	hdr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Ás	217	99	9000	219100	2627	1655	2865	»	»
Sveinsstaða	177	87	15350	129200	2384	1628	2476	»	793
Torfalækjar	167	73	4750	156100	1736	2666	2017	433	»
Blönduós	283	109	32050	253400	2909	3287	3639	»	12
Svínavatns	218	126	12800	195500	2121	2015	3161	»	»
Bólstaðarhlíðar	252	126	11850	244100	2664	1869	3406	»	»
Engihlíðar	262	127	28550	283000	3157	789	3155	»	»
Vindhælis	666	306	28950	253600	5133	5522	6917	»	346
Samtals	2242	1053	143300	1734000	22731	19431	27636	433	1149
Skagafjarðarsýsla									
Skefilsstaða	165	78	10150	119200	1814	3278	2095	789	1104
Skarðs	130	67	4900	25700	1373	729	1439	»	»
Sauðárkróks*)	837	324	91500	618200	8233	13233	10224	2007	3019
Staða	185	81	7500	97900	1993	150	2053	»	»
Seylu	256	135	13800	170900	2709	776	3351	»	»
Lýtingsstaða	374	177	25000	322200	3899	1146	4918	»	»
Akra	426	171	11700	210300	3908	3450	4203	»	152
Ripur	120	57	8000	149100	1371	»	1752	»	»
Viðvíkur	167	78	15100	205700	1653	403	2441	»	»
Hóla	166	85	12250	140800	1534	634	2256	»	»
Hofs	579	244	20750	184100	3653	6146	5325	547	1581
Fells	117	56	1300	44500	1064	1631	1205	284	570
Haganes	226	92	5100	52100	1487	1552	1918	»	178
Holts	215	98	6250	»	2099	1964	1983	»	431
Samtals	3963	1743	233300	2340700	36790	35092	45163	3627	7035
Eyjafjarðarsýsla									
Grímseyjar	115	48	5700	15700	763	1595	1022	382	564
Ólafsfjarðar*)	809	341	97750	425900	6850	6349	9704	»	»
Svarfaðardals	1077	434	103750	657600	9062	2705	12379	»	»
Hríseyjar	361	170	67850	196100	4168	1195	5316	»	»
Árskógs	312	151	23850	32400	1701	2311	3141	»	»
Arnarnes	428	200	30050	267600	4526	3668	5304	»	»
Skriðu	176	69	4950	146400	1863	1670	1956	»	150
Öxnadals	130	57	8750	61800	1374	5976	1486	2993	3242
Glæsibæjar	795	312	67050	543000	9115	14660	9490	3447	4437
Hrafnagils	256	134	36000	438500	3878	3514	4875	»	»
Saurbæjar	439	191	16250	173500	4280	4797	4543	169	1009
Öngulsstaða	406	195	64000	698100	6652	4049	7721	»	»
Samtals	5304	2302	525950	3656600	54232	52489	66937	6991	9402
Suður-Þingeyjarsýsla									
Svalbarðsstrandar	242	117	17500	145100	3859	2188	3305	»	»
Grýtubakka	525	245	74650	193000	4849	4345	6680	»	»
Flateyjar	140	50	13650	20000	1104	837	1293	»	»
Háls	280	157	19400	78200	2238	2303	3394	»	»
Ljósavatns	304	131	10200	59300	2303	1389	2780	»	»
Bárðdæla	191	107	5200	149900	2190	1666	2597	»	»

Tafla IV. Skipting fátækraframfærslunnar 1933 (frh.).

Suður-Þingeyjarsýsla (frh.)	Mannfjöldi	Ellistyrktarsj.-gjaldendur	Skattskyldar tekjur	Skuldlausar eignir	Fasteignamat	Fátækrabyrði ársins	Meðal fátækrabyrði + 15%	Tillag úr ríkissjóði 1933	Tillag úr ríkissjóði skv. 72. gr.
			kr.	kr.	hdr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Skútustaða	375	173	14750	276500	2730	2233	4275	»	
Reykdæla	389	195	24000	152600	3331	3754	4503	»	247
Aðaldæla	390	160	23300	148000	2865	2064	3866	»	»
Reykja	109	64	7950	132600	1720	1624	1890	»	111
Húsavíkur*)	908	459	120100	640100	14585	13370	14112	»	841
Tjörnes	148	64	6500	46200	1254	1624	1469	103	369
Samtals	4001	1922	337200	2041500	43028	37397	50164	103	1568
Norður-Þingeyjarsýsla									
Keldunes	222	114	7150	69400	2343	480	2509	»	»
Öxarfjarðar	200	96	9500	77100	2106	120	2269	»	»
Fjalla	64	28	8600	42200	558	87	830	»	»
Presthóla	553	224	24750	608700	6709	3811	7085	»	»
Svalbarðs	261	108	4500	52300	1849	518	2214	»	»
Sauðanes	521	243	46800	203900	6850	8857	6527	1487	2345
Samtals	1821	813	101300	1053600	20415	13873	21434	1487	2345
Norður-Múlasýsla									
Skeggjastaða	280	114	20500	97700	2994	7156	2997	2773	3098
Vopnafjarðar	768	305	62800	226700	6634	15779	7789	5327	6217
Jökuldals	213	111	28250	99800	2089	3942	2934	672	928
Hliðar	149	71	11400	6300	1177	1775	1526	166	397
Tungu	208	97	16950	101500	2382	1567	2566	»	
Fella	199	100	18100	193300	2366	500	2926	»	
Fljótsdals	247	133	18750	171900	2257	3514	3334	120	613
Hjaltastaðar	190	88	17250	»	1759	4051	1988	1375	1629
Borgarfjarðar	302	122	23050	60500	3364	4481	3117	909	1304
Loðmundarfjarðar	73	24	1800	20300	736	1840	601	826	940
Seyðisfjarðar	184	83	24250	238500	2567	2319	2984	»	»
Samtals	2813	1248	243100	1216500	28325	47071	32762	12168	15126
Suður-Múlasýsla									
Skriðdals	147	61	5800	45500	1078	4631	1374	2171	2426
Valla	227	112	28100	156500	2794	742	3268	»	»
Eiða	182	86	22650	60000	1485	2273	2207	»	228
Mjóafjarðar	186	101	23800	95500	1806	5026	2628	1599	1846
Norðfjarðar	224	99	13750	36800	1743	12934	2196	7159	7515
Helgustaða	212	94	8950	67700	1433	1680	2065	»	131
Eskifjarðar*)	736	332	107450	176900	9411	22196	9468	8485	9352
Reyðarfjarðar	464	215	41550	266500	5556	5866	5956	»	642
Fáskrúðsfjarðar	365	125	7500	42600	3276	8420	2777	3791	4354
Búða*)	611	260	64550	231800	8839	7246	7615	»	431
Stöðvar	170	76	8950	83900	1563	1429	1877	»	2
Breiðdals	330	133	8500	118300	2583	3175	3020	103	717
Berunes	146	72	2150	86800	1065	1585	1594	»	354
Geithellna	438	172	28800	318100	5120	3161	5148	»	»
Samtals	4438	1938	372500	1786900	47752	80364	51193	23308	27998

Tafla IV. Skipting fátækraframfærslunnar 1933 (frh.).

	Mannfjöldi	Ellistyrktarsj. gjaldendur	Skattskyldar tekjur	Skuldlausar eignir	Fasteignamat	Fátækrabyrði ársins	Meðal fátækrabyrði + 15%	Tillag úr ríkissjóði 1933	Tillag úr ríkissjóði skv. 72. gr.
Austur-Skaftafellssýsla			kr.	kr.	hndr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Bæjar	194	104	3100	126200	1726	400	2342	»	»
Nesja	393	193	33600	208100	6576	970	4015	»	»
Mýra	192	89	4100	60800	1226	1420	1830	»	142
Borgarhafnar	182	95	4400	81900	1131	»	1975	»	»
Hofs	187	81	2000	106900	1413	480	1857	»	»
Samtals	1148	562	47200	583900	12072	3270	12019	»	142
Vestur-Skaftafellssýsla									
Hörgslands	283	141	14700	174200	2065	2645	3341	»	111
Kirkjubæjar	224	113	28600	179700	2179	925	3246	»	»
Leiðvalla	249	108	11150	41100	945	354	2132	»	»
Álftavers	107	47	7850	26500	645	23	1063	»	»
Skaftártungu	104	55	6350	42500	815	1220	1234	»	204
Hvamms	537	261	76800	385800	4729	3288	7558	»	»
Dyrhóla	262	103	25850	91800	2065	4057	2739	879	2125
Samtals	1766	828	171300	941600	13443	12512	21313	879	1440
Rangárvallasýsla									
Austur-Eyjafjalla	308	161	25050	159400	2400	3140	3860	»	46
Vestur-Eyjafjalla	486	216	17600	132000	3161	2268	4583	»	»
Austur-Landeyja	346	169	22800	180500	2896	2792	4099	»	»
Vestur-Landeyja	312	139	9800	145200	2439	2211	3194	»	»
Fljótshlíðar	404	195	47600	214200	3984	7041	5303	1159	1646
Hvol	230	114	22750	182700	1959	1528	3111	»	»
Rangárvalla	324	156	23750	206400	2964	3822	4025	»	430
Landmanna	258	121	18550	331200	1794	866	3577	»	»
Holta	315	166	31650	205700	2415	2171	4218	»	»
Ása	607	282	54550	246000	4655	9642	6957	1790	2530
Samtals	3590	1719	274100	2003300	28667	35445	42927	2949	4752
Árnessýsla									
Gaulverjabæjar	359	146	15000	151000	3626	2533	4108	»	»
Stokkseyrar	644	289	51950	288400	6133	14037	7437	4400	5347
Eyrarbakka [1])	602	265	110900	255800	6787	14777	8287	4327	5193
Sandvíkur	270	136	87500	453200	6314	1687	6464	»	»
Hraungerðis	266	133	40650	258500	6697	1750	4931	»	»
Villingaholts	291	135	21650	211700	3932	5927	3883	1363	1878
Skeiða	287	118	12550	70900	3213	2995	2852	»	596
Gnúpverja	227	122	17750	106200	3643	1719	3214	»	»
Hrunamanna	397	205	31600	288700	4784	8579	5529	2033	2793
Biskupstungna	410	199	51200	240700	4915	3556	5771	»	»
Laugardals	177	81	34200	67200	1868	1142	2461	»	»
Grímsnes	339	165	40000	219000	5300	2074	4984	»	»
Þingvalla	100	57	12650	83900	2698	»	1897	»	»
Grafnings	75	36	2650	28000	1295	567	929	»	»
Ölfus	450	218	58750	447700	8962	6172	7602	»	»
Selvogs	97	43	3400	49900	939	2402	1048	903	1098
Samtals	4991	2348	592400	3220800	71106	69917	71397	13026	16905
Sýslur samtals	63230	28425	6375500	35890600	695540	775333	800097	135505	173080
Allt landið	113366	51483	37898600	117324500	1914570	1976361	2273967	187166	253507

Við athugun þessarar skýrslu verður það strax augljóst, hversu geysilegur munur er á möguleikum hinna ýmsu bæjar- og hreppsfélaga til þess að bera byrðarnar.

Í Reykjavík eru *skattskyldar tekjur* samtals 24,8 millj. króna, eða 785 kr. á hvern íbúa. Þar eru *skuldlausar eignir 60,6* millj. króna eða 1915 kr. á hvern íbúa, og *fasteignamat* er þar 78,7 millj. kr. *Íbúatala* Reykjavíkur er 31689 þetta ár, og fátækraútgjöld 777 þús. kr.

Í kaupstöðum og kauptúnum eru *skattskyldar tekjur* samtals 8,2 millj. kr. eða 293 krónur á íbúa. *Skuldlausar eignir* eru þar 25,6 millj. eða ca. 910 krónur á íbúa. *Fasteignamat* 53,2 millj. Íbúafjöldi kaupstaða og kauptúna með 500 íb. og fleiri er 28168, en samtals framfærslukostnaður 588 þús. kr.

Í hreppum eru *skattskyldar tekjur* 4,8 millj. eða aðeins 90 krónur á íbúa. Þar eru *skuldlausar eignir* 31 millj. kr. eða 580 kr. á íbúa og *fasteignamat* í öllum hreppum landsins er 57,5 millj. króna. Íbúafjöldi þeirra er 53424 og framfærslukostnaður samtals 611 þús. kr.

Sé skýrslur þær, er Hagstofan hefir í höndum frá hreppunum, athugaðar, kemur það í ljós, að hrepparnir margir hverjir greiða aðeins frá sér lítinn hluta þess, sem þeim er þar fært til útgjalda sem fátækrastyrkur. Mikill hluti þess er styrkur lagður mönnum af öðrum hreppi eða kaupstað og talinn því hreppsfélagi til skuldar, eða það eru skuldir við sjúkrahús. Mikill hluti þeirra endurgreiðslna, sem talinn er til hreppanna nú, rennur því raunverulega til kaupstaða þeirra og kauptúna, sem hrepparnir skulda, sem endurgreiðsla.

Með fyrirkomulagi því, sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu hér að framan, mundi þetta breytast til muna.

Er það öllum augljóst, að t. d. hreppur, þar sem allar skattskyldar tekjur hreppsbúa nema samanlagt aðeins 1900 krónum, en fátækrabyrði ársins rúmum 12 þúsund krónum, getur ekki greitt neitt sem nemur af því, sem honum ber að greiða, enda fer greiðslan raunverulega fram af öðru eða öðrum sveitarfélögum.

Af þeim skýrslum, sem hér liggja fyrir, og annari vitneskju í þessum efnum er það augljóst, að sjálfsagt er að breyta til í þessum málum, og er í frv. því sem hér liggur fyrir, reynt að koma á því fyrirkomulagi, að hver sveit framfæri þá, *sem þar eiga heima,* en aðra ekki.

Þetta mun í fljótu bragði sýnast veruleg röskun frá því sem nú er, en svo er þó í rauninni ekki. Fátækrabyrðin hvílir nú raunverulega á fáum stórum kauptúnum og kaupstöðum, og mun gera það í framtíðinni. Það er því rétt að afnema þessar krókaleiðir, sem enn eru á um endurgreiðslurnar, og allt vafstur við sveitfesti og flutningskröfur, en taka upp þá reglu, að hvert sveitarfélag framfæri þá, sem þar eiga heima, og ríkissjóðurinn jafni kostnaðinn þar, sem hann ætlar að verða sveitar- eða bæjarfélaginu um megn.

Þó það virðist nú svo, að ef fylgt hefði verið 1933 reglu þeirri, sem gert er ráð fyrir í frv. þessu um endurgreiðslu úr ríkissjóði, hefði endurgreiðslan orðið mun hærri, þá er þetta ekki rétt. Mikið af þeirri endurgreiðslu, sem 1933 er talið fara til hreppanna, fer þangað ekki, heldur til kaupstaða og kauptúna, sem nú fá ýmist litla eða enga endurgreiðslu. Byggist þetta á því, að endur-

greiðslurnar eru eftir frumvarpsreglunni líka reiknaðar út eftir fátækrabyrði þeirri, sem *talin er vera* hjá sveitarfélögunum 1933, en ekki eftir þeirri, sem *raunverulega var* hjá þeim. Um hana liggja ekki fullnaðarskýrslur fyrir og geta ekki legið fyrir meðan það fyrirkomulag helzt, sem nú er. Er því mjög líklegt, að ef framfærsluréttur og endurgreiðslur hefðu það ár verið eftir reglum þessa frv., þá hefði fé það, sem ríkissjóður þurfti að greiða, verið mun minna en nú, en það hefði skipzt nokkuð á annan veg. Ber vel að athuga þetta, þegar frumvarpið er gagnrýnt.

Reykjavík, í marz 1935.

Jónas Guðmundsson. Páll Hermannsson.

Nd. 408. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 55 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Flm.: Páll Þorbjörnsson, Jónas Guðmundsson.

1. gr.

Í stað orðanna „31. ágúst“ í 1. gr. laganna komi: 15. júní.

2. gr.

8. gr. laganna fellur niður.

3. gr.

Síðari málsgrein 9. gr. laganna fellur niður.

4. gr.

Lög nr. 52 1933 og lög nr. 15 1935 eru úr gildi numin.

Greinargerð.

Fiskimenn víða um land líta svo á, að engin ástæða sé til þess að banna dragnótaveiðar í landhelgi, sízt svo mikinn tíma árs sem nú er gert. Telja þeir það alls ósannaða fullyrðingu, að dragnætur spilli fiskveiðum, og á engu meiri rökum reista en samskonar fullyrðingar fyrr á öldum um, að línur og þorskanet spilltu veiðiskap. Dragnótin er tiltölulega ódýrt veiðarfæri, einkar hentugt fyrir smærri og stærri báta og hefir reynzt fengsæl þar, sem hún hefir verið notuð. Línur og beita er nú einn allra þyngsti útgjaldaliður bátaútvegsins, og er því hin mesta nauðsyn að gera tilraunir til þess að draga úr veiðarfærakostnaðinum. Þá er hitt engu síður áríðandi nú, þegar ísfiskmarkaður er mjög takmarkaður, að það sé verðmesti fiskurinn, sem fluttur sé á erlendan markað, en afli dragnótaveiðiskipa er aðallega, sem kunnugt er, koli og annar verðmætur flatfiskur. Í frv. er lagt til, að veiðitíminn verði lengdur. En jafnframt

er lagt til, að heimild sú, sem nú er í lögum til að takmarka dragnótaveiði eftir óskum héraðsstjórna, verði afnumin.

Ennfremur má geta þess, að álit fiskifræðinga almennt virðist vera það, að dragnótin spilli í engu öðrum veiðiskap, og þar sem hér er um að ræða einn verðmætasta afla við strendur landsins, er tími til kominn, að landsmenn fái að hagnýta sér hann eins og tök eru á.

Nd. 409. Frumvarp til laga

um sölu á prestsmötu.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Jón Pálmason, Jónas Guðmundsson, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Heimilt skal þeim, er prestsmötur eiga að greiða, að fá þær keyptar af sér, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Sá, er kaupa beiðist á prestsmötu, sendir beiðni um það til kirkjumálaráðuneytisins. Verð prestsmötu ákveður svo ráðuneytið þannig, að fyrir hver 10 kg. smjörs skal greitt andvirði eins leigufærs kúgildis samkvæmt verðlagsskrá þeirrar sýslu, sem jörðin er í. Kaup skulu jafnan miðuð við fardaga og gerð í næstu fardögum eftir að kaupbeiðni kom til ráðuneytisins.

3. gr.

Nú er ekki fyrir hendi vitneskja um, hvort kúgildi þau, sem prestsmata er greidd af, eru kýrkúgildi eða ærkúgildi, og skal þá við kaup á þeirri prestsmötu lagt til grundvallar meðaltalsverð ær- og kýrkúgilda samkvæmt verðlagsskrá.

4. gr.

Heimilt er mönnum að kaupa af sér prestsmötu smám saman, þó aldrei minna í senn en sem svarar einu kúgildi, enda lækkar kvöðin um 10 kg. smjörs fyrir hvert kúgildi, sem út er leyst.

5. gr.

Kirkjumálaráðuneytið veitir afsal fyrir keyptri prestsmötukvöð um leið og greiðsla fer fram.

6. gr.

Andvirði prestsmötu rennur í prestlaunasjóð, en presti þeim, er hennar naut, skulu greiddir vextir þeir, er fást af andvirðinu.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 54 27. júní 1921, um sölu á prestsmötu, og lög nr. 38 27. júní 1925, um breyting á þeim lögum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér breyting á lögum þeim, sem nú gilda um sölu á prestsmötu, þannig, að í stað þess að verð hennar sé ákveðið á þann hátt að kapitalisera með 5% upphæð þá, sem prestum er reiknuð hún í heimatekjum, þá sé mönnum leyft að kaupa hana af sér með því að leysa út kúgildi þau, sem hún er goldin af, með því verði, sem á þeim er á hverjum tíma samkv. verðlagsskrá. Prestsmatan hefir lengst af verið allþung kvöð á þeim bændum, sem keypt hafa jarðir þær, sem hún fylgir, því venjulega hefir lítið tillit verið til hennar tekið í kaupverðinu. Nokkrir hafa þegar keypt hana af sér samkv. gildandi lögum, en fjöldi bænda hefir ekki treyst sér til þess, með því verði, sem hún er reiknuð þeim. Með frumvarpi þessu, ef að lögum yrði, ætti þetta að vera léttara. Enda virðist sanngjarnt, að kvöð, sem byggist á ákveðnum höfuðstóli, verði af létt með því að leysa út sjálfan höfuðstólinn, og þá með því opinbera verði, sem á honum er á hverjum tíma.

Nd. 410. Frumvarp til laga

um sameining Blönduóskauptúns í eitt hreppsfélag.

Flm.: Guðbr. Ísberg, Jón Pálmason, Emil Jónsson, Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Þann hluta Blönduóskauptúns, sem vaxið hefir upp austan Blöndu, skal sameina Blönduóshreppi, og verði hreppamörk kauptúnsins austan árinnar úr Ámundakinn við Blöndu eftir brekkubrúnum í Mógil, norðan Blönduósbryggju.

2. gr.

Þann hluta jarðarinnar Ennis, sem samkv. 1. gr. leggst undir Blönduóshrepp, má taka eignarnámi handa hreppnum skv. lögum nr. 61 frá 1917, ef eigi næst samkomulag við eiganda um afhendingu landsins. Slíkt eignarnám, ef framkvæmt verður, haggar eigi réttindum yfir lóðum eða ræktunarlöndum á umræddu svæði, er stofnuð hafa verið samkv. þinglesnum samningi.

3. gr.

Blönduóshreppur tekur að sér framfærslu allra þeirra, er verða framfærslutyrkþurfar vegna fæðingar eða dvalar í Blönduóskauptúni austan Blöndu.

4. gr.

Blönduóshreppur greiðir Engihlíðarhreppi bætur eftir mati fyrir missi útsvarstekna úr Blönduóskauptúni, austan Blöndu. Matið skal framkvæma með hliðsjón af eðlilegum útgjöldum, er af viðvarandi sambandi kauptúnshlutans við Engihlíðarhrepp mundi leiða, og með hliðsjón af breytileik þeim, er at-

vinnuútsvarsstofnar eru háðir. Skuldlaus eign Engihlíðarhrepps sé einnig höfð til hliðsjónar við matið, miðað við núverandi íbúatölu hreppsins, til lækkunar umræddum bótum.

Mati þessu má skjóta til yfirmats, ef annarhvor aðilja vill ekki við það una. Hvorttveggja matið skal framkvæma, eftir því sem við verður komið, í samræmi við reglur þær, er um eignarnám gilda samkv. lögum nr. 61 frá 1917.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og þau hafa hlotið staðfestingu konungs. Menn, búsettir í Blönduóskauptúni, austan Blöndu, skulu þó taldir heimilisfastir í Blönduóshreppi frá 1. jan. næstk. að telja, enda tekur Blönduóshreppur á sig allar skyldur gagnvart þeim mönnum, sem lögmætu heimilisfangi fylgja.

Greinargerð.

Blönduóskauptún vestan Blöndu var fyrir nokkrum árum (1914) gert að sérstöku hreppsfélagi. Þá þegar hafði kauptúnið vaxið austur fyrir ána inn í Engihlíðarhrepp, og hefir sá vöxtur haldið áfram. Vegna mótstöðu Engihlíðarhrepps hefir eigi verið unnt að ná samkomulagi um, að sá hluti kauptúnsins, er austan Blöndu liggur, yrði sameinaður hinum nýja hreppi.

Eftir því sem lengra hefir liðið, hefir það komið berar og berar í ljós, að þessi tvískipting kauptúnsins er óhagkvæm og óhafandi. Hefir nú verið hafizt handa af íbúum kauptúnsins beggja megin árinnar, að vinna að sameiningu þess í eitt hreppsfélag, og hefir nefnd verið kosin til þess að hrinda því máli áfram. Bréf þeirrar nefndar til Alþingis, viðvíkjandi þessu máli, fylgir hér á eftir, og vísast nánar til þess um ástæður og rök, er færð eru fram fyrir nauðsyn sameiningarinnar.

Fylgiskjal.

Árið 1875 var löggiltur verzlunarstaður við Blönduós, og spratt brátt upp nokkur byggð á eyrinni sunnan við ármynnið. Lending var þó betri og öruggari fyrir norðan ána, og eftir að brú var komin á Blöndu, var lagt þar allmikið fé til bryggjugerðar. Skammt frá bryggjunni byggði Kaupfélag og síðar einnig Sláturfélag Austur-Húnvetninga hús sín. Kauptúnið varð því í tveimur hreppum, Torfalækjarhreppi sunnan árinnar og Engihlíðarhreppi norðan hennar. Árið 1914 var Torfalækjarhreppi skipt og Blönduóshreppur stofnaður, en sá hluti kauptúnsins, sem var utan Blöndu, fylgdi ekki með í myndun hins nýja hrepps, vegna þess að kauptúnið hafði þá ekki 300 íbúa og hafði því ekki rétt til að verða sérstakt hreppsfélag, nema með samkomulagi við móðurhreppana, en slíkt samkomulag fékkst ekki að því er Engihlíðarhrepp snerti. Síðan hefir sá hluti kauptúnsins, sem liggur innan vébanda þess hrepps, vaxið tiltölulega meira, því verzlunin við kaupfélagið hefir aukizt jafnt og þétt, svo

nú er upp undir 90% af allri fjártöku í haustkauptíð þeim megin árinnar. Þar er og auk kaupfélagsins kvennaskólinn, sem er mjög fjölsóttur veitinga- og gististaður á sumrum, og 8 íbúðarhús, en allur þorri þeirra verkamanna, sem vinna við kaupfélagið og skipaafgreiðslu, býr þó sunnan árinnar, í Blönduóshreppi. Hér hagar því svo einkennilega til, að lendingarstaður og bryggja, skipaafgreiðsla, aðalverzlunin og veitingastaður sá, sem einkum tekur á móti hinum sívaxandi ferðamannastraumi, er að vísu í Blönduóskauptúni, en utan takmarka Blönduóshrepps.

Hvert bæjarfélag eða kauptúnshreppsfélag hefir aðaltekjur sínar af höfn sinni og verzlun, en Blönduóshreppur er undantekning í þessu efni. Honum er ætlað að standa straum af fátækraframfæri og menningarþörfum þeirra manna, sem við þessi fyrirtæki vinna, en er sviptur af þeim tekjunum. Þær renna til annars hrepps, utan kauptúnsins, hrepps, sem virðist skoða menningarmál þess sér óviðkomandi. Engihlíðarhreppur hefir auðgazt á þessari óeðlilegu aðstöðu, svo hann er nú langbezt stæði hreppur sýslunnar, með kr. 31203,41 í eign, skv. hreppsreikningi fyrir 1934, en fátækraframfæri hans það ár er kr. 1602,97. Skuldlaus eign Blönduóshrepps á sama tíma er kr. 11306,55 og fátækraframfæri kr. 4043,42.

Þessi skipting kauptúnsins í tvö hreppsfélög verður eftir því óeðlilegri sem árin líða, einkum fyrir þá sök, að hreppsnefnd Engihlíðarhrepps er mjög ófús til allrar samvinnu við Blönduóshrepp um sameiginleg framfaramál kauptúnsins. Virðist hún vilja útiloka íbúana utan árinnar frá öllu samneyti við íbúana sunnan hennar, af ótta við það, að allt kauptúnið verði sameinað í eitt hreppsfélag. Það er aðgætandi, að skipaafgreiðslan, kaupfélagið og sláturfélagið hafa borgað allverulegan hluta af útsvörum Engihlíðarhrepps, án þess að nokkuð hafi verið látið rakna af mörkum úr hreppssjóði til þarfa kauptúnsins í staðinn. Sést þetta bezt á niðurjöfnun útsvara fyrir árið 1934. Þá var jafnað niður í Engihlíðarhreppi kr. 6083,00, þar af kr. 2718,00 á kauptúnshlutann utan Blöndu, en enginn af íbúunum þar hefir þegið neitt af sveit og ekkert verið lagt fram til sameiginlegra menningarmála kauptúnsins.

Þau mál, sem að réttu lagi ættu að vera sameiginleg fyrir þetta kauptún eins og önnur, eru meðal annars:

Fátækramál: Þar kennir hins mesta ósamræmis, því útsvör langstærsta fyrirtækisins renna út úr kauptúninu, þrátt fyrir allmikil sveitarþyngsli meðal fyrrverandi og núverandi verkamanna þessa fyrirtækis, þeirra, sem fyrir sunnan ána búa.

Fræðslumál: Sunnan árinnar er fastaskóli með 2 kennurum, en of fáum börnum til þess að þeir hafi nóg að gera. Samt sem áður ganga börnin utan árinnar ekki í þennan skóla, heldur ráðstafar skólanefnd Engihlíðarhrepps þeim í farskóla, sem ýmist er haldinn í súðarherbergi þar niðri í kauptúninu, eða uppi í sveit, þar sem koma verður börnunum fyrir, oft og tíðum í lélegu húsnæði.

Heilbrigðismál: Sameiginleg heilbrigðissamþykkt fyrir kauptúnið strandaði á síðasta sýslufundi fyrir þá sök, að hreppsnefnd Engihlíðarhrepps neitaði samvinnu um það mál. Sama máli gegnir með ljósmæðraskipunina. Hrepps-

nefnd Engihlíðarhrepps hefir sett sig á móti því, að umdæmi ljósmóðurinnar á Blönduósi næði út fyrir ána, og verða því konur þar að sækja ljósmóður 15 km. veg upp í sveit, þótt ekki sé nema 1—2 km. til ljósmóðurinnar sunnan árinnar.

Kirkjumál: Íbúar kauptúnsins utan Blöndu eru í Höskuldsstaðasókn, og er 12—13 km. vegur til sóknarkirkju þeirra, en auðvitað nota þeir aðallega kirkjuna og kirkjugarðinn á Blönduósi, án þess að neitt af sóknargjöldum þeirra renni þangað.

Lögreglumál: Sameiginlega lögreglusamþykkt fyrir Blönduóskauptún er ekki hægt að fá, meðan hreppsnefnd Engihlíðarhrepps neitar samvinnu um málefni kauptúnsins, en slík samþykkt er mjög nauðsynleg, og yrði auðvitað að gilda einnig utan árinnar, þar sem umferðin er mest.

Byggingarmál: Sama máli gegnir um byggingarsamþykkt og skipulagsmál.

Brunamál: Sameiginlegar brunavarnir fyrir allt kauptúnið er nauðsynjamál, sem ekki hefir náð fram að ganga vegna þess skorts á samvinnu, sem ríkir meðan það er skipt milli tveggja hreppsfélaga.

Rafveitumál: Með hinni nýju rafstöð er tryggt mikið og ódýrt rafmagn fyrir alla íbúa kauptúnsins, og stendur Blönduóshreppur straum af rafveitunni að ⅓, en Engihlíðarhreppur hefir þar ekkert lagt af mörkum, þótt íbúarnir utan árinnar njóti þar sömu kjara og þeir sunnan árinnar.

Ræktunarmál: Blönduóshreppur keypti fyrir nokkrum árum jörðina Hnjúka, og er þar nú að aukast ræktun lands með ári hverju, sem bætir ekki lítið úr rýrri atvinnu hreppsbúa. Norðan árinnar hefir Engihlíðarhreppur fram að þessu ekki útvegað kauptúnsbúum neitt land, og greiða þeir nú 20 krónur á ári í hagatoll fyrir hverja kú, en sunnan árinnar er hagatollur á sama tíma 12 krónur fyrir kúna.

Atvinnumál: Það stendur mjög í vegi fyrir öllum framkvæmdum, sem miðað gætu að aukinni atvinnu fyrir kauptúnsbúa, að kauptúnið er ekki eitt hreppsfélag, auk þess sem Blönduóshreppur er með því sviptur tekjum, sem honum ber að réttu lagi og verja mætti til að auka og bæta lífsskilyrði íbúanna.

Hin óeðlilega skipting þessa litla kauptúns milli tveggja hreppsfélaga orsakar þannig glundroða og skipulagsleysi í öllum menningar- og þrifamálum íbúanna, enda er nú vaknaður meðal þeirra mjög mikill og almennur áhugi fyrir því að sameina kauptúnshlutana í eitt hreppsfélag. Á sameiginlegum fundi, sem boðaður var af íbúunum beggja megin árinnar og haldinn var 15. sept. síðastl., var það samþykkt í einu hljóði að vinna að sameiningu kauptúnsins, og var kosin 7 manna nefnd til að undirbúa það mál. Nefnd þessi byrjaði starf sitt á því að skrifa hreppsnefnd Engihlíðarhrepps bréf, dags. 16. sept., sem fylgir hér með í afriti, til þess að ræða við hana um afhendingu kauptúnshlutans utan árinnar, en hreppsnefndin hefir ekki svarað því bréfi á neinn hátt. Virðist því ekki vera önnur leið fyrir hendi en að leysa þetta mál án samkomulags við hreppsnefndina, enda þótt slíkt samkomulag hefði verið í alla staði æskilegast.

Svo að segja allir kjósendur í Blönduóshreppi og um ⅔ kjósenda í kaup-

túnshlutanum utan Blöndu hafa undirskrifað áskorun til háttvirts Alþingis um sameiningu kauptúnsins. Mælir vitanlega öll sanngirni með því, en auk þess virðist kauptúnið eiga til þess lagalega kröfu, því skv. sveitarstjórnarlögunum á hvert kauptún með yfir 300 íbúa heimtingu á að verða sérstakt hreppsfélag. Nú er hér í kauptúninu hátt á 4. hundrað íbúa, en kauptúnið getur ekki kallazt sjálfstætt hreppsfélag, meðan annar hreppur, sem ekki er í neinu lífrænu sambandi við kauptúnið, notar þann hluta þess, sem að réttu lagi er kjarni þess hvað atvinnulíf snertir, sem nýlendu og mjólkurkú. Verður ekki lengur við slíkt ranglæti unað, og leyfum vér oss því fyrir hönd alls þorra Blönduósbúa af öllum flokkum að skora á hið háa Alþingi, að það samþykki nú þegar lög um stækkun Blönduóshrepps, svo hann nái yfir allt Blönduóskauptún báðumegin Blöndu. Sameiginleg menningar- og framfaramál þessa litla kauptúns þyrftu þá ekki lengur að stranda á sundurlimun þess milli tveggja illa samhentra hreppsfélaga, eins og nú á sér stað.

Virðingarfyllst

Sameiningarnefnd Blönduóskauptúns

Blönduósi, 15. október 1935.

P. V. G. Kolka (formaður) Stgr. Davíðsson (ritari)

Nd. 411. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 76 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til eftir atvikum, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. okt. 1935.

Finnur Jónsson, form., frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskrifari. Páll Þorbjörnsson.

Sigurður Kristjánsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

Sþ. 412. Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir árið 1933.

(Lagt fyrir Alþingi 1935).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum 1933, eru veittar kr. 2 017 211.76 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—12. grein hér á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. er veitt:

1. Póstmál:

3.	b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur ..	kr.	9975.00	
	c. Húsaleiga utan Reykjavíkur	—	1362.50	
	d. Önnur gjöld	—	43873.10	

2. Síminn:

a.	Til einkasíma í sveitum	—	5433.82	
b.	3. Loftskeytastöðin í Reykjavík	—	263.62	
	4. Bæjarsími Reykjavíkur	—	97428.93	
	6. Ritsímastöðin á Akureyri	—	595.52	
	8. — á Ísafirði	—	8254.51	
	11. — í Vestmannaeyjum	—	2981.40	
	12. — á Siglufirði	—	7167.19	
c.	Eyðublöð, prentkostn., ritföng m. m.	—	16490.40	
f.	Viðhald landssímanna	—	27188.07	
h.	Til kennslu fyrir símamenn	—	374.50	
i.	Tillag til alþjóðaskrifst. í Bern	—	1712.80	
j.	Ýmis gjöld	—	18950.94	
	Eignabreytingar (út).			
3.	Til nýrra símalína	—	26107.17	

9. Ríkisútvarpið:

a.	1. Yfirstjórn	—	2223.75	
	2. Útvarpsstöðin	—	10460.03	
	3. Útvarpssalur	—	1604.29	
	4. Útvarpsefni	—	4921.39	
	5. Skrifstofan	—	7147.21	
	7. Óviss útgjöld	—	10463.40	
b.	Vextir af láni frá Marconifél.	—	11449.95	
c.	Fyrning húsa, véla og áhalda	—	475.15	
				kr. 316904.64

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

I. Ráðuneytið o. fl.:

3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins	kr.	2202.79	
4.	Annar kostnaður	—	16151.41	
5.	Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum	—	1369.51	
6.	b. Til pappírs og prentunar	—	1530.15	
7.	Til umbóta og viðhalds stjórnarráðshúsi o. fl.	—	4502.61	
	Flyt	kr.	25756.47	kr. 316904.64

	Flutt	kr.	25756.47	kr. 316904.64
	II. Hagstofan:			
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	—	50.04	
5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	—	2181.73	
	III. Utanríkismál o. fl.:			
3.	Ríkisráðskostnaður	—	27.00	
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd	—	1380.87	
				kr. 29396.11

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

	A. Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1.	b. Annar kostnaður	kr.	8440.90	
4.	b. Húsaleiga o. fl.	—	660.00	
	c. Ýms gjöld	—	377.00	
5.	a. Laun skrifara	—	8275.00	
	c. Aðstoð og aukavinna	—	2909.00	
	d. Húsaleiga o. fl.	—	1176.00	
	e. Innheimtukostnaður	—	6428.50	
	f. Ýmis gjöld	—	1165.78	
6.	a. Laun 2 fulltrúa og 5 skrifara	—	4012.00	
	b. Húsaleiga	—	1046.00	
	c. Hiti og ljós	—	350.00	
	d. Ýmis gjöld	—	8517.30	
7.	Toll- og löggæzla	—	49429.17	
8.	Skrifstofukostn. sýslum. og bæjarfógeta	—	22441.66	
9.	Landhelgisgæzla	—	86859.18	
11.	Til hegningarhússins í Reykjavík	—	2528.17	
12.	Til vinnuhælisins á Litla-Hrauni	—	22491.38	
13.	Sakamálakostn. og lögreglumála m. m.	—	420334.39	
15.	Borgun til setu- og varadómara	—	11240.75	
	B. Sameiginl. kostn. við embættisrekstur:			
1.	a. Burðareyrir undir embættisbréf	—	9677.11	
	b. Fyrir embættisskeyti	—	8298.60	
2.	Brunaábyrgðar- og fasteignagjald	—	1088.78	
4.	Gjöld til yfirskattanefnda o. fl.	—	33818.76	
5.	Til ríkisskattanefndar	—	7014.09	
6.	Eyðublöð o. fl.	—	4082.36	
				— 722661.88
			Flyt	kr. 1068962.63

Flutt kr. 1068962.63

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

Til læknaskipunar og heilbrigðismála:

2.	Til skrifstofu landlæknis	kr.	1720.51	
12.	Landsspítalinn	—	47489.21	
14.	Geðveikrahælið á Kleppi:			
	I. Gamli spítalinn	—	8137.85	
	II. Nýi spítalinn	—	34858.24	
15.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum	—	475.26	
18.	b. Til að reisa læknisbústaði o. fl.	—	4166.66	
	d. Bólusetningarkostnaður	—	450.00	
	g. Varnir gegn kynsjúkdómum	—	2259.18	
	l. Til styrktar mönnum, sem þurfa gervilimi	—	526.00	
				kr. 109081.91

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

A. Vegamál:

I.	3. Ferðakostnaður o. fl.	kr.	3894.73	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga	—	8320.43	
	5. Skrifstofukostnaður	—	3215.44	
II.	a. 1. Kjósarvegur	—	23341.63	
	2. Stykkishólmsvegur	—	4.57	
	3. Vesturlandsvegur	—	2410.08	
	4. Holtavörðuheiðarvegur	—	7774.71	
	5. Geiradalsvegur	—	570.28	
	6. Breiðadalsheiðarvegur	—	231.33	
	7. Húnavatnssýsluvegur	—	1529.43	
	11. Ljósavatnsskarðsvegur	—	1633.83	
	12. Þistilfjarðarvegur	—	462.25	
	13. Bakkafjarðarvegur	—	242.44	
	14. Jökulsárhlíðarvegur	—	217.68	
	16. Geithellnavegur	—	67.71	
	17. Brunahraunsvegur	—	1692.63	
	18. Fjallabaksvegur	—	5683.94	
	19. Hreppavegur	—	5864.42	
	20. Austurlandsvegur	—	48869.95	
	b. Viðhald og umbætur	—	34946.56	
III.	Til brúargerða	—	156923.66	
IV.	Fjallvegir	—	15872.04	
V.	2. Til bókasafns verkamanna	—	7.87	
IX.	Til vetrarflutninga á Hellisheiði	—	384.68	
		Flyt	kr. 324162.29	kr. 1178044.54

		Flutt	kr. 324162.29	kr. 1178044.54
	B. Samgöngur á sjó:			
I.	Til strandferða ríkissjóðs	—	37361.90	
	C. Vitamál og hafnargerðir:			
I. 3.	Til skrifstofuhalds	—	4393.59	
4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar	—	2685.19	
III.	Rekstrarkostnaður vitanna	—	16905.79	
IV.	Sjómerki o. fl.	—	896.47	
VIII.	Til bryggjugerða og lendingarbóta ...	—	895.40	
			————	kr. 387300.63

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

	A. Andlega stéttin:				
a. 2.	Skrifstofukostnaður	kr.	2250.00		
b. 6.	Embættiskostnaður presta	—	11217.58		
7.	Til húsabóta á prestssetrum	—	24000.00		
	B. Kennslumál:				
I. g.	Rekstrarst. til rannsóknarst. háskól.	—	12800.00		
j.	Hiti, ljós o. fl.	—	971.68		
k. 2.	Ýmis gjöld	—	5947.35		
n.	Herbergi í alþjóðastúdentagarði ...	—	507.70		
II. d.	Til Jóns Gauta Jónatanssonar	—	399.82		
III. 3.	Skrifstofukostnaður	—	5192.00		
IV. b. 2.	Til eldiviðar o. fl.	—	1134.28		
3.	Til viðhalds	—	2569.70		
4.	Stundakennsla o. fl.	—	2075.98		
8.	Til kennslutækja	—	311.92		
9.	Ýmis gjöld	—	396.96		
10.	Verðlaunabækur	—	50.90		
V. b. 1.	Til aukakennara og stundakennslu .	—	1524.00		
8.	Til ýmislegra gjalda	—	5836.50		
VI. b. 1.	Stundakennsla	—	4145.00		
2.	Eldiviður og ljós	—	366.94		
3.	Bókakaup og áhöld	—	758.13		
5.	Til viðhalds	—	104.96		
6.	Ýmisleg gjöld	—	124.97		
VII. b. 1.	Til stundakennslu	—	996.00		
4.	Ýmisleg gjöld	—	131.31		
VIII. b. 1.	Til stundakennslu	—	1235.00		
4.	Ræsting	—	48.00		
5.	Prófhald	—	35.47		
6.	Ýmis gjöld	—	88.69		
		Flyt	kr.	85220.84	kr. 1565345.17

		Flutt	kr.	85220.84	kr. 1565345.17
IX.	1. c. 1.	Til verklegs náms	—	188.00	
	2.	Til kennsluáhalda	—	67.18	
	2. c. 1.	Til verklegs náms	—	768.80	
	3.	Eldiviður og ljós	—	1216.99	
	4.	Ýmisleg gjöld	—	77.14	
X.	e.	Styrkur til framhaldsnáms	—	100.00	
XIII.	3.	Til farkennslu og eftirlits	—	232.50	
XIV.	1. c. 1.	Til kennsluáhalda	—	43.29	
	3.	Ýmisleg gjöld	—	1410.13	
	4.	Viðhald	—	1808.15	
	2.	Til héraðsskóla	—	4430.00	
XVI.		Til kennslu heyrnar- og málleysingja	—	9051.44	
XVII.		Til Blindravinafélags Íslands	—	559.25	
XVIII.	3.	Til sundkennslu annarsstaðar	—	200.00	
					kr. 105373.71

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

Til vísinda, bókmennta og lista:

1.	c.	Til aðstoðar	kr.	400.00
	d.	Til að kaupa bækur o. fl.	—	47.35
	g.	Ritaukaskrá	—	213.40
	j.	Ýmisleg gjöld	—	250.00
2.	b.	Til bókbands o. fl.	—	518.65
3.	c.	Til að útvega forngripi	—	500.00
4.	a.	Náttúrufræðifél.: Tillag	—	400.00
5.	b.	Til viðhalds og áhalda	—	3947.74
29.		Til Sigurðar Nordals próf.	—	306.67
41.		Ferðastyrkur til útlanda	—	5909.68
				kr. 12493.49

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

Til verklegra fyrirtækja:

9.		Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð	—	13018.50
15.		Til rannsóknarstofu í þágu atvinnuvega	—	600.00
16.		Til fjárkláðalækninga	—	10764.77
18.	b.	Til aðstoðar	—	1880.30
	c.	Til veðurathugunar o. fl.	—	346.80
	d.	Til veðurskeyta o. fl.	—	397.20
	f.	Húsaleiga, ljós og hiti	—	777.96
22.	d.	Ferðakostnaður yfirmatsmanna	—	4086.23
23.	b.	Skrifstofukostnaður	—	1700.90
		Flyt	kr.	33572.66 kr. 1683212.37

		Flutt	kr. 33572.66	kr.	1683212.37
	c. Ferðakostnaður	—	2472.22		
24.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndum	—	7205.89		
44.	b. Skrifstofukostnaður	—	7180.37		
				kr.	50431.14

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

Til almennrar styrktarstarfsemi:

3.	Styrkur til sjúkrasamlaga	kr.	9115.68		
8.	Til að hjálpa nauðstöddum Ísl. erlendis	—	2145.46		
10.	Tillag til ellistyrktarsjóða	—	3771.00		
				kr.	15032.14

11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

Óviss útgjöld	kr.	194641.78

12. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 24. gr. er veitt:

C. Þingsályktanir	—	73894.33
	Samtals kr.	2017211.76

Ástæður

fyrir frumvarpi þessu eru í landsreikningnum 1933, athugasemdum yfirskoðunarmanna og svörum ráðherra við þeim athugasemdum.

Nd. 413. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931 [Útflutningsgjald af síld o. fl.].

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á sama hátt má endurgreiða innflutningstoll af sykri, sem notaður er við verkun þorskhrogna (gotu) til útflutnings, enda sé sannað með vottorði fiskimatsmanns, um hve mikið sykurmagn sé að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðustu árin hefir verið flutt héðan á erlendan markað töluvert af sykursöltuðum þorskhrognum. Eru þau notuð til manneldis og aðallega seld til

Sviþjóðar. Hrogn með þessari verkun eru seld í harðri samkeppni við samskonar vöru frá Noregi. Til þess að geta staðizt þessa samkeppni er nauðsynlegt fyrir útflytjendur að fá sykurtollinn endurgreiddan, enda er það í fullu samræmi við það, að tollur af sykri, sem notaður er við kryddsöltun á síld, fæst endurgreiddur.

Nd. 414. Breytingartillögur

við frumv. til l. um breytingar á l. nr. 55 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 3. gr. Greinin falli niður.
4. Við 4. gr. Greinin verði 1. gr.
5. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um afnám laga nr. 52 1933 og laga nr. 15 1935 [Dragnótaveiðar í landhelgi].

Sþ. 415. Tillaga til þingsályktunar

um landhelgisgæzlu.

Frá fjárveitinganefnd.

Sameinað Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að leita fyrir sér innanlands og utan um, hvaða tilboð væri hægt að fá í:

a. varðskipið Óðin,
b. varðskipið Þór,

og leggja síðan árangurinn fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Á öndverðu þessu þingi var samþykkt þingsályktunartillaga, þar sem stjórninni var falið að fela forstöðumanni Skipaútgerðar ríkisins, Slysavarnafélags Íslands, Skipaskoðunar ríkisins og Fiskifélags Íslands að gera tillögur um framtíðarskipulag landhelgisgæzlunnar, með hliðsjón af því, að björgunarstarfsemin yrði að meira eða minna leyti sameinuð landhelgisgæzlunni. Tillögur þessarar nefndar liggja nú fyrir þinginu, og ganga þær í þá átt að færa landhelgisgæzluna í það horf, að hún verði framkvæmd af fleiri skipum og staðbundnari en hún nú er og að við gæzluna séu að miklu leyti notaðir vopnaðir hraðskreiðir vélbátar. Alþingi tekur nú að sjálfsögðu ákvörðun um tilhögun landhelgisgæzlunnar. Telur nefndin, að heppilegt sé, að fyrir liggi upplýsingar um það, áður en slík ákvörðun verður tekin, hvort hægt sé að selja þessi skip fyrir viðunandi verð. Af þessum ástæðum er tillagan fram borin, en um breytingar þær á landhelgisgæzlunni, sem getið er um hér að framan, hafa einstakir nefndarmenn enga ákvörðun tekið.

Nd. **416. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Á eftir næstsíðustu málsgr. 1. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur skyldað eigendur fiskgeymslu- og fiskverkunarhúsa til þess að hreinsa húsin og fiskverkunaráhöld árlega úr gerlaeyðandi efnum. Ríkið leggur þá til hið gerlaeyðandi efni, en húseigendur kosta hreinsunina að öðru leyti. Yfirfiskimatsmenn leiðbeini við hreinsunina og hafi eftirlit með henni.

2. gr.

3., 4. og 5. málsgr. 2. gr. laganna falli niður. Í þeirra stað komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Til þess að tryggja sem bezt samræmi fiskimatsins í landinu skal fiskimatsstjóri halda fundi með yfirfiskimatsmönnum svo oft sem þurfa þykir. Auk þeirra skal fiskifulltrúi Íslands á Spáni sækja fundi þessa, þegar því verður við komið, og láta í té aðstoð sína.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. tilmælum atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, eftir tillögum fiskimatsstjóra, en þó með nokkrum breytingum frá því, sem hann lagði til.

Frá fiskimatsstjóra fylgdu frv. svo hljóðandi athugasemdir:

„Nýlega afstaðinn fundur yfirfiskimatsmanna hefir samþykkt ályktun um, að fyrirskipuð sé með lögum árleg hreinsun fiskgeymsluhúsa og áhalda við fiskverkun. Hin síðari ár hefir jarðslagi í fiski ágerzt svo mjög, að fyllsta ástæða er til að hefta þessa plágu svo sem mögulegt er. Það er þó ekki fyllilega rannsakað, hvort árleg hreinsun húsa og áhalda verði að fullu gagni, og því er ætlazt til, að ríkisstjórnin fái heimild til þessarar ráðstöfunar, ef nánari rannsókn leiðir það í ljós, að hún komi að verulegu haldi.

Aldrei hefir verið meiri ástæða en nú til þess að halda fast í þá útlendu markaði fyrir fisk, sem við höfum haft fram að þessu, og finna nýja möguleika til sölu. Nú hafa að undanförnu komið kvartanir yfir íslenzkum fiski og markaðurinn þrengzt. Er því viðbúið, að gera þurfi ýmsar ráðstafanir til þess að tryggja betur matið og greiða fyrir fisksölunni erlendis. Fiskimatslögin frá 8. sept. 1931 eru samin áður en bar á viðskiptahömlum þeim, sem nú eru upp teknar í markaðslöndunum. Því þykir nú rétt, að bætt sé inn í lögin heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana, sem ekki þóttu nauðsynlegar þegar lögin voru samin, en geta nú verið aðkallandi til þess að halda betur markaðnum eða auka hann. Að þessu lýtur síðari hluti viðaukans við 1. gr.

Breyting sú á 2. gr. fiskimatslaganna, sem hér er gerð, er afleiðing af því, að nú er skipaður fiskimatsstjóri samkv. lögum frá síðasta Alþingi. Í þeim er svo ákveðið, að hann skeri úr öllum ágreiningi um fiskimat. Virðast því 3. og 4. mgr. 2. gr. í fiskimatslögunum þar með úr gildi felldar, enda hafa ákvæði þau, er þær fjalla um, aldrei komið til framkvæmda og sjávarútvegsnefndir þingsins ekki heldur kosið fulltrúa þann, sem gert er ráð fyrir, að þær velji".

Ed. 417. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir athugað frv., og leggur meiri hl. hennar til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 23. okt. 1935.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. — Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Ed. 418. Nefndarálit

um frv. til laga um varnir gegn vörusvikum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og rætt það á nokkrum fundum. Öll er nefndin sammála um nauðsyn lagasetningar í þessa átt, en nokkur skoðanamunur var um, hversu langt skyldi ganga í þessu. Þó varð það að samkomulagi að leggja til að samþykkja frv. með lítilfjörlegum breytingum.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 6. gr. 3. Orðið „er" falli burt.
2. Við 7. gr. 2. málsgr. Orðin „að hlutaðeigendum skuli skylt" í 2. málsl. falli burt.
3. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Nú er niðurstaða dóms samkvæmt 11. gr. talin varða almenning, og skal heilbrigðisstjórnin þá birta hana opinberlega.
4. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til laga um eftirlit með vörum.

Alþingi, 23. okt. 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson, form. — Ingvar Pálmason, fundaskrifari. — Magnús Guðmundsson, frsm.

Þorsteinn Briem. — Páll Hermannsson.

Nd. **419. Frumvarp til laga**

um garðyrkjuskóla ríkisins.

Flm.: Sigurður Einarsson, Emil Jónsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Stofna skal garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi.

2. gr.

Ríkið leggur skólanum til 8—10 ha. af landi, nægan jarðhita til upphitunar á húsum, gróðrarskálum og vermireitum, svo og allar byggingar og gróðrarskála, sem þar eru nú og heyra til Reykjabúinu. Ríkið sér einnig um endurbætur á þessum byggingum, eftir því sem þörf krefur.

3. gr.

Garðyrðjuskólinn skal rekinn á kostnað ríkisins, enda fær það þær tekjur, sem garðyrkjan eða annar rekstur kann að gefa af sér.

4. gr.

Í garðyrkjuskólanum skal fara fram kennsla í garðyrkju. Kennslan sé bæði verkleg og bókleg. Námstíma, námsgreinar, tilhögun kennslu og prófa skal ákveða með reglugerð.

5. gr.

Í garðyrkjuskólanum skulu framkvæmdar ýmsar tilraunir með garðyrkju og ræktun í gróðurskálum.

6. gr.

Við garðyrkjuskólann skal skipaður forstöðumaður og honum fengin aðstoð við kennslu og annan rekstur búsins eftir þörfum. Launakjör fastra starfsmanna skulu vera í samræmi við launakjör kennara bændaskólanna.

7. gr.

Forstöðumaður hefir aðalumsjón með skólanum og sér um allar framkvæmdir og tilraunir, svo og kennslu. Hann hefir og á hendi allt reikningshald skólans.

8. gr.

Nemendur fá í skólanum ókeypis kennslu, húsnæði og fæði.

9. gr.

Kennslumálaráðuneytið hefir á hendi yfirstjórn garðyrkjuskólans og gefur út reglugerð um hann.

10. gr.

Kostnaður við stofnun garðyrkjuskólans samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal skólinn taka til starfa haustið 1936.

Greinargerð.

Það má öllum ljóst vera, að brýn þörf er á að auka garðyrkju vora. Vér notum árlega minna af garðávöxtum en nokkur nágrannaþjóð vor, þrátt fyrir það, þó vér síðasta áratug höfum keypt að ýmiskonar garðávexti fyrir rúma ½ millj. króna árlega. Væri þó mjög auðvelt að auka svo ræktun vora hérlendis, að fullnægt yrði eftirspurn og neyzluþörf landsmanna.

Jarðeplanotkun vor er um 50 kg. á mann. Norðmenn nota um 200 kg. og Þjóðverjar allt að 500 kg. Af öðrum garðávöxtum notum vér sáralítið.

Þetta þarf að breytast. Vér þurfum að verða sjálfbjarga með garðávexti, og vér þurfum að nota a. m. k. þrefalt meira af þeim en vér gerum nú. Til þess að svo megi verða, þarf að gera ýtarlegar tilraunir með ræktun ýmsra garðávaxta, og jafnframt sjá um, að menn geti fengið nytsama fræðslu og verkkunnáttu í þessum efnum. Eins og nú standa sakir er þetta mjög af skornum skammti. Að vísu geta menn fengið nokkra fræðslu með því að dvelja tímakorn á garðyrkjustöðvunum í Reykjavík, Laugarvatni, Reykjum í Mosfellssveit eða hjá Ræktunarfélagi Norðurlands, en þetta er ófullnægjandi. Til þess að menn geti fengið haldgóða þekkingu á garðrækt, er nauðsynlegt, að komið sé upp garðyrkjuskóla, þar sem menn geti lært allt, er að garðyrkju lýtur, bæði bóklegt og verklegt.

Á Reykjum í Ölfusi er góð aðstaða til að koma upp þessum skóla. Húsnæði er þar allgott, og þarf litlu við að bæta. Land er þar þegar brotið til garðyrkju og gróðurhús eru þar mikil. Starfræksla ríkisins á Reykjum myndi eigi á neinn hátt koma að almennari notum en þennan. Hérlendis eru víðsvegar miklir möguleikar til aukinnar garðyrkju, aðeins ef hún er stunduð með alúð og þekkingu.

Með notkun jarðhitans í gróðrarskálum og vermireitum opnast nýir garðyrkjumöguleikar, og mætti því árlega spara mikið af innflutningi allskonar grænmetis og garðávaxta, ef garðyrkja vor kæmist í viðunanlegt horf, og að því ber að keppa.

Sþ. 420. Breytingartillaga

við till. til þál. um landhelgisgæzlu.

Frá Páli Þorbjörnssyni.

Stafl. b. falli burt.

Nd. **421. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Flutningsmenn: Jóhann Þ. Jósefsson, Emil Jónsson, Bjarni Ásgeirsson, Jónas Guðmundsson, Eiríkur Einarsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Heimilt skal sýslunefndum og bæjarstjórnum að ákveða það lýðskólafyrirkomulag innan sýslu- eða bæjarfélagsins, að allir ungir menn verkfærir á aldrinum 18 ára vinni kauplaust líkamleg störf í þarfir síns sýslu- eða bæjarfélags, þar sem þeir eiga heimili, 7 vikur að vorlagi, gegn ókeypis húsavist og kennslu við verklegt og bóklegt nám í skóla í 6 mánaða tíma næsta vetur eftir að vinnan hefir farið fram.

Þó skulu undanþegnir skylduvinnu allir þeir, er innan 18 ára aldurs hafa tekið próf í héraðsskóla í annari sýslu. Sömuleiðis allir þeir, er stundað hafa nám innan 18 ára í gagnfræðaskólum eða menntaskólum.

Heimilt skal og sýslu- og bæjarfélögum að ákveða samskonar skólafyrirkomulag fyrir ungar stúlkur á aldrinum 18 ára, með öllum hinum sömu skyldum og réttindum og ákveðið er í lögum þessum, að skuli gilda fyrir pilta.

Þó skal ekki byggja skóla fyrir stúlkur í neinu sýslu- eða bæjarfélagi fyrr en reynsla nokkur er fengin af piltaskóla í sama héraði.

2. gr.

Nú lízt meiri hluta sýslunefndar eða bæjarstjórnar að starfrækja lýðskóla með slíku fyrirkomulagi fyrir karlmenn, og skal það þá með leynilegri atkvæðagreiðslu borið undir alla kjósendur til sýslunefndar eða bæjarstjórnar, og skal um atkvæðagreiðsluna fara á sama hátt og segir í lögum um kosningar til Alþingis.

3. gr.

Ef $\frac{2}{3}$ hlutar allra kosningabærra manna í sýslunni eða bænum samþykkja starfrækslu lýðskóla með slíku fyrirkomulagi, þá skal fullkomið skólahús, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, af þeirri stærð, er áætlað nemendatal í sýslunni eða bæjarfélaginu útheimtir, byggt á kostnað ríkissjóðs á þeim stað, er viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveður og yfirstjórn fræðslumála getur fallizt á.

4. gr.

Hætti sýslu- eða bæjarfélag að starfrækja skóla með þessu fyrirkomulagi áður en 40 ár eru liðin frá þeim tíma, að skólahúsið var fullgert, skal sýslu- eða bæjarfélag endurgreiða til ríkissjóðs byggingarkostnaðinn á 40 árum. Þó skal dragast frá $\frac{1}{40}$ hluti þess fjár fyrir hvert ár, sem skólinn hefir verið starfræktur samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Með reglugerð, er viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn semur og samþykkir og yfirstjórn fræðslumála staðfestir, skal ákveða stjórn, tilhögun vinnunnar og skólans.

Þar má setja ákvæði um undanþágu að því er aldurstakmark nemenda snertir, svo og sektarákvæði gagnvart þeim, sem eru þess valdandi, að nemandi kemur eigi til skólavinnunnar, þegar hann er kallaður.

Skulu sektirnar renna í sýslu- eða bæjarsjóð.

Loks má í reglugerð setja ákvæði um það, að þann tíma skólaársins, er vinnan og skólinn stendur eigi yfir, sé hverjum nemanda heimilt að leita sér atvinnu þar, sem hann vill, án þess að leysa lausamennskuleyfi, og sömuleiðis ákvæði um það, að ef einhver nemandi vill eigi nota rétt sinn til skólans, þá standi plássið hverjum þeim opið, er stunda vill nám í skólanum lengur en einn vetur.

Greinargerð.

Um ástæður fyrir frv. þessu er vísað til greinargerðar fyrir svipuðu frumvarpi í Alþt. 1933, 4. hefti A-deildar, þskj. 224. Einstakir flutningsmenn hafa óbundna afstöðu um nokkur atriði frv.

Nd. 422. Frumvarp til laga

um búreikningaskrifstofu ríkisins.

Flm.: Jón Sigurðsson, Bjarni Ásgeirsson, Hannes Jónsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Stofna skal og starfrækja búreikningaskrifstofu við bændaskólann á Hvanneyri, undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands. Forstöðumaður skrifstofunnar skal vera einn af föstum kennurum skólans.

2. gr.

Laun forstöðumanns eru 2000 kr. á ári, er greiðist úr ríkissjóði, en um aðstoð og annan kostnað fer eftir því, er fjárlög ákveða.

3. gr.

Hlutverk búreikningaskrifstofunnar er:

1. Að stuðla að því, að sem flestir bændur haldi glögga búreikninga og leiðbeina um færslu þeirra, eftir því sem við verður komið.
2. Að safna búreikningum víðsvegar af landinu, bæði frá einstökum bændum og búreikningafélögum, með það fyrir augum að fá sem réttasta mynd af búrekstri bænda yfirleitt og jafnframt af einstökum greinum landbúnaðarins.
3. Að gera upp búreikninga, er skrifstofunni berast, hlutaðeigendum að kostn-

aðarlausu, og vinna úr þeim hagfræðilegar upplýsingar um öll svið landbúnaðarins, eftir því sem efni standa til. Birta skal skrifstofan yfirlitsskýrslu um niðurstöður sínar fyrir hvert ár svo fljótt sem við verður komið.
4. Að gefa út aðgengileg eyðublöð fyrir búreikninga með glöggum skýringum.
5. Að gangast fyrir búreikninganámskeiðum til að leiðbeina bændum og starfsmönnum búreikningafélaga með færslu búreikninga.
6. Að vera ríkisstjórninni til aðstoðar með hagfræðilega útreikninga og skýringar á sviði landbúnaðarins, ef hún óskar þess.

4. gr.

Bændaskólum og öðrum ríkisstofnunum, er reka landbúnað, er skylt að færa búreikninga yfir búreksturinn eftir þeim fyrirmyndum, er búreikningaskrifstofan segir fyrir um. Búreikninga þessa eða afrit af þeim skal senda búreikningaskrifstofunni eftir lok hvers reikningsárs. Sama gildir um stofnanir eða fyrirtæki, er reka landbúnað með beinum styrk af opinberu fé.

5. gr.

Heimilt er búreikningaskrifstofunni að endursenda til leiðréttingar þá búreikninga, sem skylt er að senda skrifstofunni og henni þykir ófullnægjandi, og heimta frekari upplýsingar, með þeim viðurlögum, er lög greina um vanrækslu í því að inna af hendi lögmæt skýrsluskil.

6. gr.

Forstöðumanni búreikningaskrifstofunnar og öðrum starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að sökum starfa síns um efnahag eða tekjur einstakra manna eða stofnana.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frv. er að stuðla að því, að sem flestir bændur haldi búreikninga og að úr þeim verði unninn fróðleikur, er geti að gagni komið þeim, er landbúnað stunda eða fjalla um hans mál. Það er nú almennt viðurkennt, að búreikningar hafa mjög mikla þýðingu fyrir bændur og landbúnaðinn í heild. Þeir eru mikilsverð leiðbeining fyrir bændur í starfi þeirra, þeir gera þeim aðvart, þegar einhver búgrein hættir að bera sig fjárhagslega, og leiðbeina, á hvern hátt er hægt að reka búskapinn á hagfræðilega réttan hátt. Búreikningar eru ennfremur ómissandi vegna kennslu við bændaskólana sem undirstaða undir innlendri búnaðarhagfræði. Á sama hátt eru þeir nauðsynlegir vegna margvíslegra ráðstafana þess opinbera á ýmsum sviðum landbúnaðarins. Búreikningar eru á þeim sviðum álíka nauðsynleg undirstaða eins og t. d. innflutnings- og útflutningsskýrslurnar vegna gjaldeyrisráðstafananna, til þess að geta gert sér grein fyrir viðskiptum þjóðarinnar við útlönd.

Allir viðurkenna, að hagstofan sé nauðsynleg stofnun. Búreikningaskrifstofan er að ýmsu leyti hliðstæð hagstofunni, þótt verkefni hennar sé annað

og takmarkaðra, enda hafa nálega allar menningarþjóðir komið á hjá sér slíkum skrifstofum.

Búnaðarfélag Íslands hefir 2 síðastliðin ár styrkt Guðm. Jónsson kennara á Hvanneyri til þess að safna búreikningum og vinna úr þeim. Er yfirlitsskýrsla sú, er hann hefir gefið út um rannsóknir sínar, mjög athyglisverð, það sem hún nær.

Með frv. þessu er ætlazt til, að þessum málum verði komið í fastar og ákveðnar skorður.

Til þess að tryggja, að búreikningaskrifstofan fái næga búreikninga og verði ávallt í nánu sambandi við bændur víðsvegar á landinu, er lagt til, að skrifstofan verði á Hvanneyri og að einn af kennurum skólans verði forstöðumaður hennar.

Að því er snertir fjárhagshlið málsins verður slíkri skrifstofu tæplega komið fyrir á ódýrari hátt fyrir ríkissjóð en lagt er til í þessu frv.

Ed. 423. Nefndarálit

um frv. til l. um bæjargjöld á Ísafirði o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Enda þótt ég viðurkenni, að þörf muni vera á því fyrir Ísafjarðarkaupstað að afla sér aukinna tekna, hefi ég ekki getað fallizt á að mæla með samþykkt þessa frumvarps, vegna augljósra galla, sem á því eru.

Í frv. eru tvö aðalatriði.

1. Farið er fram á að breyta gamla lóðagjaldinu, sem miðað er við flatarmál, í lóðagjald eftir mati, svo og að leggja fasteignagjald á hús o. fl. En gjald þetta á að vera mismunandi og ekki miðast við matsverð eignarinnar aðeins, heldur einnig við notkun eignarinnar, íbúafjölda í húsum o. s. frv., eftir fyrirmælum í reglugerð. Hér er því ekki nema að nokkru leyti um fasteignagjald að ræða, heldur er einnig blandað inn í það nokkurskonar álagningu „eftir efnum og ástæðum“. Má sýna á þessu fjölda missmíða, þó að það verði ekki hér gert.

2. Farið er fram á, að bærinn megi taka einkarétt til upp- og framskipunar á vörum úr skipum, er við bryggjur bæjarins leggjast. — Hér er um raunverulegan einkarétt á svo að segja allri uppskipun að ræða. Virðist þá vera lagt á nokkurskonar vörugjald til bæjarins, aðeins í mjög óaðgengilegu formi, og upphæð þess lögð að mestu á vald bæjarstjórnar, þrátt fyrir mjög veik ummæli 5. gr. um hámarkstaxta, sem á að „miða við“ meðaltal 3 síðustu ára, „nema um verulega kaupgjaldsbreytingu sé að ræða“.

Mér virðist ekki auðvelt að bæta úr göllum frumvarpsins nema það verði raunverulega nýtt frá rótum, og legg því til, að það verði ekki samþykkt.

Alþingi, 24. okt. 1935.

Magnús Jónsson.

Ed. 424. Breytingartillögur

við frumv. til l. um bæjargjöld á Ísafirði o. fl.

Flutningsmaður: Jón Auðunn Jónsson.

1. Við 2. gr. Greinin hljóði þannig:
   Gjaldið, sem nefnist fasteignagjald, skal miðað við fasteignamat og vera sem hér segir:
   a) Af öllum húsum, úr hvaða efni sem þau eru og til hvers sem þau eru notuð, 0,5—1%.
   b) Af öllum lóðum, byggðum og óbyggðum, sem bæjarstjórn hefir ekki með sérstökum samningi eða samþykkt ætlað til annara afnota en byggingarlóða, 0,4—0,8%.
   c) Af öllum lóðum og löndum, sem með sérstökum samningi við bæjarstjórn eða samþykkt hennar eru ætlaðar til ræktunar, fiskverkunar eða annara hliðstæðra afnota og ekki eru byggingarlóðir, 0,1—0,2%.
   Eftir að lög þessi koma til framkvæmda annast bærinn, húseigendum að kostnaðarlausu, sóthreinsun og ráðstafanir til útrýmingar rottum og varnir gegn eldsvoða.
2. Við 3. gr. Fyrir „öðrum kröfum“ kemur: veðkröfum.

Ed. 425. Nefndarálit

um frv. til l. um loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Á þinginu 1934 báru 2. þm. S.-M. og 4. þm. Reykv. fram frumvarp um loftskeytastöðvar *á flutningaskipum*. Efri deild gerði nokkrar breytingar á frv., og munu flm. ekki hafa óskað, að það gengi fram í þeirri mynd, sem deildin þá samþykkti, og réðu því, að málið dagaði uppi.

Nú hafa sömu menn borið fram nýtt frv. (þskj. 38) og fara fram á, að nálega öll skip, sem sigla milli landa, og öll farþegaskip 200 rúml. eða stærri, sem sigla meðfram ströndum landsins, verði með lögum skylduð til að hafa loftskeytastöð og að slíkar loftskeytastöðvar séu *fullkomlega starfræktar*. Með ákvæðinu um *fullkomna starfrækslu* mun vera ætlazt til, að fastur loftskeytamaður sé ráðinn á hvert þeirra skipa, sem skyldu hefði til þess að hafa loftskeytastöð.

Ég hefi átt tal við ýmsa hina reyndustu sjómenn og farmenn, og telja þeir, nálega undantekningarlaust, að hljóðdýptarmælir í skipi veiti sjófarendum ólíkt meira öryggi en loftskeytastöð. Fylgiskjal I með greinargerð frv. bendir ótvírætt í sömu átt. Í öllum þar tilfærðum tilfellum nema einu hefði dýptarmælir komið í veg fyrir ströndun skipanna, og í öllum þessum tilfellum hefði talskeytastöð í skipunum gert sama gagn og loftskeytastöð.

Það er þá sannað með eigin rökum frumv.flytjenda, að dýptarmælir (hraðdýptarmælir væri betra orð) veitir stórum meira öryggi en loftskeytastöð, og að flutningsm. frv. hafa lítt kynnt sér þetta mál frá öryggissjónarmiði sjófarenda.

Um kostnaðinn skal aðeins bent á nefndarálit á þskj. 253 1934. Þar er það sannað, að kaupgjald skipverja á ísl. flutningaskipunum er nál. 2000 kr. hærra á mánuði hverjum en á sambærilegum skipum Norðmanna. Að stofnkostnaður við loftskeytastöð í skipi er 6000—7000 krónur og árlegur rekstrarkostnaður loftskeytastöðvar í skipi, þar með talið kaup loftskeytamanns, er um 5000 krónur.

Það er vitanlegt, að við borð liggur að selja þau fjögur vöruflutningaskip, sem keypt hafa verið og starfrækt héðan síðustu árin, aftur út úr landinu, vegna þess að rekstur þeirra hefir gefið tap, og vissasta leiðin til þess að knýja eigendurna til sölu er að lögbjóða aukinn útgerðarkostnað.

Aðrar þjóðir, sem keppa við þennan aðþrengda stofn til innlendrar útgerðar, hafa engar slíkar skyldur. Jafnvel á farþegaskipum Norðmanna er engin skylda til þess að hafa sérstakan loftskeytamann, og á farþegaskipum Norðmanna, sem hingað sigla, er enginn loftskeytamaður, heldur annast stýrimaður rekstur loftskeytastöðvarinnar.

Nú um fleiri ára skeið hafa aðalatvinnuvegir landsmanna verið reknir með tapi. Þar af leiðandi færast atvinnuvegirnir saman, í stað þess að aukast í hlutfalli við fólksfjölgun. Afleiðingin er aukið atvinnuleysi.

Í stað þess að stuðla að auknum atvinnurekstri er með frv. þessu beinlínis stefnt að því að draga til muna úr þeim atvinnurekstri sérstaklega, sem tekið hefir atvinnu frá erlendum siglingaþjóðum, en með því er unnið tvöfalt ógagn: 1) atvinnuleysið aukið, og 2) kastað frá okkur erlendum gjaldeyri í flutningagjöldum. Þar sem flm. frv. virðast ekki vilja sætta sig við þá afgreiðslu, sem deildin samþ. á þinginu 1934, ber minni hl. ekki fram að svo stöddu till. til breytinga á frumvarpinu, en leggur til, að frv. verði felt.

Alþingi, 25. okt. 1935.

Jón Auðunn Jónsson.

Ed. 426. Frumvarp til laga

um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf, allt að 12 milljónum króna. Vaxtabréfunum má skipta í flokka, og nefnist sá þeirra, er fyrst kemur til framkvæmda, 11. flokkur veðdeildarinnar, og hinir í áframhaldandi töluröð þar á eftir. Fjármálaráðherra ákveður, hvenær hverjum

flokki skuli lokið, er stjórn Landsbankans hefir gert tillögur um það. Heimilt er, með samþykki fjármálaráðherra, að hafa 2 flokka með mismunandi vöxtum starfandi í senn. En eigi má hvor flokkur vera stærri en 5 milljónir króna.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabréf, er hljóða á handhafa (bankavaxtabréf), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabréfanna. Fjármálaráðherra og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabréfum en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabréfum.

3. gr.

Auk veðskuldabréfa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabréfum þessara flokka vera:

1. Varasjóður hvers flokks.
2. Sameiginleg ábyrgð lántakenda, er nemi allt að 10%, sbr. 8. gr.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggínganna 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Í reglugerð fyrir hvern flokk, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabréfunum og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fé fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hún rétt til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfa sig.

6. gr.

Fé veðdeildarflokkanna má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, en gegn veði í húseignum því aðeins, að þær séu vátryggðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda.

Lánsupphæð má ekki fara fram úr $^3/_5$ af virðingarverði fasteignarinnar.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildarflokkarnir taka að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð fyrir flokkana. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna

til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn sú, er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minnsta kosti á hverjum fimm ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skírteini, sem bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skírteini, má stjórn bankans láta skoðunargerð af innanhéraðsmönnum fram fara á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarflokkanna skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar hvers flokksins, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar. Skal í reglugerð deildarinnar ákveða, hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrétti. Minnsta lán skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má vera allt að 40 árum, sé veðið jarðeign eða vandað steinsteypuhús eða steinhús, og allt að 30 árum, sé veðið vandað timburhús.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rétt til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabréfunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, og verðfall.

Veðdeildin hefir þó jafnan rétt til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir þau, að frádregnum öllum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabréfa þessara flokka fyrirfram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki fjármálaráðherra söluverðið.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins um leið og hann tekur lánið.

Þó er heimilt að ákveða í reglugerð, að lántökugjaldið greiðist í tvennu eða fernu lagi.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskipti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

Verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi þegar um leið og kaupin gerast tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin.

12. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að sér greiðslu á láni úr þessum flokkum, skal hann leita samþykkis landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hinn

nýi kaupandi taki lánið að sér, skal hann innan sex mánaða frá kaupdegi sanna eignarrétt sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sér.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefir undirgengizt. En ef ákvæðisgjöld hans verða ekki greidd á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátryggðum húseignum, er að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfum veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sér, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við þessa flokka og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við flokkana og til varasjóðs er ½% á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó svo, að ávallt standi á 100 krónum, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabréfum hlutaðeigandi flokks, eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sé veðdeildarflokknum að skaðlausu.

15. gr.

Heimilt er í reglugerð að ákveða dráttarvexti á afborgunum og vöxtum, sem ekki greiðast á gjalddaga.

16. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabréf þau, er hlutaðeigandi veðdeildarflokkur hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir fram farið, skal auglýsa með níu mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð veðdeildarflokkanna. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl.

17. gr.

Eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því. Sama rétt hafa handhafar bréfanna, þótt eigi séu eigendur.

18. gr.

Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð hlutaðeigandi veðdeildarflokks, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

19. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í samsvarandi auglýsingablöðum erlendis, þar sem ætla má, að bréfin séu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. — Um ógilding annara bankavaxtabréfa fer eftir almennum lögum.

20. gr.

Bankavaxtabréf þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu deildarinnar, og svo skal við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

21. gr.

Vaxtamiða og vaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugerð veðdeildarflokkanna skal ákveða, á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga.

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. — Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

23. gr.

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabréf þessara veðdeildarflokka, en þó eigi hærra verði en skráðu gangverði, og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er.

24. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka, er stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánsstofnana, sem stofnsettar verða til að halda áfram veðlánastarfseminni eftir að lokið er síðasta flokki samkvæmt þessum lögum. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttrar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefir þaðan aflazt.

25. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka.

26. gr.

Lög þessi ganga í gildi nú þegar.

Greinargerð.

Fjármálaráðherra hefir beðið nefndina að flytja frv. þetta, en honum hafði aftur borizt um þetta erindi frá stjórn Landsbanka Íslands. Nefndin flytur frv. óbreytt.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta er í samræmi við lög nr. 60 frá 7. maí 1928, með síðari breytingum, er gerðar voru með lögum nr. 44 frá 8. sept. 1931, með þeim undantekningum, er hér segir:

Ríkissjóðstillag, sem ákveðið er í síðustu málsgrein 1. gr. í lögunum frá 1928, er látið falla niður samkvæmt frumv. þessu, og með tilliti til þess eru ákvæði um hámark stjórnar- og rekstrarkostnaðar hinna nýju veðdeildarflokka, sem ræðir um í 26. gr. laganna frá 1928, hér felld niður.

Ennfremur er heimild þeirri, er 25. gr. l. frá 1928 veitir ríkisstjórninni til lántöku vegna kaupa á bankavaxtabréfum veðdeildarinnar, sleppt í lagafrumv. þessu.“

Ed. **427. Frumvarp til laga**

um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, allskonar eldvopnum og hlutum og efni í þau.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Dómsmálaráðherra skal heimilt að ákveða með reglugerð, hverskonar skotvopn, skotfæri og eldvopn skuli flutt til landsins og seld almenningi, um álagning á þau, svo og hvernig fara skuli með birgðir þær af skotvopnum, skotfærum, hlutum og efni í þau, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu. Í reglugerðinni skal ennfremur kveðið á um heimild manna til að hafa vopn í vörzlum sínum, og skulu þau ákvæði einnig ná til þeirra vopna, skotfæra, eldvopna o. s. frv., sem eru í vörzlum einstaklinga, félaga og firma við gildistöku laga þessara.

2. gr.

Þeim einum skal veitt heimild til þess að hafa vopn í vörzlum sínum, er sýna skilríki fyrir því, að þeim sé það nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar.

Halda skal skrá yfir þá menn, er leyft hefir verið að hafa vopn í vörzlum sínum, og um það, hverskonar vopn þeim hefir verið leyft að hafa.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, varða allt að 10000 kr. sekt, ef eigi liggur við þyngri refsing eftir öðrum lögum. Auk þess skulu vopn þau og skotfæri, sem inn eru flutt eða eru í vörzlu manna í heimildarleysi, gerð upptæk og andvirði þeirra renna í ríkissjóð.

4. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk dómsmálaráðherra. Um einstök atriði frv. hafa nefndarmenn óbundið atkvæði.

Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

„Það mun nú vart finnast það ríki, sem ekki lætur vopnagerð, vopnasölu og vopnaburð til sín taka að einhverju leyti, enda er þeirri stefnu að vaxa fylgi í flestum löndum, að ríkisstjórnum beri að hafa sem sterkasta íhlutun um þessi mál. Það þykir eðlilegt, að ríkisstjórnin hér á landi hafi hönd í bagga með vopnasölu og vopnaburði. Er þetta frumvarp af þessum sökum fram komið.“

Ed. **428. Frumvarp til laga**

um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Frá allsherjarnefnd.

I. KAFLI

Um samningsgerð.

1. gr.

Ákvæðum þessa kafla skal beita, ef eigi leiðir annað af löggerningnum sjálfum eða af verzlunartízku eða annari venju.

2. gr.

Hafi sá maður, sem boðizt hefir til að gera samning (tilboðsgjafi), krafizt svars innan ákveðins frests (samþykkisfrests), verður svar, sem tekur tilboðinu (samþykki), að vera komið til hans áður sá frestur sé liðinn.

Sé tilboð gert í bréfi, telst fresturinn frá þeim degi, er bréfið var dagsett. Sé tilboð gert í símskeyti, telst fresturinn frá þeirri stund, er skeytið var afhent á símastöð þess staðar, er það var sent frá.

3. gr.

Hafi sá maður, sem tilboð hefir gert í bréfi eða símskeyti, ekki kveðið á neinn samþykkisfrest, verður samþykkið að vera komið til hans áður en liðinn er sá tími, sem hann mátti ætla að til þess þyrfti, er hann gerði tilboðið. Sé eigi annað ljóst af atvikum málsins, skal frestur þessi reiknaður svo, að gert sé ráð fyrir, að tilboðið komi fram á réttum tíma, að gagnaðili hafi nægilegan tíma til umhugsunar, áður en hann svarar, og að svari hans seinki eigi á leiðinni. Sé tilboð gert í símskeyti, skal einnig svara því með símskeyti, ef svarið kemur eigi jafnsnemma fram með öðrum hætti.

Hafi tilboð verið gert munnlega og frestur eigi veittur til samþykkis, verður að samþykkja það þegar í stað.

4. gr.

Komi samþykki of seint fram, skal skoða það sem nýtt tilboð.

Þetta gildir þó ekki, ef sendandi samþykkisins ætlar, að samþykkið hafi komið fram í tæka tíð og tilboðsgjafa má vera það ljóst. Ef svo er, skal tilboðsgjafi skýra sendanda, án ástæðulausrar tafar, frá því, ef hann vill eigi taka samþykkinu. Að öðrum kosti telst samningur gerður.

5. gr.

Nú er tilboði hafnað, og skuldbindur það þá eigi tilboðsgjafa lengur, þótt samþykkisfrestur sé enn ekki liðinn.

6. gr.

Svar, sem felur í sér samþykki á tilboði, en vegna viðbótar, takmörkunar eða fyrirvara er í ósamræmi við það, skal skoða sem höfnun hins fyrra tilboðs og um leið sem nýtt tilboð.

Þetta gildir þó ekki, ef sendandi samþykkisins ætlar, að samþykkið sé í samræmi við tilboðið og tilboðsgjafa má vera það ljóst. Ef svo er, skal tilboðsgjafi skýra sendanda frá því, án ástæðulausrar tafar, ef hann vill eigi taka samþykkinu. Að öðrum kosti telst samningur gerður, þess efnis, sem í samþykkinu fólst.

7. gr.

Sé tilboð eða svar við tilboði kallað aftur, er afturköllunin gild, ef hún kom til gagnaðilja áður en eða samtímis því, að tilboðið eða svarið kom til vitundar hans.

8. gr.

Nú hefir tilboðsgjafi lýst því yfir, að hann muni skoða þögn gagnaðilja síns sem samþykki, eða að það er með öðrum hætti ljóst, að hann væntir ekki skýrra svara, og er gagnaðilja þó samt sem áður skylt að svara fyrirspurn um það, hvort hann vilji samþykkja tilboðið. Geri hann það ekki, er tilboðið fallið niður.

9. gr.

Hafi maður sett orðin „án skuldbindingar“, eða önnur orð sömu merkingar, í orðsendingu, sem að öðrum kosti mundi teljast tilboð, þá er sú orðsending eigi tilboð, heldur skal skoða hana sem áskorun um að gera tilboð, þess efnis, sem í orðsendingunni felst. Komi slíkt tilboð, innan sennilegs tíma, frá einhverjum, sem orðsendingunni hefir verið beint til, og sá, sem það tilboð fær, má ætla, að það sé gert vegna orðsendingarinnar, þá skal hann, án ástæðulausrar tafar, skýra tilboðsgjafa frá því, ef hann vill ekki taka tilboðinu. Að öðrum kosti telst hann hafa samþykkt það.

II. KAFLI

Um umboð.

10. gr.

Geri umboðsmaður löggerning í nafni umbjóðanda og innan takmarka umboðs síns, þá skapar sá löggerningur rétt og skyldu fyrir umbjóðanda, án þess, að frekari löggerningur, frá umboðsmanni eða umbjóðanda, þurfi til að koma.

Sé maður, samkvæmt samningi við annan mann, í stöðu, er eftir lögum eða venju felur í sér heimild til þess að reka erindi hins innan vissra takmarka, þá telst hann hafa umboð til þess að gera þá löggerninga, sem innan þeirra takmarka eru.

11. gr.

Hafi umboðsmaður, er hann gerði löggerning, brotið í bág við þau fyrirmæli, er umbjóðandi gaf honum, og hafi þriðja manni verið þetta ljóst eða

mátt vera það ljóst, þá er sá löggerningur ekki skuldbindandi fyrir umbjóðanda, enda þótt hann sé innan takmarka umboðsins.

Sama gildir, enda þótt þriðji maður sé grandlaus, ef um þau umboð er að ræða, sem getið er í 18. gr.

12. gr.

Nú vill umbjóðandi afturkalla eitthvert umboða þeirra, sem ræðir um í 13.—16. gr., og skal hann þá gæta þess, sem fyrir er mælt í greinum þessum, eftir því sem við á, og það eins, þótt hann hafi skýrt umboðsmanninum frá því, að umboðið skuli eigi lengur vera í gildi. Eigi fyrirmæli fleiri en einnar af greinum þessum við um sama umboð, skal þeirra allra gæta.

Hafi umboð verið kallað aftur með þeim hætti, sem segir í 13. gr., þá getur þriðji maður sá, er þá afturköllun fékk, eigi borið það fyrir sig, að umboðið hefði einnig átt að afturkalla með öðrum hætti.

13. gr.

Hafi umbjóðandi komið umboðinu til vitundar þriðja manns með yfirlýsingu, sem beint var til þess manns sérstaklega, þá er það umboð afturkallað, er sérstök yfirlýsing umbjóðanda, um að það skuli eigi gilda lengur, er komin til þess þriðja manns.

14. gr.

Umboð, sem umbjóðandi hefir birt í blöðum eða með öðrum álíka almennum hætti, verður afturkallað með yfirlýsingu, er birt sé með sama hætti og umboðið var birt.

Verði því eigi við komið, skal birta afturköllun umboðsins með öðrum álíka tryggilegum hætti. Ef umbjóðandi óskar þess, getur hann fengið fyrirmæli valdsmanns þess, er getur um í 17. gr., um það, hversu birtingu þessari skuli hagað.

Þinglýsing umboðs telst ekki almenn birting þess.

15. gr.

Umboð þau, sem ræðir um í 2. málsgr. 10. gr., teljast afturkölluð, er umboðsmaðurinn lætur af starfanum.

16. gr.

Skriflegt umboð, sem fengið er umboðsmanni í hendur, til þess að hann sýni það þriðja manni, er afturkallað, ef því, eftir kröfu umbjóðanda, er skilað honum aftur eða það er eyðilagt.

Umboðsmanni er skylt að skila umboðinu aftur, er umbjóðandi krefst þess.

17. gr.

Nú leiðir umbjóðandi líkur að því, að umboð, slíkt sem um er rætt í 16. gr., sé glatað eða að hann af öðrum ástæðum geti ekki fengið það aftur innan hæfilegs tíma, og má þá fá það lýst ógilt.

Beiðni um ógildingu skal senda héraðsdómara á lögheimili umbjóðanda eða á þeim stað, er umbjóðandi síðast átti lögheimili. Þyki dómara ástæða til þess að taka beiðnina til greina, gefur hann út úrskurð um, að umboðið skuli vera ógilt, þegar úrskurðurinn hefir verið birtur í Lögbirtingablaðinu einu sinni og liðinn er tiltekinn tími, sem eigi má vera lengri en 14 dagar frá þeirri birtingu. Dómarinn getur kveðið svo á í úrskurðinum, að hann skuli, auk birtingarinnar í Lögbirtingablaðinu, einnig birtur með öðrum hætti.

Úrskurði dómara samkvæmt grein þessari verður eigi áfrýjað til æðra dóms.

18. gr.

Umboð, sem felst aðeins í yfirlýsingu umbjóðanda til umboðsmannsins. verður afturkallað, er yfirlýsing umbjóðanda, um að umboðið skuli eigi gilda framar, er komin til umboðsmannsins.

19. gr.

Nú hefir umboð verið afturkallað eða lýst ógilt, en umbjóðandi hefir sérstaka ástæðu til að ætla, að umboðsmaður muni samt sem áður gera löggerning sín vegna við ákveðinn þriðja mann, sem umbjóðandi má ætla, að sé ókunnugt um, að umboðið er fallið úr gildi, og verður hann þá að skýra þriðja manni frá því, ef honum er það unnt. Að öðrum kosti verður löggerningurinn skuldbindandi fyrir hann, ef þriðji maður var grandlaus.

20. gr.

Nú hefir umboð hvorki verið afturkallað né lýst ógilt, en umbjóðandi hefir bannað umboðsmanninum að nota það eða á annan veg gefið til kynna, að hann vilji eigi, að umboðið sé lengur í gildi, og verður þá löggerningur, sem umboðsmaðurinn gerir samkvæmt því umboði, eigi skuldbindandi fyrir umbjóðanda, ef þriðja manni var þetta kunnugt eða honum mátti vera það kunnugt.

21. gr.

Andist umbjóðandi, heldur umboðið samt sem áður gildi sínu, nema sérstakar ástæður sýni, að það skuli falla úr gildi. Löggerningur, sem umboðsmaðurinn gerir samkvæmt umboðinu, verður þó jafnan gildur gagnvart dánarbúi umbjóðanda, ef þriðja manni var ókunnugt um andlát umbjóðanda og áhrif þess á heimild umboðsmannsins til að gera löggerninginn og eigi varð ætlazt til þess, að honum væri þetta kunnugt. Sé um þau umboð að ræða, sem getur um í 18. gr., er löggerningurinn þó því aðeins gildur, að umboðsmanninum hafi eigi heldur verið um þetta kunnugt eða mátt vera það.

Nú er dánarbú umbjóðanda tekið til opinberrar skiptameðferðar, og fellur þá umboðið úr gildi.

22. gr.

Hafi umbjóðandi verið sviptur lögræði, öðlast þriðji maður ekki frekari rétt á hendur honum, með löggerningi við umboðsmanninn, en hann hefði öðl-

azt, ef hann hefði gert gerninginn við umbjóðanda sjálfan. Þegar svo stendur á, að þriðji maður hefði eigi getað borið gerninginn fyrir sig gagnvart umbjóðanda, ef hann hefði vitað um lögræðissviptinguna eða mátt vera um hana kunnugt, þá getur hann eigi heldur borið gerninginn fyrir sig, ef umboðsmanninum var kunnugt um lögræðissviptinguna eða mátti vera um hana kunnugt, er hann gerði gerninginn, og um þau umboð var að ræða, sem getur um í 18. gr.

23. gr.

Hafi bú umbjóðanda verið tekið til gjaldþrotaskipta og öðlast þriðji maður þá ekki frekari rétt á hendur þrotabúinu, með löggerningi við umboðsmanninn, en hann hefði öðlazt, ef hann hefði gert gerninginn við þrotamanninn sjálfan. Hafi gerningurinn verið gerður samkvæmt umboði, sem ræðir um í 18. gr., getur þriðji maður eigi borið hann fyrir sig, hafi umboðsmanninum verið kunnugt um gjaldþrotin eða mátt vera um þau kunnugt, er hann gerði gerninginn.

24. gr.

Nú hefir umbjóðandi andazt, verið sviptur lögræði eða bú hans verið tekið til gjaldþrotaskipta, og getur þá umboðsmaður samt sem áður gert þá gerninga samkvæmt umboði sínu, sem nauðsynlegir eru til þess að verja búið eða umbjóðanda tjóni, fram til þess, að búið eða lögráðamaður umbjóðanda geta gert þær ráðstafanir, sem gera þarf.

25. gr.

Sá, sem kemur fram sem umboðsmaður annars manns, ábyrgist, að hann hafi nægilegt umboð. Sanni hann eigi, að hann hafi slíkt umboð eða að gerningur sá, sem hann gerði, hafi verið samþykktur af þeim manni, sem hann taldi sig hafa umboð frá, eða að gerningurinn af öðrum ástæðum sé skuldbindandi fyrir þann mann, skal hann bæta það tjón, sem þriðji maður verður fyrir við það, að gerningnum verður eigi beitt gegn þeim manni, sem sagður var vera umbjóðandi.

Þetta gildir þó eigi, ef þriðji maður vissi eða mátti vita, að sá maður, er gerninginn gerði, hafði eigi nægilegt umboð, né heldur, ef sá maður, sem gerninginn gerði, fór eftir umboði, sem var ógilt af ástæðum, sem honum var ókunnugt um og þriðji maður gat eigi búizt við, að honum væri kunnugt um.

26. gr.

Ákvæði þessa kafla um umboð til að gera löggerninga gilda einnig, eftir því sem við á, um umboð til að taka við löggerningum fyrir umbjóðanda hönd.

27. gr.

Um afturköllun prókúruumboðs, sem tilkynnt hefir verið til verzlunarskrár, fer eftir ákvæðum 7. og 32. gr. laga um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð frá 13. nóv. 1903. Hafi afturköllunin verið skrásett og birt með lögboðnum hætti, þarf umbjóðandi eigi einnig að kalla umboðið aftur með öðrum hætti.

III. KAFLI

Um ógilda löggerninga.

28. gr.

Hafi maður með ólögmætum hætti verið neyddur til að gera löggerning, og nauðungin er fólgin í líkamlegu ofbeldi eða hótunum um að beita því þegar í stað, þá er sá löggerningur eigi skuldbindandi fyrir þann mann, sem neyddur var.

Hafi þriðji maður beitt nauðunginni, en sá maður, sem löggerningnum var beint til, var grandlaus, og verður þá sá, sem neyddur var, ef hann vill bera nauðungina fyrir sig, að skýra honum frá því, án ástæðulausrar tafar, eftir að nauðunginni létti af. Að öðrum kosti er hann skuldbundinn samkvæmt löggerningnum.

29. gr.

Hafi maður með ólögmætum hætti neytt annan mann til að gera löggerning, og þó eigi beitt slíkri nauðung, sem ræðir um í 28. gr., þá er sá löggerningur eigi skuldbindandi fyrir þann, sem neyddur var, ef sá maður, sem tók við löggerningnum, hefir sjálfur beitt nauðunginni eða hann vissi eða mátti vita, að löggerningurinn var gerður vegna ólögmætrar nauðungar af hálfu annars manns.

30. gr.

Löggerningur skuldbindur eigi þann mann, sem gerði hann, ef hann var fenginn til þess með svikum, og sá maður, sem við löggerningnum tók, beitti sjálfur svikunum eða hann vissi eða mátti vita, að gerningurinn var gerður fyrir svik annars manns.

Hafi sá, sem tók við löggerningnum, sviksamlega skýrt rangt frá atvikum, sem ætla mátti að skiptu máli um löggerninginn, eða hann hefir sviksamlega þagað yfir slíkum atvikum, skal líta svo á, sem gerningurinn hafi verið gerður fyrir þau svik, nema það sannist, að þessi atriði hafi engin áhrif haft um það, að löggerningurinn var gerður.

31. gr.

Löggerningur, sem vegna misritunar eða annara mistaka af hálfu þess, er gerði hann, hefir orðið annars efnis en til var ætlazt, er ekki skuldbindandi fyrir þann, sem gerði hann, ef sá maður, sem löggerningnum var beint til, vissi eða mátti vita, að mistök höfðu átt sér stað.

Nú er löggerningur sendur í símskeyti og aflagast hann í meðförum símans, og er hann þá eigi skuldbindandi fyrir sendanda í þeirri mynd, sem hann kemur fram í, og það enda þótt móttakandi sé grandlaus.

Sama gildir, sé munnlegum löggerningi, sem boðbera er falið að skila, skilað röngum.

Eigi sendandi sök á mistökunum, skal honum skylt að bæta móttakanda það tjón, sem hann hefir orðið fyrir af þeim.

Nú fær sendandi vitneskju um mistökin, og skal hann þá, án ástæðulausrar tafar, skýra gagnaðilja frá því, ef hann ætlar að bera þau fyrir sig. Að öðrum kosti gildir löggerningurinn svo sem hann var, er hann kom til móttakanda, nema því aðeins, að móttakandi hafi vitað um mistökin eða mátt um þau vita.

32. gr.

Löggerning, sem ella myndi talinn gildur, getur sá maður, er við honum tók, eigi borið fyrir sig, ef það yrði talið óheiðarlegt, vegna atvika, sem fyrir hendi voru, þegar löggerningurinn kom til vitundar hans, og ætla má að hann hafi haft vitneskju um.

33. gr.

Nú hefir skriflegur löggerningur verið gerður til málamynda, og hefir sá maður, sem við gerningnum tók, framselt grandlausum þriðja manni rétt sinn samkvæmt honum, og verður það þá eigi borið fram gegn þeim manni, að gerningurinn hafi verið gerður til málamynda.

34. gr.

Hafi kröfuhafi gegn vilja sínum misst kvittun fyrir peningaupphæð, er skuldari samt sem áður laus mála, ef hann í grandleysi greiðir, á gjalddaga eða eftir, gegn afhendingu kvittunarinnar.

35. gr.

Hafi maður lofað að greiða peninga eða annað í févíti, ef hann efnir eigi skuldbindingu, sem á honum hvílir, eða ef hann að öðru leyti vinnur eða lætur ógert eitthvert verk, þá má lækka það févíti, ef telja verður bersýnilega ósanngjarnt, að það verði greitt að fullu. Skal þá eigi aðeins taka tillit til þess tjóns, sem sá maður bíður, sem rétt á samkvæmt loforði þessu, heldur og til þeirra hagsmuna, sem hann að öðru leyti hefir af því, að verkið sé unnið eða látið ógert, og til annara atvika málsins. Nú hefir slíkt févíti verið greitt fyrirvaralaust, eftir að það var á fallið, og verður það þá eigi aftur heimt samkvæmt þessari grein.

36. gr.

Ákvæðum 35. gr. skal beita, eftir því sem við á, ef svo hefir verið kveðið á í samningi, að verði samningnum rift vegna vanefnda annars aðilja, þá skuli hann hafa glatað rétti sínum til að heimta aftur það, sem hann þegar hefir greitt, eða að hann skuli, þrátt fyrir riftun samningsins, inna af hendi greiðslu sína samkvæmt honum.

Sama gildir, ef svo er um samið, að veði eða annari tryggingu, sem sett hefir verið fyrir efndum einhverrar skuldbindingar, skuli fyrirgert, ef skuldbindingin er eigi efnd.

37. gr.

Hafi maður, í því skyni að varna samkeppni, áskilið sér hjá öðrum manni, að sá maður reki eigi verzlun eða aðra atvinnu, eða að hann ráði sig eigi til starfa við slíkt fyrirtæki, þá er það loforð eigi bindandi fyrir þann mann, ef telja verður, þegar litið er til allra atvika, að skuldbinding þessi sé víðtækari en nauðsynlegt er, til þess að varna samkeppni, eða að hún skerði óhæfilega atvinnufrelsi þess manns, sem tókst þessa skyldu á herðar. Við mat á hinu síðastnefnda atriði skal einnig hafa hliðsjón af því, hverju það varðar rétthafann, að skuldbinding þessi sé haldin.

Hafi starfsmaður við verzlun eða annað fyrirtæki tekið á sig slíka skuld-

bindingu, sem getur um í 1. málsgr., gagnvart þeim, sem fyrirtækið rekur, og skuldbinding hans á að gilda eftir að ráðningu hans við fyrirtækið er lokið, þá er sú skuldbinding ógild, ef honum er sagt upp stöðunni eða vikið úr henni, án þess að hann hafi sjálfur gefið nægilega ástæðu til þess, eða ef hann sjálfur fer löglega úr stöðunni sakir þess, að sá, sem fyrirtækið rekur, vanefnir skyldur sínar við hann.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

38. gr.

Nú er gildi samnings eða annars löggernings samkvæmt lögum þessum komið undir því, að sá maður, sem löggerningnum er beint til, hafi eigi haft eða mátt hafa vitneskju um tiltekin atvik eða að hann að öðru leyti hafi verið grandlaus, og skal þá á það líta, sem hann vissi eða mátti vita á þeirri stund, er löggerningurinn kom til vitundar honum. Þegar sérstaklega stendur á, má þó einnig líta á þá vitneskju, sem hann fékk eða mátti hafa fengið eftir þann tíma, en áður en löggerningurinn hafði áhrif um ráðstafanir hans.

39. gr.

Nú hefir maður afhent tilkynningu samkvæmt 4., 6., 9., 19., 28. eða 31. gr. laga þessara til flutnings með síma, pósti eða öðru því flutningstæki, sem gilt þykir að nota, og kemur það þá eigi honum að sök, þótt þeirri tilkynningu seinki eða hún komist eigi til skila.

40. gr.

Lög þessi gilda eigi um löggerninga, er lúta að málefnum, sem reglur persónuréttarins, sifjaréttarins og erfðaréttarins gilda um.

41. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. er flutt að ósk dómsmálaráðherra, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

I.

Eins og kunnugt er, er einkaréttarlöggjöf vor Íslendinga mjög í brotum. og um mörg atriði á því sviði réttarins eigum vér engin sett lög. Vér eigum enga einkaréttarlögbók, þar sem hinar almennu reglur einkaréttarins séu lögfestar. Hin forna lögbók vor, Jónsbók, er um flest þau efni orðin langt á eftir tímanum, og ákvæði hennar, sem hér að lúta, eru því flest löngu orðin úrelt og fallin niður. Í stað þeirra hafa komið einstök nýrri lagaákvæði, svo langt sem þau ná, en að öðru leyti venjureglur, og má segja, að nú séu til venjureglur, nokkurnveginn fastar og ótvíræðar, um öll þau höfuðatriði einkaréttarins, sem sett lög taka eigi til. Þær reglur, sem hér hafa skapazt um þessi efni, eru yfirleitt í nánu sam-

ræmi við þær reglur, sem taldar eru gilda hjá skandinavisku þjóðunum um sömu efni.

Hjá skandinavisku þjóðunum, Dönum, Norðmönnum og Svíum, fór á líka leið og hér hjá oss. Þó að lögbækur þeirra séu yngri en Jónsbók, þá hafa einkaréttarreglur þeirra samt sem áður orðið úreltar og fallið úr gildi, og ný lagasetning hefir eigi komið í þeirra stað, nema að nokkru leyti, og þó meir hjá Svíum en hjá Dönum og Norðmönnum. En eins og hér mynduðust þar venjureglur um þessi efni. Einn þátturinn í samvinnu þessara þjóða um löggjafarmál var sameiginleg lagasetning um ýmis efni í kröfuréttinum, sem eigi voru lögfest áður. Samvinnunefnd sú, sem þessi mál hefir haft með höndum, hefir samið nokkur lagafrumvörp um einstök efni, og hafa þau síðan verið lögtekin í þessum þremur löndum. Ein af lögum þessum hafa verið lögtekin hér á landi, lög um lausafjárkaup, nr. 39 19. júní 1922. Eru þau aðallega lögfesting á eldri venjureglum. Annað frumvarp nefndar þessarar eru samningalögin svonefndu. Voru þau lögtekin í Svíþjóð 11. júní 1915, í Danmörku 8. maí 1917 og í Noregi 31. maí 1918. Í lögum þessum eru ákvæði um þrenn atriði, um samningsgerð, um umboð og um ógilda löggerninga, en þessi atriði voru að mestu leyti ólögákveðin áður í skandinavisku löndunum. Nýjungar er þó eigi miklar að finna í lögum þessum. Þau eru aðallega lögfesting á venjureglum. Eitt ákvæði úr lögum þessum hefir verið tekið upp í íslenzk lög. Er það 31. gr., sem lýsir þá gerninga ógilda, er maður notar sér bágindi annara manna, einfeldni o. s. frv. til að áskilja sér óhæfilega góð samningskjör. Ákvæði þetta, sem er nýmæli, er tekið upp í 7. gr. laga um bann gegn okri, dráttarvexti o. fl., nr. 73 19. júní 1933. Þessi norrænu samningalög hafa nú, að nefndu ákvæði 31. gr., sem á bezt heima í sambandi við reglurnar um okur, undanskildu, verið þýdd í heild sinni í því skyni, að þau verði einnig lögtekin hér. Þó að ákvæði þeirra séu að mestu leyti í samræmi við það, sem nú er talið gilda samkv. venju, þá er það hvorttveggja, að þær reglur eru ótvíræðari, sem lögfestar eru, en hinar, sem aðeins hvíla á venju, og eins eru þau fáu nýmæli, sem í lögunum felast, heppileg. Virðist því æskilegt að taka þessi lög einnig upp hér á landi. Þess skal getið, að skandinavisku lögin eru ekki að öllu samhljóða. Hefir þeim verið fylgt til skiptis í þýðingunni, eftir því sem bezt þótti henta hér á landi. Orðalagi hefir og verið breytt töluvert í sumum ákvæðanna, án þess þó, að efninu hafi verið raskað.

Hvað heiti laganna snertir, þá er hér fylgt norsku lögunum. Sænsku lögin heita „lag om avtal och andra rättshandlingar på förmögenhetsrättens område“ og dönsku lögin „Lov om Aftaler og andre Retshandlinger paa Formuerettens Omraade“. Fyrst og fremst eru þessi heiti fullviðtæk, því lögin hafa eigi að geyma nema ákvæði um þrjú atriði viðvíkjandi samningum og öðrum löggerningum, þau atriði sem talin eru í heiti þessa frumvarps. Auk þess er hugtakið fjármálaréttur (förmögenhetsrätt, Formueret) aðeins fræðilegt hugtak, sem nokkuð orkar tvímælis hversu skilgreina skuli, og nokkur vafi er á hvert fræðilegt gildi hefir. Er því ekki heppilegt að nota það í lagasetningu. Takmörkun sú á gildi laganna, sem felst í þessu atriði í heiti þeirra, er hér eins og í norsku lögunum gerð í sérstakri grein, 40. gr., og verður gerð grein fyrir henni í athugasemdunum við þá grein.

II.

Um einstök ákvæði frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um I. kafla. Um samningsgerð.

Í frumvarpinu er engin skilgreining á því, hvað samningur sé, og verður að leggja í það orð þann skilning, sem það venjulega hefir í íslenzku lagamáli, að samningur sé samþykkt tilboð. Tilboð eru þá allir löggerningar, sem samþykkja þarf, eigi aðeins löggerningar, sem miða að því að stofna til gagnkvæms réttar og skyldu, t. d. tilboð um kaup á einhverjum hlut, og aðrir löggerningar, sem skyldur hafa í för með sér fyrir báða aðilja, enda þótt þær séu eigi gagnkvæmar, t. d. tilboð um að gerast ábyrgðarmaður að skuld, ef skuldunaut sé veittur gjaldfrestur, heldur líka tilboð, sem veita eiga móttakanda einum rétt, ef samþykki á þeim er áskilið, t. d. loforð um gjöf, sem svars er óskað um. Þurfi hinsvegar ekki að samþykkja löggerninginn, þá gilda ákvæði þessa kafla eigi beinlínis um það mál, en sumum þeirra myndi mega beita með lögjöfnuði, þegar svo stendur á, t. d. 7. gr.

Um 1. gr.

Hér er það tekið fram, að ákvæði þessa kafla laganna séu aðeins skýringarlög og komi ekki til greina, ef öðruvísi er ákveðið í sjálfum löggerningnum, beint eða óbeint, eða tízka eða venja er önnur. Er þetta í samræmi við það, að flest lög um kröfuréttarmálefni eru aðeins skýringarlög.

Í dönsku og sænsku lögunum er í þessari grein ákvæði um það, að tilboð og svar við tilboði sé bindandi fyrir þann, sem tilboðið gaf, eða þann, sem svaraði. Með þessu ákvæði er hinni svonefndu loforðskenningu slegið fastri, þ. e. þeirri reglu, að ósamþykkt tilboð hafi skilyrðisbundið gildi. Þessi regla er viðurkennd í íslenzkum rétti, og auk þess má segja, að hún komi nægilega skýrt fram í öðrum ákvæðum frumvarpsins, t. d. í 7. gr. Þetta ákvæði er því óþarft, en gæti hinsvegar e. t. v. valdið misskilningi, þar sem það ekki greinir neitt um nánari skilyrði þess, að þeir, sem löggerninga þessa gera, verði skuldbundnir. Það er því ekki tekið upp hér.

Í sænsku lögunum er ennfremur í þessari grein ákvæði þess efnis, að fyrirmæli laga um að gerningur sé því aðeins gildur, að hann sé gerður í ákveðnu formi, skuli vera óröskuð. Í sænskum rétti gætir allmikið formskilyrða fyrir gildi samninga. Hér á landi gætir þessa mjög lítið, eins og í Danmörku og Noregi, og ákvæðið er því væntanlega óþarft hér eins og þar. Það mun varla verða talið efamál, að lagaákvæði, sem binda gildi eða tiltekin réttaráhrif löggernings við tiltekið form, t. d. l. nr. 93 19. júní 1933, 1. gr., l. nr. 94 s. d., 1. gr., l. nr. 87 s. d., 5. og 7. gr. og l. nr. 60 22. nóv. 1907, 15. gr., haldi gildi sínu, jafnt eftir að frumvarp þetta er orðið að lögum sem áður.

Um 2. gr.

Tilboðsgjafi á ekki að vera bundinn við tilboð sitt von úr viti, og hann á fyrst og fremst að geta sjálfur sett takmörk fyrir því, hve lengi hann skuli bundinn, með því að krefjast svars innan tiltekins frests. Grein þessi ræðir um það tilvik, er tilboðsgjafi hefir sett tiltekinn samþykkisfrest.

Þegar samþykkisfrestur er settur, verður spurning um það, hvað samþykkjandi þurfi að hafa gert áður en fresturinn er liðinn. Úr því er leyst í fyrri málsgr. 2. gr. á þá leið, að svarið verði að vera komið til tilboðsgjafa áður en fresturinn sé liðinn. Með orðunum „komið til“ er, í samræmi við það, sem hingað til hefir verið talið gilda, átt við það, að svarið sé komið þangað, sem almennt má búast við, að tilboðsgjafi geti kynnt sér það, ef hann vill, t. d. bréf afhent á heimili eða skrifstofu viðtakanda, látið í bréfakassa á hurð hjá honum eða í pósthólf hans. Samþykkjanda er því ekki nóg að hafa sent svarið af stað áður en fresturinn er liðinn. Hinsvegar kemur svarið nógu snemma, ef það kemur til tilboðsgjafa, eins og áður var sagt, innan frestsins, þótt tilboðsgjafi kynni sér það eigi fyrr en eftir að fresturinn er liðinn.

Í 2. málsgr. eru ákvæði um það, frá hvaða tíma reikna skuli frestinn, ef tilboðið var gert annaðhvort í bréfi eða í símskeyti. Er æskilegt að hafa þar eitthvað fast að halda sér að, og að það atriði sé þess eðlis, að auðvelt sé að upplýsa það. Þegar tilboðið er gert í bréfi, er fresturinn því miðaður við dagsetningu þess og talinn frá þeim degi. Dagsetningardagurinn er því eigi talinn með í frestinum. Er þetta handhæg regla, því bréfið ber sjálft dagsetninguna með sér. Sé tilboðið sent í símskeyti, er það venjulega vottur þess, að tilboðsgjafi vill hafa hraðann á um samningana. Þar þótti því réttara að miða beinlínis við þá stund dagsins, er skeytið var afhent til sendingar á símastöðinni, sem það var sent frá. Er þessi tími hvarvetna ritaður á símskeyti, og skeytið sýnir viðtakanda því sjálft, við hvað hann á að miða frestinn.

Um 3. gr.

Í 3. gr. eru fyrst ákvæði um tilboð, sem gert er í bréfi eða símskeyti, en án þess að samþykkisfrestur sé settur. Má þá ætla, að tilboðsgjafi vilji vera bundinn við tilboðið hæfilegan tíma, þ. e. þann tíma, sem hann býst við, að gagnaðili þurfi til þess að samþykkja tilboðið. Koma þrjú atriði til greina við ákvörðun þess frests, 1) tíminn, sem tilboðið er á leiðinni frá tilboðsgjafa til viðtakanda, og er þá gert ráð fyrir, að tilboðinu seinki eigi á leiðinni, 2) umhugsunartími samþykkjanda, sem á að vera nægilegur, en það hvað sé nægilegur umhugsunarfrestur verður skiljanlega mismunandi, eftir því hver viðskiptin eru, sem tilboðið hljóðar um, og 3) tíminn, sem þarf til að senda svarið frá samþykkjanda til tilboðsgjafa, og er einnig þar gert ráð fyrir, að svarinu seinki eigi á leiðinni. Allt þetta verður að áætla með hliðsjón af þeim atvikum, sem tilboðsgjafa voru kunn, er hann gerði tilboðið, eða honum máttu þá vera kunn. Ef t. d. samgöngur verða torveldari eftir að tilboðið var gert, þá lengir það ekki samþykkisfrestinn, nema því aðeins, að tilboðsgjafi hafi mátt ganga út frá því, að svo myndi fara, er hann gerði tilboðið. Þessi þrenn tímabil ber að skoða sem eina heild. Ef viðtakandi t. d. af sérstökum ástæðum þarf skemmri umhugsunarfrest en vænta mátti, kemur það ekki að sök, þó tilboði hafi seinkað eða svarinu seinki, ef það þó kemur til tilboðsgjafa áður en sá frestur er liðinn, sem miðaður er við þann umhugsunartíma, sem vænta mátti að hann þyrfti að hafa.

Komi svarið til tilboðsgjafa áður en fresturinn er liðinn, þá skiptir það eigi máli, með hverjum hætti svarið hefir verið sent. En þegar áætla þarf frestinn,

og um er að velja fleiri leið en eina til þess að senda svarið, og svarið er mismunandi lengi á leiðinni, eftir því hver leiðin er notuð, þá verður spurning um það, við hvern sendingarhátt frestinn skuli miða. Almennt verður þá að haga því svo, að sá háttur sé hafður á sendingu svarsins, sem sendandi þess má búast við, að tilboðsgjafi vilji að sé hafður. Í niðurlagi 1. mgr. er ákveði um eitt atriði hér að lútandi. Ef tilboð er gert í símskeyti, má viðtakandi að jafnaði gera ráð fyrir, að tilboðsgjafi vilji hraða málinu, og að hann ætlist til, að svarið sé sent með hinum sama, greiða hætti og hann sendi tilboðið. Verður hann þá að senda svar sitt í símskeyti, ef það kemur eigi jafnsnemma fram með öðrum hætti.

Í 2. mgr. er rætt um munnleg tilboð, og falla undir það öll munnleg tilboð, bæði þau, sem gerð eru viðstöddum manni, sem tilboðsgjafi talar við, og fjarstöddum manni, er hann talar við í síma. Um þessi tilboð er svo ákveðið, í samræmi við það sem hingað til hefir verið talið gilda, að þau skuli samþykkja þegar í stað. Vilji sá, sem slíkt tilboð fær, fá umhugsunarfrest, verður hann því að biðja tilboðsgjafa um að veita sér hann.

Um 4. gr.

Ef samþykki kemur of seint fram, er það ekki gilt samþykki. Tilboðsgjafi er ekki skyldur til að taka því, og hann er eigi bundinn við tilboð sitt, þar sem það var eigi samþykkt innan frestsins.

Þegar samþykki kemur of seint, þá er samþykkjanda venjulega ljóst, að svo muni fara, annaðhvort af því, að samþykkisfrestur er liðinn hjá, er hann sendir svarið, eða svo langt er áliðið frestsins, að engin von er til, að svarið komi fram nógu snemma. Þegar þannig stendur á, er samþykkjanda því ljóst, að svar hans er ekki gilt samþykki. Að hann samt sem áður sendir samþykkið er þó vottur þess, að hann óskar, að samningar takist, og er því eðlilegast að líta svo á, að samþykkið sé þá nýtt tilboð af hans hálfu.

Stundum býst sendandi þó e. t. v. við því að samþykkið komi nógu snemma fram. Hann treystir því þá, að samþykkið sé gilt og að samningur hafi komizt á. Ef hann þá ekki fyrr en seint og síðar meir fréttir, að samþykkið hafi komið of seint fram og hann því misst af rétti sínum samkv. tilboðinu, þá getur það hafa haft margvíslegt tjón í för með sér fyrir hann, að hann treysti því, að samningur væri á kominn. Þegar þannig stendur á, þykir því rétt að leggja þá skyldu á tilboðsgjafa, að tilkynna sendanda samþykkisins það, án ástæðulausrar tafar, ef hann vill ekki taka samþykkinu. Þessi skylda er þó bundin við það, að tilboðsgjafa hafi mátt vera það ljóst, að sendandi samþykkisins hélt, að það hefði komið nógu snemma fram. Er það varhugalítið að leggja þetta ómak á tilboðsgjafann, og mun minni vandkvæðum bundið fyrir hann að senda þessa tilkynningu, heldur en fylgja þeirri óvissu, sem samþykkjandi ella væri í um gildi samningsins. Það er eðlileg afleiðing af þessari tilkynningarskyldu tilboðsgjafa, að samningur telst gerður, ef hann lætur hjá líða að senda tilkynninguna.

Um 5. gr.

Ef tilboði er hafnað, en samþykkisfrestur enn ekki liðinn, getur verið efamál, hvort sá, sem tilboðið fékk, getur séð sig um hönd og samþykkt það síðar,

ef samþykkið kemur fram áður en fresturinn sé liðinn. Væri svo, yrði afleiðing þess sú, að tilboðsgjafi væri jafnan bundinn við tilboðið til loka samþykkisfrestsins, jafnvel þó tilboðinu hefði þegar verið hafnað. Þetta væri óheppileg regla, og því er hér ákveðið, að tilboðið skuli eigi skuldbinda tilboðsgjafa lengur, ef því hefir verið hafnað, þó samþykkisfrestur sé enn eigi liðinn. Höfnun tilboðsins hefir því í för með sér endanlegt brottfall þess.

Um 6. gr.

Grein þessi er hliðstæð 4. gr. Munurinn er sá, að hér er eigi um það að ræða, að samþykkið komi of seint, heldur að það sé að efni til í ósamræmi við tilboðið. Slíkt svar er ekki gilt samþykki, en vegna þess, að samþykkjandanum má venjulega vera ljóst, að svarið er annars efnis en tilboðið, þá er svarið vottur þess, að hann vill að vísu gera samninginn, en með öðru efni en í tilboðinu fólst. Slíkt svar er því eðlilegast að skilja sem hvorttveggja í senn, höfnun á tilboðinu, sem fyrir hendi er, og nýtt tilboð. Í síðari málsgr. er samsvarandi ákvæði um tilkynningarskyldu tilboðsgjafa og það, sem er í 2. mgr. 4. gr., og kemur til þeirrar tilkynningarskyldu, þegar tilboðsgjafa má vera það ljóst, að samþykkjandi ætlar, að samþykki sitt sé í samræmi við tilboðið.

Um 7. gr.

Gildi loforðs eða annarar viljayfirlýsingar til skuldbindingar byggist á þeirri eftirvæntingu, sem viljayfirlýsingin vekur hjá þeim manni, sem við henni tekur. Sú eftirvænting verður fyrst til, er viðtakandi fær vitneskju um yfirlýsinguna. Af þessu leiðir það, að hafi tilboð verið gert og kallað síðan aftur, og viðtakandi fær vitneskju um afturköllunina áður en hann fær vitneskju um tilboðið sjálft, þá veitir það tilboð honum engan rétt. Hann veit þá, þegar hann fær tilboðið, að það er eigi í samræmi við vilja þess manns, sem gerði það. Ef þessari reglu væri stranglega fylgt, færi því gildi afturköllunar tilboðs jafnan eftir því, hvort viðtakandi fengi fyrr vitneskju um tilboðið eða um afturköllunina. Ef hvorttveggja kæmi til hans samtímis, t. d. er tilboð er sent í bréfi og afturköllunin í öðru bréfi með sama pósti, þá ylti gildi tilboðsins á því, hvort bréfið viðtakandi læsi fyrr. Þetta hefir af ýmsum ástæðum ekki þótt heppileg regla, m. a. vegna örðugrar aðstöðu um sannanir, eða af því, að það gæfi viðtakanda e. t. v. kost á að ganga framhjá afturköllueninni og kynna sér hana ekki, og því er gildi afturköllunarinnar miðað, ekki við það, hvenær hún kemur til vitundar viðtakanda, heldur við það, hvenær hún kemur til hans, þannig að hún kemur nógu snemma, komi hún til hans jafntímis sjálfu tilboðinu, og er það þá á sjálfs hans áhættu, hvora orðsendinguna hann kynnir sér fyrr. Um merkingu þess, að afturköllunin sé „komin til“ viðtakanda, vísast til þess, sem sagt var um 2. gr.

Um 8. gr.

Fyrir kemur það, að tilboðsgjafi lýsir því yfir, að hann muni skoða þögn gagnaðilja síns sem samþykki á tilboðinu. Þá er það og mjög algengt í hinu daglega lífi, að tilboð eru gerð, sem ekki er ætlazt til, að samþykkt séu sérstaklega. Í hvorugu þessu tilfelli verður viðtakandi að jafnaði skuldbundinn af sinni hálfu

fyrir það eitt, að hann hafnar eigi tilboðinu. Tilboðsgjafi er hinsvegar bundinn við þetta tilboð sitt með venjulegum hætti. En hér er ekki um neinn samþykkisfrest að ræða, þar sem ekki er ætlazt til, að neitt samþykki sé sent. Sú takmörkun á því, hversu lengi tilboðsgjafi sé skuldbundinn, sem samþykkisfresturinn setur, er hér eigi fyrir hendi, en eigi er ástæða, frekar hér en endranær, að láta tilboðsgjafa vera bundinn eftir geðþótta gagnaðilja von úr viti. Það er því nauðsynlegt að gefa honum kost á að setja skuldbindingu sinni einhver takmörk. Það er gert í grein þessari með því að skylda gagnaðilja til að svara fyrirspurn hans um það, hvort hann vilji samþykkja tilboðið, og kveða svo á, að verði slíkri fyrirspurn eigi svarað, sé tilboðið fallið niður. Það hefir eigi verið talin ástæða til þess að binda það ákveðnum tímamörkum, hvenær tilboðsgjafi geti sent þessa fyrirspurn sína, eða hvenær viðtakandi eigi að svara henni. Eðlileg framkvæmd ákvæðisins yrði sú, að ætla viðtakanda álíka frest frá því loforðið var gefið og honum myndi hafa verið veittur samkv. 3. gr., ef ætlazt hefði verið til, að hann svaraði tilboðinu. Það virðist líka óþarfi að taka það fram í gr., að fyrirspurnina, sem hér ræðir um, ber ekki að skoða sem nýtt tilboð.

Í sænsku lögunum eru ákvæði gr. þessarar með nokkuð öðrum hætti. Fyrri málsgr. gr. á þar aðeins við þau tilvik, er sérstaks svars er ekki óskað eða vænzt, og er hún, svo langt sem hún nær, í samræmi við gr. eins og hún er í frv. þessu. Í síðari mgr. er kveðið svo á, að farið skuli eftir því, sem mælt er fyrir í lögum um þau tilfelli, er það eitt, að tilboði eigi er hafnað, skoðast samþykki þess. Eins og áður var getið, skoðast þögn viðtakanda ekki að jafnaði sem samþykki á tilboði, og það jafnvel ekki, þó tilboðsgjafi hafi tekið það fram í tilboðinu, að hann myndi skoða þögn gagnaðilja sem samþykki. En frá þessu geta verið undantekningar, og er eina þeirra að finna í 9. gr. frv. Svíum þótti réttast að taka allan vafa af um það, að 8. gr. ætti ekki við, er þannig stendur á. Greinin á aðeins við um fyrirspurn um það, hvort samningur skuli gerður, eigi um það, hvort samningur hafi verið gerður, og þegar þögnin gildir sem samþykki, þá er samningurinn þegar gerður fyrir þögnina eina. Í dönsku og norsku lögunum var talið óþarft að taka þetta fram, og hefir þeim verið fylgt hér, enda getur varla orðið vafi á því, að greinin taki ekki til þessara tilvika.

Um 9. gr.

Í yfirlýsingu, sem hefir öll önnur einkenni tilboðs, er þess stundum getið, að hún sé gerð „án skuldbindingar“, eða ákvæði sömu merkingar er í henni. Þetta er vottur þess, að tilboðsgjafi vill hafa frjálsar hendur um það, hvort hann tekur samþykki, sem fram kemur, eða tekur því ekki. Geta verið góðar og gildar ástæður til þess, að tilboðsgjafi kveður svo á. Í rauninni er þá ekki um neitt tilboð að ræða, því yfirlýsingin felur ekki í sér neina skuldbindingu fyrir þann mann, sem hana gerði. Sá, sem fær slíka tilkynningu, getur því eigi skoðað hana öðruvísi en sem áskorun til sín um að gera tilboð. Nú er það aðalreglan, að maður, sem gerir öðrum manni tilboð, á ekki neinn rétt á svari við tilboðinu, og að það skapar honum engan rétt, þótt viðtakandi svari því ekki. Í því tilfelli, sem ræðir um í þessari gr., stendur svo sérstaklega á, að tilboðið er komið fram að tilhlutun viðtakanda. Þess vegna er honum þá gert að skyldu að svara því. Hon-

um er frjálst, hvort hann hafnar því eða tekur, en svari hann eigi, er hann talinn hafa samþykkt það. Þessi tilkynningarskylda hvílir þó því aðeins á viðtakanda tilboðsins, að hann geti búizt við því, að tilboðið hafi verið gert vegna orðsendingar sinnar, að tilboðið komi frá einhverjum þeim, sem orðsendingunni hefir verið beint til, að tilboðið komi fram innan sennilegs tíma frá því að orðsendingin var send, og loks, að orðsendingin hafi verið þess eðlis, að hún myndi hafa verið talin vera tilboð, ef fyrirvari þessi hefði eigi verið í henni. Greinin á því t. d. ekki við venjulegar auglýsingar, því þær eru ekki taldar fela í sér tilboð. Nefndinni, sem samdi lögin, þótti ekki ástæða til að löggilda ríkari tilkynningarskyldu en hér er gert, en það er eigi því til fyrirstöðu, að tilkynningarskyldan geti orðið strangari t. d. samkvæmt verzlunartízku.

Um II. kafla. Um umboð.

Í þessum kafla eru nokkrar reglur settar um það, er maður notar milligöngu annars manns við gerð löggernings, og milligöngumaðurinn gerir gerninginn í nafni þess manns, en ekki í sjálfs sín nafni. Er þetta nefnt umboð. Um annarskonar milligöngu við gerð löggernings ræða lögin ekki. Þau eiga þannig ekki við um það, sem nefnt er „kommission“, er maður gerir gerning í eigin nafni, en fyrir annan mann. Ákvæði þessi eiga ekki heldur við um erindisrekstur lögráðamanns fyrir skjólstæðing sinn. Heimild lögráðamannsins til þeirra ráðstafana byggist á skipun frá opinberu valdi, en eigi á löggerningi frá hinum ólögráða manni sjálfum. Ákvæðin eiga ekki heldur við um erindisrekstur forstjóra eða stjórnenda ópersónulegra kröfuhafa, t. d. félaga og stofnana á málefnum þeirra. Í sambandi við reglurnar um umboð er hér í 25. gr. mælt fyrir um, hvernig fari, ef maður kemur fram sem umboðsmaður annars manns án umboðs.

Ákvæði þessa kafla eru að flestu leyti í samræmi við það, sem hingað til hefir verið talið gilda hér samkv. venju. Eitt atriði er það, sem sérstaklega skiptir miklu máli um þetta efni. Milliganga umboðsmannsins hvílir á tveimur löggerningum umbjóðanda. Annað er yfirlýsing hans til umboðsmannsins, er hann felur honum erindisreksturinn. Hitt er yfirlýsing hans til þriðja manns um að vera bundinn við það, sem umboðsmaðurinn gerir í hans nafni. Sú yfirlýsing getur verið með ýmsum hætti, t. d. sérstakt skjal, sem umboðsmanninum er fengið, til þess að hann sýni þriðja manni það (skriflegt umboð), sérstök tilkynning, skrifleg eða munnleg, til þriðja manns, annaðhvort ákveðins manns eða manna eða til alls almennings (auglýsing í blöðum), eða að yfirlýsingin getur verið gerð óbeint, t. d. falizt í því, að umboðsmaðurinn er settur í tiltekna stöðu hjá umbjóðanda (t. d. skipstjóri, verzlunarstjóri). Þessum tvennum yfirlýsingum getur borið á milli, einkum svo, að heimild umboðsmannsins sé þrengri en umboð hans út á við. Skiptir þá verulegu máli, hvort umboðið hefir, eins og orðað hefir verið, „sérstaka tilveru gagnvart þriðja manni“, þ. e. hvort þriðji maður hefir annað en sögusögn umboðsmannsins sjálfs að halda sér að um það, hvort umboðið sé til og hve langt það nái. Á þessum mun er byggt í ákvæðum þessa kafla.

Um 10. gr.

Í fyrri málsgr. er almennt ákvæði um þýðingu þess, að gerningur er gerður samkv. umboði. Gerningurinn skapar þá beint rétt og skyldu fyrir umbjóðanda. Til þess að hann verði skuldbundinn, nægir því loforð umboðsmannsins, og nýtt loforð frá umbjóðanda þarf eigi til að koma. Og til þess að hann öðlist rétt við gerninginn, þarf ekki neitt framsal frá umboðsmanninum til umbjóðanda né aðra yfirlýsingu frá umboðsmanninum. Það nægir, að umboðsmaðurinn hefir tekið við gerningnum fyrir umbjóðanda hönd. Í þessu felst það og, að gerningurinn skapar hvorki rétt eða skyldu fyrir umboðsmanninn sjálfan. Reglan er takmörkuð við það, að gerningurinn sé innan takmarka umboðsins. Hafi umboðsmaðurinn farið út fyrir umboðið, fer um ábyrgð hans eptir því sem segir í 25. gr.

Í síðari málsgr. er ákvæði um hin svo nefndu „stöðuumboð". Þegar maður setur annan mann í einhverja stöðu hjá sér, þá felst oft í því eitthvert umboð fyrir starfsmanninn til að fara með málefni þess, sem hann vinnur hjá. Stundum kveða lög á um það, hve víðtækt slíkt umboð sé, t. d. l. nr. 56 30. nóv. 1914, 53.—55. gr., l. nr. 42 13. nóv. 1903, 25. gr. Oftast fer það þó eftir venju. Hér er kveðið svo á, að telja skuli starfsmanninn hafa umboð innan þeirra takmarka, sem lög eða venjur setja, og er það í samræmi við það, sem nú er talið gilda.

Um 11. gr.

Hvað umboðsmaðurinn hefir heimild til að gera í nafni umbjóðanda, fer eftir löggerningi þeim, sem umbjóðandi hefir gert við hann, þ. e. umboðsmaðurinn á-að fara eftir fyrirmælum umbjóðanda við rekstur umboðsins. Brjóti umboðsmaður í bág við þau fyrirmæli, og geri hann annað en hann mátti gera, þá er spurning, hvort gerningurinn sé samt gildur, og er leyst úr þeirri spurningu í þessari grein. Samkv. henni er gerningurinn þá jafnan óskuldbindandi fyrir umbjóðanda, ef þriðja manni var eða mátti vera það ljóst, að umboðsmaður braut fyrirmæli umbjóðanda. Sé þriðji maður hinsvegar grandlaus, þ. e. hvorki ljóst, að umboðsmaðurinn geri annað en honum er heimilt né mætti vera það ljóst, veltur það, hvort gerningurinn verður skuldbindandi fyrir umbjóðanda, á því, hvort umboðið hefir sérstaka tilveru gagnvart þriðja manni eða ekki. Ef þriðji maður aðeins hefir sögusögn umboðsmannsins sjálfs við að styðjast, er ástæða fyrir hann til að sýna fullkomna varkárni, og eðlilegt, að hann beri þá frekar en umbjóðandi áhættuna á því, hvort umboðsmaðurinn skýrir rétt frá umboði sínu. Á þeirri skoðun er ákvæði 2. mgr. byggt. Hafi umbjóðandi aftur á móti gefið umboðsmanninum skriflegt umboð, eða með öðrum hætti lagt til gögn, sem þriðji maður getur markað af, hvert umboðið sé, þá stendur það umbjóðanda sjálfum næst að sýna varkárni, og gerningurinn verður þá skuldbindandi fyrir hann, ef hann er innan takmarka umboðsins og þriðji maður er grandlaus, enda þótt undirmál hafi verið milli umbjóðanda og umboðsmanns um takmörkun á umboðinu og gerningurinn fari í bága við þau undirmál.

Um 12. gr.

Þegar hér er talað um afturköllun umboðs, þá er átt við það, að umbjóðandi svipti umboðsmanninn ráðstöfunarheimild þeirri, er í umboðinu fólst, fram-

vegis. Afturköllun umboðsins hefir því engin áhrif á gildi þeirra gerninga, sem umboðsmaðurinn þegar hefir gert samkv. umboðinu.

Frumv. hefir engin ákvæði um það, hvort eða hvenær umbjóðandi megi afturkalla umboðið. Um það gilda því sömu reglur og hingað til, en samkv. þeim getur umbjóðandi að jafnaði afturkallað umboð, hvenær sem honum sýnist, þó umboð einnig geti verið óafturtækt í vissum undantekningatilfellum.

Af 11. gr. og því, sem um hana var sagt, er það ljóst, að umbjóðanda er það eitt eigi nóg að tilkynna umboðsmanninum, að umboðið sé aftur tekið. Hafi umbjóðandi birt þriðja manni umboðið, verður hann einnig að kalla það aftur gagnvart honum. Aðferðin við það er mismunandi, eftir því hvernig umboðið var birt, og eru um það reglur í 13.–16. gr. Ef fyrirmæli fleiri en einnar af gr. þessum eiga við um sama umboð, t. d. umboðið bæði birt í blaði og tilkynnt einhverjum þriðja manni með sérstakri tilkynningu, þá verður að gæta þeirra allra. Í síðari málsgr. er þó tekið fram, að alltaf sé nægilegt að kalla umboð aftur með þeim hætti, sem segir í 13. gr., þannig, að sá maður, sem slíka afturköllun fékk, geti ekki borið það fyrir sig, að umboðið hefði einnig átt að afturkalla með öðrum hætti.

Um 13. gr.

Greinin á við það, að umbjóðandi hefir gefið þriðja manni sérstaklega tilkynningu, munnlega eða skriflega, um umboðið. Á hún aðeins við það, að slík tilkynning sé gefin þeim manni **sérstaklega**, og verður það e. t. v. stundum vafamál, hvort svo hefir verið, en áherzlan liggur þá í því, hvort sagt verði, að umbjóðandi hafi snúið sér persónulega til hlutaðeigandi þriðja manns. Þegar svo stendur á, getur þriðji maður vænzt þess, að umboðið haldi gildi sínu, þar til hann fær sérstaka tilkynningu um, að það skuli falla niður. Umbjóðandi verður því gagnvart honum að afturkalla umboðið með slíkri tilkynningu. Gildi afturköllunarinnar miðast við það, að hún sé „komin til“ þriðja manns, í þeirri merkingu, sem getið var í aths. við 2. gr.

Um 14. gr.

Grein þessi er að nokkru leyti nýmæli hér á landi. Það hefir hingað til eigi verið talið nægilegt að afturkalla umboð, sem birt hefir verið t. d. með auglýsingu í blaði, með því að birta auglýsingu um afturköllunina í sama blaði. Sú auglýsing hefir að vísu haft gildi gagnvart þeim, sem sannað varð um, að hefðu þekkt hana, en heimild hefir brostið til að telja hana vera komna á allra vitorð, er hún hafði verið birt, sbr. sem undantekningarákvæði l. nr. 42 13. nóv. 1903, 32., sbr. 7. gr. Maður, sem birt hefir umboð með slíkum hætti, á því talsvert í hættu um það, hvernig afturköllunin tekst, og það sýnist vera heppilegt að lögleiða hér sömu reglu og víðast gildir nú annarsstaðar, að afturköllunin geti farið fram með sama hætti og birtingin. Á þetta við öll umboð, sem birt hafa verið með almennum hætti, t. d. með auglýsingu í blaði eða í útvarpi, með auglýsingu, sem fest er upp á almannafæri eða send mörgum mönnum bréflega (cirkulære). Er þá nóg að birta afturköllunina með sama hætti, en sé það ekki hægt, blaðið, sem umboðið var birt í, er t. d. hætt að koma út, á að birta afturköllunina með öðrum álíka tryggilegum hætti, þ. e. þannig, að vænta megi, að hún komist

jafnt á almanna vitorð og með hinum fyrra birtingarhætti. Ef umbjóðandi er í vafa um, hvernig hann skuli haga birtingu afturköllunarinnar, er honum heimilt að leita fyrirmæla undirdómarans um það.

Ákvæði þriðju málsgr. vantar í sænsku lögin, en það þótti rétt að taka það upp hér eftir dönsku og norsku lögunum. Eins og nú er komið, verður eigi talið, að það sé birt almenningi, sem þinglýst er, og þinglýsing umboðs er því eigi almenn birting þess, þótt hún kunni að geta haft þýðingu að öðru leyti, t. d. til þess að skapa umboðsmanninum formlega heimild.

Um 15. gr.

Stöðuumboð eru birt þriðja manni með því, að starfsmaðurinn er settur til starfans. Afturköllunin verður því að fara fram með tilsvarandi hætti, þeim, að starfsmaðurinn sé látinn hverfa frá starfanum. Uppsögn til hans er því eigi nægileg, meðan hann enn gegnir starfanum. Skipstjóri, sem enn er á skipinu og stjórnar því, hefir enn skipstjóraumboð sitt út á við, enda þótt honum hafi verið sagt upp stöðunni og hann ætti samkv. uppsögninni þegar að hafa farið af skipinu. Hvað til þess þurfi, að hægt sé að segja að umboðsmaðurinn hafi látið af starfanum, verður mismunandi, eftir því hver starfinn er.

Um 16. gr.

Greinin ræðir um umboð þau, sem í daglegu tali eru nefnd skrifleg umboð, þ. e. skriflega yfirlýsingu umbjóðanda, sem felur í sér umboð og fengin er umboðsmanni í hendur, til þess að hann sýni hana þeim mönnum, sem hann skiptir við, til sönnunar umboði sínu. Meðan slík yfirlýsing er í höndum umboðsmannsins á umbjóðandi á hættu að verða skuldbundinn gagnvart grandlausum þriðja manni, sem umboðsmaðurinn hefir samið við samkv. umboðinu. Til þess að tryggja sig gegn þessu, þarf umbjóðandi, er hann hefir afturkallað umboðið gagnvart umboðsmanninum, að ná umboðinu úr vörzlum umboðsmanns, annaðhvort fá það aftur í sínar vörzlur eða eyðileggja það. Hagsmunir umbjóðanda af því að fá umboðið aftur eða eyðilagt eru svo miklir, að umboðsmanni verður að vera skylt að skila því aftur, er þess er krafizt, sé um afturtækt umboð að ræða. Er þetta tekið fram í síðari málsgr. Umboðsmaður hefir því t. d. ekki haldsrétt yfir umboðinu, þó hann eigi ógoldin umboðslaun, eða þó hann e. t. v. þurfi á umboðinu að halda síðar til að sanna, að hann hafi haft umboð. Í þessu síðarnefnda efni yrði hann að láta sér nægja eftirrit af umboðinu, en skilaskyldan nær aðeins til frumritsins.

Um 17. gr.

Umbjóðandi, sem afhent hefir umboðsmanni sínum skriflegt umboð, en getur eigi fengið því skilað aftur eða það eyðilagt samkvæmt 16. gr., er illa settur, þar sem hann á það á hættu, að umboðsmaðurinn noti umboðið í forboði sínu. Samkv. núgildandi lögum gæti hann að vísu fengið umboðið afhent sér með fógetagerð. En oft myndi sú leið eigi vera fær, af því að umboðið fyndist ekki. Þá myndi hann og geta fengið umboðsmanninn dæmdan til að skila umboðinu, en sú leið er bæði seinfarin og óvíst um árangurinn. Loks myndi hann væntanlega geta fengið umboðið dæmt ógilt samkv. hinum almennu regl-

um um ógildingardóma í l. nr. 30 3. nóv. 1915, því umboð fellur væntanlega undir þau bréf, sem nefnd eru heimildarbréf í 1. gr. þeirra laga. En sú leið er einnig mjög seinfarin. Hér er þörf á greiðari ógildingaraðferð, og um hana mælir greinin fyrir. Skandinavisku lögin hafa mismunandi ákvæði um ógildingaraðferðina, sem stafar af því, að réttarfarið er ólíkt í þessum löndum, en reglur dönsku laganna virðast eiga vel við hér á landi, og er þeim því fylgt.

Um 18. gr.

Hér er um að ræða þau umboð, sem þriðji maður aðeins þekkir af sögusögn umboðsmannsins. Um þýðingu þess, að umboðsmaður fer út fyrir slíkt umboð, var áður rætt, í 11. gr., og ákvæði þessarar gr. um afturköllun slíks umboðs eru í fullu samræmi við þá meginreglu, sem þar kom fram. Þriðji maður á þar allt undir því, hversu rétt umboðsmaðurinn skýrir frá umboðinu, og er því nægilegt til að afturkalla slíkt umboð, að yfirlýsing um afturköllun þess sé komin til umboðsmannsins.

Um 19. gr.

Þegar umboð hefir verið afturkallað löglega eða lýst ógilt, eru gerningar þeir, sem umboðsmaður gerir þar á eftir samkv. umboðinu, eigi skuldbindandi fyrir umbjóðanda, og gildir það jafnt, hvort sem þriðji maður er grandlaus eða eigi. Í þessari gr. er gerð undantekning frá þeirri reglu. Ef umbjóðandi hefir sérstaka ástæðu til að ætla, að umboðsmaður muni, þrátt fyrir það, að umboðið er afturkallað eða lýst ógilt, gera löggerning sín vegna við ákveðinn þriðja mann, og umbjóðandi má ennfremur ætla, að þeim manni sé ókunnugt um, að umboðið sé fallið úr gildi, þá væri það ekki rétt að leyfa umbjóðanda að sitja aðgerðalausum og láta gerninginn fara fram. Í þessu tilfelli má ætlast til þess af honum, að hann aðvari þriðja mann, ef honum er það unnt, og venjulega er honum það auðvelt. Því er hér lögð á hann slík tilkynningarskylda með þeim áhrifum, að gerningurinn verði að öðrum kosti skuldbindandi fyrir hann, ef þriðji maður er grandlaus.

Um 20. gr.

Reglur þær um afturköllun umboðs, sem lýst var hér að framan, eru nauðsynlegar aðeins að svo miklu leyti, sem þriðji maður er grandlaus og veit eigi eða má vita, að umboðið sé úr gildi gengið. Viti hann það, skiptir það eigi máli, hvernig hann hefir fengið þá vitneskju. Sé þriðji maður ekki grandlaus, skapar gerningurinn eigi rétt honum til handa.

Um 21. gr.

Í grein þessari eru gefnar reglur um það, hvernig fari um gildi umboðsins, ef umbjóðandi andast. Aðalreglan er sú, að umboðið heldur gildi sínu eins fyrir því. Er það vafalaust heppilegasta reglan. Í langflestum tilfellum er það svo, að gerningar þeir, sem umboðsmanninum er falið að gera, eru jafnt í þágu bús umbjóðanda og sjálfs hans persónulega, og þá gæti það verið skaðlegt fyrir búið, ef umboðið félli af sjálfu sér niður við lát umbjóðanda. Þetta gildir þó ekki, ef sérstakar ástæður sýna, að umboðið skuli falla úr gildi við lát umbjóðanda, t. d.

umboð til gerninga, er snerta aðeins persónulegar þarfir eða hagi umbjóðanda, eins og umboð til að kaupa hluti til persónulegra nota umbjóðanda. Þegar svo stendur á, er rétt að láta umboðið falla niður. Spurningin er aðeins sú, frá hvaða tíma brottfall þess eigi að teljast. Hér er valin sú regla, að láta brottfall umboðsins miðast við þá stund, er þriðji maður fær vitneskju um andlát umbjóðanda eða honum mætti verða það kunnugt eða, ef um þau umboð er að ræða, sem getið er um í 18. gr., þá stund, er umboðsmanninum verður eða mætti verða þetta kunnugt. Er sú regla í beztu samræmi við þær reglur, sem annars gilda um brottfall umboðs.

Þegar aðalreglan gildir, stendur umboðið óhaggað þrátt fyrir lát umbjóðenda, þar til nýjar ráðstafanir eru gerðar, t. d. erfingjarnir kalla umboðið aftur. Í dönsku og sænsku lögunum eru nokkur ákvæði um það efni í þessari grein. Hér þótti eigi ástæða til að taka það upp, og er hér látið nægja að kveða svo á, að umboðið skuli falla úr gildi, er dánarbú umbjóðanda er tekið til opinberrar skiptameðferðar, og gildir það þá einnig, er það er tekið til gjaldþrotaskipta.

Um 22. gr.

Umboð, sem maður, er sviptur hefir verið lögræði, gefur út eftir lögræðissviptinguna, eru ógild, eins og aðrir löggerningar hans, en hinsvegar leiðir það eigi af lögræðissviptingunni, að umboð, sem áður voru gefin út, falli úr gildi, er umbjóðandi er sviptur lögræði. Hugsanlegt væri, að þau væru látin standa óhöggvuð, þrátt fyrir lögræðissviptinguna, og það þá væri á valdi lögráðamannsins, hvort hann kallar umboðið aftur á sínum tíma eða eigi. En ýmsar ástæður eru til þess, að sú regla væri ekki allskostar heppileg. Vera má t. d., að lögráðamanninum sé ókunnugt um umboðið, og að því líði nokkur tími frá lögræðissviptingunni og þar til hann fær vitneskju um það og getur kallað það aftur, og á þeim tíma getur umboðsmaðurinn hafa gert ýmsar ráðstafanir samkv. umboðinu, sem e. t. v. eru óheppilegar, eða lögráðamaðurinn að minnsta kosti oft ekki myndi hafa gert. Og umboð, sem gefið er út skömmu fyrir lögræðissviptingu, myndi oft eiga rót sína að rekja til þess ástands umbjóðanda, sem leiddi til þess, að hann var sviptur lögræði. Af þessum ástæðum er kosin sú leið, að láta umboðið falla niður við lögræðissviptinguna, og við þeim vandkvæðum, sem sú regla hefir í för með sér, er séð með ákvæði 24. gr. Lögræðissvipting hefir eigi alltaf í för með sér, að sá, sem lögræði er sviptur, missi allt hæfi til að gera löggerninga fyrir sjálfan sig. Maður, sem aðeins er sviptur fjárræði, ræður þannig sjálfsaflafé sínu. Ástæðulaust er að láta umboðið falla niður að frekara skapi en forræði umbjóðanda sjálfs yfir málum sínum. Því er ákvæðið orðað svo, að þriðji maður öðlist ekki frekari rétt á hendur umbjóðanda við löggerning umboðsmanns en hann hefði öðlazt, ef hann hefði gert gerninginn við umbjóðanda sjálfan. Samkvæmt 8. gr. l. nr. 60 14. nóv. 1917 gildir lögræðissviptingin ekki gagnvart grandlausum þriðja manni fyrr en lögræðissviptingarúrskurðurinn hefir verið innritaður í þinglýsingarbók eða athugasemd skráð um hann í verzlanaskrá. Að þessu lúta ákvæðin í 2. málsl. greinarinnar. Samsvarandi ákvæði eru eigi í norsku og sænsku lögunum, enda tekur lögræðissviptingin gildi strax að lögum þeirra landa.

Um 23. gr.

Hér eru ákvæði um áhrif þess, að bú umbjóðanda er tekið til gjaldþrotaskipta, á gildi umboðsins, og eru þau algerlega hliðstæð ákvæðum 22. gr. um lögræðissviptingu. Í norsku lögunum er ákvæði þetta einnig látið ná til þess, er umbjóðandi leitar opinberra nauðasamninga, en eigi þykir ástæða til að taka það ákvæði upp hér.

Um 24. gr.

Í 21.—23. gr. eru ákvæði um brottfall umboðs af þeim ástæðum, sem þar greinir. Í þessum tilfellum taka aðrir menn, erfingjar, lögráðamaður, skiptaráðandi, við málum umbjóðanda og meðferð þeirra. Getur þá oft staðið svo á, að nokkur bið verði á því, að þeir geti tekið mál þessi að sér. Kæmi það sér þá oft illa, ef umboðið félli skilyrðislaust niður strax er þessir atburðir hafa gerzt. Því er umboðsmanni hér veitt heimild til, þrátt fyrir brottfall umboðsins að öðru leyti, að gera þá gerninga, sem nauðsynlegir eru til að verja búið eða umbjóðanda tjóni, fram til þess, að búið eða lögráðamaður geta gert þær ráðstafanir, sem gera þarf. Þessi heimild umboðsmannsins er einskorðuð við gerninga, sem nauðsynlegir eru til að varna tjóni. Um það, hvort þau skilyrði séu fyrir hendi, verður að dæma eftir þeim horfum, sem eru þegar gerningurinn er gerður, en eigi eftir því, hver niðurstaðan af gerningnum verður að endingu.

Um 25. gr.

Gerningar þeir, sem umboðsmaður gerir innan takmarka gilds umboðs, verða skuldbindandi fyrir umbjóðanda samkv. 10. gr., og umboðsmaðurinn ber þá enga ábyrgð á þeim gagnvart þriðja manni, nema hann hafi tekið þá ábyrgð á sig sérstaklega. Sama gildir um þá gerninga, sem fara í bága við fyrirmæli umbjóðanda til umboðsmanns, en falla þó innan þess umboðs, sem umbjóðandi hefir gefið þriðja manni ástæðu til að ætla, að umboðsmaður hefði (umboð sem hafa sjálfstæða tilveru gagnvart þriðja manni). Í þeim tilfellum fær þriðji maður þann rétt á hendur umbjóðanda, sem hann bjóst við að fá. Loks gildir hið sama um gerninga, sem gerðir eru án umboðs, ef sá maður, sem þeir voru gerðir fyrir, samþykkir þá eftir á. En þegar gerningur annars er gerður án umboðs, þá skuldbindur hann eigi þann mann, sem sagður var vera umbjóðandi, og þriðji maður fær þá eigi þann rétt gegn þeim manni, sem hann bjóst við að fá. Þegar hér er talað um það, að gerningur sé gerður án umboðs, er eigi aðeins átt við það, að sá, sem gerninginn gerir, hafi aldrei fengið neitt umboð, heldur einnig við það, að hann hafi umboð en fari út fyrir það, eða að hann hafi áður haft umboð, er nú sé gengið úr gildi. Er þá spurningin um það, hvort þriðji maður eigi þá ekki einhvern rétt gegn umboðsmanninum. Er það eðlilegt, að einhver ábyrgð sé þá lögð á umboðsmanninn. Þó er eigi að jafnaði ástæða til þess, ef þriðji maður vissi eða mátti vita, að hann hafði ekki umboð. Er þá eðlilegast að líta svo á, að þriðji maður geri gerninginn á sjálfs sín ábyrgð og áhættu. Ennfremur er í síðari málsgr. þessarar gr. umboðsmaðurinn skilinn undan ábyrgð, ef hann fór eftir umboði, sem var ógilt af ástæðum, sem honum var ókunnugt um sjálfum, og þriðji maður gat eigi búizt við, að honum væri kunnugt um. Dæmi þessa er það, að umbjóðandi hefir orðið gjaldþrota og auglýsing hefir

verið birt um skiptin, en umboðsmanninum er þetta enn ókunnugt. Honum verður þá ekki gefið neitt að sök, og þá sýnist ekki vera sanngjarnt að láta hann bera áhættuna af því, að gerningurinn veitir eigi gagnaðilja þann rétt, sem hann átti að veita honum.

Þegar þessum tilfellum sleppir, er hinsvegar rétt að leggja ábyrgð á umboðsmanninn, er hann gerir löggerninga án nægilegs umboðs. Ábyrgðin, sem hér er lögð á hann, er hin sama og venja var talin heimila áður. Hann á að bæta það tjón, sem þriðji maður verður fyrir við það, að gerningnum verður eigi beitt gegn þeim manni, sem sagður var vera umbjóðandi. Jafnframt felst í gr. sú þýðingarmikla regla um sönnun í þessum málum, að umboðsmaðurinn verður að sanna umboð sitt eða að gerningurinn með öðrum hætti skuldbindi þann mann, sem hann gerði hann fyrir.

Um 26. gr.

Í undanfarandi greinum þessa kafla eru aðeins höfð fyrir augum þau umboð, sem veitt eru til þess að gera löggerning, t. d. gefa loforð, greiða skuld, segja upp húsaleigusamningi. En umboð getur einnig verið veitt til þess að taka við löggerningi, t. d. taka við peningaborgun, taka við uppsögn á samningi. Ákvæðin hér að framan eru einnig látin eiga við um slík umboð.

Um 27. gr.

Í núgildandi lögum eru sérákvæði um afturköllun einnar tegundar umboðs, svonefnd prókúruumboð. Þykir eigi ástæða til að hagga þeim reglum, og jafnframt er það tekið fram í síðari málsl. gr., að afturköllun samkv. þeim reglum sé nægileg ein fyrir sig, og að eigi þurfi að kalla umboðið aftur með öðrum hætti, hafi þeirra verið gætt.

Í dönsku lögunum er í þessari grein kveðið á um það, að gildandi lagaákvæði um einstakar tegundir umboða skuli haldast í gildi. Þetta ákvæði verður að telja óþarft, og er það því eigi tekið upp hér.

Í sænsku lögunum eru og nokkur frekari ákvæði í þessari grein, sem lúta að sérreglum sænskra laga um nokkur umboð, og ekki eiga við hér á landi, þar sem samsvarandi sérreglur eru eigi í vorum lögum.

Um III. kafla. Um ógilda löggerninga.

Yfirskrift þessa kafla er í dönsku og norsku lögunum: Om ugyldige Viljeserklæringer (um ógildar viljayfirlýsingar) en í sænsku lögunum: Om rättshandlingars ogiltighet (um ógildi löggerninga). Danir og Norðmenn vildu eigi nota orðið Retshandling (löggerningur) í þessu sambandi, þar sem þeim þótti það orð nánast benda til þess, að viljayfirlýsingin væri gild að lögum, og því óviðeigandi að nota orðin ógildur löggerningur. Á þetta verður þó ekki fallizt. „Löggerningar“ eru allar viljayfirlýsingar, sem ætlað er að stofna rétt, breyta honum eða afnema hann, án tillits til þess, hvort þær í hverju einstöku tilfelli hafa þau réttaráhrif, sem þeim var ætlað að hafa. Þykir því réttara að nota orðið löggerningur einnig í þessu sambandi, bæði í yfirskrift kaflans og í einstökum greinum hans, og fara þar að dæmum Svía.

Þó að yfirskrift kaflans sé um ógilda löggerninga, þá er fjarri því, að ákvæðin, sem hér fara á eftir, séu tæmandi um það efni. Hér eru aðeins sett ákvæði um nokkur af þeim atvikum, sem gert geta löggerning ógildan. Nefndin, sem lögin samdi, taldi heppilegt að setja ákvæði um þessi atvik, sumpart til þess að lögfesta reglur, sem venjan var talin hafa helgað, og sumpart sem nýmæli, þar sem samskonar reglur voru eigi taldar gilda áður. Eru og fleiri nýmæli í þessum kafla laganna en hinum. Flest þeirra munu eiga sér hliðstæður í rétti helztu menningarþjóðanna nú á tímum, og eru því í samræmi við réttarskoðanir nútímans og verður því að telja æskilegt, að þau séu einnig lögleidd hér.

Um 28. og 29. gr.

Í greinum þessum eru ákvæði um gerninga, sem menn eru neyddir til að gera. Í núgildandi lögum vorum eru engin ber ákvæði um gildi slíkra gerninga, en það hefir frá fornu fari verið talið, að gerningur, sem fenginn sé með ólögmætri nauðung, sé ógildur. Sú hefir einnig reglan verið í öðrum löndum frá fornu fari, en þegar að því kemur að ákveða nánar um verkanir ógildisins, þá hefir verið og er enn um tvær ólíkar stefnur að ræða í löggjöf þjóðanna. Sumstaðar er ógildi slíkra löggerninga algert, þ. e. ógildi in rem, gerningurinn er ógildur hvort sem sá, sem nauðunginni beitir, á sjálfur að njóta góðs af gerningnum eða annar maður, og hvort sem sá maður er grandlaus eða eigi. Þessi hefir reglan verið talin hér á landi upp á síðkastið. Hin reglan er sú, að ógildi gerningsins sé aðeins persónulegt, in personam, nauðungin geri gerninginn aðeins ógildan gagnvart þeim manni, sem beitti nauðunginni, og öðrum mönnum, sem var eða mátti vera kunnugt um, að gerningurinn var þannig til kominn. Síðarnefnda reglan er að vísu harðari í garð þess manns, sem neyddur var, en hinu verður eigi neitað, að hún samrýmist betur en hin fyrrnefnda reglan þeim reglum, sem annars gilda nú almennt, um hina miklu þýðingu þess, að sá maður, sem við löggerningi tekur, sé grandlaus. Hér er farinn millivegur milli þessa tvenns. Í 28. gr. er að ræða um þá nauðung, sem alvarlegust er, og gildir þá sú aðalregla, að gerningurinn er ógildur gegn hverjum sem er, þó að því áskildu, að sá, sem neyddur var, geri þeim manni, sem gerningnum var beint til, án ástæðulausrar tafar, aðvart um, að hann ætli að bera nauðungina fyrir sig sem ógildingarástæðu um gerninginn, enda hafi annar maður beitt nauðunginni og viðtakandi sé grandlaus. Til þessarar tilkynningarskyldu kemur þá fyrst, er nauðunginni er létt af, og ætti því ekki að vera neinum vandkvæðum bundið að gera þessar kröfur til þess, er gerninginn gerði. Ef hann tilkynnir þetta eigi, verður afleiðing þess sú, að hann getur eigi borið nauðungina fyrir sig. Í 29. gr. eru hinsvegar ákvæði um aðra nauðung, sem minna kveður að. Þeir gerningar, sem svo eru fengnir, eru ógildir gagnvart þeim, sem beitir nauðunginni, og öðrum, sem vita eða mega vita, að gerningurinn er gerður vegna ólögmætrar nauðungar af hálfu annars manns. Er þar miðað við þá vitneskju, sem viðtakandi gerningsins hafði eða mátti hafa, er gerningurinn kom til vitundar honum. Sé hann grandlaus þá, skiptir því ekki máli, þó hann frétti síðar hvernig gerningurinn er tilkominn.

Ógildingarreglur beggja þessara greina eru einskorðaðar við það, að gerningur

hafi verið gerður. Þær eiga því ekki við svonefnda „mekaniska“ nauðung, t. d. er hendi manns er stýrt með valdi og hann látinn undirskrifa skjal gegn vilja sínum. Slíkt er aldrei skuldbindandi fyrir hann. Hann hefir þar enga viljayfirlýsingu gefið, frekar en ef nafn hans hefði verið falsað undir skjalið. Þá eiga greinarnar og einnig aðeins við það, að gerningurinn sé gerður vegna nauðungarinnar, þ. e. að nauðungin hafi skipt svo miklu máli um það, að gerningurinn var gerður, að hann myndi eigi hafa verið gerður, ef nauðunginni hefði eigi verið beitt. Loks er að geta þess, að þessar reglur taka aðeins til ólögmætrar nauðungar. Sé nauðungin lögmæt, t. d. hótun um málssókn, ef skuld er eigi greidd, hefir slíkt engin áhrif á gildi löggerningsins.

Um 30. gr.

Hér er um að ræða löggerninga, sem fengnir eru með svikum, og kveðið svo á, að þeir skuli eigi vera skuldbindandi, ef sá, sem tók við gerningnum, hefir sjálfur beitt svikunum eða hann vissi eða mátti vita, að annar maður hafði gert það. Er þessi regla í fullu samræmi við það, sem nú er talið gilda.

Sama má segja um sannanareglu þá, sem felst í 2. mgr. Eftir henni myndi vera farið án skýrrar heimildar í settum lögum. Þegar því er haldið fram, að svikum hafi verið beitt, er gerningur var gerður, þá verður sá, sem ógilda vill gerninginn, að sanna, að svo hafi verið, sanna, að sá, sem tók við gerningnum, hafi sviksamlega skýrt rangt frá eða þagað yfir atvikum, sem ætla má, að skipti máli um löggerninginn. Þó þetta sé sannað, þá leiðir eigi af því, að gerningurinn sé ógildur, því vera má, að þessi atvik hafi í því einstaka tilfelli enga þýðingu haft, þótt þau almennt séu svo löguð, að þau gætu hafa haft þýðingu. Greinin leggur sönnunarbyrðina um þetta atriði á þann, sem við gerningnum tók. Hann verður að sanna, að hin ranga frásögn eða hin sviksamlega þögn hafi ekki skipt máli fyrir þann, sem gerninginn gerði, hann myndi hafa gert hann hvort sem væri. Þessi skipting sönnunarbyrðinnar er eftir atvikum hin eðlilegasta.

Um 31. gr.

Eins og áður var getið, voru ákvæði 31. gr. skandinavisku samningalaganna tekin upp í l. nr. 73 19. júní 1933, 7. gr., og þykir rétt, að þau standi þar áfram óhögguð. 31. gr. skandinav. laganna er því ekki tekin í þetta frumv., og svarar 31. gr. þess til 32. gr. laganna, og svo er eftirleiðis, að greinatala frumv. er einni á eftir greinatölu laganna.

Þegar ósamræmi verður á milli vilja og yfirlýsingar, þ. e. þegar sá, sem löggerning gerir, vegna mismælis eða misritunar segir og ritar annað en hann vill, þá er spurning, hvort ráði meira viljinn eða orðin. Er hann bundinn við það, sem hann sagði, eða aðeins við það, sem hann vildi? Um þetta hafa tvær skoðanir verið uppi. Önnur, hin svonefnda viljakenning, sem vill láta þann, sem yfirlýsinguna gaf, yfirleitt aðeins vera bundinn við það, sem hann vildi lýsa yfir. Hin skoðunin, sem nefnd er traustkenning, telur, að sá, sem yfirlýsinguna gaf, eigi að vera bundinn við það, sem gagnaðili mátti ætla, að ætti að felast í yfirlýsingunni, þ. e. allt, sem hann mátti ætla, að hinn vildi, að í yfirlýsingunni fælist. Síðarnefnda reglan hentar betur þörfum viðskiptalífsins, og hefir hún verið talin gilda tvímælalaust í vorum rétti. Er hún viðurkennd í 1. málsgr. þessarar gr.

Þessi regla gildir þó ekki óskorað. Það er ekki rétt að láta þann, sem yfirlýsinguna gaf, bera ábyrgð á öllu því ósamræmi, sem vera kann milli þess, sem hann vildi lýsa yfir, og þess, sem gagnaðili heldur að hann vilji lýsa yfir eftir hljóðan yfirlýsingarinnar, eins og hún er, þegar hún kemur til hans. Atvik geta legið svo til, að viðtakandi yfirlýsingarinnar getur sagt sér það sjálfur, að engin vissa er fyrir því, að yfirlýsingin komist til hans í sömu mynd og hún hafði, er gagnaðilinn gaf hana. Á þetta einkum við, er yfirlýsingin kemur til viðtakanda frá öðrum en þeim, sem gaf hana. Í 2. og 3. málsgr. eru því settar undantekningarreglur um þau tvö tilfelli, að löggerningurinn er sendur í símskeyti eða í munnlegum skilaboðum þriðja manns. Sendandi ber þá ekki ábyrgð á því, þó að yfirlýsingin aflagist í meðförum þessara manna. Er þetta og í samræmi við gildandi rétt.

Eftir fyrirmynd norsku laganna er hér í 4. mgr. tekið upp ákvæði um skaðabótaskyldu sendanda, ef hann á sjálfur sök á þessum mistökum.

Af því, sem nú hefir verið sagt, leiðir það, að ef símskeyti t. d. aflagast í meðförum símans, þá skapar sá löggerningur eigi rétt fyrir viðtakanda samkv. því, sem símskeytið hljóðar, er það kemur til hans. Gildir þetta jafnt hvort sem viðtakandi vissi um mistökin eða eigi. Viti hann eigi um þau, treystir hann því, að hann hafi fengið rétt, sem hann ekki hefir fengið. Sú óvissa getur verið honum mjög bagaleg, og því bagalegri, sem hún er lengri. Því er hér í 5. mgr. lögð sú skylda á sendanda, að skýra viðtakanda, án ástæðulausrar tafar, er hann fær vitneskju um mistökin, frá því, að hann ætli að bera þau fyrir sig, þannig að gerningurinn verði skuldbindandi fyrir hann ella. Ákvæði 5. mgr. eiga aðeins við, er svo stendur á, sem segir í 2. og 3. málsgr.

Í sambandi við ákvæði 2. málsgr. skal þess getið, að í 3. gr. reglug. nr. 118 15. nóv. 1917 hefir landsíminn undanþegið sig allri ábyrgð á afleiðingum þess, ef yfirsjónir eða óregla kann að eiga sér stað í meðferð skeyta.

Um 32. gr.

Ákvæði þessu er ætlað að gefa dómstólunum svigrúm til þess að ógilda löggerninga, enda þótt ógildingarástæður laganna séu eigi fyrir hendi, ef það myndi verða talið stríða á mót almennum heiðarleik í viðskiptum, að löggerningnum yrði beitt. Slíkar reglur hafa verið lögteknar víða um lönd á síðari tímum. Menn hafa fundið til þess, að venjulegu ógildingarreglurnar væru eigi fullnægjandi. Svo getur staðið á, að ekki verði sagt, að t. d. svikum hafi verið beitt eða okur átt sér stað, en atvik að gerningum séu þannig löguð, að heiðvirður maður myndi eigi hafa tekið við gerningnum. Þegar svo stendur á, er í rauninni nauðsynlegt að hafa heimild til ógildingar, því rétturinn á eigi að veita slíkum gerningum vernd sína. Greinin miðar þetta við það, hvað viðtakanda var eða mátti vera kunnugt, er gerningurinn kom til vitundar hans. Dómarinn á að reyna að setja sig í spor viðtakanda, og meta það, hvort hann, sem heiðarlegur maður, átti að taka við gerningnum með þeim atvikum, sem þá voru fyrir hendi og honum mátti vera kunnugt um. Vitanlega er með þessu mikið vald lagt í hendur dómstólanna, en hjá því verður ekki komizt, enda má sama segja um margar ógildingarástæður aðrar, þar sem mikið er undir mat dómsins lagt.

Um 33. gr.

Hér er um að ræða gerninga, sem gerðir eru til málamynda. Þeir skapa engan rétt milli aðiljanna sjálfra, eða ekki þann rétt, sem þeir hljóða um. En noti sá, sem við slíkum gerningi tók, hann út á við, og framselji rétt þann, er gerningurinn virðist veita honum til þriðja manns, sem eigi veit eða má vita, að gerningurinn var gerður til málamynda og málamyndagerningurinn var skriflegur, þá er afstaða þess þriðja manns svipuð því, er maður semur í grandleysi við umboðsmann, sem skriflegt umboð hefir, en fer í samningunum í bága við einhver sérstök fyrirmæli, sem umbjóðandi hafði gefið honum og eigi verða séð í hinu skriflega umboði. Í núgildandi rétti er skriflegur málamyndagerningur talinn hafa sömu áhrif út á við, gagnvart grandlausum þriðja manni, og skriflegt umboð, og greinin hefir því engin nýmæli að geyma.

Um 34. gr.

Þegar skuldari er krafinn peningagreiðslu á eða eftir gjalddaga af manni, sem hefir í höndum kvittun fyrir greiðslunni, undirritaða af kröfuhafa, þá væntir skuldarinn þess að jafnaði, að sér sé óhætt að greiða þeim manni gegn afhendingu kvittunarinnar. Oftast er það líka svo, að handhafi kvittunarinnar hefir umboð kröfuhafa til að taka við greiðslunni, og að greiðsla til handhafa þess vegna er fullgild. Hafi handhafinn ekki slíkt umboð, er tvennt til. Kvittunin getur verið fölsuð, og þá er greiðslan ógild, eins þó skuldari sé grandlaus. Grein þessi á ekki við það tilfelli, heldur hitt, að kröfuhafi hafi sjálfur undirritað kvittunina, en hún sé komin í hendur handhafans án vilja hans. Þegar svo stendur á, er eðlilegra að leggja þessa áhættu á kröfuhafann en á skuldarann grandlausan. Það er svo algengt, að innheimtumenn séu sendir út t. d. með kvittaða reikninga, að það þarf ekki á neinn hátt að vekja tortryggni skuldarans, að annar maður kemur með kvittunina en kröfuhafinn. Á hinn bóginn má segja, að kröfuhafi eigi að gæta þeirra kvittana, sem hann gefur út, svo vel, að þær komist ekki í hendur annara manna en þær eiga að komast. Þess vegna er hér mælt svo fyrir, að greiðsla skuldara til handhafa kvittunar sé fullgild, ef skuldari er grandlaus. Reglan gildir aðeins um kvittanir fyrir peningaupphæðum, sem eru þær skriflegu kvittanir, sem langalgengastar eru. Þá gildir reglan líka aðeins um greiðslu á eða eftir gjalddaga. Sé skuldari krafinn greiðslu fyrir gjalddaga, hefir hann meiri ástæðu til að sýna varkárni, sbr. og l. nr. 93 19. júní 1933, 40. gr.

Í sænsku lögunum er í þessari grein ákvæði um gildi viðskiptabréfa (handhafabréfa), sem útgefandi hefir undirritað, en komin eru úr vörzlum hans gegn vilja hans. Þetta ákvæði er óþarft hér, með því að vér höfum önnur lagaákvæði um það efni.

Um 35. gr.

Það er ekki óalgengt, að menn semja svo um, að skuldari skuli vera skyldur til að greiða tiltekna greiðslu í févíti til kröfuhafa, ef hann efnir ekki skuldbindingu, sem á honum hvílir. Kemur það jafnvel fyrir, að menn játa á sig slík viðurlög, þó eigi sé um vanefnd neinnar skuldbindingar að ræða, ef þeir láti ógert eitthvað, sem þeim eigi var skylt að gera, eða geri eitthvað, sem þeim eigi var skylt að láta ógert. Þesskonar samningsákvæði geta verið fyllilega réttmæt. Get-

ur verið um fullkomlega lögmæta hagsmuni að ræða hjá þeim, sem áskilur sér þann rétt, og þessi aðferð getur verið eðlileg og hagkvæm til að tryggja þá hagsmuni. Að vísu er það svo, að sá, sem tjón biður vegna þess, að skuldbinding er eigi efnd, á að jafnaði rétt á bótum fyrir það, en hann verður bæði að sanna, að hann hafi orðið fyrir tjóni, og hve mikið það tjón hafi verið, en um hvorttveggja þetta getur sönnunaraðstaðan verið svo örðug, að bótarétturinn verði lítils virði. Hin umsamda fjárgreiðsla getur þá komið sér vel sem bætur fyrir tjón, sem í raun inni hefir orðið, en ekki verður sannað. Í annan stað getur févíti þetta verið aðhald fyrir skuldara um að efna skyldu sína. Í samningum eru þessar greiðslur oft nefndar bætur eða skaðabætur, en þær fara oft langt fram úr því að vera bætur fyrir það tjón, sem orðið hefir, og eru þá einskonar samningsbundin refsing, sekt á skuldarann.

Slík samningsákvæði eru mjög tíð hér á landi og eru oft sett í samninga án þess að aðiljar geri sér ljóst, hvað í þeim felst eða hverjar afleiðingar þau geta haft. Þess vegna er æskilegt að hafa ákvæði eins og það, sem sett er í þessari gr., sem heimilar að færa greiðsluna niður, ef það er bersýnilega ósanngjarnt, þegar til allra atvika er litið, að hún verði greidd að fullu. Sú heimild nær jafnt til þess, að greiðslan sé enn ógreidd, og að hún hafi verið greidd fyrirfram, þ. e. áður en þau atvik höfðu gerzt, sem hún átti að vera viðurlög við. En hafi skuldarinn innt hana af hendi eftir að hún var á fallin, þá hefir hann með því sýnt, að hann telur hana eigi vera bersýnilega ósanngjarna, og þykir þá eigi rétt að veita honum endurheimturétt.

Í dönsku lögunum er í 2. málsgr. þessarar gr. ákvæði um það, undir hvaða dómstól mál samkv. 1. málsgr. heyrir, þegar annar aðilja er kaupmaður. Það ákvæði á eigi við hér á landi.

Um 36. gr.

Hafi samningi verið rift vegna vanefnda annars aðilja, fellur hann niður, og þær greiðslur, sem þegar hafa farið fram samkv. honum, eiga þá að ganga til baka, að svo miklu leyti sem unnt er, sbr. t. d. l. nr. 39 19. júní 1922, 57. gr. Sá aðilja, sem ábyrgð ber á vanefndinni, verður að vísu oft skaðabótaskyldur gagnvart hinum, en hann á samt sem áður rétt á að fá aftur það, sem hann þegar kann að hafa greitt. Í annan stað leiðir það af riftun samnings, að hvorugur aðili er þá skyldur til að greiða það, sem hann þá kann að eiga ógreitt af skuldbindingum sínum samkvæmt samningnum. Stundum er samið um undantekningu frá þessum almennu reglum. Það er t. d. ekki ótítt, að kaupandi, sem kaupsamning gerir um fasteign, greiðir tiltekna upphæð til seljanda við undirskrift kaupsamningsins, og að ákveðið er í samningnum, að sú greiðsla skuli eigi aftur kræf, ef kaupandi vanefnir samninginn og kaupandi riftir vegna þeirra vanefnda. Eins er það mjög algengt ákvæði í svonefndum afborgunarkaupum, að verði vanskil á einni afborgun, geti seljandi tekið hinn selda hlut aftur, og að kaupandi eigi þá eigi rétt á að fá endurgreiddar þær afborganir, sem hann þegar hefir greitt. Í báðum þessum tilfellum er endurheimturéttur kaupenda, er riftun fer fram, takmarkaður. Í leigusamningum eru stundum ákvæði um það, að verði leigusamningnum rift vegna vanefnda leigutaka áður en leigutíminn

er á enda, þá skuli leigutaki samt sem áður skyldur til að greiða leigu út hið umsamda leigutímabil, m. ö. o., hann er þá skyldur til að greiða skyldu sína að fullu samkvæmt samningnum þrátt fyrir riftun hans. Slík samningsákvæði geta verið réttmæt af sömu ástæðum og þau, sem um var rætt í 35. gr. En hér er einnig sama ástæða og þar til þess, að heimild sé gefin til að breyta þeim, þegar niðurstaðan af þeim yrði bersýnilega ósanngjörn. Því er hér heimilað að beita ákvæðum 35. gr. einnig um slíka samninga.

Samkv. 2. málsgr. er hið sama látið gilda um eina aðra ákveðna tegund samningsákvæða, þ. e. þegar svo er ákveðið, að veði eða annari tryggingu, sem sett hefir verið fyrir efndum einhverrar skuldbindingar, skuli fyrirgert, ef skuldbindingin er eigi efnd. Í sænsku lögunum er farið það strangara í sakirnar um þessi ákvæði en hin, að þau eru sögð vera ógild. Hér þykir eigi ástæða til þess, frekar en í Danmörku og Noregi, en þessi samningsákvæði myndu líklega oftar verða talin bersýnilega ósanngjörn en hin.

Í skandinavisku lögunum er í þessari grein kveðið svo á, að hún gildi ekki um svonefnd afborgunarkaup. Um þau kaup eru sérstök lög í þessum löndum, sem samin eru af nefndinni, sem gerði samningalögin. Þessi lög hafa ekki verið lögtekin hér, enda þykja þau eigi hafa reynzt að öllu leyti vel. Verður ekki annað séð en að ákvæðum greinar þessarar megi vel beita um afborgunarkaup hér á landi, enda sennilega mest þörf á þeim einmitt í þeim kaupum.

Um 37. gr.

Ákvæði þessarar greinar í skandinavisku lögunum eru hvert með sínu móti. Hér er dönsku lögunum fylgt, að því undanskildu, að réttarfarsákvæði, samskonar því, sem fellt var niður úr 35. gr., er ekki tekið upp hér og að orðalag 1. mgr. er nánast sniðið eftir sænsku lögunum. Sænsku lögin hafa aðeins ákvæði, sem svarar til 1. málsgr. Í norsku lögunum er kveðið svo á, í 2. málsgr., að þessi samningsákvæði séu óskuldbindandi, ef þau eru gerð við mann, sem er í undirtyllustöðu við fyrirtækið, og eiga að gilda eftir að ráðningu hans þar er lokið; þó gilda þau einnig þá með tilteknum skilyrðum, ef starfanum er þannig varið, að starfsmaðurinn fær kynni af leyndarmálum fyrirtækisins og gæti notað þá þekkingu því til skaða.

Ákvæði greinar þessarar hafa svipaðan tilgang og 35. og 36. gr., þann, að losa menn undan ósanngjörnum samningsákvæðum. Samningar þeir, sem hér ræðir um, eru ekki alls ótíðir, og geta átt rétt á sér, en eru hinsvegar nokkuð tvíeggjaðir og rýra þá atvinnufrelsi þess, er slíka skuldbindingu tekur á sig, að þarflausu. Ákvæði síðari málsgr. fella þessar skuldbindingar úr gildi þegar ráðningunni slítur fyrir þær sakir, er þar greinir, þ. e. ef starfsmanninum er að ástæðulausu vikið úr stöðunni eða hann hverfur úr henni fyrir vanefndir gagnaðilja. Þegar svo er, sýnist gagnaðili ekki geta átt neina sanngirniskröfu til þess, að skuldbindingin standi framvegis.

Um IV. kafla. Almenn ákvæði.

Um 38. gr.

Í allmörgum ákvæðum frumvarpsins er gildi löggernings látið vera komið undir því, að viðtakandi sé grandlaus eða viti eigi eða megi vita um tiltekin atvik. Hér er almennt ákvæði um það, við hvaða tíma þetta eigi að miða. Í samræmi við það, sem gilt hefir hingað til, og í samræmi við meginreglur laga vorra um gildi löggerninga, skal hér miða við vitneskju viðtakanda þegar löggerningurinn kemur til vitundar honum. Ef t. d. framsalshafi, í því tilfelli sem ræðir um í 33. gr., veit, að skjalið var gefið út til málamynda, þegar hann fær vitneskju um framsalið, þá veitir það honum eigi rétt. En sé honum ókunnugt um þetta þá, fær hann rétt samkv. framsalinu, og skiptir þá eigi máli, þótt hann seinna frétti, að skjalið hafði verið gert til málamynda. Þetta er aðalreglan, en svo getur staðið á, að viðtakandi fái vitneskju um þessi atvik svo skömmu eftir að hann fékk vitneskju um löggerninginn, að löggerningurinn geti engin áhrif hafa haft um ráðstafanir hans. Maður gerir öðrum t. d. munnlegt tilboð og mismælir sig, tilboðið verður annars efnis en hann vildi vera láta, en hinum er þetta eigi ljóst. Það myndi verða talið ósanngjarnt, ef hann mætti eigi leiðrétta sig síðar í samtalinu. Til þess að bæta úr slíkum ósanngjörnum afleiðingum aðalreglunnar er dómstólunum, í síðari málsl. gr., veitt heimild til að taka, með vissum skilyrðum, einnig tillit til vitneskju, sem viðtakandi fær eftir að löggerningurinn kom til vitundar honum.

Um 39. gr.

Samkv. ákvæðum þessarar greinar er það, hvort tilkynningu seinkar á leiðinni eða hún glatast, á áhættu viðtakanda, ef sendandi hefir komið henni til flutnings með flutningstæki, er gilt þykir að nota. Er þetta í samræmi við ákvæði í öðrum lögum um hliðstæð tilfelli, t. d. l. nr. 39 19. júní 1922, 61. gr., l. nr. 93 19. júní 1933, 45. gr.

Um 40. gr.

Þess var áður getið, að í heiti dönsku og sænsku laganna er gildi þeirra miðað eingöngu við löggerninga á sviði fjármálaréttarins. Í norsku lögunum er þetta tekið fram í sérstakri grein, 40. gr. Þess var einnig getið áður, að æskilegt væri að forðast að nota hugtakið fjármálaréttur í lagasetningu. Hér er því aðeins sagt, að lögin gildi eigi um löggerninga, sem lúta að málefnum, sem reglur persónuréttarins, sifjaréttarins og erfðaréttarins gilda um. Reglurnar í frumv. þessu eru yfirleitt miðaðar við þarfir almennra viðskipta. Þar er nauðsynlegt, að öruggt sé, að maður, sem með réttu telur sig hafa fengið einhvern rétt, megi treysta því. Þess vegna er grandleysi viðtakanda gerningsins oft metið meira en vilji þess, sem gerninginn gerir. Sú regla skapar meiri festu og öryggi í viðskiptalífinu en hin gagnstæða. Þessa er ekki þörf þegar um þá gerninga er að ræða, sem nefndir eru í þessari grein. Þeir skipta litlu máli í almennum viðskiptum manna. Undir þá falla t. d. fjárskil fjárhaldsmanns, kaupmálar hjóna og erfðaskrár. Hinsvegar eru hér ekki nefndir gerningar, sem lúta að málefnum hins opinbera réttar. Bæði er það, að mörkin milli þeirra og almennra gerninga eru óljós, og

auk þess sýnast ákvæði frv. geta átt betur við þá en gerningana, sem gr. þessi ræðir um, og að svo miklu leyti, sem þær ekki eiga við, koma þá sérstök laga-ákvæði eða venjur til greina, sem fela í sér afbrigði, sem við þessa gerninga eiga, og ganga fyrir ákvæðum frumvarpsins.

Um 41. gr.

Þarf ekki skýringa.

Ed. 429. Frumvarp til laga

um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

I. KAFLI

Inngangur og orðaskýringar.

1. gr.

Hverjum íslenzkum ríkisborgara, sem uppfyllir þau skilyrði, sem sett eru í lögum þessum, er heimilt að leita sér atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum. Sama gildir um þá erlenda ríkisborgara, sem jafnrétti hafa við íslenzka ríkisborgara að lögum.

2. gr.

a. *Skip* merkir í lögum þessum hvert það far, sem er 6 rúmlestir eða stærra og skráð er á skipaskrár, án tillits til þess, hvort það gengur fyrir seglum eða vél eða hvorutveggja.
b. *Rúmlest* er brúttó-rúmlest = 100 teningsfet ensk = 2,83 teningsmetrar.
c. *Mánuður* er 30 nátta mánuður, eins og ákveðið er með sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930, um kaupgreiðslur á sjó.
d. *Flutningaskip* merkir skip, eigi yfir 100 rúmlestir að stærð, sem notað er til fólks- og vöruflutninga innanlands, enda þótt það sé skrásett sem fiskiskip og notað til fiskveiða einhvern tíma ársins, sé það meiri hluta ársins við aðrar siglingar en fiskveiðar. Meðan slíkt skip stundar veiðar, gilda um það sömu ákvæði og um önnur fiskiskip af sömu stærð.
e. *Fiskiskip* merkir hvert það skip, sem skrásett er sem fiskiskip, án tillits til stærðar, og notað er mestan hluta ársins til veiða, þótt það sé jafnframt notað til flutninga til útlanda á eigin afla eða keyptum afla.
f. *Verzlunarskip* merkir hvert það skip, sem skrásett er sem verzlunarskip, án tillits til stærðar, og siglir með varning frá landinu og til þess og milli hafna innanlands eða flytur farþega eða hvorttveggja.
g. *Innanlandssigling* er sigling og fiskveiðar við strendur Íslands og á hafinu kringum landið.

h. *Utanlandssigling* er hver sú ferð, sem farin er til fiskimiða eða að ströndum annara landa, þótt hafnar sé eigi leitað.

i. *Fullgildur háseti* á verzlunarskipi eða varðskipi er sá einn, er sannar með sjóferðabók,

1. að hann hafi siglt sem skipsdrengur, óvaningur eða viðvaningur á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 36 mánuði samtals, þó þar af eigi skemur en 12 mánuði sem viðvaningur og eigi lengur en 6 mánuði sem skipsdrengur, eða
2. að hann hafi siglt sem háseti á skipi yfir 60 rúmlestir í 30 mánuði og sem viðvaningur á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 12 mánuði.

Siglingatími sem timburmaður eða bátsmaður telst jafngildur siglingatíma sem fullgildur háseti.

j. Á meðan engar sérstakar reglur eru til hér á landi um útreikning *hestafla*, eimvéla eða mótora í skipum, skal við framkvæmd þessara laga fara eftir framleiddum (indiceret) hestöflum, skammstafað f. h. ö., þegar um eimvélar er að ræða, en virkum (effectiv) hestöflum, skammstafað v. h. ö., þegar um hreyfil er að ræða, og skal reiknað með mesta hestaflafjölda, sem vélin getur haft, miðað við 4 klukkustunda siglingu.

Verði reglur settar hér á landi um útreikning hestafla í skipum, skal fara eftir þeim.

k. *Siglingar innan fjarða eða flóa* ber að skilja sem siglingar með skipum, sem eru staðbundin við ákveðna firði eða flóa og eigi er ætlað að fara út fyrir þau takmörk.

l. *Vélavörður* nefnist sá, sem hefir rétt til þess að gæta véla, sem eigi hafa yfir 15 hestöfl, en *vélstjóri* nefnist hver sá, sem rétt hefir til að stjórna aflvél samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

a. Próf þau og siglingatími, sem krafizt er í lögum þessum til þess að öðlast skírteini, eru hið lægsta, sem þarf í hverju einstöku tilfelli. Æðra próf í sömu greinum gildir einnig fyrir þau skírteini, sem lægra próf þarf til að öðlast.

Ráðherra sá, sem fer með kennslumál, setur reglugerð um það, hvernig kennslu skipstjórnarmanna og vélamanna skuli hagað, svo og um inntökuskilyrði í skóla fyrir þá, próf og skilyrði þau, sem sett eru fyrir prófum.

b. Siglingatími vélamanna telst sá tími, sem maðurinn er lögskráður á skip og vinnur við það, að meðtöldum lögskráningardegi og afskráningardegi. Siglingatími stýrimanna og háseta telst aðeins sá tími, sem þeir eru skráðir á skip, sem er í förum. Sé skipi lagt upp án þess að afskráning fari fram, skal geta þess í sjóferðabók, og má þá telja til siglingatíma stýrimanna og háseta allt að ⅓ hluta þess tíma, sem skipið hefir legið um kyrrt. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri.

II. KAFLI

Skipstjórnarmenn á fiskiskipum og flutningaskipum.

4. gr.

Rétt til að vera formaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi 6—15 rúmlesta að stærð, sem ætlazt er til, að komi daglega að landi, hefir sá einn, sem leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af lögreglustjóra til 5 ára í senn, eftir tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, um að hann:

a. þekki á áttavita,
b. kunni alþjóðareglur til að forðast ásiglingu og þekki neyðarbendingar og kunni að nota þær,
c. kunni að setja stefnur og miðanir á sjókort eftir seguláttum,
d. kunni að nota vegamæli og handlóð í sambandi við sjókort,
e. hafi þekkingu á vitakerfi landsins og björgunarstöðvum og kunni að nota algengustu björgunartæki,
f. kunni að finna, hvenær flóð verður og fjara,
g. þekki reglur um lífgun drukknaðra manna,
h. sanni með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn,
i. sé 18 ára að aldri,
j. sanni með sjóferðabók eða vottorðum, að hann hafi verið háseti eftir 16 ára aldur á skipi yfir 6 rúmlestir í 18 mánuði.

Hinir siglingafróðu menn, sem um getur í upphafi þessarar greinar, skulu skipaðir fyrir takmörkuð svæði, sem atvinnumálaráðuneytið tiltekur.

Gegn slíku vottorði gefur lögreglustjóri út skírteini, sem veitir rétt til formennsku á skipi 6—15 rúmlestir að stærð.

5. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi yfir 15 rúmlestir, en eigi yfir 100 rúmlestir að stærð, hefir sá einn, er fengið hefir hið minna skipstjóraskírteini á fiskiskipi.

6. gr.

Sá einn getur fengið hið minna skipstjóraskírteini á fiskiskipi, sem:

A. staðizt hefir hið minna fiskimannapróf.
B. 1. þegar skírteinið á ekki að veita rétt til skipstjórnar á stærra skipi en 15—60 rúmlesta: hefir verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði.
   2. þegar skírteinið á að veita rétt til skipstjórnar á skipi, sem er 60—100 rúmlestir:
      a. hefir verið stýrimaður á skipi yfir 60 rúmlestir í 12 mánuði,
      b. hefir verið stýrimaður á skipi yfir 20 rúmlestir í 18 mánuði og þar af 6 mánuði á skipi yfir 60 rúmlestir,

c. hefir verið stýrimaður á skipi yfir 60 rúmlestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi 20—60 rúmlestir í 6 mánuði, eða
d. hefir verið skipstjóri á skipi 20—60 rúmlestir í 12 mánuði.

C. er fullveðja.
D. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.
E. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

Nú er skipið flutningaskip 30 rúmlestir eða stærra, og komi þá í stað áðurgreinds siglingatíma 12 mánaða siglingatími á verzlunar- eða flutningaskipi yfir 30 rúmlestir, eða auk áðurgreinds siglingatíma, sé hann allur á fiskiskipum, komi 6 mánaða stýrimannstími á verzlunar- eða flutningaskipi yfir 30 rúmlestir.

Geta skal þess á skírteinum þeim, sem gefin eru út samkvæmt þessari grein, hvort skírteinið gildir fyrir fiskiskip og flutningaskip eða fyrir fiskiskip eingöngu, og þá hvort fyrir skip undir 60 rúmlestir eða yfir það.

7. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi yfir 15, en eigi yfir 100 rúmlestir að stærð, hefir sá einn, er fengið hefir hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

8. gr.

Sá einn getur fengið hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi, sem:

A. hefir staðizt hið minna fiskimannapróf.
B. 1. Ef skírteinið á ekki að veita rétt til stýrimennsku á stærra skipi en 15—60 rúmlestir: hefir verið háseti eftir 16 ára aldur í 36 mánuði á skipi yfir 15 rúmlestir, eða verið formaður á skipi yfir 10 rúmlestir í 12 mánuði og auk þess háseti eftir 16 ára aldur á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði.
2. Ef skírteinið á að veita rétt til stýrimennsku á skipi, sem er 60—100 rúmlestir:
a. hefir verið háseti eftir 16 ára aldur í 36 mánuði á skipi yfir 15 rúmlestir og þar af 12 mánuði á skipi yfir 60 rúmlestir,
b. hefir verið stýrimaður á skipi yfir 20 rúmlestir í 12 mánuði, eða
c. hefir verið formaður á skipi yfir 10 rúmlestir í 12 mánuði, og auk þess háseti eftir 16 ára aldur í 12 mánuði á skipi yfir 60 rúmlestir.

C. er fullveðja.
D. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.
E. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

Til þess að öðlast stýrimannsskírteini á flutningaskipi komi í stað stafl. B. 1. og 2. þessarar greinar 36 mánaða siglingatími eftir 16 ára aldur sem háseti á skipi yfir 15 rúmlestir og þar af 6 mánaða siglingatími sem háseti á verzlunar- eða flutningaskipi yfir 30 rúmlestir.

Geta skal þess á skírteinum þeim, sem gefin eru út samkv. þessari grein,

hvort skírteinið gildir fyrir fiskiskip og flutningaskip eða fyrir fiskiskip eingöngu, og þá hvort fyrir skip undir eða yfir 60 rúmlestir.

9. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku fiskiskipi af hverri stærð sem er hefir sá einn, er fengið hefir hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi.

10. gr.

Sá einn getur fengið hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi, sem:

A. staðizt hefir hið meira fiskimannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík,
B. a. hefir verið 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir,
   b. hefir verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 12 mánuði undirstýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir,
   c. hefir verið skipstjóri í 18 mánuði á skipi yfir 60 rúmlestir,
   d. hefir verið skipstjóri í 12 mánuði á skipi yfir 60 rúmlestir og undirstýrimaður í 12 mánuði á skipi yfir 100 rúmlestir, eða
   e. hefir verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir í 12 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 60 rúmlestir í 6 mánuði,
C. er fullveðja,
D. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
E. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

11. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á fiskiskipi af hverri stærð sem er hefir sá einn, er fengið hefir hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

12. gr.

Sá einn getur fengið hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi, sem:

a. staðizt hefir hið meira fiskimannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík,
b. 1. hefir verið 36 mánuði háseti á skipi eftir 16 ára aldur og af þeim tíma verið að minnsta kosti 18 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir,
   2. hefir verið 12 mánuði skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir og 12 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir, eða
   3. hefir verið 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 60 rúmlestir og auk þess 12 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir,
c. er fullveðja,
d. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

III. KAFLI

Skipstjórnarmenn á verzlunarskipum og varðskipum ríkisins.

13. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í innanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi eigi yfir 400 rúmlestir að stærð hefir sá einn, sem fengið hefir hið minna skipstjóraskírteini á verzlunarskipi.

14. gr.

Sá einn getur fengið hið minna skipstjóraskírteini á verzlunarskipi, sem auk þess að uppfylla skilyrði 10. greinar þessara laga, stafl. A, C, D og E:

a. hefir verið stýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði, og þar af 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður,
b. hefir verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi eigi undir 100 rúmlestir í 12 mánuði og stýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir í 12 mánuði,
c. hefir verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 6 mánuði, og auk þess einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir eða á flutningaskipi í 18 mánuði, eða
d. hefir verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 6 mánuði og auk þess skipstjóri á fiskiskipi yfir 60 rúmlestir í 18 mánuði eða á flutningaskipi í 12 mánuði.

15. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í innanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi eigi yfir 400 rúmlestir að stærð hefir sá einn, sem fengið hefir hið minna stýrimannsskírteini á verzlunarskipi.

16. gr.

Sá einn getur fengið hið minna stýrimannsskírteini á verzlunarskipi, sem auk þess að uppfylla skilyrði 12. gr. þessara laga, stafl. a, c, d, og e,

1. hefir verið háseti eftir 16 ára aldur í 48 mánuði á skipi yfir 100 rúmlestir, og þar af 12 mánuði fullgildur háseti á verzlunarskipi eða varðskipi,
2. hefir verið 12 mánuði skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir og auk þess fullgildur háseti í 6 mánuði eða viðvaningur í 12 mánuði á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir, eða
3. hefir verið 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 60 rúmlestir og auk þess fullgildur háseti á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 6 mánuði eða viðvaningur á slíku skipi í 12 mánuði. Ofangreindur stýrimannstími þarf þó eigi að vera nema 8 mánuðir, sé hann á flutningaskipi.

17. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í innan- eða utanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi af hvaða stærð sem er hefir sá einn, er fengið hefir hið meira skipstjóraskírteini á verzlunarskipi.

18. gr.

Sá einn getur fengið hið meira skipstjóraskírteini á verzlunarskipi, sem:

a. hefir staðizt farmannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík,
b. 1. hefir verið stýrimaður í 36 mánuði á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir og af þeim tíma 12 mánuði yfirstýrimaður,
   2. hefir verið stýrimaður í 36 mánuði á verzlunarskipi yfir 100 rúmlestir og af þeim tíma 24 mánuði sem einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og auk þess yfirstýrimaður í 12 mánuði á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir,
   3. hefir verið skipstjóri í 18 mánuði á verzlunarskipi yfir 100 rúmlestir og 12 mánuði yfirstýrimaður á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir, eða
   4. hefir verið skipstjóri í 24 mánuði á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir og auk þess stýrimaður á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir í 18 mánuði, og af þeim tíma 12 mánuði yfirstýrimaður,
c. er 25 ára að aldri,
d. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

Til þess að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á verzlunarskipi af ótakmarkaðri stærð, skal hlutaðeigandi sanna með sjóferðabók, að hann hafi siglt sem yfirstýrimaður á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir í 12 mánuði í utanlandssiglingum.

Geta skal þess á skírteini, sem gefið er út samkv. þessari grein, hvort það gildir fyrir utan- eða innanlandssiglingar eða fyrir hvorttveggja.

19. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi eða varðskipi af hverri stærð sem er hefir sá einn, er fengið hefir hið meira stýrimannsskírteini á verzlunarskipi.

20. gr.

Sá einn getur fengið hið meira stýrimannsskírteini á verzlunarskipi, sem:

a. hefir staðizt farmannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík,
b. 1. hefir verið háseti eftir 16 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 48 mánuði, og af þeim tíma 12 mánuði sem fullgildur háseti, timburmaður eða bátsmaður í utanlandssiglingum, eða
   2. hefir verið háseti eftir 16 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 24 mánuði, og af þeim tíma 12 mánuði sem fullgildur háseti, bátsmaður eða timburmaður í utanlandssiglingum, og auk þess háseti á fiskiskipi yfir 60 rúmlestir í 24 mánuði,
c. er fullveðja,
d. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

21. gr.

Sá, er öðlazt hefir réttindi sem skipstjóri á varðskipum ríkisins yfir 100 rúmlestir, á rétt á að vera skipstjóri í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi af ótakmarkaðri stærð, en þó því aðeins í utanlandssiglingum, að hann hafi siglt í 12 mánuði sem stýrimaður í utanlandssiglingum á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir.

Hinsvegar getur sá, er fengið hefir hið meira skipstjóraskírteini á verzlunarskipi, öðlazt réttindi til þess að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins, ef hann hefir siglt í 12 mánuði sem stýrimaður á varðskipi yfir 100 rúmlestir og uppfyllir að öðru leyti þau skilyrði, sem sett kunna að verða fyrir því að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins.

IV. KAFLI

Vélamenn á eimskipum.

22. gr.

Sá einn hefir rétt til þess að vera undirvélstjóri á eimskipi með 300 hestafla vél eða minni, sem hefir öðlazt skírteini það, sem ræðir um í 23. gr.

23. gr.

Sá einn getur öðlazt undirvélstjóraskírteini á eimskipi með 300 hestafla vél eða minni, sem:

a. hefir staðizt hið minna vélstjórapróf við vélstjóraskólann í Reykjavík,
b. hefir verið kyndari á eimskipi í 12 mánuði,
c. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
d. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

24. gr.

Sá einn hefir rétt til þess að vera yfirvélstjóri á eimskipi með 300 hestafla vél eða minni, sem hefir öðlazt skírteini það, sem ræðir um í 25. gr.

25. gr.

Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á eimskipi með 300 hestafla vél eða minni, sem eftir að hafa öðlazt skírteini það, sem ræðir um í 23. gr.:

a. hefir siglt sem undirvélstjóri á eimskipi í 24 mánuði,
b. hefir lokið smíðaprófi fyrir vélstjóra,
c. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
d. er fullveðja,
e. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

26. gr.

Sá einn hefir rétt til þess að vera undirvélstjóri á eimskipi með meira en 300, en ekki yfir 800 hestafla vél, eða aðstoðarvélstjóri á eimskipi með yfir 800 hestafla vél, sem öðlazt hefir skírteini það, sem ræðir um í 27. gr.

27. gr.

Sá einn getur öðlazt undirvélstjóraskírteini á eimskipi með meira en 300, en ekki yfir 800 hestafla vél, eða aðstoðarvélstjóraskírteini á eimskipi með meira en 800 hestafla vél, sem:

a. hefir staðizt hið meira vélstjórapróf við vélstjóraskólann í Reykjavík,
b. hefir verið kyndari á eimskipi í 12 mánuði,
c. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
d. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

28. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera yfirvélstjóri á eimskipi með meira en 300, en ekki yfir 800 hestafla vél, eða undirvélstjóri á eimskipi með meira en 800 hestafla vél, sem öðlazt hefir skírteini það, sem ræðir um í 29. gr.

29. gr.

Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á eimskipi með meira en 300, en ekki yfir 800 hestafla vél, eða undirvélstjóraskírteini á eimskipi með meira en 800 hestafla vél, sem eftir að hafa öðlazt skírteini það, sem ræðir um í 27. gr.:

a. hefir siglt sem undirvélstjóri á eimskipi með yfir 300 hestafla vél í 24 mánuði, eða sem aðstoðarvélstjóri á eimskipi með meira en 800 hestafla vél í 36 mánuði, þó aldrei minna en 12 mánuði undirvélstjóri á eimskipi með meira en 300 hestafla vél, ef um yfirvélstjóraskírteini er að ræða,
b. hefir lokið smíðaprófi fyrir vélstjóra,
c. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
d. er fullveðja,
e. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

30. gr.

Sá einn hefir rétt til þess að vera yfirvélstjóri á eimskipi með yfir 800 hestafla vél, sem öðlazt hefir skírteini það, sem ræðir um í 31. gr.

31. gr.

Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á eimskipi með yfir 800 hestafla vél, sem:

a. hefir eftir að hafa öðlazt skírteini það, sem ræðir um í 29. gr., siglt sem undirvélstjóri á eimskipi með yfir 800 hestafla vél í 24 mánuði, þar af sem 2. vélstjóri í 12 mánuði, eða sem yfirvélstjóri á eimskipi með yfir 300 hestafla vél í 12 mánuði og 2. vélstjóri á eimskipi með yfir 800 hestafla vél í 12 mánuði,
b. hefir staðizt próf í rafmagnsfræði fyrir vélstjóra við vélstjóraskólann í Reykjavík,
c. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
d. er 25 ára að aldri,
e. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

V. KAFLI
Vélamenn á mótorskipum.

32. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera vélavörður á mótorskipi með 15 hestafla vél eða minna, sem sýnt getur lögskráningarstjóra vottorð frá manni, er atvinnumálaráðuneytið tekur gildan, um, að hann sé fær um að gæta vélarinnar.

33. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera vélstjóri á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 50 hestafla vél, eða undirvélstjóri á mótorskipi með meira en 50, en ekki yfir 150 hestafla vél, sem öðlazt hefir skírteini það, sem ræðir um í 34. gr.

34. gr.

Sá einn getur öðlazt vélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 50 hestafla vél, eða undirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 50, en ekki yfir 150 hestafla vél, sem:

a. hefir staðizt hið minna mótorstjórapróf Fiskifélags Íslands,
b. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
c. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

35. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með 50, en ekki yfir 150 hestafla vél, sem öðlazt hefir skírteini það, sem ræðir um í 36. gr. þessara laga.

36. gr.

Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 50, en ekki yfir 150 hestafla vél, sem:

a. hefir siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 50 hestafla vél í 12 mánuði, eða vélstjóri á eigin spýtur á mótorskipi með yfir 15 hestafla vél í 12 mánuði,
b. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
c. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

37. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera undirvélstjóri á ísl. mótorskipi með meira en 150, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem öðlazt hefir skírteini það, sem ræðir um í 38. gr. þessara laga.

38. gr.

Sá einn getur öðlazt undirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 150, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem:

a. hefir staðizt hið meira mótorstjórapróf Fiskifélags Íslands,
b. hefir siglt sem yfirvélstjóri á mótorskipi með yfir 50 hestafla vél í 12 mánuði,

c. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
d. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

39. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með meira en 150, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í 40. gr.

40. gr.

Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 150, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem:

a. hefir siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 150 hestafla vél í 12 mánuði, eftir að hafa öðlazt skírteini það, sem ræðir um í 38. gr.,
b. hefir verið kyndari eða aðstoðarvélamaður á eimskipi í 3 mánuði, eða aðstoðarvélamaður á mótorskipi, sem hefir eimketil, í 3 mánuði,
c. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
d. er fullveðja,
e. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

41. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera aðstoðarvélstjóri á mótorskipi með meira en 400 hestafla vél, eða undirvélstjóri á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem öðlazt hefir skírteini það, sem ræðir um í 42. gr.

42. gr.

Sá einn getur öðlazt aðstoðarvélstjóraskírteini á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél, eða undirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem:

a. hefir staðizt hið meira vélstjóraþróf við vélstjóraskólann í Reykjavík,
b. hefir staðizt próf í rafmagnsfræði fyrir vélstjóra við vélstjóraskólann í Reykjavík, sbr. þó 56. gr.
c. hefir verið kyndari eða aðstoðarmaður á eimskipi í 4 mánuði,
d. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
e. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

43. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, eða undirvélstjóri á mótorskipi með meira en 900 hestafla vél, sem öðlazt hefir skírteini það, sem ræðir um í 44. gr.

44. gr.

Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, eða undirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 900 hestafla vél, sem:

a. hefir eftir að hafa öðlazt skírteini það, sem ræðir um í 42. gr., siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 24 mánuði, eða að-

stoðarvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 24 mánuði og undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 12 mánuði, eða sem aðstoðarvélstjóri á mótorskipi með yfir 900 hestafla vél í 36 mánuði.

b. hefir staðizt smíðapróf fyrir vélstjóra,
c. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
d. er fullveðja, ef um yfirvélstjóraskírteini er að ræða,
e. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

45. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með yfir 900 hestafla vél, sem öðlazt hefir skírteini það, sem ræðir um í 46. gr.

46. gr.

Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með yfir 900 hestafla vél, sem:

a. hefir eftir að hafa öðlazt skírteini það, sem ræðir um 44. gr., siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 900 hestafla vél í í 24 mánuði, þar af annar vélstjóri í 12 mánuði, eða yfirvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 12 mánuði og sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 900 hestafla vél í 12 mánuði,
b. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
c. er 25 ára að aldri,
d. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

VI. KAFLI

Almenn ákvæði.

47. gr.

Ekkert íslenzkt skip, sem stærra er en 20 rúmlestir, má afgreiða frá nokkurri höfn hér á landi til ferða á milli Íslands og annara landa eða í innanlandssiglingar, nema á því sé til starfa, auk skipstjóra, einn eða fleiri stýrimenn, samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

a. Á flutningaskipi, á fiskiskipi allt að 300 rúmlestir og á verzlunarskipi allt að 200 rúmlestir í utan- og innanlandssiglingum sé einn stýrimaður hið minnsta,
b. á fiskiskipi 300 rúmlestir og stærra í innan- og utanlandssiglingum og verzlunarskipi 200 rúmlestir og stærra í utanlandssiglingum séu að minnsta kosti tveir stýrimenn. Hið sama gildir um verzlunarskip í innanlandssiglingum, er flytur farþega og póst,
c. á verzlunarskipi í innan- og utanlandssiglingum, er flytur farþega og póst og er 400 rúmlestir eða stærra, séu að minnsta kosti 3 stýrimenn. Sama gildir um skip, sem eru 1500 rúmlestir og stærri, þó þau flytji ekki farþega.

48. gr.

Á varðskipum ríkisins yfir 200 rúmlestir séu að minnsta kosti 3 stýrimenn. Á varðskipum undir 60 rúmlestir sé að minnsta kosti einn stýrimaður, og á varðskipum 60—200 rúmlestir 2 stýrimenn. Rétt til skipstjórnar og stýrimennsku á skipum þessum geta þeir einir öðlazt, er lokið hafa farmannaprófi.

49. gr.

a. Á eimskipi með meira en 50, en ekki yfir 300 hestafla vél, skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 25. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 23. gr.

b. Á eimskipi með meira en 300, en ekki yfir 800 hestafla vél, skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 29. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 27. gr., og ef vél skipsins er yfir 500 hestöfl, einn aðstoðarmaður, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 25. gr.

Ef skipið er notað til farþegaflutninga, skal í stað aðstoðarmannsins koma aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 27. gr.

Ef ferðir skipsins eru aðeins innan fjarða eða flóa, er nægilegt, að á því séu tveir vélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkvæmt 27. gr. og 29. gr.

c. Á eimskipi með meira en 800, en ekki yfir 1200 hestafla vél, skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 31. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 29. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 27. gr.

Ef skipið er farþegaskip, varðskip eða björgunarskip, skal á því vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 31. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkvæmt 29. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 27. gr.

d. Á eimskipi með meira en 1200, en ekki yfir 2500 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 31. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkvæmt 29. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 27. gr.

Sé skipið farþegaskip og vél þess yfir 1800 hestöfl, skal á því vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 31. gr., þrír undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 29. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 27. gr.

e. Á eimskipi með yfir 2500 hestafla vél skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 31. gr., þrír undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkvæmt 29. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 27. gr.

Sé skipið farþegaskip, komi einn aðstoðarvélstjóri að auki, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 27. gr.

50. gr.

a. Á mótorskipi með 15 hestafla vél eða minna skal vera í minnsta lagi einn vélavörður, sem öðlazt hefir réttindi samkv. 32. gr.

b. Á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 50 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn vélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 34. gr., og einn aðstoðarmaður, sem öðlazt hefir réttindi samkv. 32. gr. Aðstoðarmaður þessi má þó jafnframt gegna öðrum starfa á skipinu.

c. Á mótorskipi með meira en 50, en ekki yfir 150 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 36. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 34. gr.

d. Á mótorskipi með meira en 150, en ekki yfir 400 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 40. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 38. gr.

e. Á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 44. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 42. gr., og ef vél skipsins er meira en 600 hestöfl, einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 42. gr.

Ef skipið er notað til farþegaflutninga, skal að auki vera á því einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 42. gr.

f. Á mótorskipi með meira en 900, en ekki yfir 1300 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 46. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 44. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 42. gr.

Ef skipið er farþegaskip, varðskip eða björgunarskip, skal á því vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 46. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 44. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 42. gr.

g. Á mótorskipi með meira en 1300, en ekki yfir 2600 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 46. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 44. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 42. gr.

Ef skipið er farþegaskip, varðskip eða björgunarskip og vél þess er yfir 1900 hestöfl, skal á því vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 46. gr., þrír undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 44. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 42. gr.

h. Á mótorskipi með meira en 2600 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 46. gr., þrír undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 44. gr., og tveir aðstoðarvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 42. gr.

Ef skipið er farþegaskip, komi einn aðstoðarvélstjóri að auki, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 42. gr.

51. gr.

Dráttarbátar, sem aðeins eru notaðir á höfnum inni, svo og grafvélar og aðrar fleytur, sem hafa vélar innanborðs, en ekki eru knúnar áfram með vélafli, skulu vera undanþegnar ákvæðum þessara laga um fjölda vélstjóra. Þó

skal á þessum fleytum vera að minnsta kosti einn vélstjóri, er hefir umsjón með vélunum.

52. gr.

Hver sá, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í 4., 6., 8., 10., 12., 14., 16., 18., 20., 23., 25., 27., 29., 31., 32., 34., 36., 38., 40., 42., 44. og 46. gr. þessara laga, á heimtingu á að fá þau skírteini, sem þar um getur. Skírteinin skulu gefin út af lögreglustjóra, og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð, eftir fyrirmynd, sem atvinnumálaráðuneytið semur. Skírteinið gildir um óákveðinn tíma frá dagsetningu þess, nema skírteinishafi fyrirgeri því, sbr. 54. gr.

Fyrir skírteini greiðist:

Skírteini, er veitir rétt til formennsku á skipi 6—15 rúmlestir, kr. 2.00.

Hið minna skipstjóraskírteini á fiskiskipi kr. 10.00.

Hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi og hið minna skipstjóraskírteini á verzlunarskipi kr. 20.00.

Hið meira skipstjóraskírteini á verzlunarskipi kr. 30.00.

Hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi kr. 5.00.

Hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi kr. 10.00.

Hið minna stýrimannsskírteini á verzlunarskipi kr. 10.00.

Hið meira stýrimannsskírteini á verzlunarskipi kr. 15.00.

Vélgæzluskírteini kr. 2.00.

Hið minna undirvélstjóraskírteini kr. 5.00.

Hið minna yfirvélstjóraskírteini kr. 10.00.

Aðstoðarvélstjóraskírteini kr. 10.00.

Hið minna undirvélstjóraskírteini kr. 15.00.

Hið meira yfirvélstjóraskírteini kr. 20.00.

Andvirði skírteina rennur í ríkissjóð.

53. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skírteinis, og getur hann þá lagt málið undir úrskurð atvinnumálaráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

54. gr.

Nú hefir skírteinishafi hlotið dóm fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefir hann þá fyrirgert skírteini sínu.

Verði skírteinishafi með dómi fundinn sekur um vanrækslu eða kunnáttuleysi í starfi sínu, svo tjón hlýzt af, má jafnframt dæma hann til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir, enda liggi ekki þyngri refsing við að lögum.

VII. KAFLI

Ákvæði ýmislegs efnis.

55. gr.

Allir þeir, er öðlazt hafa rétt til atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum áður en lög þessi öðlast gildi, halda réttindum sínum óskertum.

Sá, sem öðlazt hefir vélgæzlu- eða vélstjóraskírteini á íslenzku skipi áður en lög þessi öðlast gildi, á rétt á að fá skírteini sínu breytt í vélavarðar- eða vélstjóraskírteini fyrir vél með sama hestaflafjölda, samkv. lögum þessum, en geta skal þess á hinu nýja skírteini, að það sé gefið út samkvæmt þessu ákvæði.

56. gr.

a. Sá, sem öðlazt hefir undirvélstjóraskírteini á íslenzku eimskipi með meira en 700 hestafla vél, eða yfirvélstjóraskírteini á eimskipi með 300 til 700 hestafla vél, samkvæmt lögum nr. 43 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á gufuskipum, og hefir síðan siglt samkvæmt því í 10 ár áður en lög þessi öðlast gildi, skal eiga rétt á að öðlast skírteini það, sem ræðir um í 44. gr. þessara laga, ef hann hefir siglt sem undirvélstjóri eða aðstoðarvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 12 mánuði.
b. Sá, sem hefir öðlazt yfirvélstjóraskírteini á eimskipi með meira en 700 hestafla vél samkvæmt téðum lögum, nr. 43 3. nóv. 1915, og siglt sem yfirvélstjóri á eimskipi með yfir 700 hestafla vél í 10 ár áður en lög þessi öðlast gildi, skal eiga rétt á að öðlast skírteini það, sem ræðir um í 46. gr. þessara laga, ef hann hefir siglt sem undirvélstjóri eða aðstoðarvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 12 mánuði.
c. Sá, sem öðlazt hefir yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með 150 hestafla vél og þar yfir samkvæmt 5. gr. laga nr. 50 7. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum mótorskipum, áður en lög þessi öðlast gildi, á rétt á að öðlast skírteini það, sem ræðir um í 46. gr.
d. Þeir menn, sem uppfylla skilyrði þau, sem sett eru í stafl. a og b þessarar greinar, að undanskildu ákvæðinu um siglingu á mótorskipi, skoðast uppfylla öll þau skilyrði, sem sett eru í 42. gr. þessara laga, en geta skal þess á skírteinum þeim, sem þeim eru veitt samkvæmt lögum þessum, að þau séu veitt samkvæmt heimild þessarar greinar.

57. gr.

Þeim, sem tekið hafa smáskipapróf samkvæmt lögum nr. 40 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar, þegar lög þessi öðlast gildi, skal gefinn kostur á að taka hið minna fiskimannapróf á þeim stöðum, sem þessi próf eru veitt, á námskeiðum, er haldin verða á tímabilinu frá 1. okt. til 31. jan., og skal það á valdi hvers eins, hvort hann notar námskeiðið til undirbúnings prófinu eða býr sig undir það á annan hátt.

58. gr.

Atvinnumálaráðuneytið semur sjóferðabók þá, sem um getur í 2. gr. þessara laga, stafl. i, og er lögskráningarstjóra skylt að afhenda slíka bók hverjum skipverja í fyrsta sinn, sem hann er lögskráður á íslenzkt skip, eða síðar, ef sjóferðabók hefir glatazt eða er útnotuð. Skal sjóferðabókin ávallt sýnd við lögskráningu og þegar sanna á siglingatíma þann, sem ræðir um í 3. gr. stafl. b.

Í sjóferðabókina skal rita fullt nafn skipverja, fæðingardag og fæðingarár, fæðingarstað (sýslu eða kaupstað). Svo skal og vera þar stutt lýsing á útliti hans, vexti og sérkennum, ef einhver eru.

Í bókinni skal ennfremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, í hvaða ferðum það er og hvenær skipverjinn er skráður í skiprúm og úr skiprúmi. Einnig skal sjóferðabókin bera með sér, hve mikinn hluta lögskráningartímans skipverjinn hefir verið í förum með skipinu.

Skipstjóra ber að útfylla og undirskrifa sjóferðabækur skipverja. Skal sjóferðabók hvers skipverja við lögskráningu merkt með embættisstimpli lögskráningarstjóra. Skipstjóra er skylt að afhenda skipverja sjóferðabók hans undirritaða um leið og hann fer úr skiprúmi, eða þegar skráning úr skiprúmi fer fram. Vanræksla í þessum efnum varðar skipstjóra sektum frá 25 til 100 krónum, nema skipverji hafa hlaupizt burt af skipinu án vitundar hans.

59. gr.

Brot gegn lögum þessum, önnur en um ræðir í lok 58. gr., varða sektum allt að kr. 300.00, ef um fyrsta brot er að ræða. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá kr. 300.00 til 1000.00. Sektir renna í ríkissjóð.

Brot gegn lögum þessum sæta opinberri rannsókn, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

60. gr.

Lög nr. 40 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar, lög nr. 49 27. júní 1925 og lög nr. 31 8. sept. 1931, um breyting á nefndum lögum, lög nr. 43 3. nóv. 1915, um atvinnu við siglingar á gufuskipum, lög nr. 14 15. júní 1926 og lög nr. 72 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum, lög nr. 50 7. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum mótorskipum, lög nr. 23 9. janúar 1935, um breyting á þeim lögum, svo og öll önnur ákvæði, sem koma í bága við lög þessi, eru hér með úr gildi numin.

61. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1936.

Greinargerð.

Með þingsályktun efri deildar Alþingis 17. des. 1934 var ríkisstjórninni falið að endurskoða lög nr. 40 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar, og lög nr. 49 27. júní 1925, um breyting á þeim lögum. Sömuleiðis lög nr. 43 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á gufuskipum, og lög nr. 50 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum mótorskipum, svo og önnur lög og reglugerðir, sem eru í sambandi við þessa löggjöf. Endurskoðun þessari skyldi hraðað, svo að frumvörp um þessi mál yrðu lögð fyrir Alþingi á þessu ári.

Samkvæmt þessu leggur nefndin, eftir ósk ríkisstj., fram þetta frumvarp, sem er að mestu samhljóða frumvarpi, sem er samið af Sigurjóni Ólafssyni alþm., Friðriki Ólafssyni skipherra og Þorsteini Loftssyni vélfræðingi, en þeir voru af stjórninni skipaðir, með bréfi dags. 29. apríl 1935, til þessa starfa, og létu þeir fylgja frumvarpi sínu svo hljóðandi

SKÝRINGAR:

Með frumvarpinu er sameinað í eitt lög um atvinnu við siglingar fyrir skipstjórnarmenn og vélamenn, en sú löggjöf var aðskilin áður. Þykir það heppilegra, þar sem um svo skyldar starfsgreinar er að ræða, enda víðast svo meðal nágrannaþjóðanna.

Í frumvarpinu er fylgt þeirri reglu, sem almennt er viðurkennd, að krefjast sem fyllstrar þekkingar, bæði bóklegrar og verklegrar, af þeim, sem skipum og vélum eiga að stjórna í framtíðinni, og um leið tekið tillit til allrar aðstöðu hvað snertir farmennsku og fiskiveiðar hjá okkur, með það eitt fyrir augum, er snertir undirbúningsmenntun og verklega æfingu skipstjóraefna og vélgæzlumanna. Helztu breytingar frá eldri löggjöf eru þær, að siglingatími háseta, er nema siglingafræði, er lengdur áður en þeir geta orðið stýrimenn; sömuleiðis er siglingatími stýrimanna til að öðlast skipstjóraskírteini lengdur nokkuð. Er svo til ætlazt, að með því skapist meira öryggi í allri skipstjórn. Þá er meiri skilgreining á milli farmennsku og fiskiveiða en nú er ákveðið með lögum, og er það í samræmi við þær aðstæður, er myndazt hafa á seinni árum. En um leið er þó opin leið fyrir fiskimanninn að breyta um til farmennsku. Meðal annara þjóða er gerður skýr greinarmunur á þessu tvennu, farmennsku og fiskiveiðum, en hjá okkur er nauðsynlegt að taka tillit til hvorstveggja og sníða réttindi manna með hliðsjón af því. Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að próflausir menn megi hafa formennsku á skipum allt að 15 rúmlestir. Er það 3 rúmlestum hærra en áður. Skip af þeirri stærð koma að jafnaði daglega að landi, þó hitt komi einnig fyrir, að þau flytji sig til milli veiðistöðva, enda hafa kröfurnar til þekkingar formannanna verið auknar að mun. Þá er ætlazt til, að fiskiskipstjóraprófin verði 2 eins og nú. Hið minna veitir réttindi á skip allt að 100 rúml. eftir að nauðsynleg æfing á skipum hefir átt sér stað. Nú veitir smáskipapróf rétt á 60 rúmlesta skipum; aukningin er því 40 rúmlestir. Verður að telja, að nægilegs öryggis sé gætt í þessu efni með þeim siglingatíma, er felst í frv., bæði fyrir háseta og stýrimenn, þegar þess er einnig gætt, að í væntanl. frv. um Stýrimannaskólann í Reykjavík verði kröfurnar um sjófræðilega þekkingu auknar frá því, sem nú er. Á skipum yfir 100 rúmlestir þarf hið meira fiskimannapróf. Þá er sú breyting gerð, að meira fiskimannaprófið veitir réttindi á verzlunarskipum í innanlandssiglingum allt að 400 rúmlestir. Er það 100 rúmlestum meira en áður. En um leið er krafizt siglingatíma á verzlunarskipum. Skip af þessari stærð munu vart mikið notuð í utanlandssiglingum, nema um fiskiskip sé að ræða. Þótti því rétt að rýmka nokkuð um rétt manna í innanlandssiglingum, og um leið þó gætt fyllsta öryggis með meiri verklegri æfingu. Þá er nýr flokkur skipa, er nefnist flutningaskip, og er þá sérstaklega átt við minni fólks- og flutningaskip, sem ekki eru skráð á verzlunarskipaskrár. Er krafizt aukins siglingatíma á slíkum skipum eða stærri til þess að geta haft stjórn þeirra á hendi. Um fjölda stýrimanna á skip er í allflestum atriðum fylgt þeirri venju, sem þegar hefir komizt á. Er það að vísu meira en gildandi lög ákveða. Með tilliti til öryggis er í hverju tilfelli ákveðin minnsta tala stýrimanna, sem á hverju skipi skulu vera. Á verzlunarskipum yfir 400 rúmlestir og varðskipum ríkisins útheimtist farmannapróf og ákveðinn siglingatími, sem

er allverulega aukinn frá gildandi lögum. Um fræðslu skipstjóraefna, sem veitt er í skólum og ákveðin er með lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík og reglugerðum um smáskipapróf, verður ákveðið í breytingu á þeim lögum, eftir því sem nauðsyn krefur í samræmi við þessi lög. Sama gildir um vélstjóra.

Réttindum vélstjóra samkvæmt þessu frumvarpi er að ýmsu leyti breytt frá ákvæðum gildandi laga. Í frumvarpinu er dregin skýr lína milli hinna tveggja vélategunda, eimvéla og mótorvéla, því gert er ráð fyrir, að þeir einir megi fara með hvora tegundina fyrir sig, sem fengið hafa nauðsynlega æfingu við þesskonar vélar, þó prófið sé hið sama fyrir báðar tegundir hinna stærri véla. Þá er ætlazt til, að Fiskifélag Íslands hafi tvennskonar námskeið fyrir minni mótorvélar. Hið minna fyrir vélar allt að 150 hö., og hið meira fyrir vélar 150—400 hö., og hið síðarnefnda haldið aðeins í Reykjavík. Á undanförnum árum hefir Fiskifélag Íslands haft undirbúningsmenntun mótorista með höndum, og hefir þar af leiðandi undirbúið sig með ýms skilyrði til þess að hún mætti verða sem bezt, meðal annars aflað sér véla af ýmsum tegundum, húsnæðis og krafta sérfróðra manna til þess að hafa kennsluna á hendi. Af ofangreindum ástæðum o. fl. hefir félagið sérstaka aðstöðu til að annast þessa fræðslu framvegis, bæði hér í Reykjavík og í hinum stærri kauptúnum landsins. Hið stærra mótorskírteini sé aðeins veitt frá námskeiði, sem haldið sé hér í Reykjavík, þar sem skilyrði eru bezt til fullkomins náms. Réttindi vélstjóra á eimskipum allt að 300 hö. haldist óbreytt. Fjöldi vélstjóra er ákveðinn að mestu í samræmi við þá venju, sem skapazt hefir á seinni árum, í einstöku tilfellum aukinn, er verður að teljast nauðsynlegt fyrir öryggi vélanna, manna, skips og farms. Þá fer mjög í vöxt, að hjálparvélar allskonar séu settar í skip, sem útheimta nákvæma pössun og aukna þekkingu á meðferð véla, og gerir það starfið umfangsmeira og vandasamara.

Eins og áður segir, er frumvarp þetta samið með tilliti til okkar staðhátta, bæði hvað snertir siglingu og sjósókn á hinum ýmsu tegundum og stærðum skipa og véla, og um leið höfð til hliðsjónar löggjöf annara þjóða um sama efni, sem er að vísu nokkuð ólík í hverju landi fyrir sig. En alstaðar er nú verið að auka kröfur til bóklegrar þekkingar, jafnt fyrir skipstjóraefni sem vélstjóra, og um leið krafizt lengri undirbúningstíma í öllu verklegu en áður var.

Með frumvarpi þessu á að vera stigið það spor, að við í framtíðinni stöndum síður að baki nágrannaþjóðum okkar um vel æfða og menntaða menn, sem stjórna eiga minni og stærri skipum okkar og vélum þeim, sem í þeim eru.

Að öðru leyti vísast til meðf. skýringa fyrir hverri gr. frv.

Um 2. gr.

Stafl. d.: Eins og kunnugt er, eru smærri fiskiskip notuð allmikið til flutninga á vörum með ströndum fram, og hafa sum þeirra þesskonar flutning með höndum meiri hluta ársins eða jafnvel allt árið. Í núgildandi lögum eru yfirmönnum þessara skipa engin skilyrði sett um þekkingu á meðferð farms, enda eru þess dæmi, að farmur eða nokkur hluti hans hafi skemmzt eða jafnvel ónýtzt fyrir slæma meðferð í skipinu. Þessu þykir nauðsynlegt að kippa í lag með því að setja þessi skip í sérstakan flokk og binda réttindi til skipstjórnar

á þeim því skilyrði, að einhver þekking á vörum og meðferð þeirra sé fyrir hendi. Skoðast þetta sem farmennska í smærri stíl.

Stafl. i: Hingað til hefir hvergi verið ákveðið í lögum, hverjir teljast skuli fullgildir hásetar á verzlunarskipum, og hefir verið farið eftir ákvæðum í samningum milli Sjómannafél. Reykjavíkur og Eimskipafél. Íslands o. fl. um þetta, sem upphaflega eru sniðnir eftir reglum þeim, er gilda hjá nágrannaþjóðum okkar. Hinsvegar þykir rétt, að skilyrðin til þessa starfs séu ákveðin með lögum jafnframt öðrum skilyrðum til atvinnu við siglingar, og eru þau að mestu samhljóða ofannefndum ákvæðum. Skilyrði lík þeim, er sumar aðrar þjóðir setja slíkum mönnum um siglingar með seglskipum, verða ekki framkvæmd hér, vegna algerðrar vöntunar á slíkum skipum hjá oss. Einnig þykir rétt að leggja að jöfnu siglingatíma á verzlunarskipum og á varðskipum ríkisins, þar eð hásetavinna er að flestu hin sama í báðum stöðum, og það, sem aðrahvora kann að bresta af verklegri kunnáttu á við hina í einhverri grein, hafa þeir að jafnaði fram yfir hina í annari.

Um 3. gr.

Stafl. a: Þetta ákvæði er sett hér vegna þess, að núgildandi eða væntanlegar reglugerðir um kennslu og próf í stýrimanna- og vélskólunum munu ekki ná til allra þeirra prófa, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Stafl. b: Hingað til hefir siglingatími háseta og stýrimanna verið talinn jafngildur, hvort heldur skipið hefir verið í förum eða því hefir verið lagt upp, ef afskráning hefir eigi farið fram. Þessu þykir rétt að breyta vegna þess, að það er aðallega sá tími, sem skipið er í förum, sem veitir þá þekkingu og æfingu í starfinu, sem nauðsynleg er hverjum farmanni. Hinsvegar ber einnig að meta til nokkurs þá æfingu, er menn fá við störf á skipi, sem liggur um kyrrt vegna viðhalds og annara verka, sem framkvæmd eru undir slíkum kringumstæðum, og þykir hæfilegt, að sá tími sé metinn til ½ hluta á móts við siglingar, þegar um stýrimenn og háseta er að ræða. Öðru máli er að gegna með vélamenn, vegna þess, að nauðsynlega æfingu í þeim hluta starfsins, er að því lýtur að taka vélarnar í sundur og eftirlíta einstaka hluti þeirra, fá þeir að jafnaði aðeins meðan skipinu er lagt upp.

Um 4. gr.

Jafnframt því að færa hámarkið fyrir minnsta flokk skipa úr 12 upp í 15 rúmlestir þykir einnig rétt að auka við kröfur þær, sem gerðar eru til formannanna, og er þó því einu bætt við, er óhjákvæmilegt þykir, að formaður á slíku skipi þekki vegna öryggis skips og manna. Er þá fyrst ákvæðið í stafl. g. um þekkingu á endurlífgun drukknaðra, en það þyrfti hver maður, er stundar sjó, að kunna. Viðvíkjandi stafl. c., d., e., og f. ber þess að gæta, að eigi mun ótítt, að skip innan þessa stærðarflokks færi sig milli veiðistöðva og jafnvel milli landsfjórðunga eftir árstíðum, svo að þeim verði nauðsynlegt að hafa sjókort og þekkja einföldustu notkun þess og innihald, til þess að gera siglinguna auðveldari og öruggari.

Hvað staflið j. viðvíkur, þá þykir sjálfsagt, að manni, sem falið er skip og mannslíf til umráða, sé gert að skyldu að hafa áður nokkra sjómennsku að baki.

Um 5. og 6. gr.

Samkvæmt greinum þessum eru ákveðin réttindi til skipstjórnar á skipi allt að 100 rúmlestir. En til þess er krafizt hins minna fiskimannaprófs, sem er hliðstætt núverandi smáskipaprófi, en það veitir rétt til skipstjórnar á skipi allt að 60 rúmlestir. Ekki þykir rétt að hafa rúmlestatöluna hærri, því stærri skip hafa möguleika til þess að vera notuð til siglinga til útlanda. Þessi stærð mun yfirleitt ná til flestra fiskiskipa með mótorvél, sem notuð eru til fiskveiða, og til hinna minni línuveiðagufuskipa.

Vegna þess, hve mikill er stærðarmunur skipa í þessum flokki, er honum skipt í tvennt, nefnilega í skip yfir og undir 60 rúmlestir, og réttindi til skipstjórnar og stýrimennsku á stærri skipum bundin því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi siglt á skipum yfir 60 rúmlestir. Þó er sú rýmkun gerð þar á, að þeim, sem siglt hafa nægilega lengi sem skipstjórar eða stýrimenn á minni skipum, veitist réttur til að sigla sem slíkir á hinum stærri.

Er þetta nýmæli, sem ekki hefir neitt hliðstætt í lögunum frá 1922.

Um flutningaskipin vísast til grg. við 2. gr.

Um 7. og 8. gr.

Ákvæði þessara greina fjalla um réttindi stýrimanna á sama hátt og 5. og 6. gr. fjalla um réttindi skipstjóra og eru byggð á sömu reglum og þar er gerð grein fyrir. Siglingatíminn er nokkru lengri en áður hefir verið ákveðinn. 5.—8. gr. eru hliðstæðar ákvæðum 3.—8. gr. laganna frá 1922 og 1925 og koma í þeirra stað. Prófskírteini eiga að ákveðast í lögum um stýrimannaskóla og eru því felld niður í þessu frv.

Um 9. og 10. gr.

Greinar þessar fjalla um rétt til skipstjórnar á fiskiskipi af ótakmarkaðri stærð og koma í stað 9. og 10. gr. laga frá 1922. Breytingin er einkum í því fólgin, að lengri siglingatíma er krafizt en áður og réttur til skipstjórnar á verzlunarskipi í innanlandssiglingum er færður til í flokk verzlunarskipa. Sjá síðar. Hið meira fiskimannapróf verður hið sama og fiskimannaprófið, sem nú gildir.

Um 11. og 12. gr.

Greinar þessar, er fjalla um rétt til stýrimennsku á fiskiskipi af ótakmarkaðri stærð, koma í stað 11. og 12. gr. laganna frá 1922. Breytingin er sú sama og á næstu tveim greinum á undan, að réttindi stýrimanna á verzlunarskipum í innanlandssiglingum eru flutt undir kaflann um verzlunarskip. Hliðstætt þeim greinum er hér krafizt lengri hásetatíma til þess að geta orðið stýrimaður en gert er í lögunum frá 1922. Prófið er hið sama og fyrir skipstjóra.

Um 13. og 14. gr.

Greinar þessar fjalla um rétt til skipstjórnar á verzlunarskipum allt að 400 rúmlestir í innanlandssiglingum og koma í stað ákvæða 9. og 10. gr. laga frá 1922 um rétt til skipstjórnar á verzlunarskipum allt að 300 rúmlestir í innanlandssiglingum. Ákvæði þessi eru nýmæli að því leyti, að stærðartakmarkið

er hækkað úr 300 upp í 400 rúmlestir, er verður að teljast sanngjarnt, því sigling slíkra skipa mun að jafnaði bundin við strendur landsins. Hinsvegar er hér krafizt af skipstjórum og stýrimönnum þessara skipa, að þeir hafi siglt áður nokkurn tíma á verzlunarskipum eða varðskipum ríkisins, sem verður eftir atvikum að teljast sjálfsagt jafnt á þessum og á hinum stærri verzlunarskipum, og er þetta nýmæli frá því sem nú er. Prófskilyrði eru hin sömu og til skipstjórnar á fiskiskipum af ótakmarkaðri stærð. Í því efni er fylgt sömu reglum og gilt hefir samkv. lögunum 1922.

Um 15. og 16. gr.

Þessar greinar fjalla um rétt til stýrimennsku á verzlunarskipum allt að 400 rúmlestum í innanlandssiglingum og koma í stað ákvæða 11. og 12. gr. laga frá 1922 um innanlandssiglingar á verzlunarskipum allt að 300 rúmlestir. Siglingatíminn er lengdur að mun frá því, sem nú gildir, og bundinn við verzlunarskip að meira eða minna leyti.

Um 17. og 18. gr.

Greinar þessar fjalla um rétt til skipstjórnar á verzlunarskipum af ótakmarkaðri stærð. Koma þær í stað 13.—16. gr. laganna frá 1922 og hafa einkum þá breytingu í sér fólgna, að siglingatími sem stýrimaður er aukinn frá því, er nú gildir. Ennfremur að siglingatími stýrimanna í utanlandssiglingum er aðeins bundinn við það, að hlutaðeigandi ætli að verða skipstjóri í utanlandssiglingum. Stýrimaður, sem unnið hefir á verzlunarskipi í innanlandssiglingum eingöngu nægilega lengi, öðlast rétt til þess að verða skipstjóri í innanlandssiglingum. Er þetta breyting frá núgildandi lögum. Skipstjórn á fiskiskipum styttir stýrimannstímann á verzlunarskipi, og er þetta í samræmi við núgildandi lög. Farmannapróf kemur hér aðeins til greina.

Um 19. og 20. gr.

Greinar þessar eru um réttindi stýrimanna á verzlunarskipum af ótakmarkaðri stærð og koma í stað ákvæða 16. og 17. gr. laganna frá 1922. Breytingin er einkum í því fólgin, að siglingatíminn er aukinn að mun fyrir háseta, sem öðlast vill stýrimannsréttindi, og er nærfellt hinn sami og krafizt er annarsstaðar á Norðurlöndum.

Með auknum kröfum um siglingatíma á að skapast meiri verkleg þekking og æfing og um leið meira öryggi, en að því er stefnt með frv., eins og fyrr segir.

Um 21. gr.

Enda þótt stýrimannstími á verzlunarskipum og á varðskipum ríkisins sé hvarvetna lagður að jöfnu í frv., sem verður eftir atvikum að teljast réttmætt, er það talið nauðsynlegt, að nægileg æfing eigi sér stað í hvoru starfinu fyrir sig áður en skipstjóraréttindi eru veitt.

Um 22. og 23. gr.

Þar er það nýmæli tekið upp að láta vélamenn sanna með læknisvottorði, að heyrn þeirra sé sæmileg. Verður að telja þetta nauðsynlegt, þar sem

kunnugt er, að góð heyrn er eitt aðalskilyrðið til þess að verða var þeirra truflana, sem verða á gangi vélanna, í tæka tíð, svo koma megi í veg fyrir stærri bilanir. Að öðru leyti er greinin að efni til hliðstæð gildandi lögum.

Um 24. og 25. gr.

Eftir núgildandi lögum þurfa vélstjórar á eimskipum ekki að taka verklegt próf, og sem trygging fyrir verklegri kunnáttu þeirra er það látið nægja, að þeir hafi unnið við járnsmíði í 3 ár. Nú er það vitanlegt, að járnsmíði er svo mismunandi, að menn geta verið í smiðju svo árum skiptir án þess að læra nokkuð verulegt í þeirri grein járnsmíðinnar, sem mest á ríður fyrir vélstjóra. Vitanlega verður slíkt ekki talið viðunanlegt til frambúðar, og þykir því rétt að láta þá leysa af hendi verklegt próf. Heppilegast er, að þeir geri það, þegar þeir hafa siglt í 24 mánuði undir stjórn æfðs vélstjóra. Hefir þeim þá verið gefinn kostur á að búa sig sem bezt undir þetta próf við þá sérgrein, sem þeir ætla að gera að lífsstarfi sínu og prófið nær yfir. Að sjálfsögðu er ætlazt til þess, að settar verði reglur um próf þetta og undirbúning undir það.

Um 26. og 27. gr.

Það þykir rétt að færa réttindatakmarkið upp í 800 hestöfl; er það gert með tilliti til þess, að hlutfallið milli stærðar skipanna og vélaafls þeirra hefir breytzt nokkuð á seinni árum, svo að vélar skipa eru nú yfirleitt stærri í hlutfalli við stærð skipsins en áður var. Þessi breyting frá gildandi lögum rýrir þó á engan hátt öryggi skipa eða áhafnar, þar eð samkv. frv. eru gerðar meiri kröfur til þekkingar vélamanna en áður hefir verið. Að öðru leyti eru greinarnar hliðstæðar 4. og 5. gr. laga nr. 43 3. nóv. 1915.

Um 28. og 29. gr.

Í 29. gr. eru sett skilyrði um smíðapróf vélstjóra, og er það í samræmi við ákvæði 25. gr., að mönnum er gefinn kostur á að vinna nokkurn tíma á skipum áður en þeir taka hið verklega próf. Að öðru leyti er greinin hliðstæð 7. gr. laga nr. 43 3. nóv. 1915.

Um 30. og 31. gr.

Í 30. gr. er það gert að skilyrði fyrir réttindum yfirvélstjóra á eimskipum með yfir 800 hestafla vél, að þeir hafi lokið prófi í rafmagnsfræði við vélskólann í Reykjavík. Það er staðreynd, að rafmagnstækjum fjölgar í skipum með hverju ári. Flest skip eru nú raflýst og auk þess eru í þeim fjöldi véla og tækja, sem knúin eru með rafmagni. Það verður því að telja rétt að krefjast af yfirvélstjórum þessara skipa nokkuð meiri þekkingar í rafmagnsfræði en hingað til hefir verið gert, enda er mönnum gefinn kostur á að afla sér hennar með hinni nýstofnuðu rafmagnsdeild vélstjóraskólans. Að öðru leyti er greinin hliðstæð 11. gr. laganna frá 1915.

Um 32. gr.

Í gildandi lögum er það ákveðið, að hver sá, sem hefir á hendi gæzlu vélar í bát upp að 12 hestöfl, verði að sanna það fyrir lögskráningastjóra með

vottorði tveggja mótormanna, að hann sé fær um að gæta vélarinnar. Það verður að líta svo á, að þetta sé ekki heppilegt, þar sem menn þeir, sem vottorðin gefa, þurfa ekki að hafa annað til brunns að bera en það, að hafa einhverntíma tekið próf í mótorfræði. Í frv. þessu er því sú breyting gerð, að maður sá, sem vottorðið gefur, verður að vera viðurkenndur af ráðuneytinu, og verður þá að telja nóg, að hann sé einn. Það mun vera í flestum veiðistöðvum maður, sem hefir á hendi skoðun véla í bátum. Maður þessi er viðurkenndur til þess starfa, og ætti því einnig að vera hægt að fela honum að rannsaka þekkingu manna á umhirðu vélanna og gefa vottorð um hana. Grein þessi kemur í stað 2. gr. laga nr. 50 4. júní 1924. Stærðartakmarkið er fært upp í 15 hestöfl, og er það gert með tilliti til aukins vélaafls í bátum, en öryggið tryggt með bættu fyrirkomulagi á eftirliti með kunnáttu vélamannanna.

Um 33.—40. gr.

Greinar þessar koma í stað 3., 4. og 5. gr. laga nr. 50 4. júní 1924 og breytinganna, sem á þeim lögum voru gerðar 1934.

Gert er ráð fyrir, að Fiskifélag Íslands haldi tvö námskeið, hið minna og meira, hið minna með líku fyrirkomulagi og nú er, og veiti það réttindi upp í 150 hestöfl; það sé haldið bæði í Reykjavík og í stærstu kaupstöðum úti um land, líkt og nú er, enda veiti það engin frekari réttindi en það gerir nú.

Hið meira mótorvélstjóranpróf, er veitir rétt til vélstjórnar allt að 400 hestöflum, er ætlazt til að verði aðeins haldið í Reykjavík. Að öðru leyti er það í samræmi við lög þau, sem sett voru á Alþingi 1934 um aukin réttindi mótorvélstjóra, en þau lög setja þau skilyrði fyrir auknum réttindum, að mótorvélstjórar gangi undir bóklegt og verklegt próf, meira en hið almenna próf, sem veitir réttindi upp í 150 hestöfl.

Það vita allir, sem þeim málum eru kunnugir, að kennsla í mótorfræði fyrir þá menn, sem hér um ræðir, getur ekki komið að notum, nema hún fari fram verklega að miklu leyti, en til þess þarf nægan og góðan vélakost og hæfilegt húsnæði. Fiskifélag Íslands er, eins og áður er sagt, eina stofnunin hér á landi, sem hefir aðstöðu til þess að annast þessa kennslu. Það hefir líka í mörg ár haft fræðslu mótorvélstjóra með höndum og komið sér upp hér í Reykjavík rúmgóðu húsnæði, sem sérstaklega er útbúið til verklegrar kennslu í mótorfræði og einungis ætlað til þess.

Það þykir því rétt, að Fiskifélag Íslands annist kennslu þeirra mótorvélstjóra, sem réttindi eiga að fá upp í 400 hestöfl og verklega kennslu þurfa.

Um 41.—46. gr.

Eins og fyrr getur, eru dregnar skýrar línur milli réttinda vélstjóra á eimskipum og mótorskipum, og því ekki ástæða til að skýra þessar greinar frekar hvað það snertir.

Kennslu í mótorfræði, er veitir vélstjóraréttindi yfir 400 hestöfl, er ætlazt til, að vélskólinn í Reykjavík veiti, enda er hún þá öll bókleg og stendur yfir í 3 skólaár, að meðtalinni rafmagnsdeild, að undangengnu 4 ára vélsmíðanámi.

Ætlazt er til þess, að kennslufyrirkomulagi vélskólans verði breytt þannig, að mótorfræði verði kennd að jöfnu við eimvélafræði.

Í mótorskipum, sem hafa vélaafl yfir 400 hestöfl, eru að jafnaði stórar rafmagnsstöðvar, því að oftast eru allar hjálparvélar rafknúnar, ásamt mörgum öðrum tækjum ofan þilfars og neðan; einnig ryðja hin svonefndu Diesel-aforkuskip sér meir og meir til rúms og þykja hagkvæm. Það þykir því sjálfsagt, að enginn geti öðlazt vélstjóraskírteini á mótorskipi nema hann hafi staðizt próf í rafmagnsfræði við vélskólann í Reykjavík eða annan æðri skóla, að þeim einum undanteknum, sem getið er um í 56. gr.

Í flestum mótorskipum, sem hafa yfir 400 hestafla vélar, er lítill eimketill til upphitunar og til þess að knýja varatæki, svo sem loftþjöppu og þesshættar. Það er því nauðsynlegt, að vélstjórar á þessum skipum hafi nokkra verklega æfingu í hirðingu og meðferð eimkatla í skipum; þessa æfingu geta menn ekki öðlazt með öðru móti en því, að vera kyndarar eða aðstoðarmenn á eimskipi í nokkurn tíma. Vélstjórum þessara skipa er því gert að skyldu að hafa verið kyndarar eða vélstjórar á eimskipi í 4 mánuði.

Um 47. og 48. gr.

Samkvæmt greinum þessum er fjöldi stýrimanna ákveðinn, og koma þær í staðinn fyrir 18. gr. laganna frá 1922. Er hér nokkur breyting frá gildandi lögum, og þar stuðzt við þá venju, sem myndazt hefir á seinni árum. Samkv. b-lið er ætlazt til, að á fiskiskipi 300 rúmlestir og stærri séu tveir stýrimenn. Fiskiskip af þeirri stærð eru að jafnaði botnvörpuskip, en um langt skeið hafa verið á þeim 2 stýrimenn. Sú venja er til orðin af nauðsyn og því rétt að lögfesta hana. Á verzlunarskipi í utanlandssiglingum, sem er yfir 200 rúmlestir, og á skipi sömu stærðar í innanlandssiglingum, er flytur farþega og póst, það er skip, sem sigla eftir áætlun, séu einnig tveir stýrimenn. Verður það að teljast hæfilegt, bæði öryggis vegna og vegna allra þeirra starfa, er stýrimönnum eru lögð á herðar í þesskonar ferðum.

Ákvæði þetta er nýtt.

Samkvæmt c-lið er ætlazt til, að verði 3 stýrimenn á verzlunarskipum í utan- og innanlandssiglingum, er flytja farþega og póst og eru yfir 400 rúmlestir. Þetta er nú föst venja á póst- og farþegaskipum. Ennfremur að á 1500 rúmlesta skipum séu 3 stýrimenn, þótt ekki séu farþegaskip. Þetta hvorttveggja eru ný ákvæði.

Á varðskipum ríkisins samkv. 48. gr. er fjöldi stýrimanna meiri en á verzlunarskipum, þegar um er að ræða 60—200 rúmlesta skip. Samkvæmt fenginni reynslu er þetta fullkomin nauðsyn, þar sem altítt er, að setja verður stýrimenn um borð í brotleg skip til þess að fylgja varðskipinu til hafnar. Ekki er nægilegt að nota til þess ólærða háseta, því bæði verður vörðurinn að geta staðið í sambandi við varðskipið með ljósmerkjum eða öðrum tækjum, meðan á siglingunni stendur, og eins að geta verið skipstjóra hins tekna skips til aðstoðar við siglinguna, ef þörf gerist. Þá er krafizt farmannaprófs hjá stýrimönnum varðskipanna; annað verður að teljast óviðunandi, þar sem um löggæzlu er að

ræða, og þeir menn, er hana hafa á hendi, verða að geta staðið öðrum sjómönnum jafnfætis eða framar um sjófræðilega þekkingu.

Um 49. og 50. gr.

Fjöldi vélamanna á skipum er í frv. þessu ákveðinn í samræmi við það, sem nú tíðkast hér á landi og hjá nágrannaþjóðunum. Aðeins er hestaflatakmarkinu lítið eitt breytt frá gildandi lögum, þannig að það er fært úr 700 upp í 800 í eimskipum og í 900 í mótorskipum. Er þetta þó í samræmi við fyllstu kröfur um öryggi.

Um 51. gr.

Grein þessi er ný í lögum hér á landi, en í þeim fleytum, sem þar um getur, er oft eimketill og eimvélar eða mótorar, og því sjálfsagt, að einhver maður, sem vélfræðiþekkingu hefir, sé látinn gæta þeirra, svo að tjón hljótist ekki af misnotkun eða vanhirðu.

Um 52. gr.

Grein þessi kemur í stað 19. gr. laganna frá 1922 og 13. gr. laga um atvinnu við vélgæzlu frá 1915. Aðeins er hér um meiri flokkun að ræða á skírteinum en nú er ákveðið.

Um 53. gr.

Þessi gr. kemur í stað niðurlags 19. gr. laganna frá 1922 og er um sama efni.

Um 54. gr.

Þessi gr. er að efni til samhljóða 21. gr. laganna frá 1922, að því viðbættu, að hér er gert ráð fyrir, að skipstjórnarmenn og vélamenn geti misst réttindi sín um stundarsakir fyrir vanrækslu eða kunnáttuleysi, en slíkt er algengt hjá öðrum þjóðum, og verður að teljast nauðsynlegt aðhald að mönnum um að rækja starf sitt eftir beztu getu.

Um 55. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 56. gr.

Eins og nú stendur á hér á landi, eru aðeins örfáir menn, sem réttindi hafa til þess að vera vélstjórar á mótorskipum með meira en 400 hestafla vél. Það getur því orðið nokkur vöntun á mönnum með réttindi til að taka stöður á stórum motorskipum, ef þeim tekur að fjölga ört hér á landi. Til þess að koma í veg fyrir þetta þykir rétt að veita þeim vélstjórum, sem réttindi hafa samkv. lögum nr. 43 3. nóv. 1915, kost á að öðlast vélstjóraréttindi á mótorskipum án þess að bæta við sig bóklegum lærdómi, ef þeir hafa siglt með réttindum á eimskipum í 10 ár áður en lög þessi öðlast gildi, en verklega æfingu á mótorskipum þurfa þeir að sjálfsögðu að hafa, og til þess að öðlast hana er ætlazt til, að þeir sigli sem undirvélstjórar eða aðstoðarvélstjórar á mótorskipum með meira en 400 hestafla vél í 12 mánuði, og má það ekki minna vera, því eins og kunnugt er, er mikill munur á umhirðu mótora og eimvéla, og undirstöðumenntun sú, sem vélstjórar nú hafa í mótorfræði, er af skornum skammti.

Með ákvæðum þeim, sem sett eru í stafl. d. í 56. gr., er ætlazt til þess, að menn þessir hafi réttindi til þess að vera undirvélstjórar á mótorskipum með 400 til 900 hestafla vél, eða aðstoðarvélstjórar á mótorskipum með meira en 400 hestafla vél, þó þeir hafi ekki lokið rafmagnsprófi. Hér verður aðeins um að ræða menn, sem hafa að baki langan siglingatíma við vélstjórn á skipum og eru almennt orðnir of rosknir til að ganga í skóla að nýju, en verða vel færir til þess að annast vélstjórastörf á mótorskipum eftir að hafa fengið nægilega verklega æfingu við mótorvélar.

Um 57. gr.

Greinin fjallar um þá, sem nú hafa smáskipapróf, og á hvern hátt þeir geta öðlazt réttindi til skipstjórnar eða stýrimennsku á skipi allt að 100 rúmlestir. Ekki þykir fært að veita þessum flokki manna meiri réttindi en þeir nú hafa, nema þeir auki við þekkingu sína í siglingafræðum frá því, sem þeir nú öðlast með smáskipaprófinu.

Er því farin sú leið, að námskeið séu haldin fyrir þessa menn um ákveðið árabil frá því að þessi lög öðlast gildi, og að þeir geti á þann hátt tekið umrætt próf á skemmri tíma en ef þeir þyrftu að binda sig við allan tímann, sem undirbúningur undir prófið tekur ella, og jafnvel búið sig undir prófið heima hjá sér, og þannig hagnýtt sér fyrri kunnáttu í þessum fræðum.

Um 58.—60. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 430. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 63 28. jan. 1925, um útflutningsgjald.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Síðasti málsliður 1. málsgr. 2. gr. laganna („Af hverjum 100 kg. af fiskúrgangi ... kr. 3.00 af 100 kg.“) falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á haustþinginu í fyrra var lögum um útflutningstoll af beinum og hausum breytt í því skyni að bæta aðstöðu iðnrekstrar þess hér á landi, sem þetta hráefni notar, það er að segja fiskimjölsverksmiðjanna. Var tollurinn færður úr 10 krónum á smálest upp í 30 kr. Sætti tollhækkun þessi mjög miklum andmælum

í þinginu, sem runnin var frá smáútvegsmönnum. En þeir, sem að málinu stóðu og sigur báru úr býtum, héldu því fram, að þessi tollur væri nauðsynlegur til verndar verksmiðjunum, en starfsemi þeirra til gagns fyrir útveginn. En jafnframt staðhæfðu þeir þá líka, að þessi tollur nægði til að tryggja verksmiðjunum hráefnið. Nú hefir reynslan í ár skorið úr um það, að þrátt fyrir þennan gífurlega toll hafa Norðmenn keypt hér mikið af hausum og beinum, og það svo háu verði, að framleiðendur báru úr býtum allt að 20 kr. meira fyrir hverja smálest en innlendu verksmiðjurnar greiddu, og guldu þó 30 kr. toll af hverri smálest. Í þessu felst ljós sönnun þess, að innlendu verksmiðjurnar eru ekki samkeppnisfærar, í hverju sem það liggur, nema útvegsmönnum sé bægt frá að hagnýta sér verðlag, sem er jafnvel yfir 50% hærra en það verð, sem innlendu verksmiðjurnar greiða, en slíkur skattur á þá er alveg augsýnilega svo hár, að frá þjóðhagslegu sjónarmiði getur ekki komið til greina að krefjast slíkra fórna af þeim, vegna þess að vinningurinn í aðra hönd, það er að segja ávöxtun þess fjár, sem í verksmiðjunum liggur, og sú atvinna, sem starfrækslunni fylgir, jafngilda á engan hátt hinum mikla verðmun, sem hér um ræðir, og stendur því hvergi nærri í réttu hlutfalli við fórnir útvegsmanna.

Af þessum ástæðum þykir rétt að krefjast þess, að tollurinn verði færður niður, og úr því að þannig er ekki lengur um verndartoll að ræða, mælir engin sanngirni með því, að tollur af þessari útflutningsvöru sjávarútvegsins sé hærri en af öðrum þeim sjávarafurðum, sem sæta hinu almenna útflutningsgjaldi.

Ed. 431. Frumvarp til laga

um eftirlit með vörum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Lög þessi ná yfir hverskonar matvæli og aðrar neyzlu- og nauðsynjavörur, og er tilgangur þeirra að vernda menn gegn tjóni, sem stafað getur af því, ef slíkar vörur skortir eðlilega hollustu, eða ef þær eru skaðlegar heilbrigði manna, eða ef menn eru gabbaðir til að afla sér þeirra, neyta þeirra eða nota þær í þeirri trú, að þær séu annars efnis eða eðlis en þær eru í raun og veru.

2. gr.

Matvæli eða neyzluvörur eru samkvæmt lögum þessum efni, sem ætluð eru mönnum til neyzlu sem matur eða drykkur, þar á meðal neyzluvatn, svo og efni í mat eða drykk, þar með talið hverskonar krydd, svo og önnur efni, sem notuð eru við tilbúning matvæla og drykkja, þó að þau séu að jafnaði ekki í matvælunum eða drykkjunum, að þeim fullgerðum. Neyzluvörur teljast meðal annars hverskonar nautnavörur, svo sem áfengi, tóbak, kaffi, te o. s. frv.

Um efni, sem eingöngu eru ætluð til lækninga sem lyf og aðeins eru látin úti af lyfsölum eða læknum, fer eftir sérstökum lögum.

3. gr.

Nauðsynjavörur aðrar en matvæli og neyzluvörur (sbr. 2. gr.) eru samkvæmt lögum þessum:

1. Búsáhöld, svo sem ílát og umbúðir, eldhúsáhöld, borðbúnaður og aðrir þeir hlutir, sem notaðir eru við tilbúning, geymslu eða framreiðslu matvæla eða annarar neyzluvöru.
2. Tilsvarandi áhöld þeim, sem getur í 1. tölulið þessarar greinar og eru viðhöfð í verksmiðjum, verzlunum, skipum og öðrum flutningatækjum eða á geymlustöðum og þar annarsstaðar, sem farið er með matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur, þar á meðal hverskonar vélar til matvæla- eða annarar neyzlu- eða nauðsynjavörugerðar eða við umbúnað, geymslu, flutning, afgreiðslu eða aðra meðferð á slíkum vörum, einnig vogir og mælitæki.
3. Hreinlætis- og snyrtivörur, hverju nafni sem nefnast. Með snyrtivörum teljast grímur, gervihár og hverskonar vörur eða efni, sem leikarar einkum nota til að breyta útliti sínu, ennfremur hverskonar hreinlætis- og snyrtitæki, þar á meðal hverskonar áhöld og efni, sem notuð eru í rakarastofum og snyrtistofum.
4. Klæðnaður og hverskonar efni í klæðnað, þar á meðal rúmfatnaður og efni í rúmfatnað.
5. Húsgögn, þar á meðal upphitunar- og lýsingartæki, veggfóður og húsgagnafóður, gólfdúkar og ábreiður, málningarvörur og aðrir litir, sem ekki teljast matvæli eða neyzluvörur (sbr. 2. gr.), stofuplöntur og plöntueftirlíkingar.
6. Eldiviður og ljósmeti, þar á meðal steinolía, brennsluvínandi, bensín, kerti, eldspýtur og önnur kveikingartæki.
7. Lækningaáhöld, þar á meðal gervilimir og sjúklingaumbúðir, sáraumbúðir og hverskonar sjúkragögn og hjúkrunarvörur, ennfremur áhöld og efni til getnaðarvarna.
8. Leikföng.
9. Aðrir hlutir, sem ráðherra tiltekur nánar í samræmi við tilgang þessara laga.

4. gr.

Óheimilt er:

1. að búa til eða flytja inn í landið í því skyni að hafa á boðstólum, selja eða láta á annan hátt af hendi matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur, sem ætla má, að skorti eðlilega hollustu eða séu skaðlegar heilbrigði manna, ef þeirra er neytt eða þær notaðar á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt.
2. að haga umbúnaði, geymslu, flutningi, afgreiðslu eða annari meðferð á matvælum eða öðrum neyzlu- eða nauðsynjavörum, sem ætla má, að verði hafðar á boðstólum, seldar eða látnar á annan hátt af hendi, þannig, að ætla megi, að þær fyrir það skorti eðlilega hollustu eða verði skaðlegar heilbrigði manna, ef þeirra er neytt eða þær notaðar á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt.

3. að hafa á boðstólum, selja eða láta á annan hátt af hendi, hvort sem er innanlands eða til útflutnings úr landinu, matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur, sem ætla má, að skorti eðlilega hollustu eða séu skaðlegar heilbrigði manna, ef þeirra er neytt eða þær notaðar á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt.

Ef um venjulegar nautnavörur er að ræða, sem að vísu eru viðurkenndar skaðlegar heilbrigði manna, og eins þó að þeirra sé aðeins neytt á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt, eða um venjuleg matvæli eða um aðrar venjulegar neyzlu- eða nauðsynjavörur, sem álitamál getur verið um að þessu leyti, verða menn ekki sakfelldir samkvæmt þessari grein, nema ætla megi, að vörurnar séu annarlega eða óvenjulega skaðlegar heilbrigði manna, ef þeirra er neytt eða þær notaðar á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt, enda sé ekki bann á slíkum vörum eða þær gerðar óheimilar samkvæmt 6. gr.

5. gr.

Óheimilar eru eftirlíkingar eftir matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum í blekkingarskyni í verzlun eða viðskiptum, jafnt og hverskonar fölsun slíkrar vöru.

Um verzlun með matvæli og aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur, og þar á meðal um auglýsingar um og auðkenni á slíkum vörum, fer almennt eftir lögur nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, en í einstökum atriðum eftir reglugerðum, er ráðherra kann að setja, eða auglýsingum, er hann kann að birta samkvæmt þessum lögum. Um brot gegn hinum tilvitnuðu lögum, þegar um er að ræða matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur, fer eftir þessum lögum.

6. gr.

Ráðherra er heimilt í samræmi við tilgang þessara laga:

1. að banna eða takmarka tilbúning í landinu og þá jafnframt innflutning í landið á matvælum eða öðrum neyzlu- eða nauðsynjavörum, sem tilbúnar eru á ákveðinn hátt.
2. að banna eða takmarka, að um matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur sé búið eða þær geymdar, fluttar, afgreiddar eða að öðru leyti með þær farið á ákveðinn hátt.
3. að banna eða takmarka, að matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur, sem tilbúnar eru, um er búið, geymdar eru, fluttar, afgreiddar eða að öðru leyti með farið á ákveðinn hátt, séu hafðar á boðstólum, seldar eða látnar á annan hátt af hendi.
4. að banna eða takmarka, að áhöld eða efni, sem ætluð eru til ólöglegra eftirlíkinga eða fölsunar á matvælum eða öðrum neyzlu- eða nauðsynjavörum, séu búin til í landinu eða flutt inn í landið, höfð á boðstólum, seld eða látin á annan hátt af hendi.
5. að skipa fyrir, að á umbúðir, matvæli og aðrar neyzlu- og nauðsynjavörur eða á vörurnar sjálfar séu skráðar réttar upplýsingar um, hvar og af hverjum og hvenær þær séu tilbúnar, hver hafi selt þær eða látið þær af

hendi, hverrar tegundar eða efnis eða eðlis þær séu, og ef um samsettar vörur er að ræða, hve mikið sé af hverju efni fyrir sig, svo og að segja fyrir um, hvernig að öðru leyti skuli gengið frá þessum áletrunum.

6. að ákveða með reglugerðum eða auglýsingum, hvernig einstakar tegundir af matvælum eða öðrum neyzlu- eða nauðsynjavörum skuli gerðar til þess að verða ekki taldar skorta eðlilega hollustu eða vera skaðlegar heilbrigði manna, óheimilar eftirlíkingar eða falsaðar samkvæmt ákvæðum laga þessara, eða til þess að mega auðkennast á ákveðinn hátt. Í þessum reglugerðum eða auglýsingum má ákveða, hverjum þrifnaðar- og heilbrigðisreglum skuli fylgja við tilbúning, umbúnað, geymslu, flutning, afgreiðslu og aðra meðferð hinna einstöku tegunda af matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, að húsakynni og áhöld séu viðunandi, og þegar um framleiðslu eða aðra vandasama meðferð á sílkum vörum er að ræða, að næg kunnátta sé fyrir hendi til að annast allt, er að slíku lýtur.

7. gr.

Almennt eftirlit með framkvæmd laga þessara hafa lögreglustjórar, hver á sínum stað, með aðstoð héraðslækna, heilbrigðisnefnda og tollvörzlumanna.

Ráðherra má auk þess fela sérstökum eiðsvörnum kunnáttumönnum eða stofnunum, sem hafa kunnáttumönnum á að skipa, einstakar greinir eftirlitsins og jafnvel stjórn þess í heild. Hlutaðeigendum skal jafnan skylt að leyfa eftirlitsmönnum óhindraðan aðgang til eftirlits á þeim stöðum, þar sem matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur eru búnar til, eða þar sem um slíkar vörur er búið, þær geymdar, fluttar eða á annan hátt með þær farið, eða þar sem slíkar vörur eru hafðar á boðstólum, seldar eða látnar á annan hátt af hendi, svo og að láta eftirlitsmönnum ókeypis í té nauðsynleg sýnishorn til rannsókna, gefa þeim allar upplýsingar um aðferðir við tilbúning, umbúnað, geymslu, flutning, afgreiðslu og aðra meðferð á slíkum vörum, er þeir óska eftir og starf þeirra varðar, heimila þeim á sama hátt aðgang að verzlunarbókum og skjölum og að aðstoða þá í öllum greinum við framkvæmd eftirlitsins.

Ráðherra er heimilt að ákveða nánar í reglugerð um tilhögun eftirlitsins. Í reglugerðinni má ákveða, að framleiðendur eða innflytjendur ákveðinna tegunda af matvælum, neyzlu- eða nauðsynjavörum hagi bókfærslu sinni eftir því, sem eftirlitsmenn mæla fyrir, og gefi þeim hverskonar skýrslur, eftir því sem nauðsynlegt er vegna eftirlitsins. Í reglugerðinni má og ákveða, hverjar aðferðir skuli viðhafðar við rannsóknir á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum til að sannreyna vörurnar. Í reglugerðinni má loks ákveða, að til greiðslu kostnaðar við eftirlit með tilbúningi eða sölu einstakra tegunda af matvælum og öðrum neyzlu- eða nauðsynjavörum megi leggja gjald á framleiðendurna eða innflytjendurna, ef um erlendar vörur er að ræða, og skal þá miða gjaldið við magn framleiðslunnar eða innflutningsins.

8. gr.

Áður en reglugerðir eru settar samkvæmt 9. tölulið 3. greinar og 6. og 7. grein, skal gefa hlutaðeigandi framleiðendum eða kaupmönnum kost á að láta sérfræðinga, er þeir nefna til, athuga málið og segja álit sitt um það.

Í reglugerðum samkvæmt lögum þessum má aldrei gera minni kröfur til erlendrar vöru en samskonar vöru innlendrar.

9. gr.

Þeir, sem hafa á hendi eftirlit með framkvæmd laga þessara, skulu, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum hinna almennu hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, bundnir þagnarskyldu um öll framleiðslu- og verzlunarleyndarmál, er þeir kunna að komast að við framkvæmd eftirlitsins, og mega hvorki færa sér þau í nyt sjálfir né verða þess valdandi að aðrir geri það.

10. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, með ráði héraðslæknis eða sérstaklega skipaðs eftirlitsmanns, að taka í sínar vörzlur eða umsjá matvæli og aðrar neyzlu- og nauðsynjavörur, sem ástæða er til að ætla, að séu skaðlegar heilbrigði manna, óheimilar eftirlíkingar eða falsaðar samkvæmt ákvæðum þessara laga, og hindra þannig, að þær verði hafðar á boðstólum, seldar eða á annan hátt látnar af hendi, svo lengi sem hann telur ástæðu til, og ef mál er höfðað, þangað til dómur er genginn.

11. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, nema um brot á hinum almennu hegningarlögum sé að ræða.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 100—10000 krónum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

Ætíð skal sá, er sekur hefir fundizt við ákvæði þessara laga, greiða allan þann kostnað, sem leitt hefir af útvegun sýnishorna og rannsókna á þeim, er nauðsynlegar voru til að sanna sekt hans.

Nú hefir sá, sem sekur hefir fundizt um vörusvik samkvæmt þessum lögum, sannanlega grætt á svikunum, og má þá, auk sektar þeirrar, sem greind er í 2. málsgrein þessarar greinar, eða annarar refsingar, dæma hann til að greiða viðbótarsekt, jafnháa upphæð sem hagnaðurinn sannanlega nemur. Hinar sviknu vörur skulu jafnan dæmdar upptækar á kostnað hins seka, svo og áhöld þau og efni, sem notuð hafa verið við vörusvikin og sérstaklega eru til slíks ætluð.

Fyrir ítrekuð brot eða mikilsháttar, og einkum ef tjón hefir hlotizt af, má með dómi svipta hinn seka leyfi til að fást áfram við framleiðslu eða verzlun með matvæli og aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef sakir eru mjög miklar.

12. gr.

Nú er niðurstaða dóms samkvæmt 11. gr. talin varða almenning, og skal heilbrigðisstjórnin þá birta hana opinberlega.

Nd. 432. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 52. gr. Greinin orðist þannig:

Sektir samkvæmt lögum þessum er þó stjórnarráðinu heimilt að lækka, og jafnvel láta þær falla niður, ef sérstakar málsbætur eru.

Greinargerð.

Frá fjármálaráðherra hefir fjárhagsnefndinni borizt bréf, dags. 11. þ. m., þar sem hann skýrir frá því, að iðulega berist ráðuneytinu beiðnir um eftirgjöf á sektum fyrir brot á lögunum um stimpilgjald. Jafnframt beinir hann því til nefndarinnar, hvort ekki væri rétt að breyta lögunum um stimpilgjald þannig, að nú væri í vissum tilfellum heimilað að gefa sektirnar eftir, að nokkru eða öllu leyti.

Þar eð telja má víst, að vanræksla í því að láta stimpla innan þess tíma, sem lögin ákveða, sé í flestum tilfellum ekki sprottin af því, að menn ætli sér vísvitandi að brjóta lögin, heldur vegna vanþekkingar, gáleysis eða gleymsku, hefir fjárhagsnefnd orðið sammála um að flytja frumvarp þetta og gefa stjórnarráðinu heimild til að lækka sektirnar, eða jafnvel fella þær niður, ef sérstakar málsbætur eru.

Nd. 433. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands.

Flm.: Sigurður Einarsson, Jónas Guðmundsson.

1. gr.

Úr 2. gr. laganna falli burt orðin „utan Reykjavíkur“.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að tryggja í félaginu allar húseignir í kaupstöðum og kauptúnum, þar með talin hús í smíðum, hvort sem þau eru eign einstakra manna, félaga eða opinberar eignir. Sömuleiðis er skylt að tryggja í félaginu öll hús utan kaupstaða og kauptúna, nema gripahús, hlöður og geymsluhús á sveitabæjum, enda séu þau ekki áföst íbúðarhúsum, svo að þau megi teljast vera í óaðgreinanlegri brunahættu með þeim.

Ákvæði fyrri málsliðs þessarar greinar um vátryggingarskyldu í félaginu nær þó ekki til húseigna í Reykjavíkurkaupstað.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er félaginu að taka í eldsvoðaábyrgð öll hús í sveitum, sem ekki falla undir ákvæði 3. greinar, um vátryggingarskyldu í félaginu.

Heimilt er félaginu svo og, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka eldsvoðaábyrgð á húsum í Reykjavík með sérstökum samningi við bæjarstjórn.

Ennfremur er félaginu heimilt að taka í eldsvoðaábyrgð hverskonar lausafé, nema verzlunarvörur í kaupstöðum og kauptúnum.

4. gr.

Önnur málsgrein 7. gr. laganna orðist svo:

		Í kaupstöðum og kauptúnum.		Í sveitum utan kauptúna.	
		Hús.	Lausafé.	Hús.	Lausafé.
1. Steinhús	kr.	20000.00	4000.00	12000.00	4000.00
2. Timburhús eldvarnarkl.	—	15000.00	3000.00	10000.00	3000.00
3. Önnur hús	—	10000.00	2000.00	8000.00	2000.00

Þegar aðeins er um lausafjártryggingu að ræða, eða í húsi, sem ekki nær ofangreindu hámarki, má félagið hafa á eigin ábyrgð allt að þrefaldri upphæð á lausafé, þó aldrei hærra en samanlögð upphæð á húsi og lausafé, eins og að framan er greint.

Áhættueining getur hér verið einstakt hús eða fleiri en eitt hús, ef um óaðgreinanlega brunahættu er að ræða.

Greinargerð.

Í þessu frv. felast breytingar aðallega um tvö atriði.

Þegar Brunabótafélag Íslands tók til starfa fyrir nál. tveimur áratugum síðan, var verksvið þess að lögum takmarkað við húseignir í kaupstöðum, nema Reykjavík, og kauptúnum með 300 íbúa eða fleiri.

Síðan hefir verksvið þess um fasteignavátryggingar verið fært mikið út. Ennþá eru þó ýmsar takmarkanir á um verksvið félagsins, sem hvorki geta talizt nauðsynlegar eða eðlilegar. Þannig er það svo, að eftir lögum félagsins er því ekki heimilt að taka að sér brunavátryggingar fasteigna í Reykjavík, þó að félagið og bæjarstjórn gætu orðið ásátt um vátryggingarkjörin. Þegar Reykjavíkurbær síðast bauð út samning um brunatryggingu fasteigna, þá leitaði hann meðal annars til B. Í. Félaginu var þýðingarlaust af greindum ástæðum að gera tilboð. Eftir 4 ár mun falla úr gildi samningur sá, sem Reykjavíkurkaupstaður hefir nú um brunavátryggingu fasteigna. Verður að teljast óeðlilegt, að félagið geti þá ekki átt kost á að gera tilboð. Hinsvegar væri það, að öðru jöfnu, ávinningur í öllu tilliti, að brunatryggingar fasteigna í Reykjavík gætu verið innanlands og iðgjöldin að sem mestu leyti haldizt í landinu. Að þessu lýtur önnur breytingin, sem í frv. felst.

Brunatryggingar á fasteignum í landinu eru að miklu leyti orðnar lögbundnar, hinsvegar er brunatrygging á lausafé algerlega frjáls. Eðlilegt væri, að B. Í. væri óhindrað af lögunum um að taka lausafjártryggingar í frjálsri samkeppni

við önnur vátryggingarfélög, sem starfa hér. Lög félagsins leggja viðtækar höml-ur á rétt þess til að annast lausafjártryggingar. Þannig meina lögin félaginu að taka allar lausafjártryggingar í kaupstöðum og kauptúnum, nema innanstokks-muni og búslóð, sem húseigendur eiga sjálfir í þeim húsum, sem þeir vátryggja í félaginu. Þessi takmörkun á heimild félagsins til lausafjártrygginga hefir valdið mikilli óánægju í kaupstöðunum og kauptúnunum, sem bundin eru skyldu-tryggingu til félagsins með fasteignir sínar, því fremur, sem iðgjaldataxti félags-ins er lægri en annara félaga, sem starfa þar.

Frv. fer fram á að afnema þessar lagalegu takmarkanir að öðru en því, að félaginu sé ekki heimilt að taka í ábyrgð verzlunarbirgðir í kaupstöðum og kauptúnum. Það er hin aðalbreytingin. Álitamál getur vitanlega verið, hvort ástæða er til að halda þessari takmörkun, en flm. telja það þó varlegra að sinni.

Nd. 434. Frumvarp til laga

um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum.

Flm.: Ólafur Thors, Jón Ólafsson, Jóhann Jósefsson, Sigurður Kristjánsson, Pétur Ottesen, Garðar Þorsteinsson, Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

Frá 1. jan. 1936 skal niður falla útflutningsgjald af hverskonar íslenzkum sjávarafurðum, öðrum en þeim, sem ræðir um í 2. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er nú orðið almennt viðurkennt, að hagur sjávarútvegsins stendur svo höllum fæti, að til vandræða horfir, og hitt er jafnkunnugt, að ríkið skatt-leggur eigi aðeins allar notaþarfir útvegsins, heldur hefir og verið lagt útflutn-ingsgjald á framleiðsluvörur hans, og mun slíkur skattur vera óþekktur með nágrannaþjóðum vorum.

Ekki þykir þurfa að leiða rök að því, að útveginum sé brýn nauðsyn á þess-um skattlétti, og þar eð útflutningsgjaldinu hefir nú verið létt af afurðum land-búnaðarins, þykir sjálfsögð sanngirniskrafa, að útvegurinn verði slíks hins sama aðnjótandi.

Fái frumvarp þetta fylgi á þinginu, mun verða tekið til athugunar, hvort ekki þyki fært að aflétta einnig útflutningsgjaldi samkvæmt 2. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935, sem öll sanngirni mælir með, að gert verði.

Nánar í framsögu.

Nd. 435. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 8. sept. 1931 [Útflutningsgjald af síld o. fl.].

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. okt. 1935.

Finnur Jónsson, form. Gísli Guðmundsson, fundaskrifari. Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.
Páll Þorbjörnsson. Sigurður Kristjánsson.

Nd. 436. Frumvarp til laga

um afhending dómkirkjunnar til safnaðarins í Reykjavík og fjölgun sókna og presta í Reykjavík og öðrum kaupstöðum.

Flutningsm.: Pétur Halldórsson.

1. gr.

Dómkirkjan í Reykjavík skal afhent dómkirkjusöfnuðinum til eignar og afnota með þessum skilyrðum: Ríkið greiði 300 — þrjú hundruð — þúsund krónur til nýrra kirkjubygginga, með 10 þúsund krónum á ári í 30 ár. Ríkið skal hafa eftir sem áður aðgang að dómkirkjunni án sérstaks gjalds.

2. gr.

Eftir afhendingu dómkirkjunnar í hendur safnaðarins skal skipta söfnuðinum í 6 sóknir. Kirkjustjórnin ákveður takmörk sóknanna, eftir tillögum sóknarnefndar núverandi safnaðar.

3. gr.

Kirkjubyggingar í hinum nýju sóknum annast og kostar söfnuður hverrar sóknar. Hver sókn fær auk kirkjugjalds frá ársbyrjun þess árs, er sóknarskipting er löglega ákveðin, hluta af fé því, er ríkið leggur árlega til kirkjubygginga samkvæmt 1. gr. Greiðist féð í hinn almenna kirkjusjóð, og skiptist jafnt milli nýju sóknanna.

4. gr.

Sóknir þær, er nefndar eru í 2. gr., skulu vera 4 prestaköll, og skulu vera í þeim svo margir prestar, að því svari, að 1 prestur sé fyrir hverja 5000 sóknarmanna. En ef fólkinu fjölgar, skal prestum fjölga í hlutfalli við fólksfjölda, þannig, að á hvern prest komi sem næst fimm þúsund manns.

5. gr.

Reykjavíkurbær skal leggja ókeypis lóð undir fyrirhugaðar kirkjur í hinum nýju sóknum, einnig undir prestssetursliús. Skulu staðirnir valdir með samþykki kirkjustjórnar.

6. gr.

Heimilt skal mönnum eftir skiptingu Reykjavíkurprestakalls í 6 sóknir að taka prestsþjónustu hjá öðrum presti en sóknarpresti sínum innan takmarka hins núverandi prestakalls, án þess að fara þurfi eftir lögum nr. 9 2. maí 1882, um leysing sóknarbands.

7. gr.

Ákvæði 4. gr. í lögum þessum, um að á einn sóknarprest skuli koma um 5000 manns, skal einnig gilda um aðra kaupstaði landsins, og skal fjölga þar prestum eftir þessum reglum.

8. gr.

Ákvæði 2.—6. gr. koma til framkvæmda við næstu prestaskipti í Reykjavíkurprestakalli, eða þegar núverandi prestar dómkirkjusafnaðarins samþykkja breytinguna.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um 1. gr.

Dómkirkjan, einasta kirkja þjóðkirkjusafnaðar Reykjavíkur, er „landssjóðskirkja“, þ. e. eign ríkisins. Fylgja þar sem annarsstaðar, þar sem líkt stendur á, þau réttindi, að kirkjueiganda bera allar sóknartekjur kirkjunnar, en jafnframt hvílir sú skylda á kirkjueiganda, að hann sjái um kirkju, eða eins og hér er ástatt, kirkjur, er fullnægi söfnuðinum til guðsþjónustuhalds. — Undan þessari skyldu vill 1. gr. frv. þessa leysa ríkið fyrir fullt og allt með nefndu 30 ára árgjaldi.

Um 2. gr.

Eitt af mörgu, sem gerir sóknarskiptingu í Reykjavík mjög aðkallandi, er hinn öri vöxtur bæjarins, svo að búast má við, ef ekkert er að gert, að þau kirkjustæði, sem hentugust mega teljast, verði tekin undir aðrar byggingar.

Um 3. gr.

Með sóknarskiptingu er greitt fyrir því, að áhugamenn geti beitt sér við fjársöfnun til kirkjubyggingar, hver á sínu afmarkaða svæði. Enda er þá forustan að sjálfsögðu komin í hendur sóknarnefnda hverrar sóknar.

Um 4. gr.

Ef dómkirkjusókn næði yfir Víkina, Tjarnarbrekku, Þingholt, Arnarhól, Laufás, Ásgarð og Sólvelli, væru þar nú búsettir um 10 þús. þjóðkirkjumenn, og væri því hæfilegt prestakall með 2 prestum, samkvæmt frv. þessu.

Ef Hallgrímskirkja yrði byggð á Skólavörðuhæð, væri Skuggahverfi, Austurhlíð, Tungan, Suðurhlíð hæfilegt prestakall fyrir 2 presta með um 8 þús. þjóðkirkjumenn nú búsetta á þessu svæði.

Þá er í Vesturbænum þörf á nýrri sókn, er yrði prestakall út af fyrir sig og heita mætti Nesprestakall. Þar eru búsettir um 4 þús. þjóðkirkjumenn á svæðinu: Ægissíða, Bræðraborg, Selland, Eiði, Kaplaskjól, Seltjarnarnes. Er það hæfilegur fólksfjöldi fyrir 1 prest til að byrja með.

Þá eru þrjú svæði eftir, er hvert ættu að verða sókn út af fyrir sig: Grímsstaðaholt, Skildinganes, Bráðræðisholt, Melarnir, með nálægt 1500 manns. Öskjuhlíð, Fossvogur, Sogin, Kringlumýri, Ártún, Breiðholt, með nálægt 600 manns. Ennfremur: Laugarnar, Sundin og Rauðarárholt, með nálægt 1400 manns. Gætu allar þessar sóknir verið eitt prestakall, en nytu þó hver um sig fyrst um sinn þjónustu presta Hallgrímssóknar og prests Nessóknar.

Þess skal getið, að nöfn á bæjarhverfum eru frá Hagstofu Íslands, eins og manntal hvers hverfis er þaðan fengið.

Um 5. gr.

Í samræmi við það, sem hér á undan er sagt, virðist eðlilegt, að kirkjur yrðu í framtíðinni reistar á þessum stöðum:

Stór kirkja á Skólavörðuhæð, minni kirkja í Vesturbænum fyrir Nessókn, en þrjár litlar kirkjur: Á Grímsstaðaholti, á holtinu milli Fossvogs og Sogamýrar, og á hæðinni upp af Sundlaugavegi.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru sett í samræmi við erlenda reynslu.

Um 7. gr.

Tilgangur þessarar greinar er sá, að koma í veg fyrir í framtíðinni, að aðrir kaupstaðasöfnuðir komist í sömu vandræði og Reykjavíkursöfnuður á nú við að búa. En sem dæmi þess, hve kröfum frumvarps þessa er stillt í hóf, nægir að nefna stórborg eins og Kaupmannahöfn, þar sem samkvæmt nýjustu skýrslum 4400 manns koma á hvern prest að meðaltali.

Frumvarp þetta og athugasemdir er frá nefnd, sem „Kirkjuráð“ í okt. 1934 gekkst fyrir að kosin væri til þess að vinna að fjölgun presta og kirkna og sóknarskiptingu í Reykjavík.

Í nefnd þessa voru kosnir:

Báðir prestar dómkirkjusafnaðarins, prófastur Bjarni Jónsson og séra Friðrik Hallgrímsson, Pétur Halldórsson bóksali, cand. theol. Sigfús Sigurhjartarson kennari, og prófessor Sigurður P. Sívertsen, er kjörinn hefir verið formaður nefndarinnar.

Frumvarpið var borið undir síðasta aðalfund dómkirkjusafnaðarins, og mælti hann eindregið með því. Prestastefnan, aðalfundur Prestafélags Íslands, héraðsfundur Kjalarnesprófastsdæmis, og Kirkjuráð, hafa einnig á þessu ári lýst einróma fylgi sínu við frumvarpið, og hinn almenni kirkjufundur í sumar taldi mjög brýna nauðsyn á fjölgun presta í Reykjavík.

Ed. 437. Frumvarp til laga

um loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hvert íslenzkt skip, sem er í förum milli landa og hefir minnst 12 manna áhöfn, svo og hvert íslenzkt farþegaskip, er siglir með ströndum fram og er 200 rúmlestir eða stærra, skal hafa fullkomlega starfrækta loftskeytastöð.

2. gr.

Afl stöðvanna skal vera minnst 125 vatt í loftneti á 600 metra öldulengd og fullnægja að öðru leyti ákvæðum um loftskeytastöðvar í skipum.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur reglugerð um starfrækslu stöðvanna, en skilyrðum landssímans fyrir leyfisbréfum þeirra skal að öðru leyti fullnægt samkvæmt heimild í lögum nr. 82 14. nóv. 1917, um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi, og ákvæðum reglugerðar 27. okt. 1933, um loftskeytastöðvar í skipum, með tilliti til öryggis mannslífa á sjónum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 438. Frumvarp til laga

um garðyrkjuskóla.

Flm.: Bjarni Bjarnason, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Stofna skal garðyrkjuskóla að Reykjum í Ölfusi, er veiti nauðsynlega undirbúningsmenntun og sérþekkingu í garðyrkjustörfum.

Skólinn skal geta veitt viðtöku minnst 12 nemendum árlega.

2. gr.

Ríkið leggur skólanum til nægilegt land til garðyrkju, svo og vermireiti, gróðrarskála og aðrar byggingar, sem nú eru á Reykjum og tilheyra Reykjabúinu. Skulu byggingar þessar miða að því, að hafa megi sem fjölbreyttasta ræktun garðjurta.

3. gr.

Í sambandi við skólann skal starfrækja kúabú. Skal stærð þess miðuð við það, að nægur búfjáráburður fáist til garðræktarinnar.

4. gr.

Við skólann skulu gerðar ýmsar tilraunir, er snerta ræktun garðjurta, bæði við almenn skilyrði og í gróðrarskálum.

5. gr.

Í skólanum skal fara fram bókleg og verkleg kennsla í garðyrkju. Námstími skólans skal vera frá 1. marz til 30. nóv. ár hvert.

6. gr.

Inntökuskilyrði í skólann eru þessi:

a. Að umsækjendur séu ekki yngri en 18 ára að aldri. Þó má veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef um sérstaklega efnilega umsækjendur er að ræða.
b. Að þeir séu vel heilsuhraustir og þekktir að reglusemi.
c. Að þeir fullnægi um undirbúningsmenntun þeim skilyrðum, sem sett verða í reglugerð.

Piltar og stúlkur hafa jafnan rétt til inntöku í skólann.

7. gr.

Þessar námsgreinar skulu kenndar í skólanum:

Í bóklegu: Íslenzka, stærðfræði, grasafræði, efnafræði, jarðfræði, jurtaarfgengisfræði, garðyrkjufræði, verkfærafræði, og auk þess skal kennt um almenna jarðrækt og skógrækt, eftir því sem tími vinnst til.

Nemendur skulu læra einfaldar land- og hallamælingar, og teikningu að því er snertir gróðrarskála og skipulag garða.

Heimilt er skólastjóra, í samráði við landbúnaðarráðherra, að taka upp kennslu í fleiri námsgreinum.

Í verklegu skulu nemendur æfðir við öll störf, er snerta almenna garðyrkju og ræktun í gróðrarskálum, svo og blóma- og trjárækt, allt frá því vorstörf hefjast og þangað til hauststörfum lýkur.

Í reglugerð skal kveða nánar á um allt fyrirkomulag kennslunnar.

8. gr.

Burtfararpróf skal halda við skólann í lok hvers skólaárs. Prófið sé bæði bóklegt og verklegt.

Þeir, sem standast prófið, skulu fá prófskírteini frá skólanum.

Nánari ákvæði um próf skulu sett í reglugerð.

9. gr.

Við garðyrkjuskólann skulu vera 2 fastir kennarar, og er annar þeirra skólastjóri.

Skólastjóri hefir á hendi eftirlit með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum. Hann hefir umsjón með allri starfsemi skólans, svo sem garðrækt, tilraunum, kúabúi, alifuglarækt og annari starfrækslu, sem þar kann að vera rekin.

Nákvæmir reikningar skulu færðir um hverja grein starfrækslunnar.

Launakjör skulu ákveðin í launalögum.

Nauðsynleg aðstoð við rekstur skólans skal í té látin, eftir því sem þörf krefur og landbúnaðarráðherra samþykkir.

10. gr.

Nemendur fá í skólanum ókeypis kennslu, húsnæði, fæði og þjónustu.

11. gr.

Í reglugerð má ákveða, að stutt námskeið skuli haldin við garðyrkjuskólann öðruhverju, eftir því sem ástæður leyfa.

Auk garðyrkjunámskeiða má einnig hafa matreiðslunámskeið, einkum að því er snertir notkun garðjurta, svo og námskeið í alifuglarækt o. fl.

12. gr.

Landbúnaðarráðherra hefir á hendi yfirstjórn garðyrkjuskólans og gefur út reglugerð um hann.

Í reglugerð skal nánar ákveðið um inntökuskilyrði, námsgreinar, tilhögun kennslu, próf, kennslukrafta, tilraunastarfsemi, rekstur garðyrkjubúsins, fyrirkomulag námskeiða o. fl.

13. gr.

Kostnaður við að gera skólann úr garði samkv. lögum þessum greiðist úr ríkissjóði.

Öllum tekjum af starfrækslu skólans skal varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði við hann. En að því leyti sem þær nægja ekki, skal greiða kostnaðinn úr ríkissjóði.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skal skólinn hefja starf sitt 1. marz 1936.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk forsætisráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

„Tvö meginatriði eru þess valdandi, að hér er borið fram frumvarp um stofnun garðyrkjuskóla.

Annað er það, að vér eigum engan garðyrkjuskóla. Þeir, sem stundað hafa garðyrkjunám, hafa orðið að nema það erlendis. Hér hafa að vísu verið haldin stutt námskeið í garðyrkju, bæði í gróðrarstöðinni í Reykjavík, hjá Ræktunarfélagi Norðurlands á Akureyri og nú síðustu árin í garðyrkjustöðinni á Laugarvatni.

6—8 vikna námskeið, eins og hér hefir verið um að ræða, hafa getað glætt áhuga nemenda fyrir garðyrkju og kennt þeim fyrstu byrjunaratriði á því sviði, en útilokað er með öllu, að sérfræðingar í garðyrkju fáist á þann hátt.

Þá hefir dálítið verið kennt í garðyrkju á bændaskólum vorum, bæði að því er snertir bóklega og verklega fræðslu. En það er eins um þá kennslu og nám-

skeiðin, tíminn hefir verið svo stuttur, sem til garðyrkjunáms hefir mátt verja þar, að aðeins fátt eitt hafa nemendur getað tileinkað sér af því, sem þurft hefði. Auk þess hafa gróðrarstöðvar einstakra manna, svo sem á Reykjum í Mosfellssveit og í Fagrahvammi, tekið nemendur í verklegt nám, og hafa nokkrir menn fengið þar góða verklega kunnáttu, en bóklega fræðslu hafa þeir enga fengið þar.

Nú er það alkunna, að jarðrækt verður að nema við sem líkust skilyrði og menn síðar ætla að starfa við. Þess vegna er jarðræktarnám erlendis oft tiltölulega lítils virði, vegna þess hve skilyrði eru þar ólík því, sem hér tíðkast. Í öllu falli þarf að breyta hinum erlendu aðferðum og samræma við vora staðhætti.

Þetta á ekki hvað síst við um garðyrkjuna. Til þess að hún lánist í jafnerfiðu loftslagi og er hérlendis, þarf að viðhafa natni og nákvæmni í öllum störfum, og þau þurfa að miðast við þau náttúruskilyrði, sem fyrir hendi eru. Þess vegna er hin innlenda reynsla svo mikils virði á þessu sviði sem öðrum. Má með miklum sanni segja, að víða sé þörf á innlendri reynslu, en óvíða sé jafnmikil nauðsyn og á sviði jarðræktar, og þá ekki síst að því er garðyrkjuna snertir.

Notkun hverahitans í þarfir garðyrkjunnar er sérkennileg fyrir vort land. Þar má segja, að séu ótæmandi auðæfi, óþrjótandi möguleikar til aukinnar framleiðslu. Á því sviði ættum vér Íslendingar að geta orðið brautryðjendur. Láta gera ýmiskonar tilraunir og athuganir um notkun jarðhitans við ræktun garðjurta, bæði í gróðrarskálum og á bersvæði. Eitt allra stærsta verkefni komandi ára er að nota jarðhitann til þess að rækta ýmiskonar matjurtir, sem vér annaðhvort ræktum alls ekki, eða þá svo lítið af, að alveg er hverfandi við það, sem ætti að vera.

Afleiðing hinnar ónógu og lélegu fræðslu, sem vér höfum haldið uppi í garðyrkjumálum, er hversu lítið vér ræktum af garðjurtum. Er þar komið að öðru aðalatriði þess, að frumvarp þetta er fram borið. Það er hin mikla nauðsyn þess að auka garðrækt til mikilla muna.

Ef vér athugum hagskýrslur, kemur í ljós, að uppskera af kartöflum og gulrófum hefir verið sem hér segir:

	Kartöflur tn.	Rófur tn.
1885—90 meðaltal árlega	5400	7300
1891—00 — —	11300	13000
1901—10 — —	21400	15800
1911—20 — —	26590	13120
1921—30 — —	31900	11900
1931 árl.	35000	12500
1932 —	44500	16400
1933 —	43800	21621
1934 —	58000	

Kartöfluuppskeran hefir samkvæmt þessu verið nálægt 40 kg. á hvern mann í landinu síðustu árin, þó nokkru meiri árið 1934.

Engar skýrslur eru til um það, hversu mikið er ræktað af öðrum garðjurtum en kartöflum og gulrófum. Þótt sú ræktun hafi aukizt allverulega síðustu árin, þarf samt að auka framleiðslu ýmissa káltegunda, gulróta, rauðrófna og margra annara jurta, sem rækta má á bersvæði. Öðrum þræði þarf svo að auka

framleiðslu ýmsra garðjurta, sem ræktaðar eru í gróðrarskálum, svo sem tómata o. fl. Kartöfluræktun þarf að tvöfalda á næsta ári, og þarf þó betur að auka hana síðar.

Það átak, sem gera verður til aukningar garðræktar næstu árin, er ókleift nema oss takist að ala upp sérfróða menn á þessu sviði. Slíkt verður ekki gert á annan hátt en þann, að innlend stofnun annist kennslu og tilraunastarfsemi, þar sem skilyrði til slíkra hluta eru góð.

Gert er ráð fyrir, að skólinn verði reistur á Reykjum í Ölfusi. Sá staður er að ýmsu leyti hinn ákjósanlegasti. Ríkið á jörðina. Jarðhiti er þar nægur. Skilyrði til garðræktar á bersvæði eru fremur góð. Þar hafa verið reistir gróðrarskálar miklir, sem nota má við kennslu og tilraunastarfsemi. Aðstaða til markaðar í Reykjavík er þar góð. Nú hefir verið byggt þar fjós fyrir 24 nautgripi og hús fyrir nokkur hundruð hænsni. Nauðsynlegt er að hafa kúabú samhliða til þess að hafa búfjáráburð til afnota við garðræktina. Mun láta nærri, að hér sé hæfilega séð fyrir því.

Þá er mjög ákjósanlegt að hafa alifuglarækt samhliða. Vér kunnum lítið í þeim efnum, en oft fellur það vel saman að stunda garðrækt og alifuglarækt samhliða. T. d. má nota ýmiskonar úrgang frá garðyrkjunni sem fóður fyrir alifugla.

Á Reykjum hafa því verið reistar byggingar að miklu leyti fyrir þá starfrækslu, sem þar yrði fyrst um sinn.

Ráðgert er, að skólinn rúmi 12 nemendur í fyrstu. Þess verður að gæta, að nægilegt verkefni sé til fyrir nemendur; tjáir ekki að hafa þá fleiri en starfrækslan getur borið. Er meira um vert að fá færri sérmenntaða menn frá skólanum heldur en marga með yfirborðsfræðslu. Þykir rétt að byrja ekki með hærri nemendatölu en þetta, meðan reynsla er að fást um framtíðarskipulag þessarar stofnunar.

Íbúðarhúsið á Reykjum mun nægja sem bústaður fyrir kennara við skólann og nauðsynlegt verkafólk. Auk þess mun það nægja til matreiðslu fyrir allt heimilið.

Það þarf að byggja heimavistarskóla fyrir 12 nemendur, ásamt kennslustofu og áhaldaherbergi, svo og íbúð fyrir skólastjóra.

Samkvæmt kostnaðaráætlun, sem gerð hefir verið um nægilega stórt hús til þessa, hefir komið í ljós, að hægt er að byggja það fyrir 28 til 30 þús. króna. Er þá gert ráð fyrir, að það sé byggt úr timbri.

Með byggingu slíks skólahúss væri séð fyrir nægum húsakosti fyrst um sinn á skólasetrinu. Auk þess mundi þurfa að kaupa eitthvað af verkfærum til viðbótar því, sem Reykjabúið á nú, svo og dálítið af kennsluáhöldum. Má áætla, að til þessa þurfi ca. 5 þús. kr.

Til stofnkostnaðar skólans þarf því að verja nálægt 35 þús. króna.

Námstíminn er ákveðinn 9 mánuðir, frá 1. marz til 30. nóv. Þessi tími er ákveðinn með tilliti til þess, að nemendur dvelji við skólann frá því fyrstu vorstörf hefjast og þangað til lokið er öllum haustverkum. Hér er og miðað við erlenda reynslu í þessu efni. Flestir hinir betri garðyrkjuskólar nágrannaþjóða vorra hafa 8—9 mánaða námstíma.

Um árlegan rekstrarkostnað skólans hefir verið gerð athugun eftir því sem kostur er. Samkvæmt því má gera ráð fyrir þessum gjöldum:

Skólastjóri hefir frían íbúð, ljós og hita, svo og fæði fyrir sjálfan sig og auk þess	kr.	3000.00
Kennari hefir íbúð, ljós og hita og auk þess	—	3000.00
Til tímakennslu og námskeiða	—	1500.00
Til kaupa á bókum og áhöldum	—	500.00
Fæðiskostnaður 12 nemenda og skólastjóra, ca. 3660 fæðisdagar á 1.50	—	5500.00
	Samtals kr.	13500.00

Þegar athugaðir eru þeir gróðrarskálar, sem nú eru á Reykjum í Ölfusi, og sú aðstaða, sem þar er til garðræktar á bersvæði, virðist mega gera ráð fyrir verulegum árlegum tekjum af garðræktinni.

Þar sem garðyrkjunemendur munu vinna að mestu öll störf viðvíkjandi garðræktinni, þarf ekki að gera ráð fyrir nema lítilli aðkeyptri vinnu umfram það, sem felst í fæðiskostnaði nemenda og kaupi kennara.

Helztu rekstrarútgjöld yrðu þá áburður, fræ, viðhald á húsum og verkfærum, flutningskostnaður og einhver aðkeypt vinna. Þessir útgjaldaliðir virðast ekki þurfa að fara fram úr 15 þúsund krónum á ári.

Í þessari áætlun er ekki tekið neitt tillit til kúa- og hænsnabúsins, þar sem því er ekki ætlað að gera annað en að greiða rekstrarkostnað við búið, þar með taldar vaxtagreiðslur af byggingarlánum og viðhald á húsum."

Ed. 439. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenzkum afurðum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. okt. 1935.

Jón Baldvinsson, form., frsm.
Bernh. Stefánsson, fundaskrifari.

Ed. 440. Frumvarp til laga

um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti.

Flm.: Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka í sínar hendur innflutning á kartöflum og öðrum garðávöxtum frá 1. maí 1936, og er þá öllum öðrum óheimilt að flytja nefndar vörutegundir til landsins.

Lög þessi ná þó ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs kartöflur, ef birgðirnar eru, að áliti tollstjóra, eigi meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum.

2. gr.

Stofnun, sem nefnist Grænmetisverzlun ríkisins, skal annast innflutning og verzlun kartaflna og annara garðávaxta.

Ríkissjóður leggur fram nauðsynlegt stofnfé til verzlunarinnar, og er ríkisstjórninni heimilt að taka lán í því skyni.

3. gr.

Grænmetisverzlun ríkisins er skylt að kaupa fyrir gildandi innkaupsverð samkvæmt 10. gr. allar þær kartöflur, sem framleiddar eru innanlands og fram eru boðnar á þeim stöðum, er hún ákveður, eftir því sem geymslurúm og markaðsþörf leyfir. Skal hún haga innkaupum og verzlun sinni þannig, að hver landshluti sé fyrst látinn fullnægja sinni neyzluþörf, eftir því sem við verður komið.

Eftir því sem fært þykir skulu þeir framleiðendur látnir sitja fyrir um kaup að haustlagi, sem erfiðast eiga um flutninga að vetrarlagi.

4. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Grænmetisverzlun ríkisins, að banna innflutning á kartöflum og öðrum garðávöxtum, eftir því sem nauðsynlegt kann að verða, til þess að tryggja markað fyrir innlenda framleiðslu.

5. gr.

Grænmetisverzlun ríkisins skal láta reisa á hentugum stað í Reykjavík geymslu- og markaðsskála fyrir kartöflur og aðra garðávexti, sem framleiddir eru í landinu og ætlaðir eru til sölu innanlands.

Stærð skálans skal við það miðuð, að hann rúmi til geymslu allt að 6000 tn. af garðávöxtum, en lóð þannig valin og byggingu þannig hagað, að auðvelt sé að stækka hann, ef þörf krefur.

Heimilt er Grænmetisverzlun ríkisins að láta reisa geymslur fyrir garðávexti á þeim stöðum úti um land, þar sem hún telur brýna þörf fyrir þær.

6. gr.

Grænmetisverzlun ríkisins selur til félaga, kaupmanna, kaupfélaga og annara, er hafa verzlunarleyfi, en ekki í smásölu til neytenda. Þó skal henni heimilt að selja beint til neytenda í markaðsskála Grænmetisverzlunarinnar í Reykjavík og annarsstaðar, þar sem hún hefir sérstakar geymslur.

7. gr.

Innlendum framleiðendum er heimilt að selja framleiðslu sína hverjum sem vera skal. En hlíta skulu þeir því lágmarksverði, sem ákveðið er á hverjum tíma samkv. 10. gr. Þeir skulu eiga frjálsan aðgang að markaðsskála Grænmetis-

verzlunar ríkisins, og skal þeim heimilt að selja afurðir sínar þar gegn gjaldi og eftir reglum, sem ákveða má í reglugerð.

8. gr.

Allir garðávextir, sem Grænmetisverzlun ríkisins kaupir, skulu metnir af matsmönnum, sem landbúnaðarráðherra skipar samkvæmt tillögum verðlagsnefndar. Matsmenn skulu fá erindisbréf til þess að starfa eftir. Grænmetisverzlun ríkisins greiðir kostnað við matið.

9. gr.

Innkaupsverð og söluverð Grænmetisverzlunar ríkisins á garðávöxtum, svo og hámarksverð garðávaxta í smásölu skal ákveðið af 5 manna verðlagsnefnd. Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar, en Búnaðarfélag Íslands, S. Í. S., Verzlunarráð Íslands og Alþýðusamband Íslands hafa rétt til að tilnefna hvert sinn mann í nefndina. Tilnefni einhver aðili ekki nefndarmann, skipar ríkisstjórnin mann í hans stað. Nefndarmenn skulu starfa kauplaust.

10. gr.

Verðlag á innlendum garðávöxtum skal ákveðið þannig, að verð um uppskerutímann, frá 15. sept. til 1. nóv., skal lagt til grundvallar. Eftir það skal verðið fara hækkandi, svo að fullt tillit sé tekið til geymslukostnaðar þeirra garðávaxta, sem síðar verða seldir.

Nýir innlendir garðávextir, sem koma á markaðinn fyrir 15. sept., skulu skráðir hærra verði, því fyrr sem þeir eru afhentir til sölu. Skal verðlagið miða að því, að tryggð verði framleiðsla snemmvaxinna garðávaxta.

Verðskráning garðávaxta skal aðallega miða við markaðsverð garðávaxta í nálægum löndum, að viðbættum flutningskostnaði. Þó skal þess gætt jafnframt, að framleiðendum sé tryggt hæfilegt framleiðsluverð.

Innflutta garðávexti má aldrei selja lægra verði en innlenda, miðað við sama tíma og sömu gæði.

Við ákvörðun útsöluverðs þeirra garðávaxta, sem Grænmetisverzlun ríkisins verzlar með, skal álagningin miðuð við það, að geymslu- og verzlunarkostnaður fáist greiddur.

11. gr.

Hagnaði, sem verða kann á rekstri Grænmetisverzlunar ríkisins, skal varið til þess að byggja geymslu- og markaðsskála, svo og til að tryggja framtíð stofnunarinnar, með því að koma upp nauðsynlegum varasjóði.

12. gr.

Ríkisstjórnin semur reglugerð fyrir Grænmetisverzlun ríkisins og skipar forstöðumann hennar og endurskoðendur. Heimilt er að fela einhverri ríkisstofnun eða Sambandi ísl. samvinnufélaga forstöðu verzlunarinnar.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100—1000 kr., ef ekki liggur þyngri refsing við samkvæmt lögum. Kartöflur og aðrir garðávextir, sem einka-

sala er á og inn eru fluttir í heimildarleysi, skulu gerðir upptækir og afhendast einkasölunni.

Með mál út af lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 100 frá 3. maí 1935.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Árin 1936, 1937 og 1938 er ríkisstjórninni heimilt að veita sérstök verðlaun fyrir aukna framleiðslu kartaflna, miðað við uppskeru haustsins 1935. Þetta kemur þó því aðeins til greina, að framleiðslan fari ekki fram úr eftirspurninni. Verðlaunin skulu því skilyrði bundin, að framleidd sé góð vara, og við þær aðstæður, að framleiðslan geti haldizt óbreytt áfram án sérstakra fríðinda, og að Búnaðarfélag Íslands mæli með því, að verðlaunin séu veitt. Skal framleiðanda skylt að færa sönnur á fyrir Búnaðarfélagi Íslands, að framleiðsluaukningin hafi átt sér stað, bæði með því að trúnaðarmenn félagsins hafi tekið garðalandið út á jarðabótaskýrslu og önnur skilyrði séu fyrir hendi um uppskeruaukninguna. Búnaðarfélagi Íslands er og heimilt að setja þau skilyrði fyrir meðmælum sínum, að garðalandið sé valið í samráði við trúnaðarmenn þess.

Má verja úr ríkissjóði til þessara verðlauna allt að 60000 kr. á þessum þremur árum, sem að ofan eru greind, og mega verðlaunin nema árið 1936 allt að kr. 3.00 á hverja tunnu umfram uppskeru 1935, árið 1937 kr. 2.00 á tn. umfram uppskeru 1936, og árið 1938 kr. 1.00 á tunnu umfram uppskeru 1937.

Eigi má veita verðlaun fyrir minni aukningu en 10 tunnur, ef um einstaka framleiðendur er að ræða, og eigi fyrir þá aukningu, sem er umfram 100 tunnur. Þó má veita einstaklingi framleiðsluverðlaun fyrir minni aukningu en 10 tunnur, ef um samfellda ræktun einstaklinga er að ræða, er nemi samtals 100 tunnum.

Bæjar- og sveitarfélögum og samvinnufélögum, er garðyrkju kunna að reka, má veita verðlaun fyrir meiri uppskeruaukningu en 100 tunnur.

Greinargerð.

Frv. þetta er upphaflega samið af „skipulagsnefnd atvinnumála“ og er hér flutt, með nokkrum breytingum, að tilhlutun landbúnaðarráðherra. Greinargerð nefndarinnar verður prentuð með frv. svipaðs efnis, sem hv. 4. landsk. þm. mun flytja, og á að efni til jafnt við bæði frv.

Nánar í framsögu.

Ed. **441. Frumvarp til laga**

um verzlun með kartöflur og grænmeti, og um framleiðsluverðlaun á kartöflum.

Flm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Frá 1. maí 1936 má enginn nema ríkisstjórnin flytja inn kartöflur frá útlöndum.

Lög þessi ná þó ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs kartöflur, ef birgðirnar eru, að áliti tollstjóra, eigi meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum.

2. gr.

Stofnun, sem nefnist Grænmetisverzlun ríkisins, skal annast innflutning og verzlun á kartöflum fyrir hönd ríkisins. Hún skal og annast geymslu og verzlun annara garðávaxta, að svo miklu leyti sem henta þykir. Landbúnaðarráðherra hefir, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Grænmetisverzlun ríkisins, heimild til að banna innflutning á tilteknum tegundum garðávaxta, sem framleiða má í landinu sjálfu og grænmetisverzlunin annast ekki innflutning á.

Ríkissjóður leggur fram stofnfé til verzlunarinnar, og hefir hann heimild til að taka lán í því skyni.

3. gr.

Grænmetisverzlun ríkisins er skylt að kaupa fyrir gildandi innkaupsverð samkvæmt 9. gr. allar þær kartöflur, sem framleiddar eru innanlands og fram eru boðnar á þeim stöðum, er hún ákveður, eftir því sem geymslurúm og markaðsþörf leyfir. Skal hún haga innkaupum og verzlun sinni þannig, að hver landshluti sé fyrst látinn fullnægja sinni neyzluþörf, eftir því sem við verður komið.

Eftir því sem fært þykir skulu þeir framleiðendur látnir sitja fyrir um kaup að haustlagi, sem erfiðast eiga um flutninga að vetrarlagi.

4. gr.

Grænmetisverzlun ríkisins skal láta reisa á hentugum stað í Reykjavík geymslu- og markaðsskála fyrir kartöflur og aðra garðávexti, sem framleiddir eru í landinu og ætlaðir eru til sölu innanlands.

Stærð skálans skal við það miðuð, að hann rúmi til geymslu allt að 6000 tn. af garðávöxtum, en lóð þannig valin og byggingu þannig hagað, að auðvelt sé að stækka hann, ef þörf krefur.

Heimilt er Grænmetisverzlun ríkisins að láta reisa geymslur fyrir garðávexti á þeim stöðum úti um land, þar sem hún telur brýna þörf fyrir þær.

5. gr.

Grænmetisverzlun ríkisins selur til bæjarfélaga, kaupmanna, kaupfélaga og annara, er hafa verzlunarleyfi, en ekki í smásölu til neytenda. Þó skal henni heimilt að selja beint til neytenda í markaðsskála Grænmetisverzlunarinnar í Reykjavík, og annarsstaðar, þar sem hún hefir sérstakar geymslur.

6. gr.

Framleiðendum þeirra vörutegunda, sem Grænmetisverzlun ríkisins verzlar með, skal óheimilt að selja framleiðslu sína öðrum en henni til verzlunar, en heimilt skal þeim að selja hana beint til neytenda, enda hliti þeir því verði, sem ákveðið er á hverjum tíma samkvæmt 9. gr. Óheimilt er að kaupa af framleiðendum þeirra vörutegunda, er Grænmetisverzlunin verzlar með, vörur þessar í því skyni að verzla með þær.

7. gr.

Allir garðávextir, sem Grænmetisverzlun ríkisins kaupir, skulu metnir af matsmönnum, sem landbúnaðarráðherra skipar samkv. tillögum verðlagsnefndar. Matsmenn skulu fá erindisbréf til þess að starfa eftir. Grænmetisverzlun ríkisins greiðir kostnað við matið.

8. gr.

Innkaupsverð og söluverð Grænmetisverzlunar ríkisins á garðávöxtum, svo og hámarksverð garðávaxta í smásölu skal ákveðið af 5 manna verðlagsnefnd. Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar, en Búnaðarfélag Íslands, S. Í. S., Verzlunarráð Íslands og Alþýðusamband Íslands hafa rétt til að tilnefna hvert sinn mann í nefndina. Tilnefni einhver aðili ekki nefndarmann, skipar ríkisstjórnin mann í hans stað. Nefndarmenn skulu starfa kauplaust.

9. gr.

Verðlag á innlendum garðávöxtum skal ákveðið þannig, að verð um uppskerutímann, frá 15. sept. til 1. nóv., skal lagt til grundvallar. Eftir það skal verðið fara hækkandi, svo að fullt tillit sé tekið til geymslukostnaðar þeirra garðávaxta, sem síðar verða seldir.

Nýir innlendir garðávextir, sem koma á markaðinn fyrir 15. sept., skulu skráðir hærra verði, því fyrr sem þeir eru afhentir til sölu. Skal verðlagið miða að því, að tryggð verði framleiðsla snemmvaxinna garðávaxta.

Verðskráning garðávaxta skal aðallega miða við markaðsverð garðávaxta í nálægum löndum, að viðbættum flutningskostnaði. Þó skal þess gætt jafnframt, að framleiðendum sé tryggt hæfilegt framleiðsluverð.

Innflutta garðávexti má aldrei selja lægra verði en innlenda, miðað við sama tíma og sömu gæði.

Við ákvörðun útsöluverðs þeirra garðávaxta, sem Grænmetisverzlun ríkisins verzlar með, skal álagningin miðuð við það, að geymslu- og verzlunarkostnaður fáist greiddur.

10. gr.

Hagnaði, sem verða kann á rekstri Grænmetisverzlunar ríkisins, skal varið til þess að byggja geymslu- og markaðsskála, svo og til að tryggja framtíð stofnunarinnar, með því að koma upp nauðsynlegum varasjóði.

11. gr.

Ríkisstjórnin semur reglugerð fyrir Grænmetisverzlun ríkisins og skipar forstöðumann hennar og endurskoðendur. Heimilt er að fela einhverri ríkisstofnun eða S. Í. S. forstöðu verzlunarinnar.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100–1000 kr., ef ekki liggur þyngri refsing við samkvæmt lögum.

Kartöflur og aðrir garðávextir, sem einkasala er á og inn eru fluttir í heimildarleysi, skulu gerðir upptækir og afhendast einkasölunni.

Með mál út af lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 100 frá 3. maí 1935.

14. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Árin 1936, 1937 og 1938 er ríkisstjórninni heimilt að veita sérstök verðlaun fyrir aukna framleiðslu kartaflna, miðað við uppskeru haustsins 1935. Þetta kemur þó því aðeins til greina, að framleiðslan fari ekki fram úr eftirspurninni. Verðlaunin skulu því skilyrði bundin, að framleidd sé góð vara og við þær aðstæður, að framleiðslan geti haldizt óbreytt áfram án sérstakra friðinda, og að Búnaðarfélag Íslands mæli með því, að verðlaunin séu veitt. Skal framleiðanda skylt að færa sönnur á fyrir B. Í., að framleiðsluaukningin hafi átt sér stað, bæði með því, að trúnaðarmenn félagsins hafi tekið garðalandið út á jarðabótaskýrslu, og önnur skilyrði séu fyrir hendi um uppskeruaukninguna. B. Í. er og heimilt að setja þau skilyrði fyrir meðmælum sínum, að garðalandið sé valið í samráði við trúnaðarmenn þess.

Má verja úr ríkissjóði til þessara verðlauna allt að 100000 kr. á þessum þremur árum, sem að ofan eru greind, og mega verðlaunin nema árið 1936 allt að kr. 3.00 á hverja tunnu umfram uppskeru 1935, árið 1937 kr. 2.00 á tn. umfram uppskeru 1936, og árið 1938 kr. 1.00 á tunnu umfram uppskeru 1937. Eigi má veita verðlaun fyrir minni aukningu en 10 tn., ef um einstaka framleiðendur er að ræða, og eigi fyrir þá aukningu, sem er umfram 100 tn. Þó má veita einstaklingi framleiðsluverðlaun fyrir minni aukningu en 10 tunnur, ef um samfellda ræktun einstaklinga er að ræða, er nemi samtals 100 tunnum.

Bæjar- og sveitarfélögum og samvinnufélögum, er garðyrkju kunna að reka, má veita verðlaun fyrir meiri uppskeruaukningu en 100 tunnur.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er samið af skipulagsnefnd atvinnumála, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir.

„Árlegur innflutningur á kartöflum er nú sem næst 20000 tunnur að meðaltali, eða um ⅓ hluti af kartöfluneyzlu landsmanna, eftir því sem næst verður komizt. Frv. þetta stefnir að því að flýta verulega fyrir því að gera landið sjálfbirgt af þessari vöru. Má búast við, að auka þurfi kartöfluræktina sem svarar

um 100—120 hekturum að flatarmáli. Er svo til ætlazt, að með þeim ráðstöfunum, sem felast í frv. þessu, ætti ekki að taka lengri tíma en þrjú ár þar til þessari aukning yrði á komið. Sú uppörvun, sem mönnum er gefin með sérstökum styrk til þess að brjóta land sitt og koma upp nýjum görðum, er svo mikil, að það ætti jafnvel að vera vafamál, hvort aukningunni ætti ekki að vera lokið á skemmri tíma en var nefndur að framan og gert er ráð fyrir í frv. þessu.

Árlegur gjaldeyrissparnaður mundi vera mjög verulegur, ef svo tækist til, að innlend kartöfluframleiðsla fullnægði neyzlu landsmanna. Meðalgreiðslur fyrir innfluttar kartöflur síðustu 8 árin, sem verzlunarskýrslur ná yfir, hafa verið rúmlega 350 þús. kr. á ári. En greiðslur þær úr ríkissjóði, sem frv. gerir ráð fyrir, mundu verða nálægt 100 þús. króna samtals, þar til aukningin væri orðin nægileg fyrir innlendan markað. Virðist það skynsamlegt að verja þessu fé til þess að flýta fyrir þessari breytingu, enda má það teljast mikið mein, að landsmenn skuli ekki sjálfir sjá fyrir nægilegri framleiðslu eins sjálfsagðrar fæðutegundar og auðræktanlegrar sem kartöflur eru. En að sjálfsögðu ber að gæta þess, að styrkur verði ekki greiddur til kartöfluaukningar annarsstaðar en þar, sem telja má góð skilyrði fyrir þessa framleiðslu.

Skipulagsnefnd atvinnumála hefir, í samráði við landbúnaðarráðherra, gert ráðstafanir til þess, að sem gleggstar upplýsingar fáist um kartöflufrámleiðsluna eins og hún er núna. Eru skýrslur um þetta efni að berast sem óðast úr sveitum landsins, en þó vantar þær enn úr svo mörgum héruðum, að heildarupplýsingar úr þeim geta ekki fylgt frv. þessu. Enda skiptir hitt raunar meira máli, að þær upplýsingar séu fyrir hendi, þegar lögin koma til framkvæmda. Þá þarf að hafa sem gleggsta hugmynd um uppskerumagn og flatarmál garða, til þess að miða væntanlegan styrk við. Allar nauðsynlegar upplýsingar, er að þessu lúta, ættu að vera til tiltölulega bráðlega.

En aukning kartöfluframleiðslu og annara garðávaxta verður skammgóður vermir nema fyrir því sé jafnframt séð, að varan komist greiðlega og í sem beztu ástandi til neytenda. Eins og nú er háttað skipun þessa máls, þá má segja, að ekki geti talizt efnilegt að auka kartöfluræktina til mikilla muna í því skyni að selja framleiðslu sína í kaupstöðum, því að mjög mikil vandkvæði þykja á að varðveita vöruna fyrir skemmdum, því að sjálfsögðu geta kaupendur yfirleitt ekki birgt sig til árs af þessum efnum. Þykir því einsætt, að efna verði til miðstöðvar einnar, er hafi með höndum alla verzlun með kartöflur og aðra garðávexti, er fært þykir að sinna. Slík miðstöð, er hefði alla verzlunina með höndum, ætti miklu auðveldara með að sjá um sæmilega meðferð á vörunni heldur en ef verzlunin er á margra höndum og þess vegna vanséð fyrir hvern einstakan aðila, hvort hann fengi endurgreiddan þann kostnað, sem efnt væri til í þessu skyni. Er því fyrir allra hluta sakir eðlilegast, að ríkiseinkasala hafi þetta með höndum. Með því móti má t. d. miða innflutning — meðan hans er þörf — nákvæmlega við innlendu framleiðsluna.

Sanngjarnt virðist, að fleiri en einkasalan hafi um það atkvæði, við hvaða verði jarðávextirnir eru keyptir og seldir. Og þykir þá eðlilegast að tilnefna stofnanir þær, sem greindar eru í 8. gr., til þess að fjalla um verðlagið. Hinsvegar þykir ekki nauðsynlegt, að ríkið eða verzlunin greiði kaup fyrir verkið,

því að svo verður að líta á, sem það séu hlunnindi og hagur fyrir þessa aðila að fá að hafa atkvæði um þetta efni. En að sjálfsögðu eru þessar stofnanir um það sjálfráðar, hvort þær greiða sjálfar sínum trúnaðarmönnum þóknun fyrir starfa sinn.“

Nd. 442. Nefndarálit

um frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt eins og frá því var gengið í hv. Ed., með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við frvgr. bætist:
Hobbs, Jósephina Antonia, hárgreiðslukona í Reykjavík, fædd í Reykjavík.
Aanes, Arthur Emil Antonsen, vélstjóri í Vestmannaeyjum, fæddur í Noregi.
Nygaard, Annanias Peter Andreasen, vélasmiður í Reykjavík, fæddur í Noregi.

Alþingi, 29. okt. 1935.

Héðinn Valdimarsson, form. Bergur Jónsson, fundaskr., frsm. Jakob Möller.
Stefán Jóh. Stefánsson. Garðar Þorsteinsson.

Nd. 443. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa jörðina Ás í Kelduneshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og bréflegar umsagnir um það frá skógræktarstjóra og sandgræðslustjóra. Getur nefndin ekki fallizt á, að þau rök, sem færð eru fram því til stuðnings, að æskilegra sé, að ríkið eigi jörðina Ás í Kelduneshreppi en Kelduneshreppur, er nú á hana, séu þess eðlis, að unnt sé að taka þau til greina, og leggur því til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem augljóst er, að jörðin Ás í Kelduneshreppi, sem er eign Kelduneshrepps, er jafnvel fallin og væntanlega jafnaðgengileg til skiptingar í nýbýli eða til samyrkjubúskapar, hvort sem hún er eign hreppsins áfram eða yrði eign ríkisins, og þar sem eigi þykir ástæða til að efast um, að umsjá og forræði

nefndrar jarðar sé í hvívetna vel borgið í höndum núverandi eiganda, telur nefndin eigi þörf aðgerða í þessu efni og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 29. okt. 1935.

Bjarni Ásgeirsson, form. Guðbr. Ísberg, frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskrifari.
Emil Jónsson. Jón Pálmason.

Nd. 444. Frumvarp til laga

um erfðaábúð og óðalsrétt.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

I. KAFLI

Um jarðir, sem eru í eign almennings.

1. gr.

Allar jarðir og hjáleigur, sem eru í eign ríkissjóðs, kirkna landsins eða sjóða, sem eru almannaeign (kristfjárjarðir, gjafasjóða, sem ekki má skerða, sýslusjóða eða hreppssjóða), skal næst þegar þær losna úr ábúð, eða þegar núverandi ábúandi óskar þess, byggja á erfðaleigu eftir lögum þessum.

Undanþegnar þessu ákvæði eru þó þær jarðir, sem þegar eru ákveðnar sem bústaðir embættismanna, eða til annarar opinberrar notkunar, svo og þær, er að dómi Búnaðarfélags Íslands, að fengnum tillögum viðkomandi sýslunefndar og aðliggjandi bæjarfélaga, teljast líklegar til opinberra nota eða skiptingar í náinni framtíð.

2. gr.

Afgjald af jörðum þeim, sem um ræðir í 1. grein, skal vera 3% af fasteignamatsverði landsins og jarðarhúsa. Með verði jarðarhúsa telst það álag, er kann að fylgja jörð þegar erfðaábúð hefst, og kúgildi með verðlagsskrárverði.

Jarðarafgjöld skal greiða sýslumönnum á manntalsþingum.

3. gr.

Þurfi sýslumaður til bráðabirgða að byggja jörð, sem er í erfðaábúð (sbr. 24. gr. 6. lið), skal afgjaldið aldrei vera hærra en nam síðasta jarðarafgjaldi, að viðbættum vöxtum af verði þeirra húsa, sem á jörðinni eru fram yfir það, sem það opinbera á, er svari til þeirra lánsvaxta, er á byggingunum hvíla, ef nokkrir eru, en ella sparisjóðsvaxta.

4. gr.

Meðan sama ætt heldur jörðinni, skal afgjaldið ekki hækka. Þegar við jörð tekur ný ætt, skal fara fram á jörðinni nýtt mat, og skal sá, er við henni tekur, borga afgjald eftir hana miðað við það mat, en að öðru leyti eins og um getur í 2. gr.

5. gr.

Nú verður jörð fyrir varanlegum skemmdum, svo að jarðarnytjar rýrna að mun, og getur þá ábúandi krafizt endurmats. Ekki fær þó ábúandi lækkun á afgjaldi nema matið leiði í ljós, að jörðin hafi rýrnað að verðmæti um minnst 20%.

Um kostnað af matinu fer eftir ákvæðum ábúðarlaganna.

6. gr.

Þegar ábúendaskipti milli ætta verða á jörðum, sem byggðar eru eftir lögum þessum, skal fara fram úttekt af lögskipuðum úttektarmönnum. Úttektarmenn meta öll hús. Skal matið miðað við kostnaðarverð húsanna á þeim tíma, er matið fór fram, að frádreginni eðlilegri fyrningu. Þeir skulu meta sér þau hús, er þeir telja, að ekki séu nauðsynleg fyrir venjulegan búrekstur á jörðinni, ef nokkur eru.

Frá mati nauðsynlegra húsa ber að draga þá upphæð, sem jarðareigandi á í húsum. Það, sem eftir er, er viðtakandi skyldur að kaupa við matsverði.

Um hús þau, sem ekki teljast nauðsynleg vegna búrekstrar á jörðinni, fer eftir samkomulagi, en náist ekki samkomulag, fer um þau hús eftir ákvæðum ábúðarlaganna.

Skylt er að selja ábúanda jarðarhús og innstæðukúgildi, ef hann óskar að kaupa.

7. gr.

Heimilt er ábúendum á þeim jörðum, sem um ræðir í lögum þessum, að skipta þeim milli barna sinna. Þó skal það tryggt, að hvert býli hafi þá stærð, er nægi til framfærslu meðalfjölskyldu, að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki það skiptinguna. Skal þá skipta túni og engjum og að öðru leyti gera greinileg landamerki milli jarðarhlutanna, eftir því sem þurfa þykir, og skoðast þeir úr því sem sjálfstæðar jarðir. Ekki má leiga hækka á jörð, þó henni sé skipt eftir þessari grein, meðan sama ætt heldur ábúðinni á jörðum þeim, sem til verða við skiptin, en hætti ættin að nota einhverja jörðina, sem til hefir orðið við skiptin, fer um hana sem fyrir er mælt í 4. og 6. gr.

8. gr.

Þyki sýslunefnd eða hreppsnefnd ástæða til að skipta jörð, sem byggð er eftir lögum þessum, til þess að ný býli geti myndazt, skal hún senda Búnaðarfélagi Íslands álit sitt um það, og skal Búnaðarfélagið þá hlutast til um, að svo verði gert, þyki því ástæða til. Skal þá fá mann með sérþekkingu á mati og skiptingu landa til að skipta jörðinni, ásamt tveim mönnum, er sýslumaður dómkveður til þess. Skulu þeir þá meta, hver verðhækkun hefir orðið á landinu síðan sú ætt tók við því, sem hefir það þá, og að því búnu framkvæma skiptin. Skal þá hvert býli metast sér til verðs eins og þau verða eftir skiptin. Sá, sem hefir ábúð á jörðinni, og samerfingjar hans skulu fá fullar bætur fyrir það, sem hið útskipta land hefir hækkað í verði fyrir atbeina ættar hans, og ábúandi sjálfur fyrir það, sem það hefir hækkað í verði fyrir atbeina hans. Samtímis lækkar jarðarleiga hans hlutfallslega við upprunalegt verðmæti jarðarhlutanna.

Aldrei má það land, sem hann hefir eftir, vera minna virði en land jarðarinnar var, þegar hans ætt tók við jörðinni, nema landeigandi og ábúandi samþykki.

Einnig skal ábúandi fá hæfilegar bætur, ef svo mikið er tekið af landi jarðarinnar, að það land, sem eftir er, samsvarar eigi þeim húsum, sem byggð hafa verið á jörðinni, enda hafi þau samsvarað heilbrigðum búrekstri á jörðinni allri.

Um byggingu þeirra jarða, sem til verða við skiptingu jarða eftir þessari grein, fer eftir fyrirmælum 2., 4., 6. og 24. gr., 10. lið.

9. gr.

Heimilt er ábúendum þeirra jarða, sem byggðar eru eftir lögum þessum, að taka lán með veði í jörðunum til varanlegra húsabóta eða annara umbóta. Þó má lán aldrei vera hærra en 50% af fasteignamatsverði landsins. Ákvæði ábúðarlaganna um skyldu til húsabóta gilda eigi að því er snertir jarðir, sem byggðar eru samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI

Um ættaróðul.

10. gr.

Sérhverjum jarðareiganda er heimilt að gera jörð sína að ættaróðali, ef þessi skilyrði eru fyrir hendi:

a. Að jörðin sé svo stór, eða hafi það í sér, að afraksturinn af búi, er jörðin getur borið, með hlunnindum, er henni fylgja, geti framfært a. m. k. meðalfjölskyldu, að dómi Búnaðarfélags Íslands.
b. Að jörðin sé ekki, að áliti Búnaðarfélags Íslands, stærri en svo, að hún sé og hafi jafnaðarlega verið nokkurn veginn fullnytjuð af einum ábúanda.
c. Að jarðareigandinn, eða erfingi hans, búi eða hafi ábúðarrétt á jörðinni, þegar hún er gerð að ættaróðali, enda öðlist ábúandinn óðalsréttinn.
d. Að fyrir liggi samþykki 16 ára og eldri barna jarðareiganda um, að jörðin sé gerð að ættaróðali.
e. Að á jörðinni hvíli ekki hærri veðskuldir en svo, að árlegir vextir af þeim nemi 3% af fasteignamatsverði jarðarinnar.

11. gr.

Nú hefir bóndi gert jörð sína að ættaróðali, og eiga þá erfingjar hans í fyrsta lið kröfu til þess, að næsti viðtakandi (óðalserfingi) greiði þeim árlega meðan hann lifir, þó eigi lengur en 25 ár, sem svarar 3% af land- og húsaverði jarðarinnar, samkvæmt þáverandi fasteignamati, af þeirra hluta í skuldlausri eign fasteignarinnar, ef jörðin hefði komið til skipta.

12. gr.

Eignir óðalsbónda og konu hans, aðrar en ættaróðal og fylgifé þess, erfast samkvæmt ákvæðum erfðalaganna.

13. gr.

Nú á óðalsbóndi og kona hans fleiri en eitt barn, og skal þá því af börnunum, er óðalið hlaut, skylt að framfæra foreldra sína, ef með þarf. Sama skylda hvílir á fóstur- eða kjörbörnum.

14. gr.

Nú ánafnar jarðareigandi eða aðrir ættaróðali fylgifé, svo sem kvikfénað, verkfæri, húsmuni eða annað, og er það þá fylgifé ættaróðalsins, sem skylt er að halda við að verðmæti og endurnýja, ef gagnlegt getur talizt til búrekstrar á jörðinni.

15. gr.

Nú sannast við arfaskipti eða á annan hátt, að óðalsbóndi hefir eytt fylgifé óðalsins, og ber honum þegar að bæta það að fullu. Nú er um dánarbú að ræða, og skal þá greiða fylgifé af óskiptum eignum búsins, en sé búið þrotabú, skal það vera forgangskrafa, er aðeins víkur fyrir ógreiddum opinberum sköttum af eigninni sjálfri.

16. gr.

Nú er jörð gerð að ættaróðali, og skal þá skylt að láta fylgja henni hlunnindi og annað það, er jörðinni hefir fylgt og jarðareigandi á. Ennfremur afurðir, sem framleiddar eru á jörðinni og eru nauðsynlegar við búreksturinn, svo sem áburð, hey o. fl.

Jarðareigandi skal auk þess láta fylgja jörðinni skjöl, er varða jörðina frá fyrri tíð, ef einhver eru í hans vörzlum, einnig myndir og muni, er hafa minningargildi fyrir þá bændaætt, er situr eða setið hefir jörðina.

17. gr.

Nú óskar jarðareigandi að gera jörð sína að ættaróðali, og skal hann þá afhenda sýslumanni yfirlýsingu þar að lútandi, undirritaða við votta, ásamt lýsingu á jörð og jarðarhúsum og skilríki fyrir því, að fullnægt sé ákvæðum 10. gr.

Nú telur sýslumaður, að fullnægt sé ákvæðum laganna um stofnun ættaróðals, og skal þá færa jörðina inn á sérstaka skrá yfir ættaróðul. Tilgreina skal þáverandi fasteignamat jarðarinnar, jarðarverð sér og húsaverð sér, svo og tölur, er sýni stærð ræktaðs lands og meðaltal af afrakstri jarðarinnar síðustu 3 árin.

Gerninginn skal þinglesa á næsta manntalsþingi.

18. gr.

Allar tryggingar, sem stofnað hefir verið til vegna ættaróðalsins eða þess, sem því fylgir, tilheyra óðalinu ásamt skaðabótum, sem greiddar eru samkvæmt þeim.

19. gr.

Heimilt er eiganda ættaróðals að skipta því milli erfingja í tvö eða fleiri býli, enda fullnægi hin nýju býli ákvæðum 10. gr.

Þegar skipti eru ákveðin, skal gera landamerki milli hinna nýju ættaróðala, svo sem þörf krefur.

Áhvílandi veðskuldir skiptast milli hinna nýju ættaróðala í réttu hlutfalli við matsverð þeirra.

20. gr.

Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í óðalinu til húsabóta eða annara varanlegra umbóta á jörðinni. Lán, sem þá hvíla á jörðinni, mega þó aldrei nema hærri upphæð en 100% af fasteignamatsverði landsins, en þó ekki yfir 50% af heildarmati óðalsins. Fylgifé má ekki veðsetja.

21. gr.

Eigi má gera aðför í ættaróðali, né selja það til lúkningar skuldum, öðrum en áhvílandi veðskuld, sbr. 10. gr. e-lið og 20. gr., eða opinberum sköttum, er hvíla á eigninni sjálfri, og þó því aðeins, að bóndi eigi ekki aðrar eignir, sem aðför verði gerð í. Sama gildir um fylgifé óðalsins.

22. gr.

Nú hefir verið krafizt fjárnáms eða sölu á ættaróðali, og er sýslumanni þá skylt að gera þeim, er næstir standa að erfa óðalið, aðvart. Nú er honum eigi kunnugt, hverjir þeir eru, og skal hann þá gera hlutaðeigandi óðalserfingjum aðvart með opinberri auglýsingu, hliðstæðri erfingjainnköllun. Kostnaður við slíka auglýsingu telst áfallinn sölukostnaður.

23. gr.

Nú treystist enginn, sem samkvæmt lögum þessum hefir rétt til ættaróðals, að taka við því (sbr. þó 24. gr. 6. lið), og skal það þá falla til ríkissjóðs til fullrar eignar og fer þá um ábúð þess samkvæmt I. kafla laga þessara. Falli ættaróðal til ríkisins, erfist fylgifé og minjagripir ættarinnar samkvæmt erfðalögum.

III. KAFLI

Erfðaréttur óðals og ábúðar.

24. gr.

Réttur til ábúðar á jörðum þeim, sem um ræðir í lögum þessum, og umráð yfir ættaróðulum erfist sem hér segir:

1. Það hjónanna, sem lengur lifir, heldur réttindum meðan það lifir, sbr. þó 9. lið þessarar greinar.
2. Erfðaréttur erfist til barna, þar með talin kjörbörn, þess hjónanna, sem ábúðar- eða óðalsréttinn stofnaði eða erfði, og ganga skilgetin börn fyrir óskilgetnum.
3. Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnunum skal erfa ábúðar- eða óðalsréttinn, og skulu tilkynna það sýslumanni.
4. Verði hjón ekki ásátt um, hvert barnanna skuli hljóta réttinn, skulu börnin, eða forráðamenn þeirra, leita samkomulags að viðstöddum sýslumanni.
5. Náist ekki samkomulag eftir 3. og 4. lið, skal elzta barnið erfa réttinn. Afsali það sér réttinum, hafa börnin hann eftir aldri.
6. Nú hefir erfingi erfðaábúðar eða óðalsréttar ekki náð lögaldri þegar ábúendaskipti verða, og skal þá sýslumaður byggja jörðina öðrum um stundarsakir, óski erfingi eða fjárráðamaður fyrir hans hönd ekki að taka jörðina sjálfur til ábúðar.
7. Óski ekkert barnanna að nota erfða- eða óðalsréttinn og nytja jörðina áfram, þá er foreldrum heimilt að ánafna hana fósturbarni.
8. Nú deyr erfingi óðalsréttar ókvæntur og barnlaus og hefir ekki tekið kjörbarn, og öðlast þá systkini hans óðalsréttinn í réttri aldursröð. Nú eru systkinin dáin, og fellur þá rétturinn til barna þeirra eftir sömu reglum.

9. Nú deyr erfingi ábúðar- eða óðalsréttar barnlaus, innan tíu ára frá því hann hefir tekið við ábýli sínu, enda hafi hjónin ekki tekið kjörbarn áður en hann dó, og hefir þá næsti erfingi rétt til að ganga inn í ábúðina.
10. Deyi hjón barnlaus eða óski ekkert barnanna að nytja jörðina, sbr. 6. og 23. gr., skal sýslumaður byggja jörðina öðrum, og skal þá ætíð farið eftir tillögu meiri hluta hreppsnefndar um það, hver jörðina fær.

IV. KAFLI

Hvernig menn missa ábúðar- og óðalsrétt.

25. gr.

Ábúendur opinberra jarða samkvæmt lögum þessum missa ábúðarrétt sinn á sama hátt og af sömu orsökum og leiguliðar eftir ákvæðum ábúðarlaga.

26. gr.

Eignarréttur óðalsbónda á ættaróðalinu og fylgifé þess gengur til næsta óðalserfingja hans:

a. Eyði hann fylgifé óðalsins.
b. Greiði hann ekki samningsbundna vexti og afborganir af þeim skuldum, sem á ættaróðalinu hvíla, svo það leiði til sölu.
c. Telji hann sér heimili annarsstaðar en á ættaróðalinu eða hætti að reka þar búskap.
d. Ef hann, að dómi Búnaðarfélags Íslands, situr ættaróðalið svo illa, að það mundi varða útbyggingu eftir ábúðarlögum.

27. gr.

Þjóð- og kirkjujarðir, sem byggja má eftir lögum þessum, er heimilt að selja, ef þær jafnframt eru gerðar að ættaróðali, þegar sala fer fram.

Verð jarðanna skal fara eftir mati tveggja dómkvaddra manna. Fjórðungur verðs skal greiddur þá þegar, en þrír fjórðu á 42 árum, með jöfnum árlegum greiðslum, er séu 4% af skuldinni.

V. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

28. gr.

Ákvæði V. kafla 23. gr. laga nr. 43 20. júní 1923, svo og 10. og 11. gr. laga nr. 40 7. maí 1928 taka eigi til þeirra jarða, er byggðar verða samkvæmt lögum þessum.

29. gr.

Lög nr. 31 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, lög nr. 50 16. okt. 1907, um sölu kirkjujarða, lög nr. 51 frá 1911, um breytingu á þeim lögum, eru úr gildi felld, svo og tilskipun frá 17. apríl 1833 viðvíkjandi óðalsrétti á Íslandi.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar fékk eftirtalin frumvörp til meðferðar á fyrri hluta þingsins:

1. Frv. til l. um bygging og ábúð jarða, sem eru almannaeign.
2. Frv. til l. um ættaróðal og óðalsrétt.
3. Frv. til l. um afnám laga nr. 31 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, og l. nr. 50 16. okt. 1907, um sölu kirkjujarða.

Nefndinni gafst ekki tími til að athuga þessi frv. til hlítar þá. Fyrir tilstilli hennar voru þau send Búnaðarfélagi Íslands til athugunar og samræmingar í þinglokin. Þar var unnið að því að steypa þeim öllum saman í eitt frumvarp, sem í aðalatriðunum er það sama og nefndin nú flytur. Nefndin, eða meiri hluti hennar, hefir þannig fallizt á að koma öllum þessum frumvörpum fyrir í einu, sem einnig má teljast eðlilegt, þar sem þau öll fjalla um sama eða náskylt efni. Með frumvarpinu um bygging og ábúð á jörðum, sem eru almannaeign, er stefnt að því að koma ábúð opinberra jarðeigna þannig fyrir, að ábúendum þeirra sé með lífstíðarábúð tryggt að fullu, að þeir njóti sinna eigin framkvæmda á jörðunum, og afkomendur þeirra sömuleiðis, á þann hátt, að gera ábúðina erfanlega eftir vissum reglum til handa afkomanda eða afkomenda ábúandans.

Með frumvarpinu um ættaróðal og óðalsrétt er stefnt að því að koma meiri festu en nú er títt á ábúð jarða, sem eru í einstakra manna eign, með því að lögleiða á þeim óðalsrétt og fyrirbyggja jarðabrask, sem ætið er sveitabúskapnum til hins mesta niðurdreps.

Bæði þessi frumvörp eru tekin eins og þau voru borin fram í þinginu, í öllum megindráttum, og felld sitt í hvorum kaflanum inn í hið nýja frumvarp um erfðaábúð og óðalsrétt. Ákvæðin um erfðareglur fyrir erfðaábúðinni og óðalsréttinum eru einnig samræmd, og sett hin sömu fyrir báða býlaflokkana.

Þá eru einnig samræmd ákvæðin um það, hve hátt má vera afgjald hinna opinberu jarðeigna og hver skuldaþungi megi hvíla á óðalseignum. Er þar gengið út frá því, að afgjalds- og vaxtahæðin verði aldrei yfir 3% af fasteignamati jarðanna. Þar með á að tryggja það, að ábúendur og eigendur jarða þessara sligist ekki undir þunga leigu- eða lánsvaxta þeirra, eins og því miður má telja almennt nú, bæði hér á landi og annarsstaðar, þar sem jarðeign og ábúð er háttað eins og hér. Þá er lagt til í frumvarpinu, að ákvæði jarðræktarlaga um heimild ábúenda til að vinna af sér landskuld falli niður gagnvart þeim, er fá opinberar jarðir byggðar samkv. lögum þessum. Ennfremur falli niður gagnvart þeim húsabótaskylda ríkisins samkv. ábúðarlögum.

Þá er að lokum lagt til, að lögin um sölu þjóð- og kirkjujarða verði felld úr gildi, en hinsvegar gefin heimild til að selja jarðir þessar, ef þær eru jafnframt gerðar að óðalseign. Einn nefndarmanna (EmJ) hefir ekki séð sér fært að fylgja þessu frumvarpi, og mun hann gera sérstaka grein fyrir afstöðu sinni.

Sþ. 445. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 420 [Landhelgisgæzla].

Frá Jóni Auðunn Jónssyni.

Í stað „stafl. b.“ kemur: stafl. a.

Ed. 446. Breytingartillögur

við frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seriur) bankavaxtabréfa.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 19. gr. Í stað orðanna í 2. málslið „á hendur bankanum“ komi: á hendur veðdeildinni.
2. Við 20. gr. Orðið „(talons)“ falli niður.
3. Við 23. gr. Orðin „þar á meðal viðlagasjóðs“ falli niður.
4. Úr fyrirsögn frv. falli niður orðið „(seriur)“.

Ed. 447. Nefndarálit

um frv. til laga um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „nema tilkynna“ o. s. frv. til enda greinarinnar komi: nema samþykkt samkvæmt 2. gr. heimili, enda séu þar settar nauðsynlegar varúðarreglur til varnar gegn tjóni eða slysum af eitruninni.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „setja reglugerðir um útrýmingu svartbaks“ komi: gerð samþykktir, er atvinnumálaráðherra staðfestir, um eyðingu svartbaks.
   b. Í stað orðanna „og skal reglugerð“ o. s. frv. til enda greinarinnar komi: skal samþykkt gerð innan árs frá því er krafa hefir fram komið, og

sendir þá sýslumaður samþykktina atvinnumálaráðherra til staðfestingar og löggildingar.

c. Á eftir greininni komi tvær nýjar greinar, er verði 3. og 4. gr., og breytist greinatalan samkv. því:

a. (3. gr.) Nú er samþykkt send ráðherra til staðfestingar, en í hana þykir vanta nauðsynleg ákvæði, svo sem varúðarreglur gegn tjóni af eitrun, eða hún þykir fara í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, og synjar þá ráðherra staðfestingar og endursendir frumvarpið og greinir ástæður fyrir synjuninni.

Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún þá upp frá því fyrir alla, sem heima eiga eða land hafa til afnota á samþykktarsvæðinu.

b. (4. gr.) Nú er ákveðið í samþykkt, að eyða skuli svartbak með skotum, og greiðir þá ríkissjóður, sýslusjóður og sveitarsjóður kostnaðinn, að þriðjungi hver. Þó er ríkissjóði eigi skylt að greiða meira en 10 aura fyrir hvern skotinn svartbak.

Sýslumaður ræður svartbaksskyttur, ef þurfa þykir, eftir tillögum hreppsnefndar.

3. Við 3. gr.

a. 1. málsgrein orðist svo:

Ef eitur er notað til eyðingar svartbaks, kaupir sýslu- eða bæjarsjóður eiturlyfin, og skulu þau valin með ráði landlæknis, en lyfjaverzlun ríkisins er skylt að selja þau við kostnaðarverði.

b. Fyrir orðið „hreppstjóra“ komi: hreppsnefndar.

c. Aftan við greinina bætist: Kaup eitrunarmanna greiðir sýslusjóður og sveitarsjóður, að hálfu hvor.

Skylt er oddvitum að auglýsa, með nægum fyrirvara, hvar og hvenær eitrun á fram að fara.

4. Við 4. gr.

a. Upphaf greinarinnar, aftur að orðunum „reynir að varna því“ orðist svo:

Hver sá, er hindrar skipaðar svartbaksskyttur að verki, eða.

b. Orðin „í sínum löndum eða annara“ falli burt.

Alþingi, 30. okt. 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Þorsteinn Briem, frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.
Magnús Guðmundsson.	Páll Hermannsson.	

Nd. **448. Frumvarp til laga**

um meðferð einkamála í héraði.

Flm.: Bergur Jónsson og Stefán Jóh. Stefánsson.

I. KAFLI

Um sáttir.

1. gr.

Hver hreppur og hver kaupstaður skal vera sáttaumdæmi. Dómsmálaráðherra getur þó gert breytingar á þessu eftir tillögum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar.

2. gr.

Í hverju sáttaumdæmi skulu vera tveir sáttamenn, og tveir vara-sáttamenn. Tekur varamaður sæti aðalmanns, er hann má ekki skipa það. Ennfremur tekur varamaður sæti í sáttanefnd, ef ágreiningur verður milli sáttamanna.

Í kaupstöðum skipar bæjarstjórn sáttamenn og vara-sáttamenn, en utan kaupstaða hreppsnefnd, til 4 ára í senn. Þó skulu núverandi sáttamenn og vara-sáttamenn gegna starfinu kjörtíma sinn út. Endurskipa má sáttamenn.

3. gr.

Áður en maður tekur sæti í sáttanefnd fyrsta sinni, skal hann rita undir heit í sáttabók um það, að hann skuli rækja starfið með samvizkusemi og óhlutdrægni.

4. gr.

Til sáttastarfans má skipa hvern mann, heilan og hraustan, karl sem konu, er náð hefir 25 ára aldri, er fjár síns ráðandi, hefir óflekkað mannorð, er búsettur í sáttaumdæminu, enda gegni hann ekki fastri dómarastöðu eða hafi málflutningsstörf að atvinnu.

Hverjum þeim, er skipa má til sáttastarfans, er skylt að taka hann að sér. Undanþegnir eru þó:

1. Embættismenn eða sýslunar, sem óhægt væri eða ómögulegt að rækja hvorttveggja starfið samtímis.
2. Þeir, sem reka eða stunda atvinnu eða gegna annari stöðu, er ekki fær samrímazt sáttastarfanum án verulegs óhagræðis eða tjóns aðilja.
3. Þeir, sem vegna vanheilsu mundu eiga verulega óhægt með að gegna starfanum.
4. Sextugir menn eða eldri.

Sýslumaður eða bæjarfógeti (lögmaður) metur ástæður til undanfærslu samkvæmt 1.—3. tölulið, en skjóta má úrskurði hans til dómsmálaráðherra, sem sker úr málinu til fullnaðar.

5. gr.

Einkamál almennt skal leggja til sátta fyrir sáttamenn. Ef slík mál eru ekki löglega lögð til sátta eða lögleg sáttatilraun er ekki framkvæmd, þar sem þess er kostur, þá skal vísa máli frá dómi. Sbr. þó 11. og 15. tölul. 3. málsgr. þessarar greinar.

Undanþegin sáttatilraun eru:

1. Mál til heimtingar bóta fyrir gæzluvarðhald eða afplánun refsingar að ósekju.
2. Gagnsakir, ef ekki er krafizt sjálfstæðs dóms um gagnkröfu.
3. Mál, sem höfða má með opinberri stefnu.
4. Mál, höfðuð á hendur erlendis búsettum manni, sem ekki hefir, sækjanda vitanlega, umboðsmann hér á landi, er heimild hafi til að gera sátt fyrir hönd verjanda.

Héraðsdómari leitar sátta í:

1. Málum um faðerni barna.
2. Málum milli húsbænda og hjúa og lærimeistara og nemanda samkvæmt hjúa- og námsmannalögum.
3. Málum til kaupgreiðslu kaupafólks, vor-, haust- og vetrarmanna hjá þeim, er landbúnað reka, þeirra, er vinna á eða við útgerð manns og ekki eru lögskráðir samkvæmt sjómannalögum, verkafólks við hverskonar iðju eða iðnað, daglaunamanna við hverskonar vinnu í landi, bifreiðarstjóra, sendisveina, afgreiðslumanna við verzlanir og annara, sem líkt er ástatt um.
4. Málum, sem sjó- og verzlunardómur fer með.
5. Málum, þar sem varnaraðiljum, einum eða fleirum, er skylt að þola dóm utan varnarþings síns samkvæmt 83. gr.
6. Málum til staðfestingar kyrrsetningu eða lögbanni.
7. Skiptamálum og nauðasamninga.
8. Sakauka- og meðalgöngumálum.
9. Gagnsökum, þar sem sjálfstæðs dóms er krafizt um gagnkröfu.
10. Víxilmálum og tékka og skuldabréfa samkvæmt 3. tölulið 207. gr.
11. Þar sem aðiljar hafa skriflega fyrirfram samið um að ganga framhjá sáttanefnd.
12. Landamerkja- og fasteignamálum.
13. Hjónabandsmálum.
14. Málum um rétt manna til atvinnurekstrar, til firma, vörumerkis, og málum þeim, er í lögum um hlutafélög greinir og áður skyldu sæta gestaréttarmeðferð, ef þau fara eigi til sjó- og verzlunardóms.
15. Ef báðir aðiljar lýsa því skriflega fyrir dómara við þingfestingu, að útilokað sé, að sátt komizt á í málinu fyrir sáttamönnum.
16. Ef gallar þykja vera á sáttatilraun sáttamanna, en dómari telur sækjanda ekki verða gefin sök á þeim, getur hann krafizt þess, að dómari leiti sátta í málinu.

6. gr.

Þegar sáttamenn fara með úrskurðarvald í málum, þá gilda sömu reglur um skyldu þeirra og rétt til að víkja sæti sem um venjulega dómendur. Annarskostar er sáttamanni skylt að víkja sæti:

1. Ef hann er aðili máls eða fyrirsvarsmaður aðilja eða þjónn.
2. Ef hann er maki aðilja, unnusti eða unnusta, skyldur honum eða mægður að feðgatali eða niðja, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn, eða skyldur eða mægður til hliðar í fyrsta lið.

Rétt er sáttamanni að víkja sæti, ef hann er riðinn við mál siðferðislega eða fjárhagslega, eða hann ber kala til aðilja, enda er aðilja rétt að krefjast þess, að sáttamenn víki sæti, ef hann telur hættu á því, að sáttamaður verði vilhallur. Sáttamanni ber jafnan að vekja athygli aðilja á því, ef hann telur einhverja slíka ástæðu vera fyrir hendi um sjálfan sig eða samverkamann sinn, er kynni að heimila honum eða að gera honum skylt að víkja sæti. Sáttamenn taka báðir þátt í úrlausn þess, hvort annar þeirra eða báðir eigi að víkja sæti.

7. gr.

Ríkissjóður leggur til tölusetta, gegnumdregna og innsiglaða bók í hvert sáttaumdæmi. Dómsmálaráðuneytið löggildir sáttabækur. Sáttamenn rita í bók skýrslu um stað og stund sáttafundar, nöfn aðilja, hverjir sótt hafi fundinn, úrskurði, ákvarðanir um frest og annað, er taka þarf ákvörðun um. Aðiljar skulu rita nöfn sín undir bókanir.

8. gr.

Sækjandi snýr sér til annarshvors sáttamannsins í sáttaumdæmi verjanda með skriflega beiðni um fyrirtöku máls á sáttafundi þar. Í beiðni skal greina nöfn aðilja, stöðu og heimili, ásamt lýsingu á málavöxtum, kröfum þeim, er aðili ætlar að gera, kröfu um úrskurð sáttamanna, ef því er að skipta, og kröfu um, að máli verði vísað til aðgerða dómstóla, ef sáttatilraun verður árangurslaus, nema úrskurðar megi krefjast.

Sáttamaður ritar á kæru ákvörðun sína um stað og stund sáttafundar. Sáttamaður ákveður hverju sinni frestinn, er í kaupstöðum má skemmstur vera tveir sólarhringar, en annarsstaðar tveir til fjórir sólarhringar. Sækjandi lætur síðan birta sáttakæru, og fer um birtingu hennar með sama hætti sem um birtingu dómstefnu.

9. gr.

Aðili skal sækja sjálfur sáttafund, nema lögleg forföll banni. En lögleg forföll eru:

a. Sjúkdómur aðilja sjálfs eða heimamanna hans eða annara, ef hann þarf að annast þá eða leita þeim læknishjálpar.
b. Veður, torfærur eða önnur óviðráðanleg atvik.
c. Ef fundarsókn skyldi valda honum vinnumissi eða tjóni á atvinnu hans eða öðrum hagsmunum.
d. Embættis- eða sýslunarstörf, er aðili hefir fyrirfram ákveðið eða ekki þola bið.
e. Ef aðili skal sækja annan sáttafund eða dómþing, er fyrr hefir verið ákveðið, enda megi aðili ekki sækja hvorttveggja sjálfur.

Ekki er aðilja heldur skylt að sækja sjálfur sáttafund, ef hann er búsettur eða dvalfastur utan sáttaumdæmis og eigi hann að minnsta kosti 10 kílómetra

veg að fara á landi til sáttafundar eða 5 kílómetra á sjó, eða samanlagt 10 kílómetra á sjó og landi.

Fyrirsvarsmanni ólögráða manns, félags eða stofnunar, er skylt að sækja sjálfur sáttafund með sama hætti sem aðilja er það. Ef fleiri en einn eru fyrirsvarsmenn aðilja, er nægilegt, ef einn þeirra sækir sáttafund með umboð hinna, ef atbeina þeirra þarf til sáttargerðar.

10. gr.

Ef aðili sækir ekki sjálfur sáttafund samkvæmt 9. gr., skal hann, ef þess er kostur, senda þangað umboðsmann sinn með skriflegu, ótakmörkuðu umboði til að koma fram fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal vera lögráða maður, karl eða kona, með óflekkað mannorð og þeim kostum búinn að öðru leyti, að við hann sé semjandi.

11. gr.

Nú sækir sækjandi ekki sáttafund sakir löglegra forfalla, og skal þá fresta máli hæfilegan tíma eftir ákvörðun sáttamanna, enda skal tilkynna aðilja á hans kostnað, hvenær og hvar mál verði aftur fyrir tekið. Annarskostar vísa sáttamenn máli frá sér. Ef verjandi sækir ekki sáttafund, skal ávallt vísa máli til aðgerða dómstóla, ef sækjandi sækir sáttafund og krefst þess.

12. gr.

Nú sækir verjandi hvorki sjálfur sáttafund né sendir þangað hæfan umboðsmann með löglegu umboði, og skal þá, ef sátt kemst ekki á, dæma hann til að greiða málskostnað í héraði, hver sem málsúrslit verða þar, og til að greiða sekt í ríkissjóð fyrir brot á sáttalöggjöfinni. Ef aðili hefir sent umboðsmann á sáttafund, er gagnaðilja, er sjálfur hefir komið eða sannað hefir heimild sína til að senda þangað umboðsmann, rétt að skora á andstæðing sinn að sanna heimild sína til að senda umboðsmann fyrir sig. Ef sá aðili verður ekki við áskoruninni, fer um greiðslu málskostnaðar af hans hendi og sekt fyrir brot á sáttalöggjöfinni sem fyrr segir.

13. gr.

Enginn skal eiga aðgang að sáttafundi aðrir en sáttamenn og aðiljar eða umboðsmenn þeirra, nema bæði sáttamenn og aðiljar leyfi, eða sáttamenn telji aðilja nauðsynlegt eða heppilegt að hafa sér aðstoðarmann á sáttafundi. Eigi skal bóka tilboð eða játningar aðilja á sáttafundi, og eigi má leiða sáttamenn eða aðra, sem þar kunna að vera, vitni um skýrslur aðilja um málavöxtu eða sáttaboð, nema báðir aðiljar samþykki.

14. gr.

Eigi skal fresta meðferð máls fyrir sáttamönnum, nema báðir aðiljar samþykki, eða sáttamenn telji nauðsynlegt að veita frest til að skýra málsatriði, sem ágreiningur er um og ráða mundi úrslitum um árangur sáttatilraunar. Rétt er þá aðilja, og þá aðeins gegn mótmælum gagnaðilja, að afla skýrslna fyrir dómi eða matsgerðar um þau atriði, enda sýni hann dómara vottorð sáttamanna um frestun málsins fyrir þessar sakir.

15. gr.

Ef sátt kemst á, þá skal rita efni hennar í sáttabók, enda ber sáttamönnum að sjá um, að það sé löglegt og skýrt og greinilega orðað. Jafnframt rita sáttamenn sáttina á sáttakæru eða blað fest við hana.

16. gr.

Sátt er löglegur aðfarargrundvöllur.

Sátt skortir samningsgildi, ef sáttamenn hafa með vísvitandi ósannindum, ólöglegri nauðung eða öðru óhæfilegu atferli stutt að sáttargerðinni, svo og ef á brestur skilyrði kröfuréttarins að öðru leyti til þess, að bindandi samningur geti komizt á eða haldið gildi sínu.

Sátt skortir aðfararhæfi, ef hún er ógild sem samningur, eða ef sáttamenn hafa verulega brotið skyldu sína í öðrum greinum en í 2. málsgrein segir, eða hún er gerð af óhæfum umboðsmanni.

17. gr.

Hvervetna þess er aðili byggir rétt fyrir dómi á sátt — þar með talinn skipta-, fógeta- og uppboðsréttur — getur gagnaðili véfengt gildi hennar, og sker dómur úr.

Rétt er aðilja að höfða mál með venjulegum hætti til staðfestingar eða vefengingar sáttar. Í sambandi þar við getur aðili haft uppi kröfu um dóm um sakarefnið.

18. gr.

Ef sátta verður ekki auðið, og sáttamenn neyta ekki úrskurðarvalds, geta þeir þess í sáttabók, að sáttatilraun hafi reynzt árangurslaus og að máli sé vísað til aðgerða dómstólanna. Jafnframt rita þeir samsvarandi vottorð á sáttakæru.

19. gr.

Fyrirmæli 8.—18. gr. taka og til sáttatilrauna og sátta fyrir dómstólum. Þó verður dómur að leggja til grundvallar úrlausnir hliðsetts dóms varðandi sáttastarfsemi í máli, þar sem hann hefir gegnt sáttastörfum. Við sáttaumleitun dómara skal hafa þingvotta, og bókanir um sáttir skal rita í þingbók með samsvarandi hætti sem að framan segir um bókanir í sáttabækur.

20. gr.

Dómari metur öll atriði varðandi réttarfarsgildi árangurslausrar sáttatilraunar.

Öll atriði annars um hæfileika og vald sáttamanna, svo og hvert atriði um framferði þeirra og aðferð, er þeir starfa að sáttum, má bera undir viðkomandi héraðsdómara innan 7 daga frá því, er það atvik gerðist, sem kært er. Sáttamenn eiga þá að láta aðilja í té eftirrit af því, sem þeir kunna að hafa bókað um málið, eða skriflega synjun sína um aðgerðir í því, ásamt athugasemdum um það, ef þeir vilja. Jafnframt tilkynnir aðili andstæðing sínum, að hann skjóti ágreiningnum til héraðsdómara, og sendir honum, ásamt kæru sinni og máls-

skjölum, vottorð um þessa tilkynningu. Andstæðingurinn getur sent dómara athugasemdir sínar innan 7 daga eftir að honum var tilkynnt málskotið. Að þeim fresti liðnum skal dómari kveða upp úrskurð um deiluefnið á vikufresti, og er það fullnaðarúrskurður.

21. gr.

Sáttamenn hafa úrskurðarvald um mál sem hér segir:

a. Ef sækjandi sækir ekki eða lætur ekki sækja sáttafund að forfallalausu, geta sáttamenn eftir kröfu verjanda úrskurðað honum hæfilega þóknun fyrir árangurslausa fundarsókn.
b. Eftir kröfu sækjanda skulu sáttamenn úrskurða mál:
   1. Ef verjandi sækir ekki sáttafund, þótt hann sé löglega til kvaddur, enda séu forföll ekki sönnuð eða sennileg, og hafi sækjandi látið þess getið í sáttakæru, að hann mundi úrskurðar krefjast.
   2. Ef verjandi sækir sáttafund og samþykkir berum orðum kröfu sækjanda, en sátt kemst þó ekki á vegna ágreinings um aukaatriði, svo sem vöxtu, afborganir, greiðslu sáttakostnaðar, eða af öðrum ástæðum.

Sáttamenn mega því aðeins úrskurða kröfu, að hún sé til greiðslu peninga borgaralegs eðlis eða greiðslu opinbers gjalds í peningum, enda nemi innstæða kröfunnar aldrei yfir 500 krónum.

Ekki mega sáttamenn úrskurða kröfu:

1. Ef verjendur eru fleiri en einn, og ekki samþykkja báðir þeirra eða allir, er sáttafund sækja, kröfuna, eða einhver þeirra hefir eigi sótt fund sakir forfalla.
2. Ef sækjandi hefir tryggt kröfu sína með kyrrsetningu eða lögbanni, og mál er lagt til sátta og lögmæti þeirra athafna er vefengt.
3. Ef verjandi telur sér óskylt að svara til sakar fyrir þeim sáttamönnum, og þeir telja þá varnarástæðu rétta.
4. Ef mál er svo flókið eða illa skýrt, að sáttamenn telja sér ekki fært að úrskurða það.

Nú hefir verjandi uppi gagnkröfu til skuldajafnaðar, er sækjandi samþykkir, og skal hún þá koma til skuldajafnaðar aðalkröfu. Ef gagnkröfu er mótmælt, vísa sáttamenn málinu frá sér til aðgerða dómstólanna, nema telja megi sannað, að gagnkrafan sé annaðhvort rétt eða röng.

22. gr.

Bóka skal kröfur aðilja, málsástæður og varnir og aðrar yfirlýsingar að aðalefni til. Fresti skal að jafnaði ekki veita, nema aðiljar séu á það sáttir. Þó má veita aðilja stuttan frest gegn mótmælum hins til að afla skjala eða vitnisburðar fyrir dómi, ef það þykir nauðsynlegt til sönnunar eða skýringarauka málsatviki. Að málflutningi loknum, sem venjulega skal vera munnlegur, bóka sáttamenn, að mál sé tekið til úrskurðar.

23. gr.

Þegar sáttamenn úrskurða mál samkvæmt 21. gr. 1. málsgr. a. og b. 1., skal byggja úrskurð á framkomnum gögnum og skýrslum aðilja, að svo miklu leyti

sem þær fara ekki í bága við þau. Annarskostar skal byggja úrskurð á því, sem fram er komið af hálfu beggja aðilja.

24. gr.

Úrskurði skal rita í sáttabók. Í úrskurði skal greina nöfn, heimili og stöðu aðilja, kröfur og aðalefni máls og framkomnar varnarástæður, og meta gildi þeirra. Loks skal draga niðurstöðuna saman í stutt mál, hvað inna skuli af hendi, ef því er að skipta, um greiðslu vaxta og málskostnaðar o. s. frv. Úrskurði skal venjulega upp kveða þegar í stað, og aldrei síðar en viku eftir lok málflutnings. Ef aðiljar, annar eða báðir, eru viðstaddir, skal lesa úrskurð í heyranda hljóði.

25. gr.

Úrskurði sáttamanna má fullnægja með aðför að viku liðinni frá uppkvaðningu hans, ef sá aðili, sem greiða skal eftir úrskurði, var við uppsögn hans staddur, en ella að viku liðinni frá birtingu, enda hafi aðiljar ekki orðið á annan fullnustufrest sáttir.

26. gr.

Ákvörðun sáttamanna um að vísa máli frá sér til aðgerða dómstólanna verður ekki áfrýjað.

Úrskurði sáttamanna um efni máls má skjóta til viðkomandi héraðsdómara bæði til staðfestingar og breytingar áður liðnir séu 2 mánuðir frá uppkvaðningu hans eða birtingu samkvæmt 25. gr. Ef sérstaklega stendur á, getur héraðsdómari þó veitt, gegn 15 kr. gjaldi í ríkissjóð, leyfi til áfrýjunar, þar til 4 mánuðir eru liðnir frá áðurnefndum tíma. Nú hefir úrskurði verið áfrýjað samkvæmt framanskráðu, en máli frávísað, og þarf þá ekki leyfi til að áfrýja málinu einu sinni á ný, ef réttarstefna er út gefin eða utanréttarstefna er birt innan 4 vikna frá uppkvaðningu frávísunardóms, enda þótt málinu yrði annars ekki áfrýjað leyfislaust.

Fyrir héraðsdómi eru aðiljar bundnir við þær kröfur og viðurkenningar, sem fram hafa komið fyrir sáttamönnum. Nýjar varnir, ný gögn og nýjar gagnkröfur má leggja leyfislaust fyrir dóm.

Um meðferð máls fyrir héraðsdómi fer annars eftir almennum reglum.

27. gr.

Sáttamenn utan kaupstaða skulu fá endurgjald fyrir óhjákvæmilegan ferðakostnað eftir reikningi og dagpeninga, 7 krónur fyrir dag eða hluta úr degi, er þeir þurfa að vera utan heimilis síns vegna starfans. Ef sáttamenn gegna fleiri málum í sömu ferð, skal skipta dagpeningum og ferðakostnaði sanngjarnlega milli málanna. Ágreining um ferðakostnað eða dagpeninga úrskurðar viðkomandi héraðsdómari.

Í kaupstöðum og þar, sem sáttafundur er haldinn á heimili sáttamanns eða í sama kauptúni eða þorpi, fær sáttamaður hver 2 krónur fyrir hvert mál, er hann reynir sátt um, og að auki 3 krónur fyrir hvert mál, er hann úrskurðar samkvæmt 21. gr.

Sækjandi greiðir til bráðabirgða ferðakostnað og dagpeninga og gjald fyrir sáttatilraun og úrskurð samkvæmt b-lið 1. málsgr. 21. gr., og verjandi fyrir úrskurð samkvæmt a-lið sömu málsgr., en í sátt eða úrskurði skal að lokum kveða á um það, hvern þátt verjandi — og sækjandi eftir a-lið 1. málsgr. 21. gr. — skuli taka í greiðslum þessum.

28. gr.

Sáttamenn skulu árlega senda viðkomandi sýslumanni eða bæjarfógeta (lögmanni) skýrslu um mál þau, er þeir hafa haft til meðferðar á árinu, eftir fyrirmynd og innan þess tíma, er dómsmálaráðherra ákveður. Einnig skulu sáttamenn senda sömu embættismönnum jafnharðan skýrslu um sektir, er aðili kann að hafa undirgengizt að greiða á sáttafundi.

II. KAFLI

Um dómara o. fl.

29. gr.

Með dómstörf í einkamálum, þar á meðal skipti, fógetagerðir og uppboð, fara almennt sýslumenn hver í sinni sýslu, í Reykjavík lögmenn, tveir eða fleiri, og í öðrum kaupstöðum bæjarfógetar. Haldast skulu gildandi ákvæði um dómendur í landamerkjamálum og öðrum fasteignamálum og í lóðamerkjamálum í Reykjavík. Meðdómendur skipa að öðru leyti dóma eftir reglum laga þessara. Dómsmálaráðherra ákveður verkaskiptingu lögmanna í Reykjavík.

Rétt er héraðsdómara að halda dómþing utan lögsagnarumdæmis síns, ef það þykir heppilegt til upplýsinga í máli, enda valdi það ekki verulegum drætti á því, og greiði sá kostnaðarauka þar af, sem slíkrar dómsathafnar beiðist.

Nú er maður settur til að dæma ákveðið mál, og skal hann þá kveða upp dóm á heimili sínu, nema dómsuppkvaðning í lögsagnarumdæmi, þar sem mál var flutt, valdi hvorki kostnaðarauka né drætti á dómsuppsögn.

30. gr.

Dómsmálaráðherra setur dómara til að fara með og dæma einstök mál (setudómara), þar sem hinn reglulegi dómari hefir vikið dómarasæti.

Ef mál er sérstaklega umfangsmikið eða vandasamt að öðru leyti, svo að ætla má, að hinn reglulega dómara skorti tíma frá öðrum embættisstörfum eða sé af öðrum ástæðum ofvaxið að fara með það, getur dómsmálaráðherra skipað sérstakan dómara til að gegna því, enda hafi hinn reglulegi dómari færzt undan að sinna máli af nefndum ástæðum. Hinum skipaða dómara er þá, nema öðruvísi sé mælt í skipunarbréfi hans, heimilt að halda dómþing í málinu hvar á landinu sem vera skal. Heimildin í þessari málsgrein tekur og til skipta-, fógeta- og uppboðsgerða.

Ríkissjóður greiðir alltaf þann kostnað, sem leiðir af skipun dómara samkvæmt þessari grein.

31. gr.

Konungur skipar hina reglulegu héraðsdómara. Þeir taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum, lífeyri eftir lífeyrislögum og skrifstofufé samkvæmt þar um settum reglum. Ríkissjóður leggur þeim til nauðsynleg skrifstofugögn.

Í kaupstöðum skulu hinir reglulegu héraðsdómarar hafa skrifstofu í kaupstaðnum, enda þótt þeir hafi jafnframt lögsögu í fleirum lögsagnarumdæmum, nema ráðherra kveði öðruvísi á. Annarsstaðar ákveður ráðherra embættisbústað héraðsdómara hverju sinni.

32. gr.

Engan má skipa í fast dómarasæti, nema hann:

1. Sé svo andlega og líkamlega hraustur, að hann geti gegnt stöðunni.
2. Sé 25 ára gamall.
3. Sé lögráður og hafi forræði fjár síns.
4. Hafi óflekkað mannorð.
5. Hafi íslenzkan ríkisborgararétt.
6. Hafi lokið embættisprófi í lögfræði við háskóla Íslands eða jafngildu prófi við aðra háskóla samkvæmt íslenzkum lögum.
7. Hafi ennfremur 3 ár samtals verið skrifstofustjóri, fulltrúi í stjórnarráðinu eða fulltrúi héraðsdómara, þar á meðal lögreglustjórans í Reykjavík, lögreglustjóri eða bæjarstjóri, bankastjóri, sendiherra eða fulltrúi sendiherra, verið kennari í lögum við háskólann, gegnt málflutningsstörfum að staðaldri eða verið settur héraðsdómari, eða gegnt opinberu starfi, sem laga- eða hagfræðipróf þarf til. Leggja má saman starfstíma í hverri einstakri af starfsgreinum þessum. Undantekningu frá ákvæðum þessa töluliðs má gera um menn, er sérstakan orðstír hafa getið sér fyrir ritstörf um lögfræðileg efni.

Settir héraðsdómarar og dómarar samkvæmt 30. gr. skulu fullnægja ákvæðum 1.—6. tölul. þessarar greinar. Þó má til bráðabirgða og ef sérstaklega stendur á, setja yngri mann en 25 ára, og mann, er ekki hefir lokið embættisprófi í lögum. Slíkan mann má þó ekki setja lengur en 3 mánuði í senn.

33. gr.

Dómsmálaráðherra getur löggilt héraðsdómurum fulltrúa, er sé að minnsta kosti 21 árs gamall og fullnægi skilyrðunum í 1. og 3. og 4.—6. tölul. 32. gr. Utan kaupstaða má þó víkja frá skilyrðinu í 6. tölul., ef aðili hefir að minnsta kosti tvö ár gegnt að staðaldri skrifarastörfum í skrifstofu héraðsdómara.

Löggiltur fulltrúi getur, auk nótarialgerða, framkvæmt á ábyrgð héraðsdómara þessar dómsathafnir:

1. Uppskriftargerðir í sambandi við skipti búa.
2. Fógetagerðir.
3. Uppboðsgerðir.

Ef fulltrúi fullnægir skilyrðum 6. töluliðar 32. gr., getur hann og kveðið upp úrskurði í sambandi við áðurnefndar dómsathafnir.

Rétt er dómsmálaráðherra að löggilda fulltrúa héraðsdómara til að framkvæma allskonar dómsathafnir í forföllum héraðsdómara eða vegna annríkis og á hans ábyrgð.

34. gr.

Dómari skal bæta tjón af dómaraverkum sínum, ef hann veldur því af ásetningi eða gáleysi. Um refsiábyrgð dómara fer samkvæmt almennum hegningarlögum og sérákvæðum einstakra laga.

Í æðra dómstóli má með dómi í aðalmálinu eða sjálfstætt gera héraðsdómara að greiða skaðabætur vegna meðferðar sinnar á máli, enda hafi honum verið stefnt til greiðslu skaðabóta. Í héraði verður dómari einungis sóttur til greiðslu skaðabóta vegna dómaraverks í sambandi við opinbert mál út af því eða eftir að refsidómur hefir verið kveðinn upp yfir honum í opinberu máli fyrir afbrot í dómarastarfi í því máli.

Með dómi æðra dómstóls í aðalmálinu eða sjálfstætt má dæma héraðsdómara til sektar 50—1000 kr. fyrir hverskonar misferli um meðferð þess, enda hafi honum verið stefnt til ábyrgðar eða æðri dómur telji aðgerðir hans svo löglausar og aðfinnsluverðar, að þær skuli varða sektum.

Ennfremur er hverjum þeim, er telur héraðsdómara hafa gert á hluta sinn í dómstarfi, rétt að kæra hann fyrir æðra dómi samkvæmt ákvæðum 199. gr., enda getur þá æðri dómur dæmt dómara til að greiða sekt samkvæmt 3. málsgr. eða veitt honum áminningu.

35. gr.

Nú telur dómsmálaráðherra dómara hafa misst hin almennu dómaraskilyrði, eða hafa gert sig sekan um misferli í dómarastarfi, enda hafi áminning æðra dóms eða ráðherra ekki komið að haldi, eða dómari hefir að áliti ráðherra með öðrum hætti rýrt svo álit sitt siðferðislega, að hann megi ekki lengur gegna dómaraembætti, og víkur ráðherra honum þá frá embætti um stundarsakir, en síðan skal höfða mál á hendur honum til embættismissis svo fljótt sem verða má.

Ef svo verður ástatt um dómara, er settir hafa verið til að gegna dómaraembætti um stundarsakir, eða dómara samkvæmt 30. gr. eða fulltrúa dómara, sem í 1. málsgr. segir, getur dómsmálaráðherra þegar tekið af honum starfann, án þess að bera þurfi málið undir dómstóla.

Rétt er hverjum þeim, er samkvæmt 1. eða 2. málsgr. hefir verið sviptur embætti eða starfa, að höfða mál með venjulegum hætti á hendur dómsmálaráðherra fyrir hönd ríkisvaldsins til úrlausnar um lögmæti þeirrar ráðstöfunar, enda höfði hann málið innan 6 mánaða frá því, er hún var gerð.

36. gr.

Dómari víkur úr dómarasæti í máli, ef hann er:

1. Aðili máls eða fyrirsvarsmaður aðilja. Þó þarf dómari venjulega ekki að víkja, þótt hann hafi eða hafi haft í embættisnafni önnur afskipti af máli, sem hann nú skal fara með sem dómari.
2. Skyldur eða mægður aðilja að feðgatali eða niðja eða að öðrum lið til hliðar,

maki hans, unnusti eða unnusta, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

3. Skyldur eða mægður fyrirsvarsmanni aðilja eða málflytjanda að feðgatali eða niðja eða að 1. lið til hliðar, maki hans, unnusti eða unnusta, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
4. Hefir borið vitni um málsatvik eða verið skoðunar- eða matsmaður í málinu.
5. Hefir flutt málið eða leiðbeint aðilja í því.
6. Er svo venzlaður vitni eða matsmanni sem í 3. tölul. segir, enda sé krafizt úrskurðar um skyldu vitnis eða heimild til að bera vitni eða staðfesta skýrslu sína.
7. Er óvinur aðilja, eða málið varðar hann eða venzlamenn hans verulega fjárhagslega eða siðferðislega, eða annars er hætta á því, að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu.

37. gr.

Dómari skal víkja af sjálfsdáðum, ef svo stendur á sem í 1.—6. tölul. 36. gr. segir. Annars getur hann bæði vikið af sjálfsdáðum eða eftir kröfu aðilja, enda þarf hann þá ekki að víkja fyrr en mál er tekið til dóms eða kveða þurfi upp úrskurð, nema aðili hafi krafizt þess eða mál sé munnlega flutt.

Dómari úrskurðar sjálfur, hvort hann víki sæti. Ef dómari víkur sæti, ber honum að gera það, sem nauðsynlegt kann að vera til að halda máli í réttu horfi, þar til setudómari tekur við því. Hann getur og látið af hendi eftirrit af málsskjölum og gefið út dómsgerðir, þótt hann hafi vikið sæti.

Fulltrúi dómara er, án sérstakrar skipunar, óhæfur til að vinna þau dómarastörf, sem dómari má ekki vinna samkvæmt 36. gr.

Úrskurði dómara um, að hann víki sæti, verður ekki skotið til æðra dóms. Úrskurði, þar sem dómari neitar að víkja sæti, má kæra til æðra dóms samkvæmt 199. gr., enda hvílir þá málið á meðan.

III. KAFLI

Um þinghöld, þingbækur, þingvotta o. fl.

38. gr.

Í kaupstöðum skal halda bæjarþing til meðferðar allra mála, sem ekki eru sérstaklega undantekin, einu sinni í viku eða oftar, eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og á þeim stað og stund, sem ákveðið verður, ef mál eru fyrir hendi. Utan kaupstaða skal halda manntalsþing til meðferðar dómsmála á þingstað réttum í þinghá hverri einu sinni á ári, eins og verið hefir, en auk þess skal aukadómþing heyja, þegar þörf gerist og á þeim stað í þinghá hverri, sem dómari ákveður hverju sinni.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að regluleg dómþing skuli halda í einstökum lögsagnarumdæmum eða þinghám oftar en einu sinni á ári, þar sem þörf krefur.

Þingleyfi eru frá 20. des. til 6. jan. og frá pálmasunnudegi til annars í

páskum. Ennfremur getur dómsmálaráðherra ákveðið þingleyfi í kaupstöðum 1—2 mánuði á sumrin.

Framkvæma skal dómsathafnir í þingleyfum, sem ekki mega bíða, svo sem dómsuppsögn, fógetagerðir, skiptagerðir og uppboðsgerðir.

39. gr.

Dómþing í þinghúsum og öðrum húsum, sem notuð eru til almennings nota, skal heyja í heyranda hljóði, nema aðiljar óski eða dómari telji hentara vegna aðilja, vitna eða almennings hagsmuna, að heyja þing fyrir luktum dyrum. Rétt er dómara að vísa almenningi eða einstökum mönnum út úr þingsal, ef návist þeirra horfir til truflunar þingfriði, eða maður kemur annars ósæmilega fram við dómara eða aðra.

Ef sækjanda máls verður vísað út úr þingsal samkvæmt 1. málsgr., fellur mál hans niður. Ef verjanda er vísað út, getur sækjandi þegar krafizt dóms í málinu, eins og það þá er.

Ef einstakur maður ljær hús sín til þinghalds, getur hann bannað óviðkomandi mönnum aðgang að því. Ákvæðin hér að framan taka og til þinghalds í húsum einstakra manna, eftir því sem við á.

Dómari getur bannað, að viðlögðum allt að 1000 króna sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum, að skýra opinberlega í orðum eða á annan hátt frá því, sem gerist í þinghöldum, sem hann hefir ákveðið að halda skuli fyrir luktum dyrum.

Ákvæði greinar þessarar taka til skipta-, fógeta- og uppboðsgerða, eftir því sem við á.

40. gr.

Þingmálið er íslenzka. Skjölum á erlendu máli skal fylgja þýðing löggilts skjalþýðanda, ef hans er kostur. Ef aðili, eða vitni, er ekki nægilega fær í íslenzku, skal aðili hafa með sér og á sinn kostnað löggiltan dómtúlk til aðstoðar dómara, ef unnt er. Nú er löggilts skjalþýðanda eða dómtúlks ekki kostur, og skal þýðandi skjals þá staðfesta þýðingu sína fyrir dómi, ef hún er vefengd, og túlkur vinna heit fyrir dómi um, að hann skuli rækja starfann eftir beztu getu.

Ef dómari treystir sér til að þýða skjal á erlendu máli eða aðiljar þýða það og eru sammála um, að þýðingin sé rétt, eða dómari getur sjálfur spurt aðilja eða vitni á erlendu máli, kemur vöntun á skjalþýðanda eða túlki ekki að sök. Annarskostar vísar dómari máli frá dómi, dómsathöfn verður óframkvæmanleg eða ekki verður tekið tillit til skjals, allt eftir því sem á stendur.

41. gr.

Þar sem einn maður situr í dómi, skulu jafnan vera tveir þingvottar. Þeir skulu fullnægja almennum vitnaskilyrðum, og auk þess mega þeir hvorki vera svo venzlaðir dómarar né aðilja sem segir í 1. málsgr. 1. tölul. 125. gr. Það er borgaraskylda að vera þingvottur. Þeim ber 1 króna fyrir hverja klukkustund eða brot úr klukkustund, er þeir missa af starfi sakir þingvottastarfsemi sinnar.

42. gr.

Hverju héraðsdómaraembætti skulu fylgja þessar dómsmálabækur til afnota í einkamálum:

1. Manntalsþingbók (utan kaupstaða).
2. Bæjarþingsbók (í kaupstöðum).
3. Aukaþingbók (utan kaupstaða).
4. Sjódómsbók og verzlunardóms í kaupstöðum og þar utan kaupstaða, er þörf þykir, eftir ákvörðun dómsmálaráðherra.
5. Landamerkja- og fasteignamálabók (utan Reykjavíkur).
6. Skiptabók.
7. Fógetabók.
8. Uppboðsbók.

Í bækur þessar skráir dómari skýrslu um mál þau, sem til meðferðar eru hverju sinni, með þeim hætti, sem tíðkazt hefir, þar á meðal úrskurði, sem upp eru kveðnir þegar í stað, um skjöl þau, sem fram hafa verið lögð, um kröfur þær, sem fram hafa komið, og þau efni yfirhöfuð, sem í IX. kafla greinir, vitnaskýrslur, nefningu matsmanna og staðfesting matsgerða o. s. frv.

9. Dómabók. Þar skal skrá dóma og úrskurði aðra en þá, sem áður greinir.

Ríkissjóður leggur bækur þessar til. Þær skulu vera tölusettar, gegnumdregnar og innsiglaðar. Dómsmálaráðuneytið löggildir þær.

Héraðsdómari, eða fulltrúi hans, heldur dómsmálabækur. Aðiljar skulu undirrita það, er hverju sinni hefir verið bókað um mál, ef það hefir að geyma skuldbindingu samkvæmt borgaralegum lögum, er þeir hafa sannfært sig um, að rétt sé bókað, en dómari og þingvottar undirrita að loknu þinghaldi í einu lagi allt það, sem þar hefir verið bókað.

Dómsmálabækur skal rita skýrt og greinilega, og rita hverja blaðsíðu að fullu. Ef bókun þarf að leiðrétta, skal strika yfir hana, en hvorki skafa út né gera ólæsilegt með öðrum hætti það, sem bókað hefir verið.

43. gr.

Skjöl öll, sem fram eru lögð í dómi, skal merkja í áframhaldandi töluröð og votta á þau um framlagninguna. Skjölin eru eign dómstólsins, en lána má þau aðiljum, enda telst sá aðili, sem leggur skjal aðeins fram í einu eintaki og án eftirrits, samþykkja það. Dómari skal, eftir að dómur hefir verið kveðinn upp í máli, fá aðilja frumrit af framlögðu málsskjali gegn því, að staðfest eftirrit af skjalinu fylgi málsskjölunum, ef aðili þarf frumritsins til sönnunar rétti sínum annarsstaðar.

Ef sækjandi skilar ekki aftur léðum málsskjölum, áður en mál er tekið til dóms, skal hefja málið, nema skjal skipti auðsjáanlega ekki verulega máli eða aðiljar komi sér saman um innihald þess. Ef verjandi skilar ekki léðum málsskjölum, skal dæma málið eftir bókuðum kröfum sækjanda, nema svo sé ástatt um skjal sem nú var sagt.

44. gr.

Gegn lögmæltum ritlaunum er dómara skylt að láta viðkomendum í té staðfest eftirrit úr dómsmálabókum og málsskjölum, þar á meðal dómsgerðir

í heild sinni, innan hæfilegs tíma og aldrei síðar en þremur vikum eftir að eftirrits hefir verið beiðzt, en rétt er að krefjast ritlauna fyrirfram eftir því, sem dómari áætlar þau. Það varðar sektum, ef eftirrit eru ekki af hendi látin á réttum tíma, og má þá beita ákvæðum 34. gr.

IV. KAFLI

Um sakaraðilja.

45. gr.

Sakaraðili getur hver sá verið, einstaklingur, félag eða stofnun, sem að landslögum getur átt réttindi eða borið skyldur. Dómstólar, þar á meðal skipta-, fógeta- og uppboðsréttur, hafa vald til að dæma mál allra þeirra, er aðiljar geta verið, nema undantekningar séu gerðar í landslögum eða samkvæmt þjóðarétti.

Varnir, byggðar á aðildarskorti, leiða til sýknu, ef þær metast á rökum byggðar.

46. gr.

Nú eiga fleiri en einn óskipt réttindi eða bera saman óskipta skyldu, og eiga þeir þá óskipta sakaraðild. Ef þeir taka ekki allir þátt í málshöfðun eða ef þeim er eigi öllum veittur kostur á að svara til sakar, þá skal vísa máli frá dómi. Ef þeir sækja ekki allir dómþing, skulu þeir, er það gera, taldir hafa heimild til að skuldbinda hina. Nú eru yfirlýsingar slíkra aðilja fyrir dómi ósamrímanlegar, og skal þá sú yfirlýsing, sem gagnaðilja er hagkvæmari, lögð til grundvallar, nema sýnt sé, að hún sé röng, eða að sá, er hana setti fram, hafi skort þekkingu á málsatviki. Ef þeir gera mismuandi kröfur, skal ekki fara út fyrir þá kröfu, er skemmst gengur. Nú skulu málsúrslit samkvæmt dómi velta á eiði eða drengskaparheiti samaðilja, eins eða fleiri, og hafa þeir þá tapað máli að því leyti, nema báðir þeir eða allir, sem eiðsheimildin nær til, vinni eið eða drengskaparheit.

47. gr.

Því aðeins er fleirum mönnum rétt að sækja mál í félagi og því aðeins er rétt að sækja fleiri menn í einu máli, að dómkröfurnar séu af sömu rót runnar. Annarskostar vísar dómari máli frá dómi að öllu leyti, eða einhverju, ef varakrafa er gerð um dóm að efni til, að því leyti sem slík meðferð er heimil samkvæmt framansögðu.

Ákvæði fyrri málsgr. þessarar greinar taka og til skiptagerða, fógetagerða og fasteignauppboða, eftir því sem við á.

48. gr.

Nú vill sækjandi eftir þingfestingu máls stefna nýjum aðilja til að svara til sakar ásamt þeim, er hann hefir þegar stefnt, og er það því aðeins heimilt, að skilyrðum 1. málsgr. 47. gr. sé fullnægt, enda hafi sækjanda eigi verið unnt að stefna hinum nýja aðilja áður en mál var þingfest, og verði honum ekki heldur um það kennt.

49. gr.

Rétt er verjanda að hafa uppi gagnkröfu til skuldajafnaðar í máli, ef skilyrði til hans eru fyrir hendi, án þess að gagnstefna. Ef sjálfstæðs dóms er krafizt um gagnkröfu, þarf gagnstefnu. Ef kröfu má skuldajafna, má jafnan krefjast sjálfstæðs dóms um afgang hennar. Annarskostar verður krafa því aðeins heimt sem gagnkrafa, að hún sé af sömu rót runnin sem aðalkrafa eða samið hafi verið um það, að hana mætti heimta með gagnsök í máli um dómkröfu aðalsakar. Aðalsök og gagnsök skulu sóttar og varðar sem eitt og sama mál.

50. gr.

Rétt er þriðja manni að ganga inn í mál annara manna, ef úrslit þess máls skipta hann máli að lögum. Skal hann þá stefna báðum hinum upphaflegu aðiljum, og gera kröfu um, að honum verði leyfð meðalgangan, og að honum verði dæmt sakarefnið, ef því er að skipta, eða að dómur verði annars svo felldur, að verndaður verði réttur hans.

51. gr.

Meðferð mála þeirra, er í 46.—50. gr. segir, fer að öðru leyti eftir fyrirmælum laga þessara, eftir því sem við á.

52. gr.

Ef úrslit máls geta skipt þriðja mann máli að lögum, svo sem vegna vanheimildar, þá getur aðili tilkynnt honum málareksturinn og skorað á hann að veita sér þann styrk í málinu, er honum er kostur.

53. gr.

Ef sækjandi framselur réttindi þau, er dómkrafa hans varðar, eftir að sáttakæra hefir verið útgefin, eða, þar sem dómari leitar sátta eða sáttatilraun er óþörf, eftir birtingu utanréttarstefnu, útgáfu réttarstefnu eða, þar sem stefndur hefir mætt óstefndur, eftir þingfestingu máls, og áður en mál er tekið til dóms, tekur hinn nýi eigandi við málinu í stað hins og í því ástandi, er það þá var í, enda verður hann þá jafnan að sæta þeim vörnum, er rétt var að hafa uppi gagnvart hinum upphaflega sækjanda, nema viðskiptabréfskrafa sé, enda hafi hinn nýi eigandi hvorki vitað né átt að vita, að mál var höfðað eða að málshöfðun stóð til.

Nú deyr sækjandi á þeim tíma, er í 1. málsgr. segir, eða bú hans er tekið til gjaldþrotameðferðar, og taka þá erfingjar eða bú við máli, ef réttindi þau, sem dómkrafan varðar, áskotnast erfingjum eða búi, með þeim hætti, er í 1. málsgr. segir. Ef réttindin ganga ekki til erfingja eða bús, fellur mál niður að öðru en því, að dæma má erfingja eða bú til greiðslu málskostnaðar.

Ekki veldur það aðiljaskiptum, þótt sækjandi staðfesti ráð sitt á þeim tíma, sem í 1. málsgr. segir, hvernig sem fjármálum hjóna er farið.

54. gr.

Nú afhendir verjandi á tímabili því, er í 53. gr. 1. málsgr. segir, hlut eða réttindi, er hann er sóttur til að láta af hendi, og er sækjanda þá rétt að halda

máli áfram gegn hinum upphaflega verjanda, enda verður hinn nýi eigandi þá bundinn við dóm í málinu, nema hann hafi eignazt hlut eða réttindi með þeim hætti, að varnir eða réttindi annara manna yfir hinu afhenta glatist gagnvart honum.

Ef verjandi deyr eða bú hans er tekið til gjaldþrotameðferðar á áðurnefndu tímabili, þá tekur erfingi eða bú við málinu, ef sú skylda, sem dómkrafa varðar, flyzt á erfingja eða bú. Ella fellur mál niður að öðru en því, að dæma má bú eða erfingja til greiðslu málskostnaðar.

V. KAFLI

Um málflytjendur.

55. gr.

Aðilja er jafnan rétt að fara sjálfur með mál sitt fyrir dómi, ef hann er löghæfur til að ráðstafa sakarefninu. Lögráðamaður fer með mál þeirra, sem ekki geta sjálfir farið með það samkvæmt framansögðu. Nú hefir slíkur maður engan lögráðanda, og getur dómari þá skipað honum fyrirsvarsmann í því máli. Stjórnendur félags eða stofnunar fara, einn eða fleiri, með mál þeirra.

Ef aðili máls er einstakur maður, getur hann jafnan látið frændur sína að feðgatali eða niðja, maka sinn, systkini sín, tengdaforeldri eða tengdabarn, stjúpforeldri eða stjúpbarn, kjörforeldri eða kjörbarn, fara með mál fyrir sig. Ef mál er rekið utan Reykjavíkur, getur aðili ennfremur falið hverjum lögráða manni, sem hefir óflekkað mannorð og almennan andlegan þroska, meðferð máls síns. Ef mál er rekið fyrir dómi í Reykjavík og aðili fer ekki sjálfur með mál sitt, eða lögmæltur fyrirsvarsmaður eða venzlamaður samkvæmt áðursögðu, skal hann fela meðferð þess löggiltum málflutningsmanni, og tekur þetta einnig til skipta-, fógeta- og uppboðsgerða, eftir ákvörðun dómara, ef sækja þarf þar mál eða verja með líkum hætti og fyrir venjulegum dómi. Í Reykjavík má maður ekki annars flytja mál annars manns í hans eða sjálfs sín nafni, nema hann standi í áðurnefndu sambandi við aðilja eða sé löggiltur málflutningsmaður. Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum héraðsdómara, ákveðið, að fyrirmæli þessarar málsgreinar um málflytjendur í Reykjavík skuli og taka til annara kaupstaða, þar sem enginn hörgull er löggiltra málflutningsmanna.

56. gr.

Héraðsdómari getur veitt hverjum þeim löggildingu til að vera héraðsdómsmálflutningsmaður, sem hefir íslenzkan ríkisborgararétt, hefir náð 25 ára aldri, hefir óflekkað mannorð, er lögráður, hefir forræði á búi sínu og hefir lokið embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands, enda hafi hann sýnt með flutningi 4 mála fyrir einhverjum héraðsdómi, og sé eitt þeirra að minnsta kosti opinbert mál og tvö málanna að minnsta kosti munnlega flutt, að hann sé hæfur til starfans. Enginn má þreyta raun þessa oftar en þrisvar, og skal hann áður en hann gerir það leggja fyrir dómara vottorð dómsmálaráðuneytisins um það,

að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að fá löggildingu sem héraðsdómsmálflutningsmaður. Fyrir löggildinguna skal greiða 100 króna gjald í ríkissjóð.

Lögfræðingar þeir, sem stunda málflutning fyrir héraðsdómi í Reykjavík sjálfstætt eða sem fulltrúar hæstaréttarmálflutningsmanna, þegar lög þessi öðlast gildi, skulu þó hafa rétt til að flytja þar mál áfram fyrst um sinn, en lokið skulu þeir hafa rauninni innan þriggja ára frá þeim tíma.

Þar, sem héraðsdómur er eigi fjölskipaður, setur dómsmálaráðherra 2 prófdómendur úr flokki dómara landsins, hæstaréttarmálflutningsmanna eða prófessora lagadeildar háskólans til að dæma um málflutningsraun samkv. 1. málsgr. Hinn reglulegi dómari ákveður þóknun fyrir þetta starf, og greiðist hún úr ríkissjóði.

57. gr.

Áður manni sé veitt löggilding sem héraðsdómsmálflutningsmaður, skal hann heita því skriflega og að viðlögðum drengskap, að hann skuli rækja með trúmennsku og samvizkusemi þau málflutningsstörf, sem honum verða falin.

58. gr.

Löggiltum héraðsdómsmálflutningsmönnum er heimilt að fara með mál fyrir héraðsdómi, hvar sem er á landinu. Sama er um hæstaréttarmálflutningsmenn.

59. gr.

Héraðsdómsmálflutningsmönnum er skylt að flytja þau opinber mál og gjafsóknar- eða gjafvarnarmál, sem þeim verða falin, þar í kaupstað, er þeir hafa skrifstofu, eða þar í grennd. Annars ráða þeir því sjálfir, hvaða málflutningsstörf þeir taka að sér.

Nú óskar aðili, er skipa skal talsmann, að fá sér ákveðinn héraðsdómsmálflutningsmann skipaðan, og skal þá veita honum það, nema einhverjar sérstakar ástæður mæli því í gegn.

Ef mál er munnlega flutt, ber héraðsdómsmálflutningsmanni að gera það sjálfur eða fela flutning þess öðrum löggiltum málflutningsmanni. Annars er héraðsdómsmálflutningsmanni rétt að láta fulltrúa sinn flytja mál fyrir dómi, þar á meðal skipta-, fógeta- og uppboðsrétti.

60. gr.

Fyrir flutning gjafsóknar- og gjafvarnarmála skal ákveða málflytjanda laun með dómi í aðalmálinu.

Héraðsdómsmálflutningsmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af málsupphæð eða hærra endurgjald, ef mál vinnst, en ef það tapast.

Loforð um sýnilega ósanngjarnt endurgjald fyrir málflutningsstarf er ekki skuldbindandi.

61. gr.

Rétt er héraðsdómsmálflutningsmönnum að taka sér fulltrúa, hvern þann, er lokið hefir embættisprófi í lögum við Háskóla Íslands, er 21 árs að aldri, hefir óflekkað mannorð, er lögráða og hefir forræði á búi sínu. Málflutningsmaður tilkynnir héraðsdómara, þar sem hann hefir skrifstofu, ef hann hefir tekið sér fulltrúa. Héraðsdómari getur leyft héraðsdómsmálflutningsmanni að taka sér ákveðinn mann fulltrúa, þótt hann hafi ekki lokið lögfræðiprófi, enda sé slíkra manna þar ekki kostur og viðkomandi sé að áliti héraðsdómara fær um að inna venjuleg fulltrúastörf héraðsdómsmálflutningsmanna af hendi. Hvenær sem héraðsdómara þykir ástæða til, getur hann afturkallað slíkt leyfi.

62. gr.

Nú mætir löggiltur héraðsdómsmálflutningsmaður eða hæstaréttarmálflutningsmaður eða fulltrúi þeirra fyrir aðilja á dómþingi, og skal hann þá talinn hafa umboð til þess, nema annað sé sannað.. Aðrir málflutningsumboðsmenn verða að sanna umboð sitt, ef það er vefengt.

Í málflutningsumboði felst, nema öðruvísi sé mælt, heimild til að framkvæma sérhvað það, sem venjulegt er til flutnings slíks máls fyrir dómi. Umbjóðandi er bundinn við málflutningsathafnir og yfirlýsingar umboðsmanns síns bæði um forms- og efnisatriði máls, enda þótt hann hafi takmarkað umboð gagnaðilja sínum í óhag. Ef umbjóðandi hefir takmarkað umboð gagnaðilja sínum í hag, er takmörkunin bindandi fyrir umbjóðanda sem málflutningsyfirlýsing fyrir dómi.

Skipun stjórnvalds eða dómara til að flytja mál felur í sér rétt og skyldu til að gera allt það, sem venjulegt er, heppilegt eða nauðsynlegt, til þess að koma máli fram og til að ná sem heppilegustum málalokum fyrir aðilja með öllum löglegum hætti.

63. gr.

Löggiltir héraðsdómsmálflutningsmenn skulu velja sér úr sínum hópi þrjá fulltrúa til að koma fram fyrir hönd sína og stéttarbræðra sinna gagnvart dómurum og stjórnarvöldum í málum, er stéttina varða. Dómsmálaráðuneytið setur reglur um kjör fulltrúa og gæzlu þeirra á málum stéttarinnar, í samráði við einn eða fleiri löggilta héraðsdómsmálflutningsmenn eða stjórn félags þeirra, ef slíkur félagsskapur kynni að verða stofnaður áður en reglur þessar yrðu settar.

64. gr.

Löggiltir héraðsdómsmálflutningsmenn eru opinberir sýslunarmenn og hafa skyldur og réttindi samkvæmt því, meðal annars þagnarskyldu um það, er aðili trúir þeim fyrir sem málflutningsmönnum.

65. gr.

Ef löggiltur héraðsdómsmálflutningsmaður missir einhvers þeirra skilyrða, sem í 46. gr. segir, hefir hann fyrirgert rétti þeim, sem löggildingin veitir. Ef löggiltur héraðsdómsmálflutningsmaður hefir þrisvar verið sektaður samkvæmt 188. gr. eða ef fulltrúar héraðsdómsmálflutningsmanna samkvæmt 63. gr. eða félagsstjórn leggja einróma til, að ákveðinn héraðsdómsmálflutningsmaður verði

sviptur löggildingu vegna tiltekinna, óviðurkvæmilegra athafna í starfi sínu, getur héraðsdómari, þar sem aðili hefir skrifstofu, tekið af honum löggildingu um stundarsakir, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Nú hefir löggiltur héraðsdómsmálflutningsmaður verið sviptur löggildingu, og getur hann þá borið málið undir dómstóla með venjulegum hætti og að stefndum viðkomandi dómara.

Ef aðrir en löggiltir héraðsdómsmálflutningsmenn gera sér málflutning að atvinnu og sæta sektum samkvæmt fyrri málsgrein greinar þessarar, eða reynast óhæfir til málflutnings vegna vankunnandi, getur héraðsdómari, þar sem aðili er búsettur, tekið af honum heimild til að fara með mál í umboði annara fyrir fullt og allt eða um stundarsakir, en bera má hann málið undir dómstóla samkvæmt niðurlagi fyrri málsgreinar.

VI. KAFLI

Um sakarefnið.

66. gr.

Dómstólar hafa vald til að dæma um hvert það sakarefni, sem lög og landsréttur nær til, nema það sé undan lögsögu þeirra skilið samkvæmt lögum, venju eða eðli sínu. Ef dómari telur sakarefni ekki sæta lögsögn dómstóla, vísar hann máli frá dómi.

67. gr.

Dómstólar verða ekki krafðir álits um lögfræðileg efni, nema að því leyti sem nauðsynlegt er til úrlausnar ákveðinni kröfu í dómsmáli. Ekki verða þeir heldur krafðir úrlausnar um það, hvort ákveðið atvik hafi gerzt eða ekki gerzt, nema það skipti máli um úrlausn ákveðinnar kröfu í dómsmáli.

68. gr.

Nú telur dómari sakarefni eiga að sæta úrlausn annars dómstóls, og skal hann þá vísa máli frá sér.

69. gr.

Ef mál er höfðað til úrlausnar um rétt eða skyldu, sem sækjandi játar, að enn sé ekki til orðin, eða ljóst er, að svo er, en síðar kann að verða til, þá skal vísa máli frá dómi.

Nú er krafizt aðfarardóms um kröfu, sem að vísu reynist rétt eða kann að vera rétt, en greiðslu- eða fullnægjuskylda er enn eigi komin, þegar mál er tekið til dóms, og skal þá sýkna verjanda að svo stöddu. Veita má þó viðurkenningu með dómi um réttmæti slíkrar kröfu, ef sækjandi sýnir, að hann skiptir máli að lögum að fá slíkan dóm.

70. gr.

Sækja má í sama máli um allar kröfur á hendur sama aðilja, er runnar eru af sömu rót eða þær eru samkynja. Ella getur verjandi krafizt frávísunar á einni kröfunni eða fleirum.

Með framhaldsstefnu getur sækjandi (gagnsækjandi) dregið kröfu inn í mál eftir þingfestingu, ef skilyrði 1. málsgr. eru fyrir hendi, enda verði vanrækslu hans ekki um kennt, að hún var ekki tekin með í öndverðu.

71. gr.

Nú hefir aðili ekki sótt í einu máli þær kröfur, sem runnar eru af sömu rót, og er honum þá heimilt að sækja þær í öðru máli, en ekki má þá dæma verjanda til greiðslu málskostnaðar, nema ekki hafi verið unnt að höfða mál um allar eða báðar kröfurnar í einu lagi.

Nú hefir aðili höfðað mál til heimtu nokkurs hluta af kröfu, og skal honum þá að vísu heimilt að sækja um afganginn í öðru máli, en dæma skal hann þá til að greiða andstæðing sínum málskostnað, nema hann sanni, að hann vissi ekki að krafan var hærri, áður en fyrra málið var tekið til dóms, enda verði honum ekki gefin sök á þeirri vanvizku. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki, ef nokkur hluti kröfunnar hefir verið tekinn lögtaki samkvæmt lögum um lögtak eða verið hafður til skuldajafnaðar.

Nú hefir aðili lofað að greiða tveimur mönnum eða fleirum hluta af sömu kröfu, krafa skiptist milli ábyrgðarmanna eða erfingja, eða fleiri en einn eignast kröfu í ákveðnum hlutföllum, og er þá hverjum þeirra rétt að sækja sér sinn hluta kröfu, en taka skal til greina, er dæma skal um málskostnaðarkröfu, hvort skuldunautur mátti gera ráð fyrir eða olli sjálfur skiptingu kröfunnar.

Nú hefir aðili skipt kröfu, sem nemur yfir 500 krónum, og hefir hann þar með firrt sig rétti til að krefjast úrskurðar sáttanefndar, nema hann afsali sér því af kröfunni, sem er fram yfir 500 krónur.

VII. KAFLI

Um varnarþing.

72. gr.

Hver kaupstaður og hver hreppur á landi hér er sérstök dómþinghá. Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum viðkomandi héraðsdómara, ákveðið að leggja hreppa eða hluta úr hreppum saman í eina dómþinghá, eða skipta hreppi í fleiri en eina dómþinghá eða leggja dómþinghá eða hluta úr dómþinghá við kaupstað.

73. gr.

Sækja má mann fyrir dómi í þinghá, þar sem hann er heimilisfastur. Ef maður á samtímis heimili í fleiri þinghám en einni, má sækja hann í hvorri eða hverri sem er.

Ef maður á hvergi heimili hér á landi og verður þó sóttur hér fyrir dómi, má sækja hann þar í þinghá, sem hann á dvöl.

Nú hefir maður hvorki heimili né dvalarstað hér á landi, en verður þó sóttur hér fyrir dómi, og má þá sækja hann í þinghá, þar sem hann er staddur.

74. gr.

Ólögráðan mann skal sækja á varnarþingi lögráðamanns, nema hann eigi sjálfur forræði á sakarefni.

75. gr.

Skrásett firma eða félag skal sækja í þinghá, þar sem það er skrásett að eiga heima, eða ef mál varðar sérstaklega útibú, þá í þinghá, þar sem útibúið er skrásett að eiga heima. Önnur félög má sækja á varnarþingi formanns félagsstjórnar, enda má sækja þau í þinghá, þar sem heimilisfang þeirra er samkvæmt samþykktum þeirra.

Ríkisvaldið má sækja á varnarþingi þess embættismanns, sem svara má til sakar fyrir það í því máli.

Sérstakar stofnanir ríkis, bæjar-, sveitar- eða sýslufélaga, félaga eða einstakra manna, má sækja í þinghá, þar sem stofnunin er, án tillits til varnarþings stjórnenda eða eigenda.

76. gr.

Íslenzka menn erlendis, er ekki verða þar sóttir, má sækja fyrir dómi í Reykjavík, nema þeir hafi heimili annarsstaðar á Íslandi.

77. gr.

Menn, búsetta erlendis, má sækja hér á landi vegna fjárskyldna við íslenzka þegna, félög, stofnanir eða stjórnarvöld, í þinghá, þar sem þeir eru, þegar stefna eða sáttakæra er birt, eða þar sem þeir eiga eignir. Ef slíkur maður á eign víðar en í einni þinghá, má velja á milli þeirra.

78. gr.

Nú skal kröfu gera um dóm um réttindi yfir fasteign, innihald eða slit slíkra réttinda, eða um hluti skeytta við fasteign eða í, og skal það mál sækja í þinghá, þar sem fasteign liggur. Sameina má slíku máli kröfur, er af réttindum þessum eru risnar, enda þótt þær yrðu ekki einar sér sóttar á því varnarþingi.

Kröfur um greiðslu leigu eða afgjalda, þar á meðal kúgildaleigu, eftir fasteign má sækja á varnarþingi fasteignar samkvæmt fyrri málsgr. greinar þessarar.

79. gr.

Nú hefir maður haft á hendi reikningshald eða fjárvörzlu stöðu sinni samkvæmt fyrir opinberar stofnanir eða einstaka menn eða félög, og er þá rétt að sækja mál á hendur honum í þinghá, þar sem reikningshald eða fjárvarzla fór fram, út af þeim starfa hans.

80. gr.

Mál til efnda á eða til lausnar undan loforði eða fyrir rof eða vanefndir á loforði má sækja í þinghá, þar sem loforðið skyldi efna samkvæmt lögum, tilætlun aðilja eða eftir atvikum, að því er ætla má, hverju sinni, enda sé stefndur staddur þar í þinghá, þegar sáttakæra eða stefna er birt. Síðastnefnt skilyrði

þarf þó ekki að vera fyrir hendi, ef sækja skal mál til efnda á loforði, er stefndur gaf, meðan hann dvaldist í þinghánni, og efna skyldi samkvæmt framanskráðu áður hann færi þaðan.

81. gr.

Rétt er aðiljum að semja um meðferð máls fyrir dómi í hvaða lögsagnarumdæmi og í hvaða þinghá sem er, enda hafi sá dómur vald til að dæma málið.

Nú á stefndur samrætta eða samkynja kröfu á hendur stefnanda, og getur hann sótt hana á varnarþingi aðalsakar.

82. gr.

Mál til greiðslu á andvirði vöru eða vinnu, er maður hefir fengið eða þegið í fastri verzlun eða annari fastri starfstofu, enda sé það atvinna hins upprunalega skuldareiganda að láta slíka vöru eða vinnu í té, má sækja í þinghá, þar sem verzlunin eða starfstofan er.

Kröfur erlendra lánardrottna, þær er sækja mætti eftir þessari grein, ef þær væru innlendar, má sækja á varnarþingi þess, er kröfu fær til innheimtu, enda sé það atvinna hans að annast skuldaheimtur.

83. gr.

Nú má eða þarf að stefna fleirum mönnum en einum í sama máli, og má þá höfða það á varnarþingi einhvers þeirra.

84. gr.

Mál til skaðabóta, refsingar eða annarar fullnustu sakir réttarbrota utan samninga má sækja í þinghá, þar sem brot var framið, eða ef það var víðar framið, þá í einhverri þeirra.

85. gr.

Mál til kaupgreiðslu þeirra manna, er í 3. málsgr. 3. tölul. 5. gr. segir, má sækja í þinghá, þar sem vinnan var af hendi leyst, eða í einhverri þeirra, ef víðar var unnið. Sjómenn samkvæmt sjómannalögum mega sækja mál til kaupgreiðslu á heimili skips.

86. gr.

Haldast skulu ákvæði um varnarþing í 94. og 95. gr. skiptalaga, nr. 3 12. apríl 1878, 15. gr. siglingalaga, nr. 56 30. nóv. 1914, 8. gr. laga nr. 41. 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl., 20. gr., 3. málsgr. 25. gr., 6. málsgr. 27. gr. og 2. málsgr. 46. gr. laga nr. 77 27. júní 1921. um hlutafélög, 88. gr., sbr. 84. gr. laga nr. 39 s. d., um stofnun og slit hjúskapar, og 30. gr. laga nr. 25 14. júní 1929, um gjaldþrotaskipti.

VIII. KAFLI

Um stefnur.

87. gr.

Aðili getur jafnan gefið út stefnu til héraðsdóms sjálfur, en fá verður hann áritun dómara á stefnu um stað og stund, er mál verði þingfest, nema það skuli

gert á fyrirfram ákveðnum stað og tíma. Gefa skal dómari út stefnu, ef aðili óskar þess. Ef aðili eða umboðsmaður hans er ólögfróður maður, sem ekki hefir atvinnu af málflutningsstörfum, þá getur hann krafizt þess, að dómari semji fyrir hann stefnu endurgjaldslaust. Dómari skal benda aðilja á þá galla, er hann kann að sjá á málatilbúnaði og frávísun kunna að varða, áður en hann áritar eða útgefur stefnu, en aldrei má hann synja þessara aðgerða af þessum ástæðum, enda er hann óbundinn af áliti sínu um þessi efni, þegar hann skal dæma síðar um þau.

88. gr.

Í stefnu skal greina nöfn aðilja, stöðu og heimili svo glöggt, að ekki verði um villzt, málavöxtu í aðalatriðum, nema þeir hafi verið nægilega greindir í sáttakæru og til hennar sé vísað í stefnu, kröfur þær, sem gerðar eru, svo skýrt sem unnt er, svo sem upphæð í krónutali, skaðabætur ótiltekið eða eftir mati, vöxtu, ef því er að skipta, viðurkenningu á réttindum, lausn undan skyldu, refsingu fyrir orð, ómerking þeirra, málskostnað o. s. frv. Með framhaldsstefnu má auka við kröfur og laga þær, sbr. þó 48. gr. og 2. málsgr. 70. gr. Loks skal greina í stefnu dómþing, stað og stund þess, og stefnufrest.

Rétt er, að aðili sæki dómþing óstefndur. Þeim einum, er krafa er á hendur gerð, þarf að stefna.

89. gr.

Í hreppi hverjum eða kaupstað skal héraðsdómari skipa að minnsta kosti tvo menn til að birta kvaðningar til sáttafunda, dómstefnur og aðrar tilkynningar, og tvo til vara, er gegni þeim starfa í forföllum hinna. Það er borgaraskylda að gegna starfanum, enda er sú ein kvaðning til sáttafundar eða dóms lögmæt, er tveir stefnuvottar eða notarius publicus framkvæma, nema öðruvísi sé mælt í lögum. Dómsmálaráðuneytið lætur sérprenta ákvæði laga þessara um stefnubirtingar handa stefnuvottum.

90. gr.

Engan má skipa stefnuvott, nema hann sé 21 árs að aldri, hafi óflekkað mannorð og sé svo heill og hraustur, að hann megi rækja starfann.

91. gr.

Stefnuvottar skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparheit um það, að þeir skuli rækja starfann með trúmennsku og samvizkusemi.

92. gr.

Þá er stefnuvottar hafa birt stefnu eða sáttakæru, eða aðra tilkynningu, skulu þeir rita á hana, eða blað, fest við hana, vottorð um það, hvar birting hafi farið fram, fyrir hverjum, hvenær (hvaða viku- og mánaðardag, klukkustund). Ennfremur er þeim rétt að votta um það, ef aðili tekur birtingu gilda. þótt henni sé áfátt að einhverju leyti, svo sem ef hún er ekki birt á lögmæltum stað eða tíma dags. Í vottorði þessu skulu þeir skírskota til stefnuvottaheits síns, og taka það fram, að þeir staðfesti vottorðið með eiginhandar nöfnum sín-

um. Að lokum ber þeim að staðsetja og dagsetja vottorðið og rita síðan nöfn sín undir það.

Vottorðum stefnuvotta um framangreind atriði verður ekki hnekkt, nema full sönnun komi á móti þeim.

93. gr.

Enginn er löghæfur til að birta stefnu eða aðra tilkynningu í sjálfs sín sök, ef hann er kvæntur eða giftur aðilja, skyldur honum eða mægður að feðgatali eða niðja eða í annan lið til hliðar.

94. gr.

Stefnu skal birta á virkum degi, nema birting þoli ekki bið, frá lokum níundu stundar til loka 21. stundar. Þó má birting löglega fara fram á öðrum tímum sólarhrings, ef það er nauðsynlegt til að ná skemmsta lögmæltum fresti.

95. gr.

Birta má sáttakæru eða stefnu á lögheimili stefnds, skrifstofu hans eða vinnustofu. Nú á stefndur fleiri lögheimili en eitt, og er þá rétt að birta stefnu á öðru eða einhverju þeirra. Ef stefndur á hvergi lögheimili, má birta stefnu á dvalarstað hans. Ef hann hefir ekki heldur dvalarstað, er rétt að birting fari fram þar, sem hann er að hitta. Stefnu samkvæmt 80. gr. má birta í þinghá, þar sem mál má höfða og þar sem stefndur hefst við eða hafðist við.

Nú er ókunnugt, hvar birta skuli, eða birta skal óákveðnum mönnum, og skal þá stefna eða önnur tilkynning birt í auglýsingablaði landsstjórnarinnar.

Nú þarf að birta stefnu eða aðra tilkynningu ólögráðum manni, og skal þá fara sem lögráðandi hans væri aðili, nema sjálfur eigi hann forræði á sakarefni.

Ef birta á stefnu eða aðra tilkynningu skrásettu eða skrásetningarskyldu firma eða félagi, þá telst rétt birt á hinu skrásetta heimili eða þar, sem það skyldi skrásett.

Ef birta þarf félagi annars eða stofnun, má birting fara fram í skrifstofu félags eða stofnunar eða heimili, skrifstofu eða vinnustofu formanns stjórnar þess eða hennar.

Stefnu eða aðrar tilkynningar til ríkisvaldsins eða ríkisstofnana má birta í skrifstofu, heimili eða vinnustofu þess, er svarar fyrir ríkisvaldið eða stofnunina, og ef fyrirsvarsmenn eru fleiri en einn, er nóg að birta fyrir formanni þeirra, eða, ef allir þeirra eru jafnsettir í stjórn eða fyrirsvari, fyrir einhverjum þeirra.

Ef birta þarf stefnu eða tilkynningu fyrir hreppsnefnd, bæjarstjórn eða sýslunefnd eða einstökum nefndum í stjórnum þessum, er birting á heimili, skrifstofu eða vinnustofu formanns nægileg.

Ef skipstjóra er stefnt fyrir hönd útgerðar eða skips, má birta stefnu úti í skipinu.

96. gr.

Birta skal stefnur og aðrar tilkynningar fyrir stefndum sjálfum, ef þess er kostur, enda verður máli aldrei vísað frá, ef birting hefir farið fram fyrir aðilja sjálfum, hvar sem birt hefir verið.

Ef birting fer fram á heimili manna, skal annars birta þeim, er til sama heimilis teljast, en ef ekki er þeirra kostur, þá skal birta sambýlisfólki hans eða þeim að lokum, er þar kunna að hittast. Samsvarandi er, ef birting fer fram á dvalarstað, skrifstofu, vinnustofu eða skipi.

Jafnan skal afhenda þeim, er stefna, sáttakæra eða önnur tilkynning er birt, eftirrit af því, sem birt er, á kostnað þess, er birta lætur.

Hver, sem tekur við eftirriti, er skyldur, að viðlagðri 10—200 króna sekt, að afhenda viðkomanda eftirrit, eða ef þess er ekki kostur, þeim, er líklegastur er til að fá honum það nægilega tímanlega.

97. gr.

Nú sækir maður sáttafund eða dómþing og krefst frávísunar vegna galla á birtingu sáttakæru eða stefnu, og skal þá ekki vísa máli frá, nema tvímælis orki, að hann sé sá maður, er stefna átti.

98. gr.

Nú verður mál dæmt, enda þótt stefndur hafi sér að vítalausu ekki fengið vitneskju um, að honum var stefnt í aðalmáli eða aukamáli í sambandi við það, eða ekki stefnt svo tímanlega, að hann mætti dómþing sækja, og er honum þá rétt að gera fyrir æðra dómi allar þær kröfur og koma fram öllum þeim vörnum og gögnum leyfislaust, er honum myndi hafa verið rétt að hafa uppi fyrir hinum óæðra dómi, ef hann hefði átt þess kost.

99. gr.

Ef stefndur á heimili eða dvöl í þinghá, þar sem mál skal þingfesta, þá ber honum 1—6 sólarhringa frestur.

Nú á stefndur heimili eða dvöl utan þinghár, þar sem mál skal þingfesta, en þó innan takmarka sama sýslufélags, og skal stefnufrestur þá vera 1—2 vikur. Kaupstaðirnir Reykjavík og Hafnarfjörður eru í þessu sambandi taldir innan sama sýslufélags.

Nú á stefndur heimili eða dvalarstað hér á landi, en utan sýslufélags, þar sem mál skal þingfesta, og skal stefnufrestur þá vera 1—6 vikur.

Ef stefndur á heimili eða dvalarstað erlendis, skal stefnufrestur vera 1—3 mánuðir.

Nú er ókunnugt um heimilisfang stefnda eða dvalarstað, og fer þá um stefnufrest samkvæmt 3. og 4. málsgr., eftir því sem við á.

100. gr.

Ákvæði 99. gr. taka til allra einkamála í héraði, þar á meðal til vitnamála, matsmála og skoðunar og eiðsmála, nema sérstök undantekning sé gerð í lögum.

Ef stefna skal aðilja aðalmáls í meðalgöngumáli eða gagnsök, til vitnaleiðslu eða í matsmáli eða skoðunar, til þess þings, sem aðalmálið er flutt á, er nægilegt að birta stefnu samkvæmt 99. gr. fyrir aðilja sjálfum eða umboðsmanni hans 3 sólarhringum áður en aðalmálið skal fyrir tekið næst á eftir. En

ef mál þessi skulu fara annarsstaðar fram, má birta aðilja eða umboðsmanni hans stefnu með þeim fyrirvara, sem þeim þeirra ber, er skemmstan fyrirvara má veita.

101. gr.

Innan takmarka 99. gr. ákveður dómari stefnufrest, þegar hann gefur út eða ritar á stefnu, ella aðili sjálfur. Ákvörðun dómara um stefnufrest verður ekki skotið til æðra dóms. Ef stefndur mætir, enda þótt stefnufrestur hafi verið settur eða verði of skammur, skal ekki vísa máli frá dómi.

102. gr.

Birtingar eða tilkynningar, er dómari lætur fram fara samkvæmt lögum þessum, getur hann framkvæmt með símskeyti eða einum stefnuvotti.

IX. KAFLI

Almennar reglur um málsmeðferð.

103. gr.

Mál er talið höfðað, þegar sáttakæra, þar sem mál er lagt til sáttamanna, hefir verið birt, en ella, þegar dómstefna hefir verið birt, eða ef verjandi mætir óstefndur, þegar sækjandi gerir kröfu fyrir sáttamönnum eða dómi um fyrirtöku máls og verjandi tjáir sig þeirri kröfu samþykkan.

104. gr.

Mál er þingfest með framlagningu stefnu í dóm, eða, þegar verjandi mætir óstefndur, með kröfu sækjanda um fyrirtöku máls og samþykki verjanda á þeirri kröfu, og með þar tilheyrandi bókun í þingbók.

Gagnkrafa til skuldajafnaðar er þingfest, þegar hún er gerð fyrir dómi.

Nú hefir krafa verið þingfest, og verður þá ekki krafizt dóms um hana í öðru máli, meðan henni hefir ekki verið vísað frá dómi. Ef dóms er krafizt um þannig þingfesta kröfu í öðru máli, skal vísa því frá dómi.

105. gr.

Sækjanda ber þegar eftir þingfestingu að leggja fram í dóm þau skjöl, er málatilbúnað hans varða, og þau, er hann byggir kröfur sínar annars á. Ef verjandi mætir óstefndur, ber sækjanda þegar að leggja fram skriflegar kröfur og greinargerð málsatvika, nema þeim sé nægilega lýst í sáttakæru.

Dómari getur veitt frest til framlagningar skjala og greinargerðar samkvæmt 1. málsgr., ef aðiljar eru á frest sáttir, og ef hann telur sækjanda ekki verða krafinn framlagningar skjala eða greinargerðar þegar í stað eða dómari má ekki lengja þingið þess vegna að því sinni.

Úrskurði um fresti verður aðeins haggað með kæru samkvæmt ákvæðum 199. gr., enda hvílir þá aðalmálið á meðan, eftir því sem við á.

106. gr.

Þá er sækjandi hefir gert kröfur og lagt fram skjöl samkvæmt 105. gr., ber verjanda, nema hann fái frest samkvæmt 2. málsgr. sömu greinar, að tjá sig um hverja einstaka af kröfum sækjanda, lýsa málavöxtum frá sínu sjónarmiði, leggja fram þau skjöl, er hann telur stoða sitt mál, og gera kröfur sínar.

Ef dómara ber að leita sátta í máli, gerir hann það venjulega þegar er verjandi hefir tjáð sig um málið samkvæmt 1. málsgr., en rétt er þó að fresta sáttatilraun, ef dómari telur það heppilegt, enda getur hann tekið upp sáttatilraun síðar, svo og leitað sátta af nýju, þótt mál hafi fyrir sáttamenn komið, ef hann telur sáttatilraun vænlega til árangurs.

107. gr.

Nú samþykkir verjandi kröfur sækjanda í einu og öllu, en þó verður sáttar ekki auðið, og er þá málflutningi lokið.

108. gr.

Ef ekki verður af sátt, né heldur samþykkir verjandi kröfur sækjanda samkvæmt 107. gr., þá skal dómari ganga úr skugga um það, hvort nokkrir þeir gallar muni vera á málatilbúnaði eða hvort sakarefni muni vera svo vaxið, að varða muni frávísun án kröfu. Jafnframt innir dómari verjanda eftir því, ef honum finnst ástæða til, hvort hann hafi nokkuð út á málatilbúnað að setja, er varða kunni frávísun eftir kröfu hans. Ágreining um frávísunarkröfu sækja aðiljar og verja munnlega þegar í stað, nema dómari telji sérstaka ástæðu til að veita frest.

Ef mál skal sæta frávísun án kröfu, kveður dómari þegar upp frávísunardóm. Ef frávísunarkrafa kemur fram, kveður dómari upp úrskurð eða dóm um hana áður en tekið er til meðferðar máls að efni til framar en í 105. og 106. gr. segir, nema krafan byggist á ástæðum, er jafnframt varða efni máls og ekki þykja fram komnar nægar upplýsingar um málavöxtu að því leyti.

Nú hrindir dómari frávísunarkröfu með úrskurði sínum, og er hann þá ekki bundinn við þann úrskurð, þegar lúka skal dómi í málinu, ef nýjar upplýsingar hafa komið fram um þau atriði, er úrskurðuð voru. Synjunarúrskurði má þegar skjóta til æðra dóms eftir ákvæðum 199. gr., og hvílir þá málið á meðan. Annarskostar verður slíkum úrskurði ekki haggað í æðra dómi, nema vísa hefði átt máli frá héraðsdómi, þótt engin krafa hefði komið fram í þá átt.

Frávísunardómi verður og aðeins haggað með kæru eftir 199. gr.

Ef æðri dómur fellir synjunarúrskurð um frávísunarkröfu úr gildi, er málinu, eða þeim hluta þess, er dómsorð æðra dóms varðar, þar með lokið fyrir héraðsdómi. Nú fellir æðri dómur frávísunardóm að öllu leyti eða einhverju úr gildi, og skal héraðsdómari þá taka málið þegar upp af nýju, samkvæmt ákvæðum æðra dóms, í því ástandi, sem það var í, þegar hann tók það undir dóm, jafnskjótt sem aðili lætur honum úrlausn æðra dóms í té, enda tilkynni hann aðiljum stað og stund til endurupptökunnar.

109. gr.

Nú hefir verjandi mótmælt kröfum sækjanda að einhverju leyti eða öllu, sbr. 106. gr., og eigi verður sátt eða máli vísað frá dómi, og skal dómari þá kveða á um það, hvort flytja skuli mál skriflega eða munnlega, en breyta má hann þeirri ákvörðun eftir að gagna hefir verið aflað, ef það virðist þá heppilegt. Ákvörðun héraðsdómara um þessi atriði verður ekki skotið til æðra dóms.

Munnlega skal flytja mál:

1. Ef dómara virðist það svo einfalt og óbrotið, að engin hætta sé á, að það skýrist ekki nægilega með munnlegum málflutningi.
2. Ef löggiltir málflutningsmenn flytja mál af beggja hálfu, eða aðilar koma sér saman um munnlegan málflutning, enda telji dómari, að munnlegan málflutning megi hafa, sbr. 1. tölul.

110. gr.

Nú er mál skriflega flutt, og veitir dómari aðiljum þá fresti til að afla gagna eftir þörfum, þar á meðal skýrslna aðilja sjálfra, ef nauðsyn þykir til vera, enda skal málflutningur ekki hefjast fyrr en telja má öflun gagna lokið. Báðum aðiljum ber að nota sama frest jöfnum höndum, eftir því sem við verður komið, til öflunar gagna. Þó getur dómari veitt frest til að afla nýrra gagna eftir að öflun þeirra hefir verið talið lokið, og eftir að sókn og vörn er byrjuð, ef einhver atriði í þeim veita efni til þess, eða ef ekki hefir áður verið unnt að afla gagna þeirra, er nú þykir víst eða líklegt, að fram muni koma, eða þeirra hefir ekki orðið aflað vegna leiðbeiningaskorts af hálfu dómara. Aldrei má dómari veita fresti, nema nauðsyn beri til og líklegt sé til árangurs um upplýsingar varðandi málsatriði, enda hafi aðili ekki haft áður nægilega fresti í sama skyni. Staðhæfingar um málsatvik og mótmæli skulu jafnan koma fram jafnskjótt sem tilefni verður til. Annarskostar má ekki taka slíkar yfirlýsingar til greina, nema gagnaðili samþykki eða aðili virðist hafa þurft leiðbeiningar dómara, en ekki fengið hana. Eftir að öll gögn eru fram komin, má aðili tvisvar flytja sókn eða vörn, nema dómari sjái, að hann þurfi þess oftar vegna skorts á leiðbeiningum. Um fresti til sóknar og varnar fer eftir framanskráðu, eftir því sem við á.

111. gr.

Ef mál skal flytja munnlega, veitir dómari fyrst nauðsynlega fresti til að afla gagna samkvæmt fyrirmælum 110. gr. Aðilja ber að leggja fyrir dómara frumrit eða eftirrit þeirra gagna, er aflað hefir verið, svo fljótt sem verða má, áður en munnlegur málflutningur hefst. Ákveður dómari stað og stund til flutnings málsins, annaðhvort í því þinghaldi, er öflun gagna lýkur, eða síðar, enda tilkynni hann þá ákvörðun sína aðilja eða umboðsmanni hans með hæfilegum fyrirvara. Ákvörðun dómara um þetta atriði verður ekki skotið til æðra dóms.

112. gr.

Rétt er, að talað sé tvisvar af hálfu hvors (hvers) aðilja. Dómari getur leyft aðiljum sjálfum að gera athugasemd eftir að umboðsmaður hans hefir lokið málflutningi. Dómari stýrir umræðum og gætir þess, að ræðumaður haldi

sér við efnið og að málflutningur verði sem gleggstur og sæmilegastur. Getur dómari svipt þann málfrelsi, er ekki lagar sig eftir áminningum hans.

113. gr.

Dómari má ekki fara út fyrir kröfur aðilja í dómum sínum né úrskurðum, nema um atriði sé að tefla, er hann skal taka til greina af sjálfsdáðum. Kröfum, sem ekki getur í stefnu, skal vísa frá dómi, nema tækifæri hafi verið til að koma þeim að með framhaldsstefnu eða gagnaðili samþykki framkomu þeirra. Samsvarandi er um hækkanir á kröfu eða aðrar breytingar gagnaðilja í óhag, sem ekki hafa heimild í stefnu. Ekki má dómari heldur byggja niðurstöðu sína á málsástæðum eða mótmælum, sem koma hefðu mátt fram, en hafa ekki gert það í meðferð málsins, sbr. 120. gr. Nú kemur málsástæða fram í skjali, en aðili hreyfir henni þó ekki sérstaklega í sókn eða vörn, og metur dómari það þá eftir atvikum hverju sinni, hvort slík málsástæða geti komið til greina. Með sama hætti metur dómari það, hvort þögn aðilja í sókn eða vörn við stæðhæfingu eða kröfu gagnaðilja skuli meta sem samþykki eða ekki.

114. gr.

Aðiljum ber að gefa eftir föngum glöggar og greinilegar skýrslur og yfirlýsingar fyrir dómi. Dómara ber að fylgjast með málinu í öllum atriðum og spyrja aðilja eða umboðsmenn þeirra um hvert það atriði, er honum þykir óljóst og máli kann að skipta, á hvaða stigi máls sem er, og kosta kapps um, að yfirlýsingar þeirra og skýrslur verði nægilega glöggar. Í þessu skyni getur dómari kvatt aðilja sjálfa fyrir dóm af sjálfsdáðum, eða ef aðili sætir ekki lögsögu hans, beðið þann dómara, er þá lögsögu hefir, að kveðja aðilja fyrir sig til að gefa skýrslu um þau tiltekin málsatriði, sem þörf þykir vera, ef aðili vill ekki gefa skýrslu fyrir dómara málsins. Auk þess er dómara skylt að leiðbeina hverjum ólöglærðum manni, sem ekki gerir sér atvinnu af málflutningsstörfum, bæði um formshlið máls og efnis, eftir því sem dómara virðist nauðsyn til bera. Dómari getur beint því til aðilja, að afla gagna um tiltekin málsatriði, eftir því sem honum þykir nauðsyn vera, til skýringar máli.

115. gr.

Dómara þeim, er með málið fer, er skylt að taka við skýrslu hvers þess aðilja, er óskar að gefa skýrslu fyrir dómi um málavöxtu, nema skýrslan sé sýnilega þarflaus eða þýðingarlaus. Undir sama skilorði hvílir sama skylda á dómara, sem lögsögu á yfir aðilja, ef dómari málsins á ekki lögsögu yfir honum.

Eftir kröfu aðilja, og undir sama skilorði sem í 1. málsgr. segir, skal dómari kalla gagnaðilja sjálfan fyrir dóm, eða ef hann sætir ekki lögsögu hans, biðja þann dómara, er hana hefir, að gera það, til að gefa skýrslu um málsatriði eða að skýra nánar framkomin ummæli.

Nú gefur aðili skýrslu fyrir dómi, og getur þá bæði dómari og gagnaðili beint til hans spurningum, enda sker dómari úr um ágreining varðandi skyldu hans til að svara. Einnig er þeim aðilja, er skýrslu gefur samkvæmt 1. eða 2. málsgr., heimilt að beina spurningum í sama þinghaldi til gagnaðilja síns eða

umboðsmanns hans um hvert það málsatriði, er honum virðist þurfa skýringar við, og með sama skilorði sem í 1. málsgr. segir.

Dómari stýrir skýrslugjöfum aðilja í hvivetna.

Dómari tilkynnir aðiljum hverju sinni og eftir því, sem við á, hvar og hvenær þeir skuli koma fyrir dóm samkvæmt ákvæðum greinar þessarar.

Ef aðili er forfallaður eða tími eða kostnaður sparast við það, getur dómari ákveðið, að aðili gefi skýrslu á heimili sínu eða dvalarstað.

Sem aðili er eftir þessari grein skoðaður lögráðandi ólögráða manns, forstjóri fyrirtækis, félags eða stofnunar og fyrirsvarsmenn opinberra hagsmuna.

116. gr.

Nú fullnægir aðili ekki ákvæðum 105., 106., 114. eða 115. gr., og getur dómari þá, eftir að hann hefir árangurslaust bent honum á það, er ábótavant þykir, vísað máli frá dómi, eða skýrt þögn aðilja, ófullnægjandi svör eða vanrækslu á að koma fyrir dóm, á þann hátt, sem gagnaðilja er hagfelldast, svo og lagt skýrslur hans til grundvallar málsúrslitum, eftir því sem við á og samrímanlegt er því, sem fram er komið að öðru leyti í málinu.

117. gr.

Nú eru rekin fyrir sama dómi fleiri mál en eitt út af sama réttarsambandi milli sömu eða annara aðilja að nokkru eða öllu, og getur dómari þá ákveðið, að þau skuli sameina og flytja í einu lagi, ef honum virðist það horfa til skýringarauka eða annars hagræðis. Undir sama skilorði getur dómari ákveðið, að kröfur, sem sóttar eru í einu máli, skuli skildar að og fluttar hvor (eða hver) í máli sér, ef þær eru ekki af sömu rót runnar.

Dómari getur frestað máli af sjálfsdáðum, ef hann fær grun um það, að refsivert athæfi hafi verið framið, sem opinbert mál hefir verið höfðað eða opinber rannsókn verið hafin út af, og telja má, að úrslit þess máls eða rannsóknar skipti verulegu máli um úrslit einkamálsins, þar til séð er fyrir enda opinbera málsins eða rannsóknarinnar. Með sama hætti má fresta máli, ef annað einkamál hefir verið höfðað út af efni, er varðar verulegu um úrslit þess, eða það efni hefir verið réttilega lagt til úrlausnar stjórnarvalda, unz úrlausn þess efnis er fengin.

118. gr.

Ef sækjandi mætir ekki fyrir dómi, er mál hans skal þingfesta, er málatilbúnaður hans ónýtur. Ef sækjandi mætir ekki, er þing skal síðar heyja um mál hans, þá skal hefja það. Auk málskostnaðar til verjanda, ef hann hefir komið fyrir dóm, getur dómari úrskurðað sækjanda að greiða ferðakostnað sinn, ef því er að skipta.

Ef verjandi mætir ekki, þegar mál er þingfest, skal mál jafnan flytja skriflega og dæma það eftir kröfum sækjanda og málsútlistun, að því leyti, sem samrímanlegt er framkomnum skilríkjum, nema gallar séu á málatilbúnaði, er frávísun varða, eða sakarefni það má ekki sæta úrlausn dómsins. Nú sækir verjandi ekki þing síðar, er mál skal fyrir tekið, og skal það þá skriflega flutt, þótt

munnlegur málflutningur hafi verið ákveðinn. Að því leyti sem nauðsynlegt kann að vera til að hnekkja því, sem fram kann að hafa komið af hálfu verjanda, getur sækjandi þá fengið frest til að afla gagna eða flytja sókn. Dæma skal það mál eftir framkomnum kröfum, skilríkjum og sókn sækjanda og með tilliti til þess, sem fram kann að hafa komið af hálfu verjanda.

Nú er dómara kunnugt, að aðili mætir ekki vegna forfalla, og frestar dómari þá máli, enda tilkynnir hann þá aðiljum, hvar og hvenær það verði næst fyrir tekið til þingfestingar eða framhaldsaðgerða. Nú hefir aðili, sem ekki hefir mætt í máli sínu, annars haft forföll, og getur hann þá snúið sér til dómara með sönnun fyrir þeim og skriflegri beiðni um endurupptöku máls, enda sé ekki þegar kveðinn upp dómur í því. Tekur dómari þá mál upp af nýju frá því, er aðili mætti síðast í því, eða frá því, er það skyldi þingfesta, ef sækjandi hefir þá ekki mætt, og tilkynnir aðiljum stað og stund þinghaldsins.

Forföll í þessu sambandi teljast atvik þau, er í 9. gr. segir, þannig að þau taka til aðilja, ef hann fer sjálfur með mál sitt, en ella til umboðsmanns hans, enda hafi hvorugur átt þess kost að senda annan í stað sinn eða tilkynna dómara forföll sín með öðrum hætti.

Ákvæði greinar þessarar taka og til gagnsaka, meðalgöngusaka og einstakra aukadómsathafna, er í sambandi standa við aðalmálið, eftir því sem við á.

119. gr.

Hefja skal mál:

1. Ef verjandi leggur fram í dómi fulla greiðslu þess, sem hann er krafinn um í málinu, þar á meðal þess málskostnaðar, sem dómari ákveður.
2. Ef sækjandi mætir ekki samkvæmt 1. málsgrein 2. málsl. 118. gr.
3. Ef aðiljar verða á það sáttir.
4. Ef verjandi mætir ekki, en sækjandi krefst þess, að mál verði hafið.
5. Ef sækjandi krefst þess, enda þótt verjandi mótmæli því, ef hann hefir krafizt frávísunar, eða dómari hefir tjáð sækjanda samkvæmt 1. málsgr. 108. gr., að máli muni verða vísað frá dómi.

Dómari getur hafið mál:

1. Ef sækjandi greiðir ekki lögmælt gjöld samkvæmt kröfu dómara. Samsvarandi gildir um aukamál, svo sem vitnaleiðslur, eftir því sem við á.
2. Ef sækjandi hegðar sér svo ósæmilega fyrir dómi, að mál verður ekki sæmilega flutt.

Ákvörðun um hafningu máls sætir kæru samkvæmt 199. gr.

120. gr.

Nú verður dómari þess var eftir dómtöku máls, að verulega brestur á skýrleik í yfirlýsingum aðilja eða upplýsingar um málavöxtu að öðru leyti, og skal hann þá, ef bresturinn virðist stafa af því, að ákvæða 114. eða 115. gr. hefir ekki verið nægilega gætt, kveðja aðilja fyrir dóm og beina þeim spurningum til þeirra, er hann telur svars þurfa við, og ef því er að skipta, benda þeim á nauðsyn á öflun nýrra gagna. Ef aðili fellst á að afla nýrra gagna eða fresta er þörf til að útvega nýjar skýringar að öðru leyti, frestar dómari málinu í því skyni.

Að því loknu getur dómari veitt aðiljum kost á að sækja mál og verja af nýju.

Ef málsskjöl glatast í vörzlum dómara eftir dómtöku, kveður hann aðilja fyrir sig, ef nauðsyn þykir til, til þess að endurflytja mál, eftir því sem kostur verður.

X. KAFLI

Um sönnun og sönnunargögn.

121. gr.

Dómari sker úr því í dómi eða úrskurði, er kann að þurfa að kveða upp um einstök atriði, hvor aðilja skuli bera halla af skorti á sönnun fyrir staðhæfingu um málsatvik, sem nægilega er mótmælt og ekki er alkunnugt á þeim stað og tíma, um venjur, erlendar réttarreglur og annað, er sanna þarf.

122. gr.

Dómari sker úr því eftir mati á öllu því, sem fram hefir komið um atriði þau, er í 121. gr. segir, hvort staðhæfing um þau skuli talin rétt eða ekki, nema einstök fyrirmæli laga bindi hann sérstaklega um mat í þessum efnum.

123. gr.

Yfirlýsing aðilja, er felur í sér ráðstöfun á sakarefni, bindur hann eftir reglum um gildi loforða.

Skýrsla aðilja fyrir dómi um málsatvik, sem honum er kunnugt um af eigin raun og af fullum skilningi gefin, skal að jafnaði lögð til grundvallar um það atvik, ef hún er í aðalatriðum þeim aðilja óhagstæð, enda sé ekkert fram komið, er hnekki henni eða veiki hana verulega. Ef slík skýrsla er aðilja að sumu leyti í óhag, en að öðru leyti í hag, metur dómari það eftir atvikum hverju sinni, hvort hana skuli taka til greina að öllu, einhverju eða engu leyti. Sönnunargildi skýrslu aðilja utan réttar metur dómari með sama hætti.

124. gr.

Hverjum 15 ára gömlum manni, karli sem konu, sem hér á landi er og eigi er aðili máls eða fyrirsvarsmaður samkvæmt 7. málsgrein 115. gr., er skylt að koma fyrir dóm á varnarþingi sínu samkvæmt 73. gr., eða utan þess, ef ekki er yfir 70 kílómetra veg á landi að fara, eða 30 kílómetra á sjó, enda séu þá reglulega fastar og tíðar áætlunarferðir milli þingstaðar og heimilis vitnis, eða samanlagt 70 kílómetra leið á sjó og landi, og svara munnlega spurningum, sem til hans er beint um málsatvik, eftir beztu getu, og draga ekkert undan, sem hann getur frá skýrt þeim til skýringar, enda hafi honum verið löglega stefnt eða komi hann óstefndur fyrir dóm.

Nú má vitni ekki koma á þingstað vegna forfalla samkvæmt 9. gr., og má þá vitnaleiðsla fara fram annarsstaðar, þar sem kostur er að taka skýrslu af vitninu.

Ef þess er krafizt, getur dómari vitnamáls úrskurðað vitni skylt að hafa með sér og leggja fram eða sýna skjöl eða aðra hluti, eða athuga bækur sínar og skjöl eða aðra muni og gera útdrátt úr þeim til upplýsingar um málsatvik.

125. gr.

Rétt er vitni að skorast undan að gefa skýrslu að öllu leyti eða einhverju eða að staðfesta skýrslu sína:

1. Ef aðili er, eða hefir verið, maki þess, er unnusti þess eða unnusta, skyldur því að feðgatali eða niðja, stjúpforeldri eða stjúpbarn, tengdaforeldri eða tengdabarn, systkini þess, kjörforeldri eða kjörbarn. Sama undanþágurétt getur dómari veitt fóstúrforeldri og fósturbarni, eftir því hversu náið sambandið má telja hverju sinni.

   Undanþáguréttur samkvæmt framansögðu gildir þó ekki, ef óhjákvæmilegt reynist að leiða vitnið til skýringar málsatviki, er verulegu máli skiptir, og eigi hefir verið eftir eðli málsins unnt að tryggja sönnun fyrir því með öðrum hætti.
2. Ef svar við spurningu fyrirsjáanlega veldur vitni sjálfu eða venzlamönnum þess samkvæmt 1. tölul. verulegu fjárhagstjóni eða alvarlegu óhagræði eða siðferðislegum hnekki. Vitni er þó skylt að svara spurningu um hug þess til aðilja eða um hegðun sína undanfarið, að því leyti sem nauðsynlegt kann að vera að fá upplýsingar um slíkt vegna sönnunargildis vitnisburðar þess.

   Undanþáguréttur samkvæmt 1. og 2. tölulið gildir ekki:

   a. Ef vitni hefir verið vottur að samningagerð eða loforði samkvæmt tilkvaðningu viðkomanda, og er nú krafið skýrslu um þau efni.
   b. Ef vitni er krafið upplýsinga um fæðingu, hjúskap eða andlát áðurnefndra venzlamanna sinna, eða um athafnir sínar eða þeirra varðandi þau fjármál þeirra, er á venzlunum byggjast.
3. Ef spurning er óákveðin eða óljós eða svar við henni er sýnilega þýðingarlaust fyrir málið.
4. Embættis- og sýslunarmönnum er óskylt að koma fyrir dóm til að vitna um atvik, er gerzt hafa í embætti þeirra eða sýslun og upplýsa má með vottorði úr embættisbók eða öðru opinberu skjali.

Dómara ber að vekja athygli vitnis á undanþágurétti þess áður en yfirheyrsla hefst, eða um leið og spurningu á að leggja fyrir það, sem því kann að vera óskylt að svara.

126. gr.

Vitni er óheimilt, nema sá leyfi, sem með á, að svara spurningum um atriði:

1. Ef það hefir komizt að vitneskju um það í embætti sínu eða sýslan og það á vegna hagsmuna almennings eða ríkisins að fara leynt.
2. Ef það varðar öryggi ríkisins inn á við eða út á við eða utanríkismál, er leynt skal fara.
3. Ef embættismaður eða sýslunar hefir komizt að högum eða athöfnum einstakra manna í embætti sínu eða sýslan, og hann skal lögum samkvæmt eða eðli málsins varðveita þagnarskyldu um það.

4. Ef vitni hefir í þjónustu einstaklings, fyrirtækis eða stofnunar komizt samkvæmt stöðu sinni að leyndarmáli um kaupsýslu, uppgötvanir eða önnur slík verk vinnuveitanda síns.
5. Sá, er ber ábyrgð á innihaldi prentaðs rits eða blaðs að lögum, má ekki skýra frá því fyrir dómi, hver sé höfundur að riti, grein eða frásögn, sem í riti eða blaði hefir birzt, án þess að höfundur væri nægilega nafngreindur.

Ef hagsmunir ríkis eða almennings heimta það, skal vitni þó gefa skýrslu um atriði þau, er í 3.—5. tölul. greinir.

127. gr.

Bannað er að láta vitni staðfesta skýrslu sína fyrir dómi:

1. Ef það hefir ekki náð 15 ára aldri.
2. Ef því er svo vitsmuna vant, að það beri ekki skyn á helgi eða þýðingu staðfestingarinnar, að því er ætla má eða vitað er.
3. Ef það er undir opinberri rannsókn eða ákæru fyrir vísvitandi rangan framburð fyrir dómi, staðfestan eða óstaðfestan, eða hefir þolað refsidóm fyrir slík brot.

Dómari getur synjað að láta vitni staðfesta framburð sinn fyrir dómi:

1. Ef það hefir reynzt óstöðugt í framburði sínum eða er svo riðið við málið eða aðilja, eða málið skiptir að öðru leyti venzlamenn þess svo verulega sem í 2. tölul. 125. gr., sbr. 1. tölul., segir, að staðfestingu má telja varhugaverða.
2. Ef ráða má af undanfarinni hegðun þess, að það muni ekki virða helgi eða þýðingu staðfestingarinnar nægilega.

128. gr.

Þeim, sem undanþágu krefst samkvæmt 125. gr., ber við heimildarskorti eftir 126. gr. eða andmælir staðfestingu eftir 127. gr., ber að leiða sönnur að staðreyndum þeim, er máli skipta í því sambandi, nema þær séu alkunnar eða dómari sjái, að þær séu á rökum byggðar. Dómari getur og leyft vitni að staðfesta sögusögn sína um slíkar staðreyndir fyrir dómi, svo og þeim aðilja eða tilkvöddum þriðja manni, er heimildarbrest samkv. 126. gr. eða vanhæfi til staðfestingar samkvæmt 127. gr. staðhæfa.

Dómari vitnamáls úrskurðar þau atriði, er í 125.—128. gr. segir, og hvað annað, er varðar vitnamálið sjálft.

Yfirlýsing fyrir vitnadómara um, að úrskurður verði borinn undir æðra dóm, frestar framkvæmd úrskurðar.

Úrskurði verður einungis haggað með kæru samkvæmt 199. gr.

129. gr.

Dómari aðalmálsins metur öll atriði varðandi sönnunargildi vitnisburðar, og á hann í því sambandi að athuga alla aðstöðu vitnis til aðilja, hagsmuni vitnis eða venzlamanna þess af málsúrslitum, undanfarna hegðun vitnis, andlegan og líkamlegan þroska þess, áreiðanleik skynjana þess á málsatviki, minni þess, ástand þess og hegðun, þegar vitnaleiðsla fór fram, öruggleika þess og skýrleik í svörum, samræmi í frásögnum o. s. frv.

Nú gefa tvö eða fleiri óaðfinnanleg vitni samhljóða skýrslu í öllu verulegu um sömu staðreynd, er þau hafa samtímis skynjað, og skal þá að jafnaði telja fram koma fulla sönnun um þá staðreynd, enda komi ekkert fram í málinu, er verulega veiki skýrsluna.

130. gr.

Í stefnu til vitnis skal greina nöfn aðilja samkvæmt 88. gr. og nöfn vitna með sama hætti, stað og stund þinghalds, og kalla vitnið til að koma fyrir dóm, að viðlagðri lögmæltri refsingu, ef vitnaskyldunni verður ekki fullnægt.

Ekki þarf að stefna vitnum, er áður hafa gefið skýrslu í því máli, og ekki þarf heldur að stefna þriðja manni, þótt nafn hans kynni að verða nefnt í yfirheyrslu eða bókun.

Nú mætir vitni ekki, og getur dómari þá bókað í þingbók ákvörðun sína um, að það skuli koma fyrir dóm á ákveðnum stað og stundu, að viðlagðri refsingu lögum samkvæmt, og getur aðili síðan látið birta vitni eftirrit af slíkri ákvörðun í stað venjulegrar stefnu.

131. gr.

Ef vitni kemur fyrir dóm, en getur ekki fullnægt vitnaskyldu sinni sakir ástands síns þá, t. d. vegna ölvunar, geðshræringar o. s. frv., þá getur dómari frestað vitnaleiðslu að því leyti, svo og gert þær ráðstafanir til meðferðar á vitninu, sem kunna að vera nauðsynlegar eða heppilegar til tryggingar því, að það geti innt af hendi skyldu sína næst, er það verður kvatt til þess.

Nú fullnægir vitni ekki vitnaskyldu sinni, og varðar það hverju sinni 10—100 króna sektum til vitnastefnanda, ef hann krefst þess, eða allt að 6 mánaða fangelsi, ef brot er ítrekað í sama máli. Vitni getur kært refsiúrskurð út af fyrir sig eða í sambandi við úrskurð um vitnaskyldu sína samkvæmt 199. gr. Sá hluti refsingar, sem vitni hefir ekki tekið út, þegar það fullnægir vitnaskyldu sinni, fellur niður.

Nú sannar vitni, er úrskurðuð hefir verið refsing samkvæmt 2. málsgr., forföll sín eða upplýsir, að það hafi ekki fengið fullnægjandi vitneskju um kvaðningu þess fyrir dóm nægilega snemma, og fellir vitnadómari þá refsiúrskurð úr gildi. Ef vitni ber þessi atriði upp, er fullnægja skal refsiúrskurði, skal fresta því máli og bera athugasemdir vitnis undir vitnadómara, er úrskurðar svo, að vitni til kvöddu, hvort úrskurður skuli standa eða falla úr gildi. Þann úrskurð má kæra samkvæmt 199. gr.

132. gr.

Vitnamál er þingfest með framlagningu vitnastefnu eða, ef vitni mætir óstefnt, með kröfu um vitnaleiðslu og samþykki viðkomanda á henni, ásamt þar tilheyrandi bókun í þingbók.

133. gr.

Þegar vitni kemur fyrir dóm, skal dómari áminna það alvarlega um að svara spurningum eftir bezta vitund og gefa þær sannar og réttar upplýsingar um málsatvik að öðru leyti, er það getur, og tjáir hann því, að það skuli vera við því búið, að staðfesta skýrslu sína fyrir dómi með eiði eða drengskaparheiti.

Vitni skal, áður en yfirheyrsla um málsatvik hefst, skýra dómara frá nafni sínu, aldri, stöðu, heimili eða dvalarstað. Þá eða síðar skal vitni einnig skýra dómara frá öðru því, er honum kann að þykja ástæða til að spyrja það um varðandi hagi þess, og máli kann að skipta um vitnaskyldu þess, heimild til að vitna, hæfileika þess til að staðfesta framburð sinn og um sönnunargildi hans. Vitnastefnandi leggur venjulega í upphafi fram skriflegar spurningar til vitnis, en þegar þær eru afgreiddar, getur hann látið spyrja vitni um sérhvað annað, er máli skiptir eftir munnlegum eða skriflegum framhaldsspurningum. Vitnastefndur getur, bæði í sambandi við vitnaspurningar vitnastefnanda, eftir því sem dómara þykir hentugt, og síðar, hvort sem hann hefir stefnt vitni eða ekki, og hvort sem vitnastefnandi neytir réttar síns til að spyrja vitni eða ekki, látið spyrja það um allt það, er hann hyggur máli skipta.

Dómari leggur spurningar fyrir vitni, lagar þær til og skýrir eftir þörfum. Óákveðnar, tvíræðar, veiðandi, ósæmilegar eða sýnilega þýðingarlausar spurningar má ekki leggja fyrir vitni. Dómari getur einnig af sjálfsdáðum beint spurningum til vitnis um hvert það atriði, er hann telur þurfa frekari skýringar. Hann tekur við svörum vitnis, skýrir þau fyrir því og bókar þau, þannig að efni þeirra komi skýrt og rétt fram.

Dómari getur leyft aðiljum eða umboðsmönnum þeirra sjálfum að spyrja vitni, ef hentugt þykir, en stjórna skal hann þá vitnaleiðslu sem annars, að því leyti sem þörf ber til, enda getur hann hvenær sem er algerlega tekið hana í sínar hendur með venjulegum hætti.

Spyrja má aðeins eitt vitni í senn. Dómari skal, ef aðili óskar þess eða honum þykir það hentugt, láta önnur vitni fara út úr þingsalnum, meðan á yfirheyrslu hvers einstaks vitnis stendur.

Þegar yfirheyrslu tveggja eða fleiri vitna er lokið, en áður en staðfesting fer fram, getur dómari kvatt þau, tvö eða fleiri, vitni fyrir dóm saman, borið saman skýrslur þeirra, ef og að því leyti sem þær virðast ósamhljóða, vakið athygli vitnanna á ósamræminu og reynt að fá samræmi milli þeirra.

Ef spurning vitnis er svo löguð, að svar við henni varðar einkahagi vitnis eða annara, getur dómari látið vitni svara henni skriflega og bókað síðan svarið, enda sannfæri vitnið sig um, að svarið sé rétt bókað, án þess að það sé lesið upp fyrir því. Ákvörðun dómara eftir þessari málsgrein verður ekki skotið til æðra dóms.

134. gr.

Dómari les upp svör vitna við spurningum jafnskjótt sem þau hafa verið bókuð, eftir ósk viðkomenda eða eftir því, sem honum þykir hentugt. Þegar yfirheyrslu er lokið, les dómari, ef óskað er eða honum þykir þess þörf, með sama hætti upp bókanir á svörum vitnis í heild, enda skal gera þær leiðréttingar og viðauka við bókanir, sem dómari telur, að gefnu tilefni, þurfa til þess að framburður vitnis komi sem gleggst og réttast fram.

Aðili getur jafnan krafizt staðfestingar á vitnisburði, með þeim undantekningum, sem í 127. gr. segir. Áður en vitni staðfestir skýrslu sína, brýnir dómari fyrir því, eftir því sem við á, þýðingu og helgi staðfestingarinnar, bæði fyrir úrslit málsins og fyrir vitnið sjálft, bæði lagalega og siðferðislega.

Staðfesting fer fram með tvennum hætti:

1. Ef vitni er í viðurkenndu trúfélagi hér á landi og lýsir sig, að gefnu tilefni fyrir dómara, trúa á guð, þá skal það lyfta upp hægri hendi sinni og hafa upp eftir dómara þessi orð: Ég sver það og vitna til guðs míns, að ég hefi sagt satt eitt og ekkert undan dregið.
2. Ef ekki er svo ástatt um vitni sem í 1. tölul. segir, staðfestir það skýrslu sína með þeim hætti, að það lyftir upp hægri hendi sinni og hefir upp eftir dómara þessi orð: Ég lýsi því yfir og legg þar við drengskap minn og heiður, að ég hefi satt eitt sagt og ekkert undan dregið.

Eiður og drengskaparheit hafa í hvívetna sömu þýðingu að lögum.

135. gr.

Þá er vitni hefir innt vitnaskyldu sína af hendi, þar með talin árangurslaus þingsókn sakir fjarvistar aðilja frá dómi, skal dómari þegar í því þinghaldi ákveða vitni þóknun, ef það krefst þess, og skal þá ákvörðun bóka. Sá, er vitnaleiðslu hefir krafizt, greiðir einn þóknun um sinn, en ef báðir aðiljar hafa krafizt hennar eða báðir haft hennar not, getur dómari þó ákveðið greiðslu á hendur þeim, öðrum fyrir báða og báðum fyrir annan. Úrskurði um vitnaþóknun má fullnægja með aðför. Þóknun er kræf jafnskjótt sem úrskurður er upp kveðinn.

Vitni bera 50 aurar til 1 króna fyrir hverja klukkustund, er það missir af starfi vegna þingsóknar, þó ekki yfir 10 krónur um sólarhring, og endurgjald fyrir óhjákvæmilegan ferðakostnað og rannsókn eftir 124. gr., ef því er að skipta.

Úrskurði um vitnaþóknun verður aðeins haggað með kæru eftir 199. gr.

136. gr.

Skoðunar- og matsgerðir, lýsingar á hlutum og aðrar rannsóknargerðir eru hér eftir nefndar einu nafni matsgerðir eða mat og þar tilheyrandi athafnir að meta.

Dómari framkvæmir almennt sjálfur þær matsgerðir, sem aðeins útheimta almenna menntun eða lagaþekkingu, enda verði það, er meta skal, fært fram í dómi fyrir dómara aðalmálsins. Ef meta skal hlut í dómi, getur dómari kvatt þingvotta þar til, og látið þá staðfesta mat sitt þegar á staðnum.

137. gr.

Nú má matsgerð ekki fara fram samkvæmt 136. gr., og kveður dómari þá matsmenn, venjulega tvo, til að framkvæma hana.

Allar matsgerðir, sem dómari framkvæmir ekki sjálfur, fara fram áður en mál er endanlega tekið til dóms.

138. gr.

Ef opinber embættismaður eða sýslunar er eitt skipti fyrir öll skipaður til að framkvæma matsgerðir fyrir almenning í embættisnafni, getur aðili snúið sér beint til hans, ef honum er skylt að framkvæma matið eða hann er fús til

þess án dómkvaðningar, enda liggi það í verkahring hans. Annarskostar þarf dómkvaðningu.

139. gr.

Þann einn má dómkveðja til matsgerðar, sem að öllu leyti er óaðfinnanlegt vitni í því máli um það atriði, er meta skal, og hefir nauðsynlega kunnáttu til að inna starfann af hendi, eða þá kunnáttu, sem beztrar er kostur, eftir því sem á stendur. Enginn, sem kunnáttu-skilyrðinu fullnægir að skoðun matsdómara og skylt er að bera vitni um matsatriði, getur skorazt undan að taka við kvaðningu dómara til matsgerðar. Skylt er manni að framkvæma matsgerð utan þeirrar þinghár, sem hann á heimili eða dvalarstað í.

Dómari aðalmálsins getur nefnt matsmenn utan lögsagnarumdæmis síns, en rétt er honum, ef hentugra þykir, að biðja viðkomandi héraðsdómara að dómkveðja matsmann í sínu lögsagnarumdæmi, enda sendi hann honum bréflega beiðni um það með fullnægjandi greinargerð um, hvað meta skuli og hverjir aðiljar séu.

Matsdómari gerir aðiljum viðvart áður dómkvaðning fari fram, ef þess er þörf. Rétt er að kveðja matsmenn, ef annarhvor aðilja mætir. Ef aðiljar koma sér saman um matsmann, skal dómkveðja hann, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn.

Í kvaðningu skal skýrt greina, hvað meta skal og hvenær mati skuli lokið. En lengja má matsdómari frest, ef nauðsyn þykir. Svo skal taka fram í dómkvaðningu, að matsmenn skuli vinna verk sitt eftir beztu vitund og að þeir skuli semja skriflega skýrslu, er þeir megi vera búnir til að staðfesta fyrir dómi.

140. gr.

Matsbeiðandi tilkynnir matsmönnum dómkvaðningu, en þeir skulu, svo fljótt sem unnt er, tilkynna aðiljum eða umboðsmönnum þeirra, hvar og hvenær matsgerð skuli fara fram. Bæði aðiljum og dómara ber að veita matsmönnum leiðbeiningar eftir föngum um matsatriði. Matsmenn framkvæma starfa sinn allt að einu, þótt aðiljar hafi ekki mætt, nema upplýsingar vanti, sem þeir hefðu mátt veita.

Matsgerð skal fá þeim aðilja í hendur, sem hennar beiddist, eða öðrumhvorum aðilja, ef báðir hafa beiðzt hennar. Aðili getur krafizt staðfestingar á matsgerð fyrir matsdómara. Um staðfestingu fer eftir 130.—134. gr., eftir því sem við á.

Matsgerð eftir 138. gr. þarf þó ekki að staðfesta, nema dómari sjái sérstaka ástæðu til að leita nánari skýringa um matsatriði.

141. gr.

Ef matsmaður deyr, forfallast eða reynist óhæfur til starfans, nefnir dómari mann í stað hans. Ef matsmaður vanrækir starfann, má og nefna nýjan matsmann.

Nú vanrækir matsmaður starfann, og getur matsdómari þá, að þeim manni til kvöddum, úrskurðað honum, að viðlögðum dagsektum til matsbeiðanda, að

byrja á starfinu og lúka því innan ákveðins tíma. Ef miklar sakir eru, getur dómari og úrskurðað matsmanni allt að 6 mánaða fangelsi vegna vanrækslu hans. Ákvæði 131. gr. um afplánun refsingar eiga og við matsmenn, eftir því sem við á.

Matsmenn eiga heimtingu á endurgjaldi fyrir ferðakostnað með sama hætti sem vitni og fyrir verk sitt eftir reikningi, sem matsdómari úrskurðar, ef ágreiningur verður. Rétt er matsmönnum að krefjast tryggingar, sem matsdómari ákveður, ef með þarf, fyrir ferðakostnaði og verkkaupi, áður en þeir taka til starfa. Úrskurði um endurgjald og tryggingu má kæra eftir 199. gr., en ekki frestar sú kæra störfum matsmanna.

142. gr.

Matsgerð samkvæmt 138. gr. verður venjulega ekki hnekkt með yfirmati. Annarskostar getur aðili krafizt yfirmats, bæði áður en og eftir að staðfesting matsgerðar hefir farið fram. Yfirmatsmenn skulu venjulega vera tvöfalt fleiri en matsmenn. Um hæfileika þeirra, dómkvaðningu, framkvæmd starfans, staðfesting matsgerðar og annað fer eftir ákvæðum 139.—141. gr., eftir því sem við á. Ekki þarf að kveðja matsmenn til yfirmats eða staðfestingar þess.

143. gr.

Matsdómari úrskurðar öll atriði varðandi hæfileika og dómkvaðningu matsmanna og yfirmatsmanna og annað, sem snertir sjálft matsmálið, þar á meðal, hvort það hafi verið metið, er meta skyldi samkvæmt dómkvaðningu, ef úrlausn þess er nauðsynleg vegna kröfu um endurmat eða endurskoðun matsgerðar. Úrskurði, þar sem dómari synjar að nefna ákveðinn matsmann eða leysir hann frá starfanum, verður ekki skotið til æðra dóms. Öðrum úrskurðum matsdómara má skjóta þangað eftir ákvæðum 199. gr. Matsmál hvílir þá á meðan, að því leyti sem nauðsynlegt er.

144. gr.

Dómari aðalmálsins metur öll atriði, er varða sönnunargildi matsgerðar, þar á meðal, hvort metið hafi verið það, er meta skyldi, með hliðsjón af matsgerðunum sjálfum og öllum öðrum upplýsingum um sömu atriði, er fram kunna að hafa komið í málinu.

145. gr.

Nú skirskotar aðili til skjals, sem er í vörzlum sjálfs hans, og skal hann þá leggja skjalið fram, ef gagnaðili krefst þess eða dómari telur þess þörf, svo framarlega sem hann vill láta taka tillit til þess við dómsuppsögu í málinu.

Nú skorar aðili á gagnaðilja sinn að leggja fram skjal, sem er í vörzlum hans, og skal hann þá gera það, ef aðili á rétt á skjalinu eða til þess án tillits til málsins, eða ef innihald þess er slíkt, að gagnaðili skyldi bera vitni um það, ef hann væri vitni í því máli. Ef gagnaðili leggur skjalið ekki fram, getur dómari skýrt það svo, sem hann samþykki skýrslu áskoranda um efni þess. Sbr. þó 147. og 149. gr.

146. gr.

Nú er skjal í vörzlum þriðja manns, og getur þá aðili krafizt framlagningar þess, ef gagnaðili hans hefði átt að leggja það fram eftir 2. málsgr. 145. gr.

147. gr.

Sá, er krefst skjals samkvæmt 2. málsgr. 145. eða 146. gr., hefir sönnunarbyrði fyrir því, að skjalið sé til og að það sé í vörzlum þess, sem framlagningar er krafizt af. Áskoranda ber að leggja fram eftirrit af skjalinu, ef honum er þess kostur, en ella lýsa því eftir föngum (útgefanda, til hvers það var gefið út, útgáfustað og dag, efni þess o. s. frv.), og hvaða málsatvik á að upplýsa með því. Dómari getur, ef honum þykir sennilegt, að viðkomandi hafi skjalið í vörzlum sínum, heimilað honum að synja fyrir það með eiði eða drengskaparheiti samkvæmt 134. gr. 3. málsgr. þar fyrir dómi.

148. gr.

Ef aðili krefst skjals af þriðja manni, og sá lætur það ekki góðmótlega fram, þá getur aðili lagt fyrir dóm í aðalmálinu skýrslur þær og gögn, er í 147. gr. segir, ásamt skriflegri beiðni um það, að þriðji maður verði skyldaður með úrskurði dómarans til að leggja skjalið fram í dóm. Ef dómara virðist ekki útilokað, að skjalið kunni að hafa þýðingu fyrir málið, kveður hann aðilja báða og þriðja mann, sem ber að mæta, að viðlagðri refsingu eftir 2. málsgr. 131. gr., fyrir dóm, og veitir þeim kost á að gera athugasemdir sínar um framlagningu skjalsins. Að því loknu kveður dómari upp úrskurð, ef með þarf, um skyldu þriðja manns til að leggja skjalið fram, og getur skyldað hann til að gera það innan tiltekins tíma, að viðlögðum dagsektum til þess aðilja, er skjalsins krafðist. Úrskurði má og fullnægja beinlínis með fógetavaldi. Ákvæði 3. málsgr. 131. gr. eiga hér við, eftir því sem á stendur.

Nú á dómari aðalmálsins ekki lögsögu yfir þriðja manni, og skal hann þá senda þeim dómara, sem hana á, skjöl þau, er málið varða, með beiðni um, að sá dómari kveðji þriðja mann fyrir dóm sinn og úrskurði um skyldu hans í framangreinda átt. Um meðferð þess máls fer eftir 147. og 148., sbr. 149. gr.

149. gr.

Nú hefir skjal, sem skylt er að láta af hendi eða leggja fram eftir 145. eða 146. gr., að geyma atriði, sem viðkomanda er óskylt eða óleyfilegt að láta fram, og getur dómari þá úrskurðað, að skjalið verði lagt fram fyrir hann í trúnaði, og að annaðhvort verði undir umsjá hans og gegn fullkominni þagnarskyldu tekið eftirrit af því úr skjalinu, sem skylt er og heimilt að láta fram, eða, ef þess er ekki kostur, að tekin verði upp úr skjalinu með sama hætti skýrsla um þau atriði.

Nú er viðkomanda að vísu skylt samkvæmt 145. eða 146. gr. að láta fram skjal, en hann gerir sennilegt, að það baki honum tjón eða óhagræði að sleppa því úr vörzlum sínum, og getur dómari þá ákveðið, að tekin verði ljósmynd af skjalinu eða eftirrit af því, eftir því sem á stendur. Sama er, ef skjal er sérstaklega verðmætt fyrir viðkomanda eða sérstök hætta er á, að það glatist

eða spillist, ef hann sleppir því úr vörzlum sínum. Þegar svo stendur á, getur viðkomandi einnig gert það að skilyrði fyrir því, að hann láti skjal fram, að fullnægjandi trygging verði sett fyrir tjóni, er af því kynni að leiða, eða að skjalið verði geymt á tryggum stað, meðan dómari eða aðiljar þurfa að nota það, og að notkunin fari þannig fram, að fulltryggt sé, að skjalið hvorki glatist né skemmist.

Þeim skjölum, er í 2. málsgr. segir, skal dómari ávallt skila viðkomanda, þegar afnotunum er lokið. Ef mál fer fyrir æðra dóm, er viðkomanda skylt að láta uppi afnot skjals þar með sama hætti, þannig að ritari dómsins hefir þá umsjá með því, sem héraðsdómari hafði.

150. gr.

Nú glatar þriðji maður eða skýtur undan skjali, sem hann er úrskurðaður til að láta í té samkvæmt 146., sbr. 147.—149. gr., eftir að hann vissi eða hlaut að hafa grun um, að slík skylda yrði úrskurðuð á hendur honum, og varðar það sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru, enda liggi ekki þyngri refsing við að lögum.

151. gr.

Úrskurði um atriði þau, er í 145.—149. gr. segir, verður einungis haggað með kæru til æðra dóms eftir 199. gr. Ákvörðunum sínum samkvæmt 1. og 2. málsgrein 149. gr. getur dómari þó breytt sjálfur, ef atvik liggja til.

152. gr.

Um skyldu aðilja til að sýna eða leggja fram í dómi eða leyfa afnot af eða aðgang að öðrum sýnilegum sönnunargögnum en skjölum gilda reglurnar í 145.—151. gr., eftir því sem við á.

153. gr.

Opinber eru þau skjöl, sem embættis- eða sýslunarmenn gefa út í embættisnafni um það, er gerist í embætti þeirra eða sýslan.

Íslenzk opinber skjöl skal telja ófölsuð, ef þau samkvæmt formi sínu og efni stafa frá embættis- eða sýslunarmanni, þar til annað sannast, enda er viðkomandi embættis- eða sýslunarmanni þá skylt að bera vitni um það atriði.

Erlend opinber skjöl skulu og talin ófölsuð, ef sannað er með vottorði konsúls eða annars trúnaðarmanns íslenzka ríkisins í viðkomandi landi eða með öðrum fullnægjandi hætti, að sá, er skjalið hefir gefið út, hafi haft heimild til þess eftir þarlandslögum.

154. gr.

Einkaskjöl með eiginhandarnafni útgefanda undir textanum eða annarsstaðar, ef það er venju samkvæmt, teljast útgefin af honum, og með því innihaldi, er þau hafa að geyma, unz hið gagnstæða er sannað eða sennilegt gert, nema skjalið eftir útliti sínu eða efni eða annara hluta vegna veki grun um, að það sé falsað.

155. gr.

Ef dómara þykir ástæða til að ætla, að skjal kunni að vera falsað, rannsakar hann það atriði af sjálfsdáðum. Sönnunarbyrði fyrir falsleysi grunsams

skjals hvílir á þeim, er notfæra vill sér sönnunargildi þess, eða þess úr því, sem grunur leikur á, að falsað sé.

156. gr.

Dómari getur skyldað aðilja, sem neitar að hafa gefið út skjal. sem lagt er fram í máli, eða telur innihaldi þess ólöglega breytt, til að gefa fyrir dómi sýnishorn af rithönd sinni, með þeim hætti, er dómari ákveður. Ef hann innir ekki þá skyldu af hendi, verður venjulega ekki tekið tillit til andmæla hans gegn falsleysi skjalsins.

157. gr.

Nú tjáist skjal vera útgefið af þriðja manni, og getur þá dómari, ef það er grunsamt eftir formi sínu eða efni eða annara hluta vegna, eða ef falsleysi þess er andmælt, úrskurðað þriðja mann til að gefa fyrir dómi eða annarsstaðar sýnishorn af rithönd sinni, með þeim hætti, er dómari tiltekur, og að viðlagðri refsingu eftir 2., sbr. 3. málsgr. 131. gr., enda sé þriðja manni skylt og heimilt að bera vitni um það atriði.

158. gr.

Innihald opinbers skjals skal talið rétt, ef það varðar ákveðin atvik, er skjalið tjáir hafa gerzt í embætti eða sýslan útgefanda, þar til hið gagnstæða sannast eða er gert sennilegt. Sama er venjulega um mat, er skjalið inniheldur á atriðum, sem viðkomanda er falið að framkvæma í embætti sínu eða sýslan, enda hafi hann haft nægilega aðstöðu til að rannsaka þau atriði öll, er áreiðanleiki matsins er undir kominn.

Nú er opinberu skjali ætlað að veita fulla sönnun um einstakt atriði, er embættismaðurinn hefir ekki getað sjálfur sannreynt, og skal þá gert ráð fyrir því, að atriðið sé slíkt sem skjalið greinir, nema eitthvað sérstakt mæli því í gegn.

159. gr.

Dómari metur sönnunargildi einkaskjala með hliðsjón af öllum atvikum hverju sinni, svo sem því, hvort sá aðilja hefir gefið skjalið út, sem notar það, eða hinn, hvort það er gefið út í tilefni af málinu eða því óháð, hvort þá staðreynd, sem skjalið er um, er unnt að sanna með öðrum hætti, hversu sennilegt innihald þess er, eftir því sem á stendur, samband útgefenda við aðilja eða venzlamenn hans, afstaða útgefanda til málsins eða venzlamanna hans o. s. frv.

160. gr.

Nú er fengin nokkur, en þó ekki alveg fullnægjandi sönnun fyrir staðreynd, er málsúrslit velta á að öllu leyti eða einhverju, og getur þá dómari látið þau, svo sem við á, fara eftir því, hvort sá aðilja, er hann hverju sinni ákveður, vinnur eið eða drengskaparheit að því, að sú staðreynd hafi gerzt eða ekki gerzt.

161. gr.

Því aðeins má heimila aðilja að vinna eið eða drengskaparheit eftir 160. gr., að hann megi framkvæma þessar athafnir eftir 1. málsgr. 127. gr. eða upp-

hafi 1. töluliðs og 2. töluliðs 2. málsgr. sömu greinar, og að honum sé af sjálfs sín raun kunnugt um þá staðreynd, er eiður eða drengskaparheit varðar.

162. gr.

Nú er maður sóttur til að greiða skaða sakir meðferðar sinnar á búi eða óákveðnu safni eigna annars manns eða til að afhenda slíkar eignir, og getur þá dómari, ef víst má telja, að aðili hafi valdið gagnaðilja sínum tjóni, er bæta skal, eða hafi í vörzlum sínum eignir hans áðurnefndar, er honum ber að skila, heimilað öðrumhvorum aðilja að staðfesta samkvæmt 160. gr. staðhæfingu sína um upphæð bóta eða hlutafjöldann, hvorttveggja innan tiltekins hámarks eða lágmarks, eftir því sem við á.

Einnig getur dómari, ef aðili er sóttur til að svara fyrir athafnir annara manna, er í þjónustu hans hafa verið, eða fyrir skuldbindingar eða aðrar athafnir formanna sinna, látið málsúrslit velta á því, að aðili staðfesti, enda þótt hann sé ekki af eigin raun kunnugur staðreynd, með eiði eða drengskaparheiti, að hann sé þess sannfærður eftir vandlega athugun, að staðreyndin hafi gerzt eða ekki gerzt, eftir því sem við á.

163. gr.

Nú leggur aðili fram í máli skjal, er tjáist gefið út af gagnaðilja, en hann staðhæfir það falsað, og lætur dómari þá, ef aðili krefst þess, gagnaðilja hans heimilt að staðfesta samkvæmt 160. gr. staðhæfingu sína um skjalið, enda sé ekki fengin með öðrum hætti fullnægjandi sönnun um það atriði. Nú þykir dómara ekki fært að veita gagnaðilja heimild til staðfestingar samkvæmt framansögðu, og má hann þá heimila aðilja að staðfesta staðhæfingu sína um falsleysi skjalsins samkvæmt áðurnefndri grein.

Samsvarandi rétt hefir sá, er byggir kröfu sína á óaðfinnanlega haldinni verzlunarbók, er að öðru leyti fullnægir ákvæðum laga um verzlunarbækur, enda byggi gagnaðili ekki á samskonar verzlunarbók.

164. gr.

Dómari getur látið úrslit máls velta á eiði eða drengskaparheiti þriðja manns, er ekki hefir borið vitni um þá staðreynd, er í eiðstaf greinir, og verið hefir fyrirsvarsmaður eða starfsmaður aðilja um þá staðreynd, enda verði aðilja ekki veittur kostur á að vinna eið eða drengskaparheit um hana.

165. gr.

Ef aðiljar eru á það sáttir, að málsúrslit velti á eiði annars þeirra eða drengskaparheiti um tiltekna staðreynd, getur dómari þegar er málflutningi er lokið orðað eiðstaf og tekið við eiði eða drengskaparheiti fyrir dómi, ef báðir aðiljar vilja. Verður þá dómur kveðinn upp í samræmi við staðfestinguna. Annarskostar ákveður dómari það í dómi sínum, hvort eða að hve miklu leyti málalok skuli fara eftir eiði eða drengskaparheiti annars aðilja um ákveðna staðreynd. Skal ákveða hana svo glöggt í dómi, að ekki verði um villzt, og í niðurlagi dóms skal orða það glöggt og samandregið, hvað aðili eigi að synja fyrir eða stað-

festa með eiði sínum eða drengskaparheiti, enda sé tiltekið, hver skuli verða málalok, ef staðfesting fer fram, og ef hún fer ekki fram. Í dómi skal og ákveða frest til staðfestingar, og telst frestur frá birtingu dóms fyrir þeim, sem heimild er veitt, og til þessarar athafnar, nema hann sé viðstaddur dómsuppsögn, en nægilegt er, að eiðstefna sé tekin út eða birt, ef utanréttarstefna er, áður en frestur er liðinn, enda sé stefnufrestur ekki óhæfilega langur.

166. gr.

Í eiðstefnu skal greina nöfn aðilja samkvæmt 88. gr., dagsetningu dóms og niðurlagsorð orðrétt, stað og stund til þinghalds, stefnufrest og kröfu eiðstefnanda um, að hann fái að vinna eið eða drengskaparheit samkvæmt dóminum.

Þingfesting eiðsmáls fer með samsvarandi hætti og þingfesting aðalmálsins.

Eiðsmál má reka á varnarþingi aðalmálsins, á varnarþingi eiðstefnanda samkv. 73. gr. eða eiðstefnds samkvæmt sömu grein, allt eftir vali eiðstefnanda.

167. gr.

Nú hefir eiðstefndur tekið út löglega stefnu til áfrýjunar eiðsdómi, honum til breytingar, enda sé áfrýjunarfrestur ekki liðinn, og leggur hana fyrir eiðsdómarann, og skal eiðsmáli þá frestað, þar til meðferð málsins í æðra dómi er lokið. Ef eiðsheimild er staðfest í æðra dómi eða máli lýkur þar án dóms um það atriði, skal eiðsdómari, svo fljótt sem unnt er og eftir kröfu eiðstefnanda, kveðja aðilja á dómþing til að framhalda eiðsmálinu. Ef eiðsheimild er niður felld í æðra dómi, fellur eiðsmálið niður.

Nú hefir eiðstefndur ekki lagt áfrýjunarstefnu fram samkvæmt 1. málsgr., en áfrýjunarfrestur er ekki liðinn, og getur eiðstefndur þá fengið eiðsmáli frestað, ef hann lætur bóka yfirlýsingu sína um, að hann ætli að áfrýja eiðsdómi til breytinga. Taka skal hann þá út áfrýjunarstefnu innan 3 vikna þar frá, enda skal eiðsdómari að þeim fresti liðnum og eftir kröfu eiðstefnanda kveðja aðilja til þings til að framhalda eiðsmálinu, nema honum hafi verið sýnt vottorð æðra dóms um útgáfu áfrýjunarstefnu áður en nefndur 3 vikna frestur var liðinn. Áfrýjunarstefna, síðar útgefin, eða yfirlýsing um áfrýjun fresta ekki eiðsmáli, nema eiðsdómara sé sannað, að lögleg forföll eða óviðráðanleg atvik hafi hamlað.

Nú lýkst eiðsmál ekki, og getur eiðstefnandi þá tekið út eiðstefnu af nýju, enda þótt eiðsfrestur sé liðinn, ef hann gerir það innan 3 vikna frá því að eiðsmálið var síðast fyrir dómi, enda sé stefnufrestur ekki óhæfilega langur.

168. gr.

Dómari eiðsmáls skal leiðbeina aðiljum eftir því sem þörf gerist. Hann skal skýra eiðstaf fyrir þeim og gæta þess, að eiður eða drengskaparheit sé unnið að öllu leyti samkvæmt eiðsdómi. Áður en staðfesting fer fram, skal hann brýna alvarlega fyrir aðilja þýðing eiðs eða drengskaparheits og helgi, og leiða honum fyrir sjónir bæði þá lagalegu og siðferðislegu ábyrgð, sem vísvitandi eða gálauslega röng eiðvinning eða heitvinning hefir í för með sér.

Dómari lætur aðilja hafa upp eftir sér þau orð, er viðkomandi staðreynd

varða, að viðhöfðum þeim formála, er í 1. eða 2. tölulið 3. málsgr. 134. gr. segir, eftir því hversu ástatt er um trúmálaafstöðu hans.

169. gr.

Dómari eiðsmáls úrskurðar öll atriði varðandi formshlið eða efni eiðsmáls á grundvelli eiðsdómsins. Úrskurðum hans um þau efni verður einungis haggað með kæru til æðra dóms eftir ákvæðum 199. gr., enda hvílir eiðsmálið á meðan.

170. gr.

Nú deyr sá aðili, sem heimilað var að vinna eið eða drengskaparheit, eða er úrskurðaður óhæfur til þeirra athafna, og getur þá sá aðili, er hag hefði haft af staðfestingunni, snúið sér til dómara aðalmálsins með skriflegri beiðni um endurupptöku þess, ásamt sönnun fyrir láti aðilja eða óhæfi hans til eið- eða heitvinningar. Dómari skal þá kveðja aðilja eða eftirmenn þeirra til þings á varnarþingi aðalmálsins og úrskurða, eftir að þeir hafa átt kost á að tala máli sínu, hvort mál skuli tekið upp af nýju. Úrskurð þann má kæra til æðra dóms eftir 199. gr., enda hvílir málið á meðan.

Nú er endurupptaka samkvæmt 1. málsgrein ákveðin, og fellir dómari þá, með eða án nýrra gagna, dóminn úr gildi og kveður upp nýjan dóm, þar sem fullt tillit sé tekið til hins breytta ástands og nýrra upplýsinga, sem fram kunna að koma að öðru leyti.

XI. KAFLI

Um gjafsókn.

171. gr.

Orðið gjafsókn nær í kafla þessum bæði til gjafsóknar og gjafvarnar.

Dómsmálaráðuneytið veitir gjafsókn.

Athuga skal málstað umsækjanda eftir föngum áður en gjafsókn er veitt.

Í gjafsóknarbréfi skal taka fram, í hvaða máli og fyrir hvaða dómi gjafsókn sé veitt.

Gjafsókn nær bæði til aðalmálsins og aukamála í sambandi við það, svo sem vitnamála, matsmála, eiðsmála, svo og til lögbanns, kyrrsetningar og aðfarargerða til tryggingar dómkröfum þess, nema takmarkanir séu gerðar í gjafsóknarbréfi.

172. gr.

Gjafsókn má veita, auk þess, sem sérstaklega kann að vera ákveðið í lögum:

1. Kirkjum, skólum, sjúkrahúsum, sem rekin eru á kostnað hins opinbera, hreppsfélögum, bæjarfélögum og stofnunum, sem hafa að markmiði umönnun sjúkra og aðra mannúðar- og líknarstarfsemi.
2. Einstökum mönnum, sem eru svo illa stæðir fjárhagslega, að þeir mega ekki án þess fjár vera frá framfærslu sinni eða sinna eða frá atvinnurekstri sínum, er fara mundi til málsins. Með beiðni um gjafsókn fylgi vottorð formanns niðurjöfnunarnefndar um fjárhag og ástæður umsækjanda.

Annars ríkis borgurum má því aðeins gjafsókn veita, að samskonar hlunnindi séu veitt íslenzkum ríkisborgurum í þeirra landi.

173. gr.

Gjafsóknarhafi fær þessi hlunnindi:

1. Hann er undanþeginn greiðslu allra réttargjalda fyrir dómsathafnir þær, sem gjafsókn nær til.
2. Hann fær ókeypis eftirrit allra þeirra skjala, þar á meðal ágrip dómsgerða, er embættis- eða sýslunarmenn afgreiða til afnota við áðurnefndar dómsathafnir.
3. Honum er skipaður talsmaður, nema þess þyki engin þörf, og ríkissjóður greiðir talsmanni ferðakostnað og þóknun fyrir málflutning eftir ákvörðun dómara, er fyrir dómsathöfn þeirri stendur, sem gjafsókn nær til.
4. Ríkissjóður greiðir fyrir hann gjöld fyrir allar birtingar og tilkynningar, er mál hans útheimtir eða dómsathafnir í sambandi við það, þóknun til þingvotta, vitna, mats- og skoðunarmanna og önnur slík gjöld.

174. gr.

Svipta má mann gjafsókn, ef í ljós kemur, að hún hefir verið ófyrirsynju veitt, eða hagur hans breytist svo, að honum er hennar ekki lengur þörf.

Gjafsókn skiptir engu máli um skyldu gjafsóknarhafa til greiðslu málskostnaðar til gagnaðilja síns, né um skyldu hans til að greiða kostnað af málinu. Nú er gagnaðili dæmdur til að greiða málskostnað, og skal þá ákveða í dómi, hversu mikill hluti þess málskostnaðar skuli renna til gjafsóknarhafa, eftir því, hvern kostnað hann kann að hafa sjálfur haft af málinu, og hversu mikill hluti málskostnaðarins skuli renna í ríkissjóð.

XII. KAFLI

Um málskostnað.

175. gr.

Til málskostnaðar telst:

1. Sáttakostnaður.
2. Gjöld fyrir eftirrit og ágrip dómsgerða.
3. Réttargjöld í ríkissjóð.
4. Óhjákvæmilegur ferðakostnaður dómara, aðilja og umboðsmanna þeirra.
5. Þóknun matsmanns, vitna og rannsóknarmanna.
6. Þingvottagjöld og greiðslur fyrir birtingar stefna og annara tilkynninga.
7. Kostnaður af flutningi málsins beinlínis, hæfilega metinn eða eftir samningi aðilja.
8. Annar kostnaður, er kann að stafa beinlínis af málinu.

Málskostnaður verður því aðeins dæmdur, að aðili krefjist þess.

176. gr.

Sá, er krefst dómsathafnar, greiðir kostnað af henni um sinn. Nú lætur dómari fara fram af sjálfsdáðum birtingar eða tilkynningar eða dómsathafnir lögum þessum samkvæmt, og skal sá kostnaður lagður út úr ríkissjóði í bili. Dómari ákveður síðan, hvort annar aðili, einn eða báðir, skuli greiða, og í hvaða hlutföllum.

177. gr.

Sá, er tapar máli í öllu verulegu, skal dæmdur til að greiða gagnaðilja sínum málskostnað.

Ennfremur skal aðili dæmdur til að greiða gagnaðilja sínum málskostnað, hvernig sem málsúrslit verða:

1. Ef hann hefir höfðað mál að þarflausu.
2. Ef hann hefir brotið sáttalöggjöfina samkvæmt 12. gr.
3. Ef hann hefir dregið mál að mun lengur en þörf var á, haft uppi vísvitandi rangar kröfur eða borið fram vísvitandi rangar skýrslur um málsatvik.
4. Ef hann hefir gert ráðstafanir eða látið fara fram dómsathöfn, sem sýnilega var þarflaus eða þýðingarlaus, þá getur gagnaðili krafizt af honum greiðslu þess kostnaðar, sem hann hefir haft af slíkri ráðstöfun eða dómsathöfn.

178. gr.

Nú vinnur maður mál að nokkru, en tapar því að nokkru, eða veruleg vafaatriði eru í máli, og getur dómari þá skipt málskostnaði milli aðilja eða látið hann falla niður með öllu.

179. gr.

Nú skulu málsúrslit velta á eiði eða drengskaparheiti aðilja, og skal þá sá venjulega greiða málskostnað, sem tapar vegna þess, að eiður eða heit verður unnið eða verður ekki unnið.

Nú eru sumar kröfur taldar fullsannaðar, en sumar verða látnar koma undir eiði eða drengskaparheiti aðilja, og er þá rétt að dæma þann, er tapar að því leyti, til að greiða nokkurn hluta málskostnaðar, en láta hinn fara eftir 1. málsgr.

180. gr.

Nú er máli vísað frá dómi eða það er hafið, og skal þá sækjandi greiða málskostnað.

Ef sækjandi þingfestir ekki mál sitt, þá skal hann greiða stefndum ómaksbætur. Samsvarandi gildir um aukamál í sambandi við aðalmál, sjálfstæð vitna- og matsmál o. s. frv. Í eiðsmáli getur eiðsdómari með sama hætti dæmt eiðstefndum ómaksbætur.

181. gr.

Nú hefir maður höfðað gagnsök til sjálfstæðs dóms, og skal þá fara um málskostnað sem áður segir um aðalsök.

Meðalgöngumann má dæma til greiðslu þess kostnaðar, sem hann bakar aðiljum, samkvæmt 177.—180. gr.

Ef fleiri eru sakaraðiljar eða samaðiljar, skal að jafnaði dæma þá til greiðslu málskostnaðar in solidum, ef þess er krafizt, en ella hvern (hvorn) til greiðslu tiltekins hluta í krónutali.

Ef fleirum aðiljum eða samaðiljum skal dæma málskostnað, skal dæma þeim hann báðum eða öllum í einni heild, nema sérstaklega hafi verið krafizt skiptingar á honum milli þeirra.

182. gr.

Nú gerir umboðsmaður aðilja sig sekan í ávirðingum þeim, sem í 3. eða 4. tölulið 177. gr. segir, og má þá dæma hann út af fyrir sig eða með umbjóðanda til að greiða kostnað þann, er þær hafa valdið gagnaðilja, enda hafi sá, er slíka kröfu gerir, gert viðkomandi viðvart um hana í tíma, svo að hann megi vörnum við koma, ef hann vill.

183. gr.

Nú höfðar maður erlendis búsettur mál fyrir íslenzkum dómi, og getur þá stefndur gert þá kröfu á þingfestingardegi, að stefnandi setji þá tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar innan ákveðins tíma, sem dómari tiltekur. Ef hann gerir það ekki, skal vísa máli frá dómi.

Ef menn búsettir á Íslandi eru undanþegnir því að setja samskonar tryggingu í landi stefnanda, skal hann einnig vera undanþeginn því hér á landi.

184. gr.

Rétt er aðilja að leggja fram í máli sundurliðaðan reikning yfir kostnað sinn, og skal þá að jafnaði dæma honum þann kostnað, sem hann hefir haft af málinu.

185. gr.

Dómari kveður í dómi aðalmálsins á um greiðslu þess kostnaðar, sem á er fallinn, þegar dómur er upp kveðinn, og tiltekur upphæð hans, hvernig sem um hann kann að hafa verið samið. Kostnað, er síðar fellur á, má leggja undir úrskurð fógeta.

Þegar svo stendur á sem í 4. tölul. 177. gr. segir, sbr. 182. gr., getur aðili krafizt sérstaklega ákvörðunar á málskostnaði, er gagnaðili hans eða umboðsmaður hans skal greiða. Samsvarandi gildir, ef stefndi þingfestir ekki mál sitt, þar á meðal mats-, vitna- og eiðsmál.

Fógeta-, skipta- og uppboðsréttur geta metið aðilja málskostnað fyrir þeim dómum með aðfararhæfum úrskurðum.

186. gr.

Ákvörðunum um málskostnað samkvæmt 182., 183. og 2. og 3. málsgr. 185. gr. geta viðkomendur kært til æðra dóms eftir ákvæðum 199. gr. Ákvörðun um málskostnað samkvæmt 185. gr. 1. málsgr. má og kæra eftir 199. gr. sérstaklega, enda þótt viðkomandi vilji una við ákvörðun dómara um aðalmálið.

XIII. KAFLI

Um réttarfarssektir.

187. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum getur dómari dæmt af sjálfsdáðum, þegar skilyrði til sektardóms eru fyrir hendi.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið.

188. gr.

Aðilja skal dæma í sekt:

1. Fyrir brot á sáttalöggjöfinni samkvæmt 12. gr., 10—100 krónur.
2. Fyrir þersýnilega tilefnislausa málshöfðun, 20—200 krónur.
3. Fyrir þarflausan drátt á máli, 10—200 krónur.
4. Fyrir að gera vísvitandi rangar kröfur eða flytja fram vísvitandi rangar staðhæfingar til sóknar eða varnar, 20—500 krónur.
5. Fyrir ósæmileg ummæli, skrifleg eða munnleg, fyrir dómi, um dómara, gagnaðilja eða umboðsmann hans, eða aðra menn eða í öðru sambandi, 20—200 krónur.

Málflutningsumboðsmann, sem sekur verður um brot þau, sem í 3.—5. tölul. segir, skal dæma í sekt, einan sér eða ásamt umbjóðanda sínum, eftir því sem á stendur, samkvæmt áðurnefndum töluliðum.

Þá menn aðra, er skýrslu gefa fyrir dómi, skal sekta eftir 5. tölulið 1. málsgreinar.

Sá, sem annars kemur hneykslanlega eða ósæmilega fram fyrir dómi, sbr. 39. gr., skal sekta um 5—200 krónur.

Ef refsing liggur þar að auki við áðurnefndum brotum eftir öðrum lögum, má koma henni fram í sérstöku máli án tillits til ákvörðunar um réttarfarssektina.

Ákvæði greinar þessarar taka einnig til aukamála í sambandi við aðalmál, svo og sjálfstæðra dómsathafna, sem ekki standa í slíku sambandi við neitt dómsmál, og til fógeta-, skipta- og uppboðsgerða, eftir því sem við á.

189. gr.

Sektir á hendur aðilja eða umboðsmanni hans, er þeir vinna til fyrir framferði sitt í aðalmálinu, skal ákveða í dómi þess, eða ef það verður hafið eða fellur annars niður, þá um leið og sú ákvörðun er tekin. Samsvarandi gildir um sekt á hendur þessum aðiljum í aukamálum við dómsmál, sem sjálfstætt eru rekin, og málum þeim, er í síðustu málsgrein 185. gr. segir. Sektir annars skulu að jafnaði ákveðnar jafnskjótt sem brot er framið fyrir dómi.

Ákvörðun dómara um réttarfarssekt má jafnan kæra til æðra dóms eftir ákvæðum 199. gr. Sú kæra frestar ekki máli.

XIV. KAFLI

Um dóma og úrskurði.

190. gr.

Úrskurði alla um einstök atriði máls, eða aukamála í sambandi við það, er ráða þarf til lykta allt til dómtöku þess, skal kveða upp þegar í stað eða svo fljótt sem unnt er eftir að atriði er tekið til úrskurðar.

Úrskurður skal vera byggður á forsendum, eftir því sem við á. Þar skal greina aðilja, málið, sem úrskurður á við, og helztu málsástæður, svo og niðurstöðu dómarans.

Í sjálfstæðum vitna- og matsmálum, svo og í skipta-, fógeta- og uppboðsmálum gilda ákvæði 1. og 2. málsgr., eftir því sem við á.

191. gr.

Í munnlega fluttum málum skal venjulega kveða upp dóm áður en annað mál er tekið til munnlegs flutnings, og jafnan svo fljótt sem við verður komið.

Í skriflega fluttum málum skal kveða upp dóm svo fljótt sem kostur er á, og ekki síðar en 2 vikum eftir dómtöku.

Ef ekki er kostur að kveða upp dóm eða úrskurð svo fljótt sem sagt hefir verið, ber dómara að greina nákvæmlega orsakir til þess, svo sem að aðrar tilteknar embættisathafnir, sem ekki þoldu bið, hafi valdið drætti, veikindi, ef mál er sérstaklega umfangsmikið, vandasamt o. s. frv.

192. gr.

Nú er dómur fjölskipaður og mál munnlega flutt, og skulu þá allir dómendur hafa heyrt flutning þess. Ef þeir mega ekki allir taka þátt í uppsögu dóms, skal dómara nefna í stað þess eða þeirra, sem við hefir misst, og endurtaka munnlegan flutning málsins. Afl atkvæða skal ráða úrslitum um hvert atriði. Nú verður dómari í minni hluta um eitthvert atriði, og skal hann þá allt að einu taka þátt í ályktun um önnur atriði, er síðar skal til lykta ráða. Formaður dóms stýrir atkvæðagreiðslu og sér um samningu dóms. Allir skulu dómendur sitja dómþing, þegar dómur er upp kveðinn, og undirrita hann.

193. gr.

Í dómi skal greina nöfn, heimili og stöðu aðilja svo skýrt, að ekki verði um villzt, númer málsins, þing og stað og stund, er hann er uppkveðinn, hvenær málið var tekið til dóms, nafn eða nöfn dómenda, ef fleiri eru, kröfur aðilja, málsatvik og málsástæður þær, er máli þykja skipta, hvað sannað sé eða ómótmælt, hugleiðingar dómstólsins og niðurstöðu, réttarfarssektir, ef því er að skipta, ákvörðun um málskostnað og annað, er taka þarf fram, eftir því sem á stendur. Í dómsniðurlag skal, eins og tízka hefir verið, draga saman aðalniðurstöðu dómarans, að því leyti sem henni kann að þurfa að fullnægja með aðför, svo og ef hann hefir sýknað aðilja að einhverju leyti eða öllu eða vísað máli frá eða einhverjum hluta þess, um réttarfarssektir, um málsúrslit sam-

kvæmt eiði eða drengskaparheiti, innan hvaða tíma dómi skuli fullnægja o. s. frv.

Dæma má menn að viðlögðum dag- eða vikusektum til aðilja til að vinna verk, annað en peningagreiðslu, þar á meðal til að skila hlut af hendi, ef það þykir hentug aðferð til að knýja aðilja til að fullnægja dómi. Krafa til óinnheimtra sekta fellur niður jafnskjótt sem dæmdur fullnægir dómi, eða sannar eða gerir sennilegt, að honum sé ómögulegt að gera það. Getur aðili fengið mál tekið upp aftur fyrir þeim dómi, er dæmdi það, og dómi breytt, allt eftir ákvæðum 170. gr., svo sem við á. Yfirlýsing um kröfu um endurupptöku máls frestar aðför til innheimtu sekta, enda sé krafa um endurupptökuna komin til dómara innan viku eftir að yfirlýsingin kom fram fyrir fógeta.

Í dómum, þar sem aðilja er bönnuð athöfn eða hann er skyldaður til að þola athöfn eða ástand, getur dómari tiltekið frest, ef það þykir nauðsynlegt eða sanngjarnt, til þess að hann megi koma svo högum sínum, að fullnusta dómsins baki honum sem minnst tjón eða óhagræði.

Dómar og úrskurðir skulu vera svo glöggir og skýrir sem kostur er á. Má ekki skírskota til sannana eða atvika, er síðar kynnu að koma fram, nema að því leyti sem málsúrslit eiga að velta á eiði eða drengskaparheiti.

Fullnægja má dómi eða úrskurði samkvæmt efni sínu með aðför, þótt þess sé ekki sérstaklega getið.

194. gr.

Dómari tilkynnir aðiljum eða umboðsmönnum þeirra, hvar og hvenær dómur eða úrskurður verði upp kveðinn, með þeim fyrirvara og þeim hætti, er honum þykir hlýða hverju sinni.

Niðurlag dóms eða úrskurðar skal lesa upp á dómþingi í heyranda hljóði.

Ef aðili hefir ekki verið við dómsuppsögu staddur, skal sá, er byggja vill rétt á dóminum eða vill láta fresti samkv. honum byrja að líða, birta hann með sama hætti sem stefnu.

Gagnvart þeim aðilja, sem við er staddur dómsuppsögu, hefst eiðsfrestur og aðfararfrestur frá þeim degi, en annars frá birtingardegi. Geta skal þess í þingbók, hvort aðili hafi verið viðstaddur dómsuppsögu eða úrskurðar, svo og í eftirriti af dómsathöfnum þessum.

195. gr.

Dómur er bindandi um úrslit sakarefnis milli aðilja og þeirra, sem að lögum koma í stað þeirra, um þær kröfur, er þar eru dæmdar að efni til.

Dómur er bindandi fyrir dómara, er hann hefir verið upp kveðinn samkvæmt 2. málsgr. 194. gr. Þó getur dómari, bæði af sjálfsdáðum og eftir kröfu aðilja, leiðrétt ritvillur, reikningsskekkjur, nafnskekkjur og aðrar bersýnilegar skekkjur í dómi, en kveðja skal hann þá aðilja eða málflytjendur þeirra fyrir sig, nema um bersýnilegar ritvillur sé að ræða, og benda þeim á leiðréttingarnar og bóka glöggt, hvað leiðrétt hafi verið. Eftirrit, sem út kunna að hafa verið gefin af dómi eða úrskurði, skal afhenda dómara um leið til leiðréttingar, en frestir teljast frá uppkvaðningu samkvæmt 3. og 4. málsgrein 194. gr.

196. gr.

Dómur hefir fullt sönnunargildi um þau málsatvik, er í honum greinir, þar til hið gagnstæða er sannað.

Krafa, sem dæmd er að efni til, verður ekki borin undir sama eða hliðsettan dómstól af nýju, framar en í lögum þessum segir. Nýju máli um slíka kröfu skal vísa frá dómi.

XV. KAFLI

Um málskot.

197. gr.

Dómsathöfnum þeim, sem ekki sæta kæru til æðra dóms, samkvæmt 198., sbr. 199. gr., má áfrýja innan 3 mánaða frá dómsuppsögn eða lokum dómsathafnar. Haldast skulu þó ákvæði 96. gr. skiptalaga 12. apríl 1878, lögtakslaga 16. des. 1885, 11. gr., og 8. gr. laga nr. 35 2. nóv. 1914.

Áfrýjunarleyfi í málum þeim, er í 1. málslið 1. málsgr. segir, getur dómsmálaráðuneytið þó veitt, þótt áfrýjunarfrestur sé liðinn, næstu 6 almanaksmánuði. Ennfremur má veita slíkt leyfi næstu 2 ár frá áðurnefndum tíma, ef aðilja hefir ekki verið unnt að áfrýja fyrr, enda verði honum sjálfum ekki um það kennt.

198. gr.

Kæru til æðra dóms sæta:

1. Dómsathafnir þær, er í lögum þessum greinir.
2. Úrskurðir í sjálfstæðum mats-, vitna- og eiðsmálum, svo og þau mál sjálf.
3. Úrskurðir skiptaréttar, þar á meðal úrskurðir í sambandi við nauðasamninga, nema úrskurðir um:
   a. Töku bús til gjaldþrotaskipta, meðan skuldunautur lifir.
   b. Réttmæti kröfu til greiðslu eða eigna í bú og sæti kröfu í kröfuflokki.
   c. Hvaða eignir draga skuli undir skipti.
   d. Riftingu ráðstafana, að svo miklu leyti sem þau atriði kunna að koma undir úrlausn skiptaréttar.
   e. Skiptagerðin sjálf.
4. Úrskurðir fógetaréttar, nema:
   a. Um það, hvort fógetagerð skuli yfir höfuð fara fram eða ekki.
   b. Til hvaða verðmæta hún skuli ná.
   c. Fógetagerðin sjálf.
5. Úrskurðir uppboðsréttar, nema:
   a. Um það, hvort uppboð skuli yfir höfuð fara fram eða ekki.
   b. Hvaða verðmæti skuli selja.
   c. Uppboðsgerðin sjálf.
   d. Hverjir skuli fá uppboðsandvirði greitt og hversu mikið hver.
   e. Útgáfa uppboðsafsals á fasteign eða skipi.

199. gr.

Sá, er kæra vill dómsathöfn, segir dómara til þess innan viku samkv. 3. og 4. málsgrein 194. gr., eða frá lokum dómsathafnar þeirrar, er kæra skal, bréflega eða með bókun í þingbók. Gerir kærandi kröfu sína í beiðni eða bókun og skýrir þær nánar, ef hann vill, enda mega ný gögn og ný atvik eða málsástæður koma fyrir æðra dóm. Með beiðni leggur kærandi 30 krónur í dómgjöld fyrir æðra dómi, og sendir dómari vottorð um þá greiðslu með skjölum málsins. Því næst skal dómari gefa út þegar í stað eftirrit í þrennu lagi af öllu því, sem skjöl málsins og þingbækur greina um kæruefnið. Jafnframt getur hann, ef hann vill, látið fylgja hverju eintaki athugasemdir sínar. Síðan sendir dómari eitt eintakið til æðra dóms og aðiljum eða umboðsmanni þeirra sitt eintakið hvorum. Innan viku eftir að skjölin komu til æðra dóms geta aðiljar sent honum athugasemdir sínar, og getur hann þá þegar lokið dómsorði á kæruatriði. Jafnan skal þó athuga skjöl þau, er aðiljar senda, svo framarlega sem málinu er þá ekki lokið í æðra dómi.

Nú virðist héraðsdómara kæra á engum rökum byggð, og getur hann þá ákveðið, að kærandi skuli, ef gagnaðili krefst þess, setja tryggingu fyrir tjóni eða óhagræði, er kæran kann að baka gagnaðilja, svo framarlega sem hún veldur frestun málsins. Tryggingu skal setja innan viku eftir að kæru var lýst. Ella afgreiðir dómari ekki skjölin og mál fer leiðar sinnar.

Æðri dómur getur frestað máli og lagt fyrir héraðsdómara að leita frekari upplýsinga um einstök atriði. Einnig getur æðri dómur, með þeim fyrirvara, er hann telur hæfilegan, veitt aðiljum kost á að koma fyrir sig og flytja málið munnlega eða skriflega. Ef kærandi gerir það ekki, eða ef ekki koma þær upplýsingar innan tiltekins tíma, sem héraðsdómari kann að hafa verið krafinn um, þá getur æðri dómur vísað máli frá sér. En rétt er aðilja þá að kæra mál einu sinni af nýju.

Nú er mál munnlega flutt, og kveður æðri dómur þá þegar að málflutningi loknum upp dóm um málið. Annarskostar skal dæma það eftir skjölum þeim, sem fyrir liggja, og skal það gert innan viku eftir að dómstóllinn tók það undir dóm sinn, nema mál sé sérstaklega flókið eða vandasamt, en aldrei má dómsuppsaga þó dragast lengur en 2 vikur. Æðri dómur skal þegar í stað senda héraðsdómara dóm sinn.

Æðri dómur kveður á um greiðslu kostnaðar af kæru. Svo getur hann og dæmt aðilja eða umboðsmann hans til sekta eftir XIII. kafla, eftir því sem við á.

XVI. KAFLI

Um sjó- og verzlunardómsmál.

200. gr.

Sjó- og verzlunardómur fer með og dæmir þessi mál:

1. Einkamál og refsimál um efni þau, er greinir í siglingalögum og sjómannalögum — að undanskildum málum um réttindi yfir skipum samkvæmt II. kafla siglingalaganna — og mál um vátryggingu gegn hættum á sjó.

2. Mál út af verzlunarskiptum kaupmanna sín á milli, verksmiðjueigenda eða annara, er líkt stendur á um, mál út af firma, vörumerki, um rétt til að fá firma eða vörumerki skráð eða um afskráningu þeirra, mál út af efnum þeim, er í lögum um hlutafélög eða samvinnufélög greinir, og mál út af brotum á þessum lögum eða ákvæðum laga um verzlunarháttu, enda virðist dómara þörf sérþekkingar til að fara með og dæma málið.
3. Einnig getur héraðsdómari, ef honum þykir þess þörf, kvatt til sérfróða menn til að fara með og dæma mál um önnur teknisk atriði, svo sem húsbyggingu, meiri háttar mannvirki önnur o. s. frv.

Nú er kröfu, er sæta skyldi meðferð samkvæmt 1., 2. eða 3. tölul. að framan, lýst í bú, og skal þá ágreiningur um réttmæti kröfunnar eða um stöðu hennar í skuldaröð fara fyrir sjó- og verzlunardóm, ef aðili krefst þess eða skiptaráðandi telur það hentugra.

Aðiljar einkamáls geta samið svo, að mál samkvæmt þessari grein skuli sæta meðferð almenns héraðsdóms.

Gagnkröfu til skuldajafnaðar má bera undir sjó- og verzlunardóm, enda þótt hún sé ekki þesskonar krafa. Nú er sjó- eða verzlunardómskrafa borin upp til skuldajafnaðar við almenna kröfu, og getur þá héraðsdómari nefnt með sér tvo sérfróða menn til að dæma um gagnkröfuna.

201. gr.

Héraðsdómari er formaður sjó- og verzlunardóms. Auk þess er dómur skipaður tveimur meðdómsmönnum, sem sjó- og verzlunardómsmenn heita. Þeir skulu vera að minnsta kosti 30 ára að aldri, hafa óflekkað mannorð, vera lögráðir og fjár síns ráðandi, vera búsettir innan sjó- og verzlunardómsþinghár og hafa sérþekkingu á siglingum, útgerð, vélastörfum, vörum, vátryggingarstarfsemi eða verzlunarviðskiptum, einni grein hver eða fleirum. Þar sem sjó- og verzlunardómsþinghár eru ákveðnar, skipar dómsmálaráðherra sjó- og verzlunardómsmenn í hverri þeirra, að fengnum tillögum viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórnar, til 4 ára í senn, og ákveður tölu þeirra. Það er borgaraskylda að taka við skipun eitt kjörtímabil í senn og lengur, ef hörgull er, að dómi ráðherra, á hæfum mönnum til starfans. Dómari tekur með sér til meðferðar hvers máls einhverja tvo þeirra sjó- og verzlunardómsmanna, sem skipaðir hafa verið. Þar sem sjó- og verzlunardómsþinghár hafa ekki verið ákveðnar, nefnir héraðsdómari meðdómsmenn í hverju máli. Sama er og, ef ekki er í sjódóms- og verzlunarþinghá nægur kostur skipaðra sjó- og verzlunardómsmanna.

202. gr.

Hver kaupstaður er sjó- og verzlunardómsþinghá. Leggja má til kaupstaðar í þessu skyni nágrenni hans. Sameina má og þinghár annars í eina sjó- og verzlunardómsþinghá eða skipta þinghám í sjó- og verzlunardómsþinghár. Dómsmálaráðherra ákveður sjó- og verzlunardómsþinghár, að fengnum tillögum viðkomandi héraðsdómara.

203. gr.

Sjó- og verzlunardómsmaður skal, áður en hann tekur fyrsta sinni til starfa, undirrita drengskaparheit um það, að hann skuli gegna starfanum með samvizkusemi og óhlutdrægni í hvívetna.

Sjó- og verzlunardómsmenn fá greiddar úr ríkissjóði 4—12 krónur fyrir þau þinghöld, sem þeir sitja í á sama degi, og að auki fyrir þátttöku í dómsuppsögn í hverju skriflega fluttu máli, svo og endurgjald fyrir óhjákvæmilegan ferðakostnað. Formaður ákveður upphæðirnar. Ákvörðun hans um þær getur bæði sjó- og verzlunardómsmaður og dómsmálaráðherra kært samkvæmt 199. gr.

204. gr.

Útgerðarmanni má stefna í málum varðandi útgerðina á varnarþingi hans samkvæmt 73. gr. eða þar sem skip er skrásett að eiga heima.

Samsvarandi er um mál á hendur skipstjóra eða skipshöfn vegna skyldustarfa þeirra.

Nú á maður kröfu að heimta, sem er sjóveðtryggð með skipi, farmi eða farmgjaldi, og má þá höfða mál til innheimtu kröfunnar, ef sjóveð hefir verið kyrrsett, þar sem kyrrsetningin fór fram.

Mál út af ákvörðun eða skiptingu bjarglauna má höfða þar, sem bjargað var, eða þar sem björgunargóssið var flutt á land.

205. gr.

Formaður sjó- og verzlunardóms gefur út stefnu, stýrir dómi og heldur þingbók. Hann sker og úr um hæfileika meðdómsmanna. Meðdómsmenn þarf ekki að kveðja til, ef formaður telur víst, að einungis verði lögð fram skjöl í máli eða frestur veittur. Svo getur formaður einn tekið við sjóferðaskýrslu, sem ekki má dragast, dómkvatt menn og hafið rannsókn, sem ekki má fresta, þar til meðdómsmanna er kostur.

Að öðru leyti gilda almenn ákvæði laga þessara um sjó- og verzlunardómsmál.

206. gr.

Til skoðunar- og matsgerða og annara slíkra gerða, er sjó- og verzlunardómur stendur fyrir, skal kveðja aðilja eða umboðsmenn þeirra, ef þess er kostur án þess að athöfnin dragist fyrir það um of.

Þegar sjóferðaskýrsla er gefin fyrir dómi, skal dómari bera saman skipsbækurnar og eftirrit þeirra, er skipstjóri skal hafa með sér. Síðan spyr dómurinn skipstjóra og skipverja og lætur þá skýra frá því, er þeir vita og máli virðist skipta. Um yfirheyrslur fer annars eftir viðeigandi ákvæðum laga þessara.

Nú hefir skip farizt, beðið tjón eða lent í háska að öðru leyti, og ber þá sjó- og verzlunardómi að rannsaka eftir föngum öll þau atriði, er máli skipta, svo sem um skip og útbúnað þess, farm, framferði skipstjóra og skipshafnar, hafnsögumanns o. s. frv. Skal rannsókn venjulega fara fram þar, sem skip

tekur fyrst höfn eftir slys eða á ákvörðunarstað þess, en ef skip hefir farizt, þar sem hallkvæmast þykir.

Ef rannsókn leiðir í ljós, að hegningarverð vanræksla hafi átt sér stað, fer sjó- og verzlunardómur með mál vegna þess, þar sem rannsókn fór fram, nema dómsmálaráðherra ákveði annað varnarþing.

XVII. KAFLI
Um víxilmál og tékka o. fl.

207. gr.

Mál, er fara eftir þessum kafla, eru:

1. Víxilmál, en þau eru:
   a. Mál gegn útgefendum, framseljendum og samþykkjendum víxla á hendur öðrum manni, og gegn útgefendum og framseljendum eigin víxla þeim til lúkningar eða til að koma fram endurgreiðslukröfu eftir víxilrétti.
   b. Mál gegn útgefendum og framseljendum víxla sökum skorts á samþykki til greiðslu víxilupphæðar eða þess hluta hennar, er ekki hefir verið samþykktur.
   c. Mál gegn ábyrgðarmönnum (avalistum) víxilupphæðar.
2. Mál til endurgjaldskröfu gegn tékkaskuldara samkvæmt lögum um tékka.
3. Mál til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi, enda hafi svo verið um samið og sá samningur verið skráður í texta skuldabréfsins.

208. gr.

Þessar varnir einar um efni máls getur varnaraðili haft uppi:

a. Að mál sé höfðað af röngum aðilja eða gegn röngum aðilja.
b. Að aðilja hafi að lögum skort hæfileika til að taka á sig skuldbindinguna.
c. Að undirskrift skjals sé fölsuð eða innihald þess.

Í víxilmálum má og koma að vörnum, er varða form og efni víxils, eða aðferðina til að halda víxilkröfu í gildi, og önnur atriði, sem samkvæmt víxillögum eru skilyrði til að koma víxilrétti fram. Samsvarandi gildir um tékkamál.

Í málum samkvæmt 3. tölul. 207. gr. getur varnaraðili ennfremur haft uppi varnir, ef hann á ekki að sanna staðreyndir þær, sem þær byggjast á, eða þær má sanna með skjölum, sem hann hefir þegar við höndina.

Gagnkröfur til skuldajafnaðar eða til sjálfstæðs dóms má hafa uppi í málum samkvæmt þessum kafla, ef gagnkrafa er samskonar sem aðalkrafa. Svo má og koma víxilkröfu eða tékka fram hvorri gegn annari og gegn skuldabréfskröfu. Í víxil- og tékkamálum má og koma að gagnkröfum, sem sprottnar eru af því, að aðili hefir ekki gefið tilkynningar þær til formanna sinna á tékka eða víxli, sem boðnar eru í tékka- og víxillögum.

209. gr.

Ef aðiljar eru á það sáttir, má koma að í málum þessum öllum vörnum, sem hafa má uppi í einkamálum almennt.

Nú missir aðili færi á að koma vörnum að, og getur hann þá höfðað mál eftir almennum reglum gegn stefnanda til skaðabótagreiðslu.

Nú lætur stefnandi fara fram kyrrsetningu til tryggingar kröfu samkvæmt 207. gr., og þarf hann þá ekki að setja tryggingu vegna kyrrsetningarinnar, nema fram komi þá varnir, er koma má að samkvæmt 208. gr.

210. gr.

Að öðru leyti fer um mál þessi eftir öðrum ákvæðum laga þessara.

XVIII. KAFLI

Um mál til faðernis óskilgetinna barna.

211. gr.

Sóknaraðili barnsfaðernismáls er móðir, meðan hún ein framfærir barn, síðan sá einstaklingur, er framfærslu þess hefir að einhverju leyti eða öllu að lögum eða samkvæmt samningi, og loks sveit eða kaupstaður, sem við framfærslu barns hefir tekið að nokkru eða öllu.

Varnaraðili er sá maður eða þeir menn, sem eru taldir hafa haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barnsins. Ef varnaraðili er látinn áður en mál er höfðað, má höfða það á hendur búi hans að tilstefndum skiptaráðanda eða skiptaforstjóra, ef opinber skipti eru höfð, en ella gegn erfingjum.

Ef víst má þykja eða líklegt, að fleiri hafi haft samfarir við móður á getnaðartíma barns (fósturs), skal stefna þeim báðum eða öllum.

Barnsfaðernismál skal höfða á varnarþingi stefnds samkvæmt 73. gr., eða því varnarþingi, er hann átti síðast á landi hér, ef hann er af landi farinn eða ókunnugt er, hvar hann er niður kominn, eða á varnarþingi, þar sem með bú hans er farið.

Viðkomandi héraðsdómara er skylt að kveðja varnaraðilja fyrir dóm eftir kröfu sóknaraðilja.

Barnsfaðernismál verður höfðað í fyrsta lagi, þegar kona hefir gengið 6 mánuði með samkvæmt vottorði þjónandi læknis eða þjónandi ljósmóður, og í síðasta lagi 2 árum eftir fæðingu, ef móðir er sóknaraðili, en annars 1 ári eftir að barn kom á framfæri sóknaraðilja. Fresti þessa getur dómsmálaráðherra lengt, ef sérstaklega stendur á.

212. gr.

Nú gengst varnaraðili við samförum við móður á getnaðartíma barns (fósturs), og verður hann þá dæmdur faðir þess, nema komið hafi fram í málinu, að fleiri hafi á tímabili þessu haft samfarir við móður, eða að líklegt megi telja, að svo hafi verið. Verður þá enginn dæmdur faðir, en allir verða þeir, eða báðir, dæmdir in solidum til að gefa með barninu og greiða barnsfararkostnað, með sama hætti að öðru eins og einn sé varnaraðili, nema sannað sé, með blóðrannsókn eða öðrum hætti, að einungis einn eða annar þeirra geti verið faðir að barninu.

213. gr.

Ef varnaraðili gengst ekki við samförunum, og ekki fæst með öðrum hætti full sönnun, skulu málsúrslit velta á eiði eða drengskaparheiti aðilja, synjunareiði mannsins (mannanna), ef ekkert er fram komið til styrktar framburði konunnar eða ef hún hefir líkur gegn sér, en fyllingareiði hennar að öðrum kosti.

Eiðstafur skal lúta að því, að maðurinn hafi eða hafi ekki haft holdlegar samfarir við konuna á nákvæmlega tilteknu tímabili, er barnið (fóstrið) telst vera komið undir á.

214. gr.

Læknir eða ljósmóðir, sem tekur við barni, skal þegar skrásetja skýrslu um öll þau atriði, er af má ráða um þroska barnsins, svo og spyrja móður um faðerni þess og skrásetja skýrslu hennar þar um.

Dómari skal af sjálfsdáðum afla allra upplýsinga og gagna til skýringar málinu. Hann getur látið sækja bæði konuna og manninn (mennina) með valdi til að gefa skýrslu fyrir dómi, konuna þó ekki, ef hún er sóknaraðili, enda skal vísa máli frá dómi, ef hún kemur ekki fyrir dóm, neitar að gefa skýrslu, sem henni er unnt að gefa, eða neitar að leggja sig eða barnið undir blóðrannsókn. Ef þess er krafizt, getur dómari annars ákveðið, að blóðrannsókn skuli gera á öllum þeim, er máli skiptir, ef því verður við komið, enda getur hann fengið aðstoð lögreglu til slíkrar framkvæmdar, ef með þarf.

215. gr.

Sækjandi barnsfaðernismáls skal hafa gjafsókn í héraði. Í æðra dómi má ákveða sækjanda sömu kjör, ef málstaður hans þykir líklegri en málstaður varnaraðilja.

Að öðru leyti fer um barnsfaðernismál eftir almennum ákvæðum laga þessara.

XIX. KAFLI

Um mál til ógildingar skjala o. fl.

216. gr.

Með dómi má ógilda glötuð eða horfin skuldabréf, ásamt stofnum og vaxtamiðum, og hver önnur heimildarbréf. Ógildingardómur heimilar dómhafa að ráðstafa því, er skjalið hljóðar um, svo sem hann hefði það í höndum.

Skuldabréf með veði í fasteign skal ógilda á varnarþingi fasteignar, og ef það er með veði í skipi eða skipshluta, þar sem skip er skrásett. Önnur skjöl skal ógilda í þinghá, þar sem þau eru gefin út. Nú verður þessu ekki við komið, en skjal má þó ógilda hér á landi, og skal þá ógilda það á bæjarþingi Reykjavíkur, eða innan lögsagnarumdæmis beiðanda, og þá fyrir dómi í þinghá þeirri, sem héraðsdómari er búsettur í.

217. gr.

Aðili sendir dómara skriflega beiðni um ógildingu skjals, ásamt eftirriti af því, en ella með sem nákvæmastri lýsingu á því, svo og skýrslu um örlög

skjalsins. Dómari kveður upp úrskurð fyrir dómi svo fljótt sem unnt er um það, hvort beiðni skuli taka til greina. Synjunarúrskurð má kæra til æðra dóms eftir ákvæðum 199. gr.

218. gr.

Nú er beiðni samkvæmt 217. gr. tekin til greina, og gefur héraðsdómari þá út, með skírskotun til úrskurðarins, stefnu, þar sem kvaddur er hver sá, er kynni að hafa skjalið í höndum, til að koma fyrir dóm með það, með því að annars verði það ógilt með dómi samkvæmt kröfu stefnanda. Stefnufrestur skal vera 2—4 mánuðir frá síðustu birtingu stefnunnar, er stefnandi skal láta birta þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu. Ef enginn kemur fram með skjalið eða mótmælir ógildingu þess, skal ógildingardómur kveðinn upp, nema gallar á málatilbúnaði séu því til fyrirstöðu. Annarskostar sker dómur úr því, hvort skjal skuli ógilda eða ekki.

Synjunardóm má kæra til æðra dóms eftir 199. gr. Um áfrýjun ógildingardóms fer eftir almennum reglum.

219. gr.

Haldast skulu sérákvæði laga um ógildingu farmskírteina, víxla, tékka, sparisjóðsbóka og Söfnunarsjóðs, bankavaxtabréfa veðdeilda Landsbankans og annara banka eða slíkra stofnana, svo og 20. gr. laga nr. 14 20. okt. 1905.

220. gr.

Nú sannar maður eða gerir sennilegt, að hann hafi öðlazt réttindi yfir fasteign, skrásettu skipi, bifreið eða viðskiptabréfi með samningi eða hefð, en hann skortir skilríki fyrir rétti sínum, og getur hann þá snúið sér til hlutaðeigandi héraðsdómara, er með mál hans skyldi fara samkvæmt 216. gr., ef ógildingar væri beiðzt. Um úrskurð, útgáfu stefnu og birtingu, stefnufrest og málsmeðferð gilda samsvarandi reglur sem um ógildingardómsmál. Sá, er eignardóm öðlast, hefir samkvæmt honum heimild til að ráða yfir og ráðstafa eigninni, eins og hann hefði til þess afsalsbréf eða annað viðeigandi skjal.

221. gr.

Haldast skulu gildandi reglur um meðferð fasteignamála samkvæmt landamerkjalögum og mál um lóðamerki og kvaðir á fasteignum í Reykjavík, þó svo, að beita skal ákvæðum þessara laga um þessi mál, að svo miklu leyti sem við verður komið.

Einnig skulu haldast fyrirmæli gildandi laga um mál til sviptingar lögræðis, um mál til að sanna dauða manns, sem ætla má, að farizt hafi af slysum, um mál til vefengingar faðernis skilgetinna barna og um hjónabandsmál.

XX. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

222. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. sept. 1936.

Þau mál, sem þingfest hafa verið fyrir þann dag, fara eftir eldri reglum. Þó skulu eftirfarandi ákvæði laga þessara taka til dómsathafna, sem eru hluti af málum eða standa í sambandi við þau, ef athöfnin fer fram eftir nefndan dag:

a. VIII. kafli, um stefnur og tilkynningar.
b. 118.—120. gr., um útivist aðilja, hafningu máls og endurupptöku. Þó skal stefndur mega fá mál tekið upp einu sinni eftir 9. eða 14. gr. tilsk. 15. ág. 1832, ef hann hefir eigi mætt áður en lög þessi komu til framkvæmda.
c. X. kafli, um mat dómara, vitni, matsgerðir, skjöl og eið eða drengskaparheit aðilja, enda hafi mál eða atriði ekki verið tekið til dóms eða úrskurðar fyrir nefndan dag.
d. 194. gr., um dóma og úrskurði, eftir því sem við á.
e. 197.—199. gr., um áfrýjun og kæru til æðra dóms, þó þannig, að 3 mánaða fresturinn telst frá þeim degi, er lögin gengu í gildi, enda verði áfrýjunarfresturinn aldrei lengri en 6 mánuðir, og kærufrestur telst frá sama degi, en verði þó eigi lengri en 14 dagar.

223. gr.

Ákvæði IX., X. og XIV. kafla taka til málsmeðferðar fyrir skipta-, fógeta- og uppboðsrétti, eftir því, sem við verður komið, enda þótt þess sé ekki sérstaklega getið í lögum þessum.

224. gr.

Frá því, er lög þessi koma til framkvæmda, falla eftirfarandi lagaákvæði úr gildi:

Í N. L., sbr. kgsbr. 2. maí 1732:
1.—2.—3., 4., 15.—18., 20., 22.—24.
1.—3.—1., 6., 8., 9., 11.—14., 16., 27. og 30.
1.—6.—11., 15. og 18.
1.—8.—1. til 4., 7., 9. og 10.
1.—12.—1. til 3.
1.—13.—1. til 8., 12. til 14., 16. til 25., 28. og 29.
1.—14.—2. til 6.
1.—15.—1. og 2.
5.—1.—6. og 7.
5.—2.—60. og 88.
5.—5.—5. og 7.
5.—13.—4., 5. og 44.
Tilsk. 17. maí 1690, um áfrýjun úrskurða.
Tilsk. 5. nóv. 1723, um eiðvinningar.
Tilsk. 19. ágúst 1735, um réttarins þjóna í Noregi.

Tilsk. 3. marz 1741, um vitnaleiðslur.
Konungsbréf 3. jan. 1755, um höfðun skuldamála.
Opið bréf 16. sept. 1778, um vitnisburð hjóna.
Tilsk. 30. sept. 1778, um uppsögu dóma.
Tilsk. 5. júlí 1793, um undirskrift dómara í þingbók.
Tilsk. 10. júlí 1795, um sáttanefndir.
Tilsk. 20. jan. 1797, um sáttanefndir.
Tilsk. 20. jan. 1797, um vitnaleiðslur áður en máli er lokið fyrir sáttanefnd.
Tilsk. 3. júní 1796, um tilhlýðilega og greiða dómgæzlu, I.—VIII. og X.—XI. kafli.
Konungsbréf 19. okt. 1798, um mót fyrir sáttanefndum.
Kancellíbréf 19. jan. 1799, um vottorð um sektir til fátækra.
Tilsk. 8. marz 1799, um lögreglumál, að því leyti sem hún varðar einkalög.-reglumál.
Tilsk. 27. sept. 1799 10. gr., um prentfrelsi.
Tilsk. 8. jan. 1802, um málflutningsmenn.
Tilsk. 11. ágúst 1819, um sektir fyrir óþarfa þrætu.
Opið bréf 20. apríl 1825, um málskostnað í gjafsóknarmálum.
Tilsk. 21. des. 1831, um lögleiðingu nokkurra lagaboða á Íslandi, IV. kafli.
Tilsk. 15. ágúst 1832, um réttargangsmátann við undirréttina á Íslandi í öðrum málum en þeim, sem viðvíkja illvirkja- og pólitísökum.
Tilsk. 15. apríl 1840, viðvíkjandi straffi fyrir falskan vitnisburð o. fl., 14. gr.
Tilsk. 22. sept. 1846, viðvíkjandi breytingu á þeirri áminningarræðu, er halda á áður en eiða skal vinna fyrir rétti.
Lög nr. 2 13. jan. 1882, um víxilmál og víxilafsagnir, 1.—9. gr.
Lög nr. 46 10. nóv. 1905, um hefð, 9. og 10. gr.
Lög nr. 59 10. nóv. 1905, um varnarþing í skuldamálum.
Lög nr. 44 16. nóv. 1907, um gjafsóknir m. m.
Lög nr. 29 11. júlí 1911, um eiða og drengskaparheit, II.—IV. kafli.
Lög nr. 32 11. júlí 1911, um úrskurðarvald sáttanefnda o. fl., 1.—11. gr.
Lög nr. 52 30. nóv. 1914, um sjódóma og réttarfar í sjómálum.
Lög nr. 30 30. nóv. 1915, um ógildingu viðskiptabréfa og annara skjala með dómi.
Lög nr. 28 26. okt. 1917, um þóknun til vitna.
Lög nr. 29 26. okt. 1917, um málskostnað einkamála.
Lög nr. 62 14. nóv. 1917, um stefnufrest til íslenzkra dómsmála, I., II. og IV. kafli.
Lög nr. 63 14. nóv. 1917, um stefnubirtingar.
Lög nr. 39 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, II. kap.
Lög nr. 19 4. júní 1924, um nauðasamninga, 1., 2. og 4. málsgr. 52. gr.
Lög nr. 9 7. maí 1928, um uppkvaðning dóma og úrskurða.
Lög nr. 42 7. maí 1928, um varasáttanefndarmenn í Reykjavík.
Lög nr. 28 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups, 1. málsgr. 4. gr.
Lög nr. 23 23. júní 1932, um kosningu sáttanefndarmanna og varasáttanefndarmanna í Reykjavík.

Lög nr. 96 19. júní 1933, um varnarþing og stefnufrest í víxilmálum.

Lög nr. 112 18. maí 1935, um hæstarétt, 26. gr., um áfrýjunarfresti, og 28. gr.

Loks eru öll önnur eldri lagafyrirmæli úr gildi felld, er brjóta í bág við lög þessi.

Gestaréttarmeðferð og einkalögreglumála er úr lögum numin. Þar sem slík meðferð er boðin eða heimiluð í lögum og þar sem til þessara meðferða er skírskotað eða fresta í sambandi við þær, gilda hinar almennu reglur um málsmeðferð og fresti eftir lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Eins og kunnugt er, var sú skipun gerð með opnu bréfi 2. maí 1732, að „Processernes Maade og Formalitet" skyldi fara eftir Norsku Lögum Kristjáns konungs V. frá 15. apríl 1687. Eftir þeim lögum er ekki gerður verulegur munur á meðferð mála út af refsiverðum brotum og öðrum málum, opinberum málum annarsvegar og einkamálum hinsvegar. Sá greinarmunur kemst smátt og smátt á á 18. öld, og mun vera orðinn alger um miðja öldina. Meðferð einkamála í héraði á landi hér hvílir enn að allmiklu leyti á Norsku Lögum. En með tímanum hafa skapazt margar og mikilsverðar réttarvenjur um meðferð þessara mála, og hefir löggjafinn ýmist berum orðum staðfest þær venjur eða gert ráð fyrir þeim og byggt á þeim. Eftir N. L. var dómara skylt að *afla gagna* í hverju máli. Þetta breyttist svo fyrir venju, að dómarinn hætti að skipta sér af þessu, og varð það undir aðiljum mála komið, hvernig þau yrðu skýrð fyrir dómara og hvaða gögn kæmu fram. Þannig varð sú regla föst, sem á málum Norðurlanda hefir verið nefnd *„Forhandlings og Dispositionsmaksime"*. Eftir N. L. var málflutningur bæði munnlegur og skriflegur. Á þessu verður sú breyting, að það eitt mátti dómari taka til greina, er dæma skyldi mál eða kveða upp úrskurð, er fyrir honum lá skriflegt í þeim málsskjölum, er aðiljar höfðu lagt fram í dómi. Og varð málflutningur þannig algerlega *skriflegur*. Eftir N. L. bar dómara að gæta þess, að mál drægjust ekki að óþörfu. Sú breyting varð á þessu, að það varð að öllu á valdi aðilja, hversu langan tíma sókn máls og vörn tók. Ef þeir voru sammála um að fresta máli, þá veitti dómari frest. Þeir réðu því, er tímar liðu, algerlega hraða málsins. Með þessum reglum varð allmikil hætta á því, að dráttur yrði á málum. Átti að koma í veg fyrir slíkan drátt meðal annars með því að gera aðilja það skylt að koma fram með kröfur sínar, málsástæður og andmæli jafnskjótt sem efni yrði til. Annarskostar gat gagnaðili mótmælt því, að slík atriði yrðu tekin til greina. Var þessi regla nefnd *„Eventualmaksime"*. Hér á landi var sú regla ennfremur lögleidd, *að dómari skyldi að jafnaði leiðbeina aðiljum*, sjá 10. gr. tilsk. 15. ág. 1832. En í framkvæmdinni hefir þessarar reglu minna gætt en við hefði mátt búast. Þessar réttarfarsreglur gilda hér á landi enn í dag í aðalatriðum um meðferð einkamála í héraði. Þær eru hingað komnar frá Danmörku, þar sem þær giltu og þangað til hin nýju „Lov om Rettens Pleje" frá 11. okt. 1916 komu til framkvæmdar (1. okt. 1919).

Gallarnir á málameðferð eftir þessum reglum hafa alstaðar orðið ber-

sýnilegir og tilfinnanlegir. *Dráttur* á málum hefir orðið mikill og óþarfur. Málflytjendurnir taka frest á frest ofan, skrifa einatt fram og aftur um málið áður en sýnt er, hvað muni þurfa að sanna, og hvað sannað verði, endurtaka mótmæli sín og annað hvað eftir annað o. s. frv. Dráttur þessi getur valdið og hefir stundum valdið aðilja verulegu tjóni. *Dómarinn hefir sjaldnast fylgzt með málum, meðan þau eru sótt og varin.* Hann veit venjulega lítið sem ekkert um það, hvað fram hefir komið í þeim, fyrr en hann fer að lesa sóknar- og varnarskjöl málflytjenda. Þegar t. d. vitni skal spyrja, þá er dómara næsta ókunnugt um það, á hverjum atvikum málið veltur, og verður honum því einatt torvelt að gera sér grein fyrir því, hvaða spurningar til vitna og hvaða svör þeirra skipta máli. Hann á erfitt með að skera úr því, hvort frestur sé nauðsynlegur þeim, er hans æskir, eða eigi. Þótt kallað sé, að málflutningur sé *opinber,* þá verður það eigi í framkvæmdinni, þar sem allt gerist *skriflega.* Með skriflegum málflutningi á almenningur þess engan kost að fylgjast með dómgæzlunni á móts við það, ef málflutningur er munnlegur. Málin *skýrast illa* með skriflegum málflutningi. Aðiljar þurfa aldrei sjálfir fyrir dóm að koma. Yfirlýsingar sínar og annað láta þeir umboðsmenn sína flytja skriflega fyrir dómarann. Afleiðing þessa verður alloft sú, að margt verður dulið, sem fram gæti hafa komið, ef annar háttur væri á málsmeðferð hafður.

Á annmörkum þeim, sem nefndir eru hér að framan, þarf að ráða bót eftir því, sem kostur er. Það er fyrst og fremst nauðsynlegt, að *dómari eigi þess kost, að fylgjast alveg með máli frá upphafi.* Þá getur hann betur dæmt um nauðsyn á vitnaleiðslu, frestum, hvað sanna þurfi o. s. frv. Ef dómari gætir þá skyldu sinnar um þetta tvennt, *að hraða máli* og *vinna þó að því, að það skýrist sem bezt,* þá er ráðin bót á tveimur höfuðannmörkum núverandi málameðferðar. Bæði til þess að hraða málum og til þess að skýra þau stefnir og krafan um það, *að dómari spyrji aðilja sjálfa um staðreyndir máls.* Slíkar yfirheyrslur eru mjög vel lagaðar til þess að upplýsa mál og þar með oft til að flýta því, með því að skýrsla aðilja gerir frestun á máli óþarfa. Og stundum getur hún sýnt það með fullri vissu, að málstaður aðilja sé algerlega vonlaus, og fellir aðili þá stundum niður mál sitt, með eða án sættar. Þess vegna virðist nauðsynlegt að lögleiða reglur um það, að aðili komi sjálfur fyrir dómara og gefi þar skýrslu.

Þá er þriðja atriðið: *Munnlegur málflutningur.* Einnig sú meðferð er betur löguð til að skýra mál og hraða því en skriflegur málflutningur. Munnlegur málflutningur á ekki að hefjast fyrr en ákveðið er, hvaða kröfur eru gerðar af beggja aðilja hálfu, á hverju þær eru byggðar, hverskonar andmæli gegn þeim koma fram, og sýnt er, hvaða gögn fengizt hafa þeim til styrktar. Með þessum hætti á tími ekki að þurfa að fara til einskis, eins og nú er títt. Frestur er settur til þess að afla gagna, þar á meðal skýrslu aðilja, og þann frest eiga *báðir* aðiljar að nota jöfnum höndum. Með munnlegum flutningi máls, ef hann er á annað borð í sæmilegu lagi, fær dómari miklu skýrari mynd af málsatvikum og skoðun aðiljanna á málavöxtum öllum en með skriflegum málflutningi. Hið lifandi orð í ræðu málflytjenda mótar sig skarpar í vitund dómarans en dauður bókstafurinn í sóknar- og varnarskjölum þeirra. Með-

an á meðferð máls, er flutt er munnlega, stendur fyrir dómi, er verk dómarans að vísu oftast meira og vandasamara en þegar mál er skriflega flutt. Í munnlegum málflutningi verður dómarinn að gæta hvers eins, er fram kemur, og getur hvenær sem honum þykir þess þörf, gert fyrirspurnir og athugasemdir til málflytjenda. En þegar mál er skriflega flutt, hefir dómari venjulegast ekki annað að gera en að taka við skjölum þeim, sem fram eru lögð, allt þangað til málið er tekið til dóms. En eftir að mál hefir verið tekið til dóms skiptir um. Þegar mál er munnlega flutt, þarf dómarinn einungis að rannsaka þær kröfur, andmæli og þau gögn, sem fram hafa komið, og leggja dóm á málið samkvæmt þessu og hinum munnlega flutningi málsins. En þegar mál er skriflega flutt, þá fer venjulega mest starf dómarans og erfiði í að lesa og skýra sóknir og varnir aðilja, sem oft eru margar og hafa að geyma margt, sem reynist litt skipta máli, með öðrum orðum: Mikið af verki dómarans fer til þess að greina það frá í sóknarskjölum og varnarskjölum aðilja, sem hann telur máli skipta. Margir hafa í öndverðu verið hræddir við munnlegan málflutning, af því að þeim hefir fundizt líklegt, að hvorki málflytjendur né dómarar mundu í fyrstu vera færir til að flytja mál munnlega eða til að dæma munnlega flutt mál. Þó að það sé rétt, að munnlegur málflutningur geri nokkru ríkari kröfur til bæði dómara og málflytjenda, hefir það þó orðið svo í reyndinni, að bæði dómendur og málflutningsmenn, sem vanizt hafa munnlegum málflutningi, hafa tekið hann fram yfir skriflegan málflutning. Svo hefir það víst verið um flesta hér á landi, sem hvorritveggja aðferðinni hafa kynnzt af eigin raun. Hitt er eigi annað en það, sem alltaf má vænta, að ýmsir gamlir dómendur og málflutningsmenn kunni að eiga erfitt með að stjórna munnlegum málflutningi og að flytja mál munnlega, eftir að þeir hafa allan sinn aldur starfað með hinni aðferðinni. En hjá því verður aldrei komizt, þegar breyta skal til, að einhverjum kunni að veitast erfitt að vinna eftir nýju skipulagi.

Í flestum nágrannalöndum hefir nú verið horfið frá hinu eldra skipulagi á meðferð einkamála (athafnaleysi dómarans að mestu til dómtöku máls, skriflegur málflutningur, algert ákvæðisvald aðilja um gang málanna og um það, hvað fram komi o. s. frv.). Í stað þess er dómara veittur réttur og lögð á hann skylda til að stýra gangi máls og fylgjast með því, sem fram kemur, og málflutningur gerður munnlegur. Í Noregi var hin nýja skipun leidd í lög með lögum frá 13. ágúst 1915 og í Danmörk með lögum 11. okt. 1916, en þau lög eru aftur einkum byggð á austurrískri og þýzkri réttarfarslöggjöf. Hér á landi hentar að vísu ýmislegt hið sama sem í nágrannalöndum vorum, og má því hafa mikinn stuðning af þeirra löggjöf, þegar setja skal hér lög um meðferð einkamála. En svo er afarmargt í erlendri löggjöf bundið við staðháttu og þjóðháttu, sem alls eigi getur hér á landi átt við.

Eins og áður er sagt, hvílir löggjöf vor um meðferð einkamála í héraði enn að nokkru leyti á Norsku Lögum Kristjáns V. Verður að því vikið á sínum stöðum hér á eftir, hvaða greinir þeirra laga enn eru gildandi. Þó að boðið væri, að málameðferð þeirra skyldi hafa hér á landi, þá var eigi svo, að allar reglur þeirra ættu hér við, enda voru þau miðuð við norska staðháttu og norskar stofnanir, en eigi íslenzka háttu eða íslenzkt skipulag. Þess vegna hafa

mörg ákvæði þeirra aldrei orðið notuð á Íslandi. Og ýms þeirra, sem notuð voru, voru óheppileg og eigi í samræmi við þörf landsmanna. Enn er það, að þau voru samin á erlendu máli, og aldrei hefir löggild þýðing á þeim á íslenzka tungu verið gerð. Enn kemur það til, að allmörg dönsk lagaboð um meðferð dómsmála voru lögleidd hér á 18. og fram á 19. öld, og voru mörg þeirra eigi heldur þýdd á íslenzku. Loks var það, að dómstólar og yfirvöld beittu hér í ríkum mæli dönskum og norskum lagafyrirmælum, sem aldrei höfðu verið hér lögboðin, enda greindi menn einatt á um það, hvað væri hér gildandi lög og hvað ekki, og er enn vafi á um sum slíkra lagafyrirmæla. Ákvæði íslenzkra laga um meðferð dómsmála eru því sum enn á dönsku, vafasamt um gildi sumra og þau eru dreifð hingað og þangað um meira en 100 ára tímabil. Af þessum ástæðum virðist vera allmikil þörf á heildarlögum um meðferð einkamála í héraði (kodifikation).

Um I. kafla.

Í þessum kafla er safnað saman ákvæðum um sáttamenn, og um sáttastarfið yfir höfuð. Alltaf hefir sáttamönnum og dómstólum tekizt að lúka allmörgum málum með sátt, og því þykir rétt að halda reglunum um sáttatilraun, þótt því verði ekki neitað, að boðið um, að sáttatilraun skuli almennt fram fara fyrir sáttanefnd, tefur heldur málin og veldur dálitlum kostnaði.

Um 1. gr.

Skipun sáttaumdæma hefir frá öndverðu, að minnsta kosti að mestu leyti, verið bundin við hreppaskiptinguna. Og þetta skipulag er ætlazt til, að haldist yfirleitt. En sumstaðar kann reynslan að sýna, að breyting frá þessu sé heppileg, og er þá ætlazt til þess, að dómsmálaráðherra geti gert slíka breytingu.

Um 2. gr.

Sú breyting er hér hugsuð gerð, að varasáttamenn verði alstaðar *tveir* og komi ávallt til, ef sáttamenn greinir á. Sjá nú lög nr. 32/1911, 5. gr., og lög nr. 42/1928. Það þarf væntanlega ekki að rökstyðja það, að eðlilegast er, að varasáttamenn séu jafnan tveir, taki *ávallt* sæti aðalmanns í forföllum hans og komi *jafnan* til, ef ágreiningur verður milli sáttamanna.

Í Reykjavík skipar bæjarstjórn nú sáttamenn, lög nr. 23/1932, en utan Reykjavíkur skipa sýslumenn og bæjarfógetar þá, tilsk. nr. 12/1904 I. 1. e. 3. Virðist rétt, að samskonr regla gildi um þetta alstaðar á landinu, þannig að annaðhvort skipi bæjar- og sveitarstjórnarvöld sáttamenn eða héraðsdómari. Í samræmi við nýjasta ákvæði um þetta efni, lög nr. 23/1932, er lagt til, að bæjarstjórnum í kaupstöðum og hreppsnefndum utan kaupstaða sé falin skipun sáttamanna.

Um 3. gr.

Þarf eigi skýringar.

Um 4. gr.

Það hefir þótt rétt að binda hæfileika til sáttastarfans við 25 ára aldur, enda þótt almennur lögræðisaldur sé nú 21 ár. Til þess að laða menn til sætta

mun eigi skaða, þótt sáttamaður kynni að hafa aflað sér nokkru meiri mannþekkingar og lífsreynslu en 21 árs menn og konur almennt hafa. Auk þess hafa sáttamenn nú með höndum dómstörf, þótt venjulega séu þau að vísu einföld og óbrotin. Skilyrðið *„fjár síns ráðandi“* útilokar þá frá starfanum, sem sviptir hafa verið fjárræði eða er bú þeirra er í gjaldþrotameðferð. *„Óflekkað mannorð“* verður hér að skilja með svipuðum hætti sem um dómara. Maður í fastri dómarastöðu á oft að meta gerðir sáttamanna, og því virðist eigi eiga að fela slíkum dómurum sáttastarfa. Málflutningsmenn, er þann starfa hafa að atvinnu, hafa hingað til verið með öllu útilokaðir frá sáttastarfa, tilsk. 10. júlí 1795, 12. gr. og 20. jan. 1797, 6. gr., og mun enn eima eftir meðal almennings af þeirri trú, að þeir spilli sáttum, þótt lítil ástæða muni nú almennt til þess að ætla slíkt. Hitt er annað mál, að slíkur skyldustarfi sem hér er um að tefla mundi ef til vill leggja málflutningsmönnum byrði á herðar, sem þeim kynni að verða óþægileg vegna atvinnu sinnar.

Starfinn verður að vera borgaraskylda hér eftir sem hingað til. En ástæða þykir til að rýmka nokkuð til, því að nú á dögum er víðast kostur margra sæmilegra manna til starfsins, svo að óhætt mun að undanþiggja honum fleiri en áður. Um fjölmarga embættismenn og sýslunar er svo farið, að rangt væri að skylda þá til starfans, t. d. kennara, starfsmenn í ýmsum skrifstofum o. s. frv. Svo eru fjölmargir, sem stunda atvinnu, er eigi getur samrímazt sáttastarfanum, t. d. sjómenn, er fjarverandi þurfa að vera frá heimilum sínum mikinn hluta árs. Sextugir menn og eldri eru yfirleitt undanþegnir borgaralegum verkkvöðum, og þykir rétt að láta einnig vera svo hér.

Sá, er telur sér samkvæmt 1.—4. óskylt að taka sæti í sáttanefnd, getur borið undanþágukröfu sína undir héraðsdómara, og síðan getur hann eða bæjarstjórn eða hreppsnefnd borið úrskurð héraðsdómara undir dómsmálaráðherra, er sker til fullnaðar úr ágreiningnum. Meðan málið er eigi úrskurðað til hlítar, virðist aðilja þó skylt að inna starfann af hendi, ef honum · það mögulegt.

Um 5. gr.

Það er almenn regla eftir tilsk. 10. júlí 1795, 19. gr., og tilsk. 20. jan. 1797, 10. gr. að *„öll borgaraleg mál*, hvort sem *þau snerta eignir, óðul, tilköll, skuldakröfur eða annað“*, skuli leggja til sátta. Þetta hefir jafnan verið svo skýrt sem það tæki til *einkamála almennt*. Hér er þessari reglu haldið í upphafi greinarinnar sem *aðalreglu*, og afleiðingin af afbrigðum frá reglunni verður hér eftir sem hingað til frávísun máls frá dómi. Með *„einkamál almennt“* í upphafi greinarinnar er aðeins átt við almenn *dómsmál í héraði*. Krafan um sáttatilraun tekur því eigi fremur hér eftir en hingað til til fógetagerða, uppboðs, vitnaleiðslu, mats- eða eiðsmála, hvort sem þessar gerðir standa í sambandi við annað mál eða eru sjálfstæðar dómsathafnir, enda er tilsk. 20. jan. 1797, um nauðsyn sáttatilraunar áður en vitni verði leidd, felld úr gildi í 224. gr. frv.

Þrátt fyrir þá aðalreglu, sem í upphafi greinar þessarar segir, eru fyrst og fremst ýms dómsmál undanþegin sáttatilraun með öllu. Um 1., 3. og 4. tölul. í undanþágunum er þó það að segja, að þargreind mál hafa hingað til verið und-

anþegin sáttatilraun. Þar á móti varð venjan sú, að gagnkröfur varð að leggja til sátta, þótt þær væru aðeins gerðar til *skuldajafnaðar*. Var þar með skapað nokkurt óhagræði, enda harla óþarft að heimta sáttatilraun, þegar krafa er sett fram eingöngu til skuldajafnaðar. Í eðli sínu er sú krafa svo svipuð þeirri vörn, að skuld sé greidd, að varla er ástæða til að gera þar mun á að þessu leyti. Fyrir því er lagt til að undanþiggja slíkar kröfur alveg sáttatilraun.

Mál þau, sem undantekin eru aðgerðum sáttamanna og til sáttaumleitunar dómstóla lögð, eru allmiklu fleiri eftir þessari grein en eftir núgildandi lögum. Ef sækjandi biður sáttanefnd að kveðja verjanda í þeim málum, er hér verða nefnd, á sáttafund, er henni að vísu rétt að gera það, og leita sátta, ef varnaraðili gegnir kvaðningunni. En ef hann gerir það eigi, þá getur sáttanefnd ekki við málið átt, t. d. ekki úrskurðað það eftir 21. gr. b) frv., og útivist varnaraðilja varðar þá engum viðurlögum. Hinsvegar mundi nefndin þó geta kveðið upp úrskurð eftir 21. gr. frv. a).

1. tl. tekur bæði til mála um faðerni skilgetinna sem óskilgetinna barna (sbr. lög nr. 46/1921 — XVIII. kafla frv. — og lög nr. 57/1921).

2. tl. Þau mál, er þar greinir, eru nú flest einkalögreglumál, og dómari leitar því sátta, sjá lög nr. 11/1927, 22. gr. og lög nr. 22/1928 30. gr. Og er að því leyti engin breyting í þessum tl. fólgin. En reglan í tl. gildir yfir höfuð um *öll* einkamál út af námssamningum, er til dómstóla koma og eigi kynni að vera öðruvísi um mælt í lögum.

3. tl. tekur fyrst og fremst til allra þeirra, er í lögum nr. 28/1930 og lögum nr. 15/1931 greinir. En hann tekur til miklu fleiri: verkafólks hjá bændum og jarðyrkjendum og verkamanna hjá útgerðarmönnum, sem eigi eru lögskráðir á skip — í þeirra málum leitar sjó- og verzlunardómur sátta — og eigi eru *daglaunamenn,* svo og til verzlunarmanna almennt. Þetta fólk þarf flest að koma kaupkröfum sínum fljótt og kostnaðarlítið fram, og því þykir rétt að greiða fyrir því, að málarekstur út af þeim verði sem greiðastur og kostnaðarminnstur.

4. tl. þarf eigi skýringar. Sbr. XVI. kafla frv.

5. tl. Þar sem hafa má varnarþingsreglu 83. gr. frv. væri mjög óhagstætt að þurfa að leita sátta fyrir sáttamönnum við hvern varnaraðilja. Það virðist því einsætt að fela dómara sáttatilraun í þessum málum.

6. tl. Þessum málum þarf sérstaklega að flýta, og er sáttatilraun því falin dómara.

7. tl. Hefir að geyma reglu gildandi laga.

8. og *9. tl.* Sáttatilraun er hér falin dómara af tveimur ástæðum: til þess að aðalmálið þurfi eigi að tefjast framar en óhjákvæmilegt er, og af því að dómari er orðinn kunnugur aðalmálinu og stendur því miklu betur að vígi um sáttaumleitun en sáttamenn.

10. tl. Víxilmál og tékka eru nú undanþegin sáttatilraunum yfirleitt, lög nr. 2/1883, 2. gr., sbr. lög nr. 93/1933, 95. gr. og lög nr. 94/1933, 72. gr. En það virðist engin ástæða til að undanþiggja þessi mál sáttatilraun *dómara,* því að hún þarf engum töfum að valda, og þessi mál eru oft líkleg til sátta. Alveg sama máli er að gegna um skuldabréfamálin samkvæmt 3. tl. 207. gr.

11. tl. Þar sem aðiljar hafa, *áður* en málið var *þingfest*, komið sér saman um að forðast tafir og kostnað af sáttaumleitun fyrir sáttanefnd, virðist eðlilegt að leyfa þeim að leggja málið beint undir sáttatilraun dómarans. Samningurinn getur verið munnlegur, ef hann er aðeins viðurkenndur eða sannaður fyrir dómara, þegar mál er þingfest, en hinsvegar er eigi nægilegt, að hann sé gerður eftir þingfestingu.

12. og *13. tl.* hefir að geyma reglur gildandi laga. Sjá lög nr. 41/1919, 8. gr. og lög nr. 39/1921, 90. gr.

14. tl. Þessi mál eru nú sum gestaréttarmál, sjá lög nr. 77/1921, 20. gr., 26. gr., 6. mgr., 52. og 59. gr., lög nr. 52/1925, 9. gr. og lög nr. 18/1927, 12. og 21. gr., og önnur eru svo löguð, að dómari stendur stórum betur að vígi að koma sáttum á en sáttamenn, sem tíðast munu lítið skynbragð bera á sakarefnið, enda fari þau eigi til sjó- og verzlunardóms.

15. tl. Þegar svo er ástatt sem hér segir, er sáttatilraun fyrir sáttanefnd sjáanlega þýðingarlaus, og því eigi ástæða til að gera hana að skilyrði fyrir dómsmeðferð á málinu.

16. tl. Þegar galli á sáttatilraun stafar af skakkri aðferð sáttamanna eða synjun um að leita sátta, þá er lítil sanngirni í því að vísa máli frá dómi. Og því er hér stungið upp á því, að dómari leiti sátta, þegar svo stendur á, ef sækjandi krefst þess.

Um 6. gr.

Þegar sáttamenn úrskurða mál, þá er einsætt, að reglur um löghæfi dómara hljóti að gilda um þá. Þykir rétt að taka þetta berum orðum fram, en það var eigi áður gert í lögum, sbr. lög nr. 32/1911, 5. gr.

Þegar sáttanefnd fer með *sáttastarf eingöngu*, eru reglur um löghæfi þeirra í tilsk. 10. júlí 1795, 47. gr. og tilsk. 20. jan. 1797, 34. gr. Hér eru settar nokkru fyllri reglur um þetta, sem eigi virðist þurfa að skýra. Þess skal aðeins geta, að hvenær sem sáttamenn víkja báðir, þá er einsætt, að báðir varamennirnir taki sæti í stað þeirra.

Um 7. og 8. gr.

Í 8. gr. er frestur styttur frá því, sem nú er, sjá tilsk. 10. jan. 1797, 23. gr., og er það í samræmi við ákvæði bæði nýrri núgildandi laga og fyrirmæli 99. gr. frv. Annars er efni greinanna í öllu verulegu í samræmi við gildandi reglur.

Um 9. gr.

Er að mestu í samræmi við gildandi reglur, sbr. tilsk. 10. júlí 1795, 38. gr., tilsk. 20. jan. 1797, 25. gr. og kgsbr. 19. okt. 1798. Ákvæði c-liðs munu þó vera nokkru rýmri en nú er. Það eru eftir honum forföll, ef aðili *verður af vinnu*, t. d. daglaunamaður af vinnu á „eyrinni“, eða ef aðili mundi bíða tjón á hagsmunum sínum, efnalega eða með öðrum hætti, t. d. ef hann skyldi verða af einhverjum annarskonar höppum eða hlunnindum, ef hann yrði sáttafundardaginn að vera í umdæminu og sækja sáttafund, eða ef hann hefði siðferðislega skyldu eða félagslega til að fara brott og verða fjarverandi sáttafundardaginn, t. d. brúðkaup, jarðarför o. s. frv.

Um 10.—12. gr.

Eru í samræmi við gildandi reglur. Sbr. tilsk. 1795, 38. og 39. gr. og tilsk. 1797, 25. og 26. gr. Þó er eftir 10. gr. jafnheimilt að senda málflutningsmenn sem aðra á sáttafund. Það er víst engin reynsla fyrir því nú á dögum, að málflutningsmenn spilli sáttum, heldur mun mega segja, að þeir dragi fremur saman sættir en flestir aðrir menn. Ennfremur er það nú miðað við fjarlægð heimilis aðilja frá fundarstað, hvort hann er skyldur að sækja fund sjálfur, en eigi við búsetu hans í sáttaumdæmi, eins og gert er í tilsk. 1795, 38. gr., tilsk. 1797, 25. gr. og kgsbr. 1798.

Um 13. gr.

Er í samræmi við gildandi reglur og framkvæmd þeirra. Sbr. tilsk. 1795, 40. og 41. gr., og tilsk. 1797, 27. og 28. gr.

Um 14. gr.

Þykir eigi þurfa skýringar að öðru leyti en því, að það er almennt þarflaust og víst nær aldrei tíðkað að afla gagna um málsatriði áður en sáttatilraun er lokið, og því eigi ástæða til að skylda dómara til slíks, nema sáttamenn hafi frestað máli í því skyni. Ástæðan er ekki sú, að vitnaleiðsla t. d. sé talin óleyfileg út af fyrir sig um kröfu, sem eigi er lokið sáttatilraun um, heldur að vitnaleiðsla sé venjulega óþörf og gagnaðili geti því mótmælt framgangi hennar.

Um 15.—18. gr.

Eru í samræmi við gildandi lög og fræðisetningar um þýðingu sátta. Sbr. tilsk. 1795, 43. gr. og tilsk. 1797, 30. gr. og 1. gr. aðfararlaganna.

Um 19. gr.

Þótt um það hafi verið nokkuð skiptar skoðanir, að hve miklu leyti reglur laga um aðferð sáttamanna og fundarhöld þeirra giltu um aðferð dómara, þá virðist einsætt, að leyndarskyldan nái einnig til lýsingar á málavöxtum og tilboða, sem kynnu að koma fram fyrir dómi. Löggjafinn hefir sett þá reglu til þess að aðiljar yrðu fremur laðaðir til sátta. Ástæðan fyrir henni gildir því engu síður um sáttatilraun fyrir dómi en ella.

Um 20. gr.

Það hefir orkað tvímælis meðal fræðimanna og lög hafa fáar reglur um það haft, hvernig sá skyldi að fara, sem eigi vill hlíta úrlausn sáttamanna, t. d. synjun um að víkja sæti, synjun um að taka mál til meðferðar o. s. frv. Hér er orðuð sú leið, að kæra til héraðsdómara með svipuðum hætti og kæra má gerðir dómara annars eftir frv. Þess skal hér aðeins getið, að þessi gr. tekur einnig til úrskurða sáttamanna, þegar þeir fara með úrskurðarvald samkvæmt 21. gr. o. s. frv., þeirra, sem þeir kunna að kveða upp í meðferð málsins, t. d. um frest.

Um 21. gr.

Reglunum um skilyrði fyrir úrskurðarvaldi sáttamanna er haldið í aðalatriðum, sbr. lög nr. 32/1911 og lög nr. 20/1931. Nánari skýring er gefin á því,

hvaða kröfur sáttamenn megi úrskurða. Það eru aðeins *peningakröfur*, en ekki kröfur um annað, og aðeins peningakröfur borgaralegs eðlis og skattgjaldskröfur, er greiðast eiga í peningum. Það er ef til vill ekki vafalaust, hvort sáttamenn mega nú úrskurða slíkar kröfur eftir lögunum. En ástæða getur verið til að veita þeim heimild til þess, t. d. ef lögtaksréttur skattkröfu fyrnist, svo að höfða verður mál til innheimtu kröfunnar.

Af tilvikum þeim, er undan úrskurðarvaldi sáttamanna eru dregin, eru tvö hin fyrstu samkvæmt gildandi lögum. Um 2. tölul. athugast, að mál, þar sem krafa hefir verið tryggð með kyrrsetningu eða lögbanni, þarf samkvæmt 5. gr. frv. ekki að leggja til sátta fyrir sáttamönnum, heldur fyrir dómara. En *ef* sækjandi skyldi koma með málið fyrir sáttamenn og jafnvel þótt varnaraðili sæki sáttafund, geta sáttamenn ekki úrskurðað málið eftir b-lið. Hinsvegar mundu þeir geta úrskurðað eftir a-lið. — Tilvikin í 3. og 4. lið eru ný. 3. liður á við, ef varnaraðili kemur fyrir sáttamenn, viðurkennir að vísu kröfu, en segist ekki telja sig eiga að svara til hennar á þeim stað — vörn byggð á varnarþings-skekkju. 4. liður getur komið til greina einkum, ef varnaraðili sækir ekki sáttafund. Málsútlistun sækjanda getur verið svo óskýr, að sáttamenn sjái sér varla eða ekki fært að kveða upp úrskurð. Og er þá einsætt, að þeir vísa frá sér máli til aðgerðar dómstóla. Og jafnvel þó að dómstóll telji sáttamenn mundu hafa getað úrskurðað mál, þá skal hann *aldrei* vísa því frá sér af þeirri einni ástæðu.

Í gildandi lög vantar alveg reglu um *gagnkröfur* í þessu sambandi. Það væri ósanngjarnt, ef verjandi gæti ekki komið að óvéfengdum gagnkröfum til skuldajafnaðar, og því er honum veitt heimild til þess. Úrskurðar þá sáttanefnd gagnkröfu að því leyti, sem hún skal ganga upp í aðalkröfu. En afganginn getur nefndin ekki úrskurðað, nema eigandi kröfunnar hafi einnig stefnt um hana til sáttamanna, eða aðalsækjandi samþykki, að sáttamenn kveði upp sjálfstæðan úrskurð um gagnkröfuna. — Þegar ágreiningur er um gagnkröfu, og ekki verður vist talið, hvort hún er rétt eða röng, þá verður ekki annað fyrir hendi en að vísa öllu málinu til aðgerða dómstólanna. Ef mótmælt gagnkrafa má teljast fullsönnuð, þá getur eiganda hennar verið gert rangt til, ef aðalkrafan er úrskurðuð, en gagnkrafan ekki, og því er sáttamönnum heimilað að kveða upp úrskurð um mótmælta, en ótvírætt sannaða gagnkröfu. Og þó að sáttamönnum kunni að geta missýnzt um sönnunaratriðið, þá er það ekki annað en það, sem alltaf getur komið fyrir dómanda, enda má þá áfrýja úrskurði samkvæmt 26. gr. frv.

Um 22. gr.

Að jafnaði eru mál þessi svo einföld, að ekki verður þörf á að veita fresti. En það *getur* þó við borið, t. d. vegna mótmæltrar gagnkröfu, ágreinings um gjalddaga eða um loforð varðandi greiðslu vaxta o. s. frv. Þegar úrskurða skal eftir 21. gr. a) eða b. 1), verður ekki um varnir að ræða. Sáttamenn bóka þá kröfur og málsástæður aðilja og úrskurða samkvæmt þeim, ef þeim þykja efni standa til þess. Þegar þar á móti báðir sækja sáttafund, þá verður að bóka stuttlega kröfur, málsástæður og varnir, að svo miklu leyti

sem þær koma ekki fram í sáttakæru eða öðrum framlögðum skjölum. Það er í samræmi við önnur ákvæði frv., að sá flutningur máls, sem fram fer fyrir sáttamönnum, sé munnlegur, en að frá því megi þó víkja, ef sérstaklega stendur á, t. d. ef málefni skyldu vera sérstaklega óljós, svo sem margir smáir reikningsliðir, sem ekki hefðu verið útlistaðir nægilega í sáttakæru eða reikningi, o. s. frv.

Um 23.—25. gr.

Ákvæði 23. gr. eru í samræmi við reglu gildandi laga um afstöðu dómara, eftir því, hvort aðili mætir eða mætir ekki fyrir dómi. 24. og 25. gr. svara til 6.—8. gr. laga nr. 32/1911, en fullnægjufrestur nokkuð styttur, og er það í samræmi við þann tilgang frv., að mál lúkist svo fljótt sem kostur er.

Um 26. gr.

Fyrsta málsgr. er nýmæli í lögum, en væntanlega munu þó dómstólar fara svo að sem hér er mælt, ef því yrði að skipta. Það virðist rétt, að ályktun nefndar um að vísa máli til dómstóla verði ekki áfrýjað. Sú áfrýjun mundi venjulega einungis seinka málarekstrinum, og aðilja er ekki lakari úrlausn dóms en sáttanefndar á máli sínu.

Í 2. málsgr. er áfrýjunarfrestur styttur frá því, sem nú er (lög nr. 32/1911, 11. gr.), og er það einnig í samræmi við áðurnefndan tilgang frv. En það þykir þó henta, að veita héraðsdómara heimild til að veita áfrýjunarleyfi, og er þýðing slíks leyfis að öllu á borð við þýðingu áfrýjunarleyfis eftir hæstaréttarlögunum, sbr. lög nr. 112/1935, 27. og 28. gr.

Það virðist ekki vera ástæða til að láta aðrar reglur gilda um áfrýjun aðfarar eftir úrskurði sáttamanna en um aðför eftir öðrum heimildum. Áfrýjunarfrestur slíkrar aðfarar verður því samkvæmt 197. gr. frv.

Það er svo auðsætt, að sáttamenn skuli veita aðiljum eftirrit af því, sem fyrir þá hefir verið lagt, og úrskurðinum, að ekki hefir þótt þörf á að taka það sérstaklega fram. Það verður hagfelldast, að slík eftirrit verði höfð með svipuðu sniði og dómsgerðir. Sáttamenn rita á skjölin vottorð um framlagningu með venjulegum hætti og gefa síðan eftirrit af því öllu og svo bókun í einu lagi og í réttri röð, eins og dómari gerir, er áfrýja skal dómsathöfn.

3. málsgr. er í samræmi við 1. málsgr. 11. gr. laga nr. 32/1911. Þó er hér bætt við skýlausri heimild til að koma fram gagnkröfum í áfrýjunarmáli sáttanefndarúrskurða. Bókanir sáttamanna, sbr. 7. og 22. gr. frv., veita að sjálfsögðu fulla sönnun um það, sem fram hefir farið fyrir þeim, með líkum hætti og bókanir dómara á dómþingum, og þykir eigi ástæða til að láta nánar um það mælt.

Um 27. gr.

Eftir gildandi lögum fær sáttamaður 24 skildinga silfurs (eða 50 aura) fyrir útgáfu fyrirkalls til sáttafundar, 40 skildinga silfurs fá þeir báðir saman, ef sátt kemst á, en ekkert ella fyrir verk sitt, tilskipun 21. des. 1831 III. 1. gr. Ferðakostnað áttu þeir að hafa í öndverðu eftir tilsk. 20. jan. 1797, 41. gr., en talið hefir verið, að tilsk. 1831 hafi með þögninni afnumið þá reglu. Fyrir úr-

skurð fá sáttamenn 2 krónur hvor, ef krafa fer fram úr 50 kr., en 1 kr. ella, og fyrir eftirrit 50 aura fyrir hverja hálfa örk, lög nr. 20/1931, 2. gr. Verður að telja þessa meðferð á sáttamönnum hraklega, enda er hún verri en á flestum eða öllum, sem inna af hendi samskonar borgaralegar kvaðir, og á annað borð er nokkuð greitt fyrir. Öll sanngirni virðist því mæla með því, að bæta kjör sáttamanna að verulegu leyti. Fyrst og fremst tekur þetta til *ferðakostnaðar*. Það er með öllu fráleitt, að sáttamaður skuli sjálfur eiga að kosta ferðalög til sáttafundar og frá honum. Sama er að segja um það, að hann skuli ekkert *dagkaup* fá, þegar hann þarf að vera fjarvistum frá heimili sínu vegna starfans. Þetta gildir þó aðeins þar, sem ferðin er svo löng, að einhverju þurfi til hennar að kosta, og fjarvistin lengri að mun en sú dvöl, sem fer til sáttafundarins sjálfs. Því er lagt til, að sáttamenn í kaupstöðum og að sáttamaður, sem heldur fundinn á heimili sínu, fái aðeins gjald fyrir *starf* sitt, og þá án tillits til þess, hvort sátt kemst á eða ekki.

Um 28. gr.

Sbr. tilsk. 1795, 51. gr., tilsk. 1797, 37. gr. og kancellíbr. 19. jan. 1799.

Um II. kafla.

Hér er safnað hinum almennu reglum um héraðsdómara. Landinu er sem stendur skipt í *16 lögsagnarumdæmi* í sveitum og kauptúnum (sýslur) og 8 *kaupstaði*, eða alls 24 lögsagnarumdæmi (jurisdiktionir). Þar að auki eru tvö kauptún sérstök lögregluumdæmi, Akranes (lög nr. 22/1929) og Bolungavík (lög nr. 14/1934), og heimild til þess að fara með Keflavík á sama hátt (lög nr. 16/1934). Héraðsdómararnir eru þó ekki svo margir. Því að bæjarfógetinn í Hafnarfirði er jafnframt dómari í Gullbringu- og Kjósarsýslu, bæjarfógetinn á Ísafirði jafnframt dómari í Ísafjarðarsýslum, bæjarfógetinn á Akureyri dómari í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Seyðisfirði einnig dómari í Norður-Múlasýslu. Auk þess kemur lögreglustjórinn í Reykjavík, sem hefir dómsvald í opinberum málum. *Héraðsdómarar landsins eru því nú 25.* Svo hefir lögreglustjórinn á Akranesi *dómsvald í lögreglumálum* og lögreglustjórinn í Bolungavík *fógetavald almennt og dómsvald í lögreglumálum*, og sama verður um Keflavík, ef lögin um hana verða framkvæmd.

Það er ekki hlutverk nefndarinnar að koma með tillögur til breytinga á skipun lögsagnarumdæma. Það er gert ráð fyrir þeirri skipun á þeim, sem nú er. Hinsvegar er gert ráð fyrir því, að reglurnar um meðferð dómsmála í héraði þurfi ekki að taka breytingum, þó að staðartakmörkum lögsagnarumdæma yrði breytt, eða þó að lögsagnarumdæmum yrði fækkað eða fjölgað. Það verður ekki séð annað en að málameðferðin hljóti að verða hin sama fyrir því. Það yrði aðeins *annar dómari*, sem þá fer með mál, en ef engin breyting hefði orðið. Það er yfirleitt gert ráð fyrir sömu dómaskipun, sem nú er.

Í þessu sambandi er þó vert að minnast á *kenningar og tillögur um aðgreiningu dómsvalds og framkvæmdarvalds*. Slík aðgreining er komin á aðeins í Reykjavík að því er til lögmannsembættisins tekur, og þó ekki til fullrar

hlítar, því að enn eru nokkur umboðsstörf falin lögmanni (t. d. yfirfjárráð ólögráðra, hjónaskilnaðarleyfi o. fl.). En lögreglustjórinn í Reykjavík hefir jafnframt dómsvaldi í lögreglumálum einn alla stjórn lögreglunnar, svo að þar er umboðsvald og dómsvald falið sama manni. Og hefir sú skipun reynzt mjög vel. Það er, sem kunnugt er, gömul kenning, *að skilja beri umboðsvald og dómsvald,* einnig á fyrra eða fyrsta dómstiginu. Rökin fyrir þeirri kenningu eru tvenn: Í fyrsta lagi sjálfstæði dómaranna gagnvart umboðsvaldinu og í öðru lagi, að dómarar verði starfi sínu betur vaxnir, ef þeir hafa ekki önnur embættisstörf með höndum. Hvortveggja þessara röksemda mun í sjálfu sér vera rétt, enda mun mega segja, að þær séu almennt viðurkenndar í nágrannalöndum vorum. En ekki er þar með sagt, að það yrði breyting til bóta að öllu samanlögðu, þó að slíkri greiningu yrði á komið hér á landi. Tillögur hafa verið bornar upp í þá átt. Þær komu frá launamálanefndinni, er starfaði frá 1914—1916. En þær tillögur fengu mjög litla áheyrn, og voru þó bornar fram af mjög mikilsverðum mönnum. Ástæður fyrir því, að ekki hefir þótt gerlegt að koma á aðgreiningu umboðsvalds og dómsvalds hér á landi munu vera aðallega tvær: *Kostnaðarauki* og *óhagræði það,* er hún mundi skapa almenningi. Aðgreiningin mundi gera það að verkum, að skipa þyrfti nokkra héraðsdómara — varla færri en 6—8 utan Reykjavíkur. En þótt það væri gert, þá mundi það hinsvegar trauðla hafa í för með sér fækkun sýslumanna, að minnsta kosti ekki að neinu ráði. En kostnaðaraukinn virðist þó varla vera aðalatriði, heldur hin ástæðan. Landið er víðáttumikið og strjálbyggt. Hinir nýju héraðsdómarar yrðu að hafa yfirsókn um mjög víðáttumikil svæði, sennilega hver um sig mikinn hluta landsfjórðungs eða sem því svarar. Ferðalög dómaranna yrðu alldýr, ef þeir ættu að ferðast um til þinghalda oft á ári, og yrði varla hjá því komizt. Almenningi yrði almennt mjög erfitt og kostnaðarsamt að leita þeirra. Og áreiðanlega yrði slíkt fyrirkomulag fremur til að seinka meðferð dómsmála en að flýta. Almenningur er því vanur frá fornu fari, að leita til sýslumanna sinna með vandamál sín, einnig mál, er verða kunna lögð til dómstóla. Og almenningur á venjulega fremur auðvelt með að ná til sýslumanns síns. Af þessum ástæðum og svo því, hvernig tillögum launamálanefndarinnar 1914—1916 um þetta atriði var tekið, hefir ekki þótt fært að gera tillögur um breytingu í framannefnda átt.

Þó að frumvarp þetta varði ekki beinlínis annað en meðferð einkamála í *héraði,* að öðru en því, að það geymir fyrirmæli um kæru og áfrýjun til æðra dóms, þá skal þess þó getið, að gert er ráð fyrir þeirri skipun á dómstigunum, sem nú er. Er og víðast hvar talið nægilegt nú á dögum að hafa dómstigin aðeins tvö. Og víst er um það, að fjölgun dómstiganna í þrjú mundi valda miklum drætti á þeim málum, sem á annað borð yrði skotið til hæstaréttar. Færri málum yrði að vísu þangað skotið, að líkindum, en þar af leiddi aftur, að þar yrði ef til vill lítið að gera. Og víst er um það, að fjölgun dómstiga hlyti að hafa aukinn kostnað í för með sér bæði fyrir ríkissjóð og aðilja í málum þeim, sem fara um öll dómstigin þrjú. En hvernig sem dómstigunum kynni að verða komið fyrir framvegis, þá varðar það engu um efni þessa frumvarps. Ákvæði þess munu jafnt verða notuð, þó að dómstigum yrði fjölgað.

Um 29. gr.

Ef sú skipun á meðferð dómsmála, sem ráð er fyrir gert í IX. kafla frv., kemst á, mun ekki verða hjá því komizt, að tvo menn þarf til þinghalda og annara almennra dómarastarfa í Rvík. Einn dómari mun ekki geta komizt yfir þau störf. Tíminn verður að sýna, hvort fleiri dómenda verður þörf. Um verkaskiptingu milli dómara (lögmanna) í Reykjavík virðist hentast, að dómsmálaráðherra ákveði, og mun þar hentast að fá tillögur lögmanns þess, er þá verður í því embætti, er ákvæði frv. koma til framkvæmdar. Vera mætti, að komast mætti af með einum fulltrúa færra eftir að fjölgun lögmanna hefði fram farið, en þó skal ekkert um það fullyrt að svo komnu. Tíminn verður að skera úr því.

Hingað til hefir reglan verið sú, að minnsta kosti á pappírnum, að héraðsdómari héldi ekki dómþing utan lögsagnarumdæmis síns, nema setudómarar um dómsuppsögn, sbr. lög nr. 9/1927, 2. gr. Það er þó einsætt, að oft getur verið hagræði að því, að dómari haldi þing utan lögsagnarumdæmis síns, t. d. er leiða skal vitni utan þess lögsagnarumdæmis, sem aðalmálið er rekið í. Í máli, sem t. d. er sótt í Hafnarfirði, þarf að leiða vitni í Reykjavík, og er þá eflaust oft hentugt, að bæjarfógetinn í Hafnarfirði geti spurt vitnin fyrir dómi í Reykjavík.

Þriðja málsgr. þessarar greinar er í samræmi við 2. gr. laga nr. 9/1927. Ákvæði 4. gr. laga þessara um skyldu dómara til að gera aðiljum viðvart um dómsuppsögu er hér sleppt, því að almennt ákvæði um þetta er í 194. gr. 1. málsgr. frv.

Um 30. gr.

Skipun sérstaks dómara til að fara með umfangsmikil og vandasöm mál hefir tíðkazt frá fornu fari. Þetta hefir einkum verið hentugt, þegar þurft hefir að leita upplýsinga um málavöxtu í mörgum lögsagnarumdæmum, og svo, þegar mál hefir verið að einhverju leyti sérstaklega umfangsmikið og vandasamt. Og getur þetta ekki síður átt við skiptamál. En af því að kostnað leiðir af skipun sérstaks dómara, þá hlýtur það að vera undantekning, að almenni dómarinn verði leystur frá dómarastörfum af þessum ástæðum, og ekki, nema hann sjálfur óski þess. Þetta á einungis við einkamál. Um opinber mál geta almenningshagsmunir þar á móti heimtað, að sérstakur dómari sé skipaður, enda þótt hinn reglulegi dómari hafi ekki beiðzt eða óskað þess, en um þau mál verða tillögur væntanlega gerðar í öðru frumvarpi.

Um 31. gr.

Það þykir nú einsætt, að ríkissjóður leggi héraðsdómurum til skrifstofu eða húsaleigufé í því skyni. Hitt hefir ekki verið ákveðið enn, að ríkissjóður legði þeim til skrifstofugögnin, nema peningaskápa. En það þykir sjálfsagt, að ríkissjóður leggi hverju dómaraembætti til nauðsynleg skrifstofugögn, er svo fylgi embættunum, enda beri embættismaðurinn (dómarinn) auðvitað ábyrgð á meðferð þeirra og gæti þess, að þau verði tryggð við eldsvoða.

Um 32. gr.

Eftir lögum nr. 37/1911 má jafnt skipa konur sem karla í dómaraembætti. Og hefir ekki þótt nokkur ástæða til að taka það ákvæði í þetta frumvarp. Um dómaraskilyrðin nr. 1—6 þarf ekki að fjölyrða, því að þau eru hin sömu sem þau, er nú gilda, nema ef vera skyldi 25 ára aldursskilyrðið. Sbr. N. L. 1—5—1, stjskr. 16. gr., l. nr. 36/1911 o. fl. Eftir að lögaldur var færður niður í 21 ár, mun dómaraskilyrðið hafa breytzt í samræmi við það. En það virðist ekki of hörð krafa, þó að 25 ára aldur sé gerður að dómaraskilyrði almennt, því að naumast mun veita af þeirri lífsreynslu, sem 25 ára gamlir menn hafa aflað sér, til dómarastarfa. En auk þess má benda á, að naumast kemur til þess að skipa yngra mann en 25 ára í dómaraembætti, ef skilyrðunum í 7. tölul. verður haldið.

Það hefir hingað til tíðkazt, að lögfræðikandidatar hafa verið skipaðir í sýslumannsembætti alveg nýkomnir frá prófborðinu, án þess að þeir hefðu fengið nokkra æfingu eða reynslu. Þetta hefir ekki verið heppilegt. Mennirnir hafa ekki fengið þann þroska, sem nauðsynlegur má teljast til að fara með héraðsdómara- og sýslumannsembættin. Fyrrum, meðan ekki var kostur nægra lagamanna, varð ekki hjá þessu komizt. En nú er slíku ekki til að dreifa. Nú er nægur kostur lagamanna. Að vísu eru kandidatar í lögum frá háskóla vorum miklu betur að sér í íslenzkum lögum en kandidatar voru frá Kaupmannahafnarháskóla, en samt þurfa þeir æfingar við og lífsreynslu við ákveðin störf, áður en sýslumannsembætti og dómara sé þeim veitt. Og því hefir verið lagt til, að menn skyldu hafa unnið 3 ár að öðrum störfum áður en þeir gætu fengið skipun í þessi embætti. Um setta menn samkvæmt síðustu málsgr. þykir þar á móti ekki henta að setja viðaukaskilyrði þau, sem í 7. tölul. greinir. Svo er enn haldið þeirri heimild, sem fyrir venju hefir á komizt um bráðabirgðasetningu ólöglærðra manna í sýslumannsembætti. Í seinni tíð hefir þetta þó víst aðeins átt sér stað um reynda skrifstofumenn hjá sýslumönnum, og aðeins stuttan tíma. Með það fyrir augum, að setning ólöglærðra manna hljóti að vera alger undantekning og almenningi yfirleitt ekki hagfelld, er lagt til, að slík setning megi ekki lengur standa en 3 mánuði hverju sinni.

Um 33. gr.

Ákvæði greinarinnar eru yfirleitt í samræmi við gildandi reglur. Það þykir rétt að takmarka heimildina til að skipa ólöglærðan mann fulltrúa við sveitirnar. Í kaupstöðum á ekki að vera heimilt að skipa ólöglærðan mann, enda nógur kostur ungra lögfræðinga nú á dögum. Það er ef til vill breyting frá núverandi reglum, að fulltrúar megi, ef þeir hafa tekið lagapróf, einnig kveða upp úrskurði í sambandi við uppskriftargerðir, fógeta- og uppboðsstörf. En í raunínni hefir þetta tíðkazt, að minnsta kosti í Reykjavík.

Síðasta málsgr. er í samræmi við lög nr. 79/1919, 1. gr. Virðist ekki vera vandhæfi á því, að samskonar heimild, sem veitt er í Reykjavík samkvæmt þeim lögum, verði einnig látin ná til annara lögsagnarumdæma.

Um 34. gr.

Ákvæði 1. málsgr. eru í samræmi við það, sem nú er almennt talið gilda um bæði skaðabóta-ábyrgð og refsi-ábyrgð dómara. Það er og talin almenna reglan eftir gildandi rétti, að dómari verði einungis sóttur í æðra rétti til ábyrgðar vegna dómaraverka sinna. Og verður sú aðalregla einnig gildandi áfram eftir 2. málsgr. En það skal tekið fram, að krafa um ábyrgð á hendur dómara til skaðabóta verður einnig uppi höfð sjálfstætt. Má vel vera, að ekkert sé í sjálfu sér að setja út á þá niðurstöðu, sem dómarinn hefir komizt að, en hann hafi t. d. valdið aðilja tjóni með vítaverðum drætti á dómsuppsögu í málinu eða með öðrum hætti. Þá hefir aðili enga þörf á að áfrýja til breytingar niðurstöðu dómarans, heldur einungis til að bera skaðabótakröfu sína undir æðra dóm. Í héraði getur aðili komið fram skaðabótakröfu á hendur héraðsdómara a) í sambandi við refsimál og b) eftir að dómari hefir verið dæmdur til refsingar í opinberu máli fyrir meðferð sína á því máli, er hann er krafinn bóta hennar vegna. Það er ekki nægilegt, þótt dómari hafi verið sektaður eftir 3. málsgr. Það yrði almennt til hnekkis virðingu dómara, ef hann yrði sóttur fyrir og dæmdur af hliðsettum dómara til bóta eða refsingar fyrir dómstörf sín. Þegar svo mikið hefir að ávirðingum dómara kveðið í dómstörfum, að ákæruvaldinu þykir ástæða til að hefjast handa, þá gildir þessi ástæða ekki lengur, og því er þá heimilt að koma kröfunni fram í héraði.

Ákvæði 3. málsgr. um sektardóm eru í samræmi við gildandi rétt. En jafnframt er sett almennt ákvæði í stað hinna dreifðu ákvæða um sektir á hendur dómurum fyrir misferli í einstökum atriðum, er gildir þá við hlið 144. gr. hegningarlaganna.

Þar á móti hefir 4. málsgr. nýmæli að geyma. Það er auðvitað, að dómara ber að láta aðilja í té kærugögnin, eins og ella, enda er dómara rétt að senda æðra dómi athugasemdir sínar með venjulegum hætti samkvæmt 199. gr. frv. Vera má, að aðili telji sig ekki þurfa að fá dómsatriði breytt, en þyki sér þó þörf að láta æðra dóm meta einhverjar gerðir dómarans í sambandi við þá athöfn, og getur hann þá farið kæru-leiðina, nema hann krefjist skaðabóta. Þá verður hann að fara eftir 2. málsgr.

Aldrei verður dómari dæmdur til þyngri refsingar en sekta eftir 3. eða 4. málsgrein þessarar greinar.

Um 35. gr.

Í 1. og 3. málsgr. greinar þessarar eru, að því er telja má, allmikilsverð nýmæli. Ráðherra er á annan bóginn veitt heimild til að víkja héraðsdómara frá: 1) Ef hann telur dómara hafa misst almennu dómaraskilyrðin, eitt eða fleiri, sbr. 32. gr. frv. 2) Ef dómari þykir gegna starfinu óviðunandi og hefir ekki skipazt við áminningu ráðherra eða æðra dóms, og 3) Ef dómari hefir reynzt haldinn siðferðisbresti, er rýrir virðingu hans og álit, svo að ekki þykir hæfa, að hann gegni starfanum áfram. Eru þessi ákvæði auðvitað sett til tryggingar því, að sæmilegir menn, og aðeins sæmilegir menn, sitji í dómaraembættum. En framkvæmdarvaldið á ekki að hafa síðasta orðið um þetta, eins

og nú er oftast. Dómarar þurfa að vera svo sjálfstæðir að lögum sem unnt er gagnvart því. Þess vegna má það *aldrei* víkja héraðsdómara frá embætti að *fullu og öllu*. Til slíkrar frávikningar skal jafnan þurfa *dóm*. Og mál til þess að fá slíkan dóm skal framkvæmdarvaldið jafnan höfða svo skjótt sem unnt er eftir að það hefir vikið dómaranum frá um stundarsakir, nema hann biðjist þá lausnar frá embætti.

Þar á móti virðist aðstaða framkvæmdarvaldsins gagnvart dómurum samkvæmt 2. málsgr. og fulltrúum dómara mega vera áfram slík sem verið hefir, að því leyti til, að þessum starfsmönnum verði vikið frá starfa sínum að fullu og öllu. Hinsvegar virðist rétt að veita þeim sama færi sem héraðsdómurum almennt á að láta dómstóla segja til um það, hvort þeir hafi svo brotið af sér eða reynzt svo óhæfir eða misst skilyrðin annars, svo að þeir geti síðar meir sýnt vitaleysi sitt eða þær málsbætur, sem vera kunna í máli þeirra, ef þeir t. d. sækja um nýja stöðu hjá ríki eða einstaklingi. Annars eru ákvæði 3. málsgr. sumpart sett vegna þeirra manna, er í 2. málsgr. getur, og sumpart til þess að tryggja héraðsdómurum rétt sinn gagnvart framkvæmdarvaldinu, ef málssókn samkvæmt niðurlagi 1. málsgr. þætti dragast um skör fram.

Um 36. gr.

Hér eru reglur um það, hvenær dómari skuli víkja dómarasæti vegna sambands síns við einstakt dómsmál eða aðilja þess, vitni o. s. frv. Ákvæði 1. tölul. er í samræmi við gildandi reglur. Þótt dómari hafi sem *embættismaður* haft önnur afskipti af dómsmáli, t. d. ákveðið málshöfðun eða áfrýjun eða sem skiptaráðandi, þá þarf hann sjaldan að víkja þess vegna. Ef telja má, að hann hafi tekið einhverja sérstaka aðstöðu til málsins, sem veki grun um hlutdrægni, er öðru máli að gegna. Fer slíkt eftir ástæðum hverju sinni.

Ákvæði 2. og 3. tölul. eru í samræmi við 2. og 3. tölul. 7. gr. hæstaréttarlaganna. Í eins manns dómi er sízt ástæða til að gera minni kröfur til dómara að þessu leyti en dómara í fjölskipuðum dómi.

4. og 5. tölul. er og í samræmi við 4. tölulið 7. gr. hæstaréttarlaganna. Það er vitanlega ekki nægilegt, þó að dómara hafi verið *stefnt* til vitnisburðar eða þótt hann hafi t. d. mætt í máli og tekið frest í því. Ef dómarinn hefir gefið skýrslu um málsatriði eða hefir starfað að málinu þannig, að telja má, að hann hafi kynnt sér það einhliða, þá verður ástæða fyrir hann til að víkja dómarasæti í því.

Afstaða dómara til vitnis og matsmanns getur verið svo, að ekki sé rétt, að hann *dæmi mál*. En 5. liður á ekki beinlínis við þetta. Venzl dómara við vitni gera hann óhæfan til að úrskurða um skyldu þess eða heimild til að bera vitni. Og verður þá annar dómari að úrskurða að því leyti og ef til vill standa fyrir vitnaleiðslunni. Það fer aftur á móti eftir 7. tölul., hvort dómari muni þurfa að víkja sæti fyrir fullt og allt vegna sambands síns við vitni. Í 7. tölul., sem svarar til 6. tölul. 7. gr. hæstaréttarlaganna, er nokkurskonar almenn regla um vanhæfi dómara til meðferðar einstakra mála. Það er annars oft mjög vafasamt, hvort dómara beri að víkja sæti eða ekki. Ef engin ytri (objektiv) atriði liggja fyrir, þá verður það samvizkusök dómarans, hvort

hann víkur eða ekki, t. d. kali til aðilja, er ekki hefir opinberlega komið fram. Og verða litlar leiðbeiningar um þau efni gefnar.

Um 37. gr.

Dómari *getur* alltaf vikið af sjálfsdáðum (ex officio), ef honum virðist ástæður til þess vera fyrir hendi. En honum er ekki *skylt* að gera það eftir berum orðum greinarinnar, nema þegar slík venzl eða samband við málið eiga sér stað sem í 1.—6. tölul. 36. gr. segir, og með þeim fyrirvara, sem nefndur var í sambandi við 6. tölul. Annars er það í framkvæmdinni venjan, að dómari víkur ex officio. Hitt er sjaldan, að hann bíði þess, að aðili krefjist þess, svo framarlega sem dómara þykir nokkur ástæða fyrir sig til að víkja. Það hefir verið föst venja í Reykjavík og væntanlega víðar, að hinn reglulegi dómari færi með málið, þar til það hefir verið tekið til dóms eða þar til kveða hefir þurft upp úrskurð í því, þegar ekki hefir verið svo ástatt, að hann ætti tvímælalaust að víkja ex officio, nema aðili hafi krafizt þess, að hann viki fyrr. Þessi venja er látin haldast, nema mál sé munnlega flutt. Þá verður hentast, að dómari víki þegar sæti.

Það er nýmæli, að úrskurði dómara um, að hann víki sæti, verði ekki áfrýjað. Það er fyrst og fremst óviðfelldið, að dómari verði píndur með úrlausn æðra dóms til að dæma mál, sem hann telur sig sjálfur ekki eiga að dæma, og í öðru lagi verður ekki sagt, að hallað sé rétti þess aðilja, sem óánægður var með úrskurð dómarans. Hann fær annan hæfan dómara, og frekari rétt hefir hann ekki gagnvart ríkisvaldinu. Þar á móti er einsætt að leyfa áfrýjun á synjun dómara um að víkja sæti, því að hún getur reynzt röng, og þá væri aðilja gert rangt til, ef hann skyldi sitja með vilhallan dómara. Hinsvegar þykir hæfa að fara hér kæru-leiðina, svo að aðalmálið þurfi sem skemmst að tefjast.

Um III. kafla.

Hér er safnað reglunum um þinghöld, þingbækur og þingvotta.

Um 38. gr.

Í N. L. 1—3—1 er ákvæði um hald bæjarþinga og í tilsk. 15. ágúst 1832, 2. gr., tilsk. 24. apríl 1833, 3. gr., og lögum nr. 68/1921, og víðar eru reglur um manntalsþingin. Það virðist mega setja sameiginlega reglu um hald bæjarþinga í öllum kaupstöðum landsins. Það er haganlegra almenningi, að ákveðið bæjarþing sé í hverjum kaupstað, bæði vegna einkamála, þinglýsinga og annars, heldur en að þar sé eitt manntalsþing á ári og svo aukaréttir, þegar á þarf að halda. Hinsvegar þykir ekki ástæða til að ákveða, hversu oft bæjarþing skuli heyja, nema að þau skuli haldin einu sinni í viku, ef mál eru fyrir hendi, þar á meðal þinglýsingar. Það er líklegt, að ekki þurfi oftar að heyja bæjarþing í sumum kaupstaðanna, en í Reykjavík mun þess áreiðanlega þurfa. Nú má segja, að hér séu föst dómþing þrjá daga í viku, bæjarþingið á fimmtudögum og sjódómur og gestaréttur aðra daga, sinn daginn hvor. Þegar munnlegur málflutningur kemst á, verður ekki hægt að lúka jafnmörgum málum á

degi og nú eru fyrir tekin, en þinghöldin í hverju einstöku máli ættu hinsvegar að geta orðið miklu færri. Allt um það munu þó þinghöld í flestum málum taka lengri tíma en samanlögð þinghöld í samskonar málum eftir núgildandi reglum. Þess vegna verður að gera ráð fyrir því, að þing verði oftar að heyja í Reykjavík með skipulagi frumvarpsins á meðferð dómsmála en nú þarf. Reynslan verður að skera úr þessu atriði til þrautar, og getur þá dómsmálaráðherra ákveðið bæði tölu lögmanna og tölu þinghalda, eftir því sem þörf krefur.

Um manntalsþingin utan kaupstaða er ætlazt til, að gamla reglan haldist. En ef einhversstaðar þætti heppilegt að fjölga þessum þingum, er ráðherra fengið vald til þess.

Það er nýmæli, að ráðherra geti ákveðið þingleyfi í kaupstöðum 1—2 mánuði á sumrin. Raunverulega hefir nú um allmörg ár verið þingleyfi í Reykjavík júlí og ágúst sumar hvert, en aðeins með samkomulagi dómara og málflutningsmanna.

Um 39. gr.

Það er nú að vísu almenn regla, að dómþing skuli heyja í heyranda hljóði. En þar sem málflutningur er skriflegur, verður þetta meira í orði en á borði. Reglunni um opinberan málflutning verður haldið, svo lengi sem húsrúm leyfir, þar sem þing eru haldin í húsum, sem til almenningsnota eru ætluð. En nú eru aukaréttir einatt haldnir utan Reykjavíkur í húsum einstakra manna. Og er auðsætt, að þeir verða ekki skyldaðir til að þola þar návist annara manna en þeirra, sem þar eru nauðsynlegir þinghaldsins vegna (dómari, þingvottar, aðiljar, vitni, matsmenn). Reglan um opinberan málflutning getur því ekki gilt til hlítar, nema þar sem hús, sem til almenningsnota eru ætluð, eru höfð til þinghalds. Og hún verður hvervetna að sæta þeim takmörkunum, sem í 1. málsgr. segir. Dómari verður að hafa lögregluvald til verndar ró og velsæmi í þingsal, og því verður að heimila honum að halda þing fyrir luktum dyrum eða að vísa einstökum mönnum út úr þingsal, ef návist þeirra horfir til truflunar eða raskar velsæmi. Svo getur málefnið verið svo vaxið, að sjálfsagt sé að heyja þing fyrir luktum dyrum, t. d. barnsfaðernismál. Og þó að þing sé háð fyrir luktum dyrum, getur verið ástæða til að banna þeim, sem við verða að vera staddir, að skýra í orðum, myndauppdráttum eða á annan hátt frá því, sem gerist á þinginu, eða þeim atburðum, sem þar kann að vera skýrt frá.

Enn er það berum orðum sagt í síðustu málsgr., að ákvæði greinarinnar taki einnig til fógeta-, skipta- eða uppboðsgerða. Dómari á því einnig að hafa sama vald sem ella, þegar hann stendur fyrir þessum dómsathöfnum, eftir því sem við á. En þær eru mismunandi. Eftir eðli sínu eru uppboðsgerðir mjög svo opinberar dómsathafnir. Þykir oftast bezt, að sem flestir sæki þær. Þar á móti er oft bezt, að sem fæstir óviðriðnir menn sæki skiptafundi og fógetagerðir.

Um 40. gr.

Ákvæði hennar eru í samræmi við gildandi reglur og framkvæmd þeirra. Sbr. lög nr. 32/1914.

Um 41. gr.

Það er með öllu nauðsynjarlaust að hafa meira en tvo þingvotta á bæjarþingum eða manntalsþingum — nú eru þeir samkvæmt 24. gr. tilsk. 3. júní 1796 4 — og er því lagt til, að þeir verði jafnan aðeins tveir, eins og nú er á aukadómþingum samkvæmt 36. gr. tilsk. 3. júní 1796. Það hefir stundum verið fundið að því, ef dómari hefir haft nána vandamenn sína fyrir þingvotta, og er því sett regla um þetta atriði. Einnig þykir það sannlegra, að þingvottar fái kaup eftir þeim tíma, sem starfinn tekur þá hverju sinni, en ákveðið fyrir hvert mál, sem fyrir er tekið, enda væri slík tilhögun ekki sanngjörn, þar sem mál er munnlega flutt og kynni því að taka langan tíma. Dómarinn verður að ætlast hæfilega á um það, hvert gjald skuli taka af aðilja hverju sinni til greiðslu þingvotta, nema svo sé, að reiknað verði að þinghaldi eða að máli loknu, hversu langan tíma meðferð máls hafi tekið.

Um 42. gr.

Bókanir, sem aðeins hafa að geyma yfirlýsingar dómskapaeðlis, svo sem samþykki um frest eða lán málsskjala, kröfur eða útlistun málsástæðu, mótmæli o. s. frv., virðist vera ónauðsynlegt, að aðiljar undirriti. Bókun, upplesin og staðfest af aðilja í áheyrn þingvotta, á að vera full sönnun fyrir því. Loforð eða skuldbindingar borgaralegs eðlis, t. d. sátt, er þar á móti rétt, að aðiljar undirriti.

Um 43. og 44. gr.

Það heyrast ekki sjaldan kvartanir um það, þegar málum er áfrýjað, að dráttur hafi orðið á afgreiðslu dómsgerða hjá héraðsdómurum. Með ákvæðum 44. gr. ætti að mega laga þetta að nokkru, en annars eru hér tveir aðiljar: Sá, er eftirrits beiðist, og héraðsdómarinn. Með reglum 44. gr. hefir málsaðili tök á því að koma með léttu móti fram ábyrgð á hendur héraðsdómara, ef óhæfilegur dráttur verður á eftirriti.

Um IV. kafla.

Í lögum eru tiltölulega fá og dreifð ákvæði um efni þau, er í þessum kafla greinir. Hafa fræðimenn helgað þessum efnum margskonar hugleiðingar og reynt að mynda reglur um þau. Og svo hafa dómstólar við og við skorið úr ýmsum þeirra atriða, sem hér skipta máli. Fyrsta atriðið er það, *hver geti verið aðili sakar (aðildarhæfi)*. Er þá tekið fyrst einfaldasta tilvikið, að *einn* sé aðili (45. gr.) og því næst þau tilvik, *er fleiri eiga saman réttindi* eða *bera saman skyldu (samaðild.* Litis consortium) (46. gr.). Og síðan greinir um það tilvik, er *fleiri menn en einn eru sóknaraðiljar eða varnar, án þess að samaðild sé* (subjektiv kumulation) annaðhvort frá upphafi málshöfðunar (47. gr.) eða *nýr aðili kemur í málið við hlið hinna eftir þann tíma* (adcitation, 48. gr., og intervention, 50. gr.). Þá geta orðið *aðiljaskipti eftir þingfestingu máls bæði sóknar-megin* (53. gr.) *og varnar* (54. gr.). Svo hefir verið tekið í þennan kafla ákvæði um *gagnkröfur* (49. gr.) og um *tilkynning sakar* (litis denuntiatio) til manna, er að formi til standa utan við málið. Ákvæði 49. gr. frv. hefði

þó ef til vill verið réttara að setja á annan stað. Um einstakar greinar kaflans athugast:

Um 45. gr.

Þar sem mannfrelsi ríkir, verður aðalreglan sú, *að allir lifandi menn geti átt sakaraðild*, átt réttindi og borið skyldur. Enginn getur almennt verið undanskilinn. Þar af leiðir vitanlega ekki, að *allir* geti haft hvaða réttindi, sem vera skal, eða borið hvaða skyldu, sem vera skal. Og svo er það, hverir *sjálfir* geti farið með rétt sinn og svarað til skyldna sinna fyrir dómi. Um það segir í V. kafla. Það er og annað atriði, *yfir hverjum dómstólar landsins eiga lögsögu*. Höfuðreglan verður auðvitað að vera sú, að þeir eigi lögsögu í *einkamálum* yfir hverjum aðilja, sem samkvæmt varnarþingsreglunum verður stefnt til þess að sæta dómi hér á landi, svo og yfir sóknaraðilja, þótt *ekki* sé almennt svo ástatt um hann, að því leyti sem gagnsakir, málskostnað og réttarfarssektir varðar. Um *refsimál* er vald dómstólanna aftur á móti víðtækara. Þeir eiga almennt lögsögu yfir hverjum manni, sem sakaður er um að hafa framið refsivert brot í landi eða landhelgi, og jafnvel yfir íslenzkum þegnum fyrir brot framin utan þeirra endimarka, sbr. 4.—6. gr. alm. hegningarlaga.

En undan lögsögu dómstóla eru ýmsir teknir, sem annars kynnu að sæta hér dómi í einkamáli eða fyrir refsiverð brot samkvæmt því, er nú hefir verið sagt. Byggjast sumar undantekningarnar á *landslögum beinlínis* og aðrar á *þjóðaréttarreglum*, sem hvert siðað ríki verður að viðurkenna í réttarskipun sinni. Eftir landslögum beinlínis er konungur, og konungsætt að nokkru, undanþeginn lögsögu íslenzkra dómstóla, sbr. N. L. 1—2—1 og 10. gr. stjórnarskrárinnar. Eftir þjóðarétti eru erlendir þjóðhöfðingjar og sendiherrar, ásamt fjölskyldu og þjónustufólki, hermenn undir heraga og ræðismenn að nokkru, að meira eða minna leyti, undanþegnir lögsögu íslenzkra dómstóla, enda þótt þeir skyldu sæta henni annars eftir landslögum. Og er í lok greinarinnar átt við þessi tilvik.

Það var fyrrum nokkuð á reiki, hvort aðildarskortur skyldi varða frávísun eða sýknu, en nú er það almenn regla, að sýkna skuli. Sbr. þó aths. við 46. gr.

Um 46. gr.

Þegar ekki stefna allir eða ekki er öllum stefnt, sem eiga samaðild, mætti vel orða það, að sýkna skyldi vegna aðildarskorts, eins og þegar einn er aðili. En sá er hér munurinn, að þeir, sem taka þátt í sókn máls eða vörn, eiga réttinn eða bera skylduna eða telja sig gera það, en aðeins í félagi við fleiri aðilja. Má því ef til vill jafnframt segja, að þá skorti umboð samaðilja sinna til málshöfðunar og málsmeðferðar. Það væri því ekki allskostar viðkunnanlegt, ef sýknað væri, þegar einhvern samaðilja vantar til sóknar eða varnar. Þess vegna virðist vera hentara að vísa máli frá dómi, enda er engum gert rangt til með því.

Annars rísa ýms vandasöm og vafasöm atriði í sambandi við samaðild. Fræðimenn hafa reynt að gera ýmsar tillögur um lausn þeirra, og hefir greinin að geyma nokkrar slíkra lausna. Auk þess má í þessu sambandi benda á varnarþingsregluna í 83. gr., sem bæði á við samaðilja (litis consortes) og önnur til-

vik, þar sem sækja má fleiri menn en einn í sama máli (subjektiv passiv kumulation). Önnur vafamál, er verða kynnu í meðferð samaðildar-mála, munu dómendur venjulega geta leyst eftir analogíu eða eftir anda þessara ákvæða.

Um 47. og 48. gr.

Eru í samræmi við gildandi lög, sbr. kgsbr. 3. jan. 1755, og álit fræðimanna.

Um 49. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við þær reglur, sem hingað til hefir um langan aldur verið eftir farið, að því undanteknu, að ætlazt er til þess, að ekki þurfi að gagnstefna, þótt krafa sé uppi höfð til skuldajafnaðar aðeins. Það virðist fullkomlega ástæðulaust að heimta gagnstefnu til þess að koma megi kröfu að aðeins til skuldajafnaðar — sú krafa er ekki annað en sýknukrafa í eðli sínu —, en sú hefir verið aðalreglan. Þegar þar á móti krafizt er sjálfstæðs dóms um afganginn eða alla kröfuna, þá verður auðvitað að gagnstefna eftirleiðis sem hingað til.

Um 50. gr.

Í erlendum lögum, t. d. dönskum og þýzkum, er greint milli tvennskonar *meðalgöngu* þriðja manns í dómsmál: *Aðalmeðalgöngu* (Hovedintervention) og *aukameðalgöngu* (Biintervention). Þegar þriðji maður gerir beinlínis kröfu um, að honum verði dæmdur réttur sá, sem um er deilt, þá kemur hann fram sem sjálfstæður aðili, og er þá talað um aðalmeðalgöngu. En ef þriðji maður gerir ekki slíka kröfu, heldur krefst þess aðeins, að ekkert verði ákveðið í dómi, er skert geti rétt hans lagalega eða raunverulega, þá er meðalgangan nefnd aukameðalganga. Það er vafasamt, hvernig afstöðu þriðja manns til málsins skuli vera varið til þess, að honum sé rétt — ef til vill gegn mótmælum beggja upphaflegu aðiljanna — að ganga þannig inn í mál. Ef dómur verður einnig bindandi fyrir hann, sem sjaldan verður, þá er honum ótvírætt rétt að ganga inn í mál, t. d. ef A, sem er sonur B, hefir höfðað mál út af meiðyrðum um B látinn, þá getur hinn sonurinn T eflaust gengið inn í það mál, því að dómur í því er sjálfsagt bindandi fyrir hann. Hann getur ekki fengið annan dóm um það efni, þótt hann höfðaði mál af nýju. En þótt dómur verði ekki beinlínis bindandi fyrir þriðja mann, þá geta úrslit málsins haft raunverulega þýðingu fyrir hann á ýmsan veg. Ef t. d. A höfðar mál til viðurkenningar eignarrétti sínum að jörð, þá getur hann, eftir að hann hefir fengið viðurkenningardóminn, ráðstafað eigninni með fullri heimild að formi til, og þriðji maður kynni því að glata sínum betra rétti. Hér mundi því þriðja manni verða leyfð meðalganga gegn mótmælum jafnvel beggja aðilja. En annars verða mörg vafatilvik í þessu efni. Það verður verkefni dómstóls að meta það hverju sinni, hvort hinir upphaflegu aðiljar þurfa að sæta því, að þriðji maður gangi inn í mál þeirra og geri þar kröfur. Það verður og almennt á valdi meðalgöngumanns, hvort hann krefst sjálfstæðs dóms um þann rétt, sem hann telur sér, eða einungis, að sá réttur verði ekki öðrum dæmdur, svo að í bága komi við hans tilkall.

Um 51. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 52. gr.

Er í samræmi við hlutarins eðli og gildandi reglur.

Um 53. gr.

Hér segir, ef skipti verða á *sóknaraðilja*. Það verður að miða við þann tíma, er sækjandi byrjar á því að gera rétt sinn gildandi með aðstoð opinbers valds. Ef sækjandi framselur rétt sinn eftir það, þá hlýtur hinn nýi eigandi að taka við máli í því ástandi, sem það er í, þegar framsalið gerðist. Varnaraðili getur því gagnvart hinum nýja eiganda kröfunnar skírskotað til þegar framkominna varna og borið fram nýjar varnir með sama hætti sem gagnvart hinum upphaflega sækjanda. Þetta gildir óskorað um *almennar kröfur*. En um *viðskiptabréfskröfur* virðist verða að gera undantekningu frá þessari reglu. Framsalið gerist sem sé inter vivos. Ef viðskiptabréfið ber ekki á sér nein merki þess, að mál sé út af kröfunni risið, t. d. áritun sáttanefndar eða dómara um framlagningu á sáttafundi eða fyrir dómi, og hinum nýja eiganda hvorki var né hefði átt að vera kunnugt um, að mál var í aðsigi eða byrjað út af kröfunni, þá hefir hann öðlazt hana í góðu trausti. Annars kostar má hann vita það, að hún kunni að vera vefengd gagnvart framseljanda, og þá virðist ekki ástæða til þess, að hann verði betur settur en framseljandi sjálfur mundi verið hafa, ef hann hefði haldið áfram að eiga kröfuna og höfðað mál til innheimtu hennar.

Ef sóknaraðili deyr — og analogice færi með sama hætti, ef stofnun eða félag yrði lagt niður — eftir að sú gangskör hefir verið gerð að málarekstri, sem í 1. málsgr. segir, þá tekur bú hans eða erfingjar við sök, ef sakarefni getur til þeirra gengið. Þetta er í samræmi við hlutarins eðli og þær reglur, er nú eru taldar gilda.

Það er í samræmi við fyrirmæli laga um stöðu giftra kvenna nú á dögum, að þær geti haldið máli áfram, er byrjað var eða byrja átti samkvæmt 1. málsgrein, þó að þær giftist eftir þann tíma, en áður en máli er lokið. En að vísu mundi þetta varla verða álitið, ef fjármál hjóna færu eftir lögum nr. 3/1900, nema þessi ákveðna regla 3. málsgr. sé um það sett.

Um 54. gr.

Hér ræðir um það, ef skipti verða á *varnaraðilja*. Skuldunautur getur vitanlega almennt ekki sett annan mann sem skuldunaut í stað sinn, nema lánardrottinn samþykki. Fyrir því getur ekki orðið um aðiljaskipti vegna gerninga inter vivos í þessu sambandi, þegar um hrein kröfuréttindi er að tefla. Þar á móti má vera, að varnaraðili afhendi þriðja manni þann hlut eða þau réttindi, sem dómkrafa sækjanda er bundin við, t. d. selji jörð, sem sækjandi telur sér ítak í, eða gerir kröfu til afgjaldsskyldu af henni. Það væri sjálfsagt óhentug regla, ef sækjandi yrði ávallt að fella niður mál gegn hinum upphaflega varnaraðilja eða eftirmönnum hans, hvenær sem þeim þóknaðist að framselja hlutinn eða réttindin, sem hann er sóttur um. Þess vegna er sækjanda veittur réttur til að halda sér að hinum upphaflega varnaraðilja, enda þótt hann hafi

framselt hlutinn eða réttinn og þótt fleiri slík framsöl hafi farið fram. Og dómur verður þá bindandi fyrir síðari eigendur. Það yrði því rétt að taka t. d. hlutinn úr vörzlum þeirra samkvæmt 11. gr. aðfararlaganna. Þó virðist verða hér að gera samsvarandi undantekningu, er síðari eigendur fá hlut o. s. frv. með viðskiptaheimild og í góðu trausti samkvæmt grundvallarreglu tilsk. 9. febr. 1798, 8. gr. laga nr. 18/1887 o. fl. Og verður þá hvert slíkt tilvik að metast með svipuðu móti og í niðurlagi 1. málsgr. 53. gr. segir.

Um 2. málsgrein gildir samsvarandi og sagt er um 2. málsgr. 53. gr. Þar á móti er hér ekki þörf slíks ákvæðis sem í 3. málsgr. 53. gr. segir, því að skylda hverfur til erfingja með sama hætti, hvort sem arfleifandi var í hjúskap eða ekki.

Um V. kafla.

Hann geymir reglur um *fyrirsvar aðilja* fyrir dómi. Þótt hver maður geti almennt átt réttindi og borið skyldur, leiðir ekki af því, að hann geti jafnan sjálfur gætt þeirra hagsmuna, sem tengdir eru við rétt og skyldu. Og þá verður úr því að ráða, hvernig fara skuli um gæzlu slíkra hagsmuna. Í sambandi við það þykir hlýða að setja ýmsar reglur um skilyrði til þess að fara með dómsmál annara manna og kjör þeirra manna, sem gera sér slíkt að atvinnu.

Um 55. gr.

Það verður að vera aðalreglan, að hver maður megi sjálfur fara með mál sitt fyrir dómi. Ef hann er ekki til þess fær að lögum, kemur lögráðandi hans. Og ef hann hefir engan lögráðanda, þá er rétt, að dómari setji honum sakráðamann. Þykir rétt að heimila dómara slíkt berum orðum.

Hér á landi hafa menn, sem ekki hafa sjálfir getað farið með mál sín, orðið að notast við ólöglærða menn. Og eftir þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því, að utan Reykjavíkur verði ekki komizt hjá því, að halda svipuðu ástandi að lögum, þótt þess megi vænta, að leitað verði til lögfræðinga jafnan, er stór mál eða vandasöm eru á ferðinni. Og auk þess er lagt til, að ráðherra geti eftir því sem fært þykir einnig utan Reykjavíkur veitt löglærðum málflytjendum einkaheimild til þess starfa. Við það er ekki að dyljast, að málameðferð ólöglærðra manna hefir einatt verið hin hörmulegasta, sem von er til, og er því almennt miklu tryggara fyrir aðilja að fela slíkt starf mönnum, sem hafa búið sig undir það og gert það að föstu starfi sínu. Í Reykjavík er enginn hörgull löglærðra manna, sem gert hafa málflutning að atvinnu sinni. Og virðist því alls ekki varhugavert að veita slíkum mönnum einkaheimild til málflutningsstarfa fyrir reykvískum dómstólum. En þá verður líka að setja reglur til tryggingar því, að þeir séu þeim kostum búnir, sem nauðsynlegir mega teljast.

Þar sem einkaheimild málflutningsmanna nær ekki til, er aðilja heimilt að fela hverjum lögráða manni með venjulegan andlegan þroska og óflekkað mannorð meðferð máls sins. Ef umboðsmann brestur þessi skilyrði, mundi það varða frávísun máls, ef sækjandi sendi slíkan mann, en ef hann mætti fyrir verjanda, þá yrði málið dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, eins

og alls ekki hefði verið mætt. Sama verður, ef sá mætir, sem ekki hefir heimild til, þar sem málflutningsmönnum er veitt einkaheimild til málflutnings.

Þar sem einkaheimild er veitt málflutningsmönnum, er aðilja þó heimilt að senda tiltekna venzlamenn sína til að mæta fyrir sig. En þetta gildir einungis þar, sem aðili er *einstakur maður*. Stjórnendur félags eða stofnunar geta ekki látið venzlamenn sína mæta fyrir stofnunina eða félagið. Lögráðamaður getur ekki heldur látið venzlamenn sína mæta fyrir skjólstæðing sinn. Þar á móti virðist hann geta falið venzlamönnum skjólstæðingsins að mæta fyrir sína hönd í máli hans.

Einkaheimild málflutningsmanna er ætlazt til, að nái til dómsmála almennt, en til skipta-, fógeta- og uppboðsgerða því aðeins, að dómari telji sviparða nauðsyn til vera á því, að sök fyrir þeim dómum verði svo vel sótt og varin sem fyrir almennum dómstóli. Bæri honum þá að skýra aðiljum frá því áliti sínu eftir því, sem með þyrfti hverju sinni.

Um 56. gr.

Eins og fram er tekið, verður að telja málum manna betur borgið í höndum löglærðra manna en ólöglærðra. En þar með er vitanlega ekki sagt, að *allir* löglærðir menn séu jafnhæfir til málflutnings. Það virðist rétt, að þeir, sem hæfir reynast, eigi þess kost að fá skírteini um það, er þeir geti svo notað á viðeigandi hátt í atvinnu sinni. Því er hér lagt til, að menn geti öðlazt löggildingu sem héraðsdómsmálflutningsmenn með svipuðum hætti og menn geta orðið hæstaréttarmálflutningsmenn. Skilyrðin til þessa svara mjög svo til skilyrða hæstaréttarlaganna fyrir því, að menn geti orðið málflutningsmenn fyrir hæstarétti. Þar sem héraðsdómar eru venjulega skipaðir einum manni, þykir tryggara, að skipaðir séu tveir prófdómendur til að meta það með héraðsdómara, hvort viðkomandi fullnægi þeim kröfum, er gera beri til málflutningsmanna.

Um þá, er stunda málflutning í Reykjavík, þegar ákvæði þessi öðlast gildi, eru settar reglur samsvarandi þeim, er giltu um hina fornu yfirréttarmálflutningsmenn, þegar hæstiréttur var settur á stofn. Ef þeir lúka ekki rauninni innan þriggja ára, þá geta þeir ekki lengur flutt mál í Reykjavík, fyrr en rauninni er lokið. Vitanlega getur hver maður, sem annars fullnægir skilyrðum greinar þessarar, leyst af hendi raunina og fengið löggildingu, enda þótt löggiltir málflutningsmenn hafi ekki fengið einkaheimild til málflutnings á staðnum.

Um 57. og 58. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 59. gr.

Svarar til ákvæðanna um hæstaréttarmálflutningsmenn í 16. og 17. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 60. gr.

2. málsgr. svarar til 19. gr. hæstaréttarlaganna. Í 1. málsgr. er ekki annað sagt en það, sem sjálfsagt er og lengi hefir tíðkazt. Í 3. málsgr. er regla, sem

sjálfsögð mun þykja. Ágreiningur um málflutningslaun verður að sjálfsögðu borinn undir dómstóla, eins og hver önnur krafa um endurgjald fyrir unnið verk.

Um 61. gr.

Það hefir tíðkazt, að hæstaréttarmálflutningsmenn tækju sér fulltrúa, enda er ráð fyrir því gert í 2. málsgrein 16. gr. hæstaréttarlaganna. Með sama hætti þykir rétt að heimila héraðsdómsmálflutningsmönnum að taka sér fulltrúa, og yrðu það einkum menn, sem búa sig undir löggildingu til þess að vera héraðsdómsmálflutningsmenn. Venjulega eiga fulltrúar héraðsdómsmálflutningsmanna að vera löglærðir menn, en vera kann þó, að skortur sé slíkra manna á stað, þar sem löggiltur héraðsdómsmálflutningsmaður hefir tekið sér bústað, og er héraðsdómara þá heimilað að veita ólöglærðum manni fulltrúaréttindi, þó þannig, að hann geti afturkallað leyfi, ef honum þykir fulltrúinn ekki hæfur.

Um 62. gr.

Í 1. málsgr. er lögfest regla, sem fylgt hefir verið í Reykjavík, að minnsta kosti um hæstaréttarmálflutningsmenn. Það virðist yfirleitt mega trúa löggiltum málflutningsmönnum til að segja rétt til um það, að þeir hafi umboð aðilja til þess að fara með mál hans fyrir dómi. Þar á móti virðist sjálfsagt að halda þeirri reglu um aðra málflytjendur, er mæta fyrir aðra en sjálfa sig, að þeir sanni umboð sitt, ef það er vefengt.

Í 2. málsgr. eru fyrirmæli, sem fræðimenn hafa talið, að gilda yrðu um málflytjendur í umboði annara manna og heppileg verða að teljast. Sama er um 3. málsgr. að segja.

Um 63. gr.

Lögfræðingar, sem stunda málflutningsstörf, hafa fyrir löngu myndað með sér félagsskap, og má vænta þess, að löggiltir héraðsdómsmálflutningsmenn muni bráðlega gera slíkt hið sama. Og mun þá stjórn þess félags koma fram gagnvart dómstólum og umboðsvaldi fyrir hönd stéttarinnar, eða aðrir, sem félagsmenn kynnu að kjósa til þess. Það hefir þótt réttara að láta nauðsynina skapa slíkan félagsskap en að lögbjóða hann beinlínis. En vegna þess, að tvímælalaust má telja heppilegt, að bæði dómstólar og umboðsvald hafi ákveðna menn til að snúa sér til í málefnum, sem stéttina varða, hvort sem stéttarbræður hafa stofnað með sér félagsskap eða ekki, þykir rétt að skylda þá til að velja ákveðna menn til þess að standa í fyrirsvari fyrir stéttina. Í fyrstu mun mega framkvæma þetta þannig, að kjörnir verði þessir fyrirsvarsmenn úr hópi þeirra lögfræðinga í Reykjavík, sem stunda málflutningsstörf fyrir héraðsdómi í Reykjavík og ekki eru hæstaréttarmálflutningsmenn.

Um 64. gr.

Af ákvæðum þessarar greinar leiðir það, að vanræksla löggiltra héraðsdómsmálflutningsmanna í starfi sínu og annarskonar misferli getur varðað refsingu eftir 13. kafla hegningarlaganna. Með sama hætti geta misgerðir gagnvart þeim, meðan þeir eru að gegna starfi sínu eða út af því, hvernig þeir gegna

því, varðað viðurlögum eftir fyrirmælum hegningarlaganna um mótgerðir við embættis- og sýslunarmenn.

Um 65. gr.

1. málsgr. svarar til 20. gr. hæstaréttarlaganna. Það er þó lagt til, að viðkomandi geti borið sviptingu löggildingar með venjulegum hætti undir dómstólana. Munurinn, sem að þessu leyti er gerður á héraðsdómsmálflutningsmönnum og hæstaréttarmálflutningsmönnum, stafar af því, að hinir fyrrnefndu eru sviptir löggildingu sinni af óæðri dómara, en hinir síðarnefndu eftir tillögum æðsta dómstólsins.

Í 2. málsgr. er nýmæli. Með því að taka má löggildingu af héraðsdómsmálflutningsmanni, þá væri lítið samræmi í því, ef ólöglærðir menn og lögfræðingar, sem enga löggildingu hafa fengið, mættu flytja mál fyrir héraðsdómi sem *atvinnu*, hversu fráleitir sem þeir reyndust. Fyrir því er lagt til, að samsvarandi regla gildi að þessu leyti um þá sem um löggilta héraðsdómsmálflutningsmenn. Sá ólöggiltur maður, sem sviptur er heimild til að fara með annara mál, getur ekki mætt fyrir aðra fyrir dómi. En maður, sem sviptur er löggildingu til málflutnings fyrir héraðsdómi, missir *einkaheimild* til að flytja þar mál, ef ákveðið er, að slíkir löggiltir menn einir megi þar mál flytja, og rétt til að kalla sig löggiltan héraðsdómsmálflutningsmann. Þar á móti hlýtur hann að mega flytja héraðsdómsmál með sama hætti sem aðrir ólöggiltir menn, nema hann verði sviptur heimild til þess eftir 2. málsgr. eða svipting löggildingarinnar stafi af ástæðum, sem geri það að verkum, að hann geti ekki mætt fyrir dómi fyrir aðra samkvæmt 2. málsgr. 55. gr. (missir mannorðs eða andlegra hæfileika).

Um VI. kafla.

Í lögum eru ekki neinar almennar reglur um þau efni, sem í þessum kafla greinir. En fræðimenn hafa orðað þær, og dómstólar munu almennt hafa farið eftir þeim, þegar því hefir verið að skipta.

Um 66. gr.

Það hefir lengi verið talið, einnig áður en stjórnarskráin 5. jan. 1874 var sett, að dómstólar landsins væru almennt bærir til að leggja dóm eða úrskurð á mál manna, og einnig þótt ríkisvaldið ætti í hlut, nema sérstök heimild væri til að draga þau undan dómstólunum. Slíkar heimildir eru auðvitað bæði fólgnar í lögum og eðli málanna, og ef til vill kunna venjur að hafa skapazt í þá átt, að mál sæti úrlausn annara stjórnarvalda.

Um 67. gr.

Fyrirmæli þessarar greinar hafa lengi verið talin gilda sem óskrifuð lög.

Um 68. gr.

Sömuleiðis.

Um 69. gr.

Ákvæði 1. málsgr. eru í samræmi við dómvenju. Þegar víst er, að krafa er til orðin, en eigi er sannað, að gjalddagi eða fullnægjutími sé kominn, þá hefir venjulega verið sýknað formálalaust í niðurlagi dóms, en í forsendum greint, hvernig á sýknu stæði. Það virðist viðkunnanlegra að sýkna að svo stöddu, eins og siður var í Danmörku, þegar þannig stóð á sem hér segir.

Það er vitanlega oft álitamál, hvort aðilja standi það á nægilega miklu að fá viðurkenningardóm á kröfu, sem enn er óskylt að fullnægja. Sem dæmi má nefna, ef A á viðskiptabréf, og sá, er samkvæmt undirskrift þess hefir gefið það út, véfengir undirskriftina. Enginn heiðarlegur maður selur eða veðsetur slíkt skjal, en honum getur staðið það á miklu, að hann geti fært sér það í nyt á þennan hátt, og ætti hann því að geta fengið viðurkenningardóm um gildi skuldbindingar útgefandans.

Um 70. gr.

Er í samræmi við gildandi dómvenju.

Um 71. gr.

Ákvæði 1. málsgr. eru líka í samræmi við það, er álitið hefir verið gildandi regla. Nýtt er þó hið skýlausa ákvæði um greiðslu málskostnaðar, þegar samrættar kröfur eru sóttar hvor (hver) í sínu máli. Ef sækjandi aðskilur þær að nauðsynjalausu, þá virðist einsætt, að hann beri sjálfur kostnað þar af, og jafnvel, að honum verði gert að greiða gagnaðilja málskostnað.

Ef maður skiptir kröfu án tilefnis frá gagnaðilja sínum, án þess að hún hafi að nokkru verið höfð til skuldajafnaðar eða nokkur hluti hennar hafi metizt lögtakskrafa, þá er og sanngjarnt, að andstæðingur hans sé ekki látinn bíða tjón af því. Um þetta eru nú ekki ákvæði í lögum, nema hvað sjálfsagt mætti leiða hérgreinda reglu um ákvörðun málskostnaðar af fyrirmælum 4. gr. laga nr. 29/1917.

Ekki eru heldur fyrirmæli í gildandi lögum um þau tilvik, sem í 3. málsgr. segir. En málskostnaðar-ákvæði hennar virðist sanngjarnt og er í samræmi við reglurnar um það efni í 1. og 2. málsgr.

Í 4. málsgr. er nýmæli. En sennilega mundi þó nú, ef til kæmi, verða litið svipað á það efni, sem hér greinir. Úr því að sett er regla um hámark þeirra krafna, sem sáttamenn mega úrskurða, þá hljóta þeir, sem hana brjóta, að sæta einhverjum viðurlögum, og liggur þá næst að svipta hann heimildinni til þess að fá úrskurð sáttanefndar um nokkurn hluta kröfu sinnar. Ef honum tekst þetta allt að einu, þá væri ekki annað en að dæma hann til að greiða gagnaðilja sínum málskostnað að skaðlausu eftir 2. málsgr., ef hann höfðar mál um þann hluta kröfunnar, sem ekki hefir verið úrskurðaður. Ef sáttamenn hinsvegar vita um skiptingu kröfu, er að nokkru hefir verið lögð til úrskurðar þeirra, þá eiga þeir að vísa máli frá sér, nema aðili lýsi yfir því, að hann afsali sér því af kröfunni, sem er fram yfir 500 kr.

Um VII. kafla.

Hér er safnað reglum um það, *hvar* á landinu hver einn verði að sæta dómi *(varnarþing)*.

Um 72. gr.

Þinghárnar eru, svo sem verið hefir, bundnar við hreppi og kaupstaði. Þetta er almenna reglan. En sumstaðar kann að haga svo til, að hentugt sé að skipta hreppi í þinghár, að leggja hluta úr hreppi við annan hrepp eða kaupstað. Og er lagt til, að dómsmálaráðherra megi gera þetta eftir tillögum viðkomandi dómara. Ef takmörk lögsagnarumdæma breytast við það, mundi eiga að leita umsagnar þeirra héraðsdómara, er hlut eiga að máli.

Um 73. gr.

Hér er aðalreglan um varnarþing, og er hún í samræmi við hina gömlu reglu í N. L. 1—2—4.

Um 74. gr.

Er í samræmi við þá reglu, sem farið hefir verið eftir, þegar ólögráða maður hefir verið sóttur til að sæta dómi í einkamáli.

Um 75. gr.

Er og í samræmi við gildandi lög og venjur. Sbr. 34. gr. firmalaga, nr. 42/1903.

Um 76. gr.

Þessi grein hefir nýmæli að geyma, og tekur hún til manna, sem erlendis eiga heima, en verða ekki sóttir þar fyrir dómi vegna þess, að þarlandsdómar eiga ekki lögsögu yfir þeim, t. d. sendiherrar og starfsmenn sendisveita.

Um 77. gr.

Það er ný regla og í samræmi við varnarþingsreglur á Norðurlöndum, að erlenda menn megi sækja hér til fullnustu fjárskuldbindingum sínum við íslenzka þegna o. s. frv., ef þeir annaðhvort eru hér staddir, þegar stefna eða sáttakæra er birt, eða eiga hér eignir, og verður þá varnarþingið þar, sem eignin er, eða sú þinghá, sem þeir eru staddir í.

Um 78. gr.

Hér er hin gamla regla um fasteignarvarnarþingið, sbr. N. L. 1—2—15. Hér er þó fyrst og fremst skýrar ákveðið, hverskonar mál megi á þessu varnarþingi sækja. Í öðru lagi er aðiljum berum orðum veitt heimild til að sækja kröfur um leigu eða eftirgjald eftir fasteign á varnarþingi hennar. Til þess að víkja frá fasteignarvarnarþinginu eftir 1. málsgr. þarf samkomulag aðilja eftir 81. gr., en þegar leigukröfur eru sóttar, getur sækjandi ráðið því, hvort hann notar fasteignarvarnarþingið eða ekki. Ennfremur er berum orðum sagt, að sækja megi einnig í sameiningu við sjálfa fasteignarkröfuna þær kröfur, sem af henni eru risnar, enda þótt þær yrðu ekki einar sér sóttar á varnarþingi fasteignarinnar. Sem dæmi mætti nefna skaðabótakröfu fyrir óheimila

notkun lands, sem sótt væri í sambandi við kröfu um viðurkenningu á eignarrétti að því landi. Slík krafa yrði þá t. d. lögð undir landamerkjadóm eða dóm í fasteignamáli eftir III. kafla landamerkjalaganna nr. 41/1919. Og er það nokkurt hagræði á móts við það, að þurfa t. d. bæði að höfða landamerkjaeða fasteignamál og síðan mál um aðrar kröfur, er samrættar eru málinu um sjálfa fasteignina.

Það mun og vera breyting frá gildandi reglum, að leyfa sókn mála um hluti, sem skeyttir eru í eða við fasteign, á varnarþingi hennar, t. d. kröfu um brotttöku miðstöðvartækja, rafmagnslagna o. s. frv. úr húsi, girðingar um lóð eða land o. s. frv. Það er auðvitað oft, að bezt er að skýra slíkar kröfur þar, sem eignin liggur, og því sýnist það vera hagræði, að þær megi sækja á varnarþingi fasteignar.

Varnarþing fasteignar verður notað, fyrir utan þau tilvik, sem nefnd voru, ef ágreiningur rís um stofnun, innihald eða slit réttinda yfir fasteign. Því væri rétt að sækja mann til að fullnægja kaupsamningi um fasteign með útgáfu afsals eða til þess að skera úr því, hvort maður sé við kaupsamning bundinn, t. d. riftingarmál, en ekki kröfu um dóm varðandi greiðslu kaupverðs, nema hún væri aukakrafa við kröfu um viðurkenning á veðrétti í eigninni til tryggingar slíkri kröfu. Það væri fasteignamál, ef menn skildi á um það, hversu háttað væri ítaki eða kvöð á fasteign, enda þótt þá greindi ekki á um það, að á henni hvíldi slík kvöð. Það væri og fasteignamál, ef menn greindi á um það, hvort veð, ítak eða kvöð hvíldi enn á fasteign, o. s. frv.

Það er auðsætt, að um *birtingu stefnu* í málum þeim, er hér segir, gilda almennar reglur þar um, sbr. 95. gr. o. s. frv.

Um 79. gr.

Hér kemur hin gamla regla, sem í N. L. 1—2—18 greinir. Hún tekur þar þó aðeins til fjárhaldsmanna ólögráðra manna og fjárgæzlumanna opinberra stofnana. Í þessari grein frv. er lengra farið. Varnarþingsreglan er líka látin ná til fjárgæzlumanna *einstakra manna*. Hún gildir aldrei, nema fjárhaldið eða fjárgæzlan sé samfara *stöðu* fjárgæzlumannsins. Negotiorum gestor verður því t. d. ekki sóttur til reikningsskila eftir ákvæðum greinarinnar.

Um 80. gr.

Varnarþingsregla þessarar greinar svarar til varnarþingsreglu N. L. 1—2—16, 2. En regla þessarar greinar er víðtækari en tilsvarandi regla N. L. 1—2—16, 2. Skilyrðið um, að skyldu samkvæmt loforði skyldi efna í þinghánni, er báðum sameiginlegt. Hvortveggja greinin tekur og til mála um efndir á loforðinu in natura og til krafna um bætur fyrir vanefndir. Þar á móti mun N. L. 2—16, 2 varla ná til sjálfstæðrar sakar til viðurkenningar á *lausn* undan loforði. Það skiptir ekki máli, hvort skyldan samkvæmt loforðinu er fólgin í peningagreiðslu eða öðru, t. d. verkskyldu. Þess er jafnan krafizt eftir N. L. 1—2—16, 2, að varnaraðili sé staddur í þinghánni, þegar sáttakæra eða stefna er birt, og er þá vitanlega hugsunin, að birta megi honum þar, og er sú regla tvímælalaus eftir 95. gr. frv. En eftir þessari grein er vikið frá kröfunni um vist varn-

araðilja í þinghánni, þegar hann hefir gefið loforðið, meðan hann dvaldist þar. Þetta gildir t. d. um greiðslu fyrir beina á veitingahúsi eða vist á gistihúsi.

Um 81. gr.

1. málsgr. er sama efnis og N. L. 1—2—17. 2. málsgr. svarar til N. L. 1—2—20.

Um 82. gr.

Ákvæði greinar þessarar svara til varnarþingsreglu laga nr. 59/1905. Hún er þó líklega heldur víðtækari en varnarþingsregla þessara laga. Hér er skilyrðið, að krafan sé til greiðslu vöru eða vinnu frá *fastri starfsstofu* eða *fastri verzlun*. Læknir eða málfærslumaður, sem hefir fasta viðtökustofu eða skrifstofu, njóta t. d. góðs af varnarþingsreglu þessarar greinar, en það er vafasamt, hvort þessir menn geta notað varnarþingsreglu laga 1905. Sem önnur dæmi mætti nefna bifreiðastöðvar, smiði, er hafa fasta starfsstofu, bifreiða- og hjólaviðgerðarmenn o. s. frv. Allir slíkir menn geta notað varnarþingsreglu greinarinnar, en hæpið, hvort þeir hníga undir lög 1905. Það er með öllu ónauðsynlegt að setja nokkurt skilyrði um þingfestingartíma málsins. Með núverandi samgöngum á sjó og landi og símasamgöngum eiga menn nokkurn veginn jafnhægt með að gæta réttar síns í þessu sambandi á hvaða tíma árs sem er.

Lög 1905 taka alls ekki til krafna *erlendra* lánardrottna. Það verður því nú að sækja slíkar kröfur á heimilisvarnarþingi skuldunauts, nema samið sé öðruvísi eða krafan sé ein þeirra, er eitthvert undantekningar-varnarþingið nái til. Innheimta slíkra krafna verður því oft allerfið, kostnaðarsöm og langsótt. Hinsvegar eru flestar þessar kröfur verzlunarkröfur og í rauninni eins réttháar og samskonar innlendar kröfur. Hinsvegar er ekkert annað varnarþing, sem miðað verður við, en varnarþing innheimtumannsins, ef víkja á frá reglunni um heimilisvarnarþing skuldunauts. Langflestar erlendar kröfur eru sendar málflutningsmönnum til innheimtu. Af þessum ástæðum er lagt til, að þær megi sækja á varnarþingi viðkomandi málflutningsmanns. Skuldunaut er ekki fremur gerður óréttur með því en þegar um innlendar samskonar kröfur er að tefla. Og ekki ætti varnarþingsregla þessarar greinar um erlendu skuldirnar að spilla lánstraustinu út á við, heldur miklu fremur hið gagnstæða.

Um 83. gr.

Hér er ný regla, er ætti að verða til hagræðis. Þegar svo stendur á sem hér segir, geta vel orðið vandhæfi á, ef allir varnaraðiljar eiga ekki sama varnarþing. Úr þessu er bætt með varnarþingsreglu þessarar greinar.

Um 84. gr.

Varnarþingsregla þessarar greinar svarar til varnarþingsreglu N. L. 1—2—16, 1. Þessi grein tekur til allra skaðabótaverka utan samninga, bæði á mönnum, munum og réttindum, svo og til refsingar fyrir athafnir, sem einstaklingur á sókn á, t. d. meiðyrði. En hinsvegar er það alls ekki skilyrði, að verknað-

urinn sé in concreto refsiverður, eða að refsikrafa sé gerð, þótt hann sé þannig vaxinn.

Um 85. gr.

Hún tekur til allra þeirra kaupkrafna, sem í 3. gr. frv. 5. tölul. segir, og auk þess til sjómanna, er undir sjómannalögin hníga.

Um 86. gr.

Þó að gestaréttarmeðferð hverfi úr sögunni samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa, þykir rétt að láta haldast ýmsar sérreglur laga um varnarþing í málum, er áður mátti reka fyrir gestarétti.

Um VIII. kafla.

Hér er safnað reglum um stefnur. Um stefnubirtingu og stefnufresti er það sameiginlegt, að um þau efni eru tiltölulega ný lög (nr. 62 og 63 1917), sem sett eru með ástand það, sem nú ríkir, fyrir augum að mestu leyti. Hefir því verið unnt að nota reglur þessara laga svo að segja óbreyttar, nema hvað frestir hafa verið nokkuð styttir. Bættar samgöngur á sjó og landi og bætt símasambönd gera það að verkum, að varhugalaust virðist að stytta þessa fresti, sem að hámarki til eru óþarflega langir.

Um 87. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við núgildandi reglur, sbr. tilsk. 15. ágúst 1832, 1.—6. gr. Þó er skylda dómarans til að semja stefnur fyrir menn einskorðuð við ólöglærða menn, sem ekki hafa atvinnu af málflutningi. Þegar málflutningsmenn eða aðrir, sem gera sér störf þeirra að atvinnu, eiga hlut að máli, virðist alger óþarfi að leggja dómara nokkra skyldu á herðar um samningu stefna. Slíkir málflytjendur eiga að vera einfærir um það verk, enda mun það nú orðið vera fremur fátítt, að dómarar séu beðnir um að semja stefnur í almennum einkamálum, sem málflutningsmenn eða menn, sem gera sér málflutning að atvinnu, fara með. Þar á móti virðist enn vera ástæða til að skylda dómara til að hjálpa mönnum, sem ólögfróðir eru og sjálfir vilja annast mál sitt, t. d. mönnum, er höfða mál til heimtu kaupkröfu sinnar, sbr. 3. málsgr. 3. tölul. 5. gr.

Um 88. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru í samræmi við gildandi reglur og eðli málsins, sbr. tilsk. 15. ágúst 1832, 5. gr. Sú regla, að stefna manni aðeins vegna þess, að nafn hans kann að verða nefnt, sem tíðkazt hefir, að minnsta kosti fyrrum, virðist vel mega falla niður.

Um 89.—94. gr.

Eru í samræmi við 1.—7. gr. laga nr. 63/1917.

Um 95. gr.

Er að efni til samhljóða 8. gr. laga nr. 63/1917, nema fyllri í fáeinum atriðum.

Um 96. gr.

Er að efni til samhljóða 9. gr. laga nr. 63/1917. Nýmæli er þó í síðustu málsgr. Það þykir rétt að gera það borgaralega skyldu að afhenda eftirrit af stefnum og sáttakærum og leggja sektir við, ef af er brugðið. Er það eftir fyrirmynd danskra réttarfarslaga.

Um 97. gr.

Samhljóða að efni til 10. gr. laga nr. 63/1917.

Um 98. gr.

Hún er samhljóða 11. gr. laga nr. 63/1917.

Um 99. gr.

Hún svarar til 1.—10. gr. laga nr. 62/1917. En breytingar eru frá ákvæðum þessara greina. Fyrst og fremst eiga að falla niður sérreglur II. kafla laga nr. 62/1917, því að gestaréttarmeðferð og einkalögreglumála á að hverfa úr sögunni, og reglur 99. gr. frv. þykja einnig eiga við um önnur þau mál, er í II. kafla nefndra laga greinir. Í öðru lagi er stefnufrestum nokkuð breytt, þeir styttir yfirleitt vegna bættra samgangna, eins og fyrr er sagt.

Um 100. gr.

Í 2. málsgr. er nýmæli, sem ætlazt er til að miði til flýtisauka málum, án þess að réttur manna verði fyrir borð borinn. Þegar stefna skal t. d. vitnum á dómþing aðalmálsins — en það er venjulega fyrirfram ákveðið —, þá virðist 3 sólarhringa frestur jafnan hljóta að verða nægilegur, og einnig nægilegt að birta stefnu fyrir umboðsmanni aðilja. Um stefnufrest til *vitnis* fer þar á móti eftir 99. gr., sbr. 1. málsgr. 100. gr. Það er og auðsætt, að ef aðilja hefir ekki borið meira en t. d. 1 sólarhrings frestur í aðalmálinu eftir 1. málsgr. 99. gr., þá þurfi ekki heldur að veita honum lengri frest eftir 2. málsgr. þessarar gr. Ef vitnaleiðsla o. s. frv. skal fara fram á öðru þingi en þar, sem aðalmálið er rekið, þá er nóg að stefna umboðsmanni og með þeim fresti, er skemmstan má veita aðilja, eða ef umboðsmanni mætti enn skemmri frest veita, þá með þeim fresti. Ef hinsvegar veita má aðilja skemmri frest en umboðsmanni, ef hann væri sakaraðili, þá er og nóg að veita umboðsmanni þann skemmri frest.

Um 101. gr.

Hún svarar til ákvæða laga nr. 62/1917 um ákvörðun dómara á stefnufresti. Það virðist auðsætt, að ekki skuli vísa máli frá dómi, þó að stefnufrestur hafi verið of skammur, ef aðili sækir samt þing. Þá er sýnt, að hann hefir fengið nægilega snemma vitneskju um þinghaldið. Þar á móti gæti of skammur frestur, þegar þannig stendur á, réttlætt beiðni aðilja um frest, eða lengri frest en ella, til þess að athuga málið, áður en hann svarar til málssóknar gagnaðilja síns samkvæmt 106. gr. Ákvörðun dómara um stefnufrest mun aldrei hafa verið áfrýjað hingað til, þótt heimild hafi verið til þess. Og virðist lítil ástæða til að heimila slíka áfrýjun, sem væntanlega yrði afar sjald-

an notuð. Ef stefnanda þætti ekki öruggt, að frestur sé settur nógu langur, þá mundi dómarinn ákveða hann lengri, ef óskað væri.

Um 102. gr.

Ákvæði 102. gr. miða til þess að gera birtingar og tilkynningar, sem dómari þarf að láta fram fara til aðilja, einfaldari og kostnaðarminni. Meðal slíkra tilkynninga má nefna birtingu um fyrirtöku máls, er frestað hefir verið vegna forfalla aðilja, sbr. 118. gr., eða vegna endurupptöku sakar, sbr. t. d. 120. gr., tilkynningu til aðilja um að gefa skýrslu fyrir dómi, sbr. 114. og 115. gr., o. s. frv.

Um IX. kafla.

Hér er safnað almennum reglum um málameðferð í héraði. Koma hér fram meginbreytingar þær, sem upp á er stungið frá því ástandi, sem nú er. Breytingarnar eru í höfuðdráttum þessar:

1. *Dómari skal frá öndverðu kynnast kröfum aðilja, mótmælum og vörnum, sem fram koma.* Hann á því að verða miklu betur fær um að skera úr því, hvort nauðsyn sé á að veita fresti í ákveðnu skyni en hann er almennt nú. Hann stýrir viðskiptum málsaðilja frá upphafi til enda, í stað þess, að nú er hann svo að segja hlutlaus, meðan mál er sótt og varið, nema ef eitthvað skal úrskurða og við vitnaleiðslur. En einmitt þegar hann á að inna þau störf af hendi, verður ókunnugleiki hans á máli ósjaldan til baga.

2. Eftir hinum nýju reglum *skal spyrja aðilja sjálfa fyrir dómi.* Hver aðilja, sem af sjálfsdáðum gefur sig fram til þess, á heimtingu á því, að dómari spyrji hann, nema sýnilegt sé, að skýrsla hans sé með öllu óþörf eða þýðingarlaus, t. d. af því að fullar sannanir séu þegar komnar fram eða alveg útilokað sé, að aðili geti nokkuð vitað um það, er máli skiptir. Og svo getur aðili krafizt þess, *að gagnaðili hans verði spurður með sama hætti.* Ef sá þverskallast við því, þá getur það komið honum í koll. Umsögn hins verður þá ef til vill lögð til grundvallar úrslitum málsins.

3. *Sakargagna skal afla áður en hinn eiginlegi málflutningur hefst.* Því skuli aðiljar þegar í öndverðu setja fram kröfur sínar, mótmæli og helztu varnarástæður, svo að dómari geti þegar gert sér grein fyrir því, hvað sanna þurfi, og skammtað aðiljum hæfilega fresti til þess, enda noti þeir báðir sama frestinn, eftir því, sem unnt reynist. Og miðar þetta til þess að stytta málareksturinn.

4. Ætlazt er til þess, *að málflutningur verði munnlegur, þar sem því verður við komið,* og að aðalreglan verði því með tímanum sú, að *öll mál,* þar sem varnaraðili mætir, verði munnlega flutt, nema alveg sérstaklega standi á, líkt og nú er fyrir hæstarétti. Þessi tilhögun á að verða til þess að flýta málarekstri verulega.

5. Til þess er ætlazt, að dómari reyni og *að koma sáttum á,* á hvaða stigi máls sem er, allt þar til hinn eiginlegi skriflegi eða munnlegi málflutningur hefst, ef honum virðist líklegt, að það muni takast. Sparar slíkt tíma og kostnað, ef vel tekst til.

6. Ef ágreiningur er um *formhlið máls,* skal þann ágreining jafnan úr-

skurða áður en flutningur máls um efnisatriði hefst, nema hvorttveggja sé svo samvafið, að ekki verði aðskilið til hlítar. Og ef aðili vill ekki una úrlausn dómarans um formatriði, vitnaskyldu o. s. frv., *er opnuð leið til þess að fá sérstaklega úrlausn æðra dóms á þessum atriðum með kostnaðarminni og skjótara hætti en nú er (kæra til æðra dóms)*. Hvílir þá aðalmálið á meðan, þar sem þess er þörf. Verður þá komizt hjá því, að dómur og meðferð máls verði síðar ónýtt í æðra dómi vegna formgalla, ef til vill eftir langan málarekstur og langan tíma, eins og ekki sjaldan hefir orðið eftir núgildandi dómskapareglum.

7. Það er ekki ótítt, að aðili hefir talið sér nauðsyn á því að áfrýja máli, sem hann hefir tapað að miklu eða öllu leyti af því að honum hefir láðst að koma að gögnum og upplýsingum í óæðra dómi, sem þó voru fyrir hendi. Og hefir fyrir þá sök bæði tapazt fé og tími. Eftir þessu frumvarpi á dómari, ef hann sér eftir dómtöku máls, að gögn vantar eða yfirlýsingar um sakaratriði eru óskýrar, af því að aðilja hefir skort leiðbeiningar, *að veita honum kost á endurupptöku máls til að ráða bót á slíkum brestum*. Með þessum hætti getur bæði tími og kostnaður sparazt.

Ef ákvæði þessa kafla verða leidd í lög, mun verða í verulegum atriðum annar svipur á málameðferð í héraði en nú er. Margskonar tvíverknaður, sem samfara er núverandi málsmeðferð, mun hverfa. Dómari og málflytjendur *vinna saman* með allt öðrum og ríkari hætti en nú er, enda miklu meiri kröfur gerðar til árvekni þeirra um sakargæzlu yfir höfuð. En slíkt er að öllu samtöldu mikill kostur, því að þær kröfur miða að *skjótari og réttari úrlausn mála* en núverandi skipulag veitir. *En skjót og réttlát úrlausn dómsmála er einmitt takmark dómgæzlunnar.*

Eftir þetta yfirlit yfir hið nýja skipulag verður nú vikið að einstökum greinum þessa kafla.

Um 103. gr.

Að lögum hefir *málshöfðun* ýmsar verkanir, t. d. um vaxtagreiðslu, slit hefðar eða fyrningar o. s. frv. Ef ekki segir í einstökum lögum, við hvað sé átt með málshöfðun, þá getur það orkað tvímælis. Þess vegna þykir rétt að skýra þetta hugtak eitt skipti fyrir öll. Ef einstök lög, þar sem réttur eða skylda er við málshöfðun bundin, kveða ekki á um það, við hvað sé átt, þá má halda sér til skilgreiningar þessarar greinar á *hugtakinu málshöfðun*.

Um 104. gr.

Ákvæði hennar eru í samræmi við gildandi reglur.

Um 105. gr.

Sækjanda ber þegar í upphafi að leggja grundvöllinn undir málflutninginn af sinni hálfu. Sáttakæra og stefna fela hann oftast í sér. En þar að auki ber sækjanda að leggja fram þau skjöl, er hann byggir kröfur sínar á, t. d. víxil, reikning, samning o. s. frv. Ef varnaraðili mætir óstefndur, ber sækjanda að lýsa með sama hætti kröfum sínum og ástæðum fyrir þeim. Skal sú greinargerð vera *skrifleg*, svo að dómari þurfi ekki að eyða tíma til þess að færa hana

til bókar. Þannig er grundvöllurinn undir málsmeðferðina lagður af hálfu sóknaraðilja. Þó að greinargerð skuli skrifleg vera, er dómara vitanlega ekki *bannað* að taka við munnlegri greinargerð, enda getur nægileg greinargerð falizt í stefnu eða sáttakæru, og eins og fyrr segir, geta ólöglærðir menn fengið stefnu samda af dómara, svo að þeim þarf ekki að verða íþyngt með kröfu þessarar greinar um skriflega greinargerð í fyrsta þinghaldi málsins, enda leiðbeinir dómari þeim.

Um 106. gr.

Verjandi verður með sama hætti sem sækjandi að setja fram sínar kröfur í fyrsta þinghaldi, en hann þarf ekki að setja þær fram *skriflega*. Dómari lætur skrá þær í þingbók, ef með þarf. Verjandi lýsir því þá, hvort hann samþykkir kröfur sækjanda eða ekki, og þá hvað hann hefir út á þær að setja, hvort það er af því, að hann neitar málsástæðum (factis) sækjanda eða að lög heimili ekki kröfur hans o. s. frv. Ef ágreiningur er, leitar þá dómari sátta, ef það hefir ekki áður verið gert, eða ef hann telur samt sem áður ástæðu til að gera það. Annars er hér, sem ella, mikið undir verkhyggni og hagsýni dómarans komið og mannþekkingu.

Um 107. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 108. gr.

Það er aðalreglan, að ágreiningi um það, hvort mál skuli dæmt að efni til eða ekki, verði ráðið til lykta áður en málflutningur um efni máls hefst. Þessa gætir dómari ex officio. Hinsvegar vísar hann vitanlega aldrei máli frá ex officio, nema hann sjái, að það megi ekki dæma að efni til af ástæðum, sem aðiljar ráða ekki yfir, t. d. af því að hann telur sig skorta vald til að dæma málið, af því að það heyri undir umboðsvaldið eða annan dómstól. Samsvarandi gildir um þesskonar ágreining um einstaka hluta máls, t. d. eina kröfu af fleirum. Aðeins í einu tilviki er gert ráð fyrir því, að máli verði vísað frá með dómi, sem sé ef dómari hefir hrundið frávísunarkröfu með úrskurði, en svo koma nýjar upplýsingar í meðferð málsins, er valda gagnstæðri niðurstöðu. Ákvörðun dómara um frávísunarkröfu, hvort sem hún er tekin með dómi eða úrskurði, verður aðeins hægt að skjóta til æðra dóms með *kæru*. Einskis manns réttur virðist fyrir borð borinn með þeirri aðferð, en hún er skjótari og kostnaðarminni en venjuleg áfrýjun.

Um 109. gr.

Þegar grundvöllur undir flutning málsins hefir verið lagður samkvæmt 105. og 106. gr. og gengið er úr skugga um það, að máli skuli ekki vísa frá dómi, þá er næsta skrefið að kveða á um það, *hvort mál skuli flytja munnlega eða skriflega*. Það er hugsunin, eins og fyrr hefir verið tekið fram, *að munnlegir málflutningar verði aðalreglan*. En það þykir ekki fært að fyrirskipa munnlegan málflutning til hlítar þegar í stað vegna þess, að héraðsdómarar og málflytjendur eru honum ekki vanir. En það er gert ráð fyrir því, að þeir venjist honum með tímanum. Og því virðist réttast, að þeim sé veittur kostur á að

prófa sig áfram í þessu efni. Mörg mál eru í eðli sínu mjög einföld. Hvort sem málflutningsmenn fara með þau eða ekki, sýnist ekki varhugavert að hafa munnlegan málflutning í þeim. Það er oft ein einasta staðreynd, sem um er deilt, og sönnunaratriðin ekki flókin. Má sem dæmi nefna flest víxilmál og skuldabréfa, kaupkröfur, almennar verzlunarskuldir o. s. frv. Þessi mál hníga undir 1. tölul. greinar þessarar. Það á og að vera tíðast, að mál verði munnlega flutt, þegar löggiltir málflutningsmenn, þar á meðal auðvitað hæstaréttarmálflutningsmenn, og aðrir atvinnumálflytjendur flytja þau. Þegar ólöglærðir menn, sem ekki gera sér atvinnu af málflutningi, flytja *vandasamari* mál, sem nú er reyndar orðið fremur fátítt, þá verður varlegra að ákveða skriflegan flutning þeirra. En ómögulegt er að setja almenna reglu um þetta. Mest veltur á verkvísi dómarans og mannþekkingu.

Um 110. gr.

Það er, sem fyrr segir, aðalreglan, þó að mál sé skriflega flutt, að málflutningur hefst ekki fyrr en aðiljar hafa átt kost á að afla gagna um atriði þau, sem máli skipta og sanna þarf eftir því, sem fram hefir komið samkvæmt 105. og 106. gr. Að öflun gagna lokinni hefst svo skriflegur málflutningur. Sá óvani er nú ríkjandi, að engin takmörk eru því sett, hversu oft málflytjendur skiptast á sóknum og vörnum. Menn taka nú frest á frest ofan, mjög oft að þarflausu, og endurtaka það, sem þeir hafa áður sagt. Eftir þessari grein skal sókn og vörn jafnan tvisvar flutt, eins og nú er gert í skriflega fluttum málum fyrir hæstarétti, þar sem mætt er af hálfu beggja aðilja. Reynslan hefir sýnt, að menn geta flutt fram með þeim hætti allt það, er máli skiptir. Undantekningu yrði að gera aðeins, þegar komið hefði í ljós, að ný gögn, er máli skipta, eru fram komin, eða dómarinn sæi, að hann hefði átt að leiðbeina aðilja framar en gert hefir verið.

Það skal vera aðalreglan um *fresti* yfirleitt, að dómarinn aðgæti, *hvort þeirra er þörf*, en veiti þá ekki alveg rannsóknarlaust, eins og nú tíðkast, ef báðir *flytjendur* málsins eru sammála um þá. Ef *aðiljar* flytja báðir mál sitt *sjálfir* eða samhljóða yfirlýsing þeirra um frestun liggur fyrir, mun dómari þó verða að fresta máli. En ella ekki, nema hann sjái nauðsyn á fresti eða líkindi til, að hans þurfi. „Eventual"-reglan er hér lögfest, að því leyti sem leiðbeiningarskylda dómarans leyfir, líkt og nú er.

Um 111. og 112. gr.

Þegar flytja skal mál munnlega, verður meðferðin að því leyti eins og eftir 110. gr., að dómari ákveður frest til að afla gagna eftir því, sem þörf virðist til vera. Þegar gagna hefir verið aflað, verður málflytjandi að leggja þau fyrir dómara, er svo ákveður stað og stund til flutnings málsins. Verður þetta með svipuðum hætti og nú tíðkast fyrir hæstarétti. Munnlegi málflutningurinn verður svo einnig með líkum hætti og fyrir hæstarétti.

Um 113. gr.

Ákvæði greinarinnar eru raunverulega í samræmi við gildandi dómvenju.

Um 114. gr.

Hér kemur fram hugsunin um *leiðbeiningarskyldu* dómarans, um skyldu hans til þess að *kynna sér hvað eina, sem fram kemur,* og nýmælið *um rétt hans til að kveðja aðilja sjálfa fyrir dóm eða láta gera það.* Dómari hefir sjálfstæðan rétt til að gera þetta, ef hann telur það heppilegt til skýringar máli. Mundi einkum talin þessa þörf eftir fyrsta þinghaldið, sbr. 105. og 106. gr., ef þeir eru ekki sjálfir við það þinghald staddir, en auðvitað getur dómari gert það á öðrum stigum máls, þar á meðal við endurupptöku þess eftir 120. gr.

Um 115. gr.

Auk þess sem dómari getur ex officio kvatt aðilja fyrir dóm til að gefa skýrslu, hefir *aðili sjálfur* sjálfstæðan rétt til að koma fyrir dóm og gefa skýrslu. Einnig hefir hann rétt til þess að heimta af dómara, *að hann kveðji eða láti kveðja gagnaðilja fyrir dóm til að gefa slíka skýrslu.* Og svo hafa aðiljar rétt til *að beina eða láta beina spurningum hvor til annars í sambandi við skýrslugjafirnar.*

Um 116. gr.

Ef *sækjandi* (gagnsækjandi) fullnægir ekki ákvæðum 105., 114. eða 115. gr., þá getur dómari vísað máli hans frá dómi. Þetta yrði gert, ef brestur af hálfu hans í þessu efni er svo verulegur, að ekki er unnt að gera sér vissa grein fyrir kröfum hans og ástæðum hans fyrir þeim, enda hafi hann ekki bætt um, þrátt fyrir bendingar dómarans. Annars getur brestur af hálfu sækjanda valdið því, að kröfur hans verði ekki teknar til greina, nema allt að einu séu fullar sönnur að þeim leiddar. En þá er takandi til greina, er ákveða skal málskostnað, að aðili hefir ekki fullnægt upplýsingaskyldu sinni.

Ef *verjandi* brýtur gegn fyrirmælum 106., 114. eða 115. gr., þá getur það auðvitað ekki varðað frávísun máls, heldur því, að hann tapi því að einhverju leyti eða öllu sakir framkomu sinnar, nema allt að einu sé fram komið, að krafa á hendur honum sé óréttmæt, og bæri þó að taka tillit til brots hans á upplýsingaskyldu sinni, þegar ákveða skyldi um greiðslu kostnaðar af máli.

Um 117. gr.

Það er nýmæli, sem hefir fyrirmynd sína í dönskum réttarfarslögum, að dómari geti látið sameina kröfur, sem ekki hafa verið sóttar í sama máli. Skilyrðið er, að kröfurnar séu *samrættar* og að *hagræði* sé að sameiningunni. Og sjálfsagt er, að dómari getur þetta ekki, nema annarhvor aðilja krefjist þess, því að kröfu getur dómari ekki ráðstafað þannig án óskar annarshvors aðilja. Samsvarandi gildir um aðgreiningu krafna, enda getur hún ekki átt sér stað, ef þær eru samrættar, nema kröfueigandi samþykki.

Eftir 2. málsgr. getur dómari frestað máli ex officio, ef úrslit annars máls kynni að ráða úrslitum dómsmáls þess að öllu leyti eða einhverju, t. d. ef A sækir skuldakröfu, en er kærður fyrir sviksamlegt athæfi í sambandi við hana. Eða ef B er sóttur fyrir spell á hlut, en annað mál er sótt og varið um eignarrétt hans að þeim hlut. Þessi ákvæði miða til að fyrirbyggja það, að tveir dómar

kunni að verða uppkveðnir samtímis eða svo af tveimur hliðsettum dómurum með ósamræmanlegum eða illa samræmanlegum úrslitum.

Um 118. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa. Þess skal þó getið, *að mál verður alltaf að flytja skriflega, ef verjandi mætir hvorki né lætur mæta,* enda þótt munnlegur málflutningur kunni að hafa verið ákveðinn. Ennfremur skal það tekið fram, að endurupptaka máls, slík sem leyfð er í 9. og 14. gr. tilsk. 15. ágúst 1832, verður ekki höfð eftir ákvæðum frv. Þar á móti er endurupptaka fyrirskipuð, ef aðili, hvort sem það er sækjandi eða verjandi, hefir ekki mætt sakir forfalla, og það þótt það hafi verið tekið til dóms, enda sé dómur ekki upp kveðinn. Jafnvel þótt mál hafi ekki orðið þingfest vegna forfalla sækjanda eða umboðsmanna hans, skal fresta máli, ef dómari veit um forföllin, en ef hann hefir ekki vitað um þau og mál hefir því fallið niður, þá tilkynnir hann aðiljum, þegar honum hafa verið sönnuð forföllin, stað og stund nýrrar fyrirtöku samkvæmt 3. málsgr., án þess að sækjandi þurfi að taka út eða birta stefnu á ný.

Um 119. gr.

Um 5. tölul. þeirra tilvika, er hefja *skal* mál, athugast, að verjanda getur enginn óréttur verið með því gerður, þegar hann hefir krafizt frávísunar eða vísa skal máli allt að einu frá ex officio. Þar á móti virðist verjandi annars, ef hann mætir eða lætur mæta, eiga kröfu til þess, að skorið verði úr misklíðarefninu, nema sækjandi beinlínis falli með öllu frá málssókn sinni. Þá hlýtur mál að verða hafið, því að enginn dómsgrundvöllur, engin krafa er þá fyrir hendi.

Það er auðsætt, að dómari getur hafið mál ex officio, ef sækjandi eða sá, er settur verður á bekk með honum, t. d. stefnandi vitnamáls, greiðir ekki lögboðin gjöld eftir kröfu dómarans eða hegðar sér verulega ósæmilega fyrir dómi, t. d. með illyrðum, kemur ölvaður fyrir dóm eða reynist vitfirrtur o. s. frv. Ef t. d. vitnastefnandi neitar að greiða gjöld fyrir að leiða vitni, getur dómari neitað að spyrja vitnin eða neitað að taka við staðfestingu vitnaskýrslu. En aðalmálið fer vitanlega leiðar sinnar allt fyrir það. Skýrsla, sem þegar hefir verið gefin, heldur og sönnunargildi sínu, þótt vitnastefndi greiði ekki lögboðið gjald eftir kröfu dómarans.

Um 120. gr.

Ef gætt er nægilega fyrirmæla 105., 106., 114. og 115. gr., á ekki að þurfa að koma til endurupptöku eftir þessari grein. En vera má, að dómari sjái eftir dómtöku máls, að þurft hefði að kveðja aðilja fyrir dóm eða að spyrja aðilja betur en gert var, og er þá nauðsynlegt að bæta úr því. Annars vísast til þess, er sagt var í upphafi athugasemda við þennan kafla.

Um X. kafla.

Hér koma fyrirmælin um *sönnun* og *sönnunargögn*. Þeim er venjulega skipt í fimm flokka: *Játning aðilja* (123. gr.), *vitnaskýrslur* (125.—135. gr.), *mats- og skoðunargerðir* (136.—144. gr.), *skjöl* (145.—159. gr.) og *eiður aðilja* (160.—170. gr.).

Um 121. gr.

Hér kemur til greina, *hvað sanna þurfi*. Það, sem aðiljar eru sammála um, að gerzt hafi, þarf ekki að sanna. Það verður lagt til grundvallar, svo framarlega sem það varðar atriði, sem er á valdi aðilja að kveða á um. Dómarinn þekkir eða á að afla sé nauðsynlegrar þekkingar á íslenzkum, almennum réttarreglum. Hann á og að hafa almenna menntun. Því þarf ekki að sanna honum alkunna atburði, eða fræðisetningar eða reynslu, sem telja má almenningseign. Þar á móti verður þess ekki krafizt, að hann þekki *sérstakar réttarvenjur* eða *erlendan rétt*.

Þá er *sönnunarbyrðin*. Ógerlegt er að setja almenna reglu um hana. Tilvikin í réttarsamböndum manna eru of margvísleg til þess, að slík regla gæti að haldi komið. Dómstólar verða að greiða úr þessu atriði hverju sinni. Til þess er ekki ætlazt, að dómari kveði upp fullnaðar- eða bráðabirgðaúrskurði um það, hvor aðilja hafa skuli sönnunarbyrði um einstök atriði, en hann getur bent aðiljum á, hvað muni þurfa að sanna, og að aðilja sé öruggast að afla sér gagna um ákveðin atriði. En vitanlega verður hann að gefa slíkar leiðbeiningar með varúð, svo að hann felli ekki á sig grun um hlutdrægni eða bindi sig fyrirfram um dóm á því atriði.

Um 122. gr.

Eins og í hinum nýrri réttarfarslögum annara þjóða er gert, er hér ekki lagt band á dómarann um það, hvenær framkomin sönnun sé fullnægjandi, eins og gert var oft í réttarfarslögum á fyrri tímum. Sönnun, sem fólgin var í framkvæmd ákveðinna athafna, eins og t. d. járnburður í fornöld, er nú út af fyrir sig að engu metin. Það er nú á dögum lagt á vald dómara að meta það eftir heilbrigðri skynsemi og mannlegri reynslu, hvenær telja verði ákveðið atriði sannað. Og sú regla er að sjálfsögðu helguð hér.

Um 123. gr.

Játning aðilja er, sem kunnugt er, almennt ekki sönnunargagn í einkamálum. Hún veldur því venjulega, að gagnaðili losnar við að sanna það atriði, er játningin varðar. Hún verður aðeins eiginlegt sönnunargagn, þegar aðili, sem ekki á forræði á sakarefni, t. d. ólögráða maður, gefur skýrslu sér í óhag um sakaratriði, sem honum er kunnugt um. Fyrir því verða skýrslur aðilja eftir 105., 106., 114. og 115. gr. venjulega ekki sönnunargagn. Hvert gildi játning aðilja, innan réttar eða utan, hafi in concreto, er lagt á vald dómarans að meta, og er það í samræmi við 122. gr.

Um 124. gr.

Eftir henni geta þeir menn almennt verið vitni, sem ekki eiga að gefa aðiljaskýrslu eftir 7. málsgr. 115. gr. Vitnaskyldan fer almennt eftir sömu reglum

sem nú gilda. En þó eru gerðar tvær þýðingarmiklar undantekningar. Fyrri undantekningin rýmkar skylduna að því leyti sem vitni er gert skylt að mæta utan heimilisvarnarþings síns, ef samgöngur eru svo, að þeir megi komast á þingstað á tiltölulega skömmum tíma, enda þótt hann sé ekki í heimaþinghá þess. Það er talið mikilsvert, að dómari aðalmálsins geti sem oftast spurt vitni. Hann er málinu kunnugri en aðrir dómarar og hann stendur betur að vígi um mat vitnaskýrslu, ef hann hefir sjálfur spurt vitnin. Hin undantekningin felst í síðustu málsgr. En vitanlega er vitnaskyldan hér takmörkuð af ákvæði 2. tölul. 125. gr.

Um 125. gr.

Þessi grein fjallar um rétt vitnis til undanþágu undan vitnaskyldu. 1. tölul. svarar til N. L. 1—13—17. En N. L. 1—13—17 er að sumu viðtækari en þessi liður og að öðru þrengri. N. L. 1—13—17 nær til fleiri *mægðra* en hann og til *hjúa*. Efir því, sem mægðum og hjúasambandi er nú farið, virðist lítil ástæða til að veita þessu fólki undanþágu framar en hér er lagt til. Þar á móti nær þessi tölul. til unnustu og unnusta og — skildagað — til fósturforeldra og fósturbarna. Seinni málsgr. þessa liðar svarar til niðurlagsákvæðis N. L. 1—13—17, eins og það hefir verið skilið og framkvæmt.

2. tölul. geymir undanþágur, sem veittar hafa verið vitnum fyrir dómsvenju, og hefir stoð í einstökum lagafyrirmælum, sbr. N. L. 1—13—18. Þó er hér tekið tillit til *venzlamanna* vitnis, þeirra, er í 1. tölul. segir, þótt þeir séu ekki *aðiljar* málsins. En það er varla gert eftir gildandi dómvenju, þó að eðlilegt virðist stundum að gera það.

Undantekningarnar í a- og b-lið eru nýmæli eftir fyrirmynd erlendra réttarfarslaga. Með því að vera vitundarvottur, má segja, að vitni hafi afsalað sér undanþágunni. Í tilvikum þeim, sem í b-lið greinir, mundi ákvæði síðari málsgr. 1. tölul. eflaust oft koma til greina, en þó að svo sé ekki, þykir rétt að skylda vitnið til að gefa skýrslu um fjölskyldumál þau, sem í b-lið segir.

3. og 4. tölul. er í samræmi við gildandi dómvenjur.

Með því að búast má við, að vitnum sé ekki almennt kunnugt um undanþágurétt sinn, þykir rétt að skylda dómara til þess að vekja athygli þeirra á honum.

Um 126. gr.

Hér segir um *heimildarskort* vitna til að bera um ýms atriði, nema sá leyfi, sem með á.

1. tölul. tekur aðeins til *embættis-* eða sýslunarmanna og annara, sem falin hafa verið störf í ríkis eða almennings þágu, og til heimildarleysis til að skýra fyrir dómi frá því, er þau hafa komizt að í því starfi og venju samkvæmt eða eðli málsins á að fara leynt. Þar á móti tekur *2. tölul.* til *allra,* hvort sem þeir gegna eða hafa gegnt opinberum starfa eða ekki, og skiptir engu, hvernig þeir hafa að leyndarmálinu komizt. — *3. tölul.* varðar þar á móti *einkahagi manna,* sem opinberir starfsmenn hafa kynnzt í starfi sínu. Það verður að fara eftir löggjöfinni um þessa menn og starf þeirra, að hve miklu leyti þeir eiga að halda slíku leyndu og að hve miklu leyti leyndarskyldan tekur til vitnisburð-

ar í einkamáli fyrir dómi. Sbr. N. L. 2—5—19 og 2—9—26 (um presta og meðhjálpara), tilsk. 4. des. 1672, 24. gr. (um lyfsala), tilsk. 19. júlí 1793 (um málflutningsmenn), lög nr. 47/1932, 10. gr. (um lækna), lög nr. 17/1933, 11. gr. (ljósmæður), lög nr. 46/1926, 18. gr. (niðurjöfnunarnefndir), lög nr. 6/1935, 50. gr. (skattanefndir) lög nr. 32/1915, 20. gr., lög nr. 18/1934, 148. gr. 2. (kjörstjórnir), fyrirmæli um síma-, póst- og bankastarfsmenn o. s. frv.

Í *4. tölul.* er nýmæli eftir fyrirmynd erlendra réttarfarslaga. *5. tölul.* er í samræmi við ríkjandi skilning á 3. gr. tilsk. 9. maí 1855, um prentfrelsi.

Í *síðustu málsgr.* er nýmæli, sem að vísu virðist eðlilegt. Sbr. hér við aths. við 224. gr. um opið bréf 16. sept. 1778, um vitnisburð hjóna.

Um 127. gr.

Hér eru þau tilvik talin, er *bannað er að* láta vitni staðfesta skýrslu sína. *1.—3. tölul.* er í samræmi við N. L. 1—13—19 og 8. gr. laga nr. 29/1911.

Heimild dómara til að synja eiðvinningar er í samræmi við anda N. L. 1—13—20 og gildandi réttarvenju.

Um 128. gr.

Virðist ekki þurfa skýringar.

Um 129. gr.

Er í samræmi við ákvæði 122. gr.

Gamla reglan um sönnunargildi tveggja eða fleiri óaðfinnanlegra vitna er þó látin haldast, sjá N. L. 1—13—1, en þó getur dómari vikið frá henni, sbr. orðið „venjulega“, ef sérstakar ástæður þykja til þess vera.

Um 130. gr.

Það þykir ekki ástæða til að halda lengur reglu N. L. 1—13—13 um stefnu til vitna, er áður hafa verið leidd, eða reglunni: „óstefndur skal vera ónefndur“ í þessu sambandi. Þær eru báðar alóþarfar, og nú á tímum eru vitni jafnan látin falla frá stefnu eftir N. L. 1—13—13, og hinni reglunni víst lítt fylgt í framkvæmdinni. Að öðru leyti virðist greinin ekki þurfa skýringar.

Um 131. gr.

Reglur um það, hvernig með skuli fara, ef menn fullnægja ekki vitnaskyldu sinni, eru í tilsk. 3. marz 1741. Liggur þar aðeins 20 króna sekt, sem að vísu má dæma aftur og aftur, ef vitni skipast ekki við refsinguna, en öðrum ráðum verður ekki beitt. Vitni getur því hliðrað sér hjá að bera með því að greiða sektina aftur og aftur. Þetta hefir annarsstaðar þótt svo óviðurkvæmilegt, að sett hafa verið miklu strangari ákvæði um viðurlög gegn vitnum, er ekki gegna þessari skyldu sinni.

Brestur getur orðið á fullnægingu vitnaskyldunnar, þótt vitni komi fyrir dóm. Um það atriði fjallar 1. málsgr. að nokkru leyti og 2. málsgr. að nokkru. Í fyrri málsgr. er átt við þau tilvik, sem ekki eru svo vaxin, að *refsingu* verði beitt, heldur einungis varnarráðstöfunum við því, að slíkt verði oftar. Eftir þessari málsgr. gæti dómari t. d. látið geyma ölvaðan mann, þar til hann væri

orðinn algáður og fær til að bera vitni. Um gæzlu á mönnum, sem öðruvísi er ástatt um, mun varla verða að ræða. Það yrði aðeins að gefa þeim frest til þess að jafna sig.

Þegar vitni að vísu kemur, en neitar ranglega að svara spurningum, sbr. þó 5. málsgr. 128. gr., eða að staðfesta skýrslu sína eða kemur alls ekki, án þess að forföll séu tilkynnt og gerð sennileg, þá koma refsiákvæði 2. málsgr. til greina. Í sektir má að vísu dæma svo oft er vera skal, ef vitnastefnandi krefst þess, eins og áður, en hann getur líka krafizt fangelsisrefsingar, ef brot er ítrekað í sama máli. Og ef báðir aðiljar stefna sama vitni til sama eða sömu þinghalda, getur hvor um sig gert refsikröfu, og sektin ætti þá að skiptast jafnt milli þeirra. Það þykir rétt til þess að örva vitni til að gera skyldu sína að láta þann hluta refsingar, sem ekki er út tekinn, t. d. það af sektinni, sem ekki er greitt, eða það af fangelsisvistinni, sem ekki er út tekinn, falla niður, þegar vitni fullnægir skyldu sinni.

Í 3. málsgr. er vitnadómara heimilað að fella refsiúrskurð sinn úr gildi, ef forföll eru síðar sönnuð. Og þær varnir má bera upp, er fullnægja skal úrskurði. Þetta er nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir það, að maður, sem ef til vill er saklaus, verði látinn taka út refsingu.

Um 132. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 133. gr.

Núgildandi reglur um yfirheyrslu vitna eru í N. L. 1—13—5, 6 og 8, tilsk. 3. marz 1741, 13. gr. tilsk. 3. júní 1796, 12.—14. gr. og tilsk. 15. ágúst 1832, 13. gr., tilsk. 22. sept. 1846 (áminningarræðan) og lögunum nr. 29/1911, 4. gr.

Eftir þessari grein hefur vitnaleiðslu með áminningu dómarans um að segja satt og rétt frá því, sem það verður spurt um, og vekur hann athygli vitnis á því, að það kunni að verða að staðfesta skýrslu sína og þýðingu slíkrar staðfestingar. Síðan gerir vitnið grein fyrir sjálfu sér og afstöðu sinni til málsins eða málsaðilja, ef því er að skipta. Spurningar vitnastefnanda til vitnis verða að jafnaði skriflegar, eins og nú er, en dómari getur þó vikið frá því, en þá verður það allt að einu að koma glöggt fram, um hvað vitnið ber. Framhalds- og gagnspurningar geta verið munnlega settar fram, en dómarinn gætir þess, að efni þeirra og svörin komi sæmilega skýrt fram. Til þess að skýra mál og flýta því hefir gagnaðili greiðan og sjálfstæðan aðgang að því að láta leggja spurningar fyrir vitni, þótt hann hafi ekki stefnt vitni. Dómari getur leyft aðiljum sjálfum að spyrja vitni, en hefir þó alla gæzlu á vitnaleiðslunni, þar á meðal, að allt fari skipulega fram og verði rétt bókað. Ef reynslan sýnir, að það verði hagfellt að láta aðilja eða umboðsmenn þeirra spyrja vitni, mun sú aðferð verða tíðhöfð. En ef hún reynist miður, þá mun hitt verða aðalreglan, að dómari sjálfur spyrji vitni, eins og verið hefir. Yfirheyrslan er vitanlega fyrst og frest verkhyggnisatriði, sem fáar almennar reglur verða um gefnar fram yfir það, er sagt hefir verið í greininni. Þó eru mikilsverð atriði í 5. og 6. málsgr., sem miða að því, að hvert vitni segi það, sem það veit, án þess að það hafi það upp eftir öðrum vitnum eða að þeirra framburður hafi

áhrif á það. Samprófun vitna í einkamálum getur og verið nauðsynleg, þegar þau bera mismunandi um sama atriði. Er með samprófuninni gerð enn frekari tilraun til þess að komast að sannleikanum.

Í síðustu málsgr. er nýmæli, sem miðar að því að vernda vitni. Aðferð þá, er hér greinir, mætti t. d. viðhafa, ef vitni óskaði þess, ef það er krafið framburðar um einkahagi sína, t. d. um framferði þess fyrrum, hvað það hefði gert við ákveðið tækifæri, ef særandi væri fyrir vitnið, að sá verknaður yrði heyrinkunnur, o. s. frv. Af þessari ástæðu er málskot á ákvörðun dómara hér um ekki leyft.

Um 134. gr.

Áður en staðfesting vitnaskýrslu fer fram, skal dómari enn áminna vitni alvarlega um að staðfesta það eitt, er það veit eða hyggur satt og rétt, og brýna fyrir því þýðingu eiðs eða drengskaparheits í allar áttir. Dómara er ekki fengin nein áminningarræða. Það er ætlazt til þess, að hann hagi áminningu sinni eftir því, sem hann hyggur, að bezt áhrif hafi á vitnið.

Sumstaðar, svo sem í Englandi, vinnur vitni eið áður en vitnaskýrsla er af því tekin. Þessi eiður felur í sér loforð um að segja satt. Annars staðar er eiður eða heit unnið eftir að yfirheyrslunni er lokið, og er þá hátíðleg staðfesting á skýrslunni. Sjálfsagt má deila um það, hvor aðferðin sé heppilegri. Hér hefir fólk langan aldur vanizt staðfestingu eftir að skýrsla er gefin, og er varla rétt að breyta til, nema öruggt sé, að enska aðferðin sé betri. Sálfræðilega verður munurinn á áminningu dómarans í upphafi vitnaleiðslunnar, ef hún er í lagi, og á heitinu um að segja satt ekki ýkjamikill. Það er ekki ólíklegt, að það geri marga grandvarari, að þeir eiga yfir höfði sér staðfestinguna eftir á, en ef þeir hafa þegar unnið heitið um að segja satt og eru svo lausir, þegar þeir hafa gefið skýrsluna. Og svo kemur það, að staðfestingar er jafnvel sjaldan krafizt, og þá hefir hinn fyrirfram unni eiður í raun og veru verið unninn án þess að hans hefði verið þörf vitnisburðarins vegna. Það virðist í raun og veru svo, að áminning fyrirfram, áminning eftir á og síðan hátíðleg staðfesting ætti að veita að minnsta kosti eins góða tryggingu fyrir sannsögli vitnis sem heit eða eiður fyrirfram unninn.

Eftir lögum nr. 29 1911 er heimildin til þess að láta menn vinna drengskaparheit bundin við menn, sem a) ekki eru í neinu trúfélagi hér á landi og b) enga trú játa. Sá, er að formi til uppfyllir annaðhvort þessara skilyrða, verður að vinna hinn kristna eið, enda þótt hann aðhyllist alls ekki þær trúarsetningar, sem eiðurinn hvílir á og er tákn fyrir. Gyðingur og Múhamedstrúarmaður t. d. yrði að vinna hinn kristna eið eftir gildandi lögum. Sá eiður hefir ekki það trúrækilegt gildi fyrir hann, sem ætlazt er til, að eiðurinn hafi fyrir kristna menn. Eftir þessari grein geta og eiga allir þeir, sem að gefnu tilefni frá dómaranum lýsa yfir trú á persónulegan guð, að vinna eið. Það er ekki skilyrði, að viðkomandi játi kristna trú. Táknin fyrir kenningar kristinnar kirkju eru felld úr eiðsaðferðinni. Gyðingur t. d. og Múhamedsmaður ættu því að vinna eið eftir þessari grein við sinn guð og kristinn maður við sinn. Það er ekki komið undir hinu ytra, heldur hinu innra, hvora aðferðina skuli hafa. Það veltur á hinu trúrækilega-siðferðislega atriði, en ekki því, í hvaða trúfélagi vitnið er skrifað.

Um 135. gr.

Ákvæði um þóknun til vitna voru fyrst sett með lögum nr. 28/1917. Ákvæði þessara laga eru ekki lengur nothæf, því að eftir þeim getur þóknunin stundum orðið of lítil og stundum of mikil. Eins og samgöngu- og atvinnuháttum manna hér á landi er nú varið, verður að miða þóknunina við raunverulegan og venjulegan ferðakostnað, t. d. greitt far fyrir sæti í áætlunarbíl, fargjald á skipi o. s. frv. Ef vitnastefnandi stefnir manni til þinghalds þannig, að hann getur ekki komizt nægilega snemma á þingstað, yrði hann að greiða hærri ferðakostnað. Og svo getur komið til mála að greiða vitni fyrir annan útlagðan kostnað, t. d. gistingu, og svo þóknun fyrir vinnutjón, og loks fyrir rannsókn eftir 124. gr., ef vitni hefir orðið að kosta einhverju til hennar.

Um 136.—138. gr.

Eru í samræmi við hlutarins eðli og gildandi dómvenju.

Um 139. gr.

Hér skal aðeins vakin athygli á því, að í grein þessari felast þrjár breytingar frá núgildandi reglum:

1. Að matsmanni sé skylt að framkvæma mat utan þinghár sinnar. Þetta er lagt til af hallkvæmis-ástæðum. Það flýtir máli og getur orðið til að tryggja það, að sem hæfastir menn framkvæmi mat.

2. Dómari getur kvatt matsmenn, þótt þeir eigi heima í öðru lögsagnarumdæmi, en ef hann t. d. ber ekki nægileg kennsl á menn þar, getur hann snúið sér til héraðsdómara þar. Þessi ákvæði eru líka sett af hallkvæmis-ástæðum, til að flýta máli.

3. Dómari getur kvatt matsmenn, þótt matsbeiðandi mæti eigi við kvaðninguna, ef hinn aðilinn mætir. Matsgerðin getur verið í beggja aðilja þágu, og því eigi ástæða til að fresta kvaðningu, þótt matsbeiðanda vanti.

Um 140. gr.

Hér er það nýmæli, að matsgerð getur fram farið, þótt hvorugur aðilja mæti, ef matsmenn telja sig ekki bresta upplýsingar. Þetta er og til að flýta máli. Að öðru þykir greinin ekki þurfa athugasemda.

Um 141. gr.

Hér eru nýmæli þessi:

1. Um dagsektir á hendur matsmanni, er vanrækir starfann.

2. Um refsingu á hendur honum með sama hætti sem um vitni segir, og

3. Þóknun og ferðakostnað matsmanna og tryggingu fyrir þeim greiðslum.

Um 2. og 3. má vísa til athugasemda við 131. og 135. gr. Nr. 1 er til að tryggja framkvæmd matsgerðar enn betur, og kemur í stað sekta, sem úrskurðaðar verða á hendur vitni eftir 131. gr.

Um 142. gr.

Er í samræmi við gildandi dómvenju.

Um 143. gr.

Reglan í upphafi greinarinnar um úrskurðarvald matsdómara er í samræmi við gildandi reglur.

Ef dómari synjar að nefna ákveðinn matsmann, þá er það venjulega vottur þess, að sá maður sé einhverjum verulegum annmörkum bundinn, og málskot yrði þá venjulega einungis til að tefja málið. Hin regla greinarinnar um málskot er í samræmi við önnur ákvæði frv. um þau efni.

Um 144. gr.

Er í samræmi við gildandi reglur. Sönnunarmat dómarans fer og hér eftir aðalreglunni í 122. gr.

Um 145. gr.

Ákvæði 1. málsgr. eru í samræmi við gildandi dómvenju. Þó athugast, að dómari getur, þá er ágreiningur verður um nauðsyn framlagningarinnar, meðan aflað er gagna, látið uppi álit sitt um nauðsyn framlagningar skjalsins, en ekki verður það álit þó annað en leiðbeining til aðilja.

Um 2. málsgr. athugast, að þar greinir tvö tilvik, er aðili skal verða við áskorun gagnaðilja síns um framlagningu skjals. Fyrra tilvikið er það, ef áskorandi á rétt á skjali eða tilkall til þess, t. d. ef hann er eigandi þess eða meðeigandi eða skjalið geymir samning milli aðilja. Annars kostar getur verið tvísýnt um framlagningarskyldu aðilja. En þegar þess er gætt, að aðili skal, ef hann vill láta taka fullt tillit til þess, sem fram hefir verið fært af hans hálfu, *sjálfur* gefa skýrslu fyrir dómi, þá hlýtur líka að mega gera ríkari kröfur til hans eftir frv. en nú mun vera gert. Hugsunin er sú, að aðili leggi skjalið fram, ef honum væri skylt að gera það sem *vitni* í öðru máli. Ef skjalið inniheldur eitthvað skemmandi fyrir hann eða það bakar honum fjárhagstjón *án tillits til málsins* að leggja það fram, þá væri honum óskylt að gera það. Það gæti þá komið til þess, að farið yrði eftir 149. gr. Framlagningarkrafan byggist á því, að skjal innihaldi upplýsingar um sakaratriði, og getur því framlagningin orðið til þess, að aðili tapi málinu, alveg eins og sönn skýrsla hans eftir 114. eða 115. gr. getur valdið honum samskonar tapi.

Um 146. gr.

Skylda þriðja manns til að leggja fram skjal nær fyrst og fremst til þess, ef aðili á rétt yfir skjalinu eða tilkall til þess án tillits til vitnaskyldu handhafa skjalsins. Og þvínæst er honum skylt að leggja skjal fram, ef honum er skylt að vitna um það, sem í því stendur.

Um 147. gr.

Í þessari grein er skorið úr því, hvernig fara skuli um sönnun fyrir því, að skjal sé í vörzlum aðilja eða þriðja manns, og þeir neita, að svo sé. Sönnunarbyrðin hvílir, eins og nú, á þeim, er skjals krefst. En það er ný regla, að hinum verði veittur kostur á að synja fyrir handhöfn sína með eiði. Ef það sannast, að skjalið sé ekki í vörzlum viðkomanda eða hann synjar þess með eiði —

og verður sá eiður unninn fyrir dómara aðalmáls, eða ef til vill öðrum dómara, sem hefir lögsögu yfir viðkomandi manni — þá er málinu lokið.

Um 148. gr.

Ef gera má ráð fyrir því, að viðkomandi hafi skjal í vörzlum sínum, sem hann leggur ekki fram eftir áskorun, þá verða afleiðingar þess fyrir aðilja slíkar sem í niðurlagi 2. málsgr. 145. gr. segir, sbr. þó 149. gr., en ef þriðji maður á í hlut, má fara eftir þessari grein. Eftir gildandi reglum verður nú að höfða mál gegn þriðja manni til dóms um skyldu hans til að skila skjali, nema áskorandi sé eigandi þess og kynni að geta látið taka það úr vörzlum hans með beinni fógetagerð. Málssóknarleiðin er langsótt og kostnaðarsöm, og er því stungið upp á greiðari leið og fljótfarnari. Ef dómari aðalmáls á lögsögu yfir handhafa skjals, úrskurðar hann um skyldu hans til að leggja skjalið fram, en ella sá annar dómari, sem á lögsögu yfir manninum. Getur hann þá sætt úrskurði um að skila skjalinu að viðlögðum dagsektum, sem þó falla niður, ef hann sýnir seinna, að hann hafi ekki haft skjalið eða hafi ekki verið skyldur samkvæmt 146. gr. til að láta það fram, eða hann gerir það eftir að dagsektir eru byrjaðar að falla á.

Um 149. gr.

1. málsgr. á við, ef skjal inniheldur leyndarmál eða annað, sem óskylt eða óheimilt er að skýra frá í dómsmáli, en að auki annað, sem ekki er svo varið. Þá verður að fara með efni skjalsins að nokkru leyti sem trúnaðarmál, en það úr því tekið eða skýrsla um það gerð úr skjalinu, sem koma má fram, undir umsjá dómara.

2. málsgr. víkur að því, ef handhafa er bagi eða tjóns von að sleppa skjali, t. d. víxli, skuldabréfi, samningi o. s. frv. Mundi oftast nægja að taka ljósmynd af slíku skjali, en vera má þó, að sjálft frumritið eitt komi að fullu haldi, og verður þá, ef handhafi krefst þess, að viðhafa þær varúðarreglur, sem í 2. málsgr. segir.

Handhafi skjals samkvæmt 145. og 146. gr. verður að sjálfsögðu krafinn skýrslu um þau atriði, er máli skipta, eftir 114. og 115. gr., ef aðili á í hlut, en eftir reglum um vitni, ef þriðji maður á hlut að máli.

Um 150. gr.

Þessi grein er nýmæli. Eftir gildandi lögum mundi handhafi skjals ekki verða dæmdur til refsingar fyrir þann verknað, sem í greininni segir, nema athæfið væri sviksamlegt eftir almennum hegningarlögum eða brot á sérstakri skyldu, og þá án tillits til væntanlegrar notkunar skjalsins í sérstöku dómsmáli.

Um 151. gr.

Er í samræmi við reglur frv. um málskot.

Um 152. gr.

Það getur oft orðið nauðsyn á að nota eða skoða aðra muni í dómsmáli en skjöl í þrengri merkingu, t. d. fasteign, hús, bifreið, skepnur. Ef munir

þessir eru í vörzlum aðilja, er auðsætt, að það hefir samsvarandi verkun fyrir þá, ef þeir neita aðgangi að þeim, eins og ef þeir neita að leggja fram skjal eða gefa skýrslu eftir 114. eða 115. gr. Ef þriðji maður á hlut að máli, er og einsætt, að hann verður almennt að láta heimilan aðgang að slíkum munum. Hér kemur og miklu síður til, að hann líði baga eða tjón við það, en þegar um skjöl er að tefla, og sjaldgæft, að leyndarskylda eða hætta á siðferðislegum eða fjárhagslegum hnekki leysi hann undan skyldunni. Mundi og oft mega beita fógetavaldi gagnvart honum eftir að úrskurður væri fallinn um skyldu hans. En dagsektum má líka beita, ef hentugra þætti eða ekki yrði beinlínis við komið fógetavaldi.

Um 153. gr.

Ákvæði hennar eru í samræmi við gildandi skoðanir.

Um 154. gr.

Ef því er haldið fram í dómsmáli, að einkaskjal sé falsað, þá er það talið, að sá, sem nota vill skjalið, verði að sanna falsleysi þess, nema sami maður sé framleggjandi og útgefandi. Þá er það talið víst, að hann hafi gefið það út, nema annað sé sannað. Nú er það undantekning — og heldur fátíð þó — að menn búi til fölsuð skjöl eða breyti innihaldi þeirra, og er það því samræmara viðurkenndum sönnunarreglum, að sá, sem staðhæfir, að slík undantekning hafi átt sér stað, sanni sitt mál eða geri það sennilegt. Auk þess rýrir núgildandi regla umsetningsmöguleika einkaskjala. Því eru einkaskjöl að þessu leyti nokkurn veginn sett í grein þessari á bekk með opinberum skjölum. Það getur aðeins snúið sönnunarbyrðinni við, sbr. 155. gr., ef skjalið er að einhverju leyti grunsamt vegna innihalds síns eða útlits, t. d. ef innihald þess er í sjálfu sér ósennilegt, rithöndin ólík rithönd þess manns, sem skjalið tjáist útgefið af, o. s. frv.

Um 155.—157. gr.

Það þykir rétt, að dómari rannsaki það ex officio, ef honum þykir vera mega, að skjal sé falsað. Fyrst og fremst með því að skylda aðilja eða þriðja mann, sem eftir skjalinu tjáist vera útgefandi þess, til þess að gefa sýnishorn af rithönd sinni. Ef aðili á í hlut, hefir neitun hans um að gefa sýnishornið slíka þýðingu sem synjun hans um að gefa skýrslu. En ef þriðji maður á í hlut, takmarkast skylda hans af vitnaskyldunni. Hann væri t. d. ekki skyldur að gefa sýnishornið, ef það bakaði honum verulegt tjón eða óhagræði. Þar á móti gæti hann ekki skotið sér undir regluna um undanþágu sakir frændsemi í 125. gr., vegna fyrirmæla 1. tölul. 2. málsgr.

Um 158. gr.

Þegar ráðið er um *falsleysi* skjals, tekur til mat um *sönnunargildi* þess. Eru ákvæði þessarar greinar um sönnunargildi opinberra skjala í samræmi við gildandi venju. Það er yfir höfuð nauðsynlegt, að menn megi treysta því, að opinber skjöl, sem varða eina ákveðna staðreynd, segi rétt um hana, t. d. vottorð læknis um ákveðið sár á manni, vigtarmanna um þunga tiltekinnar vöru

o. s. frv. Ef opinber skýrsla felur í sér mat, verður málið nokkru vandasamara. Fer allt eftir því, hvernig á stendur. Mat bankaskoðunarmanna á greiðslumöguleikum skuldunauta hans getur t. d. ekki verið jafnáreiðanlegt og t. d. mat löggiltra fiskimatsmanna á tiltekinni fisksendingu. Verður dómari því að hafa allfrjálsar hendur um dóm sinn á sönnunargildi opinberra matsgerða.

Einatt hefir embættismaður ekki tök á að sannreyna það atvik sjálfur, sem opinbert vottorð lýtur að. Prestur, sem fær tilkynningu um fæðingardag barns, veit venjulega ekki af eigin raun, hvort fæðingardagur er réttur. En venjulega verður að gera ráð fyrir því, að svo sé. Þess vegna verður líka venjulega að byggja á slíkum vottorðum, þar til hið gagnstæða kemur fram.

Um 159. gr.

Það er efalaust, að mörg einkaskjöl veita fulla sönnun um það, er þau herma, þar til hið gagnstæða er sannað, t. d. framlagt skuldabréf um skuldarupphæð, vöxtu, gjalddaga. Sá, sem fullyrðir, að öðruvísi hafi verið samið eða breytingar síðar gerðar, verður því venjulega að hafa sönnunarbyrði fyrir slíkum staðhæfingum. En sönnunargildi slíkra skjala hlýtur að verða mjög mismunandi. Vottorð þriðja manns um sakaratriði er t. d. mjög veikt sönnunargagn, einkum ef það er gefið eftir beiðni aðilja eða eftir að til dómsmáls var komið eða til notkunar í væntanlegu dómsmáli. Það er lagt á vald dómarans að meta sönnunargildi skjala yfirleitt í samræmi við reglu 122. gr.

Um 160. gr.

Aðildareiður er einskonar neyðarúrræði og verður ekki leyfður, ef engin sönnun er fram komin, því að þá er venjulega alveg óvíst, hvor satt segir, eða ef full sönnun þykir komin fram. Þá er hans engin þörf. Hann getur því einungis orðið leyfður, ef *nokkur* gögn hafa komið fram, en *ekki fullnægjandi*. Það verður bæði að leggja það á vald dómarans, *hvenær* aðildareið megi leyfa, og *hvor aðilja* skuli mega vinna hann. Hann mun því oft leyfa hann þeim, er hann telur líklegri til að hafa rétt fyrir sér um eiðsatriðið, ef sá er eiðgengur.

Um 161. gr.

Það er einsætt, að börn, vitfirrtir menn eða þeir, sem gerzt hafa sekir um rangan framburð fyrir dómi eða eru undir ákæru fyrir slík brot, megi ekki fá heimild til að vinna aðildareið. Einnig getur framkoma aðilja í málinu svipt hann heimildinni, t. d. ósamhljóða skýrslur, enda hafi ósamræmið ekki verið nægilega réttlætt. Hegðun mannsins undanfarið getur loks verið svo, að honum sé ekki veitandi eiðsheimild, enda þótt röngum framburði fyrir rétti sé ekki til að dreifa, t. d. skjalafals, sviksamlegt athæfi o. s. frv.

Um 162. gr.

Eiður eftir 1. málsgr. hefir tíðkazt dálítið (juramentum in litem, juramentum quantitatis, juramentum minorationis). Og þykir heimildin til hans mega haldast. Sbr. N. L. 5—2—88.

Einnig eru þess dæmi, að eiður sá hafi verið leyfður, er í 2. málsgr. segir

(juramentum ignoratiæ), t. d. ekkju um skuldakröfu á hendur henni, er maður hennar er talinn hafa stofnað. Þessi eiður verður þó því aðeins leyfður, að ekki þyki unnt að veita hinum heimild til að vinna eið, t. d. af því að hann hafði ekki heldur persónulega þekkingu á eiðsatriðinu, og að mjög líklegt þyki, að eiðvinnandi mundi hafa getað eða hlotið að fá vitneskju um kröfuna, ef hún hefði til orðið.

Um 163. gr.

1. málsgr. er í samræmi við N. L. 5—1—6, sbr. N. L. 1—14—6.
2. málsgr. er í samræmi við 10. gr. laga nr. 53/1911, um verzlunarbækur.

Um 164. gr.

Það hefir tíðkazt, að láta mál velta á eiði þriðja manns, þegar svo hefir á staðið sem hér segir, t. d. fyrrverandi hreppsnefndaroddvita, fyrrverandi starfsmanni sparisjóðs o. s. frv. um atriði, er í þeirra starfstíð á að hafa gerzt.

Um 165. gr.

Ákvæðið í 1. málslið er nýmæli, og virðist heppilegt til þess að flýta fyrir máli. Að öðru leyti eru fyrirmæli greinarinnar í samræmi við gildandi reglur.

Um 166. gr.

Í 3. málsgr. er nýmæli. Nú vinnur aðili venjulega eiðinn á varnarþingi sínu, en gagnaðilja virðist ekki vera rangt til gert, á hverju hinna þriggja varnarþinganna sem aðili vinnur eiðinn.

Um 167. gr.

Ákvæði 1. málsgr. eru í samræmi við gildandi reglur og eðli málsins.

Það þykir rétt að veita eiðstefndum færi á að fá eiðsmáli frestað, eins og verið hefir eftir tilsk. 14. sept. 1792, ef hann lýsir því yfir fyrir dómi, að hann ætli að áfrýja eiðsdómi til breytingar, enda sé áfrýjunarfrestur ekki liðinn. En þótt svo væri, mundi hann eiga að fá eiðsmáli frestað eftir analógiu þessarar málsgreinar, ef hann sýnir áfrýjunarleyfi. En gera verður þá kröfu til mótmælanda, að hann fresti áfrýjun ekki að óþörfu, og því er sett ákvæðið um, að áfrýjunarstefna skuli vera fengin innan þriggja vikna, nema lögleg forföll séu sönnuð. Ekki stoðar eiðstefndan þá heldur, þótt hann lýsi yfir áfrýjun af nýju, ef hann hefir ekki fengið áfrýjunarstefnu gefna út, þegar eiðsmálið verður tekið fyrir af nýju, nema forföll hafi hamlað honum að fá áfrýjunarstefnuna. Miða þessi ákvæði bæði til að tryggja rétt eiðstefnds og til að koma þó í veg fyrir óþarfan drátt á máli.

Ákvæði 3. málsgr. eru í samræmi við gildandi reglur, nema að frestur er styttur til útgáfu nýrrar eiðstefnu í því skyni að koma í veg fyrir óþarfan drátt á eiðsmáli.

Um 168. gr.

Ákvæði 1. málsgreinar eru í samræmi við gildandi reglur og fyrirmæli frv. um vitni. Sbr. aths. við 134. gr.

Það, hvort aðili skuli vinna eið eða drengskaparheit, fer eftir sömu reglum sem um vitni gilda.

Um 169. gr.

Fyrri málsliður er í samræmi við gildandi reglur, og síðari málsliður í samræmi við reglur frv. um málskot.

Um 170. gr.

Í gildandi lögum er ekkert ákvæði um þau tilvik, er í þessari grein segir. Þau eru að vísu ekki tíð, en geta þó vel komið fyrir. Með ákvæðum greinarinnar er aðilja vitanlega alls ekki meinað að áfrýja eiðsdómi með venjulegum hætti, ef þess er kostur samkvæmt ákvæðum laga um áfrýjun. En hann þarf þess ekki, ef honum þykir leið sú, sem honum er heimiluð í grein þessari, sér hallkvæmari. Þegar dómari hefir sett þing eftir 1. málsgr., er fyrsta verkefnið að ganga úr skugga um, hvort sú breyting sé á orðin, að aðili megi nú ekki vinna eiðinn. Ef úrskurður dómara gengur í þá átt, að hann megi enn eið vinna, er því máli lokið, nema kært sé. Þá hvílir það á meðan. En ef úrskurður dómara gengur í gagnstæða átt, verður málið allt tekið upp af nýju, nema kært verði, enda bíður mál á meðal. Ef æðri dómur telur aðilja enn eiðhæfan, getur hann unnið eið sinn eftir venjulegum reglum. Annars kostar verður mál tekið upp aftur, ef til vill sótt og varið á ný, hinn fyrri dómur úr gildi felldur og mál dæmt af nýju, án eiðs eða þá svo, að hinum aðiljanum verður veitt eiðsheimild.

Um XI. kafla.

Um gjafsókn og gjafvörn eru gildandi fyrirmæli í lögum nr. 44/1907. Eru ákvæði þessa kafla að miklu leyti í samræmi við þau lög. Breytingar eru þessar:

1. Gjafsókn verður eftir 1. tölul. 172. gr. eigi aðeins veitt kirkjum o. s. frv., heldur einnig mannúðarstofnunum almennt, t. d. barnahælum, líknarstofnunum o. s. frv.

2. Þegar einstakir menn æskja gjafsóknar, eiga þeir að sanna þörf sína með vottorði formanns niðurjöfnunarnefndar. Hann mun yfirleitt standa bezt að vígi um vitneskju um hagi aðilja.

3. Erlendum ríkisborgurum verður því aðeins veitt gjafsókn, að samsvarandi hlunnindi komi á móti. Danskir ríkisborgarar geta fengið hér gjafsókn með sama hætti sem íslenzkir, meðan ákvæði 6. gr. sambandslaganna standa.

4. Kostnaður af setudómara greiðist *alltaf* úr ríkissjóði, sbr. 3. málsgr. 30. gr. frv. Ríkinu er alltaf talið skylt að láta borgurum sínum löglegan dómara í té.

5. Gjafsóknar- (gjafvarnar)hafa verður skipaður talsmaður, nema til þess þyki engin ástæða.

6. Gjafsókn má svipta mann, ef í ljós kemur, að hann hafi ekki haft hennar þörf eða hafi ekki þörf hennar lengur.

7. Ef gagnaðili er dæmdur til greiðslu málskostnaðar, skal dómari ákveða skiptingu þeirrar upphæðar milli gjafsóknarhafa og ríkissjóðs. Sbr. 10. gr. laga nr. 29/1917.

Auk þess er nánar tilgreint, hvaða hlunnindi gjafsókn (gjafvörn) veitir, og eru þau ákvæði í samræmi við gildandi reglur.

Um XII. kafla.

Ákvæði um málskostnað eru í lögum nr. 29/1917. Eru í aðalatriðum teknar hér reglur þeirra laga.

Um 175. gr.

Hér er bætt við þóknun til matsmanna og vitna. Að öðru svarar greinin til 1. gr. laga nr. 29/1917.

Um 176. gr.

Ákvæði hennar eru ný, en virðast vera alveg sjálfsögð.

Um 177. gr.

Svarar til og er að efni til samræm 4. og 5. gr. laga nr. 29/1917. Við 4. tölul. athugast ákvæði 114. og 115. gr. frv.

Um 178. gr.

Er samhljóða 6. gr. laga nr. 29/1917.

Um 179. gr.

Svarar til 8. gr. laga nr. 29/1917. Það virðist þó réttara, að dómari geti stundum látið málskostnað falla niður, þegar málalok eru látin velta á eiði aðilja. Þá eru vafaatriði í máli slík sem leiða ættu til aðildareiðs samkvæmt 178. gr. Er því lagt til, að dómurum verði gefnar frjálsari hendur en nú er, þegar málalok velta á aðildareiði.

Um 180. gr.

Svarar til 9. gr. laga nr. 29/1917. Þó er heimildin til úrskurðunar málskostnaðar einnig látin ná til aukamáls við aðalmál og sjálfstæðs vitnamáls, eiðsmáls o. s. frv. Það er mjög ósanngjarnt, að aðili fái ekki þóknun fyrir árangurslaust mót fyrir dómi í þessum málum með sama hætti sem í almennum dómsmálum, og sjálfsagt, að dómara *þeirra* sé veitt heimild til að úrskurða þóknunina.

Um 181. gr.

Ákvæði hennar eru nýmæli, að undantekinni 1. málsgr., sem svarar til 7. gr. laga nr. 29/1917. Það veldur stundum vafa, hvernig dæma skuli málskostnað, þegar fleiri eru sækjendur eða verjendur, og eiga fyrirmæli 2. og 3. málsgr. að rýma þeim vafa úr vegi.

Um 182. gr.

Hún er líka nýmæli, en ákvæði hennar virðast vera sjálfsögð.

Um 183. gr.

Hún er líka nýmæli. Svo er víða mælt í erlendum réttarfarslögum, að erlendir menn verði að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar til gagnaðilja síns, en jafnframt ákveðin undantekning þar frá, ef samskonar undanþága komi á móti. Ástæðan er vitanlega sú, að torvelt er eða jafnvel ómögulegt, nema þá með ókljúfandi kostnaði, að ná inn málskostnaði hjá erlendum sakar-

aðilja, sem ekki greiðir hann góðfúslega. Danskir ríkisborgarar komast ekki undir ákvæði greinarinnar, meðan 6. gr. sambandslaganna gildir.

Um 184. gr.

Svarar til 3. gr. laga nr. 29/1917. Ef sett er fram hóflítil eða hóflaus málskostnaðarkrafa, þó að sundurliðuð sé, hvort sem hún stafar af of háum málssóknar eða málsvarnarlaunum, þá hlýtur dómari að setja slíka kröfu niður.

Um 185. gr.

1. málsgr. er í samræmi við 2. gr. laga nr. 29/1917.

Ákvæði 2. málsgr. virðist eðlilegt. Það getur t. d. verið hallkvæmt, að úrskurðað verði þegar af dómara í vitnamáli, sem stendur í sambandi við aðalmál, hver ómakslaun vitnastefnandi skuli gjalda gagnaðilja sínum fyrir árangurslaust mót utan varnarþings vitnamálsins, ef telja má vitnaleiðsluna þýðingarlausa, og það var fyrirsjáanlegt, eða þarflausa. Sama er, ef umboðsmaður aðilja er valdur að kostnaði, sem hann skal svara til eftir 182. gr.

Það er nýmæli, að fógeti, skiptaráðandi og uppboðsráðandi geti úrskurðað mönnum málskostnað. Fógeti getur að vísu tekið verðmæti fjárnámi til tryggingar fjárnámskostnaði í þrengri merkingu. En þegar sókn og vörn fer fram fyrir fógetarétti, þá er að minnsta kosti vafasamt, hversu langt vald fógeta nær, og svipað er að segja um uppboðsráðanda. Og skiptaréttur er yfirleitt ekki talinn bær að úrskurða málskostnað, þó að kröfuhafi þurfi þar að kosta til fé til að sækja eða verja rétt sinn. Virðist varhugalaust að heimila þessum dómurum að úrskurða málskostnað, hvort sem bú eða aðrir verða skyldaðir til að greiða.

Um 186. gr.

Ákvæði hennar eru og nýmæli. Þegar ákveðinn er málskostnaður á hendur umboðsmanni eftir 182. gr., trygging samkvæmt 183. gr., greiðsla á hendur aðilja fyrir óþarfar réttargerðir, sbr. 4. tölul. 177. gr., eða málskostnaður við fógetagerðir o. s. frv., er það í anda frv., að kæra megi slíka ákvörðun eftir 199. gr. Það má og vera, að aðili hafi ekki ástæðu til að áfrýja dómi í máli, en sé þó óánægður með málskostnaðarákvæði hans, og er honum þá heimilað að kæra það til æðra dóms. En auðvitað má jafnan áfrýja málskostnaðarákvæði í dómi eða t. d. fógetaúrskurði í sambandi við dóminn sjálfan eða úrskurðinn.

Um XIII. kafla.

Hér ræðir um sektir fyrir brot á réttarfarslögum. Ef verknaðurinn felur þar að auki í sér brot á öðrum lögum, t. d. meiðyrði um aðilja, dómara, málflytjanda eða þriðja mann, geta þeir rekið réttar síns í sérstöku máli. Fyrirmæli um réttarfarssektir eru í gildandi lögum aðallega þessi: N. L. 1—12—3, tilsk. 3. marz 1743, 14. gr., tilsk. 23. des. 1735, 2. gr., tilsk. 3. júní 1796, 10., 11., 35. og 39. gr., tilsk. 11. ágúst 1819, og tilsk. 15. ágúst 1832, 17. gr. Breytingar frá ákvæðum þessum eru ekki verulegar, nema sektaupphæðum er breytt í samræmi við nútímann.

Það er þar á móti nýmæli að heimila fógeta, skiptarétti og uppboðsráðanda að úrskurða réttarfarssekt á hendur mönnum, svo og ákvörðun um heimild manna til þess að kæra ákvörðun í héraði um réttarfarssekt til æðra dóms. Er þetta í samræmi við önnur fyrirmæli laganna um málskot.

Um XIV. kafla.

Hér koma ákvæði um *niðurstöðu þess, sem með dómsvald fer hverju sinni*, bæði hvenær hann skuli hafa lokið máli, hvernig úrlausn hans skuli úr garði gerð og hvaða þýðingu hún hafi. Hvað kallast skuli dómur og hvað úrskurður, fer eftir þeim reglum, sem skapazt hafa í framkvæmd og nú mega fastar teljast, og er ekki ástæða til að skipa fyrir um það í réttarfarslögum. Í þeim verða og aðeins höfuðreglurnar um efni dóma og form gefnar. Framkvæmdin og eðli hvers máls skapar þær framvegis framar en löggjöfin, eins og verið hefir hingað til.

Um 190. gr.

Það skal vera aðalreglan, að einfalda úrskurði skuli kveða upp þegar í stað. En þegar málefni er torveldara, verður dómari að taka sér frest eftir þörfum, en flýti þó máli sem fært er. Sex vikna fresturinn eftir N. L. 1—5—8 kemur alls ekki til greina, enda þótt hann kunni að hafa verið talinn gilda um suma úrskurði.

Um 191. gr.

Þegar mál er munnlega flutt, gilda um dómsuppsögufrestinn svipaðar reglur sem nú í hæstarétti. Dómari verður þá að lúka dómi sínum, meðan honum er í minni málflutningur aðilja. Um úrskurði, t. d. skiptaréttar, verður sama að gilda, þegar mál hefir þar verið munnlega flutt, en óþarfi hefir þótt að taka það fram hér, með því að nægilega er mælt um uppsögufrest þeirra í 190. gr. Sbr. og 223. gr.

Í skriflega fluttum málum er frestur til dómsuppsögu styttur úr 6 vikum í 2. Fresturinn eftir N. L. 1—5—8 er óhæfilega langur, og er sízt vanþörf á að stytta hann. Ef dómari þarf að víkja frá 2 vikna frestinum, þurfa rök fyrir því að fylgja eða vera í dóminum.

Um 192. gr.

Er í samræmi við eðli málsins og framkvæmd dómstarfa.

Um 193. gr.

Ákvæði 1. málsgr. eru í öllu, sem verulegu máli skiptir, í samræmi við gildandi reglur.

Það tíðkast enn að dæma mann að viðlögðum dag- eða vikusektum til að inna starf af hendi, ef þess er krafizt, og getur sú aðferð verið hentugri en þær leiðir, sem farnar verða eftir aðfararlögunum. Þessi möguleiki er látinn haldast. En það virðist þurfa glöggari reglur um hann en nú eru í lögum. Því er aðilja veitt heimild til að fá mál tekið fyrir af nýju eftir reglum 170. gr., og getur dómi þá orðið breytt, ef sannað er eða sennilegt gert, að aðilja sé ómögulegt

að fullnægja dómi. Getur þá ef til vill orðið um bótagreiðslu að tefla í staðinn. Og til linkindar aðilja er það einnig, að hann getur frestað aðför vegna dagsekta með yfirlýsingu fyrir fógeta samkvæmt greininni, þegar aðfarar er krafizt til heimtu sektar.

Það getur oft staðið svo á, að þeim, sem meinuð er athöfn eða á hann lögð skylda til að þola athöfn eða ástand, sé bagalegt, að slík ákvæði komi fyrirvaralaust til framkvæmdar, t. d. ef manni er bönnuð leið yfir lóð nágranna síns, en hann hefir ekki aðra leið til götu fyrr en hann hefir gert aðrar ráðstafanir, eða honum er bannað að verzla í húsi sínu vegna áhvílandi kvaðar í þá átt. Þegar svo stendur á, verður að veita aðilja hæfilegan frest til þess að sjá hagsmunum sínum borgið.

Nú er talin þörf á að áfrýja dómi, ef aðfararheimild vantar í hann. Þetta er alveg óþörf krafa, leifar fornrar formfestu, og engin ástæða til að halda henni lengur.

Um 194. gr.

Ákvæði greinarinnar um tilkynningu dómara til aðilja um uppsögu dóms miðar til að flýta máli. Er og engin ástæða til að krefjast dómsbirtingar fyrir aðilja, sem við dómsuppsögu er staddur, og eiðs- og aðfararfrestur hefjast þegar gagnvart þeim, sem við hana er staddur. Í dómi þarf því aðeins að taka til frestinn, en ekki hvenær hann byrji að líða, því að það fer eftir návist aðilja, sem inna skal af hendi, við dómsuppsögu eða birtingu dómsins ella.

Um 195. gr.

2. málsgr. verður vitanlega að skilja með þeim fyrirvara, að stundum getur dómari tekið upp mál af nýju, þótt dæmt sé, sbr. t. d. 120., 170. og 193. gr. 2. málsgr., og úrskurðum sínum getur hann ekki sjaldan breytt eftir ýmsum ákvæðum frv.

Nú mun dómara aðeins talið heimilt að leiðrétta ritvillur og töluvillur í dómi sínum eftir að hann hefir lesið hann upp. Annars er talin þörf á áfrýjun til æðra dóms til að fá leiðréttingar. Aðrar minni háttar leiðréttingar ætti líka að mega leiðrétta án áfrýjunar, en vitanlega *má ekki breyta hinni raunverulegu niðurstöðu,* nema með áfrýjun, nema í þeim fáu tilfellum, þar sem slíkt er sérstaklega leyft.

Um 196. gr.

Er í samræmi við ríkjandi skoðanir og dómvenju.

Um XV. kafla.

Hér koma ákvæðin um málskot til æðra dóms.

Um 197. gr.

Eftir greininni er áfrýjunarfrestur almennt styttur í 3 mánuði, en frestur hefst frá dómsuppsögn, eins og nú er. Dómari tilkynnir aðiljum, hvenær dómur verður upp kveðinn, og er því aðilja í sjálfsvald sett að kynna sér dóminn. Og 3 mánaða frestur frá dómsuppsögu eða lokum dómsathafnar virðist þá nægur

til áfrýjunar. Næstu 6 almanaksmánuði *frá lokum frestsins* verður áfrýjunarleyfi veitt án sérstakra skilyrða, og um næstu 2 ár má veita leyfi, ef sérstök skilyrði eru fyrir hendi. Sbr. nú lög nr. 112/1935, 26.—28. gr.

Um 198. gr.

Öll ákvæði frv. um *kæru* eru nýmæli, þegar frá eru skilin fyrirmæli í IV. kafla laga nr. 19/1924. Þessi aðferð miðar, eins og fyrr er tekið fram, bæði til þess að *spara fé, fyrirhöfn og tíma.* En kæruleiðin er sýnilega ekki síður hentug og sjálfsögð í *sjálfstæðum mats-, eiðs- eða vitnamálum og í skipta-, uppboðs- og fógetaréttarmálum* en í dómsmálum í þrengri merkingu. Fyrir því hefir hér verið tekin upp sú aðalregla, að *úrskurðum í þeim málum, sem í 2.—5. tölul. greinarinnar segir, skuli skjóta til æðri réttar með kæru eftir 199. gr.* Það er aðalreglan. Undan eru tekin þau málefni í sambandi við dómsathafnir þær, sem í 3.—5. tölul. segir, sem í eðli líkjast mest þeim efnum, sem dómsúrlausn sæta í venjulegu dómsmáli. Þetta gildir t. d. um töku bús til gjaldþrotaskipta, meðan skuldunautur lifir, en ekki um töku dánarbús til opinberra skipta yfir höfuð. Sú ráðstöfun er ekki svo afdrifarík fyrir neinn sem gjaldþrotameðferð fyrir skuldunaut í lifanda lífi og lánardrottna hans. Og nokkuð svipað má segja um flest þau málefni, sem greinir í undantekningar-liðunum í tölul. 3.—5. Í þeim ræðir um *efnisleg atriði* að mestu leyti. Úrskurðir um annað, sem kveðnir verða upp í þessum samböndum, varða sjaldnar slík atriði, heldur eru þeir um formatriði, eða að minnsta kosti tíðast um efnisatriði, sem tiltölulega litlu máli skipta. Mörkin eru ekki alltaf glögg, en lítil hætta er á réttarmissi, þó að kæru-aðferðin sé höfð, því að ef málefni þykir í mikilvægara lagi, getur æðri dómur notað heimildina í 2. málsgr. 199. gr.

Um 199. gr.

Hér greinir um *aðferð þá, er hafa skal, þegar kæra er viðhöfð.* Með því að dómari á jafnan að segja aðilja eða umboðsmanni hans til um það, hvenær dómur eða úrskurður verði upp kveðinn, virðist aðili hafa nægilegan tíma til þess að lýsa yfir kæru sinni, þó að miðað sé við uppsögu úrskurðar o. s. frv. Svo virðist aðilja og venjulega hægt að koma athugasemdum sínum til æðra dóms nokkurn veginn samtímis og skjölin koma þangað frá dómaranum. En fyrir varygðar sakir er aðiljum þó veittur vikufrestur fram yfir þann tíma, er þarf til að koma skjölunum til æðra dóms.

Kærur munu varla verða mjög tíðar. En þó má verða, að nokkuð kveði að þeim. Þar á meðal verða að líkindum einhverjir prætugjarnir menn, sem kunna að nota kæruheimildina til að draga mál á langinn og erta gagnaðilja sinn. Það verður væntanlega undantekning, að dómari þurfi að nota heimildina til að ákveða tryggingu af hálfu kæranda, og hann á ekki að varna kærum með þeim hætti, nema kæran virðist á *engum* rökum byggð vera. Það er því ekki út af fyrir sig nóg, þótt dómari sé ekki á sama máli sem kærandi, enda er hann það naumast, þar sem einmitt er tilætlunin að fá ályktun hans felldа úr gildi. Einnig verður dómarinn að fara varlega, þegar kveða skal á um *upphæð* tryggingar, enda mun sjaldan verða hægt að sýna með sæmilegri vissu fram á það, að aðili

biði tjón af drætti máls þann tíma, sem kæran frestar aðalmáli, þegar því er að skipta.

Það má vera, að kæruefnið sé tiltölulega mikilsvert eða að málaefni séu óljós. Og er þá æðra dómi veitt heimild til að krefja héraðsdómara fyllri upplýsinga, og jafnvel að láta aðilja flytja málið munnlega eða skriflega.

Um XVI. kafla.

Í þessum kafla greinir um *sjó- og verzlunarmál*. Í þeim málum, sem hér segir, hefir það sumstaðar verið talið heppilegt, að sérfróðir menn tækju þátt í málsmeðferð og dómi, ásamt hinum reglulega héraðsdómara. Og er því bætt við ákvæðin um sjódómsmál í lögum nr. 52/1914 fyrirmælum um *verzlunarmál*,

Um 200. gr.

Sjómálin verða hin sömu sem verið hefir eftir lögum nr. 52/1914. Um hin málin öll (2. og 3. tölul.) er það sameiginlegt, að meðdómendur skal því aðeins taka, *að hinn reglulegi héraðsdómari telji sérþekkingar þörf*. Ýms mála þessara munu vafalaust ekki verða þess eðlis, að slíka sérþekkingu sé ástæða til að heimta, t. d. krafa kaupmanns á hendur öðrum kaupmanni um greiðslu vöruskuldar, þar sem enginn ágreiningur er um vöruna, afhendingartíma eða annað verzlunareðlis. Það mun koma í ljós, eftir 105. og 106. gr., þegar aðiljar útlista mál sitt, hvort meðdómsmanna er þörf, ef stefnan hefir ekki sýnt það nægilega. Aðili mundi og geta krafizt meðdómsmanna og kært til æðra dóms, ef dómari yrði ekki við kröfu hans. Kæmi því ekki til þess, að heimvísa þyrfti eða ætti máli, þótt dómari synjaði kröfunni, því að málsmeðferð frestaðist, meðan kærumálið stæði yfir.

Ákvæði síðustu málsgr. um *gagnkröfur* er nýmæli að nokkru leyti, en virðist vera nauðsynlegt og sanngjarnt.

Um 201.—203. gr.

Eru í aðalatriðum samskonar efnis sem 2.—5. gr. laga nr. 52/1914, nema hvað ákvæðum um verzlunardóm og verzlunardómsmenn er skotið inn á viðeigandi stöðum, og að breytt er ákvæðum laga 1914, 5. gr., í samræmi við önnur ákvæði frv. um þóknun til manna, er eyða tíma og inna af hendi starf í þágu dómgæzlunnar.

Um 204. gr.

Er í samræmi við 6. gr. laga nr. 52/1914.

Um 205. gr.

Um útgáfu stefnu fer yfir höfuð með sama hætti sem annars, sbr. 87. og 88. gr. frv. Ákvæði 7., 8. og 9. gr. laga 1914 eiga ekki við, er mál þessi fara yfir höfuð eftir ákvæðum frv. eða eru óþörf, og eru þess vegna að því leyti felld niður. Þar á móti er ákvæði 7. gr. um það, hvenær ekki þurfi að hafa meðdómendur, látið haldast og tekið í greinina. Bannið við móti málflutningsmanna

í sumum þessara mála í 2. málsgr. 8. gr. er að sjálfsögðu niður fellt. Aldrei hefir verið nein ástæða til þess, enda hefir því aldrei verið beitt, svo að kunnugt sé.

Um 206. gr.

Er að efni til í samræmi við 10.—14. gr. laga nr. 52/1914.

Um XVII. kafla.

Hér koma sérákvæðin um meðferð víxilmála o. fl. slíkra viðskiptabréfa og tékka.

Um 207. gr.

Um 1. tölul. Víxilmálin eru skilgreind eins og í 1. gr. laga nr. 2/1882.

Um 2. tölul. Eftir 72. gr. laga nr. 94/1933 fara mál til fullnustu tékkakröfu sem víxilmál.

Um 3. tölul. Þessi liður er nýmæli, og er tekinn eftir dönskum réttarfarslögum. Hann miðar til þess að tryggja viðskiptahæfi bréfa, en á aðeins við *skuldabréf*, með eða án veðs, og meðferð eftir þessum kafla getur aðeins komið til greina, ef um hana hefir verið *samið* og ákvæði þar að lútandi skráð í *texta* skuldabréfsins.

Um 208. gr.

Bætt er við vörnum varðandi aðild sakar, t. d., að aðili sé ekki sá „Jón Jónsson", sem samþykkt hafi víxil, eða sá „Sigurður Guðmundsson", sem hann var seinast framseldur til o. s. frv. Það virðist auðsætt, að slíkar varnir megi ekki útiloka.

Í skuldabréfamálum má ennfremur koma að vörnum um atriði, er stefnanda ber að sanna, t. d. að greiðsla sú, sem krafin er, sé ekki fallin í gjalddaga af því að uppsögn samkvæmt bréfinu hafi ekki farið fram. Þar á móti getur ekki vörn, byggð á því, að greitt hafi verið, komizt að, nema kvittun sé lögð fram, enda sé sú vörn ekki glötuð vegna framsals bréfsins.

Það þykir og rétt, að setja nánari reglur um *gagnkröfur* í málum þessum en nú eru í lögum. Ef stefndi á líka gjaldkræfa víxilkröfu á hendur stefnanda víxilmáls, tékkakröfu á hendur stefnanda tékkamáls eða skuldabréfskröfu á hendur stefnanda um skuldabréfskröfu, þá væri ranglátt að meina honum að nota hana. Ennfremur virðist varhugalaust að leyfa tékkakröfu á hendur stefnanda víxilmáls og víxilkröfu á hendur stefnanda tékkamáls, sem aðeins verður gegn útgefanda og framseljendum, svo og víxil- eða tékkakröfu gegn höfðanda skuldabréfsmáls.

Um 209. gr.

Með því að sátta skal leita í málum þessum, getur ekkert verið því til fyrirstöðu, að hver sú vörn, sem stefnandi leyfir, komist að.

Það virðist ekki ástæða til þess að kyrrsetning skapi stefndum færi á að koma öðrum vörnum að en annars, en hinsvegar hlýtur hann að geta komið að skaðabótakröfu vegna ólögmætrar kyrrsetningar í öllum málum þessum.

Sérákvæði um fresti þarf ekki í málum þessum. Þess skal einungis getið,

að frestir til að koma fram óleyfilegum og óleyfðum vörnum eða afla gagna fyrir þeim verða auðvitað ekki veittir.

Um 210. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um XVIII. kafla.

Fyrirmæli um mál til faðernis *óskilgetinna* barna eru nú í lögum nr. 46/1921, og um mál til *vefengingar faðernis skilgetinna barna* eru í lögum nr. 57/1921, 2.—7. gr. Það er um hin síðarnefndu mál svipað farið og hjúskaparmál nú, að þau eru óþekkt hér ennþá. Þykir því mega láta bæði ákvæði laga nr. 39/1921 og laga nr. 57/1921 um þessi síðastnefndu tvenn mál haldast óbreytt. Mál um *faðerni óskilgetinna barna* eru þar á móti afartíð, og þykir því hæfa að taka þau hér og laga þau nokkuð. Ákvæði gildandi laga um faðernismál óskilgetinna barna eru óþarflega margorð og ekki laus við að vera ruglingsleg, og mótsagnir finnast einnig í þeim. Sjá 14. gr., sbr. við 2. málsgr. 6. gr. og 15. gr.

Um 211. gr.

Sóknaraðild hefir *móðir* fyrst og fremst. Að henni frágenginni fær sá aðild, sem að lögum, t. d. stjúpfaðir eða kjörforeldri, eða með samningi, t. d. fósturforeldri, hefir tekið á sig framfærslu barnsins, og loks framfærslusveit. Varnaraðiljar eru þeir menn, sem taldir eru hafa haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barns, eða bú þeirra, ef þeir eru dánir. Hér er gerð undantekning frá þeirri reglu skiptalaganna, að ekki skuli stefna búi, þar sem erfingjar hafa ekki tekið við skuldaábyrgð, heldur lýsa kröfu í bú til skiptaráðanda. Ákvæði greinar þessarar svara að mestu til 5.—8. gr. laga nr. 46/1921. Sjá þó 2. og 3. málsgr. 6. gr.

Um 212.—214. gr.

Þær svara að efni til 2. og 3. málsgr. 6. gr., og 13.—16. gr. laga nr. 46/1921. Nú þykja blóðrannsóknir svo áreiðanlegt sönnunargagn, að sýkna megi mann, ef hann og barnið eru af svo fjarskyldum blóðflokki, að hann geti ekki verið faðir þess. Þegar barnsmóðir er sækjandi, ræður hún því sjálf, hvort hún leggur sig eða barnið undir blóðrannsókn. En ef hennar er krafizt og hún neitar að verða við kröfunni, þá varðar það frávísun málsins, eins og jafnan, þegar barnsmóðir er sóknaraðili og neitar að veita upplýsingar.

Um 215. gr.

Svarar til 10. gr. laga nr. 46/1921.

Um XIX. kafla.

Reglur um ógildingu heimildarbréfa eru nú í lögum nr. 30/1915.

Um 216. gr.

Hún er að efni til í samræmi við 1. og 2. og að nokkru 9. gr. laga nr. 30/1915, en nokkuð stytt orðalag og gert einfaldara.

Um 217. og 218. gr.

Þær svara til laga nr. 30/1915, 3.—8. gr. Stefnufrestur er styttur í samræmi við önnur ákvæði frv., enda getur verið mjög bagalegt að þurfa að bíða mjög lengi eftir ógildingardómi á skjali. Um áfrýjun ógildingardóma er óljóst ákvæði í 8. gr. laga 1915, en helzt virðist sem þar sé heimiluð áfrýjun af hvaða sök sem er. Og er auðsætt, að svo á líka að vera, enda er það ótvirætt eftir 2. málsgr. 218. gr.

Um 219. gr.

Hefir fyrirmæli laga nr. 30/1915, 9. og 10. gr. að geyma.

Um 220. gr.

Um eignardóma vantar nú lagafyrirmæli að miklu leyti, því að ákvæði kgsúrsk. 12. sept. 1864 og 9. og 10. gr. laga nr. 46/1905 eru alveg ófullnægjandi. Þau taka aðeins til fasteigna, en engu síður getur nú á dögum þurft eignardóms um ýms önnur verðmæti (skip, viðskiptaskjöl, bifreiðar), og er fyrirmælum þessarar greinar ætlað að bæta úr áðurnefndri vöntun. Aðferðinni til að fá eignardóm verður hagað á samsvarandi hátt og ógildingardómsmálum.

Um 221. gr.

Um fasteignamálin athugast, að almenn ákvæði þessa frv. mundu, ef þau verða að lögum, hæfa við þessi mál, að því leyti sem sérreglur tæma ekki efnið. Sem dæmi má nefna reglurnar um stefnur og birtingu þeirra, um málsútlistun eftir 105. og 106. gr., skýrslur aðilja eftir 114. og 115. gr., um munnlegan málflutning, vitni, skjöl, dóma og úrskurði o. s. frv.

Um XX. kafla.

Hér koma niðurlagsákvæði, bæði um það, hvenær ákvæði frv. koma til framkvæmdar, um notkun þeirra utan dómsmála í þrengri merkingu og um það, hvaða lagafyrirmæli falli úr gildi.

Um 222. gr.

Það verður vitanlega að vera *aðalreglan*, að meðferð mála, sem þingfest eru áður en ákvæði frv. koma til framkvæmdar, fari eftir þeim lögum, sem þá giltu. Það verður því ekki um munnlegan málflutning í slíkum málum að tala. En þessi aðalregla þarf þó alls ekki að vera undantekningarlaus. Það er eðlilegt, að stefnur, stefnufrestir og stefnubirtingar, þótt í áður þingfestu máli sé, fari eftir hinum nýju ákvæðum. Sama virðist vera mega um ákvæði 118.—120. gr. um útivist aðilja, með þeirri undantekningu, sem í b-lið segir, og hafningu og endurupptöku máls. Ennfremur um vitni og önnur sönnunargögn, þar á meðal um eiðfestingu, svo og um dóma og úrskurði, að svo miklu leyti sem við verður komið, þar á meðal um frest til uppsögu dóma og úrskurða. Þá er hentugt, að reglur um kæru og áfrýjun komi til notkunar um mál, sem ekki hefir þegar verið áfrýjað, enda sé fyrir því séð, að ekki leiði af því réttarglötun, með þeim hætti, sem í e-lið segir.

Um 223. gr.

Reglum IX. kafla (almennar reglur um málsmeðferð), X. kafla (um sönnun og sönnunargögn) og XIV. kafla (um dóma og úrskurði) þykir rétt, að beitt verði, eftir því sem við getur átt, í skipta-, fógetaréttar- og uppboðsmálum. Ef ágreiningur verður um framkomna kröfu fyrir þessum dómum, eiga því aðiljar að setja fram kröfur sínar eftir ákvæðum 105. og 106. gr., dómari og aðili getur notað fyrirmæli 114. og 115. gr., endurupptaka eftir 120. gr. getur átt sér stað, reglur 121. og 122. gr. um sönnunarmagn og sönnunarmat gilda hér jafnt sem ella. Játning aðilja, aðstaða vitna, þýðing skjala o. s. frv. verður með sama hætti sem ella, ef t. d. aðili játar eitthvað fyrir fógetarétti, þar sem leidd eru vitni eða lögð fram skjöl. Þessir dómendur geta þá og líka kvatt fyrir sig vitni og spurt þau og eiðfest með sama hætti sem dómendur almennt, að því leyti sem upplýsa þarf atriði, sem þá dómsathöfn varða, t. d. að uppsögn á veðskuld samkvæmt 15. gr. lögtakslaganna hafi farið fram. Samskonar verður um nefnu matsmanna o. s. frv. Þessar reglur miða að því að gera framkvæmd dómgæzlunnar fyrir dómum þessum bæði fljótari og greiðari. Meðan fógetar, skiptaráðendur og uppboðshaldarar eru búnir þeim kostum, sem héraðsdómarar almennt hafa, getur engin hætta verið því samfara að fá þessum dómgæzlumönnum slíkt vald í hendur.

Um 224. gr.

Þess er víðast hvar getið í athugasemdum við einstakar greinar eða kafla, hvaða lagafyrirmæli nú gilda um þau efni, sem í grein eða kafla segir, ef nokkur fyrirmæli í lögum eru til um þau. Þess skal hér aðeins getið, að lagaboð þau, sem í aths. við 126. gr. eru nefnd, og þau önnur, sem um heimildarskort vitna hljóða, standa óhögguð. Það atriði er, sem áður segir, ætlazt til, að fari eftir fyrirmælum um embættis- og sýslunarmenn, eins og þau verða um hvern flokk hverju sinni. Þá eru nokkur lagaboð numin úr gildi, sem ekkert er sett í staðinn fyrir, af því að þess hefir ekki þótt þörf, t. d. opið bréf 16. sept. 1778, um vitnisburð hjóna. Þar um gildir 1. tölul. 125. gr. Ef maki vill ekki bera maka sínum í óhag, getur hann neitað að bera vitni. Annars kostar ber hann ef til vill vitni, en sönnunargildi vitnisburðarins er ef til vill lítið. Sum lagaboð, sem að vísu hafa ekki verið beinlínis lögleidd á Íslandi, en þó verið hér beitt og stundum skírskotað til í dómum, eru tekin meðal afnuminna lagaboða, t. d. tilsk. 19. ágúst 1735, um dómgæzlu í Noregi, og tilsk. 8. jan. 1802, um málflutningsmenn, enda þótt landsyfirrétturinn hafi ekki talið tilsk. þessa gilda hér (Dómasafn V. 120). Þó að nú eitthvert gamalt danskt eða norskt lagaboð um dómskapaefni kunni að hafa orðið útundan í skrá þessarar greinar yfir afnumin lagaboð, þá er það ekki vottur þess, að til þess sé ætlazt, að þau haldi gildi sínu framvegis, heldur annaðhvort gleymsku að kenna eða þá því, að ekki hefir verið talin þörf á að taka þau með, af því að víst væri, að þau væru ekki talin gildandi hér á landi.

Ed. 449. Frumvarp til laga

um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf, allt að 12 milljónum króna. Vaxtabréfunum má skipta í flokka, og nefnist sá þeirra, er fyrst kemur til framkvæmda, 11. flokkur veðdeildarinnar, og hinir í áframhaldandi töluröð þar á eftir. Fjármálaráðherra ákveður, hvenær hverjum flokki skuli lokið, er stjórn Landsbankans hefir gert tillögur um það. Heimilt er, með samþykki fjármálaráðherra, að hafa 2 flokka með mismunandi vöxtum starfandi í senn. En eigi má hvor flokkur vera stærri en 5 milljónir króna.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabréf, er hljóða á handhafa (bankavaxtabréf), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabréfanna. Fjármálaráðherra og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabréfum en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabréfum.

3. gr.

Auk veðskuldabréfa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabréfum þessara flokka vera:

1. Varasjóður hvers flokks.
2. Sameiginleg ábyrgð lántakenda, er nemi allt að 10%, sbr. 8. gr.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggingarinnar 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Í reglugerð fyrir hvern flokk, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabréfunum og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fé fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hún rétt til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfa sig.

6. gr.

Fé veðdeildarflokkanna má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, en gegn veði í húseignum því aðeins, að þær séu vátryggðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda.

Lánsupphæð má ekki fara fram úr ⅗ af virðingarverði fasteignarinnar.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildarflokkarnir taka að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð fyrir flokkana. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn sú, er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minnsta kosti á hverjum fimm ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skírteini, sem bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skírteini, má stjórn bankans láta skoðunargerð af innanhéraðsmönnum fram fara á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarflokkanna skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar hvers flokksins, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar. Skal í reglugerð deildarinnar ákveða, hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrétti. Minnsta lán skal vera 300 kr.; og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má vera allt að 40 árum, sé veðið jarðeign eða vandað steinsteypuhús eða steinhús, og allt að 30 árum, sé veðið vandað timburhús.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rétt til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabréfunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, og verðfall.

Veðdeildin hefir þó jafnan rétt til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir þau, að frádregnum öllum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabréfa þessara flokka fyrirfram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki fjármálaráðherra söluverðið.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins um leið og hann tekur lánið.

Þó er heimilt að ákveða í reglugerð, að lántökugjaldið greiðist í tvennu eða fernu lagi.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskipti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

Verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi þegar um leið og kaupin gerast tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin.

12. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að sér greiðslu á láni úr þessum flokkum, skal hann leita samþykkis landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sér, skal hann innan sex mánaða frá kaupdegi sanna eignarrétt sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sér.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefir undirgengizt. En ef ákvæðisgjöld hans verða ekki greidd á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátryggðum húseignum, er að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfum veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sér, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við þessa flokka og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við flokkana og til varasjóðs er ½% á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó svo, að ávallt standi á 100 krónum, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabréfum hlutaðeigandi flokks, eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sé veðdeildarflokknum að skaðlausu.

15. gr.

Heimilt er í reglugerð að ákveða dráttarvexti á afborgunum og vöxtum, sem ekki greiðast á gjalddaga.

16. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabréf þau, er hlutaðeigandi veðdeildarflokkur hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir fram farið, skal auglýsa með níu

mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð veðdeildarflokkanna. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl.

17. gr.

Eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því. Sama rétt hafa handhafar bréfanna, þótt eigi séu eigendur.

18. gr.

Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð hlutaðeigandi veðdeildarflokks, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

19. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í samsvarandi auglýsingablöðum erlendis, þar sem ætla má, að bréfin séu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur veðdeildinni. — Um ógilding annara bankavaxtabréfa fer eftir almennum lögum.

20. gr.

Bankavaxtabréf þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu deildarinnar, og svo skal við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

21. gr.

Vaxtamiða og vaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugerð veðdeildarflokkanna skal ákveða, á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga.

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr.

1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. — Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

23. gr.

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabréf þessara veðdeildarflokka, en þó eigi hærra verði en skráðu gangverði, og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er.

24. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka, er stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánsstofnana, sem stofnsettar verða til að halda áfram veðlánastarfseminni eftir að lokið er síðasta flokki samkvæmt þessum lögum. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttrar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefir þaðan aflazt.

25. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka.

26. gr.

Lög þessi ganga í gildi nú þegar.

Nd. 450. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, og leggur hún til, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó, á sama hátt og flutningsmenn frv., óbundna afstöðu um nokkur atriði frumvarpsins.

Alþingi, 1. nóv. 1935.

Eiríkur Einarsson, frsm. Sig. Einarsson. Bjarni Bjarnason. Pétur Halldórsson.

Ed. 451. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 40 7. maí 1928, um breyting á lögum nr. 43 20. júní 1923 [Jarðræktarlög].

Frá landbúnaðarnefnd.

Þó að nefndin telji æskilegt, að ríkissjóður styrki með fjárframlögum aukna ræktun og búnaðarframkvæmdir, þá telur hún yfirstandandi tíma ekki til þess fallinn að leggja fram fé á þann hátt, er frv. gerir ráð fyrir. Það er því tillaga nefndarinnar, að þessu máli sé vísað til ríkisstjórnarinnar.

Hv. 2. þm. Rang. (PM) var eigi á fundi þeim, er frv. var afgr., og hefir hann því að sjálfsögðu óbundið atkvæði um tillögu undirritaðra nefndarmanna.

Alþingi, 1. nóv. 1935.

Bernh. Stefánsson, form.	Jón Baldvinsson, fundaskr., frsm.

Nd. 452. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Aftan við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Fiskimatsmönnum, sem náð hafa aldurshámarki samkv. lögum þessum, er skylt að veita undanþágu frá ári til árs, frá því að láta af starfi sínu, meðan viðkomandi yfirfiskimatsmaður mælir með undanþágunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Til fiskimats veljast oftast menn, sem orðnir eru rosknir og hafa fengizt mjög lengi við fiskverkun. Oftast eru þeir því betur vaxnir starfi sínu, sem þeir hafa lengur stundað það. Það er mjög misjafnt, hve lengi menn eru hæfir til að gegna þessu starfi, en yfirleitt má telja, að menn þessir séu til þess vel færir, meðan þeir halda góðri sjón og líkamlegri hreysti.

Menn þessir eru að engu leyti á vegum ríkisins og taka hvergi föst laun, en eru daglaunamenn hjá einkafyrirtækjum. Er óeðlilegt, að ríkið geti hrakið frá starfi sínu menn, er svo er ástatt um, og það þótt þeir séu færir um að gegna starfinu og þeir, sem nýta verk þeirra og greiða kaupið fyrir, óski ekki, að þeir leggi starf sitt niður.

Sþ. **453. Tillaga til þingsályktunar**

til þingsályktunar um afnotagjald útvarpsnotenda.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Einar Árnason, Jón Ólafsson, Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til, að árlegt afnotagjald þeirra útvarpsnotenda, sem ekki hafa straumtæki, verði lækkað niður í 15 krónur, og lækkun þessi verði látin ná til afnotagjalds fyrir árið 1936.

Greinargerð.

Gera má ráð fyrir því, að tala útvarpsnotenda verði orðin hálft tólfta þúsund um næstu áramót, og munu varla í nokkru landi jafnmargir útvarpsnotendur miðað við fólksfjölda, en aftur á móti er afnotagjaldið hér á landi miklu hærra en í öðrum nálægum löndum. Útvarpið sjálft, ásamt viðtækjaverzluninni, hefir nú nokkurn tekjuafgang, og virðist munu hafa framvegis töluverðar tekjur fram yfir gjöld, enda þótt afnotagjöldin lækkuðu alls um rúmar 30000 kr., en því mun sú lækkun nema, sem hér er gert ráð fyrir í þingsályktunartillögunni.

Það þykir vera full ástæða til að bera fram ofanritaða tillögu, því að aðaltilgangur með stofnun útvarpsins var sá, að það yrði fræðslustofnun fyrir almenning og til skemmtunar, en ekki sérstök tekjustofnun fyrir ríkissjóð. Nú er það hvorttveggja, að fátækari útvarpsnotendur til sveita og sjávar fá varla risið undir þeim kostnaði, er útvarpsnotkun leggur þeim á herðar, einkum þeir, er kaupa verða rafhlöður og hleðslu rafgeymanna, og liggur því við borð, að þeir verði að láta viðtæki sín aftur af höndum, og annað hitt, að útvarpsnotendur — að minnsta kosti margir þeirra — höfðu fulla ástæðu til þess að ætla, að lækkuð yrðu afnotagjöldin undireins og útvarpsreksturinn færi að bera sig sjálfur. Þá má og gera ráð fyrir, að með lækkun afnotagjaldsins fjölgi útvarpsnotendum örar en ella, og myndi þá tekjurýrnun sú, er af samþykkt tillögunnar leiðir, hverfa að miklu eða öllu leyti.

Nd. **454. Frumvarp til laga**

um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Ríkisborgararétt skulu öðlast:
Aanes, Arthur Emil Antonsen, vélstjóri í Vestmannaeyjum, fæddur í Noregi.
Aspelund, Erling, trésmiður á Ísafirði, fæddur í Noregi.
Hobbs, Jósephina Antonia, hárgreiðslukona í Reykjavík, fædd í Reykjavík.
Johnsen, Didrik, sjómaður á Ísafirði, fæddur í Noregi.
Kristján Halldórsson Torfason, námsmaður á Flateyri, fæddur í Danmörku.

Nygaard, Annanias Peter Andreasen, vélasmiður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
Petersen, Bernhard, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
Schneider, Anton, sápugerðarmaður í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi.
Smith, Sverri Christiansen, loftskeytamaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.

Ed. **455. Nefndarálit**

um frv. til laga um fávitahæli.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir orðinu „Skólaheimili“ í stafl. a. komi: eitt eða fleiri.
   b. Á eftir orðinu „Vinnuhæli“ í stafl. c. komi: eitt eða fleiri.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Semja má um námsvist, eða hjúkrunar- og vinnuvist, fyrir fávita í stofnunum bæjar- eða einkafélaga, ef eftirlitsnefnd fávitahæla og landlæknir samþykkir, enda hafi stofnanir þessar þeim starfsmönnum á að skipa, er fullnægja skilyrðum kennslumálaráðherra um undirbúning eða reynslu í starfinu.
3. Við 3. gr.
   a. Orðin „eitt eða tvö eftir því sem þörf krefur“ í 1. málsgrein falli burt.
   b. Önnur málsgrein orðist svo:
      Þegar nægileg skólaheimili eru í landinu, getur kennslumálaráðherra sett með reglugerð ákvæði um almenna námsskyldu þeirra fávita, sem unnt þykir að veita nokkra fræðslu, svo og um undirbúningsmenntun fávitakennara.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Vinnuhæli skulu vera í tveim deildum, fyrir karla og konur, og skal þar veita starfhæfum fávitum, sem ekki eiga annars úrkosta, vinnu við þeirra hæfi, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sem eftirlitsnefnd fávitahæla semur, en kennslumálaráðherra staðfestir.
5. Við 6. gr. Fyrir orðin „Heilbrigðisstjórnin setur“ komi: Ráðherra skipar.

Alþingi, 2. nóv. 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Þorsteinn Briem, frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.
Magnús Guðmundsson.	Páll Hermannsson.	

Sþ. 456. Þingsályktun

um landhelgisgæzlu.

(Afgreidd frá Sþ. 2. nóv.).

Samhljóða þskj. 415.

Ed. 457. Breytingartillögur

við frv. til laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 23. gr. Upphaf gr. orðist svo:
   Ef bú umbjóðanda hefir verið tekið til gjaldþrotaskipta, öðlast þriðji maður ekki frekari rétt á hendur þrotabúinu o. s. frv.
2. Við 28. gr. Upphaf 2. málsgr. gr. orðist svo:
   Nú hefir þriðji maður beitt nauðunginni o. s. frv.

Nd. 458. Frumvarp til laga

um markaðssjóð saltfisks.

Flm.: Sigurður Kristjánsson og Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Sjóður, er nefnist markaðssjóður saltfisks, skal stofnaður. Skal tekjum sjóðsins varið til þess að efla, tryggja og auka saltfiskmarkað, meðan innflutningur á saltfiski er takmarkaður til eins eða fleiri markaðslanda.

2. gr.

Sjóðnum skal aflað fjár eftir útgjaldaþörf hans, allt að kr. 1000000 á ári. Tekjur sjóðsins eru:

1. Hálfur nettóágóði Áfengisverzlunar ríkisins.
2. Framlag ríkissjóðs eins og það er ákveðið í fjárlögum hvers árs.

3. gr.

Ríkisstjórnin skipar sjóðnum 5 manna stjórn til eins árs í senn. 4 þeirra skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu þeirra þingflokka, sem nú eru, einn eftir tilnefningu hvers þeirra, 5. manninn skipar atvinnumálaráðherra án tilnefningar, og er hann formaður stjórnarinnar.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 75 29. des. 1934, um markaðs- og verðjöfnunarsjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var, af fyrra flutningsmanni þess, Sigurði Kristjánssyni, lagt fyrir sjávarútvegsnefnd á fyrsta fundinum, sem nefndin hélt eftir að þingið kom saman í haust. Óskaði hann þess, að form. nefndarinnar kallaði atvinnumálaráðherra til ráðagerðar um flutning frumvarpsins, því æskilegt væri, að samkomulag yrði um flutning þess, þar eð lögin um markaðs- og verðjöfnunarsjóð hefðu verið sameiginlegt mál allra flokka. Mál þetta kvaðst hann einnig hafa borið undir stjórn Sambands ísl. fiskframleiðenda nokkru áður en þing kom saman, og hefði það haft þar mikið fylgi. Enn skýrði hann frá því, að þingflokkur sjálfstæðismanna væri samþykkur aðalefni frumvarpsins. Hefði hann rætt það við flokkinn, og formaður flokksins aftur rætt það við atvinnumálaráðh., er tekið hefði líklega í málið.

Frumvarpið hefir nú legið lengi fyrir sjávarútvegsnefnd, og hefir atvinnumálaráðherra ekki komið til viðtals um það. Hinsvegar hafa fylgismenn stjórnarinnar (meiri hlutinn) í nefndinni lagt þar fram annað frv. um sama efni. Loks hefir atvinnumálaráðherra lýst yfir því, að stjórnin muni koma með frumvarp um afnám gjaldsins í markaðs- og verðjöfnunarsjóð að nokkru eða öllu leyti, og mun þá afráðið, að frv. meiri hluta sjávarútvegsnefndar sé afturkallað.

Af öllu þessu mun mega ráða það, að ríkisstjórnin sé tilleiðanleg að létta af þessu gjaldi að nokkru eða öllu leyti, en að hún vilji um það enga samvinnu við talsmenn fiskeigenda.

Að fengnum þessum upplýsingum sjáum við flutningsmenn ekki ástæðu til að bíða lengur með flutning þessa frumvarps. Við framsögu verður gerð grein fyrir réttmæti og þörf þeirra breytinga á núverandi skipun, sem felast í ákvæðum frumvarpsins.

Nd. 459. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

1. grein laganna orðist svo:

Til þess að greiða fyrir innanlandsverzlun með sláturfjárafurðir skipar ríkisstjórnin 5 manna kjötverðlagsnefnd til eins árs.

Búnaðarfélag Íslands, Samband íslenzkra samvinnufélaga og Kaupfélag Borgfirðinga og Sláturfélag Suðurlands í sameiningu tilnefna sinn mann hvert í nefndina.

Bæjarstjórn eða sveitarstjórn fjölmennasta bæjarfélags eða sveitarfélags á hverju verðlagssvæði tilnefna hver einn mann. Þessir menn taka sæti í nefndinni eftir eftirfarandi reglum:

Þegar verðlag á sláturfjárafurðum er ákveðið á hverju verðlagssvæði, á

sæti í nefndinni sá fulltrúi, sem kosinn er á því verðlagssvæði. Að öðru leyti á það sæti sá fulltrúinn, sem bæjarstjórn Reykjavíkur kýs.

Fimmta manninn skipar landbúnaðarráðherra án tilnefningar. Skal sá maður vera formaður nefndarinnar.

Nefndin ræður fulltrúa, sem annast dagleg störf. Hún getur valið sér trúnaðarmenn eða skipað eftirlitsnefndir, eftir því sem þörf krefur.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

3. grein laganna orðist svo:

Hver sá, sem slátrar fé til sölu eða kaupir fé til slátrunar innanlands, skal greiða af kjötinu verðjöfnunargjald samkvæmt lögum þessum og ákvörðun kjötverðlagsnefndar. Af sláturfé, sem flutt er út lifandi, greiðist ekki verðjöfnunargjald, en senda ber kjötverðlagsnefnd skýrslu um þann útflutning jafnskjótt og fé er flutt út.

3. gr.

Aftan við 4. grein laganna bætist:

Á Vesturlandi, Norðurlandi og Austurlandi má þó ekki heimta hærra verðjöfnunargjald en 5% af nettóverði, sem kjöteigendum er greitt.

4. gr.

5. grein laganna orðist svo:

Þeir, sem slátra fé til sölu, skulu gefa kjötverðlagsnefnd skýrslu um daglega slátrun, staðfesta af kjötmatsmönnum — af oddvita sveitarstjórnar, ef um heimaslátrun er að ræða — og standa skil á verðjöfnunargjaldinu til nefndarinnar. Stjórnir félaga, sem aðeins skipta við meðlimi sína, skulu einnig senda slíka skýrslu og standa skil á verðjöfnunartillaginu.

Gjalddagi er þegar slátrun fer fram.

Nefndin geymir verðjöfnunarsjóð á tryggum stað þann tíma, sem hún hefir hann undir höndum.

5. gr.

7. grein laganna orðist svo:

Haga skal verðuppbót á útflutt kjöt þannig, að útflytjendur fái jafnhátt nettóverð fyrir kjöt, sem er jafngott að uppruna, hvort sem það er kælt, fryst eða saltað.

6. gr.

10. grein laganna orðist svo:

Kjötverðlagsnefnd skal takmarka flutning sláturfjár og sláturfjárafurða milli verðlagssvæða, ef hætta er á, að markaður verði ofhlaðinn á einhverjum stað.

Slíkum takmörkunum skal þó ekki beita gegn smásendingum, sem eingöngu eru ætlaðar til heimilisneyzlu viðtakanda.

7. gr.

11. grein laganna falli burt, og tölusetning greina, er eftir fara, breytist samkvæmt því.

Greinargerð.

Kjötsölulögin, sem svo eru kölluð af alþýðu manna, hafa nú staðið á annað ár, og hafa farið fram tvennar haustslátranir á því tímabili. Verður því að telja, að þessi reynslutími sé nægilega langur til þess, að kostir og gallar þess fyrirkomulags, sem með þeim lögum er ákveðið á kjötsölunni, séu í ljós komnir, svo að fyrirkomulagið megi dæma rétt af þeirri reynslu.

Það er ekki ofsagt, að engin lög, sem sett hafa verið síðustu tvo áratugi, hafa hlotið jafnalmennar óvinsældir á jafnskömmum tíma og kjötsölulögin. Af hundruðum bænda, sem ég hefi ýmist átt tal við eða fengið bréf frá um þetta mál úr flestum byggðarlögum á Íslandi, hefir ekki einn einasti talið, að kjötsölulögin væru til bóta. Allir hafa þeir talið, að þau væru gölluð, og að misfellur hafi orðið á framkvæmd þeirra, og flestir hafa talið, að þeir persónulega hafi beðið af þeim verulegt tjón beint og óbeint.

Þessi almenna óánægja kjöteigendanna með lögin og framkvæmd þeirra er raunar fullnægjandi sönnun þess, að lögin séu óviðunanleg í þeirri mynd, sem þau nú eru, og að þeim verði að breyta í verulegum atriðum, einkanlega þegar við óánægju framleiðenda bætist mjög almenn óánægja neytendanna, þótt þeir tali færra um. Ég tel alveg víst, að þessi almenna andúð gegn lögum þessum sé vitanleg flestum þingmönnum. Eigi að síður tel ég rétt, og jafnvel nauðsynlegt, að tilgreina hér það helzta, sem óhöppunum og óánægjunni veldur.

Það, sem valdið hefir mestu tjóni og mestum óþægindum, eru hömlurnar á frjálsri slátrun og beinni sölu framleiðenda til neytenda. Fjöldi bænda hefir um langan aldur, og margir alla sína búskapartíð, séð sjálfir um slátrun fénaðar síns, annaðhvort heima eða í kaupstað, og selt sláturfjárafurðirnar beint til neytenda. Er þetta einkum venja þar, sem samgöngur eru erfiðar og kostnaðarsamar. Bændur þessir spara sér að miklu leyti dýra flutninga á lifandi fé, alla aðkeypta vinnu við slátrunina og verkun kjötsins og allan sölukostnað. Þeir fá því það verð, sem kaupandinn greiðir, óskert í bú sín, greitt strax og í peningum, ef þeir óska. En auk þess fá þeir oft heldur hærra verð en það venjulega, því þeir eiga flestir sömu viðskiptamenn ár eftir ár, sem fúslega greiða ríflegra verð, er þeir geta treyst því, að varan sé góð og vel verkuð og að öllu að þeirra skapi.

Viðskiptum þessum er að mestu slitið með framkvæmd kjötsölulaganna, og er það svo mikið beint og óbeint tjón, að smábændur fá alls ekki staðizt það. En auk þess sem allir þeir, sem sætt gátu eigin slátrun og beinni sölu, fá nú lægra verð en ella fyrir kjöt sitt, verður salan örðugri með milliliðafyrirkomulaginu, því kjötneyzlan minnkar eðlilega mikið við það, að þessi gömlu viðskiptabönd eru slitin.

Aðaltilgangur kjötsölulaganna var sagður sá, að hækka verðið til framleiðenda, helzt með því að minnka milliliðakostnað, og að hagnýta betur innlendan markað en áður var gert, þ. e.: að auka neyzluna.

Þetta hefir alveg mistekizt. Það hefir alls ekki tekizt að hækka verðið til framleiðenda. Tilraun var gerð til þess í Sláturfélagi Suðurlands að borga bændum hærra verð en kjötsalan raunverulega gaf, og taka síðan hluta af gæruverðinu

og jafna með skakkann. Var þetta og gert í fleiri félögum. En þetta reyndist ekki haldgott. Og í haust borgar t. d. Sláturfélag Suðurlands bændum út 14 aurum lægra verð á kg. en í fyrra. — En allir þeir, sem seldu áður beint, fá nú lægra verð en áður. Útsöluverð kjötsins hefir þar á móti hækkað, og sést af því, að milliliðakostnaðurinn hefir ekki farið minnkandi. Er og eitt höfuðatriði laganna í því fólgið, að banna bændum milliliðalausa sölu sláturfjárafurða sinna.

Hagnýting markaðanna hefir og gersamlega mistekizt. Fyrst og fremst af því, að öll beinu samböndin hafa verið slitin, svo kjötneyzlan minnkaði. Var markaðurinn innanlands svo ofhlaðinn, að banna varð arðvænlegustu slátrunina, sem verið hefir í stærstu markaðsstöðunum innanlands, en það er júlí- og ágústslátrunin. Byrjaði slátrun hér í Reykjavík á þessu ári nálega mánuði síðar en venjulega undanfarin ár.

Verðjöfnunargjaldið til verðuppbótar á útflutt kjöt átti að tryggja það, að innlendi markaðurinn yrði ekki ofhlaðinn. Gegn verðjöfnunargjaldinu, sem ekki er endurgreitt, áttu menn að fá markaðsvernd innanlands. Með því voru menn látnir kaupa innlenda markaðinn, sem líklegt þótti að yrði hagstæðari en sá erlendi.

Þeir, sem notað höfðu innlenda markaðinn áður, greiddu nú verðjöfnunargjaldið og gerðu engar ráðstafanir til útflutnings. Þeir vissu ekki annað en að þeir hefðu keypt forgangsrétt að innlendum markaði og tryggt það, að hann yrði ekki ofhlaðinn.

En þetta fór allt í handaskolum hjá kjötverðlagsnefndinni. Innlendi markaðurinn var ofhlaðinn, kjötið streymdi milli verðlagssvæða og féll eins og skriða yfir beztu markaðsstaðina. Þeir, sem með greiðslu verðjöfnunargjaldsins héldu sig hafa tryggt sölu kjöts síns á innlendum markaði, „brunnu inni“ með nokkurn hluta þess, en verðlagsnefndin sá sig til neydda að klippa framan af slátrunartímanum bezta markaðstímabilið, til þess að geta svælt út birgðunum frá fyrra ári.

Með 6. gr. þessa frumvarps er ætlazt til, að það sé tryggt, að þessi mistök endurtakist ekki.

Vitað er, að heildsöluverð er ekki ákveðið það sama á innlendum markaði alstaðar á landinu. Af þessu leiðir, að verðjöfnunargjaldið má ekki heldur vera það sama alstaðar á landinu, heldur því lægra sem heildsöluverðið er ákveðið lægra. Þessu er reynt að fullnægja með 3. gr. frv.

Ég hefi með frumvarpi þessu reynt að bæta úr þeim ágöllum, sem reynslan hefir ýmist leitt í ljós eða staðfest, að eru á kjötsölulögunum. Geng ég þó út frá því, að reynslutími þeirra sé hvergi nærri liðinn og að enn eigi eftir að koma í ljós ýmislegt það, sem knýr til frekari breytinga. En þær breytingar, sem hér er lagt til að gerðar séu, þola enga bið.

Í tillögum þeim, sem felast í þessu frumvarpi, hefi ég stuðzt við umsagnir og álit fjölda bænda. Set ég hér nokkur sýnishorn ummæla í bréfum til mín úr ýmsum byggðarlögum landsins.

Úr Vallahreppi, Suður-Múlasýslu, 18. sept. 1935: „... Óhætt er að segja, að allir bændur hér eru óánægðir með kjötsölulögin og búast ekki við, að verðið á kjötinu síðastliðið haust verði neitt hærra en áður“.

Úr Helgustaðahreppi, Suður-Múlasýslu, 10. sept. 1935. „... Með hinum nýju kjötlögum í fyrra héldu margir, að þingið hefði unnið mikið og gott verk í þágu bændastéttarinnar, en útkoman varð sú, að verðið til framleiðendanna varð ekkert hærra en áður hafði verið, þegar búið var að greiða allan þann kostað, sem af skipulaginu leiddi. Með lögum þessum er tekið svo fram fyrir hendur okkar, að við megum ekki einu sinni láta frá okkur einn dilksskrokk, nema spyrja um það óviðkomandi menn. Þessu fyrirkomulagi kann ég afarilla. Eitt dæmi vil ég nefna um afleiðingar þessara þvingunarlaga: Á Eskifirði, sem er verzlunarstaður minn, höfðu sláturleyfi M. E. Jensen kaupm. og Kaupfélag Eskfirðinga. Ég lét helming sláturfjár míns til hvors þessara kaupenda. Eftir að menn voru búnir að leggja inn í kaupfélagið, var því lokað og það gert upp sem gjaldþrota. Við þetta misstu vitanlega margir mikið af innleggi sínu fyrir ekki neitt. Ég missti helming minnar ársframleiðslu, því að ég var skuldlaus við kaupfélagið, enda ekki skipt við það fyrr en síðastliðið haust, og þá af því, að mér var skipað það. — Ég hefi gert kröfu, en það vísar hver frá sér, og hefi ég litla von um að sjá nokkuð af þessu".

Úr Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu, 1. sept. 1935: „... Óánægðir munu margir bændur vera með tilhögun kjötsölunnar. Mín skoðun er, að bændur á afmörkuðum svæðum, t. d. í hverri sýslu, ættu að kjósa fulltrúa úr sínum hópi og fulltrúar þessir síðan að ákveða verð og flokkun kjötsins til neytenda innanlands á hverjum tíma. Réðu bændur sjálfir framleiðslu sinni með þessu fyrirkomulagi og mundu áreiðanlega ganga svo langt á móti kaupendum sem þeir teldu sér fært. Algert frjálsræði þyrfti að vera um það, hvort menn skiptu við verzlanir eða seldu beint til neytenda".

Úr Fellahreppi, Norður-Múlasýslu, 8. október 1935: „... Af afurðasölumálunum eru það aðeins kjötsölulögin, sem snerta bændur hér austanlands. Við vorum mjög óánægðir með framkvæmd þeirra í fyrra, og svo mun enn verða. Verst er það, að þau koma að mestu leyti í veg fyrir kjötsölu til kaupstaðanna í ágúst og september. Svo er það hér, og þá eflaust einnig annarsstaðar á landinu. Þessi sala var áður drjúgur verðbætir þeim, sem höfðu tök á að notfæra sér hana. Og þetta varð til þess, að kjötmagnið varð minna í aðalkauptíðinni og viðráðanlegra á hinum þrönga markaði. Ég er þessu kunnugastur á Seyðisfirði. Þar hefir kaupfélagið fengið leyfið, þegar loksins hefir mátt byrja að slátra, aðrir ekki fyrr en síðar. Kaupfélagið mun litið meira hafa selt en það gerði áður en lögin komu. Ágúst- og septembersalan hefir því minnkað um það, sem þrír kaupmenn seldu áður. En hver þeirra seldi þá svipað og kaupfélagið. Salan er því ¼ af því, sem hún áður var, og þó enn minni af því að seinna var byrjað. Þessi leyfi eru misnotuð herfilega til þess að hlaða undir kaupfélögin og fjötra menn við þau með viðskipti sín, hvort sem þeir vilja eða ekki".

Úr Árskógshreppi, Eyjafjarðarsýslu, 24. sept. 1935. „... Hér er áberandi óánægja út af mistökum á framkvæmdum á afurðasölumálum bænda. Ég minnist ekki að hafa fyrr heyrt raddir meðal framleiðenda um það, að tilgangslaust sé að framleiða nokkuð, því mikið af því fari í skatta."

Úr Hólahreppi, Skagafjarðarsýslu, 10. október 1935: „... Þá er að minnast á kjötlögin. Get ég sagt það, bæði fyrir mína hönd og annara, að við unum

illa því ófrelsi, sem af þeim leiðir, og teljum ekki heldur til bóta að spenna bogann svo hátt að því er kjötverðið snertir, að það gangi ekki út, og óttumst við, að það geti leitt til þess, að farið verði að takmarka kjötframleiðsluna.“

Úr Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu, 7. október 1935: „... Þegar bændur hér fóru að reka fé sitt á Siglufjarðarmarkaðinn, eingöngu til þess að ná sér í peninga til greiðslu á opinberum gjöldum og því, sem þeir höfðu tekið út á Sauðárkróki, þegar kaupfél. var allslaust af vörum, voru allar dyr lokaðar, nema dyrnar að kjötbúð félagsins. Þangað urðu bændur nauðugir að láta kjöt sitt, án þess að fá peninga upp í þarfir sínar. Nýja kjötbúðin á Siglufirði ætlaði að starfa og kaupa kjöt fyrir peninga út í hönd, og fékk sláturleyfi hjá kjötverðlagsnefnd á 500 fjár, en það hrökk skammt, svo að hún bað um leyfi til að mega slátra fleiru, en það fékkst ekki. Þetta finnst bændum nokkuð þvingandi, og talsvert ófrelsi í því felast, að mega ekki breyta framleiðsluvörum sínum í peninga eða annað, sem þeim kemur vel. T. d. hefir ekki verið hægt að fá timbur hér hjá félaginu nú í nokkur ár, girðingarefni o. fl., sem bændur þurfa árlega að fá til viðhalds girðingum og húsum. Þetta höfum við fengið bæði frá Sauðárkróki og Siglufirði gegn peningagreiðslu. Það er því auðskilið, að við þurfum að breyta vörum okkar í peninga, en á það eru nú lagðar miklar hömlur.“

Úr Þverárhreppi, Vestur-Húnavatnssýslu, 1. okt. 1935: „... Um afurðasölumálin vil ég þó segja það, að það nær ekki nokkurri átt, hve miklar hömlur og skattar leggjast á einkaviðskipti manna í milli.“

Úr Kirkjuhvammshreppi, Vestur-Húnavatnssýslu, 1. sept. 1935: „... Verðjöfnunargjald af kjötinu á að vera til að jafna verð á kjöti, sem út er flutt. Það hefir ekki verið gert. Saltkjötið ætti að fá alla uppbótina, þar til það yrði jafnhátt eins og jafngott kjöt fryst. Fyrr er það ekki réttlátt, það hljóta allir að sjá ...“

Úr Ögurhreppi, N.-Ísafjarðarsýslu, 3. des. 1934: „... Þetta nýja skipulag á kjötsölunni hefir komið þannig við mig, að það er stærsta áfallið, sem búskapur minn hefir orðið fyrir, síðan ég byrjaði að hokra. En það er ekki ég einn, sem orðið hefi fyrir barðinu á þessum lögum. Hafa þau leikið aðra enn verr en mig hér í sýslu. Veit ég, að sumir þeir, sem áður slátruðu að mestu heima, urðu í haust veðurtepptir í viku á Ísafirði, eftir að þeir loks komu fénu þangað til slátrunar með ærnum kostnaði. Slátrin, sem sumir þeirra ætluðu að flytja heim í bú sín, skemmdust eða urðu ónýt.“

Úr Grunnavíkurhreppi, N.-Ísafjarðarsýslu, 31. ágúst 1935: „... Þá er að minnast á kjötlögin. Ég hefi þar ekki fagra sögu að segja. Ég hefi ætíð slátrað heima og held mér sé óhætt að segja, að það hafi ekki fundizt gallar á kjöti frá mér, hvorki upphaflegum gæðum þess né verkuninni. Hafði ég líka svo góða viðskiptavini á Ísafirði, að ég fékk alltaf dálítið hærra fyrir mitt kjöt heldur en almennt var selt.

Nú varð ég að fara með allt til Ísafjarðar, og varð tap mitt á kjötinu 400 krónur, miðað við það, ef ég hefði verið frjáls með kjötið. En þá er ótalið, að ég varð að selja öll slátrin fyrir lítið verð, en þau hafa venjulega verið drjúgur hluti þess, sem ég hefi lagt til bús míns á haustin, því um heimflutning þýðir ekki að hugsa svo langa leið, eins og hér viðrar oft á haustin.“

Úr Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu, 19. október 1935: „... Kjötsölulögin eru illa liðin hér, einkanlega vegna þeirra takmarkana, sem þau leggja á umráðarétt bænda yfir þessari réttmætu eign þeirra. Kjötsalan ætti að vera alveg frjáls.“

Úr Tálknafjarðarhreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu, 25. október 1935: „... Kjötsölulögin eru einhver versta sending, sem Alþingi hefir nokkurntíma sent okkur bændum. Ef ekki hefði verið um aðrar álögur að ræða en verðjöfnunargjaldið, þá hefði ég ekkert kvartað, þó það sé frá mínu sjónarmiði ósanngjarnt, að verðjöfnunargjaldið sé jafnhátt alstaðar. En það versta við þessi lög er það ófrelsi, sem lagt er á okkur bændur, því varla er hægt að segja, að við séum lengur frjálsir að eign okkar. En þessu næst er það mikla peningatjón, sem við biðum við það, að svona er tekið fram fyrir hendur okkar.

Ég hefi alltaf slátrað heima, því hér í Fjörðunum er ekkert sláturhús. Hefi ég alltaf saltað kjöt fyrir fasta viðskiptamenn. Í fyrra sótti ég um leyfi til heimaslátrunar og fékk það. Svo sótti ég aftur í sumar, og datt ekki í hug annað en að allt yrði við sama. En nú brá svo við, að ég fékk ekkert svar. Ég skrifaði því nefndinni aftur, en það fór á sömu leið, að ekkert svar kom. Loks þegar komið var að sláturtíð, átti ég símtal við skrifstofu nefndarinnar og fékk þá að vita, að neitun væri á leiðinni í pósti. Var mér nú skipað að fara með sláturfé mitt til Sveinseyrar og slátra því hjá kaupfélaginu. Kaupfélagið hefir ekkert sláturhús fremur en ég, og er slátrað þar bara á „gamla mátann“. En ákvörðun kjötverðlagsnefndar bakaði mér mikið peningatjón og óbærilega fyrirhöfn.“

Úr Breiðavíkurhreppi, Snæfellsnessýslu, 12. sept. 1935: „... Það væri nú fyrir sig að borga þetta verðjöfnunargjald af því kjöti, sem selst innanlands, til að bæta upp það, sem út er flutt og selt við lægra verði, ef verzlunin væri gefin alveg frjáls, að öðru leyti en því, að kjötkaupmenn á hverjum stað drægju verðjöfnunargjaldið frá ...“

Úr Stykkishólmshreppi, Snæfellsnessýslu, 8. okt. 1935: „... Í þessu sambandi skal þess getið, að Kaupfélagið hefði ekki aðstöðu til að gefa einu sinni þetta verð fyrir kjötið, ef það tæki ekki ágóðann af gærusölunni til að bæta upp kjötverðið. Kaupfélögin hafa farið þessa leið, að hafa verð á gærum mjög lágt, til þess að geta notað ágóðann af sölu þeirra til að bæta upp kjötverðið. Mismunurinn á útsöluverði á kjöti og því verði, sem framleiðendur fá, hefir aldrei verið eins mikill hér eins og nú. Óhætt má fullyrða, að ⅘ hlutar bænda hér um slóðir eru mótfallnir kjötverðlagsnefndinni og öllum þeim ófögnuði, sem henni fylgir ...“

Úr Stafholtstungnahreppi, Mýrasýslu, 20. september 1935: „... Hvað snertir afurðasölumálin, þá er það áreiðanlega hið mesta vandræðamál, sem komið hefir fyrir landbúnaðinn, því kjöt- og mjólkursölulögin hafa nú þegar orðið til þess að hnekkja til muna innlendum markaði fyrir þessar vörur, og þá um leið að þrengja markaðinn í heild.

Óruggasta leiðin til að auka söluna er sú, að sem flestir selji, — varan sé sem víðast á boðstólum. Kunnugleiki og vinátta skapa líka aukna sölu með

öðru fleira. Mesta þörf tel ég á að koma á þeirri breytingu, að einstaklingunum séu ekki bönnuð bein viðskipti.“

Um frumvarpsgreinarnar.

Um 1. gr.

Grein þessi er um það, hverjir skipa menn í kjötverðlagsnefndina. Er lagt til, að breytt sé til um tilnefningu tveggja nefndarmannanna þannig, að í stað Alþýðusambands Íslands tilnefni Búnaðarfélag Íslands einn mann í nefndina, og í stað Landssambands iðnaðarmanna komi sveitarstjórn fjölmennasta sveitarfélags á hverju verðlagssvæði. Breyting þessi mælir fyrir sér sjálf.

Um 2. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er upphafið bann 3. greinar kjötsölulaganna við frjálsri slátrun og beinni sölu. Er bændum með þessari breytingu fenginn aftur óskertur umráðaréttur yfir sláturfé þeirra.

Um 3. gr.

Viðaukinn við þessa grein byggist á því, að útsöluverð á kjöti er sett lægra í þessum landshlutum en á verðlagssvæði Reykjavíkur, og að innlendi markaðurinn er þar þrengri.

Um 4. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 5. gr.

Það liggur í augum uppi, að fyrst sú regla er upp tekin að láta menn greiða gjald af því kjöti, sem selt er á innlendum markaði, og að bæta með því upp verð á útfluttu kjöti, ef með þarf, þá á fyrst og fremst að nota það fé til þess að jafna verðið á útflutta kjötinu, þar til menn hafa fengið svipað eða sama verð fyrir kjöt, sem er jafngott að uppruna, þar eð mönnum er það ekki sjálfrátt, á hvern hátt það er verkað.

Um 6. gr.

Með þessari grein er ætlazt til, að kjöteigendum verði tryggt það, að þeir verði ekki sviknir um þann innlenda markað, sem þeir hafa keypt með verðjöfnunargjaldinu. Þetta atriði er rökstutt í greinargerðinni hér á undan.

Um 7. gr.

Þarf ekki skýringar.

Ed. 460. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 76 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 4. nóv. 1935.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.	Jón A. Jónsson.

Ed. 461. Frumvarp til laga

um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

I. KAFLI

Markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Markmið stýrimannaskólans er að veita þá fræðslu, er þarf til að standast hið minna og meira fiskimannapróf, farmannapróf og skipstjórapróf á varðskipum ríkisins.

2. gr.

Skólinn starfar í fjórum deildum, eins árs deild fyrir hið minna fiskimannapróf, tveggja ára deild fyrir hið meira fiskimannapróf og farmannapróf, og auk þess í sérstakri deild fyrir skipstjórapróf á varðskipum ríkisins.

II. KAFLI

Kennslan.

3. gr.

Í skólanum skal kenna:

Stærðfræði, siglingafræði, íslenzku, dönsku, ensku, þýzku, eðlisfræði, vélfræði, sjórétt, veðurfræði, hjúkrunarfræði, bókhald, viðskiptafræði, sjómennsku og leikfimi; auk þess þær fræðigreinar, sem krafizt er sérstaklega fyrir skipstjóra á varðskipum ríkisins.

III. KAFLI
Próf.

4. gr.

Í skólanum skulu auk inntökuprófs, sem aðeins er fyrir farmannadeild, vera þessi próf: hið minna fiskimannapróf, hið meira fiskimannapróf, farmannapróf og skipstjórapróf á varðskipum ríkisins.

Nemandi, sem lokið hefir gagnfræðaprófi, þarf eigi að ganga undir inntökupróf í farmannadeild, séu eigi liðin 3 ár frá því hann lauk prófinu.

5. gr.

Til hins minna fiskimannaprófs útheimtist:

Stærðfræði (munnleg):

Kunnátta í fræðinni um heilar tölur, almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, um einföldustu atriði flatarmálsfræðinnar, þekking á mælikvörðum lína og horna og leikni í að nota þá.

Siglingafræði (skrifleg og munnleg):

1. Þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, bauganeti hans, lengd og breidd. Kompáslínur og kompásstrik.
2. Þekking á kompásnum og á notkun hans, á misvísun, halla (inklination), segulskekkju og hvernig hún verði fundin með jarðlægum athugunum; á skriðmæli, vegmæli, grunn- og djúplóði.
3. Skyn á sjókortum, innihaldi þeirra og notkun.
4. Þekking á dagbókarhaldi, leiðarreikningi, straumi, drift, að setja stefnu skipsins og á að finna stað skipsins á kortinu.
5. Að kunna að finna, hvenær flóð verður og fjara.

Sjómennska (munnleg):

Þekking á alþjóðlegum siglingareglum og neyðarbendingum og á bjargtækjum og notkun þeirra.

Auk þess er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í almennri sjómennsku.

Íslenzka (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 100 bls. í 8. bl. broti í lausu máli og ljóðum og geta skýrt það nokkurnveginn. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orð og orðatiltæki, er að sjómennsku lúta. Þeir skulu geta farið sæmilega með íslenzkt mál í ræðu og riti, sérstaklega í þeim efnum, er til stöðu þeirra heyra.

Sjóréttur (munnlegur):

Að þekkja helztu lagaákvæði, er snerta rétt og skyldur skipstjóra.

Hjúkrunarfræði (munnleg):

Að geta veitt algengustu hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu kvilla. Að kynnast sóttvarnarreglum, sem skipum er skylt að hlýða.

6. gr.

Til hins meira fiskimannaprófs útheimtist:

Stærðfræði (munnleg):

Hið sama og til hins minna fiskimannaprófs og ennfremur:

a) Í reikningi: Notkun logaritma.
b) Í flatarmálsfræði: Beinar línur. Horn. Hringurinn. Marghyrningur. Sporbaugur. Reglur um hliðar og horn í þríhyrningum og samhliðungum. Rétthyrndur þríhyrningur. Einslaga og samfalla þríhyrningar. Flatarmál hrings og marghyrninga. Uppdráttur og útreikningur flatarmáls einföldustu flata.
c) Í þríhyrningafræði: Þekking á grundvallaratriðum þríhyrningafræðinnar og á útreikningi flatra rétthyrndra þríhyrninga eftir henni.
d) Í rúmfræði: Útreikningi rúmtaks, ferstrendings og sívalnings.

Siglingafræði (skrifleg og munnleg):

Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á bauganeti þess, á því að ákveða afstöðu himinhnatta, á sólinni og hreyfingu hennar.

Þekking á mælingu tímans og skiptingu hans.

Að kunna að finna ristíma, hágöngutíma og hvarftíma himinhnatta.

Þekking á hæðarleiðréttingum himinhnatta og að kunna að finna breiddina af athugun sólar eða fastastjarna í hádegisbaug.

Þekking á sextanti og notkun hans.

Að kunna að finna misvísun eða segulskekkju við viks-(amplitude)athugun sólar og við azimutathugun sólar eða stjarna.

Þekking á hallasegulskekkju.

Að kunna að finna misvísun eða segulskekkju af athugun pólstjörnunnar. Staðarákvarðanir með radíómiðunum.

Sjómennska (munnleg og verkleg):

Hið sama og til hins minna fiskimannaprófs og ennfremur þekking á notkun alþjóða-merkjabókar og að geta lesið og gefið ljós- og hljóðmerki eftir Morsestafrófi.

Íslenzka (skrifleg og munnleg):

Nokkuð fyllri þekking en til minna fiskimannaprófsins.

Danska (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum, sérstaklega um líf og störf sjómanna, og að geta talað dönsku nokkuð, einkum um það, er snertir sjómennsku.

Enska (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti, einkum um sjómennsku, og geta talað ensku nokkuð, einkum um það, er gerist á sjó.

Sjóréttur (munnlegur):

Nokkuð fyllri þekking en til hins minna fiskimannaprófs.

Hjúkrunarfræði (munnleg):

Að hafa fengið yfirlit yfir það helzta, er stendur í lækningabókum sjómanna, og sé einkum lögð áherzla á þessi atriði:

Hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu sjúkdóma.

Samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim.

Næma sjúkdóma og sóttvarnarreglur, sem skipum er skylt að hlýða.

Almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur í skipum, hirðingu þeirra og umgengni, matvæli og fæði skipverja.

Vélfræði (munnleg):

Einföldustu atriði mótorfræðinnar ásamt yfirliti yfir algengustu vélar, notkun þeirra, umhirðu og eldsneyti.

Bókhald:

Að kunna það bókhald, er staðan útheimtir.

Auk þess sé nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í sjómennsku og veðurfræði.

7. gr.

Til farmannaprófsins útheimtist: hið sama og til meira fiskimannaprófsins og ennfremur:

Stærðfræði (skrifleg og munnleg):

a) Í reikningi: Fyllri þekking á veldi og rót og á logaritmum. Reikningur með viðlægum og frádrægum stærðum með tölum og bókstöfum. Einfaldur vaxtareikningur. Einfaldar líkingar.

b) Í flatarmálsfræði: Skyn á rétthyrndu Koordinatkerfi.

c) Í rúmfræði: Afstaða beinnar línu til flatar og flata innbyrðis. Þekking prisma, strýtu, keilu, kúlu, sívalnings og á línum, sem myndast á yfirborði þessara hluta við beinan gegnumskurð. Skyn á bogahornum og bogaþríhyrningum. Rúmtak prisma, strýtu, keilu, kúlu og sívalnings.

Í ofangreindum atriðum stærðfræðinnar er þess eins krafizt, sem nauðsynlegt er að nemandinn viti til skilnings á því, sem kennt er í siglingafræði, sjómennsku, eðlisfræði og vélfræði.

Siglingafræði (skrifleg og munnleg):

Hið sama og krafizt er til meira fiskimannaprófsins og auk þess:

Kompásleiðréttingar. Djúpmælar.

Að búa til vaxandi kort.

Þekking á segulskekkjumælinum (Deflector) og notkun hans við segulskekkjurannsóknir. Hættuhorn. Fyllri þekking á himintunglum.

Að kunna að finna breiddina af athugun sólar, fastastjörnu og reikistjörnu í og fyrir utan hádegisbaug, og að kunna að finna breiddina af athugun tunglsins í hágöngu.

Að kunna að fara með sjóúr og finna stöðu þess og daglegan gang.

Að kunna að finna lengdina með sjóúrinu og hæð sólar, fastastjörnu eða reikistjörnu.

Að kunna að finna stað skipsins með staðarlínum byggðum á athugunum sólar, tungls, fastastjörnu eða reikistjörnu.

Þekking á notkun helztu raf- og radíótækja, sem notuð eru við siglingar.

Vélfræði (munnleg):

Þekking algengra eimvéla ásamt kötlum og hjálparvélum. Hestöfl, eldsneytiseyðsla og gæzla vélarinnar.

Þekking á algengustu mótorvélum, einkum dieselvélum, og gæzlu þeirra, ásamt hjálparvélum og eldsneytiseyðslu.

Eðlisfræði (munnleg):

Þekking á eðlisfræðilegum eiginleikum hluta. Jafnvægi og hreyfing fastra, fljótandi og loftkenndra hluta, þyngdarlögmál.

Samstilling og sundurliðun afla. Einfaldar vélar. Eðlisþyngd. Dælur. Loftþyngdarmælar. Aðaldrættir hitafræðinnar. Einfaldar reglur um hljóðið, ljósið, rafmagn og rafsegulmagn.

Sjómennska (skrifleg og munnleg):

Hið sama og til meira fiskimannaprófs og ennfremur:

a) Skipagerð: Stutt lýsing á byggingu skipa, rúmlestir, djúprista, afturhlæðni og stöðugleiki. Viðhald skipa á sjó og landi. Áhrif skrúfu og stýris.
Vatnsþéttar skiljur og tæmingartæki.
Helztu lagaákvæði um flokkun og skoðun skipa.

b) Sjómennska: Bátar og notkun þeirra. Tæki til fermingar og affermingar skipa. Meðferð farms og kjölfestu.
Öryggisráðstafanir við skipströnd, árekstur, eldsvoða, sjóskaða o. fl. Einfaldur jafnvægisreikningur með tilliti til fermingar og affermingar skipa. Línubyssur og önnur bjargtæki. Notkun leiðalýsinga o. fl. þ. h.
Notkun taflna um styrkleika, aðallega þeirra hluta, sem notaðir eru við fermingu og affermingu skipa.
Skyldur stýrimanns á verði.

Landafræði og veðurfræði (munnleg):

Stutt yfirlit yfir landslag hinna helztu meginlanda. Helztu skipgengar ár og fljót. Heimshöfin og helztu siglingaleiðir. Helztu verzlunarborgir.

Skyn á helztu loft- og sjávarmælitækjum. Skipting hitans á yfirborði jarðar. Vatnsgufa loftsins; ský og úrkoma. Veðurfregnir og veðurkort.

Rafmagn í gufuhvolfinu. Loftþrýstingur. Vindar og lögmál þeirra. Þekking helztu hafstrauma.

Íslenzka (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum og geta skýrt það vel. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orðtök, er að sjómennsku lúta. Jafnframt skulu þeir hafa lært það af íslenzkri málfræði, er þarf til þess að fara vel með íslenzkt mál í ræðu og riti, og geta skrifað á allgóðu máli og með góðri stafsetningu ritgerð um efni, er snertir sjóferðir, og samið laglega skjöl þau og skilríki, er staða þeirra heimtar.

Danska (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum, einkum um líf og störf sjómanna, og geta talað dönsku sæmilega, einkum um það, er sjómennsku snertir, og að geta gert léttan danskan stíl.

Enska (skrifleg og munnleg):
Að hafa lesið að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti, einkum um líf og störf sjómanna, skilja „Nautical Almanac“ og geta talað ensku nokkurnveginn, einkum um það, er sjómennsku tilheyrir.

Þýzka (skrifleg og munnleg):
Krafizt er sömu kunnáttu og í ensku.

Sjóréttur (munnlegur):
Nokkuð fyllri þekking en til hins meira fiskimannaprófs, einkum um farmbréf og farmskírteini.

Hjúkrunarfræði (munnleg):
Nokkuð fyllri þekking en til hins meira fiskimannaprófs, einkum um hitabeltissjúkdóma og varnir gegn þeim.

Bókhald og viðskiptafræði (skrifleg og munnleg):
Þau atriði, er farmenn skiptir mestu og staða þeirra heimtar.

8. gr.

Til skipstjóraprófs á varðskipum ríkisins útheimtist:

1. Að nemandi hafi lokið farmannaprófi og hlotið meðaleinkunnina 6 að minnsta kosti.
   Undanþegnir þessu ákvæði eru þeir, sem fengið hafa skipstjóraréttindi á varðskipum ríkisins þegar lög þessi öðlast gildi.
2. **Stórskotafræði** (munnleg og verkleg):
   a) Þekking á byssum varðskipa ríkisins, notkun þeirra og hirðingu.
   b) Þekking á fjarlægðamælum og notkun þeirra.
3. **Ljósfræði** (munnleg):
   Þekking á frumatriðum ljósfræðinnar, prismaglerjum og öðrum sjónglerjum.
4. **Mælingafræði** (skrifleg og munnleg):
   a) Mælistaðir og lega þeirra til staðarákvarðana.
   b) Þekking á leiðréttingum horna, merkja og miðana á jörðinni til útsendingar í vaxandi kort.
   c) Þekking á leiðréttingu sextanthorna vegna hæðarmismunar mælistaðanna.
5. **Alþjóðamerki** (verklegt):
   Leikni í notkun ljós- og hljóðmerkja og merkjaflagga. Leikni í að nota handflögg til merkjagjafa eftir alþjóðareglum.
6. **Alþjóðaréttur** (munnlegur):
   Helztu ákvæði milliríkjasamninga um gæzlu landhelginnar og um fiskveiðar á hafinu. Þýðing og gæzla landhelginnar á ófriðartímum.
7. **Enska** (skrifleg og munnleg):
   Fyllri kunnátta í að tala og rita málið en útheimtist til farmannaprófs.
8. **Þýzka** (skrifleg og munnleg):
   Sama kunnátta og í ensku.

9. **Líkamsæfingar:**
Kunnátta í algengri leikfimi, og æfing í að stjórna leikfimiflokki.
Róðraræfingar og kunnátta í að stjórna bátum.

9. gr.

Við inntökupróf og burtfararpróf skulu auk kennarans, sem prófar, vera tveir prófdómendur í hverri grein, og skipar stjórnarráðið til þess sérfræðinga eftir föngum.

Munnleg próf skulu haldin í heyranda hljóði.

10. gr.

Vilji maður ganga undir burtfararpróf skólans án þess að hafa stundað þar nám, skal hann senda kennslumálaráðuneytinu beiðni um það tveim mánuðum áður, og skal fylgja beiðninni vottorð um, að umsækjandi fullnægi kröfum þeim, er segir í 1.—6. lið 12. gr. þessara laga, og vottorð um þann undirbúning, er hann hefir fengið.

11. gr.

Þeir, sem staðizt hafa burtfararpróf við stýrimannaskólann, skulu fá prófskírteini, er sýni aðaleinkunn þeirra og séreinkunnir.

Prófskírteinin skulu gefin út á íslenzku og að minnsta kosti einu stórþjóðamáli, nema hið minna fiskimannaprófskírteini, sem aðeins skal gefið út á íslenzku.

IV. KAFLI

Inntaka nemenda.

12. gr.

Almenn inntökuskilyrði eru:

1. Að fullnægja kröfum reglugerðar um siglingatíma.
2. Að hafa lokið námi á sjó-vinnunámskeiði, sem greinir í 20. gr., eða að hafa vottorð frá stjórnanda slíks námskeiðs um, að hann kunni það, sem þar er kennt.
3. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem yfirmannsstaða heimtar.
4. Að kunna sund.
5. Að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemendum skaðvænn.
6. Að hafa óflekkað mannorð.

13. gr.

Farmannaprófsnemendur skulu hafa þá þekkingu í íslenzku, dönsku, ensku, þýzku og stærðfræði, er reglugerð áskilur.

V. KAFLI
Kennslutími.

14. gr.

Skólinn starfar frá byrjun októbermánaðar og eigi skemur en til aprílloka.

VI. KAFLI
Kennarar skólans.

15. gr.

Við stýrimannaskólann skulu auk skólastjóra vera að jafnaði tveir skipaðir kennarar, aðstoðarkennari í siglingafræði og tungumálakennari, og stundakennarar eftir þörfum.

Laun fastra kennara við skólann skulu ákveðin í launalögum.

16. gr.

Til þess að geta orðið skólastjóri stýrimannaskólans, verður hlutaðeigandi að hafa lokið farmannaprófi skólans og síðan viðtækara farmannaprófi við erlendan skóla, hvorttveggja með góðum vitnisburði.

Til þess að verða aðstoðarkennari í siglingafræði, verður hlutaðeigandi að hafa lokið að minnsta kosti góðu farmannaprófi við skólann.

Til þess að verða tungumálakennari skólans, verður hlutaðeigandi að hafa lokið embættisprófi í einhverju af þeim málum, sem kennd eru við skólann. Þó má veita undanþágu frá þessu ákvæði þeim, sem reyndur er að nægri kunnáttu og kennarahæfileikum.

Enginn getur fengið veitingu fyrir embætti við skólann, nema hann hafi verið settur til að gegna því í eitt ár að minnsta kosti.

Stundakennara setur ráðuneytið samkvæmt tillögum skólastjóra.

VII. KAFLI
Ýmisleg ákvæði.

17. gr.

Yfirstjórn skólans hefir kennslumálaráðuneytið.

18. gr.

Með reglugerð verður nánar ákveðið um tilhögun kennslunnar, próf og einkunnir, inntöku nemenda í skólann, kennslutíma og leyfi, reglu og aga, kennara skólans og skólalækni.

19. gr.

Námskeið, er veita þá fræðslu, sem þarf til að standast hið minna fiskimannapróf, getur kennslumálaráðuneytið falið skólastjóra stýrimannaskólans

að láta halda á eftirfarandi stöðum, þegar næg þátttaka er fyrir hendi: Á Ísafirði, Akureyri, Norðfirði og í Vestmannaeyjum.

Námskeiðin skulu haldin annaðhvert ár á hverjum stað. Skulu þau standa frá byrjun októbermánaðar og eigi skemur en til janúarloka.

Í reglugerð fyrir stýrimannaskólann verður ákveðið nánar um þátttöku, inntökuskilyrði, kennslufyrirkomulag og próf við námskeiðin.

Prófdómendur skulu vera 3 við minna fiskimannaprófið, kennari námskeiðsins og tveir siglingafróðir menn aðrir, er ráðuneytið skipar samkvæmt tillögum skólastjóra stýrimannaskólans. Skal annar þeirra vera formaður prófnefndar.

Báðir hinir síðartöldu skulu vera dómendur við prófin alstaðar utan Reykjavíkur.

Kostnaður við námskeiðin greiðist úr ríkissjóði.

20. gr.

Kennslumálaráðuneytið getur falið skólastjóra stýrimannaskólans að láta halda námskeið í sjóvinnufræði, í Reykjavík á hverju ári og annaðhvert ár á þeim stöðum utan Reykjavíkur, sem getur um í 19. gr., ef næg þátttaka er fyrir hendi.

Námskeiðin skulu haldin að haustinu og standa eigi skemur en 1 mánuð.

Ráðuneytið setur reglugerð um námskeiðin, tilhögun þeirra, námsgreinar, kennslugjöld og nemendafjölda.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1936, og frá sama tíma eru úr gildi numin lög nr. 17 4. júní 1924, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af milliþinganefnd í siglingamálum, og flytur sjávarútvegsnefnd það að ósk atvinnumálaráðherra, en nefndarmenn eru óbundnir um breytingartillögur, er fram kunna að koma. Frá milliþinganefndinni fylgdu frv. svo hljóðandi

Athugasemdir:

Eins og aðrar fræðigreinar tekur siglingafræðin, ásamt annari kunnáttu, sem skipstjórnarmönnum er talin nauðsynleg, framförum og breytingum, vegna vaxandi þekkingar og tækni. Aðferðir og tæki úreltast og nýtt og hagkvæmara kemur í stað hins gamla, en að sama skapi breytast kröfurnar, sem gerðar eru til þeirra, sem skipunum stjórna. Þar af leiðir, að lög og reglugerðir, er að fræðslu skipstjóraefna lúta, verður að endurskoða og breyta til samræmis við kröfurnar á hverjum tíma, og samkvæmt þessu er frumvarp til laga um stýrimannaskólann í Reykjavík komið fram.

Í frumvarpinu felast ýmsar breytingar frá núgildandi lögum, en að langmestu leyti standa þær í sambandi við kröfurnar til skipstjórnar og stýrimennsku á stærri verzlunarskipum og á varðskipum ríkisins. En yfirleitt eru kröfurnar

um sjófræðilega þekkingu skipstjórnarmanna auknar frá því, sem nú er, og er í því efni fylgt sömu stefnu og ræður hjá öðrum siglingaþjóðum.

Um fyrirkomulag og starfshætti skólans er að mestu farið eftir núgildandi lögum, en vegna þess, hve mörgu nýju er bætt við kröfurnar í farmannadeild, er inntökupróf í þá deild þyngt til muna frá því, sem nú er, til þess að skólatíminn fari sem minnst fram úr því, sem tiltekið er í frumvarpinu, þó nefndin geri hinsvegar ráð fyrir, að óhjákvæmilegt verði að lengja nokkuð frá því, sem nú er.

Þá er sú breyting gerð, að ætlazt er til þess, að tvenn fiskimannapróf verði veitt við skólann, og er það afleiðing af frumvarpi til laga um atvinnu við siglingar, sem lagt hefir verið fyrir Alþingi það, er nú situr. Minna fiskimannaprófið, sem er nýtt við skólann, er ætlazt til að verði haldið á hverju ári í Reykjavík, en annaðhvert ár á hverjum stað úti um land, og verður það að álítast nægilegt með tilliti til nauðsynlegrar fjölgunar skipstjóraefna á minni fiskiskipum. Það árið, sem ekki er haldið námskeið í siglingafræði á þessum stöðum, er ætlazt til, að haldið verði námskeið í sjóvinnufræði, og er þetta nýmæli í lögunum, en vegna þess, hve mjög umhirðu og meðferð skipa er víða ábótavant, á með námskeiðunum að gera tilraun til þess að ráða bót á þessu, svo að skipin tapi síður verðmæti og öryggi vegna vankunnáttu í meðferð þeirra og viðhaldi. Námskeið þetta verður að sjálfsögðu að halda á hverju ári í Reykjavík, enda er það eitt af inntökuskilyrðunum í skólann, að hafa lokið þar námi. Er það ákvæði sett og látið ná til allra deilda skólans, vegna þess að eigi mun ótítt, að menn hafi náð fullum siglingatíma til þess að teljast fullgildir hásetar, án þess að hafa þá verklegu kunnáttu, sem krefjast verður af slíkum sjómanni, og sem yfirmenn ennþá síður má bresta.

Kröfurnar til meira fiskimannaprófsins eru nærfellt hinar sömu og til núverandi fiskimannaprófs. Þó er bætt við nokkurri þekkingu í vélfræði, og lítilsháttar í rúmfræði og segulskekkjufræði. Einnig er bætt við merkjagjöfum eftir Morse-kerfi.

Eins og áður er sagt, hafa kröfurnar til farmannaprófsins verið þyngdar til muna frá því, sem nú er. Þar eð hér er aðeins eitt farmannapróf, þykir sjálfsagt, að það geri menn svo vel úr garði hvað þekkingu snertir, að þeir standi sem minnst að baki samskonar yfirmönnum annara þjóða. Hér er því bætt við fræðigreinum, sem almennt eru kenndar við erlenda skóla og yfirmönnum verzlunarskipa er talið nauðsynlegt að kunna, en ýmislegt annað, sem kennt er annarsstaðar og frekar má án vera, ekki tekið með. Með þessu móti er ætlazt til, að farmannaprófið verði sem mest hliðstætt t. d. stýrimannaprófinu danska, og þó nokkuð fyllra, því sumt er hér tekið með, sem ekki lærist í Danmörku fyrr en til skipstjóraprófs, svo sem veðurfræði, sigling eftir stórbaug o. fl. Í sjómennsku eru einnig nokkur atriði fram yfir það, sem kennt er til danska stýrimannaprófsins, og er ætlazt til, að nemendur svari spurningum í þeim fræðum, skriflegum og munnlegum, við farmannaprófið, en aftur er nemendum fiskimannadeildanna gert að skyldu að hlýða á fyrirlestra um þessi efni án þess að ganga undir próf í þeim, og er eigi ætlazt til, að það nám verði jafnyfirgripsmikið og fyrir farmenn.

Enda þótt frumvarpið geri aðeins ráð fyrir einu farmannaprófi, hefir það nýmæli verið tekið upp, að hafa sérstakt próf fyrir yfirmenn á varðskipum ríkisins. Hið helzta af því, sem krafizt er til þessa prófs, sem hefir verið nefnt skipstjórapróf á varðskipum ríkisins, eru fræðigreinar, sem verður að telja óhjákvæmilegt, að skipstjórar og jafnvel stýrimenn á varðskipum ríkisins þekki, vegna þeirrar ábyrgðar og þess vanda, er staða þeirra leggur þeim á herðar, enda telur nefndin æskilegt, að lögunum um varðskip ríkisins verði breytt á þann veg, að þeir einir geti eftirleiðis öðlazt skipstjóraréttindi á þeim skipum, sem lokið hafa þessu prófi. Eitt af skilyrðunum til þess að ganga undir þetta próf er, að hlutaðeigandi hafi lokið farmannaprófi með ákveðinni lágmarkseinkunn, en með þessu er m. a. stefnt að því, að á varðskipin veljist að jafnaði hinir færustu menn. Hinsvegar nær þetta ákvæði eigi til þeirra, sem þegar hafa öðlazt skipstjóraréttindi á varðskipunum, þó einhverjir þeirra vildu afla sér þessarar viðbótarþekkingar, en hefðu eigi tilskilda lágmarkseinkunn.

Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi skýringa við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Greinar þessar eru hliðstæðar 1. og 2. gr. laga nr. 17 4. júní 1924, en hér er gert ráð fyrir hinum tveim nýju prófum, minna fiskimannaprófinu og skipstjóraprófinu á varðskipum ríkisins. Að öðru leyti þurfa greinarnar ekki skýringar við.

Um 3. gr.

Frá því, sem var, er hér bætt við þýzku, veðurfræði, sjómennsku og leikfimi. Þýzka er hér tekin upp vegna þess, að siglingar til Þýzkalands eru nú orðnar tíðar með íslenzkum skipum, og er mjög æskilegt, að yfirmenn skipanna geti skilið það mál og talað nokkuð. Einnig er fjöldi þýzkra veiðiskipa hér við land árlega, og er nær óhjákvæmilegt fyrir yfirmenn varðskipanna að hafa nokkra kunnáttu í því máli.

Veðurfræði er hér tekin með sem námsgrein, vegna þess að hana þykir nú sjálfsagt að kenna við alla helztu farmannaskóla erlendis, enda oft hentugt fyrir farmenn að geta hagnýtt sér veðurfregnir og notað og útbúið veðurkort, einkum á farþegaskipum.

Undir sjómennsku eru teknar ýmsar fræðigreinar, sem koma farmönnum að notum við dagleg störf þeirra og undir sérstökum kringumstæðum, þegar vanda ber að höndum, svo sem við skipströnd, árekstur, eldsvoða, sjóskaða o. fl., og í þessari grein eru flestar viðbætur frá því, sem nú er. Undanfarin ár hafa verið haldnir fyrirlestrar við skólann um ýmislegt af þessu tægi, en hvorki hefir það verið skyldunámsgrein hingað til né spurt í því við próf. Gert er ráð fyrir, að fyrirlestrum þessum verið haldið áfram við fiskimannadeildirnar, en að farmenn læri um þessi efni af bókum og gangi undir skrifleg og munnleg próf í þeim. Við það verður fræðslan öruggari og haldbetri fyrir nemendurna.

Leikfimikennsla mun nú orðin ein af föstum námsgreinum við flesta ef ekki alla skóla, og virðist því sjálfsagt, að nemendur sjómannaskólans njóti þeirrar hollustu og uppörvunar, sem líkamsæfingar veita.

Um 4. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 5. gr.

Þessi grein fjallar um kröfurnar, sem gerðar eru til minna fiskimannaprófsins, sem eins og kunnugt er kemur í stað núverandi smáskipaprófs. Þar eð þetta próf á að veita víðtækari réttindi en smáskipaprófið, eru kröfurnar eðlilega auknar. Stærðfræðikunnátta er aukin nokkuð og tekur nú m. a. yfir einföldustu atriði flatarmálsfræðinnar. Kunnátta í siglingafræði er og aukin og mun meiri kröfur gerðar til þekkingar nemenda á segulafli og verkanir þess á kompásinn, ennfremur í leiðarreikningi og dagbókarhaldi. Í íslenzku eru kröfurnar auknar til muna frá því, sem nú er, og nálgast það, sem áður hefir verið krafizt til fiskimannaprófsins. Hér er einnig bætt við kunnáttu í sjórétti, sem ætlazt er til, að nái yfir þær greinar hans, sem hverjum skipstjóra er nauðsynlegt að vita. Ennfremur er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í almennri sjómennsku.

Um 6. gr.

Þessi grein fjallar um kröfurnar til meira fiskimannaprófsins, og er að efni til samhljóða 5. gr. hinna eldri laga, með þeim viðbótum, sem getur um hér að framan, en ákvæðin um stærðfræðikunnáttu eru skilin frá siglingafræðinni.

Um 7. gr.

Þessi grein fjallar um kröfurnar til farmannaprófsins og kemur í stað 6. gr. hinna eldri laga. Stærðfræðin er hér greind í sundur frá siglingafræðinni og vélfræðin og eðlisfræðin eru felldar inn í kröfurnar til sjálfs farmannaprófsins, en í þessum greinum hefir áður verið tekið sérstakt próf, að afloknu farmannaprófinu. Einkunnir fyrir þessar fræðigreinar hafa því samkvæmt frumvarpinu áhrif á heildareinkunn prófsins, en svo hefir eigi verið áður, sem hefir meðal annars verið orsök til þess, að piltar hafa yfirleitt slegið um of slöku við nám í þessum greinum.

Í stærðfræði er því bætt við, að nemendurnir eiga að bera skyn á bókstafareikning og einfaldar líkingar með einni og tveim óþekktum stærðum. Er þetta nauðsynlegt vegna þess, sem þeim er gert að læra í jafnvægisreikningi, en hann heyrir undir þá grein sjómennsku, er viðkemur hleðslu skipa, afturhlæðni og stöðugleika. Þekking sú á rétthyrndu Koordinatkerfi og á bogahornum, sem tiltekin er í frumvarpinu, er lítið meiri en nemendur hafa lært áður í þeim greinum.

Þar sem bætt hefir verið við í siglingafræði, hefir verið gerð grein fyrir hér að framan, nema notkun helztu raf- og radiótækja, sem notuð eru við siglingar, en þekkingu á þeim tækjum er nauðsynlegt að farmenn hafi, vegna vaxandi notkunar þeirra í skipum.

Öðrum atriðum þessarar greinar, sem nýmæli eru, hefir verið gerð grein fyrir hér að framan.

Um 8. gr.

Þessi grein fjallar um kröfurnar til skipstjóraprófs á varðskipum ríkisins og er nýmæli í lögum. Eins og áður er tekið fram, er flest af ákvæðum grein-

arinnar um atriði, sem þeim mönnum, er hún á við, er nauðsynlegt að vita starfsins vegna. Ákvæðið um, að lágmarksmeðaleinkunnina 6 þurfi til þess að mega ganga undir prófið, er miðað við, að hæsta einkunn, sem gefin er, verði 8 eins og nú er. Við athugun prófskírteina sést, að minni hluti nemenda nær þessari meðaleinkunn, en þó svo margir, að vöntun á mönnum til þessa starfs ætti ekki að geta orðið, einkum þar eð gera má ráð fyrir, að flestir, sem þess eiga kost, muni læra undir prófið, ef ekki til annars, þá til þess að hafa einnig þá leið opna að prófinu loknu. Þá verður að teljast nauðsynlegt, að yfirmenn varðskipanna þekki öll tæki, sem þeir eiga að stjórna, svo sem byssur, fjarlægðarmæla o. þ. h., og kunni að beita þeim.

Einnig verða þeir að geta kennt það öðrum, því að meðan engar fastar skyttur eru ráðnar á skipin, má alltaf búast við, að vöntun geti orðið á hæfum mönnum til þess starfa, séu yfirmennirnir ekki færir um að stjórna tækjunum og kenna það öðrum. Í sambandi við þessi tæki og önnur, sem daglega eru notuð, stendur það, sem krafizt er af þekkingu í ljósfræði.

Fyllri þekking í mælingafræði en kennd er við venjulega siglingaskóla getur orðið hverjum varðskipstjóra nauðsynleg, til þess að staðfesta gildi staðarákvarðana í sambandi við töku skipa í landhelgi, en þetta verður varðskipaforinginn að vita eins vel eða betur en nokkur sakborningur innlendur eða útlendur, sem hann hefir viðskipti við, og margir þessara manna hafa mikla sjófræðilega menntun. Þá verður einnig að krefjast nægrar þekkingar varðskipaskipstjóra í alþjóðasamningum og reglum, er lúta að rétti og gæzlu landhelginnar, bæði á friðar- og ófriðartímum, svo þeir séu færir um, sem útverðir íslenzkrar löggæzlu, að gæta réttar landsmanna út á við, eftir því sem staða þeirra heimtar.

Aðrir liðir þessarar greinar eru framhaldsþekking í þeim fræðum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir til farmannaprófsins, og þarfnast því ekki skýringar.

Um 9., 10. og 11. gr.

Þessar greinar eru hliðstæðar 7., 8. og 9. gr. eldri laga og þurfa ekki skýringa við.

Um 12. gr.

Í þessari grein er aðeins eitt nýmæli, þ. e. stafl. 2. um sjóvinnunámskeið, en fyrir því hefir verið gerð grein hér að framan.

Um 13.—18. gr.

Þessar greinar eru ýmist hliðstæðar greinum hinna eldri laga, eða þurfa eigi skýringa.

Um 19. gr.

Þessi grein fjallar um námskeið fyrir minna fiskimannaprófið utan Reykjavíkur. Svo gildar ástæður mæla með því, að þessi próf verði einnig haldin utan Reykjavíkur, að hjá því verður varla komizt. Staðirnir eru hinir sömu og voru áður fyrir smáskipaprófið, nema að Norðfjörður kemur í stað Seyðisfjarðar, og er þessi breyting gerð vegna legu kaupstaðarins, útgerðar og mannfjölda. Þá er það nýmæli tekið upp að samræma prófin með því að hafa sömu prófdóm-

endur alstaðar á landinu utan Reykjavíkur, og er það gert til þess að koma í veg fyrir, að mönnum með ónógri kunnáttu sé veitt próf, en á því þykir hafa borið nokkuð sumstaðar úti um land.

Hingað til hafa smáskipaprófin úti um land verið að meira eða minna leyti haldin að tilhlutun Fiskifélags Íslands eða deilda þess, og nemendurnir borið kostnaðinn við námskeiðin, stundum með lítilsháttar styrk frá Fiskifélaginu. Kostnaður við prófin hefir verið greiddur úr ríkissjóði. Um leið og námskeiðin eru sett undir yfirstjórn hins opinbera þykir og rétt, að það beri einnig allan kostnað, sem af þeim leiðir, og að um leið verði þau aðeins haldin á hinum lögboðnu stöðum, enda myndi annað valda erfiðleikum vegna krafnanna um sjóvinnunámskeið og sömu prófnefnd á öllum stöðum, því að sjálfsögðu yrðu prófin haldin sem næst á sama tíma alstaðar.

Um 20. gr.

Fram yfir það, er segir að framan, þarf greinin ekki skýringa við.

Um 21. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Ed. 462. Frumvarp til laga

um kennslu í vélfræði.

Frá sjávarútvegsnefnd

I. KAFLI

Um vélskólann í Reykjavík.

1. gr.

Í Reykjavík skal vera vélskóli. Markmið hans er að búa nemendur undir hið minna vélstjórapróf, hið meira vélstjórapróf, rafmagnspróf fyrir vélstjóra og rafmagnspróf fyrir rafvirkja.

Skólinn starfar í þrem deildum:

1. Minni vélstjóradeild.
2. Meiri vélstjóradeild.
3. Rafmagnsfræðideild fyrir vélstjóra og rafvirkja.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september.

2. gr.

Í skólanum skal kenna: Íslenzku, dönsku, ensku, þýzku, stærðfræði, eðlisfræði, vélfræði, vélateikningu, hjúkrunarfræði, bókhald og viðskiptafræði, rafmagnsfræði og leikfimi.

3. gr.

Kennslumálaráðuneytið ræður fastan vélfræðikennara, sem einnig er forstöðumaður skólans. Það ræður einnig fastan kennara í stærðfræði og eðlis-

fræði, svo og tímakennara í öðrum greinum og aðstoðarkennara eftir þörfum, í samráði við forstöðumann skólans.

Laun fastra kennara skulu ákveðin í launalögunum, en laun tímakennara ákveður kennslumálaráðuneytið.

Kennaralaun og annar kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Inntökupróf skal haldið í skólanum í byrjun október ár hvert, í þeim greinum, sem þarf til undirbúnings skólanámsins. Skal inntökupróf í vélstjóradeild og rafmagnsfræðideild samsvara fullnaðarprófi úr iðnskólanum í Reykjavík. Þeir, sem hafa lokið fullnaðarprófi við iðnskólann í Reykjavík, eða öðru jafngildu eða æðra prófi, þurfa þó ekki að ganga undir inntökupróf.

5. gr.

1. Inntökuskilyrði í minni vélstjóradeild:
   a. Að nemandinn hafi staðizt inntökupróf í deildina samkvæmt reglugerð skólans.
   b. Að hann hafi eftir 16 ára aldur stundað nám á vélaverkstæði, sem rétt hefir til þess að kenna vélnemum, í 3 ár eða verið vélstjóri með undanþágu á eimskipi með meira en 50 hestafla vél í 3 ár, áður en lög þessi öðlast gildi.
   c. Að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans.
   d. Að hann hafi óskert mannorð.
   e. Að hann kunni sund.
2. Inntökuskilyrði í meiri vélstjóradeild:
   a. Að nemandinn hafi staðizt inntökupróf í deildina, eða fullnaðarpróf við iðnskólann í Reykjavík eða annan jafngildan eða æðri skóla, í þeim greinum, sem þarf til undirbúnings skólanámsins.
   b. Að hann hafi eftir 16 ára aldur stundað nám í 4 ár á vélaverkstæði, sem réttindi hefir til að kenna vélnemum.
   c. Að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans.
   d. Að hann hafi óskert mannorð.
   e. Að hann kunni sund.
3. Inntökuskilyrði í 1. bekk rafmagnsfræðideildar:
   a. Að nemandinn hafi staðizt inntökupróf í deildina eða fullnaðarpróf við iðnskólann í Reykjavík eða annan jafngildan skóla eða æðri, í þeim greinum, sem nauðsynlegar eru til undirbúnings skólanámsins.
   b. Að hann hafi eftir 16 ára aldur stundað rafvirkja- eða rafvélavirkjanám í 4 ár, hjá rafvirkja- eða rafvélavirkjameistara, sem réttindi hefir til að kenna þá iðn.
   c. Að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans.
   d. Að hann hafi óskert mannorð.

4. Inntökuskilyrði í 2. bekk rafmagnsfræðideildar:
   a. Að nemandinn hafi staðizt 1. bekkjarpróf deildarinnar eða hið meira vélstjórapróf skólans.
   b. Að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans.
   c. Að hann hafi óskert mannorð.

6. gr.

Próf skulu haldin í skólanum:
Hið minna vélstjórapróf að afloknum kennslutíma deildarinnar ár hvert.
Hið meira vélstjórapróf áður en sumarleyfi byrjar ár hvert.
Próf í rafmagnsfræði að afloknum kennslutíma deildarinnar ár hvert.

7. gr.

Til hins minna vélstjóraprófs þarf:
1. Í íslenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega og nokkurnveginn rétt. Lesið sæmilega og kunna skil á helztu atriðum málfræðinnar.
2. Í stærðfræði: Þekking á hinum fjórum algengu reikningstegundum með heilum tölum, brotum og tugabrotum, ennfremur einfaldri þríliðu og grundvallaratriðum flatarmálsfræðinnar, ennfremur í rúmmálsfræði, að geta reiknað út ferstrending og sívalning.
3. Í eðlisfræði: Þekking á lögmálum loftkenndra efna, þrýstingi og þrýstimælum, eðlisþyngd, dælum, seltumælum, hita, hitamælum, útþenslu hluta við hita, bræðslu, uppgufun, suðu, eiginleikum vatnsgufunnar, einföldum vélum, svo sem vogarstöng, skrúfu, fleyg, dragreipi o. s. frv., rafmagni og segulmagni.
4. Í vélfræði: Þekking á eimvélum í skipum og á landi, einstökum hlutum þeirra, samsetningu og efni, eimkötlum, smíði þeirra og efni, hirðingu eimvéla og katla, hestöflum eimvéla, eldsneyti og eldsneytiseyðslu, stillingu vélanna, viðhaldi og eftirliti, hjálparvélum skips og vélar, slökkvitækjum og lagaákvæðum um skoðun og eftirlit skipa, aðalpörtum skips og skiptingu þess í vatnsþétt hólf, ryði og tæringum og vörnun gegn því, grundvallaratriði mótora með tilliti til mótora í bjargbátum.

8. gr.

Til hins meira vélstjóraprófs þarf:
1. Í íslenzku: Að geta gert íslenzkan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega rithönd skýrt og nokkurnveginn rétt.
   Að geta lesið kafla úr íslenzkri bók og endursegja hann og skýra helztu málfræðiatriðin, sem fyrir koma í honum.
2. Í dönsku: Að geta lesið upp og þýtt kafla úr danskri bók, vélfræðilegs efnis.
3. Í ensku: Sama kunnátta og í dönsku.
4. Í þýzku: Sama kunnátta og í dönsku.

5. Í stærðfræði:
   a. Í reikningi: Að kunna hinar 4 algengu reikningsaðferðir með heilum tölum, brotum og tugabrotum, bæði með tölum og bókstöfum, þríliðu, prósentu- og rentureikning, veldi, rót og logaritma, að geta leyst líkingar af 1. gráðu með einni og tveim óþekktum stærðum.
   b. Í flatarmálsfræði: Þekking á afstöðu beinna lína hvorrar til annarar, hringum, hornum, marghyrningum, á reglum um hliðar og horn þríhyrninga og samsíðunga, á samfalla og einslaga þríhyrningum, réttþyrndum þríhyrningum, útreikningi flatarmáls og hinu rétthyrnda Koordinat-kerfi. Ennfremur að geta gert einfaldar flatarmálsteikningar og þekkja almenn hjálpartæki til þess.
   c. Í rúmmálsfræði: Þekking á afstöðu beinnar línu til flata og flata hvors til annars, þrístrendingi, strýtu, sívalningi, keilu, kúlu, og á þeim línum, sem myndast á yfirborði þessara hluta við beinan gegnumskurð. Ennfremur þekking á flatarmáli og yfirborði þessara hluta og rúmtaki þeirra.
   d. Í þríhyrningafræði: Þekking á grundvallaratriðum þríhyrningafræðinnar.
6. Í eðlisfræði: Þekking á hinum almennu eðlisfræðilegu eiginleikum hlutanna, hreyfingu og jafnvægi fastra, fljótandi og loftkenndra hluta, samsetningu og suńdurliðun afla, vinnu og afli, þrýstingi og þrýstimælum, eðlisþyngd, seltumælum, dælum, einföldum vélum, svo sem vogarstöng, skrúfu, fleyg, skáborði, dragreipi o. s. frv., ennfremur á helztu lögmálum hitafræðinnar, hita og dreifingu hans, útþenslu hlutanna við hita, hitamælum, hitamagni, bræðslu, uppgufun, eiginleikum vatnsgufunnar, suðu, eldsneyti og brennslu, segulmagni, rafmagni og styrkleika efnanna. Ennfremur þekking á almennri hljóðfræði og ljósfræði.
7. Í vélfræði:
   a. Í eimvélafræði: Þekking á eimvélum í skipum og á landi, einstökum hlutum þeirra og samsetningu, eimkötlum og öðrum tækjum, er þeim fylgja, hirðingu eimvéla og eimkatla, viðhaldi þeirra og eftirliti, smíði og efni eimvéla og eimkatla, vélbilun, ketilbilun og sprengu, aflmælislínum og þeim niðurstöðum, sem af þeim má draga, hestöflum eimvéla, stillingu vélanna, eldsneytiseyðslu, þekking á hjálparvélum skips og vélar (stýrisvél, ljósvél, kælivél, vindum, dælum o. s. frv.), þekking á byggingu skips og skiptingu þess í vatnsþétt hólf, skipsdælum, slökkvitækjum og lagaákvæðum um skoðun og eftirlit skipa, ryði og tæringum og vörnum gegn því.
   b. Í mótorfræði: Þekking á mótorum í skipum og á landi, einkum dieselmótorum, á smíði þeirra og efni, viðhaldi, eftirliti, hirðingu og stjórn, gangtruflunum og lagfæringu þeirra, aflmælislínum og þeim niðurstöðum, sem af þeim má draga, stillingu mótora, hestöflum mótora og notagildi, hitafræðilegum grundvallaratriðum, þjöppun og útþenslu, skolun og forhleðslu, blöndun hleðslunnar og brennslu, eldsneyti og eldsneytiseyðslu, hjálparvélum mótora og skips (ljósvél, kælivél,

stýrisvél, vindum, dælum, loftþjöppun o. s. frv.), smurningu mótora og smurningsháttum, hömlum mótora og öðrum mótorraunum og þekking á lagaákvæðum um skoðun og eftirlit mótorskipa.

c. Í burðarþolsfræði: Þekking á grundvallaratriðum um styrkleika efnis þess, sem notað er í vélar og katla, og byrjunarreglum um útreikning á styrkleika hinna helztu hluta í vélum og kötlum.

8. Í vélateikningu: Að geta gert vinnuteikningar af ákveðnum vélahluta.
9. Í hjúkrunarfræði: Þekking á grundvallaratriðum og reglum um hjúkrun sjúkra, fyrstu hjálp, sem hægt er að veita þegar slys ber að höndum, hreinlæti og á að notfæra sér hina lögskipuðu lækningabók og meðalakistu.
10. Í bókhaldi og viðskiptafræði: Þau atriði, er vélstjóra skiptir og staða þeirra heimtar.

9. gr.

Til 1. bekkjarprófs í rafmagnsdeild þarf:

1. Í íslenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni skýrt og nokkurnveginn rétt.
2. Í dönsku: Að geta lesið og þýtt léttan kafla úr danskri bók rafmagnsfræðilegs efnis.
3. Í stærðfræði: Þekking á hinum fjórum algengu reikningsaðferðum með heilum tölum, brotum og tugabrotum, bæði með tölum og bókstöfum, á þríliðu og líkingum af 1. gráðu með einni óþekktri stærð, ennfremur á almennri flatarmálsfræði og rúmmálsfræði og á grundvallaratriðum þríhyrningafræðinnar.
4. Í eðlisfræði: Þekking á almennri aflfræði, hljóðfræði, ljósfræði, hitafræði, rafmagni og segulmagni.
5. Í vélfræði: Þekking á frumatriðum vélfræðinnar, ýmsum algengum aflvélum, sem notaðar eru til þess að knýja rafala, smíði þeirra og efni.
6. Í vélateikningu: Að geta teiknað vinnuteikningu af einföldum vélahluta.

10. gr.

Til burtfararprófs úr rafmagnsdeild þarf:

Í rafmagnsfræði: Þekking á grundvallaratriðum rafmagnsfræðinnar, um rakstraum og riðstraum, rakstraums- og riðstraumsvélar, spennubreytum, vinnuháttum og gerð rafmagnsvéla og spennubreyta, uppsetningu, hirðu og viðhaldi rafmagnsvéla og raftækja. Ennfremur kunnátta í allskonar raflögnum, þekking á að finna algengar bilanir rafmagnstækja og rafmagnslagna og þekking á orsökum þeirra, kunna að átta sig á tengimyndum, kunna að deyfa útvarpstruflanir rafmagnstækja og véla. Þeir skulu og þekkja lög og reglugerðir um allt, er að þessu lýtur, ennfremur skulu þeir vita um lífshættu þá, er stafað getur af rafmagni, og kunna ag gera einfaldar endurlífgunartilraunir.

Auk þess útheimtist í öðrum greinum það, sem nauðsynlegt er til fulls skilnings á rafmagnsfræðinni.

11. gr.

Prófin eru bæði skrifleg og munnleg og burtfararpróf í rafmagnsfræðideild einnig verklegt. Þau skulu haldin af prófnefnd, sem kennslumálaráðu-

neytið skipar í hvert skipti. Skulu í henni vera forstöðumaður skólans og tveir aðrir. Skal annar þeirra hafa æðri vélfræðilega þekkingu og skal hann vera formaður prófnefndar, hinn skal vera vélstjóri, sem siglt hefir sem yfirvélstjóri á verzlunarskipum eða varðskipum ríkisins.

Auk þess skipar ráðuneytið tvo menn, prófnefndinni til aðstoðar, annan til þess að dæma um kunnáttu prófsveina í tungumálum, en hinn til þess að dæma um kunnáttu þeirra í rafmagnsfræði. Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf.

12. gr.

Sá, sem óskar að ganga undir próf, skal senda umsókn um það til forstöðumanns skólans, stílaða til kennslumálaráðuneytisins. Sé hann eigi lærisveinn skólans, skal umsóknin vera komin til forstöðumanns skólans eigi síðar en tveim mánuðum fyrir próf, og skulu fylgja beiðninni vottorð um, að hann uppfylli kröfur þær, sem settar eru í 5. gr. um inntöku í þá deild, sem um er að ræða, og auk þess vottorð um þann undirbúning, sem hann hefir fengið. Hafi hann gengið undir próf áður í sömu greinum, skal þess getið í umsókninni.

II. KAFLI

Um mótornámskeið.

13. gr.

Fiskifélag Íslands skal halda námskeið í mótorfræði, til þess að búa menn undir mótorvélstjórapróf. Þau skulu haldin í tveim flokkum, hið minna og hið meira námskeið.

Hið minna námskeið skal haldið í Reykjavík og úti um land, á þeim stöðum, sem nægur vélakostur og önnur skilyrði eru fyrir hendi og atvinnumálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands.

Hið meira námskeið skal aðeins haldið í Reykjavík.

14. gr.

1. Inntökuskilyrði á hið minna námskeið skulu vera þessi:
   a. Að nemandinn sé 18 ára að aldri.
   b. Að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem orðið geti honum til tálmunar við starf hans.
   c. Að hann hafi óskert mannorð.
   d. Að hann kunni sund.
2. Inntökuskilyrði á hið meira námskeið skulu vera þessi:
   a. Að nemandinn hafi staðizt hið minna námskeiðspróf Fiskifélagsins, eða inntökupróf í íslenzku og reikningi, sem jafngildir kröfum þeim, sem gerðar eru til hins minna námskeiðsprófs í þessum greinum.
   b. Að hann hafi eftir 16 ára aldur unnið í 2 ár á vélaverkstæði, sem réttindi hefir til að kenna þá iðn, eða siglt sem 1. vélstjóri á mótorskipi með meira en 50 hestafla vél í 24 mánuði, áður en lög þessi öðlast gildi.

c. Að hann sé ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans.
d. Að hann hafi óskert mannorð.
e. Að hann kunni sund.

15. gr.

Próf skulu haldin að afloknum námskeiðstíma. Til hins minna námskeiðsprófs þarf:

1. Í íslenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega og nokkurnveginn rétt.
2. Í reikningi: Þekking á hinum fjórum algengu reikningstegundum með heilum tölum, brotum og tugabrotum.
3. Í eðlisfræði: Þekking á lögum um loftkennd efni, þrýstimælum, hitamælum, dælum, dreifingu hitans og áhrifum hans á fasta og fljótandi hluti, bræðslu, eldsneyti og olíum.
4. Í mótorfræði: Þekking á mótorvélum, sem notaðar eru í skipum og á landi, útbúnaði þeirra og efni, hirðingu og stjórn, þekking á sundurliðun mótorvéla, hreinsun þeirra, samsetningu og stillingu, þekking á gangtruflunum mótora og kunna að lagfæra þær, þekking á algengustu bilunum, sem orsakast af sliti og notkun, og endurbótum þeirra, þekking á hinum algengustu eldsneytistegundum, sem notaðar eru í mótora, hömluhestöflum, eldsneytiseyðslu og raftækjum lítilla mótorskipa, ryði og tæringum og vörnum gegn því.

Til hins meira námskeiðsprófs þarf:

1. Í íslenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega og nokkurnveginn rétt. Lesið sæmilega og kunna skil á helztu atriðum málfræðinnar.
2. Í stærðfræði: Þekking á hinum fjórum reikningsaðferðum, með heilum tölum, brotum og tugabrotum, þekking á einfaldri þríliðu og grundvallaratriðum flatarmálsfræðinnar, ennfremur í rúmmálsfræði, að geta reiknað út ferstrending og sívalning.
3. Í eðlisfræði: Þekking á lögum um loftkennd efni, þrýstingi og þrýstimælum, eðlisþyngd, seltumælum, dælum, hita, hitamælum, útþenslu hluta við hita, bræðslu, uppgufun og suðu. Þekking á einföldum vélum, svo sem vogarstöng, skrúfu, fleyg, drapreipi o. s. frv., ennfremur á rafmagni og segulmagni.
4. Í mótorfræði: Fyllri þekking á því, sem til hins minna námskeiðsprófs er heimtað, og auk þess: Þekking á aflmælislínum og einföldum niðurstöðum, sem af þeim má draga, blöndun hleðslunnar og brennslu eldsneytisins. Þekking á helztu hlutum skips og skiptingu þess í vatnsþétt hólf, hjálparvélum, svo sem stýrisbúnaði, ljósvélum, vindum, slökkvitækjum o. s. frv., og lagaákvæðum um skoðun og eftirlit mótorskipa. Ennfremur að geta framkvæmt minniháttar viðgerðir á mótorum og hjálpartækjum þeirra. Þekking á meðferð eimkatla með tilliti til hjálparkatla í mótorskipum.

16. gr.

Prófin eru bæði munnleg, skrifleg og verkleg. Þau skulu haldin af prófnefnd, sem kennslumálaráðuneytið skipar til þess í hvert skipti. Skulu í henni vera forstöðumaður námskeiðsins og tveir aðrir; skal annar þeirra hafa meiri vélfræðilega þekkingu en námskeiðin veita, en hinn vera vélsmiður, sem æfingu hefir í mótorviðgerðum.

17. gr.

Óski einhver, sem ekki er nemandi námskeiðsins, að ganga undir próf, skal hann senda umsókn um það til kennslumálaráðuneytisins, eigi síðar en mánuði áður en próf byrjar. Umsókninni skal fylgja vottorð um, að hann fullnægi inntökuskilyrðum á námskeiðið, og auk þess vottorð frá þeim kennara eða kennurum, sem hafa kennt honum, um að hann sé fær um að ganga undir prófið.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

18. gr.

Kennslumálaráðuneytið setur reglugerð um það, hvernig kennslunni og prófunum skuli hagað, svo og um verklegan lærdóm nemenda og annað, er að kennslu og undirbúningi lýtur.

19. gr.

Hver sá, sem staðizt hefir próf, fær skirteini um það. Skírtinið skal gefið út á íslenzku og ensku og ritað eftir fyrirmynd, sem kennslumálaráðuneytið semur. Á skírteininu skal geta þeirra kennslugreina, sem prófsveinninn hefir verið reyndur í, og tilgreina (með tölum) þær einkunnir, sem hann hefir hlotið. Einnig skal tilgreina þá lægstu einkunn, sem þarf til þess að standast prófið, og þá hæstu, sem hægt er að öðlast. Allir prófnefndarmenn skulu undirrita skírteinin.

Skýrslur um prófið, ásamt fullum nöfnum prófsveina, fæðingarstað, degi og ári, svo og einkunnum þeim, sem þeir hafa hlotið, skal rita í bækur, sem til þess eru ætlaðar. Bækur þessar skulu geymdar á þeim stöðum, sem kennslumálaráðuneytið ákveður.

Allir prófnefndarmenn staðfesta skýrslurnar með undirskrift sinni.

20. gr.

Glati einhver prófskírteini sínu, á hann rétt á að fá það endurnýjað, en greiða skal hann fyrir það kr. 2,00 í ómakslaun.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1936, og frá sama tíma eru úr gildi numin lög nr. 37 3. nóv. 1915, um stofnun vélstjóraskóla í Reykjavík, lög nr. 13 18. maí

1920, um kennslu í mótorfræði, og lög nr. 23 19. maí 1930, um rafmagnsdeild við vélstjóraskólann í Reykjavík, svo og önnur lög og lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af milliþinganefnd í siglingamálum, og flytur sjávarútvegsnefnd það að ósk atvinnumálaráðherra, en nefndarmenn eru óbundnir um breytingartillögur, er fram kunna að koma. Frá milliþinganefndinni fylgdu frv. svo hljóðandi

Athugasemdir:

Vélfræði er ein þeirra fræðigreina, sem einna mestum breytingum hefir tekið á síðustu árum, vegna hinna hröðu framfara á sviði véltækninnar og vaxandi notkunar ýmissa véla og tækja í skipum og á landi. Lög og reglugerðir, sem lúta að menntun og æfingu þeirra manna, er vélunum eiga að stjórna og viðhalda, verður því að endurskoða og samræma við kröfur tímans, og samkvæmt þessu er frumvarp þetta komið fram. Í frumvarpinu eru nokkrar breytingar gerðar frá núgildandi lögum, og standa þær í sambandi við þær kröfur, sem gerðar eru og gera ber til vélstjórnarmanna nú á tímum, einkum með tilliti til þess, hve notkun mótora fer vaxandi í skipastól heimsins, og búast má við, að hér á landi sem annarsstaðar aukist notkun þeirra véltegunda í stórum skipum. Yfirleitt eru kröfurnar um þekkingu vélstjóra auknar, og er það í samræmi við það, sem aðrar þjóðir gera nú á tímum.

Um fyrirkomulag kennslunnar er að mestu farið eftir núgildandi lögum, en þær breytingar, sem þar á eru gerðar, eru einkum fólgnar í undirbúningsmenntun nemenda vélskólans. Er þar gert ráð fyrir inntökuprófi eða prófvottorði í undirbúningsgreinum frá öðrum skóla.

Þá er og gert ráð fyrir, að Fiskifélag Íslands haldi tvennskonar námskeið fyrir mótorvélstjóra á litlum skipum, og er það í samræmi við lög frá síðasta Alþingi um próf fyrir vélstjóra á mótorskipum með vélar frá 150—400 hestöfl, og í samræmi við frumvarp það til laga um atvinnu við siglingar, sem nú liggur fyrir Alþingi. Hið meira námskeið er ætlað að verði aðeins haldið í Reykjavík, því þau skilyrði, sem þarf til þess að það komi að notum, er aðeins hægt að uppfylla þar, bæði hvað snertir vélakost og annan útbúnað, og er Fiskifélagið eina stofnunin, sem hefir komið sér upp þeim skilyrðum, sem til þess þarf að geta kennt verklega mótorfræði.

Í frumvarpi til laga um atvinnu við siglingar, sem nú liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir, að vélstjórarnir á þeim mótorskipum, sem hafa meira en 400 hestafla vélar, hafi staðizt hið meira vélstjórapróf vélskólans í Reykjavík og próf í rafmagnsfræði við rafmagnsdeild skólans. Er þetta í samræmi við það, sem tíðkast hjá öðrum þjóðum og nauðsynlegt þykir til undirbúnings undir starfið. Með þetta fyrir augum er hinu meira vélstjóraprófi nokkuð breytt frá því, sem nú er, þannig að meiri áherzla er lögð á kennslu í mótorfræði en hingað til hefir verið gert, enda er mótorfræðin svo yfirgripsmikil fræðigrein,

að óhjákvæmilegt er, að hún sé sett jafnhátt eimvélafræðinni, þegar um kennslu vélstjóraefna er að ræða. Ætlazt er þó til, að hún sé eingöngu kennd bóklega í vélskólanum, en verklega þekkingu er ætlazt til, að nemendur öðlist á verkstæðistíma þeim, sem ákveðinn er sem inntökuskilyrði í deildina, og af þeim ástæðum er hann lengdur um eitt ár. Nefndin ætlast og til, að verkstæði þau, sem undirbúa vélfræðinema, verði að uppfylla ákveðin skilyrði, sem sett verði með reglugerð, því járnsmíðaverkstæði eru svo mismunandi og verksvið margra þeirra svo fjarskyld vélsmíði, að vélfræðinemum er gagnslítið að stunda þar nám.

Eins og áður er sagt, er nokkrum námsgreinum bætt við til hins meira vélstjóraprófs, og er það gert vegna þess, að kröfur þær, sem gera verður til menntunar vélstjóra á stórum skipum, aukast stórum, eftir því sem vélakerfi skipanna verður margbrotnara, siglingaleiðir fleiri og viðskipti margháttaðri.

Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi skýringa við hverja einstaka grein.

Um 1. gr.

Grein þessi er hliðstæð 1. gr. laga nr. 37 3. nóvember 1915, um stofnun vélstjóraskóla í Reykjavík, að öðru leyti en því, að skólanum er hér skipt í deildir, og er það í samræmi við þær breytingar, sem orðið hafa á honum síðan lögin frá 1915 voru samin.

Um 2. og 3. gr.

Greinar þessar þurfa ekki skýringa.

Um 4. gr.

Hér er tekið upp ákvæðið um inntökupróf í skólann, og þykir rétt, að svo sé, vegna þess að ekki er ástæða til þess, að nemendur komi óundirbúnir, þar sem skólatíminn er svo takmarkaður sem hægt er, en í annan stað auknar kröfur til prófsins. Það þykir og rétt að leggja þá menntun, sem iðnskólinn í Reykjavík veitir, til grundvallar fyrir undirbúningsfræðslu í vélskólanum.

Um 5. gr.

Grein þessi fjallar um inntökuskilyrðin í skólann; eru þau nokkuð þyngd frá því, sem nú er, en einkum er það ákvæðið um inntökuprófið.

Þá er bætt einu ári við smíðatímann hjá þeim, sem ganga inn í hina meiri vélstjóradeild, eins og áður er sagt.

Sund er nú orðið talið svo nauðsynleg íþrótt, að enginn sjómaður má vera án þess að kunna hana, en tími vinnst varla til að kenna sund í skólanum, og er það því sett sem inntökuskilyrði, að þeir, sem í skólann koma, kunni sund.

Um 6. gr.

Grein þessi þarf ekki skýringa.

Um 7. gr.

Grein þessi fjallar um kröfurnar til hins minna vélstjóraprófs. Er þar litlu bætt við það, sem nú er, en námsatriðin nánar tilgreind en áður hefir verið gert, einkum í stærðfræði.

Um 8. gr.

Grein þessi fjallar um þær kröfur, sem gerðar eru til hins meira vélstjóraprófs, og er hliðstæð 3. gr. laganna frá 1915. Þýzku er bætt við, vegna þess að siglingar til Þýzkalands eru nú mjög tíðkaðar og viðskipti við það land hafa mikið aukizt á seinni árum; viðgerðir véla og skipa eru og talsvert framkvæmdar þar, svo óhjákvæmilegt þykir, að vélstjórar kunni nokkuð í því máli. Í stærðfræðinni er bætt við nokkurri kennslu í þríhyrningafræði, og er það gert af þeim ástæðum, að óhjákvæmilegt er fyrir þá, sem fara í 2. bekk rafmagnsfræðideildarinnar, að kunna nokkuð í henni. Þá er vélfræðin meira sundurliðuð en gert er í eldri lögum, og kennsla í mótorfræði aukin að miklum mun. Er það gert með tilliti til þess, hve mótorskipum fjölgar óðum í heiminum, og allt bendir til, að hér sem annarsstaðar verði farið að nota mótorvélar sem aflvélar í stór skip að meira eða minna leyti á næstu árum, og því sjálfsagt að búa vélstjórastéttina undir að taka á móti þeim breytingum. Það, sem tiltekið er í frumvarpinu um kennslu í burðarþolsfræði, er að mestu leyti hið sama og nú er kennt í þessari grein, en rétt þykir að hafa það sem sérstakan lið í vélfræðikennslunni.

Hjúkrunarfræðin er ný kennslugrein við skólann, og er hún sett hér vegna þess, að það þykir nauðsynlegt, að yfirmenn skipa kunni að veita nauðsynlega hjálp, ef slys ber að höndum eða veikindi koma upp í skipshöfn, og kunni að fara með hjúkrunargögn þau og meðul, sem til eru í skipinu. Ennfremur, að þeir hafi þekkingu á meðferð sjúklinga, sem sýkjast af smitandi veiki, til þess að koma í veg fyrir útbreiðslu hennar meðal skipshafnar. Þá er og sett ákvæði um, að vélstjóraefnum sé kennt nokkuð í bókhaldi og viðskiptafræði, og er það nýmæli, en nauðsynlegt þykir, að vélstjórar, einkum á stærri skipum, hafi þá þekkingu í þessum greinum, að þeir kunni að gera mánaðarreikninga og beri skyn á gang þess hluta viðskiptalífsins, sem að starfi þeirra lýtur.

Um 9. og 10. gr.

Greinar þessar fjalla um kröfur þær, sem gerðar eru til 1. bekkjarprófs í rafmagnsfræðideild og burtfararprófs úr þeirri deild. Greinarnar eru samhljóða því, sem nú er krafizt, og því ekki ástæða til að ræða þær nánar.

Um 11. gr.

Grein þessi er hliðstæð 3. gr. laganna frá 1915 og ekki breytt að öðru en því, að prófnefnd er skipuð nokkuð öðruvísi en áður hefir verið, og er það að nokkru gert vegna rafmagnsdeildarinnar. Þá er og það ákvæði sett, að annar hinna skipuðu prófnefndarmanna skuli vera vélstjóri, sem praktiska æfingu hefir á stórum skipum. Er það í samræmi við það, sem tíðkast meðal nágrannaþjóða vorra, en þær hafa sett þessi skilyrði vegna hinnar praktisku hliðar prófsins.

Um 12. gr.

Greinin fjallar um það, að undir próf þau, sem við skólann eru haldin, geti menn gengið þó þeir séu ekki lærisveinar skólans. Er einnig heimild fyrir þessu í eldri lögum, og þykir rétt að halda henni hér með þeim skilyrðum, sem greinin setur. Að öðru leyti þarf greinin ekki skýringa við.

Um 13. gr.

Eins og áður er sagt, ætlast nefndin til þess, að Fiskifélag Íslands hafi á hendi kennslu í mótorfræði fyrir vélstjóra á hinum smærri skipum. Er gert ráð fyrir, að námskeiðaprófin verði tvö. Hið minna próf samsvarar því prófi, sem nú er, og þykir rétt, að námskeið séu haldin til undirbúnings því, á þeim stöðum á landinu, þar sem staðhættir eru fyrir hendi. Undir það próf ganga venjulega um 70 menn árlega frá öllum veiðistöðvum landsins, svo ókleift er að hafa hin minni námskeið aðeins í Reykjavík, og allflestir, sem þessi námskeið sækja, eru fátækir fiskimenn, sem litlu hafa úr að spila. Í annan stað ná réttindi þau, sem prófið veitir, ekki nema til véla, sem eru 150 hestöfl eða minni, svo varla er hægt að ætlast til annars en að mönnum sé gert sem hægast fyrir að öðlast það, með því þó að taka fullt tillit til öryggis skips og skipshafnar.

Hið meira námskeið er aftur á móti ætlazt til, að eingöngu verði haldið í Reykjavík, eins og fyrr er sagt. Er það gert vegna þess, að ætlazt er til, að verkleg kennsla verði þar svo mikil, að til hennar þurfi meiri vélakost en yfirleitt er hægt að fá í veiðistöðvunum úti um land, enda standi það yfir 4—6 mánuði. Koma þar og einkum til greina dieselvélar, en þeirra er lítill kostur til kennslu nema hér í Reykjavík. Námskeið þessi verða og að sjálfsögðu ekki jafnfjölsótt og hin minni, svo að af þeim ástæðum þykir ekki heldur ástæða til að halda þau utan Reykjavíkur.

Um 14. gr.

Inntökuskilyrði á hið minna námskeið eru hin sömu og nú er ákveðið, nema að sundkunnáttu er bætt við, og þykir það nauðsynlegt hér, sem fyrir aðra sjómenn.

Inntökuskilyrði á hið meira námskeið eru sniðin með það fyrir augum, að það verði að nokkru leyti framhaldsnám af hinu minna. Þykir þó ekki rétt að binda það eingöngu við það, að nemendur hafi áður tekið hið minna próf, en inntökupróf í undirbúningsgreinunum látið nægja í staðinn. Þá er og ætlazt til, að þeir, sem ekki hafa siglt sem vélstjórar á mótorbátum, hafi til jafngildis því unnið á vélaverkstæði í 2 ár, og þykir það næg verkleg æfing, þar sem kennslan verður að nokkru leyti verkleg.

Um 15. gr.

Kröfurnar, sem gerðar eru til hins minna námskeiðsprófs, eru að mestu samhljóða þeim, sem nú eru gerðar til námskeiðsprófs Fiskifélagsins, aðeins aukið lítilsháttar við mótorfræðina. Til hins meira námskeiðsprófs eru gerðar kröfur til líkrar kunnáttu í mótorfræði og ætlazt er til með breytingu síðasta Alþingis á mótorgæzlulögunum, en aukanámsgreinunum bætt við. Verður að telja það nauðsynlegt, sumpart vegna þess, að fullur skilningur á mótorfræði fæst ekki nema með nokkurri þekkingu á stærðfræði og eðlisfræði, og sumpart vegna þess, að ekki þykir annað hlýða en að menn þessir hafi sæmilega þekkingu á móðurmáli sínu og almennum fræðum, svo sem stærðfræði og eðlisfræði. Að mestu leyti er próf þetta sniðið eftir þeim kröfum, sem nágrannaþjóðir vorar gera til slíkra manna, og með tilliti til staðhátta hér á landi, og vilja síð-

asta Alþingis um próf í mótorfræði, er veiti rétt til vélstjórnar á mótorskipum með allt að 400 hestafla vélum.

Um 16. gr.

Rétt þykir, að prófnefndin sé skipuð þannig, að annar prófdómarinn sé valinn með tilliti til hins bóklega prófs, en hinn með tilliti til hins verklega prófs. Ætlazt er til, að með reglugerð verði ákveðið, hvort prófnefndarmenn skuli valdir á staðnum, þar sem hin minni próf eru haldin, eða sendir frá Reykjavík í hvert skipti. Mun hið fyrrnefnda verða hagkvæmara, en fer að sjálfsögðu eftir því, hvort hægt er að fá hæfa menn á þeim stað, sem námskeiðið er haldið.

Um 17. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir, að menn geti fengið að ganga undir próf, þó þeir séu ekki nemendur á námskeiði, og þykir rétt að veita mönnum tækifæri til þess, ef þeir uppfylla að öðru leyti þau skilyrði, sem sett eru.

Um 18.—21. gr.

Greinar þessar þurfa ekki skýringa.

Ed. 463. Frumvarp til laga

um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu).

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hvervetna skal svartbakur (veiðibjalla) réttdræpur. Er heimilt að eyða honum í annars manns landi með skotum eða hverri annari veiðiaðferð, sem ekki brýtur í bág við önnur lög. Þó má aldrei eitra fyrir svartbak í löndum annars manns, nema samþykkt samkvæmt 2. gr. heimili, enda séu þar settar nauðsynlegar varúðarreglur til varnar gegn tjóni eða slysum af eitruninni.

2. gr.

Heimilt er sýslunefndum eða bæjarstjórnum að gera samþykktir, er atvinnumálaráðherra staðfestir, um eyðingu svartbaks, og skal þeim skylt að gera það, ef 10 eða fleiri æðarvarpseigendur eða leigufakar æðarvarpslanda, búsettir innan sýslunnar eða í kaupstaðnum, krefjast þess, og skal samþykkt gerð innan árs frá því er krafa hefir fram komið, og sendir þá sýslumaður samþykktina atvinnumálaráðherra til staðfestingar og löggildingar.

3. gr.

Nú er samþykkt send ráðherra til staðfestingar, en í hana þykir vanta nauðsynleg ákvæði, svo sem varúðarreglur gegn tjóni af eitrun, eða hún þyk-

ir fara í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, og synjar þá ráðherra staðfestingar og endursendir frumvarpið og greinir ástæður fyrir synjuninni.

Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún þá upp frá því fyrir alla, sem heima eiga eða land hafa til afnota á samþykktarsvæðinu.

4. gr.

Nú er ákveðið í samþykkt, að eyða skuli svartbak með skotum, og greiðir þá ríkissjóður, sýslusjóður og sveitarsjóður kostnaðinn, að þriðjungi hver. Þó er ríkissjóði eigi skylt að greiða meira en 10 aura fyrir hvern skotinn svartbak.

Sýslumaður ræður svartbaksskyttur, ef þurfa þykir, eftir tillögum hreppsnefndar.

5. gr.

Ef eitur er notað til eyðingar svartbaks, kaupir sýslu- eða bæjarsjóður eiturlyfin, og skulu þau valin með ráði landlæknis, en lyfjaverzlun ríkisins er skylt að selja þau við kostnaðarverði. Sýslumaður skipar menn til þess að hafa eitrunina á hendi, eftir því sem þurfa þykir, eftir ábendingu hlutaðeigandi hreppsnefndar, og hafa þeir einir heimild til þess að eitra í löndum annara manna. Kaup eitrunarmanna greiðir sýslusjóður og sveitarsjóður, að hálfu hvor.

Skylt er oddvitum að auglýsa, með nægum fyrirvara, hvar og hvenær eitrun á fram að fara.

6. gr.

Hver sá, er hindrar skipaðar svartbaksskyttur að verki, eða reynir að varna því, að skipaðir eitrunarmenn framkvæmi eitrun fyrir svartbak, eða ónýtir eitrun, er slíkir menn framkvæma, en hefir ekki áður fengið samþykki eitrunarmanns til þess, sæti sektum frá 50—500 krónum.

7. gr.

Skyldur er hver jarðarábúandi að eyða öllum svartbakseggjum í landi ábýlisjarðar sinnar, ef þess er kostur. Vanræki jarðarábúandi þessa skyldu sína af ásetningi eða skeytingarleysi, sæti hann sektum frá 20—200 krónum.

8. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum falla að hálfu til uppljóstrarmanns og hálfar til hlutaðeigandi sveitarsjóðs.

Mál þau, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 6 frá 19. febr. 1892, um eyðing svartbakseggja.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **464. Frumvarp til laga**

um breytingar á lögum nr. 75 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Flm.: Bjarni Bjarnason, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til þess að öðlast réttindi til að hafa á hendi kennslu við barnaskóla, hvort sem er ríkisskóli eða einkaskóli — þar á meðal smábarnaskóli — er krafizt:

a. að umsækjandi hafi óflekkað mannorð.
b. að hann hafi lokið kennaraprófi við kennaraskóla Íslands, sbr. þó lög nr. 24 23. júní 1932, eða stúdentsprófi ásamt að minnsta kosti eins árs námi við kennaraskóla Íslands í uppeldis- og kennslufræði og kennaraprófi í þeim greinum, og auk þess samskonar námi og prófi í öðrum þeim námsgreinum, sem krafizt kann að verða til kennaraprófs og ekki eru teknar til stúdentsprófs. Meðan kennaraskóli Íslands útskrifar ekki kennara í öllum þeim námsgreinum, sem kenndar eru við barnaskóla, hafa þeir rétt til að verða kennarar í þessum námsgreinum, sem aflað hafa sér nægjanlegrar menntunar til þess, að dómi fræðslumálastjóra, enda hafi þeir stundað að minnsta kosti eins ár nám við kennaraskóla Íslands í uppeldis- og kennslufræði og lokið þar kennaraprófi í þeim greinum.
c. að umsækjandi sýni læknisvottorð um gott heilsufar
d. að hann hafi að minnsta kosti einn um tvítugt.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Nú sækir enginn, sem fullnægir skilyrðum 1. gr. staflið b., um auglýsta kennarastöðu áður en umsóknarfrestur er útrunninn, og skal skólanefnd þá gera ráðstöfun til að útvega kennara, sem fullnægir þessum skilyrðum, en ef það tekst ekki, þá svo hæfan kennara sem kostur er á, til að hafa kennsluna á hendi næsta skólaár, eða þangað til löglega skipaður kennari getur tekið við henni.

Skylt er skólanefndum og skólastjórum einkaskóla að tilkynna fræðslumálastjóra árlega, á þeim tíma, er hann ákveður, hverjir eigi að starfa við skóla þeirra sem kennarar næsta skólaár, sem ekki eru settir eða skipaðir af fræðslumálastjórninni.

3. gr.

Aftan við 15. grein laganna bætist: Ákvæði 1. greinar staflið b. ná ekki til þeirra kennara, er skipaðir hafa verið af kennslumálastjórninni, er lög þessi öðlast gildi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er í samræmi við ályktanir síðasta fulltrúaþings Sambands ísl. barnakennara og flutt í samráði við stjórn S. Í. B. Frumvarpið sker úr og ákveður nánar um ýms atriði viðvíkjandi skipun barnakennara. Nánar í framsögu.

Nd. 465. Breytingartillögur

við frv. til laga um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Flm.: Bjarni Bjarnason.

Við 1. gr.

a. Í stað orðanna „næsta vetur eftir að vinnan hefir farið fram“, síðast í 1. málsgr., komi: samfleytt á næstu 4 árum.
b. Orðin „i annari sýslu“ í 2. málsgr. falli burt

Nd. 466. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á tilskipun fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót, frá 12. febrúar 1872.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um frumvarpið. Leggur meiri hlutinn til, að frumvarpið verði fellt, en minni hlutinn mun gefa út sérstakt álit.

Á þinginu í fyrra voru samþykkt lög um breytingar á tilskipuninni frá 1872. Efni þeirra laga var það, að leyfa síldveiðar með herpinót endurgjaldslaust í netalögum, ef nótin væri ekki fest við land né legufæri. Síðan lög þessi voru sett hefir ekkert það fram komið, er hnekki þeim rökum, er fyrir lagasetningunni voru færð. Sér meiri hlutinn því enga ástæðu til að breyta þessu strax aftur.

Alþingi, 5. nóv. 1935.

Finnur Jónsson, form.	Sigurður Kristjánsson, frsm.	Páll Þorbjörnsson.

Nd. 467. Frumvarp til laga

um heimild fyrir hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps til álagningar vörugjalds.

Flm.: Sigfús Jónsson og Jón Sigurðsson.

1. gr.

Að fengnu samþykki meiri hluta atkvæðisbærra manna í Sauðárkrókshreppi á almennum, lögmætum hreppsfundi, og meiri hluta sýslunefndar Skagafjarðarsýslu, er hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps heimilt að leggja sérstakt gjald á allar aðfluttar vörur til Sauðárkróks, sem vörutollur er greiddur af til ríkissjóðs.

2. gr.

Gjald þetta má nema allt að 50% af vörutollinum eins og hann er eða verður á hverjum tíma, og skal sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu skylt að innheimta gjaldið ásamt vörutollinum og standa hreppsnefndinni skil á því í lok hvers ársfjórðungs.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1936.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram komið eftir ósk hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps um auknar tekjur til þess að standa straum af sívaxandi útgjöldum hreppsins. Útsvörin eru orðin svo há, að ekki virðist á bætandi, enda er svo komið, að allverulegur hluti þeirra innheimtist ekki, vegna þess, að margir gjaldendur geta alls ekki greitt þau.

Telja má og víst, að eftir hið geigvæna atvinnuleysi meðal verkafólks á Sauðárkróki á næstliðnu sumri muni þurfamönnum fjölga mjög mikið, og er þegar komið í ljós, að svo verði. Ennfremur má ganga að því vísu, að með samþykkt framfærslulaga þeirra, sem nú liggja fyrir Alþingi, muni þurfamannaframfærslan aukast allmikið.

Frumvarp þetta miðar í þá átt, að gera tilraun til að bæta að nokkru úr aðkallandi þörf sveitarfélagsins til aukinna tekna. Leiðin til tekjuauka, sem okkur flutningsmönnum frumvarpsins virtist einna líklegust til bráðabirgða, þangað til löggjöf yrði sett um þetta nauðsynjamál sveitarfélaganna almennt, var sú, að heimila hreppsnefndinni að leggja á vörugjald hliðstætt vörutolli, og að gjaldið yrði innheimt ásamt honum af sýslumanni.

En þar sem segja má, að hér sé um neyzluskatt að ræða, er nái ekki aðeins til Sauðárkróksbúa einna, heldur og allra þeirra, sem vörur kaupa á Sauðárkróki, þá er sá varnagli sleginn, að þeim, sem gjaldið eiga að greiða, er gefinn kostur á að ákveða sjálfir, hvort þeir vilja taka það á sig eða ekki. Þetta felst í ákvæðinu í upphafi 1. gr., þar sem gjaldálagningin er því aðeins heimiluð, að fyrir liggi samþykki eigi aðeins meiri hluta atkvæðisbærra hreppsbúa, heldur og samþykki meiri hluta sýslunefndar. Hér er því ekki um valdboð að ræða frá löggjafans hálfu, heldur frjálst val hlutaðeigandi gjaldþegna.

Nd.

468. Nefndarálit

um frv. til l. um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
   a. 1. tölul. falli burt og liðatalan breytist samkv. því.
   b. 4. tölul., sem verður 3. tölul., orðist svo:
   Afnotarétt þess landsvæðis, sem takmarkast þannig: Að austan af veginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, að norðan af Arnarneslæk og Arnarnesvogi, að vestan af beinni línu úr suðvesturhorni Arnarnesvogar yfir vesturhorn Engidals, að mörkum bæjarlands Hafnarfjarðar, og að sunnan af Hafnarfjarðarlandi. Undanskilið skal þó land nýbýlisins Lyngholts og land það milli Arnarnes- og Hraunsholtslækja, sem þegar er útskipt til bænda í Garðahreppi.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Þegar eignarnám hefir farið fram eftir 1.—3. tölulið 1. gr., skal ríkissjóður selja eða leigja Hafnarfjarðarkaupstað þessi lönd jafnóðum, enda greiði kaupstaðurinn skaðabætur til Garðahrepps fyrir þá tekjurýrnun, sem hreppurinn kann að verða fyrir vegna eignarnámsins. Ennfremur greiði kaupstaðurinn til einstakra manna skaðabætur fyrir rétt þeirra til landsins og mannvirkja á því, ef ríkissjóður selur kaupstaðnum landið, en ella greiði ríkissjóður þessar skaðabætur, ef landið verður leigt kaupstaðnum. Afnotarétt jarðanna, sem í 4. tölul. 1. gr. getur, skal afhenda Hafnarfjarðarkaupstað, þannig að hann fái þörf kaupstaðarins fyrir hita, ræktun og sumarbeit fullnægt, en Gullbringusýslu skal afhent lítt ræktanlegt beitiland jarðanna sem afréttarland fyrir sauðfé, hvorttveggja eftir því, sem staðhættir og landrými leyfa. Gera skal skýr landamerki milli aðila um leið og þeim er afhent landið.
   Skaðabætur samkv. upphafi þessarar greinar, svo og bætur fyrir eignarnám jarðanna Krísuvíkur og Stóra-Nýjabæjar skulu metnar af gerðardómi þriggja manna. Búnaðarmálastjóri skal vera einn þeirra, annar skipaður af hæstarétti og hinn þriðji skipaður af atvinnumálaráðherra.
3. Við 3. gr. Á eftir orðinu „eignast“ komi: eða fá á leigu.
4. Við 4. gr. Í stað „1—4“ komi: 1—3.

Alþingi, 5. nóv. 1935.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Emil Jónsson, frsm.	Páll Zóphóníasson, fundaskr.
Jón Pálmason, með fyrirv.	Guðbr. Ísberg.	

Ed. 469. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um uppeldisstofnun fyrir vangæf börn og unglinga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um, að þegar sé fullkomin nauðsyn á, að löggjöf sé sett um þetta efni og stofnun hælis fyrir vangæf börn, þegar geta ríkissjóðs leyfir, og leggur því til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 5. nóv. 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm. Ingvar Pálmason, fundaskr. Þorsteinn Briem.
Magnús Guðmundsson. Páll Hermannsson.

Ed. 470. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um drykkjumannahæli.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað tillöguna og leggur til, að hún verði samþykkt.

Alþingi, 5. nóv. 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm. Ingvar Pálmason, fundaskr. Þorsteinn Briem.
Magnús Guðmundsson. Páll Hermannsson.

Ed. 471. Breytingartillaga

við breytingartill. á þskj. 424 [Bæjargjöld á Ísafirði].

Flm.: Jón Auðunn Jónsson.

Við 1. b. Í stað „0,4—0,8%“ kemur: 0,4—1%.

Nd. 472. Breytingartillögur

við frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar.

Flm.: Emil Jónsson.

Við frvgr. bætist:

Randrup, Emil Vilhelm, lifrarbræðslumaður í Hafnarfirði, fæddur í Kaupmannahöfn.

Ed. 473. Frumvarp til laga

um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 428 með þessum breytingum:

23. gr. hljóðar svo:

Ef bú umbjóðanda hefir verið tekið til gjaldþrotaskipta, öðlast þriðji maður ekki frekari rétt á hendur þrotabúinu, með löggerningi við umboðsmanninn, en hann hefði öðlazt, ef hann hefði gert gerninginn við þrotamanninn sjálfan. Hafi gerningurinn verið gerður samkvæmt umboði, sem ræðir um í 18. gr., getur þriðji maður eigi borið hann fyrir sig, hafi umboðsmanninum verið kunnugt um gjaldþrotin eða mátt vera um þau kunnugt, er hann gerði gerninginn.

28. gr. hljóðar svo:

Hafi maður með ólögmætum hætti verið neyddur til að gera löggerning, og nauðungin er fólgin í líkamlegu ofbeldi eða hótunum um að beita því þegar í stað, þá er sá löggerningur eigi skuldbindandi fyrir þann mann, sem neyddur var.

Nú hefir þriðji maður beitt nauðunginni, en sá maður, sem löggerningnum var beint til, var grandlaus, og verður þá sá, sem neyddur var, ef hann vill bera nauðungina fyrir sig, að skýra honum frá því, án ástæðulausrar tafar, eftir að nauðunginni létti af. Að öðrum kosti er hann skuldbundinn samkvæmt löggerningnum.

Nd. 474. Breytingartillaga

við frv. til l. um erfðaábúð og óðalsrétt.

Flm.: Emil Jónsson.

27. gr. falli niður og greinatala frv. breytist samkv. því.

Ed. 475. Breytingartillögur

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenzkum afurðum.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Orðið „atvinnumálaráðherra“ í 1. málsgr. fellur niður.
   b. Upphaf 2. málsgr. orðast svo: Heimild þessa má nota um aðeins eina.
2. Við 2. gr. Greinin orðast svo:
   Veiting útflutningsleyfa og aðrar framkvæmdir laga þessara eru í höndum nefndar, sem skipuð er hinum þrem stjórnskipuðu meðlimum inn-

flutnings- og gjaldeyrisnefndar, og auk þeirra einum manni tilnefndum af Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda og einum af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga.

Nd. 476. Frumvarp til laga

um útgerð ríkis og bæja.

Flm.: Emil Jónsson og Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin efnir til félagsmyndunar til útgerðar fyrir ríkið og kaupstaði á þann hátt, sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram 200000 kr. árið 1936 og síðan árlega sömu upphæð í 4 ár, gegn 100000 króna árlegu framlagi frá kaupstöðum, og skal fé þetta vera stofnsjóður félags þess, er rekur togaraútgerð fyrir ríkið og hlutaðeigandi kaupstaði.

3. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka á sig ábyrgð að lánsfé til félagsins, og má upphæðin, sem ábyrgðin nær til, aukast um 700000 kr. árlega þau 5 ár, sem framlag er greitt. Skilyrði fyrir ábyrgðinni er, að kaupstaðir þeir, sem fé leggja fram til fyrirtækisins, ábyrgist lántökur ásamt ríkisstjórninni að jöfnum hlutföllum við framlög sín.

4. gr.

Skuldbindingar og ábyrgð ríkis og bæja, sem að fyrirtækinu standa, viðvíkjandi rekstri þess, takmarkast við framlag þeirra á hverjum tíma samkv. lögum þessum og af ábyrgð þeirri, sem rætt er um í 3. gr.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn. Ríkisstjórnin skipar 3 stjórnendur til 5 ára. Eigi einn kaupstaður svo mikla hlutdeild í félaginu, að nemi $^2/_5$ eða meiru af framlagi allra kaupstaða, sem þátt taka í félaginu, skal þeim kaupstað heimilt að tilnefna einn mann í stjórnina, og tilnefna þá aðrir kaupstaðir í sameiningu einn mann. Við þá kosningu hefir hver kaupstaður atkvæði í hlutfalli við framlagsupphæð sína. Hafi enginn kaupstaður lagt fram upphæð, sem nemur $^2/_5$ hlutum framlags kaupstaðanna, tilnefna þeir allir í sameiningu tvo menn, og hefir við þá kosningu hver kaupstaður atkvæði í hlutfalli við framlagsupphæð sína. Hafi tveir kaupstaðir lagt fram fé, er nemi $^2/_5$ hlutum framlags kaupstaðanna hvor, tilnefna þeir hvor sinn mann í stjórnina.

Stjórn félagsins hefir með höndum yfirumsjón alla með starfrækslu félagsins á þann hátt, er tíðkast í hlutafélögum. Skal hún gefa ríkisstjórn og hlutaðeigandi bæjarstjórnum árlega ýtarlega skýrslu um hag og viðgang félagsins og um framtíðaráætlanir því til eflingar.

Stjórnin velur sér framkvæmdarstjóra og setur honum erindisbréf. Laun framkvæmdarstjóra greiðast úr félagssjóði.

6. gr.

Félagið heldur úti togurum á fiskveiðum, og má það eigi kaupa togara, er eldri séu en tveggja ára. Heimilisfang félagsins skal vera þar, sem bezt þykir um aðstöðu til útgerðar, en skylt skal að veita mönnum frá hverjum kaupstað, er þátt tekur í fyrirtækinu, skiprúm fyrir háseta að jöfnum hlutföllum við framlög hlutaðeigandi kaupstaða til fyrirtækisins. Skylt skal félaginu að setja þar afla á land til verkunar, sem kaupstaðir þeir, er þátt taka í fyrirtækinu, æskja, að jöfnum hlutföllum við framlög hlutaðeigandi kaupstaða í félaginu.

7. gr.

Arður af framlögum í stofnsjóð félagsins greiðist ekki 5 fyrstu árin, sem félagið starfar, og eigi fyrr en félagið hefir eignazt 10 togara skuldlaust, en eftir þann tíma má greiða arð af stofnfé eftir þeim reglum, er félagsstjórnin sjálf setur í lögum sínum, sem staðfest eru af atvinnumálaráðherra.

8. gr.

Framlög ríkissjóðs og kaupstaða í stofnsjóð félagsins eru eigi afturkræf.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af skipulagsnefnd atvinnumála, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Þegar þess er gætt, að útgerð landsmanna er einn mikilsverðasti steinninn í grunni atvinnulífs þjóðarinnar, þá verður ekki vægara komizt að orði en segja, að mjög óefnilega horfi, hversu komið er útgerðarflota landsins. Meðalaldur íslenzkra togara er nú 15 ár. Og þótt svo langt væri gengið að segja, að nota mætti togara í 25 ár, þá yrði að afla 3,7 togara á ári í 10 ár, til þess eins að halda flotanum við, þótt um enga aukningu væri að ræða. Nú er það svo, að togarar, sem náð hafa þeim aldri, sem er meðalaldur skipa vorra, verða með ári hverju dýrari í rekstri. Vátryggingargjöld vaxa og þau verða á allan hátt ótryggari grundvöllur fyrir atvinnurekstrinum.

Komið gæti það til mála að láta önnur tæki til sjósóknar koma í stað togara að einhverju leyti, og með því að ekki hefir bætzt neitt við togaraflotann undanfarin ár, en hann þvert á móti dregizt saman, er það nokkur bót, að bætzt hefir við af öðrum skipum. Smálestafjöldi togaranna var 12735 árið 1928, en 12430 árið 1934, en hinsvegar hefir smálestatala allra fiskiskipa samanlagt á sama tíma vaxið úr 22271 í 23468 smálestir. En slíkur vermir er þó skammgóður, því allur fiskiveiðafloti landsmanna í heild er yfirleitt orðinn svo gamall, að ef ekki verður á næsta áratug gagngerð breyting á honum, þá má landið

heita skiplaust áður en varir. Þannig eru línuveiðagufuskipin svo gömul, að afla yrði 5—6 skipa á ári um alllangt árabil til þess, að fyrir endurnýjun yrði séð. Og endurnýjun vélbátaflotans þyrfti að verða með þeim hætti, að henni yrði lokið á 10 árum, og þyrfti þá að byggja 700 smálestir á ári í bátum stærri en 12 smál. og 200 smál. fyrir minni báta.

Af þessu yfirliti sést, að ef flotinn á ekki að minnka, þyrfti að afla nýrra tækja, sem svaraði til 1200 smál. í togurum, 600 smál. í línuveiðagufuskipum og 900 smál. í vélbátum árlega. Árleg gjöld fyrir þessar sakir mundu sennilega nema um 3250000 krónum. Er þá miðað við 1200 kr. verð á smálest að meðaltali.

Þegar þess er gætt, hve hér er bráð þörf skjótra aðgerða, má segja, að mjög gætilega sé af stað farið um kaup á nýjum togurum í frv. því, sem hér er lagt fyrir þingið. Fyrir þá sök fer því fjarri, að til þess sé ætlazt, að á þetta frv. sé litið sem endanlegar tillögur um endurnýjun togaraflotans. Aðrar aðgerðir verða hér að fylgja á eftir.

Sú er einkum nýlunda í frv. þessu, að gert er ráð fyrir, að hið opinbera — bæir og ríki — efni til sameiginlegrar útgerðar. Íslenzkir bæir hafa áður efnt til útgerðar, og ríkið hefir haldið úti skipum til flutninga, en hér er í fyrsta sinni efnt til þeirra hátta að hafa samvinnu um slík efni af hálfu þessara aðilja. En í sjálfu sér er þetta mjög eðlilegt fyrirkomulag, a. m. k. er svo háttar, eins og nú gerir, að einstakir útgerðarmenn eða félög eru þess lítt umkomin að endurnýja flotann eða auka. Um örðugleika þessara aðilja í þessu efni eru ekki deildar skoðanir, enda er meira um það rætt að afla fjár til skuldaskila en hitt, á hvern hátt þeir muni afla nýrra skipa. Fyrir þessar sakir er það bersýnilegt, að ef ríkið eða bæirnir eða hvorirtveggja láta ekki málið til sín taka, þá muni litlar aðgerðir verða.

Ástæðulaust er að ræða um, hverjum mál þetta sé skyldara, ríkinu eða bæjunum, því að skórinn kreppir nokkurnveginn jafnt að hvorumtveggja, ef útgerðin leggst niður eða hrakar mikið. Verði frv. þetta að lögum, þá ættu áhrif þess fyrst og fremst að koma fram sem atvinnuaukning, því ekki er þess að vænta, að neinir togarar, sem nú ganga til fiskjar, verði lagðir niður fyrir elli sakir á næstu árum. En atvinnuaukning, sem nokkurs verulegs gætti, ætti að geta orðið til þess, að eitthvað mætti spara af útgjöldum til atvinnubóta, enda ríður á því, að nú sé sem minnstu fé varið til óarðbærra fyrirtækja. Eru fyrirhugaðar tillögur um það efni frá nefnd þeirri, sem þetta frv. hefir samið, og ber því nánast að líta á þetta frv. sem byrjun þeirra tillagna, sem væntanlega ættu að verða til þess að afnema atvinnubótagreiðslur í þeirri mynd, sem þær nú eru. Sú mótbára er sennileg gegn frv. þessu, að ekki sé vit í að bæta við togaraflota vorn á þeim tíma, er allt sé á huldu með, hvernig takist með sölu á þeirri framleiðslu, er fyrir sé. En ættum vér að bíða eftir því, að fullkomið öryggi væri um afurðasöluna, þá mætti svo fara, að útgerð Íslendinga yrði fyrr horfin úr sögunni en það öryggi fengist.

Það er bersýnilegt, að þær þjóðir muni sitja að markaðinum yfirleitt, sem á öflugastan hátt gera sér far um að afla sér þar sætisins. Og það er augljóst, að vegurinn til að halda stöðu vorri meðal útgerðarþjóða er ekki sá, að láta flotanum hraka svo, að hann verði svo að segja allur ósjófær um sama leyti. Hinn

verður frekar að treysta, að úr markaðinum rætist að sama skapi og eigi óörara en þessar endurbætur gerast.

Svo sem kunnugt er, þá er England fremsta útgerðarland Norðurálfunnar. Þessi atvinnugrein hefir átt þar í vök að verjast eins og annarsstaðar. Opinber rannsókn á henni hefir leitt í ljós, að skipin eru mjög að ganga úr sér. Var þá brugðið við og gerðar ráðstafanir til þess að endurnýja flotann, og hefir mikill fjöldi nýrra togara verið smíðaður upp á síðkastið. Þessar ráðstafanir þóttu óhjákvæmilegar, enda þótt verð á afurðunum væri svo lágt, að lítt væri mögulegt að láta reikninga jafnast. En hafi þess verið þörf í Englandi, þá er hún enn brýnni hérlendis. Nú er svo komið, að vér eigum engan togara, sem teljast megi fullkomið nýtízkuskip. Útgerðin dregst því í öllu aftur úr, og mun verða þess örðugra um samkeppnina, sem lengur dregst úr þessu að bæta.

Eins og frv. ber með sér, er með því stofnað til félagsmyndunar, sem er að flestu leyti óvenjuleg hér á landi. Félagar eru ríkið og þeir kaupstaðir, sem fyrirtækinu vilja sinna. Þeir eru um það sjálfráðir, en það eitt áskilið, að ef framlög þeirra samanlögð nema ekki ⅓ hluta af stofnfé og ⅓ hluta af ábyrgðarfé, þá leggi ríkissjóður eigi fram fé. Verður á engan hátt litið svo á, að þetta sé tilfinnanlegur baggi á kaupstöðunum, miðað við þá fjárveltu, er þeir hafa samanlagða. Annað höfuðeinkenni fyrirtækisins er, að þótt það sé opinber eign, þá er það rekið með takmarkaðri ábyrgð. Eins og nú háttar um opinber fyrirtæki, bæði ríkis og bæja, er yfirleitt talið sjálfsagt, að allar eignir eða tekjur eigandans standi að baki fyrirtækinu. Slíkt fyrirkomulag er að ýmsu leyti óhentugt. Eðlilegast er að færa opinber fyrirtæki við verzlun eða atvinnurekstur í það horf, að þau standi sem mest á eigin fótum, og að viðskiptamönnum þeirra sé fyrirfram kunnugt um, að við þau verði að skipta eins og önnur fyrirtæki, sem hafa yfir ákveðnu og takmörkuðu fjármagni að ráða.

Ed. 477. Nefndarálit

um frv. til laga um gelding húsdýra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. er komið frá neðri deild. Hefir nefndin athugað málið og er sammála um að mæla með því óbreyttu.

Alþingi, 5. nóv. 1935.

Bernh. Stefánsson, form.	Jón Baldvinsson, fundaskr., frsm.	Pétur Magnússon.

Ed. 478. Frumvarp til laga

um bæjargjöld á Ísafirði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Fé það, sem þarf til að standa straum af útgjöldum Ísafjarðarkaupstaðar, skal, að því leyti, sem aðrar tekjur hrökkva ekki til, fengið með því að leggja gjald á allar fasteignir í lögsagnarumdæminu, hús, bryggjur, uppfyllingar, lóðir, byggðar og óbyggðar o. s. frv., að undanskildum fasteignum ríkissjóðs og bæjarsjóðs, kirkjum, sjúkrahúsum, skólahúsum, bókasafnshúsum og öðrum menningar- og líknarstofnunum.

2. gr.

Fasteignagjaldið skal vera:

a. Af húsum og bryggjum 0.4%—1%.
b. Af lóðum og öðrum fasteignum 0.1%—1%.

Gjaldið skal miða við fasteignamat, og skal það vera mismunandi, eftir því til hvers eignirnar eru notaðar, og af húsum ennfremur mismunandi eftir verðmæti þeirra, miðað við fasteignamatsverð og íbúafjölda, allt eftir nánari fyrirmælum í reglugerð.

3. gr.

Gjalddagi á gjöldum samkv. 1. og 2. gr. er 1. febrúar ár hvert, og hvíla gjöldin sem lögveð á fasteign þeirri, sem þau eru lögð á, og skulu ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum kröfum á eigninni.

Brenni hús eða skattskylt mannvirki eyðileggist, hafa þessi gjöld forgangsrétt í bruna- eða skaðabótum.

4. gr.

Séu gjöld þessi ekki greidd áður en tveir mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal gjaldandi — þinglesinn eigandi eignarinnar — greiða bæjarsjóði dráttarvexti, er nemi einum af hundraði fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, er líður frá gjalddaga, unz gjaldið er að fullu greitt.

5. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar setur með reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir, nánari fyrirmæli um gjöld þessi, eftir því sem þurfa þykir.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar, og er þá jafnframt úr gildi numin 18. gr. laga um bæjarstjórn á Ísafrði.

Bráðabirgðaákvæði.

Fasteignagjald samkv. lögum þessum greiðist hið fyrsta sinn árið 1936, og er gjalddagi þess ákveðinn hinn 1. júlí það ár.

Ed. 479. Breytingartillaga

við frv. til l. um bæjargjöld á Ísafirði.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 2. gr. Orðin „og skal það“ til enda greinarinnar falla niður.

Ed. 480. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 1930, um gagnfræðaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt. Frú Guðrún Lárusdóttir hefir vegna veikinda ekki tekið þátt í afgreiðslu málsins í nefnd og hefir því að sjálfsögðu óbundið atkvæði.

Alþingi, 6. nóv. 1935.

Jónas Jónsson, form., frsm.	Bernh. Stefánsson. fundaskrifari.

Ed. 481. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Flutningsmenn: Bernh. Stefánsson og Einar Árnason.

1. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist:

Heimilt skal þó stjórn Kreppulánasjóðs, með samþykki landbúnaðarráðherra, að verja allt að 250000 kr. af reiðufé sjóðsins og allt að 500000 kr. í skuldabréfum Kreppulánasjóðs, sem afgangs verða, þegar lánveitingum er lokið úr sjóðnum, til greiðslu hluta af þeim kröfum, sem lánsstofnanir eða einstakir menn eignast á ábyrgðarmenn lántakenda úr Kreppulánasjóði, vegna þess að kröfurnar fást ekki greiddar að fullu úr sjóðnum, gegn því, að að minnsta kosti jafnhá upphæð af ábyrgðarkröfunum sé látin niður falla.

Framlag þetta skal greitt að ⅓ hluta í peningum og að ⅔ hlutum í skuldabréfum Kreppulánasjóðs.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22 9. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og ná ákvæði þeirra jafnt til þeirra krafna, sem til eru orðnar fyrir gildistöku laganna, og þeirra, er síðar kunna að verða til.

Greinargerð.

Enn er ekki að fullu lokið lánveitingum úr Kreppulánasjóði, og verður því ekki sagt með fullri vissu, hvað háar upphæðir falla alls á ábyrgðarmenn lántakenda í sjóðnum. Þó er þegar víst, að sú upphæð verður nokkuð yfir 2 milljónir króna. Margir þessara ábyrgðarmanna munu ekki vera aflögufærir og hætta á, að þeir komist í greiðsluþrot, ef að þeim er gengið. Ákvæði kreppulánasjóðslaganna um það, að skuldaskilasamningur haggi ekki ábyrgðum, þykja mörgum hörð og ósanngjörn í garð ábyrgðarmanna, þar sem þeir hafa yfirleitt ekki verið kvaddir til samninganna, og því sé, einnig af þeirri ástæðu, rétt að létta byrðar þeirra. Fjöldi lántakenda í Kreppulánasjóði telur það siðferðisskyldu sína að láta ábyrgðarmennina ekki tapa á sér, og reyna því til lengstra laga að standa sjálfir straum af þeim upphæðum, sem á ábyrgðarmenn þeirra hafa fallið í orði kveðnu, en við það verða „eftirgjafir" þær, sem ákveðnar eru í skuldaskilasamningunum, þýðingarlausar og koma ekki að notum.

Síðasta Alþingi (1934) viðurkenndi, að þörf væri á, að ríkið veitti hjálp í þessu efni og heimilaði því að verja 250 þús. kr. af reiðufé Kreppulánasjóðs til að greiða hluta af ábyrgðarkröfunum, gegn eftirgjöfum frá kröfuhöfum. Lög þessi (nr. 22 9. jan. 1935) eru að vísu ekki komin til verulegra framkvæmda ennþá, en þó er bersýnilegt, að í þeim felst alveg ófullnægjandi hjálp. Framlag Kreppulánasjóðs verður samkvæmt þeim lítið yfir 10% af ábyrgðarkröfunum, og er engin von til þess, að lánstofnanir og aðrir kröfuhafar gefi svo mikið eftir, að afgangurinn verði ekki samt sem áður of þung byrði fyrir ábyrgðarmennina (eða lántakendur sjálfa).

Í þessu frv. er því lagt til að þrefalda þetta framlag, og verði aukningin greidd í skuldabréfum Kreppulánasjóðs. Ennfremur að það skilyrði verði sett fyrir framlagi, að kröfuhafi gefi að minnsta kosti jafnháa upphæð eftir og framlaginu nemur. Mundi þá láta nærri, að ábyrgðarkröfurnar, þær sem til greina koma, gætu skipzt í 3 nokkurnveginn jafna hluta: einn greiddist með framlaginu, annan gæfi lánstofnun eða kröfuhafi eftir, og þann þriðja greiddu svo ábyrgðarmenn. Mundi þessi tilhögun án efa þykja sanngjörn og flestum verða kleift að standast greiðslur samkv. henni.

Það mundi að sjálfsögðu koma á ríkissjóð á sínum tíma að innleysa þá ½ millj. kr., sem frv. gerir ráð fyrir, að lögð verði fram í kreppubréfum, en þar sem útgjöld af því dreifðust niður á 40 ár, virðist það ekki mjög tilfinnanleg byrði fyrir ríkissjóð.

Nd. 482. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á tilskipun fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót, frá 12. febrúar 1872.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Minni hlutinn gat ekki fylgzt með meiri hl. við afgreiðslu þessa máls. Telur hann, að lagasetning sú, er fram fór á síðasta þingi, er breytti ákvæðum tilskipunarinnar frá 1872 að undirlagi fiskiþingsins, hafi ekki sætt réttilegri gagnrýni hjá Alþingi, og má vera, að orsökin sé sú, að þetta mál var sent Alþingi frá fiskiþinginu.

Með þeirri breytingu, sem þá var gerð, var horfið frá þeirri grundvallarreglu að skoða netlög skilyrðislaust tilheyrandi landi manns, heldur því aðeins skyldi landeigandi hafa kröfurétt til veiðihluta, að nót sé lagt við landfestar eða botnfestar í netlögum hans.

Í frv. því, er hér liggur fyrir, er leitazt við að færa þetta í hið fyrra horf, og þó ekki fyllilega eins og það er í ákvæðum tilskipunarinnar frá 12. febr. 1872. Minni hl. álítur, að með lagasetningunni frá síðasta þingi sé gengið of nærri réttindum landeigenda og að veiði í netlögum annars manns skuli jafnan gjaldskyld að nokkru, hvort sem nætur eru festar við land, við akkeri, eða lausar með öllu.

Sé veiði leyfð í netlögum annars manns án þess landeigandi njóti neins af, telur minni hlutinn eignarrétt hans skertan.

Minni hl. vill vekja athygli á því, að í 2. gr. frv. er misprentun: ártalið 1934 fyrir 1935.

Samkvæmt ofanrituðu leggur minni hl. til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. Í stað „1934“ komi: 1935.

Alþingi, 6. nóv. 1935.

Gísli Guðmundsson, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 483. Breytingartillögur

við frv. til laga um erfðaábúð og óðalsrétt.

Frá Jóni Sigurðssyni.

1. Við 10. gr. e-lið. Aftan við liðinn bætist: og arðberandi fylgifé, sem jörðinni er lagt. Miða skal verð fylgifjár við skattmat þess, þegar gerningurinn er gerður.

2. Á eftir 18. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Sá maður, karl eða kona, sem hefir rétt til eignar og umráða yfir ættaróðali samkvæmt lögum þessum og hefir notfært sér þann rétt, telst eigandi óðalsins og fer með það að öllu leyti sem sína eign, innan þeirra takmarka, sem lög þessi ákveða. Á umráðamanni (eftirlifandi maka óðalserfingja eða lögráðamanni) hvíla sömu skyldur gagnvart óðalinu og á óðalsbónda meðan hann fer með það.
Nú er óðalsbóndi eða kona hans síðasti maður, er erfðarétt hefir til óðalsins, eða enginn af þeim, er rétt hafa til óðalsins, treystist að taka við því, er þau bregða búi eða að þeim látnum, og er þá óðalsbónda og konu hans heimilt að gefa óðalið, enda verði það ættaróðal þiggjanda.

Ed. 484. Breytingartillögur

við frumv. til l. um loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum.

Frá Jóni Auðunn Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Heimilt er atvinnumálaráðherra að skipa svo fyrir, að í hverju því íslenzku skipi, sem er í förum milli landa, svo og þeim skipum, sem flytja farþega og póst hafna milli á Íslandi, skuli vera talskeytastöð.
Undanþegin þessari skyldu skulu þó þau skip, sem hafa loftskeytastöð, sem starfrækt er.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Atvinnumálaráðherra getur, að fengnum tillögum landssímastjóra, með reglugerð sett ákvæði um afl stöðva, sem má vera mismunandi, eftir því hvort um er að ræða sigling skips milli landa eða innanlands, svo og annað það, er þurfa þykir til þess að starfræksla talskeytastöðvanna sé sem öruggust.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Heimilt er með reglugerð að ákveða sektir fyrir brot gegn fyrirmælum laga þessara og reglugerða, sem settar kunna að verða samkv. 2. gr.

Nd. 485. Breytingartillögur

við frv. til l. um erfðaábúð og óðalsrétt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Skylt er að selja ábúanda jarðarhús og innstæðukúgildi, ef hann óskar að kaupa.
2. Við 6. gr.
a. Síðari málsl. 2. málsgr. orðist svo: Það, sem eftir er og leitt hefir af

framkvæmdum ábúanda sjálfs, er viðtakandi skyldur að kaupa við matsverði, en hitt verður eign jarðareiganda.

b. Síðasta málsgr. greinarinnar fellur niður.

3. Við 9. gr. Á eftir orðunum „fasteignamatsverði landsins“ komi nýr málsl., svo hljóðandi: Skulu úttektarmenn viðkomandi hrepps hafa eftirlit með því, að láninu sé varið til þeirra umbóta, sem til er ætlazt, og taka þær út að verkinu loknu.
4. Við 10. gr. Á eftir orðunum „jörð sína“ í 1. málsl. greinarinnar komi: með húsum og mannvirkjum.
5. Við 24. gr. Fyrsta málsgr. orðist svo:

Réttur til ábúðar á jörðum þeim, sem um ræðir í 1. kafla laga þessara, þar með talin hús og mannvirki, sem ættin á á jörðinni, ennfremur ættaróðul, erfist sem hér segir.

Ed. 486. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 40 7. maí 1928, um breyt. á l. nr. 43 20. júní 1923 [Jarðræktarlög].

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar hefir lagt til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Í raun réttri er það nákvæmlega sama og að leggja til, að það verði fellt. Minni hl. getur eigi fallizt á þessa afgreiðslu málsins og skilar því sérstöku áliti.

Aðalbreytingarnar á gildandi löggjöf, sem í frv. felast, eru þessar:

Styrkur fyrir framræslu til tún- og matjurtaræktar, svo og styrkur fyrir safnþrær og matjurtagarða hækkar um 50 aura á dagsverk.

Styrkur til votheystófta hækkar um 1.50 kr. á dagsverk.

Styrkur til hlöðubygginga hækkar um 50 aura á dagsverk, og eru jafnframt rýmkuð skilyrði fyrir styrkveitingunni, þannig að bændur fái einnig styrk fyrir hlöður úr öðru efni en steinsteypu, ef þær eru gerðar eftir reglum, er Búnaðarfélag Íslands setur um tilhögun og frágang húsanna.

Þá gerir og frv. ráð fyrir hækkun á styrk til kaupa á jarðræktarvélum, þ. á m. vélum til kornræktar. Og loks er í frv. lagt til, að leiguliðar á þjóðjörðum og kirkjujörðum njóti tilsvarandi hækkunar á þeim jarðabótum, er ganga til greiðslu eftirgjaldsins.

Enda þótt minni hl. sé þeirrar skoðunar, að þessar styrkhækkanir séu eigi allar jafnaðkallandi, telur hann þær samt yfirleitt réttmætar og sumar enda nauðsynlegar. Á það eigi sízt við um styrk til votheystófta. Mun eigi ágreiningur um, að nauðsyn beri til að örva bændur til að koma þeim upp. Hitt er alkunna, að kaupgjald hefir hækkað til muna í sveitum hin síðari árin, án þess að tilsvarandi hækkun hafi orðið á afurðaverði. Hefir það eðlilega leitt til þess, að aðstaða bænda til að ráðast í ný fyrirtæki hefir stórlega versnað. Mundi sú styrkhækkun, sem hér er farið fram á, naumast vega upp þann aðstöðumun,

Það er að vísu rétt hjá meiri hl. nefndarinnar, að frv. þetta mundi hafa lítilsháttar útgjaldaauka í för með sér fyrir ríkissjóð. En sá útgjaldaauki er ekki annað en eðlileg afleiðing af því, sem þegar hefir verið gert — kauphækkun í sveitunum.

Minni hl. gæti til samkomulags fallizt á nokkrar breytingar á frv. og mun ræða þær við meiri hl., ef frv. fær að ganga til 3. umr. En að svo stöddu leggur hann eindregið til, að frv. nái óbreytt fram að ganga.

Alþingi, 6. nóv. 1935.

Pétur Magnússon.

Nd. 487. Breytingartillögur

við frumv. til l. um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað „7 vikur að vorlagi“ komi: 10 vikur að vor- og sumarlagi.
   b. Aftan við 2. málsgr. bætist: bændaskóla, stýrimannaskóla, vélskóla og garðyrkjuskóla.
2. Við 3. gr. Í stað „⅔“ komi: ⅘.

Ed. 488. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.

Frá Þorsteini Briem.

Við 1. gr.

a. Á eftir orðunum „samkvæmt 6. gr.“ í 1. mgr. komi: og er einn þeirra kjötmatsstjóri.

b. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgr., er orðist svo:

Kjötmatsstjóri skal hafa yfirumsjón með allri framkvæmd kjötmatsins. Ber honum að ferðast svo oft sem ráðherra ákveður til útlanda, til þess að kynna sér meðferð kjöts og kröfur neytenda. Matsstjóri heldur fundi með yfirkjötmatsmönnum svo oft sem þurfa þykir, og skal hann veita þeim allar nauðsynlegar leiðbeiningar, til þess að sem bezt samræmi verði í framkvæmd matsins, og er kjötmatsmönnum og yfirkjötmatsmönnum skylt að hlýða fyrirskipunum kjötmatsstjóra í öllu, er að starfi þeirra lýtur.

c. 1. málsl. 2. málsgr. orðist svo:

Ráðuneytið setur kjötmatsstjóra og yfirkjötmatsmönnum reglur um störf þeirra og verksvið.

d. 1. málsl. 3. málsgr. orðist svo:

Kjötmatsstjóri hefir að árslaunum 900 krónur, en yfirkjötmatsmenn 600 krónur.

Nd. 489. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 90 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er komið frá efri deild. N. hefir athugað það nákvæmlega og leggur til, að það verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Fyrri málsgr. 9. gr. laganna orðist þannig:

Í þrotabúi eða skuldafrágöngubúi lántakanda skulu lán úr Skuldaskilasjóði njóta forgangsréttar samkv. 84. gr. skiptalaganna, nr. 3 12. apríl 1878.

Alþingi, 7. nóv. 1935.

Finnur Jónsson, form., frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Jóhann Þ. Jósefsson.

Sigurður Kristjánsson. Páll Þorbjörnsson.

Nd. 490. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

1. gr. laga nr. 46 8. sept. 1931 orðist svo sem hér segir:

Allur verkaður og óverkaður saltfiskur, sem út er fluttur héðan af landi sem íslenzkur fiskur, skal metinn og flokkaður eftir gæðum af fiskimatsmönnum undir umsjón yfirfiskimatsmanns.

Undanskildar eru þó smásendingar, 100 kg. eða minni, sem sendar eru í tilraunaskyni eða að gjöf.

Saltfisk, sem veiðiskip flytja sjálf til útlanda, er eigi skylt að meta, enda hafi fiskurinn eigi verið lagður hér á land.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur veitt undanþágu frá mati þegar svo stendur á, að saltaðan fisk á að senda út í því skyni að afla nýs markaðs eða um er að ræða vöru, sem er frábrugðin venjulegum saltfiski, svo

að líklegt sé, að matsmenn skorti þekkingu til að meta gæði hennar. Slíka undanþágu skal þá veita eftir tillögu fiskimatsstjóra, og aðeins um stundarsakir, meðan útflutningurinn er á tilraunastigi, og með skilyrðum, sem hæfileg þykja í hvert sinn.

Áður en verkaður eða óverkaður saltfiskur gengur kaupum og sölum innanlands, skal meta hann og flokka eftir gæðum, ef hann er ætlaður til útflutnings. Matsmenn skera úr, hvenær óverkaður saltfiskur er matshæfur.

Yfirfiskimatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun, hleðslu og meðferð fiskjarins í útflutningsskipunum og gefa fyrirskipanir hér að lútandi, sem þeim er skylt að hlýða, sem hlut eiga að máli.

Hverri matsskyldri fisksendingu til útlanda skal fylgja vottorð yfirfiskimatsmanns, ritað aftan á farmskírteinið.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur skyldað eigendur fiskgeymslu- og fiskverkunarhúsa til þess að hreinsa húsin og fiskverkunaráhöld árlega úr gerlaeyðandi efnum. Ríkið leggur þá til hið gerlaeyðandi efni, en húseigendur kosta hreinsunina að öðru leyti. Yfirfiskimatsmenn leiðbeini við hreinsunina og hafi eftirlit með henni.

Fyllri fyrirmæli um mat og meðferð vörunnar, bæði við útflutning og í útflutningsskipunum, skulu sett í erindisbréf og reglugerð, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur út.

Ed. 491. Breytingartillaga

við frv. til laga um bæjargjöld á Ísafirði.

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

Við 4. gr. Upphaf gr. orðist svo:

Séu gjöld þessi ekki greidd áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal eigandi fasteignar greiða bæjarsjóði dráttarvexti o. s. frv.

Nd. 492. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 76 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Flutningsmenn: Ólafur Thors, Jakob Möller.

1. gr.

Á eftir 15. gr. laganna komi:

Ákvæði um stundarsakir:

Meðan félag fiskframleiðenda starfar samkvæmt 2. málsgr. 4. gr., skal fela stjórn þess öll störf fiskimálanefndar samkvæmt lögum þessum, önnur en

þau, er í 6. gr. greinir, en þau annast atvinnumálaráðherra, enda leggst þá fiskimálanefnd niður á meðan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gera þá breytingu á lögum um fiskimálanefnd o. fl., að á meðan Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda starfar á grundvelli þeirra laga, verði því falið það vald og þær skyldur, sem greind löggjöf ætlar fiskimálanefnd.

Þó hefir þótt rétt að fela atvinnumálaráðherra hlutverk fiskimálanefndar samkv. 6. gr. laganna, en sú gr. fjallar um skyldur fiskútflytjenda til að gefa upplýsingar um starfsemi sína.

Frumvarp þetta er að vísu flutt meðfram vegna þess, að tryggara þykir, að næg þekking á viðfangsefninu sé fyrir hendi hjá Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda heldur en hjá fiskimálanefnd, en á hitt er þó lögð áherzla, að með því er af útvegsmönnum létt mörgum þúsundatugum óþarfs tilkostnaðar, og er þess vænzt, að allir geti orðið á eitt sáttir um þá hlið málsins og því sameinazt um að tryggja frumvarpinu framgang.

Rétt þykir að láta þessa skýringu fylgja:

Á haustþinginu 1934 urðu allharðar deilur um skipun fiskimálanna. Vildu sjálfstæðismenn, að löggjafinn léti afskiptalaus hin frjálsu samtök útvegsmanna um samsölu á saltfiskinum, þar eð reynslan hafði þegar staðfest allar vonir um ágætan árangur þeirrar starfsemi.

Hinsvegar bentu sjálfstæðismenn á, að vaxandi gengi haftastefnunnar og þar af leiðandi þverrandi markaður fyrir saltfiskframleiðslu landsmanna hefði skapað nýja og vaxandi nauðsyn nýrra úrræða um meðferð og sölu sjávarafurða. Vildu þeir, að þjóðinni yrði skipuð örugg forusta í baráttunni við hina nýju örðugleika, og báru í því skyni fram frumvarpið um fiskiráð.

Stjórnarliðar tóku upp þá hugmynd og lögfestu hana í löggjöfinni um fiskimálanefnd o. fl., en íklæddu hana formi, sem frá öndverðu hlaut að vekja ótta um, að draga mundi úr þeim árangri, er ætlað var að ná með frumvarpinu um fiskiráð.

Hér skal nú sneitt hjá að ræða dóm reynslunnar um starfsemi fiskimálanefndar, og eigi skulu heldur gerðar almennar athugasemdir um löggjöfina, er um fiskimálin fjallar, en aðeins á það bent, að síðan á síðasta haustþingi hefir Haraldur Guðmundsson ráðherra tvívegis breytt þeirri löggjöf með bráðabirgðalögum, og bar hin síðari lagabreyting — sú, er nú liggur fyrir Alþingi til samþykkis, — þann ávöxt, að Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda heldur áfram fyrri starfsemi sinni.

Sú breyting hefir þó á orðið, að í stað þriggja framkvæmdastjóra og tveggja meðstjórnenda er nú forustan lögð í hendur hinum sömu þrem framkvæmdastjórum, auk sjö manna stjórnar, svo að yfirstjórn saltfisksölunnar er nú

skipuð tíu mönnum, og enda þótt allmikill vandi sé að halda vel á þeim málum, og vel megi viðurkenna, að meira máli skipti, að hyggilega sé hagað sölunni heldur en hitt, hvort kostnaðurinn verði nokkrum þúsundum eða jafnvel þúsundatugum meiri eða minni, þá er þó bæði þess að gæta, að sjálfsagt er að létta þeim gjöldum af útvegsmönnum, sem eigi verða talin nauðsynleg, sem og hins, að þeir tíu menn, er hafa yfirstjórn saltfisksölunnar, geti vafalaust bætt á sig hlutverki fiskimálanefndar, a. m. k. meðan það margfaldast ekki frá því, sem til þessa hefir verið.

Ekki er fyllilega kunnugt um kostnaðinn af starfsemi fiskimálanefndar, og því eigi með vissu hægt að fullyrða, hversu mikið sparast við sameininguna, en þó er vitað um þann tilkostnað, er nú skal greina, og allan má spara, ef frumvarp þetta nær fram að ganga:

Laun formanns	5400 kr.
— 6 nefndarmanna, kr. 3000 hver	18000 —
— skrifstofustjóra	7200 —
— skrifstofustúlku	2400 —
Húsaleiga	1860 —
Alls:	34860 kr.

Auk þessara nær 35 þús. króna, er allar myndu sparast, er rétt að geta þess, að þrjá aðra starfsmenn hefir fiskimálanefnd haft á launum og goldið þeim samtals 21600 kr. á ári, og má telja sennilegt, að þær greiðslur geti að talsverðu leyti fallið niður.

Margvíslegur annar kostnaður hefir fylgt störfum fiskimálanefndar, en þar eð það liggur utan við tilgang þessa frumvarps að gagnrýna störf nefndarinnar, verður eigi að því vikið, hvort eða að hve miklu leyti þau gjöld muni sparast við sameiningu þá, sem frumvarpið fer fram á.

Í þessu máli er tvennt, sem á að nægja til þess að tryggja framgang þess:

1. Útvegsmenn, og raunar allir aðrir, er eitthvað þekkja til, vita, að hinir 10 forráðamenn Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda hafa bæði þekkingu og aðstöðu til að taka við hlutverki fiskimálanefndar.
2. Útvegsmönnum þykir ærið nóg að standast kostnað við 10 manna yfirstjórn þessara mála, og vilja, að af sé létt þeim kostnaðarauka, sem leiðir af núverandi tvískiptingu og 17 manna yfirstjórn.

Nd. 493. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 73 29. des. 1934, um breyting á 1. gr. tollaga.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

1. gr. 7. b. í lögum nr. 73 29. desember 1934 hljóði svo:

Af vindlingum (sigarettum) kr. 20.80 af hverju kg.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1936, og gilda svo lengi sem ríkiseinkasala er á tóbaki.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkv. tilmælum tóbakseinkasölu ríkisins, og fylgir hér með bréf einkasölunnar, dags. 24. sept. 1935, er skýrir, hvernig á þessari breytingu stendur:

„Síðan tolllögin fyrir Ísland gengu í gildi, þ. 11. júlí 1911, hefir ætíð verið það ákvæði í tolllögunum, að vindlingar „skuli tollaðir að meðtöldum pappír, öskjum eða dósum, sem þeir eru seldir í".

Þetta ákvæði hefir að sjálfsögðu haft við nokkur rök að styðjast í byrjun, og jafnvel allan tímann, þangað til tóbakseinkasala var sett á stofn, vegna þess að nokkru hægra var að komast að því að sannreyna tollþungann með þessu móti en með rannsókn á því, hver raunverulegur nettóþungi vindlinganna væri.

Í þessu sambandi kom það einkum til greina, að vindlingarnir voru fluttir inn beint á ýmsa staði á landinu, þar sem ástæða er til að ætla, að tollgæzla geti eigi verið jafnnákvæm og hér í Reykjavík, en þangað flytjum vér nú alla vindlinga, sem til landsins eru fluttir.

Það veldur oss ýmsum óþægindum að geta eigi flutt vindlinga inn í hvaða umbúðum sem er. Sjómenn kvarta mjög yfir því að geta eigi fengið vindlinga í blikkdósum fyrir svipað verð og í pappa- eða pappírsumbúðum, og einnig hefir borið á því, að smásalar, sem hafa rakar eða að öðru leyti lélegar sölubúðir, hafa kvartað yfir því, að vindlingum í pappírs- eða pappaumbúðum hætti til að skemmast.

Vér getum eigi séð, að það geti verið nokkur hætta á því, að minnsta kosti ekki meðan Tóbakseinkasala ríkisins stendur, að breyta gildandi tolllögum þannig, að tollur sé greiddur einungis af nettóþunga vindlinga, alveg á sama hátt og tollur er greiddur af vindlum. Vér viljum taka það fram, að vér göngum hér út frá því, að árlegar tolltekjur ríkissjóðs af vindlingum verði samtals hinar sömu og þær eru samkvæmt tolllagabreytingunni, sem gerð var með lögum nr. 73 29. des. 1934.

Vér leggjum því til, að samþykkt verði á næsta Alþingi að breyta lögum nr. 73 29. des. 1934, 1. gr. 7. b., sem nú hljóðar þannig:

> „Af vindlingum (sigarettum) kr. 14.40 af hverju kg. Vindlingarnir skulu tollaðir að meðtöldum pappirnum, öskjum eða dósum, sem þeir eru seldir í"
>
> í „af vindlingum (sigarettum) kr. 20.80 af hverju kg.".

Við athugun á vindlingainnflutningi árið 1934 kemur það í ljós, að inn voru flutt 54946 kg. vindlinga, sem hefði með núgildandi tolli orðið kr. 989028.00 í toll samtals.

Við eins nákvæma athugun og oss er unnt að gera kom það í ljós, að nettóþungi þessara vindlinga mundi hafa orðið ca. 38900 kg., en með tolli þeim, sem vér leggjum til að settur verði á nettóþunga vindlinga (kr. 26.00 pr. kg.), mundi

hér hafa orðið um kr. 1011400 tolltekjur að ræða. Vér álítum því, að tolltekjur ríkissjóðs mundu sízt lækka við þessa breytingu.

Vér viljum því samkvæmt framansögðu leggja til, að tolllagabreyting þessi verði framkvæmd þegar á næsta Alþingi og öðlist gildi frá næstu áramótum.“

Nd. 494. Breytingartillaga

við frv. til l. um erfðaábúð og óðalsrétt.

Frá Þorbergi Þorleifssyni.

Við 2. gr. Í stað „3%“ komi: 2%.

Ed. 495. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 475 [Afurðasala].

Frá atvinnumálaráðherra.

Við 2. Í stað „Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda“ komi: fiskimálanefnd.

Ed. 496. Lög

um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 7. nóv.).

Samhljóða þskj. 324.

Nd. 497. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenzkum afurðum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa svo fyrir, að leyfi þurfi til þess að mega selja eða flytja til útlanda hverskonar lýsi, síldarmjöl, fiskmjöl, beinamjöl, fiskbein, hrogn, gærur og skinn, ull og harðfisk.

Heimild þessa má nota um aðeins eina eða nokkrar af framangreindum vörutegundum eða allar, eftir því sem ástæða þykir til.

2. gr.

Veiting útflutningsleyfa og aðrar framkvæmdir laga þessara eru í höndum nefndar, sem skipuð er hinum þrem stjórnskipuðu meðlimum innflutnings- og gjaldeyrisnefndar, og auk þeirra einum manni tilnefndum af fiskimálanefnd og einum af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum, er sett verða samkvæmt lögum þessum eða gegn reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögunum, varða sektum allt að 100000 krónum, og skal fara með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 498. Frumvarp til laga

um erfðaábúð og óðalsrétt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI

Um jarðir, sem eru í eign almennings.

1. gr.

Allar jarðir og hjáleigur, sem eru í eign ríkissjóðs, kirkna landsins eða sjóða, sem eru almannaeign (kristfjárjarðir, gjafasjóða, sem ekki má skerða, sýslusjóða eða hreppssjóða), skal næst þegar þær losna úr ábúð, eða þegar núverandi ábúandi óskar þess, byggja á erfðaleigu eftir lögum þessum.

Undanþegnar þessu ákvæði eru þó þær jarðir, sem þegar eru ákveðnar sem bústaðir embættismanna, eða til annarar opinberrar notkunar, svo og þær, er að dómi Búnaðarfélags Íslands, að fengnum tillögum viðkomandi sýslunefndar og aðliggjandi bæjarfélaga, teljast líklegar til opinberra nota eða skiptingar í náinni framtíð.

2. gr.

Afgjald af jörðum þeim, sem um ræðir í 1. grein, skal vera 3% af fasteignamatsverði landsins og jarðarhúsa. Með verði jarðarhúsa telst það álag, er kann að fylgja jörð þegar erfðaábúð hefst, og kúgildi með verðlagsskrárverði.

Jarðarafgjöld skal greiða sýslumönnum á manntalsþingum.

Skylt er að selja ábúanda jarðarhús og innstæðukúgildi, ef hann óskar að kaupa.

3. gr.

Þurfi sýslumaður til bráðabirgða að byggja jörð, sem er í erfðaábúð (sbr. 24. gr. 6. lið), skal afgjaldið aldrei vera hærra en nam síðasta jarðarafgjaldi, að

viðbættum vöxtum af verði þeirra húsa, sem á jörðinni eru fram yfir það, sem það opinbera á, er svari til þeirra lánsvaxta, er á byggingunum hvíla, ef nokkrir eru, en ella sparisjóðsvaxta.

4. gr.

Meðan sama ætt heldur jörðinni, skal afgjaldið ekki hækka. Þegar við jörð tekur ný ætt, skal fara fram á jörðinni nýtt mat, og skal sá, er við henni tekur, borga afgjald eftir hana miðað við það mat, en að öðru leyti eins og um getur í 2. gr.

5. gr.

Nú verður jörð fyrir varanlegum skemmdum, svo að jarðarnytjar rýrna að mun, og getur þá ábúandi krafizt endurmats. Ekki fær þó ábúandi lækkun á afgjaldi nema matið leiði í ljós, að jörðin hafi rýrnað að verðmæti um minnst 20%.

Um kostnað af matinu fer eftir ákvæðum ábúðarlaganna.

6. gr.

Þegar ábúendaskipti milli ætta verða á jörðum, sem byggðar eru eftir lög um þessum, skal fara fram úttekt af lögskipuðum úttektarmönnum. Úttektarmenn meta öll hús. Skal matið miðað við kostnaðarverð húsanna á þeim tíma, er matið fór fram, að frádreginni eðlilegri fyrningu. Þeir skulu meta sér þau hús, er þeir telja, að ekki séu nauðsynleg fyrir venjulegan búrekstur á jörðinni, ef nokkur eru.

Frá mati nauðsynlegra húsa ber að draga þá upphæð, sem jarðareigandi á í húsum. Það, sem eftir er og leitt hefir af framkvæmdum ábúanda sjálfs, er viðtakandi skyldur að kaupa við matsverði, en hitt verður eign jarðareiganda.

Um hús þau, sem ekki teljast nauðsynleg vegna búrekstrar á jörðinni, fer eftir samkomulagi, en náist ekki samkomulag, fer um þau hús eftir ákvæðum ábúðarlaganna.

7. gr.

Heimilt er ábúendum á þeim jörðum, sem um ræðir í lögum þessum, að skipta þeim milli barna sinna. Þó skal það tryggt, að hvert býli hafi þá stærð, er nægi til framfærslu meðalfjölskyldu, að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki það skiptinguna. Skal þá skipta túni og engjum og að öðru leyti gera greinileg landamerki milli jarðarhlutanna, eftir því sem þurfa þykir, og skoðast þeir úr því sem sjálfstæðar jarðir. Ekki má leiga hækka á jörð, þó henni sé skipt eftir þessari grein, meðan sama ætt heldur ábúðinni á jörðum þeim, sem til verða við skiptin, en hætti ættin að nota einhverja jörðina, sem til hefir orðið við skiptin, fer um hana sem fyrir er mælt í 4. og 6. gr.

8. gr.

Þyki sýslunefnd eða hreppsnefnd ástæða til að skipta jörð, sem byggð er eftir lögum þessum, til þess að ný býli geti myndazt, skal hún senda Búnaðarfélagi Íslands álit sitt um það, og skal Búnaðarfélagið þá hlutast til um, að svo

verði gert, þyki því ástæða til. Skal þá fá mann með sérþekkingu á mati og skiptingu landa til að skipta jörðinni, ásamt tveim mönnum, er sýslumaður dómkveður til þess. Skulu þeir þá meta, hver verðhækkun hefir orðið á landinu síðan sú ætt tók við því, sem hefir það þá, og að því búnu framkvæma skiptin. Skal þá hvert býli metast sér til verðs eins og þau verða eftir skiptin. Sá, sem hefir ábúð á jörðinni, og samerfingjar hans skulu fá fullar bætur fyrir það, sem hið útskipta land hefir hækkað í verði fyrir atbeina ættar hans, og ábúandi sjálfur fyrir það, sem það hefir hækkað í verði fyrir atbeina hans. Samtímis lækkar jarðarleiga hans hlutfallslega við upprunalegt verðmæti jarðarhlutanna.

Aldrei má það land, sem hann hefir eftir, vera minna virði en land jarðarinnar var, þegar hans ætt tók við jörðinni, nema landeigandi og ábúandi samþykki.

Einnig skal ábúandi fá hæfilegar bætur, ef svo mikið er tekið af landi jarðarinnar, að það land, sem eftir er, samsvarar eigi þeim húsum, sem byggð hafa verið á jörðinni, enda hafi þau samsvarað heilbrigðum búrekstri á jörðinni allri.

Um byggingu þeirra jarða, sem til verða við skiptingu jarða eftir þessari grein, fer eftir fyrirmælum 2., 4., 6. og 24. gr., 10. lið.

9. gr.

Heimilt er ábúendum þeirra jarða, sem byggðar eru eftir lögum þessum, að taka lán með veði í jörðunum til varanlegra húsabóta eða annara umbóta. Þó má lán aldrei vera hærra en 50% af fasteignamatsverði landsins. Skulu úttektarmenn viðkomandi hrepps hafa eftirlit með því, að láninu sé varið til þeirra umbóta, sem til er ætlazt, og taka þær út að verkinu loknu. Ákvæði ábúðarlaganna um skyldu til húsabóta gilda eigi að því er snertir jarðir, sem byggðar eru samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI

Um ættaróðul.

10. gr.

Sérhverjum jarðareiganda er heimilt að gera jörð sína með húsum og mannvirkjum að ættaróðali, ef þessi skilyrði eru fyrir hendi:

a. Að jörðin sé svo stór, eða hafi það í sér, að afraksturinn af búi, er jörðin getur borið, með hlunnindum, er henni fylgja, geti framfært a. m. k. meðalfjölskyldu, að dómi Búnaðarfélags Íslands.
b. Að jörðin sé ekki, að áliti Búnaðarfélags Íslands, stærri en svo, að hún sé og hafi jafnaðarlega verið nokkurn veginn fullnytjuð af einum ábúanda.
c. Að jarðareigandinn, eða erfingi hans, búi eða hafi ábúðarrétt á jörðinni, þegar hún er gerð að ættaróðali, enda öðlist ábúandinn óðalsréttinn.
d. Að fyrir liggi samþykki 16 ára og eldri barna jarðareiganda um, að jörðin sé gerð að ættaróðali.
e. Að á jörðinni hvíli ekki hærri veðskuldir en svo, að árlegir vextir af þeim nemi 3% af fasteignamatsverði jarðarinnar og arðberandi fylgifé, sem jörðinni er lagt. Miða skal verð fylgifjár við skattmat þess, þegar gerningurinn er gerður.

11. gr.

Nú hefir bóndi gert jörð sína að ættaróðali, og eiga þá erfingjar hans í fyrsta lið kröfu til þess, að næsti viðtakandi (óðalserfingi) greiði þeim árlega meðan hann lifir, þó eigi lengur en 25 ár, sem svarar 3% af land- og húsaverði jarðarinnar, samkvæmt þáverandi fasteignamati, af þeirra hluta í skuldlausri eign fasteignarinnar, ef jörðin hefði komið til skipta.

12. gr.

Eignir óðalsbónda og konu hans, aðrar en ættaróðal og fylgifé þess, erfast samkvæmt ákvæðum erfðalaganna.

13. gr.

Nú á óðalsbóndi og kona hans fleiri en eitt barn, og skal þá því af börnunum, er óðalið hlaut, skylt að framfæra foreldra sína, ef með þarf. Sama skylda hvílir á fóstur- eða kjörbörnum.

14. gr.

Nú ánafnar jarðareigandi eða aðrir ættaróðali fylgifé, svo sem kvikfénað, verkfæri, húsmuni eða annað, og er það þá fylgifé ættaróðalsins, sem skylt er að halda við að verðmæti og endurnýja, ef gagnlegt getur talizt til búrekstrar á jörðinni.

15. gr.

Nú sannast við arfaskipti eða á annan hátt, að óðalsbóndi hefir eytt fylgifé óðalsins, og ber honum þegar að bæta það að fullu. Nú er um dánarbú að ræða, og skal þá greiða fylgifé af óskiptum eignum búsins, en sé búið þrotabú, skal það vera forgangskrafa, er aðeins víkur fyrir ógreiddum opinberum sköttum af eigninni sjálfri.

16. gr.

Nú er jörð gerð að ættaróðali, og skal þá skylt að láta fylgja henni hlunnindi og annað það, er jörðinni hefir fylgt og jarðareigandi á. Ennfremur afurðir, sem framleiddar eru á jörðinni og eru nauðsynlegar við búreksturinn, svo sem áburð, hey o. fl.

Jarðareigandi skal auk þess láta fylgja jörðinni skjöl, er varða jörðina frá fyrri tíð, ef einhver eru í hans vörzlum, einnig myndir og muni, er hafa minningargildi fyrir þá bændaætt, er situr eða setið hefir jörðina.

17. gr.

Nú óskar jarðareigandi að gera jörð sína að ættaróðali, og skal hann þá afhenda sýslumanni yfirlýsingu þar að lútandi, undirritaða við votta, ásamt lýsingu á jörð og jarðarhúsum og skilríki fyrir því, að fullnægt sé ákvæðum 10. gr.

Nú telur sýslumaður, að fullnægt sé ákvæðum laganna um stofnun ættaróðals, og skal þá færa jörðina inn á sérstaka skrá yfir ættaróðul. Tilgreina skal þáverandi fasteignamat jarðarinnar, jarðarverð sér og húsaverð sér, svo og tölur, er sýni stærð ræktaðs lands og meðaltal af afrakstri jarðarinnar síðustu 3 árin.

Gerninginn skal þinglesa á næsta manntalsþingi.

18. gr.

Allar tryggingar, sem stofnað hefir verið til vegna ættaróðalsins eða þess, sem því fylgir, tilheyra óðalinu ásamt skaðabótum, sem greiddar eru samkvæmt þeim.

19. gr.

Heimilt er eiganda ættaróðals að skipta því milli erfingja í tvö eða fleiri býli, enda fullnægi hin nýju býli ákvæðum 10. gr.

Þegar skipti eru ákveðin, skal gera landamerki milli hinna nýju ættaróðala, svo sem þörf krefur.

Áhvílandi veðskuldir skiptast milli hinna nýju ættaróðala í réttu hlutfalli við matsverð þeirra.

20. gr.

Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í óðalinu til húsabóta eða annara varanlegra umbóta á jörðinni. Lán, sem þá hvíla á jörðinni, mega þó aldrei nema hærri upphæð en 100% af fasteignamatsverði landsins, en þó ekki yfir 50% af heildarmati óðalsins. Fylgifé má ekki veðsetja.

21. gr.

Eigi má gera aðför í ættaróðali, né selja það til lúkningar skuldum, öðrum en áhvílandi veðskuld, sbr. 10. gr. e-lið og 20. gr., eða opinberum sköttum, er hvíla á eigninni sjálfri, og þó því aðeins, að bóndi eigi ekki aðrar eignir, sem aðför verði gerð í. Sama gildir um fylgifé óðalsins.

22. gr.

Nú hefir verið krafizt fjárnáms eða sölu á ættaróðali, og er sýslumanni þá skylt að gera þeim, er næstir standa að erfa óðalið, aðvart. Nú er honum eigi kunnugt, hverjir þeir eru, og skal hann þá gera hlutaðeigandi óðalserfingjum aðvart með opinberri auglýsingu, hliðstæðri erfingjainnköllun. Kostnaður við slíka auglýsingu telst áfallinn sölukostnaður.

23. gr.

Nú treystist enginn, sem samkvæmt lögum þessum hefir rétt til ættaróðals, að taka við því (sbr. þó 24. gr. 6. lið), og skal það þá falla til ríkissjóðs til fullrar eignar og fer þá um ábúð þess samkvæmt I. kafla laga þessara. Falli ættaróðal til ríkisins, erfist fylgifé og minjagripir ættarinnar samkvæmt erfðalögum.

III. KAFLI

Erfðaréttur óðals og ábúðar.

24. gr.

Réttur til ábúðar á jörðum þeim, sem um ræðir í 1. kafla laga þessara, þar með talin hús og mannvirki, sem ættin á á jörðinni, ennfremur ættaróðul, erfist sem hér segir:

1. Það hjónanna, sem lengur lifir, heldur réttindum meðan það lifir, sbr. þó 9. lið þessarar greinar.
2. Erfðaréttur erfist til barna, þar með talin kjörbörn, þess hjónanna, sem ábúðar- eða óðalsréttinn stofnaði eða erfði, og ganga skilgetin börn fyrir óskilgetnum.
3. Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnunum skal erfa ábúðar- eða óðalsréttinn, og skulu tilkynna það sýslumanni.
4. Verði hjón ekki ásátt um, hvert barnanna skuli hljóta réttinn, skulu börnin, eða forráðamenn þeirra, leita samkomulags að viðstöddum sýslumanni.
5. Náist ekki samkomulag eftir 3. og 4. lið, skal elzta barnið erfa réttinn. Afsali það sér réttinum, hafa börnin hann eftir aldri.
6. Nú hefir erfingi erfðaábúðar eða óðalsréttar ekki náð lögaldri þegar ábúendaskipti verða, og skal þá sýslumaður byggja jörðina öðrum um stundarsakir, óski erfingi eða fjárráðamaður fyrir hans hönd ekki að taka jörðina sjálfur til ábúðar.
7. Óski ekkert barnanna að nota erfða- eða óðalsréttinn og nytja jörðina áfram, þá er foreldrum heimilt að ánafna hana fósturbarni.
8. Nú deyr erfingi óðalsréttar ókvæntur og barnlaus og hefir ekki tekið kjörbarn, og öðlast þá systkini hans óðalsréttinn í réttri aldursröð. Nú eru systkinin dáin, og fellur þá rétturinn til barna þeirra eftir sömu reglum.
9. Nú deyr erfingi ábúðar- eða óðalsréttar barnlaus, innan tíu ára frá því hann hefir tekið við ábýli sínu, enda hafi hjónin ekki tekið kjörbarn áður en hann dó, og hefir þá næsti erfingi rétt til að ganga inn í ábúðina.
10. Deyi hjón barnlaus eða óski ekkert barnanna að nytja jörðina, sbr. 6. og 23. gr., skal sýslumaður byggja jörðina öðrum, og skal þá ætíð farið eftir tillögu meiri hluta hreppsnefndar um það, hver jörðina fær.

IV. KAFLI

Hvernig menn missa ábúðar- og óðalsrétt.

25. gr.

Ábúendur opinberra jarða samkvæmt lögum þessum missa ábúðarrétt sinn á sama hátt og af sömu orsökum og leiguliðar eftir ákvæðum ábúðarlaga.

26. gr.

Eignarréttur óðalsbónda á ættaróðalinu og fylgifé þess gengur til næsta óðalserfingja hans:

a. Eyði hann fylgifé óðalsins.
b. Greiði hann ekki samningsbundna vexti og afborganir af þeim skuldum, sem á ættaróðalinu hvíla, svo það leiði til sölu.
c. Telji hann sér heimili annarsstaðar en á ættaróðalinu eða hætti að reka þar búskap.
d. Ef hann, að dómi Búnaðarfélags Íslands, situr ættaróðalið svo illa, að það mundi varða útbyggingu eftir ábúðarlögum.

27. gr.

Þjóð- og kirkjujarðir, sem byggja má eftir lögum þessum, er heimilt að selja, ef þær jafnframt eru gerðar að ættaróðali, þegar sala fer fram.

Verð jarðanna skal fara eftir mati tveggja dómkvaddra manna. Fjórðungur verðs skal greiddur þá þegar, en þrír fjórðu á 42 árum, með jöfnum árlegum greiðslum, er séu 4% af skuldinni.

V. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

28. gr.

Ákvæði V. kafla 23. gr. laga nr. 43 20. júní 1923, svo og 10. og 11. gr. laga nr. 40 7. maí 1928 taka eigi til þeirra jarða, er byggðar verða samkvæmt lögum þessum.

29. gr.

Lög nr. 31 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, lög nr. 50 16. okt. 1907, um sölu kirkjujarða, lög nr. 51 frá 1911, um breytingu á þeim lögum, eru úr gildi felld, svo og tilskipun frá 17. apríl 1833 viðvíkjandi óðalsrétti á Íslandi.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 499. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefir athugað frumvarp þetta, sem komið er frá hv. efri deild, og leggur nefndin til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. nóv. 1935.

Sigfús Jónsson, form., frsm. Jakob Möller, fundaskr. Stefán Jóh. Stefánsson.

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson.

Nd. **500. Frumvarp til laga**

um samþykkt á landsreikningnum 1933.

(Lagt fyrir Alþingi 1935).

I. Innborgað:					Áætlun	Reikningur
					kr.	kr.
1.	Samkv.	2. gr.	fjárlaga:	Skattar og tollar	8 695 000.00	10 986 473.13
2.	—	3. —	A. —	Tekjur af rekstri ríkisstofnana ...	1 206 300.00	1 775 288.72
	—	— —	B. —	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs	28 600.00	26 103.92
3.	—	4. —	—	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur	550 195.00	513 936.39
4.	—	5. —	—	Óvissar tekjur .	50 000.00	239 482.64
5.	—	20. —	—	Eignahreyfingar	497 702.00	2 571 236.95
6.	—	21. —	—	Greiðslujöfnuður	946 345.63	„
				Samtals	11 974 142.63	16 112 521.75

II. Útborgað:					Fjárveiting	Reikningur
					kr.	kr.
1.	Gjöld samkv.	7. gr.	fjárlaga	.....	1 406 187.45	1 653 732.91
2.	—	8. —	—	.....	73 200.00	61 215.00
3.	—	9. —	—	.....	233 067.00	318 624.96
4.	—	10. —	—	.....	394 317.00	408 653.65
5.	—	11. —	A. —	.....	922 620.00	1 575 159.71
6.	—	11. —	B. —	.....	211 000.00	271 605.55
7.	—	12. —	—	.....	618 571.00	687 061.05
8.	—	13. —	A. —	.....	926 948.00	1 703 563.81
9.	—	13. —	B. —	.....	608 600.00	645 020.73
10.	—	13. —	C. —	.....	352 040.00	365 418.23
11.	—	14. —	A. —	.....	364 345.00	404 732.66
12.	—	14. —	B. —	.....	1 263 842.00	1 339 800.42
13.	—	15. —	—	.....	171 645.00	203 165.30
				Flyt:	7 546 382.45	9 637 753.98

		Fjárveiting	Reikningur
		kr.	kr.
	Flutt:	7 546 382.45	9 637 753.98
14.	Gjöld samkv. 16. gr. fjárlaga	1 912 400.00	2 296 218.63
15.	— — 17. — —	868 400.00	1 088 576.18
16.	— — 18. — —	249 448.70	236.409.85
17.	— — 19. — —	150 000.00	344 641.78
18.	— — 20. — —	1 247 511.48	1 974 605.58
19.	Hækkun á sjóði	„	534 315.75
	Samtals	11 974 142.63	16 112 521.75

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frv. þetta er í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið samþykkt. Landsreikningurinn fyrir árið 1933 verður lagður fyrir Alþingi samhliða frv. þessu, en í honum eru tekjur og gjöld talin í sömu röð sem í fjárlögum, og vísast því til hans um nánari sundurliðun tekna og gjalda.

Sþ. 501. Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir árið 1934.

(Lagt fyrir Alþingi 1935).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum 1934, eru veittar samkv. 2.—9. gr. hér á eftir kr. 207405.34.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

1.	Kostnaður vegna mænusóttar		kr.	1677.50

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

1.	Bryggjugerð á Stokkseyri	kr. 5000.00		
2.	Kostnaður við sjóvarnargarð á Siglufirði	— 530.50		
			—	5530.50

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

1.	Bygging prestssetursbúss á Hofi í Vopnafirði	kr. 15000.00		
2.	Skrifstofukostnaður fræðslumálastjóra ..	— 4000.00		
	Flyt	kr. 19000.00	kr.	7208.00

	Flutt	kr. 19000.00	kr.	7208.00
3. Kostnaður við endurskoðun fræðslulaganna	—	2500.00		
4. Halldór Pálsson: Styrkur til búfræðináms erlendis	—	1500.00		
5. Athugun rafvirkjunar á Eiðum	—	1000.00		
			—	24000.00

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

1. Leifur Ásgeirsson: Styrkur til að mæta á stærðfræðingamóti erlendis			—	500.00

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1. Til fyrirhleðslu héraðsvatna	—	8735.40		
2. — markaðsleitar erlendis	—	8791.09		
3. — sundlaugarbyggingar í Vestamannaeyjum	—	4000.00		
			—	21526.49

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

1. Til barnaheimilisins Sólheimar: Styrkur	kr.	4293.70		
2. — fávitahælis í Grímsnesi: Styrkur	—	706.30		
			—	5000.00

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

1. Norræna félagið: Styrkur	kr.	400.00		
2. Greitt vegna jarðskjálfta	—	145000.00		
			—	145400.00

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 20. gr. er veitt:

1. Hitalögn í vermihús á Reykjum í Ölfusi			—	3770.85
			Kr.	207405.34

Athugasemdir.

Við 2. gr.

Heilbrigðisstjórnin ákvað 1. des. 1933 að greiða helming legukostnaðar og læknishjálpar veitta mænusóttarsjúklingum, eftir reikningi, úrskurðuðum af ráðuneytinu, þó ekki yfir 1000 kr. á sjúkling, og ekkert, ef kostnaður var undir 100 kr.

Við 3. gr.

Samkvæmt upplýsingum vitamálastjórans varð bryggjugerðin dýrari en áætlað var, og var því haustið 1934 gert ráð fyrir, að 5000 krónur yrðu veittar

í fjárlögum 1935 til bryggjunnar. Þetta fórst fyrir, en þó var upphæðin greidd í árslok 1934 upp á væntanlega aukafjárveitingu í samráði við fjárveitinganefnd.

Kostnaður við sjóvarnargarð á Siglufirði er helmingur kostnaðar við aðgerð á sjóvarnargarðinum á Siglufirði á árinu 1934, eins og venja hefir verið að greiða undanfarin ár. Ríkissjóður og bæjarsjóður Siglufjarðar greiðir hvor til helminga viðgerðarkostnað á sjóvarnargarðinum ár hvert.

Við 4. gr.

1. Á árinu 1934 var byggt prestsseturshús á Hofi í Vopnafirði vegna bruna prestsseturshúss þar. Af fjáraukalagaupphæð, kr. 15000, munu kr. 12000 eiga að vera styrkur samkvæmt l. nr. 63 frá 1931. Eftirstöðvar, kr. 3000, eiga að endurgreiðast úr Kirkjujarðasjóði þegar byggingarkostnaður hefir verið uppgerður.
2. Á árunum 1931—1932 og 1933 fór skrifstofukostnaður fræðslumálastjóra, kr. 5213.48, fram úr greiðslum úr ríkissjóði. Kr. 4000 af téðri upphæð voru greiddar með 1000 kr. á mánuði mánuðina ágúst til nóvember incl. 1934 samkvæmt ákvörðun fyrrv. kennslumálaráðherra.
3. Kennslumálaráðherra fyrrv. ríkisstjórnar skipaði á árinu 1934 3ja manna nefnd til þess að endurskoða lög nr. 40 frá 1926 um fræðslu barna.
4. Styrkur þessi var veittur til háskólanáms í sauðfjárrækt í Skotlandi.
5. Kostnaður við athugun rafvirkjunar á Eiðum er greiddur samkvæmt þingsályktun frá Alþingi 1933, þar sem skorað er á ríkisstjórnina að gera áætlun um kostnað við byggingu rafmagnsstöðvar við Eiðaskóla.

Við 5. gr.

Það þótti ástæða til að ríkissjóður veitti þekktum stærðfræðingi styrk til að mæta fyrir Íslands hönd á stærðfræðingamóti þessu.

Við 6. gr.

1. Árið 1933 hafði mjög ágerzt landbrot Héraðsvatna innan við Vindheimabrekkur, og var þá yfirvofandi hætta á, að vötnin brytust fram í gamla farvegi, er liggja að Húseyjarkvísl, og legðust þannig um eylendið vestanvert. Hefði af því leitt mikil spjöll og stórhættulegt engja- og graslendi margra jarða, svo og þjóðveginum, er þá var nýlega lagður þvert yfir Vallhólminn hjá Húsey og Völlum.

   Var þá ákveðið að gera varnargarð úr torfsnyddu og vel grjótvarinn frá Arnarbergi á ská yfir farvegi þá, er vötnin voru að leggjast í. Ákvað ráðuneytið að greiða ¾ hluta kostnaðarins úr ríkissjóði, en ¼ hluta skyldu hlutaðeigendur greiða. Var hafizt handa um verkið í október 1933 og því lokið í nóvemberlok. Garðurinn var 540 metra langur. Kostnaður við garðinn varð kr. 16313.87, og hefir þar af komið í hluta ríkissjóðs kr. 12235.40. Í desember 1933 greiddi ríkissjóður kr. 3500.00 og í janúar 1934 kr. 9000.00, en af þeim voru endurgreiddar kr. 261.60. Kr. 8735.40 koma því á aukafjárlög 1934.

2. Upphæðin kr. 8791.09 hefir verið greidd þannig:
   a. Ingólfur Esphólín hefir fengið kr. 5000.00 til markaðsleitar fyrir hraðfrystan fisk, skyr og aðrar vörur. Fór hann til útlanda í apríl 1934 og hefir sent ráðuneytinu skýrslu um markaði erlendis fyrir hraðfrystar matvörur.
   b. Vegna farar Gunnlaugs Jónssonar til Þýzkalands og Póllands til þess að skoða íslenzka síld þar og kynna sér orsakir til þeirra skemmda, sem komu fram í henni, voru greiddar kr. 2991.09.
   c. Einari Olgeirssyni voru greiddar 800 kr. til markaðsleitar fyrir síld í Póllandi og Rússlandi.
3. Meiri hluti þingmanna úr báðum deildum Alþingis hafði skriflega mælt með því, að 4000 kr. styrkur yrði greiddur til sundlaugarbyggingar í Vestmannaeyjum, og með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 24. jan. 1934, var gefið vilyrði fyrir greiðslu á téðri styrkupphæð fyrir árslok 1934 upp á væntanlega aukafjárveitingu.

Við 7. gr.

Samkvæmt ákvörðun fyrrv. menntamálaráðherra mátti greiða allt að kr. 5000 upp í meðgjöf með fávitum á fávitahælinu á Sólheimum í Grímsnesi fyrstu 10 mánuði ársins 1934, þó ekki yfir 500 kr. á mánuði hverjum, og enginn fáviti átti að fá hærri meðgjafarstyrk en kr. 40.00 á mánuði. Af styrkupphæðinni, kr. 5000, munu kr. 1346.30 hafa verið greiddar sem meðgjöf með fávitum á hælinu, en kr. 3652.70 virðast hafa verið greiddar sem styrkur til barnaheimilisins Sólheimar.

Við 8. gr.

1. Fulltrúafundur Norræna félagsins (Norden), haldinn í Stokkhólmi 1932, gekkst fyrir því, að félagsdeildirnar, hver í sínu landi, skipuðu nefnd til þess að endurskoða kennslubækur í sögu, sem kenndar voru í opinberum skólum á Norðurlöndum. Íslenzka félagsdeildin útnefndi 3 menn til þess að endurskoða þá kafla í sögukennslubókum annara Norðurlanda, sem fjölluðu um Ísland. Fyrrv. kennslumálaráðherra viðurkenndi nefnd þessa á árinu 1933 og ákvað á árinu 1934, að henni skyldu greiddar 400 kr. í þóknun fyrir störf hennar.
2. Allir stjórnmálaflokkar höfðu samþykkt að veita styrk þeim, er beðið höfðu tjón í hinum eftirminnilega landsskjálfta 1934, og þykir því þessi liður ekki þurfa frekari skýringar við.

Við 9. gr.

Hitalögnin í heilsuhælið á Reykjum í Ölfusi og vermihúsið þar var orðin ófullnægjandi fyrir heilsuhælið, sérstaklega í kuldum. Eftir ákvörðun fyrrv. heilbrigðismálaráðherra var hitalögninni breytt og hún endurbætt.

Nd. **502. Breytingartillögur**

við frv. til l. um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Frá Gísla Guðmundssyni og Sigurði Einarssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

   Heimilt skal sýslunefndum og bæjarstjórnum að ákveða það lýðskólafyrirkomulag innan sýslu- eða bæjarfélagsins, að allir ungir menn verkfærir á aldrinum 17—18 ára vinni kauplaust líkamleg störf í þarfir síns sýslu- eða bæjarfélags, þar sem þeir eiga heimili, 4 mánuði að sumarlagi, gegn ókeypis vist og kennslu við verklegt og bóklegt nám í skóla í 6 mánaða tíma næsta vetur eftir að vinnan hefir farið fram, enda hafi farið fram atkvæðagreiðsla samkv. 2. gr.

   Þó skulu undanþegnir skylduvinnu allir þeir, er innan 18 ára aldurs hafa stundað a. m. k. eins vetrar nám við annan skóla en barnaskóla.

   Heimilt skal og sýslu- og bæjarfélögum að ákveða samskonar skólafyrirkomulag fyrir ungar stúlkur á aldrinum 17—18 ára, með öllum hinum sömu skyldum og réttindum og ákveðið er í lögum þessum, að skuli gilda fyrir pilta.

   Þó skal ekki byggja skóla fyrir stúlkur í neinu sýslu- eða bæjarfélagi fyrr en reynsla nokkur er fengin af piltaskóla í sama héraði eða bæ.
2. Við 2. gr. Orðin „fyrir karlmenn“ falli niður.
3. Við 3. gr. Á eftir orðunum „með slíku fyrirkomulagi“ komi: er sýslunefnd eða bæjarstjórn heimilt að láta reisa hæfilegt skólahús á kostnað sýslunnar eða bæjarins, og greiðir þá ríkissjóður helming kostnaðar, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, enda hafi ríkisstjórnin samþykkt uppdrátt af húsinu og skólastaðinn. Framlag ríkissjóðs skal bundið því skilyrði, að sæmilega sé séð fyrir rekstri skólans, að mati kennslumálastjórnarinnar.
4. Á eftir 3. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):
   a. (4. gr.). Námsgreinar skulu vera hinar sömu og nú tíðkast í héraðsskólum. Þó skal eigi gera erlend mál að skyldunámsgrein. Verklegri kennslu skal haga, eftir því sem við verður komið, sem undirbúningi undir þau lífsstörf, sem aðallega eru stunduð í viðkomandi sýslu eða bæ.
   b. (5. gr.). Ríkisstjórnin skipar skólastjóra. Laun hans skulu ákveðin í launalögum, og greiðir ríkið þau. Annan kostnað við rekstur skólans, þ. á. m. laun annara kennara, greiðir sýslan eða bærinn.
5. Við 4. gr. Í stað orðsins „byggingarkostnaðinn“ komi: ríkisframlagið til húsbyggingarinnar.

Ed. 503. Breytingartillaga

við frv. til l. um bæjargjöld á Ísafirði.

Frá Jóni Auðunn Jónssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
Fasteignagjaldið skal vera:

a. Af öllum húsum, úr hvaða efni sem þau eru og til hvers sem þau eru notuð, 1%.
b. Af öllum lóðum byggðum og óbyggðum, sem ætlaðar eru til bygginga nú eða síðar, 0,8%.
c. Af lóðum og löndum, sem með sérstökum samningi við bæjarstjórn eða með samþykki hennar eru ætlaðar til ræktunar, fiskreita eða annara hliðstæðra afnota, og ekki eru byggingarlóðir, 0,1%.

Gjaldið skal miða við fasteignamat, eins og það er á hverjum tíma.

Ed. 504. Frumvarp til laga

um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn skrifstofu í Reykjavík, er nefnist Ferðaskrifstofa ríkisins, og sé það verkefni hennar að kynna landið út á við og hafa með höndum leiðbeiningar og fyrirgreiðslu innlendra og erlendra ferðamanna, og hefir hún ein rétt til þess að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn.

2. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal starfa að því að veita fræðslu um landið innanlands og utan með fræðsluritum, útvarpserindum, fyrirlestrum, kvikmyndum, auglýsingum og á annan hátt, með það fyrir augum að vekja athygli ferðamanna á landinu og kynna það á þann hátt, að menn fái sem gleggsta hugmynd um lands- og þjóðarháttu, menningu, atvinnulíf og framleiðslu.

3. gr.

Nú takast samningar um gagnkvæm erindi og upplýsingar milli Ríkisútvarpsins og erlendra útvarpsstöðva, og skal þá starfsemi Ríkisútvarpsins í þessu efni jafnan hagað eftir samkomulagi við forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins.

4. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal jafnan veita ókeypis leiðbeiningar um ferðalög umhverfis landið og á landinu, um gistihús, farartæki, ákvörðunarstaði og annað, sem ferðamönnum er nauðsynlegt að fregna um, jafnframt því sem hún annast og sér um, að ferðamönnum, innlendum sem útlendum, er þess óska,

sé veittur hverskonar fararbeini. Ferðaskrifstofan gerir samninga við skipafélög, bifreiðafélög eða eigendur bifreiða og umráðamenn annara farartækja um flutning á ferðamönnum og um fargjöld.

5. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal hafa rétt til þess að heimta gjaldskrár af gistihúsum, veitingahúsum og eigendum fólksflutningsbifreiða. Nú virðist einhver liður gjaldskránna ósanngjarn, og hefir þá ferðaskrifstofan heimild til þess að breyta honum, að fengnum tillögum nefndar, er eigendur gistihúsa og veitingahúsa og eigendur fólksflutningabifreiða hafa rétt til að útnefna menn í, samkvæmt reglugerð, er ríkisstjórnin gefur út.

6. gr.

Ferðaskrifstofan skal hafa eftirlit með hreinlæti á gistihúsum og veitingahúsum, prúðmannlegri umgengni og aðbúnaði ferðamanna. Finni ferðaskrifstofan ástæðu til umvöndunar, skal hún gera eigendum gistihúsanna og veitingahúsanna viðvart um það. Nú láta eigendur gistihúsa og veitingahúsa eigi skipast við umvöndun skrifstofunnar, og hefir þá ríkisstjórnin, að fengnum tillögum ferðaskrifstofunnar, heimild til þess að svipta eigendur gistihúsa og veitingahúsa réttinum til þess að reka þau. Heimilt er ferðaskrifstofunni að ákveða, að útlendir ferðamenn skuli sitja fyrir innlendum í gistihúsum, ef húsrúm nægir ekki öllum, er þess æskja, enda gefi ríkisstjórnin út reglugerð, er mæli fyrir um, hvernig þessu ákvæði megi framfylgja.

7. gr.

Laun forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins skulu ákveðin í launalögum, en þangað til það verður gert skal ráðherra sá, er ferðaskrifstofan heyrir undir, ákveða þau. Ráðherra ákveður í reglugerð nánar um fyrirkomulag og rekstur skrifstofunnar og um tölu, launakjör og starfsvið starfsmanna hennar, og um innheimtu stimpilgjalds, er ræðir um í 8. og 9. gr.

8. gr.

Til þess að afla skrifstofunni tekna skal greitt stimpilgjald af farseðlum með bifreiðum í áætlunarferðum, 5 aurar af hverri heilli krónu í andvirði seðilsins. Stimpilgjald þetta rennur til Ferðaskrifstofu ríkisins.

9. gr.

Skylt skal vera að afhenda jafnan farþega, er fluttur er í bifreið gegn greiðslu, farseðil með áletraðri upphæð þeirri, er greiða ber, enda sé farseðillinn stimplaður svo sem mælt er fyrir í 8. gr.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100–1000 króna, nema þyngri refsingar liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skal fara með mál út af brotum sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni ríkisstjórnarinnar, og fylgdi því frá skipulagsnefnd atvinnumála eftirfarandi greinargerð:

Á þinginu 1934 var lagt fram frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að setja á stofn ferðamannaskrifstofu. Frumvarp þetta var afgreitt því nær óbreytt í neðri deild, en tími vannst eigi til afgreiðslu þess í efri deild. Umræður um mál þetta urðu miklar, og sýndist sitt hverjum. Virtist sumum of skammt gengið, er hér væri aðeins um heimildarlög að ræða, og eigi vera nógu ljóst tekið fram í frumvarpinu, að ætlazt væri til þess, að hin væntanlega ferðamannaskrifstofa hefði forustu um allar leiðbeiningar og fyrirgreiðslu ferðamanna. Nákvæmari athugun á því efni síðastliðið sumar, á hvern hátt hagað væri móttökum erlendra ferðamanna hérlendis, hefir einnig orðið til þess, að skipulagsnefnd atvinnumála hefir endurskoðað frumvarpið og mælir nú með því, að það verði afgreitt í nokkuð annari mynd.

Mikilvægustu breytingarnar eru tvennskonar. Til þess er ætlazt, að hin væntanlega skrifstofa hafi ekki eingöngu með höndum þau mál, er einkum lúta að því að örva ferðamannastrauminn til landsins og búa svo í haginn fyrir gesti, að þeir hafi gleði og gagn af komu sinni og landsmenn beinan og óbeinan hagnað, heldur einnig almenna upplýsinga- og kynningarstarfsemi fyrir landið á þeim stöðum erlendis, þar sem mest er um vert, að þekkingin á þjóð vorri og landi breytist og bætist. Ferðamannamálið og slíkt kynningarstarf, sem hér er stefnt að, er svo náskylt, að sjálfsagt virðist fyrir oss að tengja þetta sem fastast saman.

Meðvitund manna um það, að ekki megi láta undir höfuð leggjast að halda uppi stöðugri og sem áhrifamestri kynningarstarfsemi fyrir landið erlendis, hefir skýrzt mjög á síðari tímum og aukizt. Stöðu vorri í ríkjafélagi heimsins er svo háttað, að fáar þjóðir hafa eins mikla þörf á, að þessu efni sé sinnt eins og íslenzk þjóð. Enn ríkir hin megnasta vanþekking í heiminum á íslenzkum efnum, og stendur það oss mjög tilfinnanlega fyrir þrifum. Fyrst og fremst hafa margsinnis verið rök að því leidd, að bezta vörn vor — og því nær hin eina raunar — í hverju því efni, er snertir sjálfstæði landsins, sé í því fólgin, að þekking menningarþjóða verði sem víðtækust á því, að hér búi þjóð, sem fyrir söguleg rök og íbúandi einkenni eigi siðferðislega rétt á að fara svo með mál sín og vinna á þann hátt að sinni eigin heill, er henni virðist sjálfri bezt henta. En auk þessarar mikilvægu staðreyndar er hins að gæta, að örvun viðskipta vorra við erlendar þjóðir er ekki sízt undir því komin, að þær séu oft og eftirminnilega á það minntar, að hingað sé einhverra viðskipta að leita. Nú er það á almanna vitorði, að naumast er nokkur þjóð til, sem á allt sitt eins afdráttarlaust undir því komið, að hin erlendu viðskipti gangi sem greiðlegast. Hitt er og ekki síður kunnugt, að aldrei hefir verið bráðari þörf á því að neyta allrar orku í þessu sambandi en nú. Ráðstafanir þær um upplýsingastarfsemi, sem stefnt er að í frumvarpinu, eru því einn sjálfsagðasti liður í viðleitni þings og stjórnar til þess að bæta úr örðugleikum þeim, er viðskiptamál landsins eru í, sem bent verður á.

Ef til vill kynni ýmsum að virðast eðlilegast, að Íslendingar færu hér sömu leiðir og yfirleitt tíðkast hjá nágrannaþjóðum vorum, þar sem kynningarstarfsemin er mjög tengd við utanríkisráðuneytin. Kunnugt er, að í ráðuneytum þessum er víðast hvar sérstök deild, er um þessi mál fjallar, og er þá blaðaskrifstofa ráðuneytisins („Udenrigsdepartementets Pressekontor") þar merkasti liðurinn í. En hér á landi er að ýmsu leyti öðruvísi ástatt en í löndum þeim, sem annars væri æskilegt að taka til fyrirmyndar. Undir utanríkismálaráðuneytin í stærri löndum eru settar meira og minna víðtækar sendisveitir auk ræðismanna víðsvegar um heim. Að þessu er að sjálfsögðu mikill stuðningur. Hjá oss er tiltölulega litlu til að dreifa, er þessu samsvari. Og eins og drepið hefir verið á hér að framan, og nánar mun vikið að síðar í greinargerð þessari, er svo náið samband á milli kynningarstarfseminnar og þeirrar viðleitni að örva ferðamannastrauminn til landsins, að ástæðulaust virðist að skipta þessu milli tveggja aðilja.

Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins er svo til ætlazt, að kynningarstarfsemin miðist fyrst og fremst við það, sem hér fer á eftir:

1. Útgáfur rita. Með þessu er ekki einungis átt við bækur og ritlinga — og hefir þegar verið nokkur vísir til slíkrar starfsemi af hálfu landsstjórnarinnar og Landsbanka Íslands —, heldur yrði sérstök áherzla á það lögð, að koma á framfæri blaðagreinum og ritgerðum í tímarit. Virðist það sameiginlegt álit þeirra manna, sem þessi efni hafa sérstaklega rannsakað í nágrannalöndunum (sbr. t. d. „Beretning fra Udenrigsministeriets Udvalg for Turistpropaganda i Udlandet", Köbenhavn 1934, og „Indstilling fra den departementale Turisttraffikk-Komité", Oslo 1934), að þessar almennu upplýsingar, sem á þennan hátt berast mönnum, séu áhrifamesta leiðin til þess að vekja athygli á landinu — ekki eingöngu sem ferðamannalandi, heldur einnig til þess að veita almennan fróðleik, sem kemur að margvíslegu gagni í viðskiptalífinu. Í sambandi við þetta er þess einnig að geta, að skrifstofan þarf sífellt að kosta kapps um að veita út um blaðaheiminn nægilegum upplýsingum, sem hinir erlendu blaðamenn síðan notfæra sé í skrifum sínum.

Mikil áherzla er á það lögð í ýmsum löndum að bjóða erlendum blaðamönnum við og við til landsins. Að sjálfsögðu mundi það verða verk skrifstofunnar að athuga möguleika fyrir slíku hér og annast undirbúning, ef að þessu yrði horfið.

2. Fyrirlestrar. Hér er um það tvennt að ræða, að ráðstafanir séu til þess gerðar, að valdir menn íslenzkir efni til fyrirlestraferða erlendis, og eins hitt, að búa efni í hendur þeim mönnum, sem hentugt virtist að fá til slíks starfs erlendis. Í fljótu bragði mætti svo virðast, að fyrirlestrum erlendis yrði eigi haldið uppi nema með ærnum tilkostnaði, en tiltölulega auðvelt er að fá hér keyst mikið og þarft verk af hendi án annars tilkostnaðar en þess verks, er skrifstofan sjálf gæti annazt. Hér er mest undir því komið, að skrifstofan sé sér úti um þau sambönd, er að haldi koma, og að vandað sé til þess undirbúningsstarfs, er hún sjálf þarf að sjá um.

3. Filmur. Þessi liður greinarinnar er að sjálfsögðu nátengdur þeim, er næstur er á undan. Hentugasta tæki, sem nú er fáanlegt til þess að veita mönn-

um fróðleik um land og þjóðarháttu, eru kvikmyndir, enda er á því stöðug aukning, að þær séu til þess notaðar. Koma hér hvorartveggja til greina, stuttar myndir, sem sýndar eru á almennum kvikmyndahúsum og eru þá liðir í kvöldskemmtun leikhússins, og lengri myndir, sem notaðar eru við fyrirlestrahald. Eins og kunnugt er, hafa verið gerðar ráðstafanir til þess nýlega að efna til kvikmyndatöku hér á landi, og ef ráða má af reynslu annara þjóða um árangur af þessu, er næsta sennilegt, að við byrjunina eina verði ekki látið hér sitja. En skrifstofan ætti að sjá um, að filma þessi yrði notuð á hinn ýtrasta hátt jafnskjótt og lokið verður við hana.

4. Notkun Ríkisútvarpsins. Hingað til hefir útvarpið hér á landi því nær eingöngu verið notað til þess að flytja landsmönnum fregnir og erindi og hljómlist, en lítið verið við það fengizt að ná til erlendra þjóða með það, sem vér kynnum að vilja láta þær fregna um. Á þessu þyrfti að verða hin bráðasta breyting. Með útvarpinu höfum vér lítt metanlega möguleika til þess að kynna landið og þjóðina erlendis. Nú mun eitthvað hafa verið grennslazt eftir því, hvort líkindi væru fyrir því, að unnt yrði að koma á gagnkvæmum erindum og upplýsingum í R.útv. og erlendum útvarpsstöðvum, og mun það mál horfa á þá leið, að ástæða sé til þess að ætla, að þetta megi takast. Eftirtektarvert er, að smálöndin hafa tekið þessu sérstaklega vel, og er það að vonum, því að þau eiga yfirleitt að því leyti sammerkt við oss, að þeim er það mjög mikilsvert, að þekking á aðstæðum þeirra öllum nái til sem flestra. Sjálfsagt virðist, að sem nánust samvinna yrði um þetta efni milli Ríkisútvarpsins og hinnar væntanlegu skrifstofu, og er því ráð fyrir gert í 3. gr. frumvarpsins, að slíkri samvinnu verði komið á.

5. Auglýsingar um afurðir. Jafnframt þeim almennu upplýsingum, sem skrifstofan ætti að veita og rætt hefir verið um hér að framan, er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt að leggja hið mesta kapp á að koma auglýsingum um ákveðnar afurðir sem víðast á framfæri. Æskilegt mætti virðast, að hlutaðeigendur, sem sölu afurða þessara annast, stæðu að öllu leyti straum af slíkum auglýsingum, en þegar vitanlegt er af fyrri reynslu, að af þessu er mikið minna gert en þörf er á, þá má ekki í það horfa að veita nokkurt liðsinni af hálfu hins opinbera. En auk þess er ástæða til þess að leggja áherzlu á, að ófullkomnar auglýsingar á ísl. afurðum stafa vafalaust meðfram af því, að hér er nú enginn aðili, sem tekur að sér að sjá um auglýsingarnar, semja þær, semja um þær og koma þeim á framfæri, þar sem helzt kemur að haldi. Er því þess að vænta, að náin samvinna hefjist með kaupsýslumönnum og skrifstofunni, jafnskjótt og hún hefir tekið til starfa og hefir sýnt, hver hlunnindi eru af henni fyrir þá, sem nú berjast við að koma út afurðunum á heimsmarkaðinn.

Eins og sjá má af þessari greinargerð fyrir starfi því, sem bíður upplýsingaskrifstofunnar, þá ætti svo að segja hver liður þess að hafa meiri og meiri áhrif á ferðamannamálið. Enda er það mál annað höfuð-viðfangsefni stofnunar þessarar, svo sem efni frumvarpsins ber með sér.

Umræður þær, sem fram fóru á þinginu í fyrra um stofnun ferðamannaskrifstofu, báru það með sér, að aðeins einn þeirra þingmanna, sem tóku þátt í umræðunum, taldi óhentugt að vinna að því að örva ferðamannastraum-

inn til landsins. Sá þingmaður færði þau rök fyrir skoðun sinni, að spilling færi jafnan í kjölfar erlendra ferðamanna. Að vísu var ferðamönnum þessum skipt í tvo flokka, sem taldir voru mjög misjafnir að gæðum. Annarsvegar voru svonefndir „túristar“ og hinsvegar menn, sem koma hingað af ást til landsins, sögu þess og bókmennta. Var því haldið fram, að oss væri fengur í öðrum flokknum, en skaði að hinum.

Sérstök ástæða þykir til þess að drepa á þessa skoðun hér sökum þess, að því fer fjarri, að hún sé eins dæmi. En þar fyrir er hún mjög villandi og röng. Fyrst og fremst er ekki nokkur leið að greina þá menn úr ferðamannahópnum, sem erlendis hafa fengið einhver kynni af íslenzkum efnum og koma hingað af fróðleiksfýsn. Í hverjum hópi eru slíkir menn og öll upplýsingastarfsemi um landið miðar að því að auka tölu þeirra. Og „túristar“ eru á engan hátt skaðlegir menn — hvort sem þeir eru fróðir menn um landið eða ófróðir. Eða öllu heldur, þeir eru því aðeins skaðsamlegir, að landsbúar sjálfir hagi viðskiptum sínum við þá ósæmilega. Um það var talsvert rætt og ritað t. d. í Noregi um eitt skeið, að ferðamenn væru byggðum og atvinnulífi landsmanna hættulegir. Því var lýst, hvernig setið væri um ferðamennina í því skyni að hafa út úr þeim fé í ferðalögum og í gistihúsum, hvernig unglingar væru vakandi yfir hverju tækifæri til þess að hremma þjórfé, og óhæfilegir starfskraftar drægjust frá nytsamri vinnu til þess, sem í eðli sínu æli af sér þýlyndi og manndómsleysi. En nú eru þessar raddir með öllu þagnaðar, enda aðstæður með öllu breyttar, eftir því sem fyrrv. forsætisráðherra landsins, Hundseid, fullyrðir í ágætri ræðu um þetta efni, er hann flutti í Oslo 1932. Móttökur ferðamanna eru nú orðnar sama eðlis þar í landi eins og hver önnur viðskipti, þegar fé er goldið fyrir ákveðin verðmæti eða hlunnindi, og enginn Norðmaður mun nú vilja láta landsmenn fara á mis við 30 milljónir króna erlends gjaldeyris af ótta við þá hættu, sem ekki er til. Þarf naumast á það að benda, að ef hér er um siðferðislega hættu að ræða fyrir vora þjóð, þá verður henni svo bezt afstýrt, að þegar í upphafi sé unnið að því, að þessu máli verði, fyrir atbeina löggjafar og ríkisvaldsins, beint í það horf, sem til heilla horfir og heilbrigðast er.

En þótt þessi ótti, sem hér hefir verið drepið á, sé til, þá er að vísu hitt eins víst, að hann er aðeins til hjá litlum hluta þjóðarinnar. Langsamlega meiri hluti þeirra manna, sem látið hafa þetta efni að einhverju leyti til sín taka, hafa reynzt um það sammála, að vinna bæri að því að örva ferðamannastrauminn eftir því sem viðbúnað er hér frekast hægt að hafa.

Í frv. er gert ráð fyrir, að hin fyrirhugaða skrifstofa hafi að öllu leyti með höndum mál þetta. Virðist það fyrirkomulag eitt tryggja það, að unnt verði að einbeita sér svo í málinu sem þörf er á. Þessi einkaréttur skrifstofunnar til slíks starfs er á engan hátt einsdæmi, því að fimm ríki í Norðurálfunni — Ítalía, Rússland, Tsjechkoslovakia, Þýzkaland og Austurríki — hafa komið á sjá sér einkarétti um þessi efni í mismunandi myndum. Annars tíðkast það mest, að þeir aðilar, sem hér eiga helzt hlut að máli, bindist samtökum, með meiri og minni aðstoð ríkisvaldsins, til þess að halda uppi þessari starfsemi. Í Noregi er, eins og áður hefir verið bent á, mikill afrakstur af viðskiptum við ferðamenn. Þar er svo háttað stjórn þessara mála, að sambandsfélag

gistihúsa, ferðamannaskrifstofur, ferðamannafélög í einstökum landshlutum, iðnaðarfélög, bifreiðafélög, verzlunarráð í einstökum landshlutum, íþróttafélög og margskonar aðrar stofnanir, mynda félagsskap, er nefnist „Landslaget for Reiselivet". Þessu félagi er einkum falin forusta um ferðamannamálið í heild sinni. Skipun félagsins er þannig háttað, að 40 manna ráð, sem kosið er af stofnununum, sem í Landslaget eru, semur fjárhagsáætlun og mælir fyrir um grundvallarreglur, en í stjórn félagsins er einn framkvæmdastjóri, 4 stjórnendur valdir af ríkinu (2 af verzlunarráðuneytinu, 1 af utanríkisráðuneytinu og 1 af ríkisjárnbrautunum) og 4 kosnir stjórnendur (1 fulltrúi fyrir samgöngufélög, sem eru einkafyrirtæki, 1 fulltrúi í sambandsfélag gistihúsa, 1 fulltrúi fyrir ferðamannafélög í einstökum landshlutum og 1 fulltrúi fyrir verzlun, iðnað og iðju).

Augljóst er, að hérlendis verða menn að fara allt aðrar leiðir en farnar eru í Noregi og öðrum nágrannalöndum, þar sem viðskiptalífið er komið í ólíkt fastari skorður. Hér er t. d. fæst af þeim stofnunum til, sem annarsstaðar láta þessi mál mest til sín taka. Hinsvegar er heldur ekki um það að villast, að ef ríkisvaldið tekur ekki sjálft forustu í málinu, þá muni lítið verða að gert, sem til endurbóta horfir. Það er bersýnilegt, að fyrst ríkisvaldið verður að veita mikilsverða aðstoð þar, sem öflugar stofnanir eru þó fyrir, þá muni slík aðstoð verða óhjákvæmileg í landi, sem engu á líku til að dreifa. Hér hafa verið litlar skrifstofur, sem tekið hafa að sér að leiðbeina ferðamönnum, en þær eru þess á engan hátt megnugar að halda uppi neinni starfsemi, sem horfir til aukningar ferðamannastraumnum.

Í fyrri hluta greinargerðar þessarar er því lýst, hvar verkefni ferðaskrifstofunnar fellur að mestu eða öllu leyti saman við hina almennu kynningarstarfsemi (útgáfur ýmislegar, fyrirlestrar o. s. frv.), en auk þess eru vitaskuld önnur verkefni, sem bíða skrifstofunnar sérstaklega í sambandi við ferðamannamálið. Koma þar fyrst til greina sérstakar ferðaauglýsingar og allskonar upplýsingar, sem lúta beint að ferðalögum. Þá eru og samningar allir við skipafélög, bifreiðafélög eða eigendur bifreiða og umráðamenn annara farartækja um flutninga á ferðamönnum og um fargjöld, ráðstafanir um hentuga leiðbeinendur, eftirlit með gistihúsum o. fl. Skal hér lítið eitt drepið á nokkur atriði, er hér koma til greina.

Samgöngur. Samgöngukerfi landsins við útlönd og innanlands á sér enn svo skamman aldur, að því fer að sjálfsögðu mjög fjarri, að sæmilega sé séð fyrir þeim málum. Örðugleikarnir, sem hér eru á, koma að sjálfsögðu ekki síður fram í þessu ferðamannamáli en á öðrum sviðum. Fyrst er þess að gæta, að eins og nú er háttað flutningum til landsins með almennum farþegaskipum, þá er naumast kostur á að flytja fleiri útlenda gesti á sumrum en nú eru fluttir. En það verður að teljast með öllu óviðunandi, að ekki er séð fyrir því, að þeir menn eigi skipa kost til landsins, sem hingað vilja fara og oss er þökk á að komi. Verður það því að sjálfsögðu eitt fyrsta verkefni skrifstofunnar að leita fyrir sér um, hvernig úr þessu verði bætt. Eins munu menn bráðlega reka sig á, að hraða þarf nokkrum vegagerðum, sem í sjálfu sér eru með öllu nauðsynlegar, en mundu breyta mikið aðstöðu allri með flutning á erlendu ferðafólki. Skal hér aðeins

nefndur í því sambandi vegurinn frá Þingvöllum um Laugarvatn að Geysi. Yrði honum lokið, væri unnt að fara með ferðamenn í hringferð um fagra og merka staði. En fari svo, að vel takist með auknar komur ferðamanna, mundu svo sjálfsagðar vegagerðir sem þessi borga sig fyrir landsmenn á mjög skömmum tíma.

En þótt ýmsu sé áfátt um skipakost og vegi, þá er önnur hlið samgöngumálanna, sem hér kemur til greina, sem auðveldara er úr að bæta. Undirbúningi ferðagestanna um landið er nú oft töluvert ábótavant. Ástæða er t. d. til þess að ætla, að gjald það, sem ferðamenn verða stundum að greiða fyrir flutning, sé tæplega sæmandi. Orð leikur á, að ferðamenn greiði stundum yfir 100 krónur fyrir 7 manna bíl í 50 kílómetra ferð með skammri viðdvöl, og þaðan af meira fyrir lengri ferðir. Þetta gjald er 3—4 sinnum meira en innlendir menn greiða. Að vísu má segja, að fyrir þær sakir óski menn eftir útlendum ferðamönnum, að eftir þá liggi eitthvert fé í landinu. En hér er um hófleysu að ræða, sem miklum skaða getur valdið. Komist það orð á, að hér sé óhóflega dýrt að ferðast, hlýtur það að verða til þess að draga úr ferðamannastraumnum, en það kemur að lokum ekki einungis niður á þeim, sem hagnað hafa af flutningunum, heldur og öllum þeim, sem einhver viðskipti hafa við ferðamennina. Úr þessu verður naumast á annan veg bætt, eins og háttar til hér á landi, en með því að sérstök ríkisstofnun taki málið í sínar hendur og hafi með höndum samninga við útlendar ferðaskrifstofur eða ferðamennina sjálfa og innlenda hlutaðeigendur. Enda er svo ráð fyrir gert í frumvarpinu.

Önnur hlið, sem snýr að ferðalögum útlendinga um landið, viðkemur þeim fararstjórum og túlkum, er til þeirra veljast. Sem stendur er allt undir hælinn lagt, hvernig um þetta tekst. Og staðreynt er, að vanþekking túlkanna og leiðbeinara er stundum nærri ótrúleg. Erlendis er nú hvarvetna að því stefnt að láta þá eina við slíkt fást, er sannað hafa með prófum, að þeir hafi til þess kunnáttu og þroska. Svo verður einnig að stefna hér.

Gistihús. Skortur á hentugum gistihúsum er einn örðugasti þröskuldur að yfirstíga í þessu máli. Ber það tvennt til, að þau eru flest ófullkomin og auk þess of fá, ef um verulega aukningu ferðamanna væri að ræða. Nú sem stendur er á níu stöðum sunnanlands utan kaupstaða rekin atvinna við að taka á móti gestum til dvalar að sumri til. Gististaðir þessir eru mjög misjafnlega umfangsmiklir, þannig að gestafjöldi, sem tekið verður við, er 15 þar, sem fæst er, en allt að 100—110 þar, sem húsnæði og annar viðbúnaður er mestur. Þá eru 10—12 staðir á leiðinni frá Reykjavík til Akureyrar, þar sem sérstakur viðbúnaður er til þess að taka við nætur- og dvalargestum. Eins og ráða má af líkum, eru gististaðir þessir mjög misjafnir, en gert er ráð fyrir því, að allir gististaðir á landinu verði undir sérstöku eftirliti skrifstofunnar bæði um dýrleika og aðbúnað allan. Þyrfti að stefna að því, að gistihús rækju ekki aðrir en þeir, sem til þess hefðu fengið tilhlýrandi fræðslu. Er sérstaklega mikil áherzla á þetta lögð í þeim löndum, sem hér eru mest til fyrirmyndar. Nokkur athugun síðastliðið sumar á rekstri gistihúsanna hefir og sannfært nefndina, sem þetta frv. hefir samið, um það, að honum er í verulegum atriðum ábótavant.

Sumir hafa haldið því fram, að ekki væri vit í að hefja starfsemi til þess

að hæna hingað útlenda ferðamenn fyrr en séð væri fyrir því, að gistihúsakostur væri nægur. Þetta væri þó að fara aftan að siðunum, því að gistihús eru sömu lögum háð og önnur atvinnufyrirtæki, að menn efna ekki að jafnaði til þeirra fyrr en rök stefna til þess, að þau fái borið sig fjárhagslega. Gistihúsin koma ekki fyrr en nokkur þrýstingur er á kominn af ferðamönnum. Ferðaskrifstofunni er ætlað að skapa þau skilyrði, og þau koma ekki öll í einu, heldur smátt og smátt, eftir því sem áhrif hennar verða víðtækari.

Sökum þess að gistihúsakostur í landinu mun bráðlega reynast ónógur, ef aukning verður á komum erlendra ferðamanna, þá gæti til þess komið, að innlendir ferðamenn yrðu að víkja fyrir hinum erlendu, ef hinir síðarnefndu ættu að fá sæmilegan fararbeina. Í fljótu bragði mætti þetta virðast ósanngjarnt, en þó er svo eigi. Landsmönnum í heild sinni er á því þökk, að erlendir menn komi hingað og dvelji hér, og því er sjálfsagt að gera allt, sem unnt er, til þess að þeir uni sér hér vel, enda þótt það kunni að valda stundaróþægindum fyrir innlenda menn. En sjálfsagt er, að ákvæði niðurlags 6. gr. frumvarpsins megi ekki beita nema með hæfilegum fyrirvara til gistihúsanna og þegar óvenjulega stendur á og samkvæmt reglugerð ráðherra.

Eftir því, sem næst verður komizt, getur naumast verið um minni upphæð að ræða en um 200000 krónur, er landsmenn fái nú árlega frá útlendum ferðamönnum fyrir allskonar viðskipti. Um 800 gestir koma hingað með almennum farþegaskipum auk þeirra, sem koma til 1—2 daga dvalar með hinum svonefndu „fljótandi hótelum“. Að vísu er það sannreynt, að sá útlendi gjaldeyrir, sem þessari upphæð samsvarar, kemur ekki inn til bankanna, svo sem lög mæla þó fyrir. En fyrst augljóst er, að menn láta undir höfuð leggjast að skila gjaldeyrinum inn til bankanna, þá er það enn til stuðnings þeirri skoðun, að nauðsynlegt sé, að ríkisvaldið taki þetta mál í sínar hendur. Þess hefir orðið vart, að útlendir ferðamenn hafa komið frá skipsfjöl með íslenzka mynt, og hafa þó bankarnir einir rétt til sölunnar. Ferðamenn þessir hafa einnig látið það uppi, að þeir hafi stundum keypt þessar ísl. krónur fyrir lægra verð en ísl. krónur eru hér löglega seldar í landi. Ber hér allt að sama brunni — að eftirlit með þessum efnum er nauðsynlegt.

En fáist tvö hundruð þúsund króna viðskipti við útlenda ferðamenn, þótt sama sem ekkert sé gert til þess að laða þá til landsins, þá bendir það ótvírætt í þá átt, að þessi viðskipti geti aukizt stórlega, sé þeim sinnt á viðeigandi hátt. Og ef hin fyrirhugaða skrifstofa yrði ein um að annast milligöngu þeirra við landsmenn, þá mundu ómakslaun hennar hrökkva mjög langt til þess að standast kostnað hennar af öðru en auglýsingum.

En kostnaðurinn við þær yrði líka óhjákvæmilega mikill, ef þær ættu verulega að koma að gagni. Og þar sem enn er svo skammt á veg komið allri skipun þessara mála, þá verður ekki undan því komizt að draga þetta fé inn með einhverskonar skatti. Að öllu samanlögðu þykir eðlilegast eins og nú standa sakir, að sá skattur verði greiddur af ferðalögum á landi á þann hátt, að 5% falli á farseðla með áætlunarferðum.

Ekki er nauðsynlegt að leiða að því rök, að í framtíðinni eru það ekki sízt bílaeigendur, sem gróða hljóta af auknum ferðamannastraum, flutningum

ferðamanna um landið og þeim auknu viðskiptum, sem af þeim stafa í landinu. Og þess er að vænta, að skattur þessi þurfi ekki að verða til þess að hækka fargjöldin í landinu fyrir almenningi. Samkvæmt lögum verða menn nú að sækja um sérleyfi til mannflutninga í áætlunarferðum, og eftirspurnin eftir þeim sérleyfum er svo mikil, að telja má áreiðanlegt, að ríkisstjórnin, sem sérleyfin veitir, geti auðveldlega séð um, að fyrir fólksflutningunum yrði vel séð, þótt ágóði af þeim lækkaði sem svaraði 5%. Er því í raun og veru ekki um annað að ræða en að frestað er lækkun — sem svarar þessari hundraðstölu —, sem annars mundi að öllum líkindum framkvæmd.

Áætlað er, að skattur þessi nemi nálægt 50 þús. kr. á ári, eftir reynslu undanfarandi ára um brúttótekjur af mannflutningum í bílum, eftir því sem skattstofan hefir upplýst. Þetta fé mundi gera kleift að hefja þetta starf, sem stefnt er að með frumvarpi þessu, svo að gagni kæmi þegar frá upphafi.

Nd. 505. Breytingartillögur

við frv. til l. um erfðaábúð og óðalsrétt.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Við 10. gr.
   a. Í stað orðanna „gera jörð sína að ættaróðali, ef þessi“ komi: ákveða erfðaábúð á jörð sinni (með húsum og mannvirkjum) eftir lögum þessum, ef eftirfarandi.
   b. Í stað orðanna „hún ... óðalsréttinn“ í c-lið komi: erfðaábúð er ákveðin á henni, enda öðlist ábúandi erfðaábúðina.
   c. Í stað orðanna „jörðin sé gerð að ættaróðali“ komi: ákveða megi erfðaábúð á jörðinni.
2. Við 11. gr.
   a. Í stað orðanna „gert jörð sína að ættaróðali“ komi: ákveðið erfðaábúð á jörð sinni samkvæmt lögum þessum.
   b. Í stað „(óðalserfingi)“ komi: (erfingi ábúðarréttarins).
3. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Eignir ábúanda og konu hans, aðrar en jörðin og fylgifé hennar, erfast samkvæmt ákvæðum erfðalaganna.
4. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Nú á ábúandi og kona hans fleiri en eitt barn, og skal þá því af börnunum, er ábúðina hlaut, skylt að framfæra foreldra sína, ef með þarf. Sama skylda hvílir á fóstur- eða kjörbörnum.
5. Við 14. gr. Í stað „ættaróðali“ komi: jörðinni — og í stað „ættaróðalsins“ komi: jarðarinnar.
6. Við 15. gr. Í stað „óðalsbóndi“ komi: ábúandi — og í stað „óðalsins“ komi: jarðarinnar.

7. Við 16. gr. Greinin orðist svo:

Nú er erfðaábúð ákveðin á jörð samkvæmt lögum þessum, og skal þá skylt að láta fylgja henni hlunnindi og annað það, er jörðinni hefir fylgt og jarðareigandi á. Ennfremur afurðir, sem framleiddar eru á jörðinni og eru nauðsynlegar við búreksturinn, svo sem áburð, hey o. fl. Jarðeigandi skal auk þess láta fylgja jörðinni skjöl, er varða jörðina frá fyrri tíð, ef einhver eru í hans vörzlum.

8. Við 17. gr.

a. Í stað orðanna „gera jörð sína að ættaróðali“ komi: ákveða erfðaábúð á jörð sinni samkvæmt lögum þessum.

b. 2. málsgr. orðist svo:

Nú telur sýslumaður, að fullnægt sé ákvæðum laganna til þess að stofna megi til erfðaábúðar á jörðinni, og skal þá færa nafn hennar inn á sérstaka skrá yfir þær jarðir í eign einstakra manna, sem eru í erfðaábúð samkvæmt lögum þessum. Tilgreina skal þáverandi fasteignamat jarðarinnar, jarðarverð sér og húsaverð sér, svo og tölur, er sýni stærð ræktaðs lands og meðaltal af afrakstri jarðarinnar síðustu þrjú árin.

9. Við 18. gr. Í stað „ættaróðalsins“ komi: jarðarinnar — og í stað „óðalinu“ komi: jörðinni.

10. Við 19. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er ábúanda að skipta jörðinni milli erfingja í tvö eða fleiri býli, enda fullnægi hin nýju býli ákvæðum 10. gr.

Þegar skipti eru ákveðin, skal gera landamerki milli hinna nýju býla, svo sem þörf krefur.

Áhvílandi veðskuldir skiptast milli hinna nýju býla í réttu hlutfalli við matsverð þeirra.

11. Við 20. gr. Greinin orðist svo.

Heimilt er ábúanda að taka lán með veði í jörðinni til húsabóta eða annara varanlegra umbóta á henni. Lán, sem þá hvíla á jörðinni, mega þó aldrei nema hærri upphæð en 100% af fasteignamatsverði landsins, en þó ekki yfir 50% af heildarmati jarðarinnar. Fylgifé má ekki veðsetja.

12. Við 21. gr. Greinin orðist svo:

Eigi má gera aðför að jörð, sem er í erfðaábúð, né selja hana til lúkningar skuldum, öðrum en áhvílandi veðskuld, sbr. 10. gr. e-lið og 20. gr., eða opinberum sköttum, er hvíla á eigninni sjálfri, og þó því aðeins, að ábúandi eigi ekki aðrar eignir, sem aðför verði gerð í. Sama gildir um fylgifé jarðarinnar.

13. Við 22. gr. Í stað „ættaróðali“ komi: erfðaábúðarjörð, — í stað „óðalið“ komi: ábúðina, — og í stað „óðalserfingjum“ komi: erfingjum.

14. Við 23. gr. Greinin orðist svo:

Nú treystist enginn, sem rétt hefir til ábúðar, til að taka við henni, og skal jörðin þá falla til ríkissjóðs til fullrar eignar, og fer þá um ábúð á henni samkvæmt I. kafla laga þessara. En fylgifé erfist þá samkvæmt erfðalögum.

15. Fyrirsögn II. kafla verði:

Um jarðir í eign einstakra manna.

16. Við 24. gr.
    a. 1. málsgr. orðist svo:
    Réttur til ábúðar á jörðum þeim, er um ræðir í lögum þessum, þar með talin hús og mannvirki, sem ættin á á jörðinni, erfist sem hér segir.
    b. Niður falli úr greininni:
    1. Úr 2. tölul.: „eða óðals“.
    2. Úr 3. tölul.: „eða óðals“.
    3. Úr 6. tölul.: „eða óðalsréttar“.
    4. Úr 7. tölul.: „eða óðals“.
    5. Úr 9. tölul.: eða óðals“.
    c. 8. tölul. orðist svo:
    Nú deyr erfingi ábúðarréttar, samkv. II. kafla laga þessara, ókvæntur og barnlaus og hefir ekki tekið kjörbarn, og öðlast þá systkin hans ábúðarréttinn í réttri aldursröð. Nú eru systkinin dáin, og fellur þá rétturinn til barna þeirra eftir sömu reglum.
17. Fyrirsögn III. kafla verði:
    Erfðaréttur.
18. Við 26. gr. Greinin orðist svo:
    Réttur ábúanda til jarðar og fylgifjár, samkvæmt II. kafla laga þessara, gengur til næsta ábúðarerfingja hans:
    a. Eyði hann fylgifé jarðarinnar.
    b. Greiði hann ekki samningsbundna vexti og afborganir af þeim skuldum, sem á jörðinni hvíla, svo það leiði til sölu.
    c. Telji hann sér heimili annarsstaðar en á ábúðarjörð sinni eða hætti að reka þar búskap.
    d. Ef hann að dómi Búnaðarfélags Íslands situr jörðina svo illa, að það myndi varða útbyggingu eftir ábúðarlögum.
19. Við 27. gr. Í stað orðanna „ef þær ... fer fram“ í fyrri málsgr. komi: ef jafnframt er ákveðin á þeim erfðaábúð samkvæmt II. kafla laga þessara, þegar sala fer fram.
20. Fyrirsögn IV. kafla verði:
    Hvernig menn missa ábúðarrétt.
21. Fyrirsögn frv. verði:
    Frumvarp til laga um erfðaábúð.

Ed. 506. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 76 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Flm.: Ingvar Pálmason, Sigurjón Á. Ólafsson.

1. Á eftir 3. gr. komi þrjár nýjar greinar, er verði 4., 5. og 6. gr., svo hljóðandi:
    a. (4. gr.) 13. gr. laganna orðist svo:
    Stofna skal sjóð, er nefnist fiskimálasjóður, og skal hann vera undir

umsjón atvinnumálaráðherra. Fé sjóðsins skal verja samkv. ákvæðum 14. gr. laga þessara.

Afla skal sjóðnum tekna sem hér segir:

Ríkisstjórninni er heimilt að verja úr ríkissjóði allt að 1 milljón króna, og heimilast henni að taka þá upphæð að láni, eða jafngildi hennar í erlendri mynt.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt, meðan takmarkaður er innflutningur á íslenzkum fiski til eins eða fleiri markaðslanda, að ákveða, að við útflutning fisks og fiskafurða, annara en síldarafurða, skuli greiða gjald í sjóðinn, er nemi ½—¾ — hálfum til þrem fjórðu — af hundraði af verðmæti þeirra, miðað við fob-verð. Þó getur ríkisstjórnin ákveðið að undanskilja fisk og fiskafurðir, sem sendar eru til útlanda í tilraunaskyni. Kostnaður við störf fiskimálanefndar greiðist eingöngu af þessu gjaldi.

Við aðrar greiðslur úr fiskimálasjóði skal gæta þess, að minnst jafnhátt framlag komi af þeim hluta sjóðsins, er ríkissjóður leggur fram, og þeim hluta, er greiðist af útfluttum fiskafurðum ár hvert.

Skilagrein fyrir því, hvernig sjóðnum er varið, skal árlega fylgja landsreikningi.

b. (5. gr.) 14. grein laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að veita stofnunum, einstaklingum og félögum lán eða styrk úr fiskimálasjóði til þess, er hér greinir:

1. Að stunda veiði með nýjum aðferðum eða leita nýrra aflamiða.
2. Að verka fisk eða aðrar sjávarafurðir með nýjum aðferðum, svo sem með herðingu, hraðfrystingu, niðursuðu o. fl.
3. Að gera tilraunir með útflutning og sölu sjávarafurða á nýja markaðsstaði, svo og til að auka sölu þeirra á hinum eldri.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef henta þykir, að fela fiskimálanefnd einni ýmsar framkvæmdir samkvæmt framanskráðu, eftir nánari fyrirmælum ráðherra í hvert sinn.

Fiskimálanefnd annast um veitingu lána og styrkja úr fiskimálasjóði samkv. þessari grein, eftir reglum, er ríkisstjórn setur, að fengnum tillögum fiskimálanefndar, og mega lánin vera vaxtalaus um ákveðið árabil.

c. (6. gr.) 15. gr. laganna orðist svo:

Lög nr. 75 29. des. 1934, um markaðs- og verðjöfnunarsjóð, og 1. gr. laga nr. 79 16. apríl 1935, um breyting nokkurra laga, sem varða sölu og meðferð íslenzkra afurða, eru úr gildi felld.

2. 4. gr. verður 7. gr. og orðist svo:

15. gr. laganna verður 16. grein og hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal að lokinni staðfestingu færa texta þessara breytinga inn í meginmál laga nr. 76 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., og gefa út sem ný lög.

3. Á eftir 4. gr., sem verður 7. gr., komi ný grein, er verður 8. gr., svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Fé því, sem til kann að vera í markaðs- og verðjöfnunarsjóði eftir að sjóðurinn hefir innt af hendi áhvílandi skuldbindingar, skal varið til verðjöfnunar milli fiskútflytjenda, en síðan, ef enn verður afgangur, skipt milli þeirra í réttu hlutfalli við greiðslur þeirra í sjóðinn. Núverandi stjórn markaðs- og verðjöfnunarsjóðs annast úthlutun þesssa.

Ed. 507. Þingsályktun

um drykkjumannahæli.

(Afgreidd frá Ed. 8. nóv.).

Samhljóða þskj. 197.

Ed. 508. Þingsályktun

um uppeldisstofnun fyrir vangæf börn og unglinga.

(Afgreidd frá Ed. 8. nóv.).

Samhljóða þskj. 198.

Ed. 509. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um ríkisútgáfu skólabóka.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Jón Baldvinsson.

1. Í stað 1. gr. frv. komi 2 nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (1. gr.). Ráðherra gefur út, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, skrá yfir námsbækur þær, sem nauðsynlegar eru til barnafræðslunnar í landinu, þannig, að uppfylltar verði kröfur fræðslulaganna. Í skránni skal greina, til hverra námsgreina bækurnar skuli ná og hverjar kröfur skuli gera um efni og efnismeðferð hverrar bókar.
   b. (2. gr.). Ríkið gefur út allar námsbækur, sem nauðsynlegar eru til barnafræðslunnar í landinu samkvæmt skrá þeirri, er um getur í 1. grein, og dreifir þeim út á meðal allra skólaskyldra barna í landinu, hvorttveggja í samræmi við ákvæði þessara laga.
2. Aðra grein frv., sem verður 3. gr., skal orða svo:
   Ritstjórn námsbóka þeirra, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, annast þriggja manna nefnd: fræðslumálastjóri, sem er formaður nefndarinnar, og tveir menn, tilnefndir til fjögra ára í senn, annar af stjórn Sambands íslenzkra barnakennara, en hinn af ráðherra. Ritstjórnin velur

bækur til útgáfu í samræmi við skrá þá, er um getur í 1. gr., og er útgefandanum (sbr. 4. gr.) að öðru leyti til aðstoðar og ráðuneytis um allt, er útgáfuna varðar. Sérstaklega lætur ritstjórnin til sín taka samninga um útgáfurétt og ritlaun, eintakafjölda upplaga, svo og að allur frágangur á bókunum verði sem hagkvæmastur. Ráðherra er heimilt að ákveða ritstjórninni þóknun fyrir störf hennar, og telst sú þóknun til kostnaðar við útgáfu námsbókanna.

3. Í stað 3., 4. og 5. gr. frv. komi 3 nýjar greinar (4.—6. gr.), svo hljóðandi:
   a. (4. gr.). Ríkisprentsmiðjan annast útgáfu námsbóka þeirra, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Hún annast prentun þeirra, bókband og útsendingu. Forstöðumaður ríkisprentsmiðjunnar annast framkvæmdir starfa fyrir ritstjórnina.
   b. (5. gr.). Í tæka tíð fyrir byrjun hvers skólaárs senda skóla- og fræðslunefndir, hver úr sínu skóla- eða fræðsluhéraði, ríkisprentsmiðjunni greinargerð um, hverjar og hve margar námsbækur muni þurfa handa skólaskyldum börnum í héraðinu á skólaári því, er í hönd fer. Greinargerðinni skal fylgja skýrsla yfir tölu skólaskyldra barna héraðsins, og skal þess getið, á hve mörgum heimilum hin skólaskyldu börn séu. Ríkisprentsmiðjan sendir síðan öllum skóla- og fræðslunefndum nægan námsbókaforða til skólaársins.

      Ríkisprentsmiðjan og ritstjórnin setja nánari reglur um tilhögun á útsendingu námsbókanna, til tryggingar því, að hvergi verði skortur á námsbókum, og til varnar því, að upplögunum verði eytt í óhófi.
   c. (6. gr.). Ríkissjóður greiðir ríkisprentsmiðjunni kostnað við útgáfu og útsendingu námsbóka þeirra, sem ríkisprentsmiðjan gefur út samkvæmt þessum lögum. Skal sú greiðsla nema réttu kostnaðarverði.
4. Sjöttu gr. frv., sem verður 7. gr., skal orða svo:

   Til þess að standast kostnaðinn við útgáfu námsbóka þeirra, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, lætur ríkissjóður innheimta með öðrum skatttekjum sínum námsbókagjald af hverju heimili, þar sem er skólaskylt barn, eitt eða fleiri. Námsbókagjaldið skal nema 5 krónum á heimili, og má innheimta það með lögtaki. Geti framfærandi skólaskylds barns ekki greitt námsbókagjaldið, skal það greiðast úr sveitarsjóði, sem önnur gjöld til skólahalds.

   Nú nægja ekki greidd námsbókagjöld til að standast áfallinn útgáfu- og útsendingarkostnað, og er þá ráðherra heimilt að taka lán til útgáfunnar með allt að 6% ársvöxtum, er síðar verður greitt af námsbókagjöldum, ef þau hrökkva til. Ef afgangur verður hinsvegar af námsbókagjöldum, að greiddum útgáfu- og útsendingarkostnaði, skal hann lagður í sérstakan sjóð, námsbókasjóð, til eflingar útgáfunni, og skal sjóðurinn vera í vörzlum fjármálaráðherra.
5. Á eftir 6. gr. frv., sem verður 7. gr., koma 4 nýjar greinar (8.—11. gr.), svo hljóðandi:
   a. (8. gr.). Skólanefndir og fræðslunefndir fela skólastjórum við fasta skóla og umferðakennurum við umferðakennslu að útbýta námsbókum þeim,

sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, ókeypis á meðal skólaskyldra nemenda sinna, eftir þörfum þeirra, en gæta skulu þeir alls hófs um eyðslu bókaforðans og ganga ríkt eftir því, að nemendurnir fari vel með bækurnar, enda taki eitt barnið við af öðru á sama heimili um notkun námsbókanna. Um allt þetta má setja nánari ákvæði í reglum þeim, er um getur í 5. grein.

b. (9. gr.). Námsbækur þær, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, mega ekki án heimildar ráðherra ganga kaupum og sölum, að viðlögðum sektum, 10—100 krónum, enda skal þess getið með greinilegri áletrun á hverju eintaki.

c. (10. gr.). Ráðherra skal, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út eða útvega og útbýta til skólaskyldra barna á sama hátt sem námsbókum þeim, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, öðrum skólanauðsynjum, svo sem forskriftarbókum, stílabókum, teiknibókum, vinnubókum, pappír og ritföngum, enda sýni það sig, að greidd námsbókagjöld hrökkvi fyrir slíkum viðbótarkostnaði.

d. (11. gr.). Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, að leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út námsbækur í lestri fyrir byrjendur og aðrar bækur til smábarnakennslu, til undirbúnings hinni opinberu barnafræðslu, og útbýta þeim á tilsvarandi hátt við það, sem fyrir er mælt um aðrar námsbækur, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Ráðherra leggur ekki fyrir ríkisprentsmiðjuna að hefja þessa útgáfu fyrr en jafnóðum og að svo miklu leyti sem greidd námsbókagjöld hrökkva fyrir kostnaðinum.

6. Fyrsti málsl. 7. gr. frv. verður sérstök (12.) gr. og orðist svo:

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, að leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út fleiri eða færri námsbækur og aðrar skólanauðsynjar fyrir nemendur annara almennra skóla en barnaskóla og útbýta þeim á sama hátt sem námsbókum til barnafræðslunnar, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Ráðherra leggur ekki fyrir ríkisprentsmiðjuna að hefja þessa útgáfu fyrr en jafnóðum og að svo miklu leyti sem greidd námsbókagjöld hrökkva fyrir kostnaðinum, en jafnframt því, sem útgáfa námsbóka er hafin samkvæmt þessari grein, er ráðherra heimilt að ákveða, að námsbókagjöld þau, sem innheimt eru samkvæmt 7. grein, skuli hækka á hverju því heimili, þar sem er nemandi, einn eða fleiri, í almennum skóla, öðrum en barnaskóla, enda gangi útgáfa þeirra námsbóka fyrir, sem sameiginlegar geta verið sem flestum skólum. Ráðherra hækkar námsbókagjaldið samkvæmt þessari grein smátt og smátt, eftir því sem útgáfan er aukin samkvæmt henni, en aldrei má námsbókagjaldið nema meiru en 10 krónum á heimili. Af heimili, þar sem er skólaskylt barn og jafnframt nemandi í öðrum skóla en barnaskóla, skal aðeins tekið hið hærra námsbókagjald. Ráðherra setur sérstakar reglur til tryggingar því, að hið hærra námsbókagjald innheimtist með skilum af hverju gjaldskyldu heimili.

7. Á eftir 1. málsl. 7. gr. frv., sem verður 12. gr., kemur ný (13.) gr., svo hljóðandi:

   Um afskipti fræðslumálastjórnarinnar, ritstjórn, útgáfu, útsendingu og dreifingu námsbóka þeirra og skólanauðsynja, sem um getur í 10., 11. og 12. grein, fer að öllu leyti á tilsvarandi hátt við það, sem fyrir er mælt um námsbækur handa skólaskyldum börnum, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum.

8. Síðari tveir málsl. 7. gr. frv. verða sérstök (14.) gr. og orðast svo:

   Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, að fela ríkisprentsmiðjunni að gefa út eða útvega og selja við kostnaðarverði til almennra skóla landabréf, veggmyndir og aðrar slíkar skólanauðsynjar.

9. Áttundu gr. frv., sem verður 15. gr., skal orða svo:

   Nú eru fyrir á markaðinum námsbækur, sem að dómi ritstjórnarinnar fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru til slíkra námsbóka í skrá þeirri, er um getur í 1. grein, og er þá ríkisprentsmiðjunni heimilt, í samráði við ritstjórnina, að semja um kaup á upplögum þeirra bóka við því verði, er miðað sé við kostnaðarverð ríkisprentsmiðjunnar, ef hún gæfi bækurnar út samkvæmt þessum lögum. Leita skal staðfestingar ráðherra á öllum slíkum kaupsamningum. Um námsbækur þær, sem keyptar hafa verið samkvæmt þessari grein, gilda að öllu leyti sömu reglur sem um námsbækur þær, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Þó nær bann 9. greinar við sölu bókanna ekki til annara eintaka en þeirra, sem ríkisprentsmiðjan hefir látið úti og letrað á slíkt bann.

10. Níundu gr. frv., sem verður 16. gr., skal orða svo:

    Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skal skólaskyldum börnum þegar séð fyrir ókeypis námsbókum frá og með skólaárinu 1936—1937.

11. Fyrirsögn frv. skal orða svo:

    Frv. til l. um ríkisútgáfu námsbóka.

Greinargerð.

Með þessum tillögum er farið fram á þá höfuðbreytingu á frumvarpinu, að námsbókum þeim, er ríkið gefur út, verði úthlutað ókeypis til þeirra, sem þær þurfa að nota, en kostnaðinum verði náð upp með lágum skatti á hvert heimili, sem þessara hlunninda verða aðnjótandi, og verða hér leidd rök að því, að unnt sé að gefa þannig út nægan forða námsbóka til fullnægingar kröfum fræðslulaganna fyrir svo lágt árgjald á heimili, að smámuni eina megi telja, jafnvel miðað við þau útgjöld, sem heimili með aðeins einu skólaskyldu barni þurfa nú á sig að leggja í þessu skyni, hvað þá ef miðað er við barnafólk. En til þess er ætlazt, að skatturinn, námsbókagjaldið, verði jafnhátt á hverju heimili, án tillits til barnafjölda.

Fræðslumálastjórinn hefir gert skrá yfir þær námsbækur, sem nú eru notaðar við barnafræðsluna og hann telur fullnægja kröfum fræðslulaganna. Þær eru 15 að tölu og kosta samtals í útsölu kr. 43.75, eða nærri 11 krónur á ári fyrir heimili með einu skólaskyldu barni, miðað við skólaskyldu yfir fjögra ára tíma-

bil. Hér í Reykjavík, þar sem skólaskyldan er 6 ár, er þessi kostnaður rúmlega kr. 7.00 á ári á eitt barn, og þar sem skólaskyldan er lengst í landinu, 7 ár, rúmlega kr. 6.00. Og er hér ekki tekið tillit til hinna tíðu og óvinsælu skipta á kennslubókum, sem hleypa kostnaðinum geipilega fram.

Þessar 15 bækur hafa nú verið lagðar fyrir forstöðumann ríkisprentsmiðjunnar, og hefir hann gert áætlun um kostnað við útgáfu slíkra bóka í nægilega stórum upplögum að dómi fræðslumálastjóra, til að endast öllu landinu í 3 ár, þ. e. hverja bók í 6000 eintökum. Hann hefir miðað við samskonar eða ekki síðri frágang á bókunum en nú er, gerir ráð fyrir, að ritlaun yrði að borga á hverja örk með kr. 100.00—200.00, að myndamót yrði að kaupa eða láta búa til, að bandið yrði samskonar og nú er á bókunum, að pappírsverð yrði eins og það, sem nú er fáanlegt í jafnstórum kaupum og hér yrði um að ræða, og að prentkostnaður yrði greiddur við nú tíðkanlegu verði án nokkurrar sérstakrar ívilnunar. Á þennan hátt áætlar hann kostnaðinn við útgáfu þessara 15 bóka í samtals 90 þúsund eintökum á kr. 100000.00, og telur hann þessa áætlun ekki óvarlega. Ef ríkisprentsmiðjan tæki að sér forsjá útgáfunnar og útsendingu bókanna, eins og gert er ráð fyrir, telur hann réttara að ætla henni aukreitis í því skyni um kr. 3000.00 á ári, og yrði þá þriggja ára kostnaður við að sjá öllum skólaskyldum börnum í landinu fyrir námsbókum allt að kr. 110000.00, eða innan við kr. 37000.00 á ári.

Kostnaðurinn á hvert eintak í þessari útgáfu, komið í hendur notanda, yrði samkvæmt þessu um kr. 1.20, eða á allar 15 bækurnar rúmlega kr. 18.00, í stað kr. 2.90 á bók og samtals kr. 43.75 nú. Þegar búið væri að selja þann þriggja ára forða, sem hér hefir verið áætlaður, 6000 eintök af hverri bók, við því verði, sem nú tíðkast, væri almenningur búinn að tína út fyrir þær kr. 262500.00, eða rúmlega kr. 150000.00 meira en kostnaðarverðið, sem engir smámunir eru, þegar tekið er tillit til þess, að þyngst skella þessi útgjöld á fátækustu barnafjölskyldunum í landinu.

Þá er komið að tekjuöfluninni til þessa fyrirtækis, námsbókagjaldinu. Fræðslumálastjórinn skýrir frá því, að 12000 skólaskyld börn séu í landinu. Greinilegar skýrslur liggja ekki fyrir um, frá hve mörgum heimilum þessi skólaskyldu börn eru. Brynjólfur Stefánsson forstjóri hefir gizkað á, að tala skólaskyldra barna á heimili sé einhversstaðar á milli eins og tveggja, og kemur þetta heim við álit fræðslumálastjóra. Próftalning í 8 skólum, bæði í kaupstöðum og til sveita, víðsvegar um landið, sem farið hefir fram síðustu daga, bendir á, að ekki komi fleiri börn á heimili en í hæsta lagi 1,5. Eftir því ættu skólaskyld börn að vera á að minnsta kosti 8000 heimilum, sem þá yrðu sköttuð námsbókagjaldi samkvæmt þessum tillögum. Kr. 5.00 skattur á heimili, sem fyrirhugaður er, ætti því að gefa um kr. 40000.00 árlegar tekjur, eða nokkurn tekjuafgang eftir þriggja ára starfsemi þessarar útgáfu.

Rekstrarafgangurinn gæti og vel orðið meiri en hér er gert ráð fyrir, því að ekki er ótrúlegt, að úr framleiðslukostnaðinum, eins og hann er hér áætlaður, megi verulega draga, að minnsta kosti þegar frá líður. Má nefna þetta til: Með hagkvæmari skipulagningu útgáfunnar má ef til vill draga nokkuð úr arkafjöldanum. Með því að hafa allar bækurnar í sama broti og samskonar bandi, má

vafalaust lækka bókbandskostnaðinn svo að verulegu nemi. Af sumum bókunum mætti hafa upplögin miklu stærri, þ. e. gefa þær út til fleiri ára í senn en þriggja, eða þá að láta letur standa á milli upplaga, sem drjúgan sparnað getur haft í för með sér. Ritlaun þarf ekki endalaust að borga af hverri örk, o. s. frv., o. s. frv. Fræðslumálastjóri telur og ríflega vera gert fyrir eintakafjölda upplaga (6000), þannig, að ekki sé ólíklegt, að sumar bækurnar að minnsta kosti endist drjúgt lengur en í 3 ár, einkum er frá líður og heimilin hafa verið birgð að bókum.

Það, sem sparazt getur á þennan hátt eða annan, verður að vísu ekki látið liggja aðgerðalaust í sjóði, en notað til eflingar og aukningar fyrirtækinu, svo sem til að bæta bækurnar að efni og frágangi, fjölga þeim eða til að útbýta ókeypis meðal skólaskyldra barna öðrum skólanauðsynjum en prentuðum bókum, eins og brtt. 5. c. gerir ráð fyrir.

Sérstök athygli skal vakin á því, að með stofnun þessa fyrirtækis er ekki ætlazt til, að sett verði upp nein ný ríkisskrifstofa með þeim útgjöldum, er slíku fylgir og mörgum er eðlilega þyrnir í augum. Ríkisprentsmiðjan annast þetta allt mjög á svipaðan hátt og aðra útgáfustarfsemi fyrir ríkið. Ritstjórnin verður þriggja manna nefnd, sem aðeins á að hafa með höndum að meta það, hverjar bækur skuli velja til útgáfu, og vera ríkisprentsmiðjunni til ráðuneytis, aðallega um frágang bókanna. Eiga störf hennar mjög lítinn aukakostnað að hafa í för með sér, enda hefir hún ekkert sérstakt skrifstofuhald, og er sá kostnaður talinn með í öðrum kostnaði, eins og hann er reiknaður hér að framan.

Gert er ráð fyrir því í þessum tillögum, eins og í frumvarpinu, að námsbókaupplög einstakra manna, sem fyrir eru á markaðinum, verði keypt af ríkisútgáfunni að svo miklu leyti, sem bækurnar svara kröfum fræðslumálastjórnarinnar, og við því verði, er ríkisútgáfan sé skaðlaus af, enda vilji eigendurnir láta þær af hendi.

Það er að athuga, að með samþykkt þessara tillagna er ekki lögleidd nein einokun á útgáfu námsbóka, ekki heldur löggiltra námsbóka til barnafræðslunnar. Tilgangurinn er, að sjá fyrst og fremst öllum skólaskyldum börnum að því er kalla má ókeypis fyrir þeim námsbókum, sem á hverjum tíma eru nauðsynlegar að mati fræðslumálastjórnarinnar. Ef fólk vill kaupa aðrar bækur eða fleiri bækur, er það hverjum einum frjálst og þá vitalaust að hafa þær á boðstólum.

Nd. 510. Breytingartillögur

við frv. til laga um erfðaábúð og óðalsrétt.

Frá Jóni Sigurðssyni.

1. Við 19. gr. 1. málsgr. orðist svo:

   Heimilt er eiganda ættaróðals að skipta því milli erfingja í tvö eða fleiri býli. Þess skal þó gætt, að land hins upphaflega ættaróðals verði aldrei minna virði en land jarðarinnar var þegar ættaróðalið var stofnað.

2. Við 24. gr. 6. lið. Aftan við liðinn bætist:
Á umráðamanni (eftirlifandi maka óðalserfingja eða lögráðamanni) hvíla sömu skyldur gagnvart óðalinu og á óðalsbónda meðan hann fer með það.
3. Við 24. gr. 10. lið. Aftan við liðinn komi:
Nú er óðalsbóndi eða kona hans síðasti maður, er erfðarétt hefir til óðalsins, eða enginn af þeim, er rétt hafa til óðalsins, treystist að taka við því, er þau bregða búi eða að þeim látnum, og er þá óðalsbónda og konu hans heimilt að gefa óðalið, enda verði það ættaróðal þiggjanda.

Nd. 511. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 62 28. janúar 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

1. gr. laganna hljóði svo:

Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi 6 farþega, nema hafa til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni. Slíkt sérleyfi þarf og til þess að hafa á hendi fastar ferðir eða áætlunarferðir til fólksflutninga með bifreiðum, er rúma 6 farþega eða færri. Nú verður ágreiningur um, hvað skuli telja fastar ferðir eða áætlunarferðir, og sker þá póstmálastjóri úr. Úrskurði þessum má áfrýja til atvinnumálaráðherra.

Póstmálastjórninni er heimilt að nota eigin bifreiðar á þeim leiðum, er henni þykir henta, enda fullnægi bifreiðar hennar settum reglum fyrir sérleyfishafa.

Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga endrum og sinnum með bifreiðum, sem skráðar eru til vöruflutninga, enda sé umbúnaður þeirra til öryggis og þæginda farþegum samkvæmt reglum, er ráðherra setur, og hafi bifreiðarstjóri þeirra rétt til að stýra leigubifreið til fólksflutninga.

Ráðherra getur undanþegið frá sérleyfisskyldu á vissum leiðum vörubifreiðar, er flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, en rúma auk þess allt að 8 farþegum, enda fullnægi þær að öðru leyti settum reglum fyrir fólksflutningum. Undanþágan skal veitt til ákveðins tíma í senn. Ennfremur er póstmálastjórninni heimilt að undanskilja sérleyfi fólksflutningsferðir endrum og sinnum á héraðsmót, fjölsóttar skemmtanir, hópferðir o. þ. l.

2. gr.

g-liður 5. gr. laganna orðist svo:

að bifreiðarstjórar á bifreiðum, er lög þessi ná til, fullnægi skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um æfingu við akstur o. fl. til öryggis farþegum.

3. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný gr., er verði 8. gr., svo hljóðandi:

Nánari ákvæði um skipulagningu fólksflutninga með bifreiðum setur ráðherra í reglugerð, að fengnum tillögum póstmálastjóra.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum atvinnumálaráðherra. Það er samið af póst- og símamálastjóra, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

Við framkvæmd á lögum nr. 62 28. jan. 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, hafa komið í ljós þeir annmarkar, að á sumum sérleyfisleiðum hafa einstöku bílstjórar með 6 (eða 7) sæta vagna tekið upp samkeppni í fólksflutningum við sérleyfisbílana, og virðist sjálfsagt að breyta þessu þannig, að allir bílar, sem halda uppi föstum fólksflutningsferðum, séu sérleyfisskyldir.

Þá hefir einnig komið fyrir, að t. d. eigandi 18-sæta fólksflutningsvagns hefir tekið burt 4 öftustu sætin (1 bekk) og tjáð sig flytja meðfram framleiðsluvörur bænda, en þó ekið aðallega með fólk, og það sérleyfislaust, á leið, sem annar hefir haft sérleyfi á. Til þess að forðast árekstur í þessum efnum, álít ég heppilegast, að sú breyting sé á gerð, að til fólksflutninga með bifreiðum, er flytja að jafnaði framleiðsluvörur bænda, þurfi undanþágu póststjórnar eða ráðherra frá sérleyfisskyldu, og að þessi undanþága verði bundin við visst hámark sætafjölda, og að bifreiðarnar séu skráðar til vöruflutninga, sem vitanlega á að vera aðalstarf þeirra.

Þá þykir rétt, að undanskilja megi sérleyfi fólksflutningsferðir endrum og sinnum á héraðsmót, fjölsóttar skemmtanir, hópferðir o. þ. l., enda hefir sú heimild verið sett í auglýsingu um almenna skilmála fyrir sérleyfum til fólksflutninga með almenningsbifreiðum, útgefinni af ráðherra 15. maí 1935, en viðkunnanlegra er og ef til vill nauðsynlegt, að hún standi í lögunum.

g-liður 5. gr. Þar sem 6-sæta og minni fólksflutningsvagnar, er aka í föstum ferðum eða áætlunarferðum, verða sérleyfisskyldir með framangreindri breytingu, virðist rétt að breyta þessum lið í samræmi við það.

Ný 8. gr. Í núgildandi lögum vantar heimild handa ráðherra til að gefa út reglugerð, er kveði nánar á um ýms atriði viðvíkjandi skipulagningunni á fólksflutningum með bifreiðum, er óhjákvæmilegt er, að sú heimild sé til. Af þessum ástæðum mun hinn 15. maí 1935 hafa verið gefin út „Auglýsing um almenna skilmála fyrir sérleyfum til fólksflutninga með almenningsbifreiðum“ og tekin þar upp sum nauðsynleg ákvæði, sem þó er vafasamt, hvort hafa stoð í lögum, með því að reglugerðarheimildina vantar í lögin.

Nd. 512. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Þorbergi Þorleifssyni og Gísla Sveinssyni.

Framan við frv.greinina komi:

Fyrir orðin í 2. gr. A. 1. „Lón að Lónsheiði“ komi: Lón um Hraunkotskletta að Lónsheiði.

Nd. 513. Nefndarálit

um frumv. til l. um búreikningaskrifstofu ríkisins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir, eftir að hafa athugað frumvarpið, orðið ásátt um að leggja til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum. Einn nefndarmaður, Guðbr. Ísberg, hefir þó sérstöðu í málinu og óbundið atkvæði um afgreiðslu þess.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Stofna skal og starfrækja búreikningaskrifstofu undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands. Skal það fela ákveðnum manni stjórn hennar og leggja honum til aðstoð og starfsfé, svo sem nauðsyn ber til.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkissjóður skal endurgreiða Búnaðarfélagi Íslands kostnað við búreikningaskrifstofu, en þó má sá kostnaður ekki fara fram úr 3000 kr. á ári.
3. Við 3. gr.
   a. 1. töluliður orðist svo: Að leiðbeina bændum með færslu búreikninga og stuðla að því, eftir því sem við verður komið, að bændur færi sem gleggsta reikninga um búrekstur sinn.
   b. Í stað „búreikningafélögum“ í 2. tölul. komi: bændum, sem bundizt hafa félagsskap með færslu búreikninga.
   c. Í stað orðanna „öll svið“ í 3. tölul. komi: allar greinar.
   d. Í stað „búreikningafélaga“ í 5. tölul. komi: bænda, sem bundizt hafa félagsskap.
4. Við 4. gr. Síðasta málsgr. falli niður.
5. Við 5. gr. Greinin falli niður.
6. Við 6. gr. Greinin verði 5. gr.
7. Eftir 6. gr. komi ný grein, er verði 6. gr. og orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1936.

Alþingi, 9. nóv. 1935.

Bjarni Ásgeirsson, form. Páll Zóphóníasson, fundaskr., frsm. Emil Jónsson.

Jón Pálmason. Guðbr. Ísberg.

Nd. 514. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 46 19. maí 1930, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Emil Jónsson, Sigurður Einarsson, Finnur Jónsson, Páll Þorbjörnsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jónas Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgr., er orðist svo:

IV. Hundraðsgjald það af útfluttum afurðum, er nú rennur í Ræktunarsjóð, skal renna í Fiskveiðasjóð Íslands jafnskjótt og framlag til Ræktunarsjóðs samkvæmt lögum nr. 11 29. maí 1925 hefir numið 1 milljón króna.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Fiskveiðasjóði er heimilt að gefa út handhafavaxtabréf, og má hann jafnan hafa í umferð bréf, er nemi allt að 3 milljónum króna að nafnverði. Bréf þessi skulu tryggð með stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um stærð bréfanna, útlit, útdrátt og aðra meðferð þeirra, í reglugerð sjóðsins. Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til kaupa á slíkum bréfum, allt að 3 milljónum króna, enda skal svo til haga um vexti bréfanna, verð þeirra og tímalengd útlána, að ríkissjóður verði skaðlaus af.

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal sjóðs Brunabótafélags Íslands, sjóðs Slysatryggingar ríkisins, svo og annara sjóða, sem eru undir umsjón ríkisins, skal að nokkrum hluta verja til kaupa á handhafavaxtabréfum Fiskveiðasjóðs, og ákveður fjármálaráðherra árlega upphæðina, en þó má hún ekki nema minnu en 100000 krónum árlega í næstu þrjú ár.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Fé Fiskveiðasjóðs má eingöngu lána til:

a. Skipakaupa, allt að 60 smálesta, og séu skipin notuð til fiskiveiða. Þó má veita lán til kaupa á stærri skipum, ef fé er fyrir hendi.
b. Stofnunar og starfrækslu iðjufyrirtækja í sambandi við fiskiveiðar, svo og til hagnýtingar fiskúrgangi, íshúsa og kæliskipa.
c. Báta- og skipasmíða.

4. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist ný málsgr., er orðist svo:

c) Veita má skipasmið, er hérlendis smíðar skip til fiskiveiða, lán, er nemi allt að 25% af andvirði skipsins, enda láni hann skipseiganda féð til jafnlangs tíma og eigi með hærri vöxtum, og sé lán þetta tryggt með 2. veðrétti í skipinu, er komi næst á eftir 1. veðrétti, er eigi sé hærra en sem svari 50% af virðingarverði skipsins. Til tryggingar láni Fiskveiðasjóðs til skipa-

smiðs setur hinn síðarnefndi skuldabréf skipseiganda, að viðbættum öðrum tryggingum, er bankinn tekur gildar. Þessi lán má eigi veita til lengri tíma en 5 ára.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af skipulagsnefnd atvinnumála, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Ætlazt er til þess, að með frv. þessu verði náð tvennskonar tilgangi. Annarsvegar, að Fiskveiðasjóður Íslands aukist, og hinsvegar, að sami sjóður verði notaður í því skyni að gera að minnsta kosti smíði á minni skipum fiskiflota landsmanna innlenda.

Reikningar Fiskveiðasjóðs hafa ekki verið birtir opinberlega um nokkurt skeið undanfarið, en efnahagsreikningur hans var á þessa leið um síðustu áramót, samkvæmt skýrslu stjórnar sjóðsins til ríkisstjórnarinnar:

Eignir.		Skuldir.	
Útlán	1357520.82	Stofnsjóður	898302.79
Skuldabréf Rvíkurhafnar .	124000.00	Varasjóður	67754.26
Ríkisskuldabréf	1000.00	Veðtryggingarsj.	7884.17
Ýmsir viðskiptamenn	1950.00	Danskt lán dkr. @ 100/- .	916666.68
Innieign í Útvegsb. Ísl. ...	685893.23	Ýmsir viðskiptamenn	2011.85
		Gengisreikningur	243900.00
		Fyrirfram greiddir vextir .	33844.30
	2170364.05		2170364.05

Stofnsjóðurinn hefir vaxið töluvert frá því að hin nýja skipun var gerð á Fiskveiðasjóði, en eins og reikningarnir bera með sér, er meiri hluti þess fjár, er Fiskveiðasjóður hefir til umráða, lánsfé frá Danmörku. Lán þetta var upphaflega 1250000.00 krónur danskar, og varð það nokkuð yfir eina og hálfa milljón í íslenzkum krónum. En fall það, sem varð á dönsku krónunni nokkru eftir að lánið var tekið, olli því, að unnt var að setja á gengisreikning þá upphæð, sem efnahagsreikningurinn ber með sér. Lánið var upphaflega tekið um áramótin 1930 og '31, til 15 ára, og þarf því að greiða eftirstöðvar þess á 10 árum.

Eins og reikningurinn ber með sér, er innieign sjóðsins í Útvegsbankanum allverulegur hluti af fé því, sem sjóðurinn hefir til umráða.

Nú eru vextir bankans allmiklu lægri en greiða verður fyrir hið danska lán, sem veitt er gegn 5½% vöxtum. Er því beinlínis um tap að ræða á því fé, sem geyma verður á þennan hátt, og verður að líta svo á, sem um fullmikla gætni sé að ræða í útlánum sjóðsins, ef ekki reynist unnt að verja a. m. k. töluvert miklu af þessu fé, sem nú er geymt á sparisjóðsvöxtum, til aukningar fiskiflota landsmanna. Er þess því að vænta, að útlánin verði í framtíðinni

örari en þau hafa verið undanfarin ár. Ætti þar að fara saman hagur Fiskveiðasjóðs sjálfs og hagur þess atvinnuvegar, sem sjóðnum er ætlað að styrkja — sjávarútvegsins.

En þótt kappkostað verði að haga svo til með fé Fiskveiðasjóðs, að sem minnst af því liggi lítt eða ekki notað, þá kemur fljótlega til þess, að honum verður ógerlegt að fullnægja eðlilegri eftirspurn útlána til skipaaukningar og vaxtar útvegsins yfirleitt. Sífelldlega vaxandi áherzlu verður að leggja á það, að iðja og iðnaður í sambandi við útgerðina aukist, en eins og komið er fjárreiðum bankanna, er ekki líklegt, að þeir greiði hér fram úr með lánveitingar, svo sem þörf krefur. Um skipakaupin verður síðar rætt lítillega í greinargerð þessari. En um bæði þessi atriði þyrfti Fiskveiðasjóður að hafa forustu.

Eðlilegasta aðferðin til þess að afla Fiskveiðasjóði fjár er að sjálfsögðu, að útvegurinn sjálfur standi undir honum. Hitt er hinsvegar ekki eðlilegt, að útvegurinn sé skattaður fyrir fyrirtæki og framkvæmdir, sem eðli sínu samkvæmt hljóta að vera næsta óskyld þessum atvinnurekstri. Nú hefir svo gilt síðan lög nr. 11 29. maí 1925 voru staðfest, að útflutningsgjald af sjávarafurðum hefir runnið í Ræktunarsjóð að jafnmiklum hluta og til Fiskveiðasjóðs. Er svo fyrir mælt í lögum þessum, að þessi ráðstöfun skuli vera í gildi þar til fjárframlög hafi numið 1 milljón króna til Ræktunarsjóðsins á þennan hátt. Þetta framlag er nú komið hátt á 9. hundrað þús. kr., og má því búast við, að milljóninni verði náð innan þriggja ára. Nú er sjávarútvegurinn í þeim ástæðum, að eðlilegast hefði mátt virðast að hætta þegar framlögunum til Ræktunarsjóðs, og láta það fé renna þangað, sem það kæmi útveginum meira að haldi, en hinsvegar má að vísu líta svo á, að fyrst þetta hafi verið gert að lögum, þá beri að skoða milljón króna framlagið sem beint loforð frá fjárveitingarvaldinu.

En þótt svo sé látið heita og lögunum nr. 11 29. maí 1925 því ekki breytt, þá er sjálfsagt að fastsetja það þegar í löggjöf, að eftir að þessum greiðslum sé lokið, skuli gjald þetta renna til Fiskveiðasjóðsins og verða á þann hátt útveginum að gagni.

En með því að enn verður að bíða um nokkurn tíma þar til Fiskveiðasjóður hljóti gagn af þessari ráðstöfun, er gert ráð fyrir því í frv., að þegar sé séð fyrir nokkurri aukningu á starfsfé hans.

Í lögunum nr. 46 19. maí 1930, um Fiskveiðasjóð Íslands, var heimilað að gefa út 1½ millj. kr. handhafavaxtabréf. Þetta hefir verið framkvæmt á þann hátt, að lán var tekið í Danmörku, en því má breyta í handhafavaxtabréf, ef eða þegar lánveitandi kynni að óska þess. Nú er smámsaman verið að endurgreiða þetta lán, eins og að ofan hefir verið drepið á, en ekkert virðist vera því til fyrirstöðu, að Fiskveiðasjóður noti það lánstraust, er hann kann að hafa, ýtarlegar en nú er gert. Er því hér tekin upp sú hugmynd, sem fram hefir áður komið á þingi, að heimildin til útgáfu handhafavaxtabréfa sjóðsins sé hækkuð upp í 3 millj. króna. Er í frv. þessu gert ráð fyrir, að sjóðnum sé eigi einungis heimilað að taka lán, sem þessari upphæð svari, heldur megi yfirleitt jafnan hafa í umferð bréf, sem þessari upphæð nemur. Sú hugmynd, sem einnig hefir

áður komið fram, að opinberar stofnanir ýmsar, sem fé verða að hafa á vöxtum, kaupi þessi bréf, virðist einnig vera gagnleg. Brunabótafélag Íslands og Slysatrygging ríkisins festa t. d. mjög verulegar upphæðir í vaxtabréfum, og virðist eðlilegt, að nokkuð af þeim séu bréf Fiskveiðasjóðs.

Í frv. er fjármálaráðherra gert skylt að sjá svo um, að opinber fyrirtæki eins og þau, er þegar hafa verið nefnd, og sjóðir ýmiskonar, sem ávaxtaðir eru af eða undir eftirliti hins opinbera, kaupi af Fiskveiðasjóði bréf, sem eigi nemi minnu en kr. 100000.00 árlega í næstu þrjú ár. Vonandi halda slík kaup áfram að þeim tíma liðnum, þótt ekki sé það gert að lagaskyldu, en eftir þessi þrjú ár bætist sjóðnum nokkurt fé, sem ekki er lánsfé, heldur aukið stofnfé, og kemur þar af leiðandi að meiri notum.

Þótt ljóst sé, að ráðstafanir frv. til aukningar starfsfé Fiskveiðasjóðs séu í sjálfu sér ekki nógar, er ekki talið gerlegt að taka að nýju upp þá hugmynd, sem vakti fyrir fjárveitingarvaldinu með gildandi lögum um Fiskveiðasjóð, þar sem ríkissjóði var ætlað að greiða eina milljón kr. til sjóðsins, og gera hann þannig með einu átaki að helmingi sterkari stofnun en hann nú er. Svo sem nú er háttað fjárhag ríkissjóðs, verður þessu ekki komið við. En takist vel um sölu handhafavaxtabréfa, ætti sjóðurinn að geta áorkað verulegu til hagsbóta fyrir útveginn og þær atvinnugreinar, sem honum eru tengdastar.

Eitt af því, sem leggja verður sérstaka áherzlu á í sambandi við þessi mál, er aukning innlendrar skipasmíði. Er þar að sjálfsögðu fyrst og fremst átt við hin smærri skip — allt að 60 smálestum. Gildandi lög um Fiskveiðasjóð bera það með sér, að honum er einkum ætlað að sinna smærri útgerðinni, en smálestatalan, sem sérstaklega er miðað við, er þó hækkuð í þessu frv. úr 50 smál. í 60 smál. Verður það að teljast eitt hið mesta nauðsynjamál útvegsins, að hérlendis verði ávallt menn, sem öruggir séu til smíða skipa og viðgerða á þeim. Fyrir því er Fiskveiðasjóði fyrirlagt með frv. þessu að vinna að því, að svo megi takast.

Skipasmiðir eiga nú að ýmsu leyti erfiða aðstöðu hérlendis. Hafa þeir fært rök að því í erindum, sem lögð hafa verið fyrir Alþingi, að lögum landsins sé svo háttað, sem löggjafanum væri það sérstakt kappsmál, að girt væri fyrir það, að skip væru smíðuð hér á landi. Má í því efni benda á, að skip, sem smíðað er erlendis og flutt hingað nú, þarf engan toll að greiða, en skipasmiðir verða að greiða toll af öllu, sem þeir þurfa til smíði skips hér í landi. Ennfremur hafa skipasmiðir fært að því rök, að ef skipasmíði flyttist að öllu eða mestu leyti inn í landið, þá væri hér um svo mikla atvinnuaukningu að ræða, að vel væri verjandi að styrkja atvinnureksturinn með sérstökum ráðstöfunum í tollalöggjöf. Hafa þeir því farið fram á, að innflutningstollur yrði settur á skipin, er næmi 15—20%, eftir stærð skipanna.

Skipulagsnefnd atvinnumála hefir ekki getað mælt með þessum kröfum í tillögum sínum um breytingar á tollalöggjöfinni, sem liggja fyrir þinginu. Hinsvegar þykir henni einsætt, að ráðstafanir verði að gera til þess að skapa skipasmiðum sæmilegri aðstöðu en þeir nú hafa. Innflutningurinn á mótorskipum og mótorbátum er mjög verulegur, og yrði mikill gróði að því fyrir

landsmenn í heild sinni, ef færa mætti hann niður án þess að útvegurinn biði nokkurn hnekki af. Undanfarin ár hefir þessi innflutningur verið svo sem hér segir:

Ár	Tala skipa	Verð samtals kr.
1928	14	542410.00
1929	20	1496776.00
1930	12	320736.00
1931	16	409230.00
1932	1	37500.00
1933	6	138800.00
Samtals	69	2945452.00

Á sama tíma hafa bátar og prammar verið fluttir inn 592 að tölu og andvirði þeirra numið kr. 216495.00.

En eins mikils virði og það væri, ef unnt yrði að flytja vinnuna að skipasmíðinni inn í landið, þá væri það tvísýnn gróði, ef útgerðin yrði að greiða að sama skapi meira fyrir þessi framleiðslutæki. Og ef engar aðrar ráðstafanir væru gerðar í þessu máli en að setja á toll skipaiðnaðinum til verndar, þá er hætt við, að verðhækkunin yrði fyrst og fremst afleiðing tollsins. En nú er ástæða til þess að ætla, að fleiri orsakir en verðmunur á innfluttu og innlendu skipunum valdi því, hve örðugt innlendu smiðirnir eiga í samkeppninni.

Ein af orsökum þess, sem hér koma til greina, er sú talin, að menn freistist til þess að kaupa ódýrari skip frá útlöndum, þótt traustleiki þeirra sé minni og frágangur sé verri en innlendu skipanna. Nú verður ekki of mikil áherzla á það lögð, að traustleiki skipanna, og þar af leiðandi öryggi sjómanna, sé það atriði, sem mestu eigi að ráða um það, hverskonar tæki séu notuð í fiskiflotanum. Fyrir þessar sakir hefir nefndin einnig leyft sér að mæla með því við atvinnumálaráðherra, að gefin verði út reglugerð um byggingu þeirra skipa, sem hér megi nota, og verði hún miðuð yfirleitt við þá reynslu, sem íslenzkir skipasmiðir hafa fengið um öruggleikanauðsyn. Vænta kunnugustu menn þess, að þetta atriði út af fyrir sig hafi drjúg áhrif í þá átt að gera smíðina innlenda.

Önnur orsök þess, hve útlend samkeppni hefir verið skipasmíðum hér erfið, eru óhagstæð lánskjör, sem þessi iðnaður verður við að búa. Nú er það svo um skipasmíði erlendis, sem einkum hafa skipt við Íslendinga, að lánsstofnanir í löndum þeirra gera þeim kleift að veita verulegan gjaldfrest á andvirði skipanna. Hérlendis eiga skipasmiðir þess engan kost. En með ráðstöfunum þeim, sem gerðar eru í frv. þessu um aðstoð Fiskveiðasjóðs, ætti á þessu að geta orðið töluverð og hagkvæm breyting. Í frv. er gert ráð fyrir, að skipasmiðirnir taki þátt í áhættunni af lánum, sem nema allt að ¼ hluta skipsins, en um leið verða þeir þess umkomnir að veita viðskiptamönnum sínum samsvarandi gjaldfrest í allt að því 5 ár.

Íslenzkir skipasmiðir hafa, eftir því sem næst verður komizt, smíðað frá og með árinu 1930 til júníloka 1935 32 skip, frá 8—50 smál. að stærð og samtals 485 brúttósmálestir. Þó þetta sé ekki nema nokkur hluti af þeim skipum, sem landsmenn hafa keypt á þessum tíma, þá bendir það þó til þess, að ekki

vanti nema herzlumuninn til þess að íslenzki skipaiðnaðurinn nái til sín smíðinni. Ef vel tækist til um framkvæmdir fyrirmæla þessa frv., ætti svo að geta farið á skömmum tima, að smíðin yrði sama sem öll innlend.

Nd. 515. Frumvarp til laga

um breyting á tilskipun fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót, frá 12. febrúar 1872.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 1. gr. tilskipunar frá 12. febrúar 1872 um síldar- og ufsaveiði með nót bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Heimilt er að veiða með herpinót í netlögum annars manns, og skal þá gjalda landshlut, 3 af hundraði af veiðinni, enda sé nótinni ekki fest við land né lagt við festar í netlögum. Nótinni telst ekki lagt við festar, þótt skip, sem er að háfa veiði úr herpinót, liggi fyrir akkeri. Nú er slíkri nót fest við land eða lagt við festar innan netlaga, og skal þá gjalda landshlut 4 af hundraði.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 54 1935, um breyting á tilskipun fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót, frá 12. febrúar 1872.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 516. Frumvarp til laga

um erfðaábúð og óðalsrétt.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 498 með þessari breytingu:

24. gr. hljóðar svo:

Réttur til ábúðar á jörðum þeim, sem um ræðir í 1. kafla laga þessara, þar með talin hús og mannvirki, sem ættin á á jörðinni, ennfremur ættaróðul, erfist sem hér segir:

1. Það hjónanna, sem lengur lifir, heldur réttindum meðan það lifir, sbr. þó 9. lið þessarar greinar.
2. Erfðaréttur erfist til barna, þar með talin kjörbörn, þess hjónanna, sem ábúðar- eða óðalsréttinn stofnaði eða erfði, og ganga skilgetin börn fyrir óskilgetnum.
3. Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnunum skal erfa ábúðar- eða óðalsréttinn, og skulu tilkynna það sýslumanni.

4. Verði hjón ekki ásátt um, hvert barnanna skuli hljóta réttinn, skulu börnin, eða forráðamenn þeirra, leita samkomulags að viðstöddum sýslumanni.
5. Náist ekki samkomulag eftir 3. og 4. lið, skal elzta barnið erfa réttinn. Afsali það sér réttinum, hafa börnin hann eftir aldri.
6. Nú hefir erfingi erfðaábúðar eða óðalsréttar ekki náð lögaldri þegar ábúendaskipti verða, og skal þá sýslumaður byggja jörðina öðrum um stundarsakir, óski erfingi eða fjárráðamaður fyrir hans hönd ekki að taka jörðina sjálfur til ábúðar.

   Á umráðamanni (eftirlifandi maka óðalserfingja eða lögráðamanni) hvíla sömu skyldur gagnvart óðalinu og á óðalsbónda meðan hann fer með það.
7. Óski ekkert barnanna að nota erfða- eða óðalsréttinn og nytja jörðina áfram, þá er foreldrum heimilt að ánafna hana fósturbarni.
8. Nú deyr erfingi óðalsréttar ókvæntur og barnlaus og hefir ekki tekið kjörbarn, og öðlast þá systkini hans óðalsréttinn í réttri aldursröð. Nú eru systkinin dáin, og fellur þá rétturinn til barna þeirra eftir sömu reglum.
9. Nú deyr eringi ábúðar- eða óðalsréttar barnlaus, innan tíu ára frá því hann hefir tekið við ábýli sínu, enda hafi hjónin ekki tekið kjörbarn áður en hann dó, og hefir þá næsti erfingi rétt til að ganga inn í ábúðina.
10. Deyi hjón barnlaus eða óski ekkert barnanna að nytja jörðina, sbr. 6. og 23. gr., skal sýslumaður byggja jörðina öðrum, og skal þá ætíð farið eftir tillögu meiri hluta hreppsnefndar um það, hver jörðina fær.

    Nú er óðalsbóndi eða kona hans síðasti maður, er erfðarétt hefir til óðalsins, eða enginn af þeim, er rétt hafa til óðalsins, treystist að taka við því, er þau bregða búi eða að þeim látnum, og er þá óðalsbónda og konu hans heimilt að gefa óðalið, enda verði það ættaróðal þiggjanda.

Ed. 517. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 40 7. maí 1928, um breyt. á l. nr. 43 20. júní 1923 (Jarðræktarlög).

Frá Þorst. Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 3. gr. Greinin falli niður.
4. Við 4. gr. Greinin verður 1. gr.
5. Við 5. gr. Greinin verður 2. gr.
6. Við 6. gr. Greinin falli niður.
7. Við 7. gr. Greinin falli niður.
8. Við 8. gr. Greinin verður 3. gr.
9. Við 9. gr. Greinin verður 4. gr.

Nd. **518. Frumvarp til laga**

um landssmiðju.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

1. gr.

Ríkisstjórnin lætur starfrækja smiðju, er fæst við viðgerðir skipa, smíði mótora og annara véla, og aðra smíði, og nefnist hún landssmiðja.

2. gr.

Landssmiðjan annast allskonar smíði fyrir einstaklinga og félög, er þess kunna að óska, og auk þess annast hún alla smíði, sem hún getur tekið að sér, fyrir þá starfrækslu, er ríkið hefir með höndum, og þær stofnanir, sem eru ríkiseign, svo sem skipaútgerð, skóla, sjúkrahús, vita- og vegamálaskrifstofur, landssíma og ríkisútvarp. Ríkisstjórnin getur mælt fyrir um, að stofnanir, sem styrktar eru með fé úr ríkissjóði, skuli skipta við landssmiðjuna um smíði þá, er þær þurfa að láta gera innanlands, enda sé um sambærilegt verð og vinnubrögð við aðrar samskonar smiðjur að ræða.

Landssmiðjunni er heimilt að verja árlega af ágóða sínum nokkrum hluta, er ríkisstjórnin ákveður, til þess að vinna að smíðum, er íslenzkir hugvitsmenn hafa gert uppdrætti að. Þó skal jafnan leitað umsagnar kunnáttumanna, er ríkisstjórnin tilnefnir, um væntanlega nytsemi nýsmíðinnar, áður en hún er ákveðin.

3. gr.

Ríkisstjórnin afhendir landssmiðjunni lóð undir nauðsynleg mannvirki, og sé þess gætt, að bæta megi við byggingar eftir því, sem starfssvið smiðjunnar stækkar. Skal landssmiðjan hafa hverskonar umráðarétt yfir lóðinni. Ennfremur skal ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lán, er landssmiðjan tekur til bygginga og vélakaupa, allt að 100000 krónum. Jafnskjótt og lóðin hefir verið afhent, skal landssmiðjunni heimilt að hefja smíði þeirra verkstæða, er henni eru nauðsynlegust, að því leyti, sem fé hrekkur til, og skal ríkisstjórnin gæta þess, að mannvirki þessi séu í samræmi við heildaruppdrátt, er hún fellst á, af þeim byggingum, sem ætla má, að reistar verði á lóðinni vegna starfrækslu landssmiðjunnar.

4. gr.

Nú er lagt fé til landssmiðjunnar í fjárlögum, og skal þá litið á það sem lánsfé, er landssmiðjunni sé skylt að endurgreiða, enda verði samningur gerður milli landssmiðjunnar og ríkisstjórnarinnar um lánskjör og endurgreiðslu áður en fé sé afhent.

5. gr.

Ríkisstjórnin ræður forstjóra fyrir landssmiðjuna, og skal það vera maður vel að sér um vélfræði og um smíði. Forstjóri annast stjórn fyrirtækisins í samráði við ráð það, sem samkv. lögum nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með

opinberum rekstri, hefir eftirlit með landssmiðjunni. Ríkisstjórnin ákveður laun forstjóra og annara fastra starfsmanna landssmiðjunnar, þar til þau verða ákveðin í launalögum. Forstjóri ræður aðra starfsmenn til landssmiðjunnar.

6. gr.

Starfsmenn við landssmiðjuna skulu hafa rétt til þess að ávaxta sparifé sitt í landssmiðjunni, og skal þeim greiddur arður af fé sínu í jöfnum hlutföllum við gróða landssmiðjunnar allt að hámarki, sem ákveðið er í reglugerð, er ríkisstjórnin setur, enda hafi áður verið lagt til hliðar fyrir fyrningum og í varasjóði.

7. gr.

Nú stofna þeir starfsmenn, er lagt hafa sparifé sitt í landssmiðjuna til ávöxtunar, með sér félagsskap, og sé innieign félagsmanna í smiðjunni samanlögð eigi minni en kr. 5000.00, og hafa þá félagsmenn rétt til þess að velja mann úr sínum hópi, sem hafi rétt til að sitja alla fundi ráðs þess, er hefir eftirlit með landssmiðjunni samkv. lögum nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri, þegar ráðið fjallar um mál landssmiðjunnar. Þessi fulltrúi starfsmannafélagsins hefir málfrelsi og atkvæðisrétt í ráðinu, svo sem væri hann sjálfur hluti þess.

8. gr.

Nú verður ágóði af starfsemi landssmiðjunnar, og skal þá leggja hann í stofnsjóð fyrirtækisins, eftir að lagt hefir verið til hliðar fyrir fyrningu og í varasjóði, svo sem fyrir er mælt í reglugerð, er ríkisstjórnin setur, greiddur hefir verið ágóðahluti samkv. 6. gr., endurgreidd lán þau, sem fyrirtækið kann að hafa tekið, eða fé lagt til hliðar til endurgreiðslu þeirra.

9. gr.

Landssmiðjan greiðir eigi útsvar til bæjar eða sveitar, en greiða skal hún til bæjar eða sveitar eftir reglum þeim, sem mælt er fyrir um í lögum nr. 47 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

Landssmiðjan greiðir tekjuskatt til ríkisins eins og væri hér um einkafyrirtæki að ræða.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun atvinnumálaráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Landssmiðjan hefir verið starfrækt um alllangt árabil án þess að nokkur sérstök lög væru sett um stofnunina, þar sem ákveðið væri um starfsvið hennar, afstöðu til ríkisins og sérstakra ríkisstofnana. Frv. þessu er ætlað að ráða bót á þessu, auk þess sem áherzla er á það lögð að notfæra sér stofnun þessa til þess að auka innlendan iðnað.

Smiðja þessi varð upphaflega til með þeim hætti, að landsverkfræðingur tók að láta smíða ýmsa hluti, sem nota þurfti til opinberra mannvirkja hér innanlands. Var sérstaklega unnið að brúarsmíði í upphafi, en smám saman jókst þessi starfsemi og færðist yfir á ýmsa smíði, sem nauðsynleg var opinberum fyrirtækjum. En það var ekki fyrr en árið 1930, að ríkisstjórnin setti sérstaka stjórn yfir fyrirtækið, og á því ári varð ennfremur sú breyting á starfsháttum, að landssmiðjan tók að sér viðgerðir á ríkisskipum jafnframt margvíslegu starfi fyrir aðrar ríkisstofnanir, svo sem að ofan getur. Auk þessara starfa, sem að mestu leyti hafa verið fólgin í viðgerðum allskonar, hefir smiðjan fengizt nokkuð við nýsmíðar ýmiskonar, og má þar tilnefna smíði á túrbínum, túrbínurörum, bílavogum, heftistólum, bókbandspressum, límþvingum fyrir húsgagnasmíði, límofnum, decimalvogum, vöruvögnum, stálhúsgögnum, rúmstæðum fyrir sjúkrahús o. fl.

En þótt landssmiðjan hafi við margt fengizt, þá hefir aðstaðan til verksins verið nærri því svo óhagstæð sem frekast mátti verða. Húsnæðið hefir verið mjög lítið og óhentugt. Oft hafa þrengslin orðið svo mikil, að starfsmenn hafa orðið að hörfa úr húsum, og staðið þá við smíði sína í forarpollum og aur. Þegar þess er gætt, hve margir menn eiga framfærslu sína undir þessu starfi, og hins jafnframt, hve mikils er um það vert, að þessi iðnaður verði sem traustastur innanlands, þá verður að líta svo á, sem þetta ástand sé með öllu óviðunandi.

Vinnan við landssmiðjuna hefir verið með þeim hætti, að hún hefir verið mjög í sprettum og dauft þess á milli. Undanfarið hefir hún t. d. haft mikið starf með höndum vegna síldarverksmiðja ríkisins. Annars er fjórða hvert ár mikill annatími, því að þá fer fram klössun á fjórum ríkisskipum, eitt ár í viðbót er allmikið starf, en síðan koma tvö erfiðari ár. Þetta veldur því, að atvinna starfsmanna er næsta ótrygg. Yfirleitt má segja, að frá 30—60 manns starfi við smiðjuna, eftir því hvert annríkið er.

Nú er svo til ætlazt, að þær ráðstafanir, sem stefnt er að með frv. þessu, miði í þá átt, að vinnan aukist verulega og verði öruggari en verið hefir. Aukið húsnæði út af fyrir sig mundi verða mikils valdandi í þessum efnum. Hér að framan hefir verið getið um allskonar nýsmíði, sem ráðizt hefir verið í. Afrakstur af þessu hefir verið mjög misjafn. Árið 1933, þegar smiðjan jók þessa starfsemi allmikið, til þess að reyna að komast hjá því að þurfa að segja upp miklu starfsmannaliði, varð t. d. tilfinnanlegt tap á þessu. En því er fyrst og fremst um kennt, að aðstæður allar hafi verið svo erfiðar. En það er ákveðin sannfæring forstjórans, að slíka starfrækslu megi reka með hagnaði og auka hana mikið með bættum aðbúnaði. Ef frv. þau um breytingar á tollalöggjöfinni, sem skipulagsnefnd atvinnumála hefir samið og nú liggja fyrir Alþingi, verða að lögum, þá ættu skilyrðin einnig að batna fyrir þær sakir til aukins smíðaiðnaðar.

En eitt af því, sem fyrirhuguð er smíði á, ef endurbætur yrðu á aðbúnaði landssmiðjunnar, eru mótorar í vélbáta. Forstjóri landssmiðjunnar og hr. Þorsteinn Loftsson, vélfræðingur Fiskifélags Íslands, hafa að því unnið undanfarið að rannsaka möguleika fyrir því að gera þessa smíði innlenda, og hafa þeir komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé ekki einungis unnt, heldur bendi líkur

til þess, að þetta geti orðið til hins mesta hagnaðar fyrir bæði iðnað og útgerð, auk þess sem þetta skiptir miklu fyrir gjaldeyrisjöfnuð landsins. Hafa verið gerðar teikningar af mótortegund þeirri, sem helzt er talin við hæfi fiskibáta hér við land, og skal hér lítilsháttar minnzt á helztu atriði þess ávinnings, sem nýr iðnaður þessarar tegundar mundi hafa í för með sér, ef til hans væri stofnað.

Innflutningur á bátamótorum hefir numið þeim upphæðum, sem hér segir, síðustu árin, sem verzlunarskýrslur ná yfir:

Ár:	1926	1927	1928	1929	1930	1931	1932	1933
ca. kr.	403	375	710	1203	555	260	178	549

— talið í þús. kr. — Meðalinnflutningur hefir því verið nálægt 530 þús. kr. árlega. Nú er að því stefnt með öðrum ráðstöfunum (frv. um Fiskveiðasjóð) að reyna að hlutast til um, að smíði á vélbátum aukist í landinu. Þessi liður á verzlunarskýrslunum — bátamótorar, sem fluttir eru inn sérstakir — mundi því vaxa að sama skapi sem innlend bátasmíði færðist í aukana. Upphæðir þær, sem hér er um að ræða, eru því svo verulegar, að það yrði að teljast afarmikilsvert frá sjónarmiði gjaldeyrisjafnaðarins eins, ef iðnaður þessi gæti færzt inn í landið að einhverju eða mestu leyti.

Þetta er því æskilegra, þegar athugað er, að um ⅔ hlutar af verði mótors eru taldir felast í greiðslum fyrir vinnuna við smíðið. Ef helmingurinn af nýjum bátamótorum væri innlend smíði, þá ættu milli 50—60 iðnaðarmenn að hafa af því lífsuppeldi, og er þá aðeins miðað við þá meðaltölu innflutningsins, sem getið hefir verið um. Hér kemur það ennfremur til athugunar, að efnið til mótoranna þyrfti ekki að flytja allt að, því að mikið af járni er til í landinu, sem setja má í steypu og nota í smíði.

Mótorar, sem smíðaðir væru innanlands, hefðu þann kost, að þeir yrðu gerðir eftir þörfum og kröfum íslenzkra fiskimanna og miðaðir við þá staðhætti og þau vinnubrögð, sem hér er til að dreifa.

Innlend smíði á mótorum mundi, ef vel tækist, verða til þess, að mótortegundum í fiskiflotanum fækkaði mikið. En fjöldi tegundanna og margbreytileiki er ókostur einn hjá svo lítilli þjóð sem Íslendingar eru. Þess meira samræmi, sem er í vélum fiskiflotans, því auðveldara er um allar viðgerðir, nægir varahlutir geta þá jafnan verið til taks, og varahlutirnir yrðu innlend smíði, eigi síður en vélarnar sjálfar. Og að lokum mundi verða þess minna um innflutning lélegra mótortegunda sem hin innlenda smíði yrði öflugri og betri.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er mælt svo fyrir, að ríkisstofnanir skuli yfirleitt skipta við landssmiðjuna um þá smíði, sem þær þurfa að láta framkvæma og smiðjan getur annazt. Undanfarið hefir verið, eins og drepið hefir verið á hér að framan, töluvert um slík viðskipti, en þó munu ekki allar ríkisstofnanir, sem hér koma til greina, hafa talið sér skylt að fela landssmiðjunni þau störf, er til hafa fallið, frekar en verkast vildi. Eitthvað kann þetta að hafa staðið í sambandi við þá staðreynd, að tilboð landssmiðjunnar hafa stundum reynzt óaðgengilegri en tilboð frá einkafyrirtækjum. En með þeirri bættu aðstöðu, sem efnt er til með frv. þessu, ætti landssmiðjan að hafa skilyrði til þess að geta annazt smíði sína með minni tilkostnaði. Yrðu það því sennilega undantekningar, ef aðrir gætu annazt smíði hérlendis fyrir lægra gjald en smiðjan,

og er þá eðlilegt að gera beinlínis ráð fyrir því í lögum, að allar ríkisstofnanir skuli notfæra sér smiðjuna svo sem þörf þeirra er til. Skyldi í þessu efni hver styrkja annan, því að reynslan mun verða sú sama hér eftir sem hingað til, að ríkið má eigi án landssmiðjunnar vera.

Í sambandi við það, sem nú hefir verið rætt, má á það benda, að ef litið er á hag ríkisins í heild, getur oft svo farið, að rétt sé að hafa hliðsjón af fleiru en upphæð tilboða einna, er dæma skal um réttmæti þess, að ein ríkisstofnun notfæri sér störf annarar. Ef sjúkrahús landsins lætur t. d. landssmiðjuna smíða fjölda rúmstæða og greiðir henni fyrir það eitthvað hærri upphæð en unnt hefði verið að fá verkið unnið fyrir annarsstaðar, þá hefir ríkissjóður því aðeins tapað þessari upphæð, sem hækkunin nemur, að landssmiðjan — sem einnig er eign ríkisins —, hafi eigi haft samsvarandi hagnað af verkinu.

Í frv., þar sem ræðir um viðskipti ríkisstofnana við landssmiðjuna, er einnig heimilað, að ráðherra geti lagt fyrir stofnanir, sem styrks njóta úr ríkissjóði, að skipta við landssmiðjuna um smíði þá, er þær þurfa að láta framkvæma innanlands, en sanngjarnt er, að sú skylda hvíli því aðeins á þeim, að verkið sé leyst af hendi fyrir sambærilegt verð við það, sem aðrir aðilar mundu vilja taka það að sér fyrir.

Í frv. er gert ráð fyrir þrennskonar fjárhagslegri hjálp, er ríkissjóður veiti landssmiðjunni: Ríkissjóður leggur til lóð fyrir byggingar, styrkir smiðjuna með ábyrgð fyrir láni, og auk þess er rætt um lánsfé, er smiðjunni yrði veitt í fjárlögum.

Lóðin, sem ríkissjóður leggur til samkvæmt frumvarpinu, á að miðast við það, að stækka megi byggingar og auka, er fram líða stundir, en lánsupphæðin er miðuð við kostnaðarverð nauðsynlegustu bygginga í upphafi og við vélakaup þau, er bráðnauðsynlegust eru til þess að hafin verði sú nýsmíði, er mestu skiptir. Að sjálfsögðu væri eðlilegast um fyrirtæki þessarar tegundar, að ríkið setti ákveðna upphæð í starfræksluna, og fyrirtækið væri síðan látið standa á sínum eigin fótum. Virðist það hentug og eðlileg regla, að framleiðslufyrirtæki, er ríkið á eða kann að eignast, séu rekin með þeim hætti, að stjórnendum fyrirtækjanna sé það ljóst, eigi síður en viðskiptamönnum þeirra, að ríkið taki eigi að sér ábyrgð á skuldum þeim, sem fyrirtækin kunna að efna til, heldur séu eignir fyrirtækjanna einar til öryggis greiðslu skuldanna. En hagur ríkissjóðs er því miður þannig, að ekki er talið gerlegt að festa fé það, sem hér er um að ræða, í landssmiðjunni, og er því horfið að þeim ráðstöfunum, sem í frumvarpinu eru ákveðnar.

Það sérstaka nýmæli er í frv. þessu, að gert er ráð fyrir, að starfsmenn stofnunarinnar fái tækifæri til þess að ávaxta sparifé sitt í landssmiðjunni á þann hátt, að þeim sé greiddur arður af fé sínu í jöfnum hlutföllum við gróða smiðjunnar, eftir þeim reglum, sem ráðherra setur. Jafnframt er svo til ætlazt, að ef þessu verður sinnt svo af starfsmönnum að nokkru nemi, þá hafi þeir rétt til þess að hafa fulltrúa á fundum ráðs þess, sem samkv. lögum nr. 31 9. jan. 1935 hefir eftirlit með rekstri landssmiðjunnar, þegar ráðið fjallar um mál hennar. Er með nýbreytni þessari horfið að því ráði, sem æskilegt væri, að sem víðast yrði tekið upp, þar sem um opinber fyrirtæki er að ræða, að starfsmenn

þeirra verði þeim sem nákomnastir og finni til sameiginlegrar ábyrgðar um afkomu þeirra.

Nd. 519. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá iðnaðarnefnd.

Aftan við 4. gr. laganna bætist:

Þær innlendar tollvörutegundir, sem fluttar eru til útlanda, til sölu þar, skulu þó undanþegnar að öllu leyti því gjaldi, sem lög þessi ákveða.

Greinargerð.

Á iðnþinginu, sem haldið var á Akureyri síðastliðið sumar, var samþykkt tillaga í þessa átt, og samskonar óskir hafa borizt nefndinni frá fleirum.

Iðnaðarnefnd hefir athugað málið og telur fyllstu sanngirni að verða við þessum óskum. Nokkrir möguleikar munu nú orðið vera fyrir því að flytja út einstaka innlendar iðnaðarvörur, og væri í fyllsta máta ósanngjarnt, að ríkisvaldið setti stein í götu þess máls með því að tolla þennan útflutning.

Einn nefndarmaður (JakM) var fjarstaddur þegar málið var afgreitt, og er því ekki að fullu vitað afstaða hans.

Nd. 520. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Sigurður Einarsson.

1. gr.

Við 2. gr. A. I. a. bætist:

16. Laxá í Reykhólasveit í Barðastrandarsýslu.

2. gr.

Við 2. gr. III. bætist:

17. Fossá í Suðurfjarðahreppi í Barðastrandarsýslu.
18. Dufansdalsá í Suðurfjarðahreppi í Barðastrandarsýslu.
19. Hvestuvaðall í Ketildalahreppi í Barðastrandarsýslu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Akfær bifreiðavegur er nú kominn í Reykhólasveit innanverða. Svo má segja, að öll þessi fjölbyggða sveit sé greiðfær til vegalagningar alla leið í Þorskafjörð, og víða nálega sjálfgerðir vegir um harða og slétta mela. En tvær torfærur eru á leiðinni, Bæjará og Laxá. Brú á Bæjará er nú komin í vegalög, og telur vegamálastjóri, að hún muni kosta um sjö þúsund krónur. En brúin á Bæjará kemur ekki að fullum notum nema Laxá sé einnig brúuð. Telur vegamálastjóri, að brú á hana muni kosta svipað og Brú á Bæjará, eða báðar brýrnar til samans 14—15 þúsund krónur. Er mönnum um austanverða Barðastrandarsýslu það hið mesta áhugamál, að Bæjará og Laxá verði brúaðar, og þykir þá úr vegi rutt hinum mestu torfærum, sem nú hamla því, að Reykhólasveit komist í nothæft og varanlegt samband við akvegakerfi landsins. Þess má og geta, að þetta varðar ekki íbúa Reykhólasveitar einnar, heldur og Gufudalssveitar og þeirra allra, er næst búa hinum megin Þorskafjarðar. Má því svo að orði kveða, að þær samgöngubætur, er leiddi af því, að þessar tvær ár yrðu brúaðar, kæmu að notum íbúum allrar Austur-Barðastrandarsýslu, ekki síst þar sem vitað er, að inneyjabúar, sem tiltölulega skammt eiga til lands, mundu mjög nota sér það, ef bifreiðarferðir tækjust upp á þessum slóðum, sem svo mjög hafa verið einangraðar.

Um ár þær, sem getur í 2. gr. frv., er það í stuttu máli að segja, að þær eru ekki mjög mikil vatnsföll, miðað við stórár þessa lands, en þó hin mesta torfæra og til ærins baga þeim, sem við það eiga að etja að þurfa að leggja leið sína yfir þær, hvað sem við liggur. Telja héraðsbúar, sem hér eiga hlut að máli, ærna þörf á því, að þær séu brúaðar, og mun vafalaust mega fullyrða, að tekin hafa verið í brúalög og brúuð vatnsföll, sem ekki voru meiri torfærur eða til almennari baga.

Nánar í framsögu.

Ed. 521. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laga nr. 46 8. sept. 1931 orðist svo sem hér segir:

Allur verkaður og óverkaður saltfiskur, sem út er fluttur héðan af landi sem íslenzkur fiskur, skal metinn og flokkaður eftir gæðum af fiskimatsmönnum undir umsjón yfirfiskimatsmanns.

Undanskildar eru þó smásendingar, 100 kg. eða minni, sem sendar eru í tilraunaskyni eða að gjöf.

Saltfisk, sem veiðiskip flytja sjálf til útlanda, er eigi skylt að meta, enda hafi fiskurinn eigi verið lagður hér á land.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur veitt undanþágu frá mati þegar svo stendur á, að saltaðan fisk á að senda út í því skyni að afla nýs markaðs eða um er að ræða vöru, sem er frábrugðin venjulegum saltfiski, svo að líklegt sé, að matsmenn skorti þekkingu til að meta gæði hennar. Slíka undanþágu skal þá veita eftir tillögu fiskimatsstjóra, og aðeins um stundarsakir, meðan útflutningurinn er á tilraunastigi, og með skilyrðum, sem hæfileg þykja í hvert sinn.

Áður en verkaður eða óverkaður saltfiskur gengur kaupum og sölum innanlands, skal meta hann og flokka eftir gæðum, ef hann er ætlaður til útflutnings. Matsmenn skera úr, hvenær óverkaður saltfiskur er matshæfur.

Yfirfiskimatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun, hleðslu og meðferð fiskjarins í útflutningsskipunum og gefa fyrirskipanir hér að lútandi, sem þeim er skylt að hlýða, sem hlut eiga að máli.

Hverri matsskyldri fisksendingu til útlanda skal fylgja vottorð yfirfiskimatsmanns, ritað aftan á farmskírteinið.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur skyldað eigendur fiskgeymslu- og fiskverkunarhúsa til þess að hreinsa húsin og fiskverkunaráhöld árlega úr gerlaeyðandi efnum. Ríkið leggur þá til hið gerlaeyðandi efni, en húseigendur kosta hreinsunina að öðru leyti. Yfirfiskimatsmenn leiðbeini við hreinsunina og hafi eftirlit með henni.

Fyllri fyrirmæli um mat og meðferð vörunnar, bæði við útflutning og í útflutningsskipunum, skulu sett í erindisbréf og reglugerð, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur út.

2. gr.

3., 4. og 5. málsgr. 2. gr. laganna falli niður. Í þeirra stað komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Til þess að tryggja sem bezt samræmi fiskimatsins í landinu skal fiskimatsstjóri halda fundi með yfirfiskimatsmönnum svo oft sem þurfa þykir. Auk þeirra skal fiskifulltrúi Íslands á Spáni sækja fundi þessa, þegar því verður við komið, og láta í té aðstoð sína.

Nd. 522. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 99 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við orðin „eða handveði“ í 4. gr. laganna komi: eða sjálfsvörzluveði í afla fiskiskips, sem sett er samkv. l. nr. 46 31. maí 1927.

2. gr.

Fyrri málsgr. 9. gr. laganna orðist þannig:

Í þrotabúi eða skuldafrágöngubúi lántakanda skulu lán úr Skuldaskilasjóði njóta forgangsréttar samkv. 84. gr. skiptalaganna, nr. 3 12. apríl 1878.

3. gr.

Orðin „í fasteign eða skipi“ í 1. lið 22. gr. laganna falli niður.
2. og 4. liður greinarinnar falli niður.
3. liður greinarinnar verði 2. liður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 523. Lög

um gelding húsdýra.

(Afgreidd frá Ed. 11. nóv.).

Samhljóða þskj. 403.

Ed. 524. Frumvarp til laga

um fávitahæli.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórnin sér um, jafnóðum og fé er veitt til þess í fjárlögum, að stofnuð séu:

a. Skólaheimili, eitt eða fleiri, fyrir unga vanvita og hálfvita eða börn og unglinga, sem kenna má ofurlítið til munns eða handa.
b. Hjúkrunarhæli fyrir örvita eða þá fávita, unga og gamla, sem ekkert geta lært og ekkert unnið til gagns.
c. Vinnuhæli, eitt eða fleiri, fyrir fullorðna fávita, sem vinnufærir eru að einhverju leyti, en verða þó að teljast ófærir til að vinna alveg fyrir sér eða stunda vinnu á almennum heimilum.

2. gr.

Semja má um námsvist, eða hjúkrunar- og vinnuvist, fyrir fávita í stofnunum bæjar- eða einkafélaga, ef eftirlitsnefnd fávitahæla og landlæknir samþykkir, enda hafi stofnanir þessar þeim starfsmönnum á að skipa, er fullnægja skilyrðum kennslumálaráðherra um undirbúning eða reynslu í starfinu.

3. gr.

Skólaheimili taki börn og unglinga fram að tvítugsaldri og leitist við að kenna þeim undirstöðuatriði almennustu barnaskólanámsgreina, en leggi þó sérstaklega rækt við að kenna þeim einhverja þá vinnu, sem að gagni má verða.

Þegar nægileg skólaheimili eru í landinu, getur kennslumálaráðherra sett með reglugerð ákvæði um almenna námsskyldu þeirra fávita, sem unnt þykir að veita nokkra fræðslu, svo og um undirbúningsmenntun fávitakennara.

4. gr.

Hjúkrunarhælið sé í þremur aðgreindum deildum, fyrir karla, konur og börn. Örvitum, eða fávitum á lægsta þroskastigi, sé þar veitt öll sú nærgætni og aðhlynning sem auðið er.

5. gr.

Vinnuhæli skulu vera í tveim deildum, fyrir karla og konur, og skal þar veita starfhæfum fávitum, sem ekki eiga annars úrkosta, vinnu við þeirra hæfi, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sem eftirlitsnefnd fávitahæla semur, en kennslumálaráðherra staðfestir.

6. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna eftirlitsnefnd með öllum þessum heimilum eða hælum fávita, til 4 ára í einu.

Formaður nefndarinnar sé læknir, sérfróður um mein fávita, ef kostur er, en auk þess séu jafnan kennari og kona í nefndinni. Kostnaður við eftirlitsferðir nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Framfærslustyrkur fávita telst ekki fátækrastyrkur, en fávitar vinna sér ekki sveitfesti, þótt þeir dvelji utan fæðingarsveitar sinnar.

8. gr.

Ráðuneytið setur með sérstakri reglugerð ákvæði um:

a. Hvernig safna skal nákvæmum skýrslum um tölu fávita og hagi þeirra.
b. Hvernig aðgreina skal börnin, sem ætluð er vist á skólaheimili eða hjúkrunarhæli.
c. Hvernig eftirliti skal hagað með aðbúð þeirra fávita, sem dvelja ekki í fyrrnefndum hælum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Á meðan ekki eru samþykkt lög um framfærslu sjúkra manna og örkumla almennt, greiðir ríkissjóður ¾ hluta meðgjafar með efnalausum fávitum á fyrrgreindum hælum, en framfærslusveitin ¼ hluta.

Ed. 525. Breytingartillögur

við frv. til l. um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, allskonar eldvopnum og hlutum og efni í þau.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað „eldvopn“ komi: sprengjur.
2. Við 2. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Það skal vera aðalregla, að þeim einum sé veitt heimild o. s. frv.
3. Við fyrirsögn frv. Í stað „eldvopnum“ komi: sprengjum.

Nd. 526. Breytingartillögur

við frumv. til l. um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr.

a. Í stað orðanna „næsta vetur“ í 1. málsgr. komi: annanhvorn næstu tveggja vetra.

b. 2. málsgr. orðist þannig:

Þó skulu undanþegnir skylduvinnu allir þeir, er innan 18 ára aldurs hafa stundað að minnsta kosti eins vetrar nám við annan skóla en barnaskóla.

Nd. 527. Lög

um breyting á tilskipun fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót, frá 12. febrúar 1872.

(Afgreidd frá Nd. 12. nóv.).

Samhljóða þskj. 515.

Ed. 528. Lög

um breyting á lögum nr. 48 1930, um gagnfræðaskóla.

(Afgreidd frá Ed. 12. nóv.).

Samhljóða þskj. 357.

Nd. 529. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Aftan við C-lið 1. gr. bætist: og húfur allskonar.
2. Í D-lið á eftir orðinu „Reykrör“ komi: Ístöð, beizlisstengur og beizlismél. Sömu orð falli niður úr G-lið.
3. a. Orðin „Kaðlar. Færi og fiskilínur. Öngultaumar. Þorskanet. Lóðabelgir“ falli niður úr E-lið 1. gr., en sömu orð bætist aftan við F-lið.

b. Sömuleiðis falli orðið „Baðlyf“ niður úr E-lið gr.

4. a. Á eftir orðinu „málaraiðnar“ í G-lið 1. gr. komi: linoleum- og gúmmidúkalím.

b. Aftan við sama staflið bætist: og varahlutar til þeirra.

Alþingi, 11. nóv. 1935.

Páll Zóphóníasson, form.	Emil Jónsson, fundaskr., frsm.	Bjarni Ásgeirsson.	Guðbr. Ísberg.

Nd. 530. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. nóv. 1935.

Páll Zóphóníasson, form.	Emil Jónsson, fundaskr., frsm.	Bjarni Ásgeirsson.	Guðbr. Ísberg.

Nd. 531. Tillaga til þingsályktunar

um auknar strandvarnir við Vestmannaeyjar.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þar til hæfan vélbát halda uppi strandvörnum að staðaldri á heimamiðum við Vestmannaeyjar frá vetrarvertíðarlokum til ársloka ár hvert.

Ástæður.

Venjan hefir verið sú hin síðustu undanfarin ár, að gæzla landhelginnar hefir svo að segja fallið niður í vertíðarlok, þegar Þór hefir látið af gæzlunni. Á síldveiðatímanum verður eins og eðlilegt er að beina landhelgisgæzlunni að Norðurlandinu. Þetta gæzluleysi allt sumarið og haustið við Vestmannaeyjar og suðurströndina hefir orðið til þess, að fiskimið Vestmannaeyinga hafa verið mjög ásótt af erlendum botnvörpungum að sumri og hausti til. Af þessum sökum hefir það hvað eftir annað komið fyrir, að aflabrögðum þeirra, sem stunda sjó á heimamiðum, hefir verið alveg spillt af botnvörpungum þessum.

Síðan dragnótaveiðar hófust við Eyjar hefir það enn betur komið í ljós, hversu skaðleg áhrif landhelgisveiðar togaranna hafa fyrir veiði heimamanna.

Dragnótaveiðarnar hafa verið stundaðar með góðum árangri síðastliðin 3 sumur, en botnvörpungarnir sækjast eftir að veiða á sömu slóðum og dragnótabátarnir, eða þar, sem sandbotn er, og hefir þetta oft orðið til tjóns fyrir þessi aflabrögð Vestmannaeyinga, en þau eru orðin töluvert mikilsverður þáttur í atvinnulífi eyjabúa.

Eftirlitsleysið með landhelginni á þessum slóðum dregur stórlega úr þeim arði, sem fiskimenn við Vestmannaeyjar gætu annars haft af sumar- og haustveiðum, og er brýn nauðsyn að ráða bót á því með auknu eftirliti.

Ed. 532. Frumvarp til laga

um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt skal sýslunefndum og bæjarstjórnum að ákveða það lýðskólafyrirkomulag innan sýslu- eða bæjarfélagsins, að allir ungir menn verkfærir á aldrinum 18 ára vinni kauplaust líkamleg störf í þarfir síns sýslu- eða bæjarfélags, þar sem þeir eiga heimili, 7 vikur að vorlagi, gegn ókeypis húsavist og kennslu við verklegt og bóklegt nám í skóla í 6 mánaða tíma annanhvorn næstu tveggja vetra eftir að vinnan hefir farið fram.

Þó skulu undanþegnir skylduvinnu allir þeir, er innan 18 ára aldurs hafa stundað að minnsta kosti eins vetrar nám við annan skóla en barnaskóla.

Heimilt skal og sýslu- og bæjarfélögum að ákveða samskonar skólafyrirkomulag fyrir ungar stúlkur á aldrinum 18 ára, með öllum hinum sömu skyldum og réttindum og ákveðið er í lögum þessum, að skuli gilda fyrir pilta.

Þó skal ekki byggja skóla fyrir stúlkur í neinu sýslu- eða bæjarfélagi fyrr en reynsla nokkur er fengin af piltaskóla í sama héraði.

2. gr.

Nú lízt meiri hluta sýslunefndar eða bæjarstjórnar að starfrækja lýðskóla með slíku fyrirkomulagi, og skal það þá með leynilegri atkvæðagreiðslu borið undir alla kjósendur til sýslunefndar eða bæjarstjórnar, og skal um atkvæðagreiðsluna fara á sama hátt og segir í lögum um kosningar til Alþingis.

3. gr.

Ef $^2/_3$ hlutar allra kosningabærra manna í sýslunni eða bænum samþykkja starfrækslu lýðskóla með slíku fyrirkomulagi, þá skal fullkomið skólahús, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, af þeirri stærð, er áætlað nemendatal í sýslunni eða bæjarfélaginu útheimtir, byggt á kostnað ríkissjóðs á þeim stað, er viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveður og yfirstjórn fræðslumála getur fallizt á.

4. gr.

Hætti sýslu- eða bæjarfélag að starfrækja skóla með þessu fyrirkomulagi áður en 40 ár eru liðin frá þeim tíma, að skólahúsið var fullgert, skal sýslueða bæjarfélag endurgreiða til ríkissjóðs byggingarkostnaðinn á 40 árum. Þó skal dragast frá $\frac{1}{40}$ hluti þess fjár fyrir hvert ár, sem skólinn hefir verið starfræktur samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Með reglugerð, er viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn semur og samþykkir og yfirstjórn fræðslumála staðfestir, skal ákveða stjórn, tilhögun vinnunnar og skólans.

Þar má setja ákvæði um undanþágu að því er aldurstakmark nemenda snertir, svo og sektarákvæði gagnvart þeim, sem eru þess valdandi, að nemandi kemur eigi til skólavinnunnar, þegar hann er kallaður.

Skulu sektirnar renna í sýslu- eða bæjarsjóð.

Loks má í reglugerð setja ákvæði um það, að þann tíma skólaársins, er vinnan og skólinn stendur eigi yfir, sé hverjum nemanda heimilt að leita sér atvinnu þar, sem hann vill, án þess að leysa lausamennskuleyfi, og sömuleiðis ákvæði um það, að ef einhver nemandi vill eigi nota rétt sinn til skólans, þá standi plássið hverjum þeim opið, er stunda vill nám í skólanum lengur en einn vetur.

Nd. 533. Frumvarp til laga

um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi:

1. Afnotarétt af öllu óræktuðu landi jarðarinnar Ás í Garðahreppi.
2. Þann hlutann af óræktuðu landi jarðarinnar Hvaleyri í Hafnarfirði, sem ekki er þegar eign Hafnarfjarðarkaupstaðar.
3. Afnotarétt þess landsvæðis, sem takmarkast þannig: Að austan af veginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, að norðan af Arnarneslæk og Arnarnesvogi, að vestan af beinni línu úr suðvesturhorni Arnarnesvogar yfir vesturhorn Engidals, að mörkum bæjarlands Hafnarfjarðar, og að sunnan af Hafnarfjarðarlandi. Undanskilið skal þó land nýbýlisins Langholts og land það milli Arnarnes- og Hraunsholtslækja, sem þegar er útskipt til bænda í Garðahreppi.
4. Jarðirnar Krísuvík og Stóra-Nýjabæ í Grindavíkurhreppi.

2. gr.

Þegar eignarnám hefir farið fram eftir 1.—3. tölulið 1. gr., skal ríkissjóður selja eða leigja Hafnarfjarðarkaupstað þessi lönd jafnóðum, enda greiði kaup-

staðurinn skaðabætur til Garðahrepps fyrir þá tekjurýrnun, sem hreppurinn kann að verða fyrir vegna eignarnámsins. Ennfremur greiði kaupstaðurinn til einstakra manna skaðabætur fyrir rétt þeirra til landsins og mannvirkja á því, ef ríkissjóður selur kaupstaðnum landið, en ella greiði ríkissjóður þessar skaðabætur, ef landið verður leigt kaupstaðnum. Afnotarétt jarðanna, sem í 4. tölul. 1. gr. getur, skal afhenda Hafnarfjarðarkaupstað, þannig að hann fái þörf kaupstaðarins fyrir hita, ræktun og sumarbeit fullnægt, en Gullbringusýslu skal afhent lítt ræktanlegt beitiland jarðanna sem afréttarland fyrir sauðfé, hvorttveggja eftir því, sem staðhættir og landrými leyfa. Gera skal landamerki milli aðilja um leið og þeim er afhent landið.

Skaðabætur samkv. upphafi þessarar greinar, svo og bætur fyrir eignarnám jarðanna Krísuvíkur og Stóra-Nýjabæjar skulu metnar af gerðardómi þriggja manna. Búnaðarmálastjóri skal vera einn þeirra, annar skipaður af hæstarétti og hinn þriðji skipaður af atvinnumálaráðherra.

3. gr.

Lönd þau, sem Hafnarfjarðarkaupstaður kann að eignast eða fá á leigu á þennan hátt, er honum skylt að leigja bæjarmönnum, eða ráðstafa á annan hátt til ræktunar, í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Þó er honum óheimilt að selja landið aftur.

4. gr.

Eftir því sem eignarnám þetta er framkvæmt að því er snertir 1.—3. tölulið 1. gr., og landið er afhent Hafnarfjarðarkaupstað, skal það lagt undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar og kaupstaðarsvæðið stækkað sem því nemur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 534. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 23. júní 1932, um barnavernd.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og bað barnaverndarráðið sl. vetur, er frv. kom fram, um umsögn þess og barnaverndarnefnda. Einstöku umsagnir hafa borizt nefndinni, en þar sem ætla má, að ýmsar breytingar þurfi að gera á lögunum og nægilegar upplýsingar fyrir reynslu þeirra eru enn ekki fyrir hendi, leggur nefndin til, að frv. verði ekki samþykkt á þessu þingi, en falið ríkisstjórninni til frekari undirbúnings, og verði málið því afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að æskilegt er að fá nánari umsagnir barnaverndarnefnda og barnaverndarráðs um reynslu af l. nr. 43 23. júní 1932, um barnavernd, og í því

trausti, að ríkisstjórnin undirbúi endurskoðun laganna, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. nóv. 1935.

Héðinn Valdimarsson, form., frsm. Stefán Jóh. Stefánsson. Jakob Möller.

Garðar Þorsteinsson.

Nd. 535. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra em bættis- og starfsmanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Í stað orðanna „er skylt að“ komi: má.

Alþingi, 12. nóv. 1935.

Héðinn Valdimarsson, form. Garðar Þorsteinsson, frsm. Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 536. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Í stað orðanna „Svalbarð í Þistilfirði“ í 1. gr., XX. lið (106) komi: Raufarhöfn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Núverandi prestur Svalbarðs- og Ásmundarstaðasókna hefir um nokkur undanfarin ár verið búsettur á Raufarhöfn. Má telja líklegt, að eftirmenn hans kjósi einnig að sitja þar. Er því eðlilegast að gera heimilt að leigja jörðina

Svalbarð, samkvæmt lögum þeim um erfðaábúð og óðalsrétt, sem væntanlega verða samþykkt á þessu þingi.

Núverandi prestur sóknanna, sem jafnframt er prófastur í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi, er meðmæltur breytingunni. Fer umsögn hans hér á eftir.

Fylgiskjal.

Umsögn prófastsins í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi.

Samkvæmt beiðni og fyrir eigin reynslu get ég mælt með því, að löglegt prestssetur verði flutt frá Svalbarði til Raufarhafnar. Meðan núverandi sóknaskipun er í gildi í Svalbarðsprestakalli, er prestssetrið haganlegar sett á Raufarhöfn, þar eð sú sókn er mannfleiri og að öðru leyti meira starf fyrir prestinn þar en í Svalbarðssókn; auk þess er frekar hægt að þjóna Svalbarðssókn frá Raufarhöfn, er landleiðir banna, en Raufarhafnarsókn frá Svalbarði, er líkt á stendur.

Raufarhöfn, 8. sept. 1935.

(Sign.) Páll Hj. Jónsson.

Ed. 537. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 506 [Fiskimálanefnd].

Frá Jóni Auðunn Jónssyni.

Við 1. a. Orðin „Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt, meðan takmarkaður er ... af útfluttum fiskiafurðum ár hvert“ falli niður.

Nd. 538. Breytingartillaga

við frumv. til l. um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Þorbergi Þorleifssyni.

Á eftir 2. gr. frv. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Við 2. gr. A. 1. d. bætast þessir nýir liðir, og breytist liðatalan samkv. því:

a. Á eftir 19. lið: Kvíá í Öræfum í Austur-Skaftafellssýslu.
b. Á eftir 20. lið: Prestsfitaráll í Hornafjarðarfljótum í Austur-Skaftafellssýslu.
c. Á eftir 23. lið: Jökulsá í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu.

Nd. 539. Lög

um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

(Afgreidd frá Nd. 13. nóv.).

Samhljóða þskj. 419.

Nd. 540. Frumvarp til laga

um búreikningaskrifstofu ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna skal og starfrækja búreikningaskrifstofu undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands. Skal það fela ákveðnum manni stjórn hennar og leggja honum til aðstoð og starfsfé, svo sem nauðsyn ber til.

2. gr.

Ríkissjóður skal endurgreiða Búnaðarfélagi Íslands kostnað við búreikningaskrifstofu, en þó má sá kostnaður ekki fara fram úr 3000 kr. á ári.

3. gr.

Hlutverk búreikningaskrifstofunnar er:

1. Að leiðbeina bændum með færslu búreikninga og stuðla að því, eftir því sem við verður komið, að bændur færi sem gleggsta reikninga um búrekstur sinn.
2. Að safna búreikningum víðsvegar af landinu, bæði frá einstökum bændum og bændum, sem bundizt hafa félagsskap með færslu búreikninga, með það fyrir augum að fá sem réttasta mynd af búrekstri bænda yfirleitt og jafnframt af einstökum greinum landbúnaðarins.
3. Að gera upp búreikninga, er skrifstofunni berast, hlutaðeigendum að kostnaðarlausu, og vinna úr þeim hagfræðilegar upplýsingar um allar greinar landbúnaðarins, eftir því sem efni standa til. Birta skal skrifstofan yfirlitsskýrslu um niðurstöður sínar fyrir hvert ár svo fljótt sem við verður komið.
4. Að gefa út aðgengileg eyðublöð fyrir búreikninga með glöggum skýringum.
5. Að gangast fyrir búreikninganámskeiðum til að leiðbeina bændum og starfsmönnum bænda, sem bundizt hafa félagsskap með færslu búreikninga.
6. Að vera ríkisstjórninni til aðstoðar með hagfræðilega útreikninga og skýringar á sviði landbúnaðarins, ef hún óskar þess.

4. gr.

Bændaskólum og öðrum ríkisstofnunum, er reka landbúnað, er skylt að færa búreikninga yfir búreksturinn eftir þeim fyrirmyndum, er búreikningaskrifstofan segir fyrir um. Búreikninga þessa eða afrit af þeim skal senda búreikningaskrifstofunni eftir lok hvers reikningsárs.

5. gr.

Forstöðumanni búreikningaskrifstofunnar og öðrum starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir

komast að sökum starfa síns um efnahag eða tekjur einstakra manna eða stofnana.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1936.

Nd. 541. Frumvarp til laga

um bæjargjöld á Ísafirði.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Fé það, sem þarf til að standa straum af útgjöldum Ísafjarðarkaupstaðar, skal, að því leyti, sem aðrar tekjur hrökkva ekki til, fengið með því að leggja gjald á allar fasteignir í lögsagnarumdæminu, hús, bryggjur, uppfyllingar, lóðir, byggðar og óbyggðar o. s. frv., að undanskildum fasteignum ríkissjóðs og bæjarsjóðs, kirkjum, sjúkrahúsum, skólahúsum, bókasafnshúsum og öðrum menningar- og líknarstofnunum.

2. gr.

Fasteignagjaldið skal vera:

a. Af húsum og bryggjum 0.4%—1%.
b. Af lóðum og öðrum fasteignum 0.1%—1%.
c. Af lóðum og löndum, sem með sérstökum samningi við bæjarstjórn eða með samþykki hennar eru ætlaðar til ræktunar, fiskreita eða annara hliðstæðra afnota, og ekki eru byggingarlóðir, 0,1%.

Gjaldið skal miða við fasteignamat, og skal það vera mismunandi, eftir því til hvers eignirnar eru notaðar, og af húsum ennfremur mismunandi eftir verðmæti þeirra, miðað við fasteignamatsverð og íbúafjölda, allt eftir nánari fyrirmælum í reglugerð.

3. gr.

Gjalddagi á gjöldum samkv. 1. og 2. gr. er 1. febrúar ár hvert, og hvíla gjöldin sem lögveð á fasteign þeirri, sem þau eru lögð á, og skulu ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum kröfum á eigninni.

Brenni hús eða skattskylt mannvirki eyðileggist, hafa þessi gjöld forgangsrétt í bruna- eða skaðabótum.

4. gr.

Séu gjöld þessi ekki greidd áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal eigandi fasteignar greiða bæjarsjóði dráttarvexti, er nemi einum af hundraði fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, er líður frá gjalddaga, unz gjaldið er að fullu greitt.

5. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar setur með reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir, nánari fyrirmæli um gjöld þessi, eftir því sem þurfa þykir.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar, og er þá jafnframt úr gildi numin 18. gr. laga um bæjarstjórn á Ísafirði.

Bráðabirgðaákvæði.

Fasteignagjald samkv. lögum þessum greiðist hið fyrsta sinn árið 1936, og er gjalddagi þess ákveðinn hinn 1. júlí það ár.

Ed. 542. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 4 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

Flm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Í stað „5 af hundraði“ í 2. gr. laga nr. 4 4. júní 1924 kemur: 10 af hundraði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum þeim, sem hér er farið fram á að breyta, er ákveðið, að verzlanir ríkisins greiði í stað venjulegs aukaútsvars eftir efnum og ástæðum ákveðið gjald til bæjarsjóða, er nemi 5 af hundraði af hreinum ágóða verzlunarrekstrarins. Sú hugsun, sem hér liggur til grundvallar, er ekki óeðlileg, því að með stighækkandi gjaldi, eins og vænta má að aukaútsvar sé, getur aukaútsvarið orðið óeðlilega hátt, þegar verzlunarrekstur með stórar vörutegundir er dreginn saman í eitt. — En á hinn bóginn er gjaldið óeðlilega lágt ákveðið með lögunum frá 1924, og þetta kemur vitanlega æ skýrar fram við það, að ríkið dregur til sín fleiri og fleiri greinar verzlunarinnar, og sviptir með því bæina verulegum hluta skattgreiðenda, en á hinn bóginn fara þarfir bæjanna til tekna vaxandi og útsvörin því um leið hækkandi.

Hér er lagt til, að gjald þetta verði fært upp í 10 af hundraði, og má þó fullyrða, að eins og nú er komið útsvarsálagningu bæti þetta engan veginn upp það skarð, sem ríkisverzlanirnar höggva í skattstofn þennan.

Ed. 543. Frumvarp til laga

um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Sjóveðréttur samkvæmt 11. kap. siglingalaganna, nr. 56 30. nóv. 1914, fyrir kröfum skipstjóra og skipshafnar til kaups og annarar þóknunar, sem þeir eiga

lögmætt tilkall til fyrir starf sitt í þjónustu skipsins, skal einnig ná til vátryggingarfjár skips og farmgjalds, meðan það er ekki af höndum greitt. Bætur skipverja samkvæmt 3. mgr. 41. gr. sjómannalaganna, nr. 41 19. maí 1930, skulu hafa lögveðsrétt í vátryggingarfé skips og farmgjalds og ganga á undan samningsbundnum veðum. Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi, og er vátryggingarsala þá óheimilt að láta vátryggingarféð af höndum fyrr en 3 mánuðir eru liðnir frá því að fyrsta sjópróf var haldið út af slysinu, eða frá því, að skip var dæmt óbætandi með löglegri skoðunargerð samkvæmt 4. gr. siglingalaganna.

2. gr.

Fyrirfram gefið afsal skipshafnar eða einstakra skipverja á sjóveðrétti skal vera ógilt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða frumvarp þessu var flutt á Alþingi 1932. Var því vísað til sjávarútvegsnefndar neðri deildar, en nefndarálit kom ekki. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Um 1. gr.

Samkvæmt 238. gr. siglingalaganna nær sjóveðréttur skipstjóra og skipverja ekki til vátryggingarfjár skips og farmgjalds. Farist skip eða sé dæmt óbætandi, falla forréttindi þeirra niður, enda þótt fullt verð komi fyrir skipið frá vátryggingarsala, og eiga þeir þá á hættu að glata kröfu sinni að öllu sökum annara skulda skipseiganda. Af þessu leiðir og það, að sé kaup skipshafnar ekki greitt á réttum gjalddaga, er henni nauðugur einn kostur að stöðva skipið þegar í stað, til þess að eiga ekki á hættu, að réttur hennar falli niður bótalaust. Úr þessum göllum er 1. gr. ætlað að bæta.

Um 2. gr.

Samkvæmt siglingalögunum mun vera óvíst, hvort fyrirfram gefið afsal skipverja á sjóveðrétti gagnvart skipseiganda eða öðrum sé gilt að lögum. Greininni er ætlað að taka af allan vafa í því efni.“

Ed. 544. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 484 [Loftskeytastöðvar].

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson og Ingvar Pálmason.

1. Við 1. gr.
   a. Aftan við 1. mgr., á eftir „talskeytastöð“, komi: eða loftskeytastöð.
   b. 2. mgr. falli niður.
2. Við 2. gr. Á eftir orðinu „talskeytastöðvanna“ komi: eða loftskeytastöðvanna.

Sþ. 545. Tillaga til þingsályktunar

um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga.

Flm.: Jónas Guðmundsson, Garðar Þorsteinsson, Emil Jónsson, Bjarni Ásgeirsson, Einar Árnason, Sigurður Einarsson, Jóhann Jósefsson, Guðbrandur Ísberg, Þorsteinn Briem.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga.

Greinargerð.

Fyrir Alþingi því, er nú situr, liggja mörg frumvörp frá einstökum þingmönnum um nýja tekjustofna handa ýmsum bæjar- og sveitarfélögum, tillögur um að létta af bæjar-, sýslu- og sveitarsjóðum gjöldum, sem nú hvíla á þeim, og ennfremur frumvarp um að láta fasteignaskattinn til ríkissjóðs renna til sýslu- og bæjarsjóða.

Allar þessar tillögur sýna, að nú þegar er orðið svo erfitt fyrir sveitarfélögin að bjargast með þeim tekjustofnum, sem þau nú hafa, að ekki má það lengur dragast, að hér sé bót á ráðin.

Það mun líka almennt viðurkennt nú orðið, að útsvörin, sem telja má hinn eina verulega tekjustofn bæjar- og sveitarfélaganna, eru ekki nægilega tryggur tekjustofn til þess að á þeim verði byggð öll afkoma bæjar- og sveitarsjóðanna í framtíðinni.

Þingsályktunartillaga þessi er því fram borin til þess, að Alþingi gefist kostur á að segja til um, hvort það vill taka mál þetta í heild upp til endurskoðunar, með það fyrir augum, að á næsta ári fáist komið á löggjöf, er skapi bæjar- og sveitarsjóðunum tryggari og meiri tekjur en þeir nú hafa.

Fyrir tillögunni mun gerð nánari grein í framsögu.

Nd. 546. Breytingartillaga

við frv. til l. á þskj. 533 [Eignarnámsheimild o. fl.].

Flm.: Ólafur Thors.

Fyrri málsliður 3. töluliðs 1. gr. orðist svo:

Afnotarétt þess landsvæðis, sem takmarkast þannig: Að austan af veginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, að norðan af Arnarneslæk og Arnarnesvogi, að vestan af beinni línu úr suðvesturhorni Arnarnesvogar að vesturhorni Engidals, þaðan meðfram Álftanesveginum að aðalveginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Ed. **547. Frumvarp til laga**

um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi:

1. Afnotarétt af öllu óræktuðu landi jarðarinnar Ás í Garðahreppi.
2. Þann hlutann af óræktuðu landi jarðarinnar Hvaleyri í Hafnarfirði, sem ekki er þegar eign Hafnarfjarðarkaupstaðar.
3. Afnotarétt þess landsvæðis, sem takmarkast þannig: Að austan af veginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, að norðan af Arnarneslæk og Arnarnesvogi, að vestan af beinni línu úr suðvesturhorni Arnarnesvogar að vesturhorni Engidals, þaðan meðfram Álftanesveginum að aðalveginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Undanskilið skal þó land nýbýlisins Langholts og land það milli Arnarnes- og Hraunholtslækja, sem þegar er útskipt til bænda í Garðahreppi.
4. Jarðirnar Krísuvík og Stóra-Nýjabæ í Grindavíkurhreppi.

2. gr.

Þegar eignarnám hefir farið fram eftir 1.—3. tölulið 1. gr., skal ríkissjóður selja eða leigja Hafnarfjarðarkaupstað þessi lönd jafnóðum, enda greiði kaupstaðurinn skaðabætur til Garðahrepps fyrir þá tekjurýrnun, sem hreppurinn kann að verða fyrir vegna eignarnámsins. Ennfremur greiði kaupstaðurinn til einstakra manna skaðabætur fyrir rétt þeirra til landsins og mannvirkja á því, ef ríkissjóður selur kaupstaðnum landið, en ella greiði ríkissjóður þessar skaðabætur, ef landið verður leigt kaupstaðnum. Afnotarétt jarðanna, sem í 4. tölul. 1. gr. getur, skal afhenda Hafnarfjarðarkaupstað, þannig að hann fái þörf kaupstaðarins fyrir hita, ræktun og sumarbeit fullnægt, en Gullbringusýslu skal afhent lítt ræktanlegt beitiland jarðanna sem afréttarland fyrir sauðfé, hvorttveggja eftir því, sem staðhættir og landrými leyfa. Gera skal landamerki milli aðilja um leið og þeim er afhent landið.

Skaðabætur samkv. upphafi þessarar greinar, svo og bætur fyrir eignarnám jarðanna Krísuvíkur og Stóra-Nýjabæjar skulu metnar af gerðardómi þriggja manna. Búnaðarmálastjóri skal vera einn þeirra, annar skipaður af hæstarétti og hinn þriðji skipaður af atvinnumálaráðherra.

3. gr.

Lönd þau, sem Hafnarfjarðarkaupstaður kann að eignast eða fá á leigu á þennan hátt, er honum skylt að leigja bæjarmönnum, eða ráðstafa á annan hátt til ræktunar, í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Þó er honum óheimilt að selja landið aftur.

4. gr.

Eftir því sem eignarnám þetta er framkvæmt að því er snertir 1.—3. tölulið 1. gr., og landið er afhent Hafnarfjarðarkaupstað, skal það lagt undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar og kaupstaðarsvæðið stækkað sem því nemur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 548. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps til álagningar vörugjalds.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta. Allir nefndarmenn voru sammála um, að fullkomin nauðsyn sé á lagasetningu, er veiti bæjar- og sveitarfélögum aðstöðu til aukinna tekna, en greindi á um, hverja leið skyldi fara í því efni.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, með skírskotun til greinargerðar frumvarpsins, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (JörB) undirritar með fyrirvara. En einn (StJSt) hefir lýst sig frumvarpinu ósamþykkan, og mun gera grein fyrir afstöðu sinni.

Alþingi, 13. nóv. 1935.

Sigfús Jónsson, form., frsm.	Jakob Möller, fundaskr.	Jörundur Brynjólfsson. með fyrirv.
	Ólafur Thors.	

Nd. 549. Breytingartillaga

við frumv. til l. um heimild fyrir hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps til álagningar vörugjalds.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1936 og gilda aðeins fyrir það ár.

Ed. 550. Lög

um breyting á lögum nr. 99 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

(Afgreidd frá Ed. 14. nóv.).

Samhljóða þskj. 522.

Nd. 551. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Gísla Sveinssyni.

Við 2. gr. Við greinina bætist:
20. Ásavatn í Skaftártunguhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

Ed. 552. Breytingartillaga

við frv. til l. um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, allskonar eldvopnum og hlutum og efni í þau.

Frá Þorst. Þorsteinssyni.

Við 2. gr. 1. málsgr. Á eftir orðunum „að þeim sé það" bætist inn í: gagnlegt, eða.

Nd. 553. Nefndarálit

um breyt. á l. nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einn nefndarmaður (GÞ) áskilur sér rétt til að koma með breytingartillögur.

Alþingi, 14. nóv. 1935.

Héðinn Valdimarsson, form., frsm. | Jakob Möller, með fyrirv. | Garðar Þorsteinsson.
Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 554. Nefndarálit

um frv. til l. um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. nóv. 1935.

Héðinn Valdimarsson, form. | Stefán Jóh. Stefánsson, frsm. | Jakob Möller.
Garðar Þorsteinsson.

Nd. 555. Nefndarálit

um frv. til l. um sameining Blönduóskauptúns í eitt hreppsfélag.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin verður að fallast á það, að krafan um sameiningu Blönduóskauptúns sé eðlileg og réttmæt, og vísar um rök fyrir því til greinargerðar frumvarpsins, en nánari grein verður gerð fyrir afstöðu nefndarinnar í framsögu. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Aftan við gr. bætist: né heldur rétti ábúandans á Enni til fjörubeitar í landi kauptúnshlutans.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Blönduóshreppur tekur að sér framfærslu allra þeirra, er öðlazt hafa og öðlast kunna framfærslurétt vegna fæðingar eða dvalar í Blönduóskauptúni norðan Blöndu.
3. Við 4. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
   Blönduóshreppur greiðir Engihlíðarhreppi bætur eftir mati fyrir missi tekna úr Blönduóskauptúni norðan Blöndu.
4. Við 5. gr. Á eftir orðunum „frá 1. jan. næstk. að telja“ komi: og öðlast þeir samtímis kosningarrétt þar í sveitarstjórnarmálum.
5. Í stað „austan Blöndu“ („eða austan árinnar“) komi alstaðar í frv.: norðan Blöndu (eða norðan árinnar).

Alþingi, 14. nóv. 1935.

Héðinn Valdimarsson, form. — Jakob Möller, frsm. — Garðar Þorsteinsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Ed. 556. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og telur rétt að afgreiða það til deildarinnar, þótt nokkur ágreiningur sé um efni þess. Telur BSt mikla nauðsyn á samþ. frv. og mælir með því óbreyttu og vísar um ástæður til greinargerðarinnar. JBald hefir óbundnar hendur um frv. og einstök atriði. Þriðji nefndarmaðurinn (PM) var eigi á fundi, þegar málið var tekið fyrir, og hefir því að sjálfsögðu óbundið atkvæði um það.

Alþingi, 14. nóv. 1935.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. — Jón Baldvinsson, fundaskr.

Nd. 557. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Fiskimatsmönnum, sem náð hafa aldurshámarki samkv. lögum þessum, má veita undanþágu frá ári til árs, frá því að láta af starfi sínu, meðan viðkomandi yfirfiskimatsmaður mælir með undanþágunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 558. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps til álagningar vörugjalds.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Ég hefi ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu þessa máls. Ég tel ekki rétt að samþykkja frv. eins og nú standa sakir, og heimila þannig einstöku hreppsfélagi tekjuauka með álagningu vörugjalds. Ég legg því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að fram er komin á Alþingi tillaga til þingsályktunar um að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga, þá sér deildin ekki ástæðu til að samþykkja frv. þetta og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 15. nóv. 1935.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Ed. 559. Breytingartillaga

við frv. til l. um loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum.

Frá Jóni Auðunn Jónssyni.

Fyrirsögnin verði:

Frumvarp til laga um talskeytastöðvar í íslenzkum skipum.

Nd. 560. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 76 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

2. málsgrein 4. gr. nefndra laga orðist svo:

Nú hefir félag fiskframleiðenda fengið löggildingu sem saltfiskútflytjandi og hefir umráð yfir 65% eða meiru af saltfiskframleiðslu landsmanna, og getur þá atvinnumálaráðherra ákveðið að veita því útflutningsleyfi fyrir jafnháum eða hærri hundraðshluta af framleiðslunni og það hefir umráð yfir, en fullnægja skal félagið þeim skilyrðum, er hér fara á eftir, sé það eigi stofnað og starfrækt samkvæmt lögum nr. 36 27. júní 1921, um samvinnufélög: Félagið skal vera opið fiskframleiðendum þannig, að skrásett samlagsfélög þeirra, sem ná yfir eina eða fleiri veiðistöðvar eða tiltekin svæði, samvinnufélög og sambönd þeirra, sem selja fisk meðlima sinna, samvinnuútgerðarfélög og útgerðarfyrirtæki bæjar- og sveitarfélaga hafi rétt til þátttöku og til að senda fulltrúa á fundi þess, enda hafi hvert þeirra til umráða að minnsta kosti 1000 skpd. saltfisks. Önnur útgerðarfélög, einstakir útgerðarmenn og fiskeigendur skulu og eiga rétt til að gerast meðlimir og mæta eða láta mæta á fundum félagsins, ef þeir ráða yfir að minnsta kosti 1500 skpd. saltfisks. Æðsta vald í félagsmálum sé hjá félagsfundum. Aðalfundur sé haldinn ár hvert, og kýs hann stjórn félagsins, úrskurðar reikninga þess og kveður á um starfsemi þess. Stjórnin ræður framkvæmdarstjóra. Nú ákveður atvinnumálaráðherra, að félaginu skuli veitt útflutningsleyfi fyrir meiru en 65% af saltfiskframleiðslunni, og hefir hann þá rétt til að tilnefna eða skipa 2 menn í stjórn þess til viðbótar hinum félagskosnu. Hver þátttakandi hefir eitt atkvæði á félagsfundum og auk þess viðbótaratkvæði, er miðist að nokkru leyti við það fiskmagn, er hann hefir umfram tilskilið lágmark, þannig, að viðbótaratkvæðisréttur þeirra, sem geta orðið þátttakendur með 1000 skpd., verði jafnan minnst þeim mun riflegri en hinna, sem svarar til mismunar á tilskildu lágmarksfiskmagni. Enginn þátttakandi má fara með meira en 8% af atkvæðamagni félagsins fyrir sjálfan sig og aðra. Sama gildir um atkvæðisrétt innan félaga, sem eru þátttakendur.

2. gr.

Orðin „og njóta um það jafnréttis við hið almenna fisksölusamlag“ í lok 3. málsgreinar 4. gr. skulu falla niður.

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú ákveður atvinnumálaráðherra að veita félagi fiskframleiðenda samkvæmt 2. málsgrein 4. gr. útflutningsleyfi fyrir 65% eða meiru af saltfiskframleiðslunni, og á þá stjórn félagsins rétt til að fá allar þær upplýsingar, er hún óskar, um sölu og útflutning fisks, er fiskimálanefnd kann að sjá um sölu á,

samkv. 2. gr., og aðgang að skjölum þar að lútandi, enda skal félagið láta fiskimálanefnd fá til umráða nægan fisk til nauðsynlegra tilraunasendinga á nýja markaði og annarar nýbreytni samkvæmt 2. gr.

4. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Stofna skal sjóð, er nefnist fiskimálasjóður, og skal hann vera undir umsjón atvinnumálaráðherra. Fé sjóðsins skal verja samkv. ákvæðum 14. gr. laga þessara.

Afla skal sjóðnum tekna sem hér segir:

Ríkisstjórninni er heimilt að verja úr ríkissjóði allt að 1 milljón króna, og heimilast henni að taka þá upphæð að láni, eða jafngildi hennar í erlendri mynt.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt, meðan takmarkaður er innflutningur á íslenzkum fiski til eins eða fleiri markaðslanda, að ákveða, að við útflutning fisks og fiskafurða, annara en síldarafurða, skuli greiða gjald í sjóðinn, er nemi ½—¾ — hálfum til þrem fjórðu — af hundraði að verðmæti þeirra, miðað við fob-verð. Þó getur ríkisstjórnin ákveðið að undanskilja fisk og fiskafurðir, sem sendar eru til útlanda í tilraunaskyni. Kostnaður við störf fiskimálanefndar greiðist eingöngu af þessu gjaldi.

Við aðrar greiðslur úr fiskimálasjóði skal gæta þess, að minnst jafnhátt framlag komi af þeim hluta sjóðsins, er ríkissjóður leggur fram, og þeim hluta, er greiðist af útfluttum fiskafurðum ár hvert.

Skilagrein fyrir því, hvernig sjóðnum er varið, skal árlega fylgja landsreikningi.

5. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að veita stofnunum, einstaklingum og félögum lán eða styrk úr fiskimálasjóði til þess, er hér greinir:

1. Að stunda veiði með nýjum aðferðum eða leita nýrra aflamiða.
2. Að verka fisk eða aðrar sjávarafurðir með nýjum aðferðum, svo sem með herðingu, hraðfrystingu, niðursuðu o. fl.
3. Að gera tilraunir með útflutning og sölu sjávarafurða á nýja markaðsstaði, svo og til að auka sölu þeirra á hinum eldri.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef henta þykir, að fela fiskimálanefnd einni ýmsar framkvæmdir samkvæmt framanskráðu, eftir nánari fyrirmælum ráðherra í hvert sinn.

Fiskimálanefnd annast um veitingu lána og styrkja úr fiskimálasjóði samkv. þessari grein, eftir reglum, er ríkisstjórn setur, að fengnum tillögum fiskimálanefndar, og mega lánin vera vaxtalaus um ákveðið árabil.

6. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Lög nr. 75 29. des. 1934, um markaðs- og verðjöfnunarsjóð, og 1. gr. laga nr. 79 16. apríl 1935, um breyting nokkurra laga, sem varða sölu og meðferð íslenzkra afurða, eru úr gildi felld.

7. gr.

15. gr. laganna verður 16. grein og hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal að lokinni staðfestingu færa texta þessara breytinga inn í meginmál laga nr. 76 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., og gefa út sem ný lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fé því, sem til kann að vera í markaðs- og verðjöfnunarsjóði eftir að sjóðurinn hefir innt af hendi áhvílandi skuldbindingar, skal varið til verðjöfnunar milli fiskútflytjenda, en síðan, ef enn verður afgangur, skipt milli þeirra í réttu hlutfalli við greiðslur þeirra í sjóðinn. Núverandi stjórn markaðs- og verðjöfnunarsjóðs annast úthlutun þessa.

Nd. 561. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll.

Frá iðnaðarnefnd.

Aftan við C-lið 1. gr. bætist: gólfklútar.

Nd. 562. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 14 9. jan. 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo: Verksmiðjurnar eru undanþegnar aukaútsvari eftir efnum og ástæðum, svo og tekju- og eignarskatti. Þó er bæjar- eða sveitarstjórn, þar sem verksmiðja starfar, heimilt að leggja á hana árlega gjald til bæjar- eða sveitarsjóðs, sem nemur allt að einum og hálfum af hundraði af söluverði ársafurða verksmiðjunnar. Ákvæði þetta gildir fyrst um afurðir verksmiðjanna 1936.

Gjaldið greiðist eftir á 1. marz ár hvert.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er lagt til, að síldarverksmiðjur ríkisins verði gjaldskyldar til bæjar- og sveitarfélaga, hliðstætt því, sem einkasölur ríkisins eru. En þar sem verksmiðjurnar eru ekki reknar sem gróðafyrirtæki ríkisins, verður því ekki við

komið að miða gjaldið við nettóhagnað eins og hjá einkasölunum. Hér er því miðað við söluverð afurðanna, og virðist það réttlátast. Fasteignagjald gæti einnig komið til mála, en yrði óréttlátara, þar sem það kæmi þyngst niður á þeim verksmiðjunum, sem mestu hafa kostað til bygginga.

Það verður að teljast óeðlilegt, að sú starfsemi, sem hér er um að ræða, sé rekin án þess, að viðkomandi bæjar- og sveitarfélög hafi af því tekjur eins og af öðrum atvinnurekstri. Enda hafa bæjar- og sveitarfélögin vitanlega ýms útgjöld vegna fólks, sem við þennan atvinnurekstur vinnur.

Nd. 563. Frumvarp til laga

um viðauka við og breyting á lögum nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Innkaupsreikninga yfir eftirtaldar vörur, sem fluttar eru hingað til lands og ekki eru af innlendum uppruna (endursendar íslenzkar afurðir) né teljast til farangurs ferðamanna, skal hlutaðeigandi lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, stimpla á þann hátt, sem segir í 1. gr. laga nr. 5 3. apríl 1928, með þeim hundraðshlutum af innkaupsverði þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands, sem hér greinir:

A. Með 100% stimplast reikningar yfir spil (playing cards).

B. Með 50% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Fatnaður úr silki, nema sokkar. Karlmannafatnaður búinn með silki eða skinni.

C. Með 30% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Albúm. Hanzkar úr skinni og silki. Skinntöskur, skinnveski, skinnbelti. Fatnaður úr skinni, öðru en loðskinni, og húfur allskonar. Gólfklútar.

D. Með 15% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Umbúðakassar, unnir og hálfunnir. Botnvörpuhlerar og tilheyrandi. Blakkir. Sigurnaglar. Bracket. Reykrör. Ístöð. Beizlisstengur og beizlismél. Túrbínupípur, túrbínur allt að 100 hestafla. Jarðstrengjamúffur fyrir rafkabala. Öryggisdósir. Stauraskór. Kolaausur. Kröfsur. Strekkitengur. Þverslár á símastaura. Lausasmiðjur. Decimalvogir. Toppplötur á símastaura. Brunahanar. Brunnkarmar í holræsi og vatnsveitur. Hestrekur, Húsalistar, borðskápar og hillur í hús og annað smíði til húsa. Húsagrindur. Húsahlutar, hálf- eða altilbúnir. Blikkdósir, lóðaðar og smelltar. Gerduft. Strigaskór með gúmmísólum. Pappakassar, -öskjur, -hylki, -bakkar og pappírspokar. Pappír innbundinn og heftur, hverskonar áprentuð eyðublöð, áprentuð bréfsefni og umslög. Bréfsefni og umslög í öskjum. Prentaðir merkimiðar. Bundnar bækur, prentaðar eða ljósprentaðar erlendis fyrir ísl. útgefendur. Band af ísl. bókum, sem eru innbundnar erlendis.

E. Með 10% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Segl og presseningar. Óbundnar bækur, sem eru prentaðar eða ljósprentaðar erlendis fyrir ísl. útgefendur. Þó er fjármálaráðherra heimilt að undanskilja frá verðtolli fræðirit ljósprentuð erlendis og þær bækur, sem samið hefir verið um ljósprentun á erlendis fyrir árslok 1934.

F. Með 5% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Málning, oliurifin málning. Kítti. Þerriolía. Lakkfernis. Kaðlar. Færi og fiskilínur. Öngultaumar. Þorskanet. Lóðabelgir.

G. Verðtollsfrjáls: Hringjur. Beizliskeðjur. Taumlásar. Strigaborðar og strigagjarðir. Harpix. Penslar til málaraiðnar. Linoleum- og gúmmídúkalím. Flóki. Hnappar. Krókar. Smellur. Spennur. Kóssar. Vélar, sem eingöngu eru notaðar til innlendrar framleiðslu, og varahlutar til þeirra.

Þar sem verðtollurinn er hærri eftir þessum lögum, er tollurinn eftir eldri verðtollslögum innifalinn í honum, en þar sem verðtollurinn er lægri, er tollurinn eins og segir í þessum lögum.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðuneytið um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að lækka eða fella niður verðtoll af útlendum vörum samskonar og þeim, sem framleiddar eru innanlands, ef verðlag á innlendu vörunni reynist, við rannsókn, er ráðherra lætur framkvæma á innlendu vörunni, hærra en honum þykir sanngjarnt í samanburði við verð á samskonar vöru innfluttri frá útlöndum, án verðtolls.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 5 1928, um sýning innkaupsreikninga, og ákvæði 2. gr. sömu laga og gildandi reglugerð um verðtoll gilda einnig um gjald og innheimtu samkvæmt 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um þetta gjald, og má þar ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum laganna eða reglugerðarinnar.

4. gr.

Ef óeðlilega lágt eða grunsamlegt verð er gefið upp á innfluttri verðtollsskyldri vöru, er tollheimtumanni rétt að ákveða sanngjarnt verð á þeirri vöru til verðtollsákvörðunar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og gilda til ársloka 1936.

Nd. 564. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll.

Frá Sigurði Einarssyni, Páli Þorbjörnssyni og Finni Jónssyni.

Við 1. gr. Orðin „Kaðlar. Færi og fiskilínur. Öngultaumar. Þorskanet“ falli burt úr F-lið, en bætist aftan við G-lið.

Nd. 565. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 40 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

2. gr. í lögum nr. 40 19. júní 1933 orðist svo:
Lög þessi skulu gilda til ársloka 1936.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 566. Nefndarálit

um frumv. til laga um iðnaðarnám.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Við athugun frumv. þessa í iðnaðarnefnd taldi minni hl. nefndarinnar nauðsyn bera til að fá greinilegri umsagnir iðnaðarmanna um nýmæli frumvarpsins en fyrir lágu, og lagði til, að afgreiðslu málsins yrði frestað, þar til iðnaðarþing hefði fengið tækifæri til þess að fjalla um málið. Virtist þetta liggja beint við, þar sem vitað var, að Alþingi yrði frestað til hausts, en iðnaðarþing yrði háð í þinghléinu. Meiri hl. nefndarinnar vildi ekki fallast á neinn frest, og leiddi það til þess, að nefndin klofnaði.

Nú hefir iðnaðarþing fjallað um málið og lagt til, að á því verði gerðar nokkrar breytingar. Hefir minni hl. nefndarinnar gert tillögur iðnaðarþings að sínum tillögum og leggur til, að frumv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 8. gr. Greinina skal orða svo:
   Starfstími iðnnema má ekki fara fram úr 60 klst. á viku að meðtöldum kaffihléum ½ klst. tvisvar á dag, eða tilsvarandi stytting á daglegum vinnutíma annars. Starfstíminn fari þó ekki niður úr 1800 stundum á ári, nema lögmæt forföll, svo sem veikindi, hamli.
   Þann tíma, sem nemandinn stundar bóklegt nám, samkv. 10. gr., eða minnst 5 og mest 7 mánuði ársins, skal þó þetta hámark, að meðtöldu ½ klst. kaffihléi einu sinni á dag, vera 42 klst., enda er þá sá tími, er fer til bóklega námsins, ekki talinn þar með.
   Sé vinnutími sveina í viðkomandi iðn bundinn venjum eða fastmælum, skal vinnutími nemandans vera sá sami og sveinanna þann tíma árs, sem

hann stundar ekki bóklegt nám, en þó aldrei hærri en hámark það, sem greinin gerir ráð fyrir að öðru leyti.

Ákveða má í námssamningi annan starfstíma nemandans en hér segir, en þó aðeins innan þeirra takmarka, sem þessi grein setur að öðru leyti.

Ekki má taka nemanda til iðnkennslu yngri en 16 ára.

2. Við 11. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo:

Nánari ákvæði um prófið og umsjón með því setur atvinnumálaráðherra með reglugerð, enda getur enginn nemandi fengið sveinsbréf, nema hann hafi staðizt lágmarkspróf það í bóklegum fræðum, er sú reglugerð ákveður.

Skal hann ljúka því prófi í iðnskóla, sé hann til á staðnum, en ella hjá prófdómendum við hið verklega próf, enda gildir þá sveinsbréf hans aðeins innan þess lögsagnarumdæmis, er prófið fór fram í, og skal það tekið fram í athugasemd, er viðkomandi lögreglustjóri ritar á sveinsbréf hans.

Heimilt skal sveini með slíkt sveinsbréf að þreyta próf við hvaða iðnskóla sem er á landinu, og skal hann þá fá venjulegt sveinsbréf, ef hann stenzt það próf.

3. Við 12. gr. Á eftir orðunum „og getur sagt upp námssamningi frá þeim tíma“ komi: enda séu þessir 6 mánuðir hámark þess tíma, samtals yfir allan námstímann, sem meistarar eru skyldir til að sjá nemendum fyrir þeim hlunnindum, er hér um getur í þessari grein.

Alþingi, 16. nóv. 1935.

Guðbr. Ísberg, frsm. Jakob Möller.

Ed. 567. Frumvarp til laga

um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, allskonar sprengjum og hlutum og efni í þau.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Dómsmálaráðherra skal heimilt að ákveða með reglugerð, hverskonar skotvopn, skotfæri og sprengjur skuli flutt til landsins og seld almenningi, um álagning á þau, svo og hvernig fara skuli með birgðir þær af skotvopnum, skotfærum, hlutum og efni í þau, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu. Í reglugerðinni skal ennfremur kveðið á um heimild manna til að hafa vopn í vörzlum sínum, og skulu þau ákvæði einnig ná til þeirra vopna, skotfæra, sprengja o. s. frv., sem eru í vörzlum einstaklinga, félaga og firma við gildistöku laga þessara.

2. gr.

Það skal vera aðalregla, að þeim einum sé veitt heimild til þess að hafa vopn í vörzlum sínum, er sýna skilríki fyrir því, að þeim sé það gagnlegt, eða nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar.

Halda skal skrá yfir þá menn, er leyft hefir verið að hafa vopn í vörzlum sínum, og um það, hverskonar vopn þeim hefir verið leyft að hafa.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, varða allt að 10000 kr. sekt, ef eigi liggur við þyngri refsing eftir öðrum lögum. Auk þess skulu vopn þau og skotfæri, sem inn eru flutt eða eru í vörzlu manna í heimildarleysi, gerð upptæk og andvirði þeirra renna í ríkissjóð.

4. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 568. Lög

um bæjargjöld á Ísafirði.

(Afgreidd frá Nd. 16. nóv.).

Samhljóða þskj. 541.

Ed. 569. Nefndarálit

um frv. til laga um erfðaábúð og óðalsrétt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Tveir nefndarmanna (BSt og PM) mæla með því, að frv. verði samþ., en bera þó ef til vill breytingartillögur fram við það síðar. JBald vill fella frv., eða gera á því stórfelldar breytingar að öðrum kosti.

Alþingi, 16. nóv. 1935.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr.	Pétur Magnússon.

Ed. 570. Breytingartillögur

við frv. til l. um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, allskonar sprengjum og hlutum og efni í þau.

Frá Jóni Áuðunn Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Dómsmálaráðherra skal heimilt að banna með reglugerð innflutning

til landsins á hverskonar hernaðartækjum, heilum eða hlutum úr þeim. Ennfremur skal ráðherra heimilt að banna sölu almennra skotvopna til þeirra, sem yngri eru en 18 ára.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Í reglugerð, sem sett er samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum hennar.
3. Við 3. gr. Greinin falli niður.
4. Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um bann gegn innflutningi hernaðartækja og takmörkun á sölu skotvopna.

Ed. 571. Nefndarálit

um frv. til laga um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Til nefndarinnar hefir verið vísað 2 frv. um þetta efni. Þar sem þau eru í mörgum greinum samhljóða, þykir nefndinni ekki ástæða til að afgreiða nema annað þeirra og hefir valið til þess frv. á þskj. 440. Nokkur ágreiningur er í nefndinni um einstök atriði, og má því gera ráð fyrir, að fram komi frekari brtt. frá einstökum nefndarmönnum heldur en þær, sem hér verða fram bornar. En nefndin er öll sammála um að mæla með frv.

Óþarfi virðist að heimila sérstaklega að banna innflutning á kartöflum og öðrum garðávöxtum, sem einkasala kann að verða á, því að hin fyrirhugaða „Grænmetisverzlun ríkisins“ getur haft innflutning þeirra vörutegunda í hendi sér.

Rétt virðist að heimila Grænmetisverzlun ríkisins að selja einnig beint til þeirra bæjar- og sveitarfélaga, sem þess kynnu að óska.

Óvarlegt virðist að heimila 60000 kr. til verðlauna á þrem árum, án þess að tiltaka, hvað miklu upphæðin megi nema á ári. Gæti þá svo farið, að mestur hluti upphæðarinnar eyddist þegar á fyrsta ári. Auk þess er eðlilegra að tiltaka ákveðna upphæð á ári, sem þá yrði að sjálfsögðu tekin upp í fjárlög.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með eftirfylgjandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr. Fyrir orðin „kartöflum og öðrum garðávöxtum“ komi: þeim tegundum garðávaxta, sem framleiða má í landinu sjálfu og Grænmetisverzlun ríkisins annast ekki innflutning á.
2. Við 5. gr. Á eftir orðunum „er hafa verzlunarleyfi“ komi: svo og til bæjar- og sveitarfélaga.
3. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað orðanna „60000 kr. á þessum þremur

árum, sem að ofan eru greind“ komi: 30000 kr. árið 1936, allt að 20000 kr. árið 1937 og allt að 10000 kr. árið 1938.

4. Við fyrirsögn frv. Við fyrirsögnina bætist: o. fl.

Alþingi, 18. nóv. 1935.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon, með fyrirvara.

Ed. 572. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 18. nóv. 1935.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.	Jón A. Jónsson.

Nd. 573. Frumvarp til laga

um heimild fyrir hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps til álagningar vörugjalds.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Að fengnu samþykki meiri hluta atkvæðisbærra manna í Sauðárkrókshreppi á almennum, lögmætum hreppsfundi, og meiri hluta sýslunefndar Skagafjarðarsýslu, er hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps heimilt að leggja sérstakt gjald á allar aðfluttar vörur til Sauðárkróks, sem vörutollur er greiddur af til ríkissjóðs.

2. gr.

Gjald þetta má nema allt að 50% af vörutollinum eins og hann er eða verður á hverjum tíma, og skal sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu skylt að innheimta gjaldið ásamt vörutollinum og standa hreppsnefndinni skil á því í lok hvers ársfjórðungs.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1936 og gilda aðeins fyrir það ár.

Nd. 574. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands.

Frá Héðni Valdimarssyni.

Á eftir 4. gr. frumvarpsins komi ný grein, er verður 5. gr., svo hljóðandi:
Aftan við 16. gr. laganna komi ný málsgrein:
Séu iðgjöld eigi greidd áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal iðgjaldsgreiðandi greiða félaginu dráttarvexti, er nemi ½% — hálfum af hundraði — fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem liðinn er frá gjalddaga, unz gjaldið er greitt.

Nd. 575. Frumvarp til laga

um bráðabirgðabreyting laga nr. 63 28. janúar 1935, um útflutningsgjald.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Ríkisstjórninni er heimilt að fresta árið 1936 framlagi til Ræktunarsjóðs Íslands af útflutningsgjaldi samkvæmt 12. gr. laga nr. 63 28. janúar 1935, um útflutningsgjald.

Greinargerð.

Frv. er flutt skv. ósk fjármálaráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi aths.:
„Á fyrri hluta þessa þings var fallizt á að fresta framlagi því, sem frumvarpið fjallar um, árið 1935, gegn því skilyrði, að ríkisstjórnin útvegaði Ræktunarsjóðnum markað fyrir tilsvarandi upphæð í bankavaxtabréfum sjóðsins. Það er þegar sýnilegt, að vegna fjárhagsástæðna ríkissjóðs er fullkomin nauðsyn, að þessu verði eins fyrir komið á árinu 1936, og er því frumvarp þetta flutt."

Nd. 576. Frumvarp til laga

um eignarnám á hluta af landi jarðarinnar Ennis í Engihlíðarhreppi.

Flm.: Hannes Jónsson, Jón Sigurðsson, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Þann hluta af landi jarðarinnar Ennis, sem liggur fyrir vestan línu úr Ámundakinn við Blöndu, ofan melabrúna í merkjalínu milli Ennis og Blöndubakka sem næst Mógilshvammi, má taka eignarnámi til handa Engihlíðarhreppi í A.-Húnavatnssýslu samkv. lögum nr. 61 frá 1917, ef ekki næst samkomulag við eiganda Ennis.

Slíkt eignarnám, ef framkvæmt verður, haggar ekki þeim samningum, sem þinglesnir hafa verið um lóðir og ræktunarlönd úr umræddu landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram komið vegna þess, að eigandi Ennis hefir verið mjög óliðlegur í öllum samningum við þorpsbúa. Hafa þeir því leitað til hreppsnefndar Engihlíðarhrepps og óskað, að hún útvegaði þeim land í landshluta þeim, er frumvarpið ræðir um, bæði til ræktunar og beitar, eins og fylgiskjöl þau, er hér með fylgja, bera með sér. Hreppsnefndin hefir reynt allar hugsanlegar samningaleiðir við eiganda Ennis, en ekki getað komizt að neinum viðunandi samningum. Sýnist því ekki vera um aðra leið að ræða en að fá landið tekið eignarnámi.

Fylgiskjal I.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS
Pósthólf 657 — Símar 3110 & 2151
Lækjargötu 14 — Reykjavík.

Reykjavík, 16. nóv. 1935.

Hreppsnefndaroddviti Engihlíðarhrepps í Húnavatnssýslu hefir með bréfi dagsettu 14. þ. m. beiðzt álits Búnaðarfélags Íslands um nauðsyn þess, að íbúum í Blönduóskauptúni, þeim er búa norðan Blöndu, sé útvegað land til ræktunar og hagbeitar. Fylgdu með beiðni oddvitans tilmæli 11 manna um, að útvegað yrði land til ræktunar og haga fyrir búfénað þeirra.

Íbúar þessa hluta kauptúnsins eru nú 40, þegar undan er skilið það fólk, sem þarna dvelur í skólavist nokkurn hluta árs.

Framfærendur þessa fólks hafa flestir atvinnuskilyrði nokkur þarna vegna verzlunarinnar (kaupfélagsins).

Heimili þau, sem þarna eru, hafa nú 12—14 kýr og sækja heyskap að nokkru leyti fyrir þær lengra að, og kaupa hey.

Sauðfé hafa menn þessir einnig haft áður, til heimilisnota, en hafa orðið að leggja það alveg niður vegna hinnar erfiðu aðstöðu um fóðuröflun fyrir fénaðinn.

Land, hæft til ræktunar, er nærtækt úr Ennislandi, sem þessi hluti kauptúnsins stendur á. Ræktunarskilyrðin eru að vísu ekki hin beztu, því mikill hluti þess lands, sem næst liggur, er holt og melar, en graslendi er þó nokkurt, og má telja meiri hluta þess lands, er upp af kauptúninu liggur, ræktanlegt.

Álit vort er, að það myndi mjög bæta lífsafkomu þessara manna, ef þeir fengju land til ræktunar með viðunandi kjörum.

Það er ennfremur álit vort, að hreppsfélaginu beri rík skylda til að gangast

fyrir þessari landútvegun og því, að ræktunarframkvæmdir verði skipulagðar, en landið látið á erfðafestu til hlutaðeigenda, með þeim kjörum, sem venja er um slík lönd í hliðstæðum kauptúnum.

Ennfremur lýsum vér því áliti voru, að það land, sem fyrst kæmi til greina, sé sá hluti jarðarinnar Ennis, sem um ræðir í erindi íbúa kauptúnsins.

Steingr. Steinþórsson. /Pálmi Einarsson.

Fylgiskjal II.

Hinn 4. des. s. l. ár skrifuðum vér undirritaðir til hreppsnefndar Engihlíðarhrepps og fórum þess á leit, að hreppsnefndin hlutaðist til um, að vér Blöndósingar hér utan árinnar gætum fengið land bæði til ræktunar og beitar — með sæmilegum kjörum — hjá hr. Þorsteini Sigurðssyni, Enni, eða úr landi þeirrar jarðar. Svar hreppsnefndarinnar meðtókum vér svo skömmu síðar, þar sem oss var tjáð, að nefndin hefði með 3 atkv. móti 2 eigi séð sér fært að blanda sér í málið, með því að eigi lægju nægilega góðar sannanir fyrir um það, að vér hefðum ekki getað samið sjálfir um þetta atriði við Ennisbóndann.

Nú vonum vér, að hreppsnefndin hafi kynnt sér málið svo, að hún sjái, að hér er ekki ástæðulaust um kvartað, og sjái ennfremur, að það ástand, sem nú ríkir, er ómögulegt með öllu fyrir oss, og því verður að breyta, og það sem fyrst.

Fyrir því eru það eindregin og alvarleg tilmæli vor til hreppsnefndarinnar, að hún geri nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að Engihlíðarhreppur kaupi af eiganda Ennis landið hér fyrir neðan melbrúnir, ásamt með Mógilshvammi, og láti girða þetta land, svo að skepnur vorar geti fengið þarna frið og sæmilega haga.

Gangi þessi kaup eigi fyrir sig, að fá landið keypt, eða tekið eftir mati, óskum vér eftir því, að hreppsnefndin f. h. hreppsins gangi fram í því að fá alla jörðina Enni keypta.

Eins og nú er, þá er beitt í haga þá, er vér kaupum kúabeit á, bæði fé og hrossum frá Enni mestallt árið; einnig er nú farið að beita á þetta land kúm úr Blönduóshreppi, og verðum vér algerlega að mótmæla því, því landið er illa nægilegt fyrir skepnur þær, sem ganga á því frá Enni, og svo kýr héðan úr staðnum, þó það sé ekki yfirfyllt af skepnum úr öðrum hreppi.

Við þessu bréfi óskum vér að fá svar fyrir lok þ. m.

Blönduósi, 10. júní 1935.

Virðingarfyllst.

Jón S. Baldurs. Pétur Theódórs. Ágúst Andrésson. Ari Jónsson.
Finnb. Theódórs. Guðmann Sigtr. Hjálmarsson. Hannes Sveinbjörnsson.
Skarphéðinn Einarsson. Ellert Bergsson. Jakob L. Bergstað.
Lárus Gíslason.

Nd. 577. Breytingartillaga

við frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

Við 16. gr. Greinin orðist þannig:
Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1936, og eru þá samtímis hafnarlög fyrir Siglufjarðarkauptún, nr. 64 1915, numin úr gildi.

Nd. 578. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 296 [Hafnarlög Siglufjarðarkaupstaðar].

Frá Garðari Þorsteinssyni.

Í stað orðanna „Þangað til ..... almennum lögum“ komi: Til ársloka 1936.

Ed. 579. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 8. sept. 1931 [Útflutningsgjald af síld o. fl.].

Frá sjávarútvegsnefnd.

Til sykursöltunar á gotu mun jafnaðarlega vera notað um 4 kilo af sykri í hverja tunnu. Talið er, að varla muni markaður fyrir meira en 3500—4000 tunnur á ári af þannig verkaðri gotu. Hér er því um smámuni eina að ræða, sem tæplega tekur því að sett sé löggjöf um, en þar sem frumv. hefir gengið gegnum aðra deild þingsins, vill nefndin ekki hefta framgang þessa smámáls hér í deildinni og leggur eftir atvikum til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 18. nóv. 1935

Ingvar Pálmason, form.	Jón A. Jónsson, frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.

Nd. 580. Breytingartillögur

við frv. til l. um heimild fyrir hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps til álagningar vörugjalds.

Flm.: Jónas Guðmundsson.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Heimilt skal bæjarstjórnum í kaupstöðum utan Reykjavíkur og hreppsnefndum í kauptúnum, sem eru sérstök hreppsfélög, að leggja

vörugjald á innfluttar vörur í kaupstaðnum og kauptúninu, og rennur gjald þetta í bæjar- eða sveitarsjóð.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Allar vörur skulu flokkaðar til vörugjalds af atvinnumálaráðuneytinu, sem einnig setur gjaldskrá um, hve hátt vörugjaldið má vera í hverjum flokki.

Gjaldskrá sú, er ráðuneytið setur, gildir fyrir alla kaupstaði og kauptún, er notfæra sér tekjustofn þennan. Þó er heimilt, þar sem sérstaklega stendur á, að dómi ráðherra, að lækka gjöldin í heild um allt að 50% frá því, sem gjaldskráin ákveður.

3. Á eftir 2. gr. koma 2 nýjar greinar, sem verða 3. og 4. gr., svo hljóðandi:

a. (3. gr.) Þegar bæjar- eða sveitarstjórn hefir ákveðið að leggja á vörugjald samkvæmt lögum þessum, skal tilkynna það atvinnumálaráðuneytinu, sem þá fyrirskipar innheimtu gjaldsins frá næstu mánaðamótum, eftir að tilkynningin barst því í hendur.

b. (4. gr.) Bæjarfógetar, sýslumenn og hreppstjórar annast innheimtu vörugjaldsins og gera reikningsskil mánaðarlega til bæjarstjóra eða oddvita, nema öðruvísi sé um samið þeirra í milli.

Í innheimtulaun skal greiða þeim 5 af hundraði.

4. Við 3. gr. Greinin verður 5. gr.

5. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um vörugjald.

Nd. 581. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 48 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað.

Flm.: Jónas Guðmundsson

1. gr.

4. gr. laganna skal orða svo:

Bæjarfógetinn í Neskaupstað hefir að launum 3600 krónur, er greiðast úr ríkissjóði. Hann hefir á hendi öll hin sömu störf og sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómstjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum ríkissjóðs og önnur störf, allt gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa eftir gildandi lögum.

Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra og ákveður laun hans, enda greiðast þau úr bæjarsjóði.

3. gr.

6. gr. laganna fellur niður.

4. gr.

Fyrsta málgsr. 9. gr. laganna orðist svo:

Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórnin tekur, og forstaða bæjarmálefna er á hendi bæjarstjóra, nema þar sem annað er sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn.

5. gr.

2. og 3. málsgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun bæjarstjóra. Bæjarstjóri ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykkt af nefnd þeirri innan bæjarstjórnar, er þau heyra undir.

Greinargerð.

Frumvarp þetta til breytinga á lögum um bæjarstjórn í Neskaupstað er flutt samkvæmt tilmælum bæjarstjórnarinnar þar, og er hún því samþykk, eins og meðfylgjandi símskeyti ber með sér.

Þegar lög um bæjarstjórn í Neskaupstað voru sett, var það álit manna, að einn maður gæti rækt bæði bæjarfógeta- og bæjarstjórastarfið svo, að hvorugt liði við það. Reynsla er nú fengin á þeim nærri 8 árum, sem síðan eru liðin, og bendir hún til þess, að það mundi á margan hátt heppilegra að hafa störfin aðskilin. Bæjarfógetastarfið er þá að vísu lítið, samanborið við stærri kaupstaðina, en bæjarfógetinn gæti þá rækt það einn án nokkurrar verulegrar aðkeyptrar hjálpar. Nú er það svo, að ríkissjóður greiðir bæjarfógetanum í laun 2500 krónur á ári, og bæjarsjóður 3000 krónur, en auk þess verður bærinn að leggja til tvo menn honum til aðstoðar.

Væri starfinu skipt, mætti ætla, að væntanlegur bæjarstjóri gæti annað bæjarmálunum einn, eins og nú er t. d. á Seyðisfirði, eða með lítilsháttar aðstoð í skrifstofu.

Tekjur ríkissjóðs úr Neskaupstað voru árið 1933 80 þús. krónur, og hafa oftast verið meiri. Og þegar þess er gætt, að þessar tekjur ríkissjóðs eru allar af atvinnurekstri og tekjum þeirra rúml. 1100 manna, sem í Neskaupstað búa, sést, að þeir leggja sinn skerf fram til ríkisþarfa, og að laun þau, sem bæjarfógetanum eru ætluð í frumvarpi þessu, eru ekki nema rúml. 4% af þeim tekjum, sem hann innheimtir þar fyrir ríkissjóðinn.

Þar sem hér er um sanngirnismál að ræða, og útgjöldin fyrir ríkissjóð hverfandi, er þess að vænta, að Alþingi leyfi því fram að ganga nú á þessu þingi.

Fylgiskjal.

Símskeyti frá bæjarstjórn og bæjarfógeta Neskaupstaðar um skiptingu bæjarfógetaembættisins þar.

1. Frá bæjarstjórninni:
Svohljóðandi tillaga samþykkt öllum atkvæðum bæjarstjórnarfundi dag: Bæjarstjórn Neskaupstaðar skorar á Alþingi að samþykkja frumvarp Jónasar Guðmundssonar alþingismanns um skiptingu á bæjarfógetaembættinu hér.

Rétt eftirrit staðfestir
Kristinn Ólafsson bæjarfógeti.

2. Frá bæjarfógetanum:
Samþykkur skiptingu bæjarfógetaembættisins samkvæmt frumvarpi þínu.

Kristinn Ólafsson bæjarfógeti.

Nd. 582. Frumvarp til laga

um sameining Blönduóskauptúns í eitt hreppsfélag.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þann hluta Blönduóskauptúns, sem vaxið hefir upp norðan Blöndu, skal sameina Blönduóshreppi, og verði hreppamörk kauptúnsins norðan árinnar úr Ámundakinn við Blöndu eftir brekkubrúnum í Mógil, norðan Blönduósbryggju.

2. gr.

Þann hluta jarðarinnar Ennis, sem samkv. 1. gr. leggst undir Blönduóshrepp, má taka eignarnámi handa hreppnum skv. lögum nr. 61 frá 1917, ef eigi næst samkomulag við eiganda um afhendingu landsins. Slíkt eignarnám, ef framkvæmt verður, haggar eigi réttindum yfir lóðum eða ræktunarlöndum á umræddu svæði, er stofnuð hafa verið samkv. þinglesnum samningi, né heldur rétti ábúandans á Enni til fjörubeitar í landi kauptúnshlutans.

3. gr.

Blönduóshreppur tekur að sér framfærslu allra þeirra, er öðlazt hafa og öðlast kunna framfærslurétt vegna fæðingar eða dvalar í Blönduóskauptúni norðan Blöndu.

4. gr.

Blönduóshreppur greiðir Engihlíðarhreppi bætur eftir mati fyrir missi tekna úr Blönduóskauptúni norðan Blöndu.

Mati þessu má skjóta til yfirmats, ef annarhvor aðilja vill ekki við það

una. Hvorttveggja matið skal framkvæma, eftir því sem við verður komið, í samræmi við reglur þær, er um eignarnám gilda samkv. lögum nr. 61 frá 1917.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og þau hafa hlotið staðfestingu konungs. Menn, búsettir í Blönduóskauptúni, norðan Blöndu, skulu þó taldir heimilisfastir í Blönduóshreppi frá 1. jan. næstk. að telja, og öðlast þeir samtímis kosningarrétt þar í sveitarstjórnarmálum, enda tekur Blönduóshreppur á sig allar skyldur gagnvart þeim mönnum, sem lögmætu heimilisfangi fylgja.

Nd. 583. Breytingartillögur

við frv. til l. um breytingar á l. nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 3. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Ennfremur er félaginu heimilt að taka í eldsvoðaábyrgð hverskonar lausafé, nema verzlunarvörur, í sveitum utan kauptúna og kaupstaða.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður. — Í stað hennar kemur ný 4. gr., svo hljóðandi:
   a. Aftan við 6. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:
      3. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir tryggingar í Reykjavík.
   b. Orðin „tvo“, „tveir“ og „hvor“ í fyrstu málsgr. 6. gr. laganna breytast skv. þessu í „þrjá“, þrír“ og „hver“.
3. Á eftir 4. gr. komi ný grein, er verður 5. gr., svo hljóðandi:
   Fyrsta málsgr. 8. gr. laganna orðist þannig:
   Allir þeir, sem vátryggja í Brunabótafélagi Íslands samkv. 6. gr. 1., 2. og 3. tölul., eru félagsmenn þess.

Nd. 584. Lög

um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

(Afgreidd frá Nd. 20. nóv.).

Samhljóða þskj. 428 með þeim breytingum, að 23. og 28. gr. hljóða svo sem segir á þskj. 473.

Ed. 585. Lög

um breyting á lögum nr. 40 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

(Afgreidd frá Ed. 20. nóv.).

Samhljóða þskj. 565.

Nd. **586. Frumvarp til laga**

um samþykktir um lokunartíma sölubúða.

Flm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum geta bæjarstjórnir og hreppsnefndir gert samþykktir um lokunartíma sölubúða.

2. gr.

Í samþykktum þessum má kveða á um það, að kaup og sala megi eigi fara fram í sölubúðum kaupmanna tiltekinn tíma á sólarhring hverjum eða tiltekna daga, eftir því sem til hagar á hverjum stað, svo og að kaupmenn skuli skyldir að loka sölubúðum sínum á tilteknum tíma.

Setja má og í samþykkt samskonar ákvæði um kaup og sölu utan sölubúða, er fram fer á götum eða torgum á varningi, sem eigi má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

Í samþykkt má ennfremur ákveða, að veita megi sérverzlunum undanþágu að því er snertir lokunartíma sölubúða, gegn hæfilegu árgjaldi, sem stjórnarráðið ákveður, samkvæmt uppástungu bæjarstjórnar, fyrir eitt ár í senn, og renna skal í bæjarsjóð.

Enn er bæjarstjórnum heimilt að gera samþykktir um lokunartíma sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eða innlendur varningur er hafður á boðstólum, t. d. konfektbúða, og um lokunartíma vinnustofa, sem hafa viðskipti við almenning, svo sem rakarastofur, þótt enginn varningur sé þar seldur.

Þá er og bæjarstjórnum heimilt að gera samþykktir um takmörkun á vinnutíma sendisveina, er starfa hjá hverskonar verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækjum eða skrifstofum. Til að tryggja vinnutíma sendisveina má í samþykkt meðal annars ákveða, að útsendingu á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að, skuli lokið eigi síðar en á lokunartíma. Heimilt er að ákveða vinnutíma sendisveina misjafnlega stuttan, eftir aldri þeirra.

3. gr.

Nú hefir bæjarstjórn eða hreppsnefnd gert samþykkt samkvæmt 1. gr., og skal hún þá senda frumvarpið stjórnarráðinu til staðfestingar.

Nú virðist stjórnarráðinu ákvæði í samþykkt ganga of nærri rétti manna eða atvinnufrelsi, eða brjóta í bág við almennar grundvallarreglur laga, og synjar það þá samþykkt staðfestingar, en tilkynna skal það bæjarstjórn eða hreppsnefnd ástæður fyrir synjun sinni. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina og ákveður, hvenær hún skuli koma til framkvæmdar.

Samþykkt heldur gildi sínu 10 ár í senn, nema breytt sé eða afnumin áður en endurnýja má hana, á sama hátt og hún var sett, jafnlangan tíma.

Samþykktir samkvæmt lögum þessum skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

Í samþykktum þeim, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir, 20—500 krónur, fyrir brot. Sektir allar renna í hlutaðeigandi bæjarsjóð.

Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum, viðaukar við þau lög, nr. 9 frá 1918 og nr. 60 frá 1933, og lög nr. 94 frá 1935, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að brjóta í bág við lög þessi.

Greinargerð.

Á Alþingi s. l. vetur voru sett lög um breyting á lögum nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum, og var jafnframt gert ráð fyrir, að breytingarnar og lög nr. 12 frá 1928 skyldi færð inn í lögin frá 1917 og þau svo gefin út í heild þannig breytt.

Þessi lög hafa öðlazt konungsstaðfestingu og eru prentuð í útkomnum Stjórnartíðindum sem lög nr. 94 3. maí 1935, A-deild, bls. 181—182.

En heildarlög hafa engin verið gefin út enn, og stafar það af því, að sá ljóður var hér á, að láðst hafði að geta laga nr. 9 frá 1918 og laga nr. 60 frá 1933, en bæði þessi lög voru og eru enn í gildi og máttu því ekki niður falla við útgáfu heildarlaga.

Út af þessu þykir rétt, að þetta sé nú lagað á þann hátt, sem farið er fram á með frv. þessu, sem sé, að öll þau lagafyrirmæli, sem nú gilda um þetta efni, lög nr. 79/1917, lög nr. 9/1918, lög nr. 60/1933 og lög nr. 94/1935, séu færð saman í eitt sem lög um lokunartíma sölubúða.

Nd. 587. Breytingartillaga

við frv. til l. um sameining Blönduóskauptúns í eitt hreppsfélag.

Frá Guðbrandi Ísberg.

Við 2. gr. Á eftir orðinu „fjörubeitar“ komi: að vetrarlagi.

Nd. 588. Nefndarálit

um frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1933.

Frá fjárhagsnefnd.

Að athuguðu frumvarpi þessu leggur nefndin til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. nóv. 1935.

Sigfús Jónsson, form., frsm. Jakob Möller, fundaskr. Stefán Jóh. Stefánsson.

Jörundur Brynjólfsson. Ólafur Thors.

Ed. 589. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

Frá allsherjarnefnd.

Fjórir nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en einn þeirra (IngP) er því andvígur.

Alþingi, 21. nóv. 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm. Ingvar Pálmason, fundaskrifari. Páll Hermannsson.
Magnús Guðmundsson. Þorsteinn Briem.

Ed. 590. Breytingartillögur

við frv. til l. um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, allskonar sprengjum og hlutum og efni í þau.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „vopn“ og „vopna“ komi: skotvopn og skotvopna.
2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Það skal vera aðalregla, að þeim einum sé veitt heimild til þess að hafa í vörzlum sínum tæki þau, sem í 1. gr. getur, er sýna skilríki fyrir því, að þeim sé það gagnlegt, eða nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar.
   Halda skal skrá yfir þá menn, er leyft hefir verið að hafa tæki þessi í vörzlum sínum, og um það, hverskonar tæki það eru.
3. Við 3. gr. Síðari málsl. orðist þannig: Auk þess skulu skotvopn þau, skotfæri og sprengjur, sem inn eru flutt eða eru í vörzlum manna í heimildarleysi, gerð upptæk og andvirði þeirra renna í ríkissjóð.

Nd. 591. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Flm.: Eiríkur Einarsson.

1. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“, í fyrstu málsgr. 1. gr. laganna, komi: mjólkurmálastjórn. Í stað orðsins „mjólkursölunefndinni“ í sömu málsgrein komi: mjólkurmálastjórninni.

Á eftir fyrstu málsgrein komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Rjómabú eða smjörbú, stofnuð áður en lög þessi öðlast gildi, skulu njóta réttar laganna og hlíta ákvæðum þeirra um meðferð og verzlun vöru sinnar. Teljast slík bú til framleiðendafélaga. En að öðru leyti kallast það framleiðendafélög, er að minnsta kosti 25 mjólkurframleiðendur, sem eigi eru hluttakendur í mjólkurbúi, hafa stofnað til, mjólk sinni til sameiginlegrar hagnýtingar sem markaðsvöru.

2. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“, á tveimur stöðum í fyrri málsgr. 2. gr. laganna, komi á fyrri staðnum: mjólkurmálastjórn -- og í niðurlagi málsgr.: mjólkurmálastjórnar.

3. gr.

Í stað orðanna „9. gr. c.-lið“ í niðurlagi 3. gr. laganna komi: 9. gr. 4. lið.

4. gr.

4. gr. laganna fellur niður.

5. gr.

Á eftir orðunum „3000 lítra ársnyt úr hverri kú“ í 5. gr. laganna, er verður 4. gr., komi: Einnig skal mjólkursölunefnd heimilt að leyfa þeim framleiðendum á verðjöfnunarsvæðinu, er eiga erfiða aðstöðu vegna staðhátta og eigi eru í mjólkurbúi, að selja rjóma og nýtt skyr á sölustöðum umdæmisins beint til neytenda. — Á eftir orðunum „leyft verður að selja mjólk sína“, litlu síðar í sömu lagagrein, komi: rjóma og nýtt skyr. Á eftir orðunum „og afhendingu mjólkurinnar“ komi: rjóma og nýs skyrs. Í stað orðsins „mjólkursölunefnd“ í sömu lagagr. komi: mjólkurmálastjórn. Niðurlag 5. gr. laganna, frá og með orðunum „Heimilt er stjórn samsölunnar“ og út greinina, fellur niður.

6. gr.

Upphaf 6. gr. laganna, er verður 5. gr., fellur niður, aftur að orðunum „Sölustjórn getur þó veitt leyfi“, en í þess stað byrjar greinin þannig: Með þeim undantekningum, sem taldar eru í 4. gr., er öðrum en hlutaðeigandi mjólkurbúum eða samsölu þeirra óheimilt að selja mjólk, rjóma eða nýtt skyr í kaupstað eða kaupstöðum verðjöfnunarsvæðisins.

Síðari málsgrein þessarar lagagreinar fellur niður.

7. gr.

Í stað orðanna „mjólkursölunefnd“ í þriðju málsgr. 7. gr. laganna, er verður 6. gr. þeirra, og „landbúnaðarráðherra“ og „ráðherra“ í síðustu málsgrein, komi á öllum stöðunum: mjólkurmálastjórn.

8. gr.

8. gr. laganna fellur niður, en í stað hennar kemur ný grein, er verður 7. gr. og hljóðar svo:

Á hverju verðjöfnunarsvæði skal skipuð mjólkursölunefnd, og eiga sæti í henni fulltrúar, búsettir á verðjöfnunarsvæðinu, einn frá hverju viðurkenndu mjólkurbúi, og einn fulltrúi kosinn sameiginlega af framleiðendafélögum umdæmisins. Þó skal þeim mjólkurbúum, er veita móttöku meira en 2 milljónum lítra mjólkur á ári, heimilt að velja 2 menn í nefndina. Skulu fulltrúar þessir kosnir á almennum fundi félaga hvers mjólkurbús og af framleiðendafélögunum til eins árs í senn, og fer kosningin fram í febrúarmánuði ár hvert, svo tímanlega, að hin nýkjörna nefnd geti tekið við störfum 1. marz hins sama árs. Velur mjólkursölunefnd sér formann og skiptir með sér störfum að öðru leyti.

Á fundum mjólkursölunefndar ræður afl atkvæða, en séu jafnmargir með og móti því, sem tekið er til úrskurðar, ræður formaður úrslitum.

Þóknun til mjólkursölunefndar fær hver hinna kjörnu nefndarmanna frá mjólkurbúi því, framleiðendafélagi eða framleiðendafélögum, sem hann er kjörinn fyrir. Skal þóknun ekki vera hærri en 10 krónur til hvers nefndarmanns fyrir dag hvern, sem hann er að starfi frá heimili sínu.

9. gr.

Ný grein, er verður 8. gr. laganna, svo hljóðandi:

Sé aðeins eitt viðurkennt mjólkurbú eða framleiðendafélag á verðjöfnunarsvæði, gegnir stjórn búsins eða félagsins störfum mjólkursölunefndar fyrir umdæmið.

10. gr.

9. gr. laganna orðist þannig:

Störf mjólkursölunefndar eru þessi:

1. Að ákveða útsöluverð mjólkur og mjólkurafurða á hverjum sölustað verðjöfnunarsvæðisins, og skal útsöluverð jafnan reiknað út, eftir því sem við verður komið, með sérstöku tilliti til þess, að framleiðendur fái svo sem verða má kostnaðarverð fyrir vöru sína, án þess að greiður og góður markaður, miðað við neyzluþörf og kaupgetu, skerðist á sölustöðum.
2. Að ákveða og stjórna sölutilhögun og dreifingu mjólkur og mjólkurafurða á hverjum sölustað verðjöfnunarsvæðisins, í samræmi við þær nánari reglur, sem settar eru í lögum þessum.
3. Að gera tillögur um verðjöfnunargjald á verðjöfnunarsvæðinu, er ákveðst síðar af mjólkurmálastjórn. Hefir mjólkursölunefnd yfirumsjón með innheimtu þess gjalds.
4. Að hafa yfirstjórn verðjöfnunarsjóðs og ákveða uppbætur úr honum, ef stjórnir viðurkenndra mjólkurbúa á svæðinu koma sér ekki saman um verðjöfnunina.
5. Að jafna ágreining milli mjólkurbúa eða framleiðendafélaga á verðjöfnunarsvæðinu um skipulag og viðskipti þeirra á milli. Skal mjólkursölunefnd meðal annars beita sér fyrir því, að bændur leiti hluttöku í mjólkurbúunum, svo sem bezt hentar, eftir staðháttum og annari aðstöðu.
6. Að leita með allri kostgæfni samstarfs og vinsamlegra skipta við neytend-

ur, og taka, svo sem unnt er, tillit til þarfa þeirra og óska, viðskiptunum til örvunar.

7. Að tryggja sem bezt, að söluvaran sé góð og fullnægi hreinlætis- og heilbrigðisskilyrðum.
8. Að beita sér fyrir því, að mjólk og mjólkurvörur flytjist ekki án brýnna nauðsynja á milli verðjöfnunarsvæða, og að ákvæða laga þessara þar að lútandi sé gætt.

11. gr.

Ný grein, er verður 10. gr. laganna og hljóðar svo:

Til forstöðu þeirrar sölumiðstöðvar eða stöðva, sem stofnað er til samkvæmt lögum þessum, velur mjólkursölunefnd framkvæmdarstjóra og annað starfsfólk, eftir því sem nauðsyn krefur, og ákveður starfslaun. Reikningur um samsöluna og rekstur hennar, sundurliðaður og glöggur, skal gerður eftir hvern mánuð, framleiðendum þeim, er hlut eiga að máli, til sýnis. Ber mjólkursölunefnd að gæta þess vel, að fyllstu hagsýni og sparnaðar sé gætt við allan rekstur samsölunnar.

12. gr.

Ný grein, er verður 11. gr. laganna, svo hljóðandi:

Skipuð skal mjólkurmálastjórn, er hafi með höndum, fyrir land allt, yfirumsjón þeirra málefna, er lög þessi taka til. Í stjórn þessa velur stjórn Búnaðarfélags Íslands einn mann, bandalag það, er mjólkursölunefndir gera með sér, eða mjólkursölunefnd eins verðjöfnunarsvæðis, ef slík nefnd er eigi til fyrir fleiri en eitt umdæmi, velur annan manninn, og þann þriðja skipa landbúnaðarnefndir Alþingis. Skal sá síðastnefndi vera sérfróður um hollustuskilyrði og meðferð allrar mjólkurvöru. Velur mjólkurmálastjórn sér sjálf formann, og gildir skipun hennar til tveggja ára í senn. Þóknun til stjórnarmanna greiðist úr ríkissjóði.

13. gr.

Ný grein, er verður 12. gr. laganna og hljóðar svo:

Verkefni mjólkurmálastjórnar skulu vera:

1. Að ákveða verðjöfnunarsvæðin.
2. Að ákveða verðjöfnunargjald hvers umdæmis, að fengnum tillögum hlutaðeigandi mjólkursölunefndar.
3. Að líta eftir rekstri mjólkurbúanna og rjóma- og smjörbúa og styðja að því, að búin gæti allrar hagsýni og sparnaðar og leysi þannig af höndum ætlunarverk sín, að þau svari tilganginum. Viðurkennir mjólkurmálastjórn mjólkurbú hæf til starfrækslu, og gerir tillögur til landbúnaðarráðherra, er löggildir þau eftir tillögum hennar, um að svipta beri bú réttindum, samkv. lögum þessum, ef stórkostlegar misfellur eru á rekstri þess eða vinnslu.
4. Að hafa yfirumsjón með mjólkursamsölu og meðferð mjólkurvöru á sölustöðum, því til tryggingar, að varan sé góð og heilnæm og heilbrigðisskilyrða gætt við söluna. Sker mjólkurmálastjórn úr, ef mjólkursölunefnd greinir á í þessum efnum eða sér þar ekki um nauðsynlegar aðgerðir.

5. Að úrskurða um ágreining, er rís um mjólkurmál, þar á meðal nauðsynjalausan mjólkurvöruflutning milli verðjöfnunarsvæða, og einnig innan sama umdæmis, ef mjólkursölunefnd tekst eigi að leysa þann ágreining.
6. Að hafa eftirlit með því, að mjólkurafurðir verði ekki fluttar til landsins, nema brýn nauðsyn beri til, enda hafi mjólkurmálastjórn ákvörðunarrétt um slíkt.
7. Að gera tillögur um til ríkisstjórnar, hvort rétt muni og ráðlegt að reisa ný mjólkurbú, þar sem slíkt er í ráði.
8. Að kynna sér og gera tillögur um til Alþingis og ríkisstjórnar, hvað bezt horfi til þróunar og hverju helzt sé ábótavant um vinnslu og verzlun mjólkurvöru.
9. Að setja reglugerð eða reglugerðir samkvæmt lögum þessum og þeim til skýringar. Skulu þær reglugerðir staðfestar af landbúnaðarráðherra.

14. gr.

Á eftir orðunum „mjólk og mjólkurafurðir, að láta“ í 10. gr. laganna, sem verður 13. gr. þeirra, komi: mjólkurmálastjórn og, -- og síðar í gr. komi í stað orðanna „sem hún óskar eftir“: sem stjórn eða nefnd óskar eftir. Í stað orðanna „sem nefndinni þykir máli skipta“, í niðurlagi sömu gr., komi: sem mjólkurmálastjórn eða nefndinni þykir máli skipta.

15. gr.

Í síðari málsgr. 11. gr. laganna, er verður 14. gr., komi í stað orðsins „mjólkursölunefnd“: mjólkurmálastjórn.

16. gr.

12. gr. og 13. gr. laganna verða 15. og 16. gr.

17. gr.

Í 14. gr., er verður 17. gr., komi í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“: Mjólkurmálastjórn. Í stað orðanna „Jafnframt er honum heimilt“ síðar í sömu gr. komi: Jafnframt er henni heimilt.

Aftan við þessa lagagr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Landbúnaðarráðherra setur mjólkurmálastjórn starfsreglur samkvæmt lögum þessum.

18. gr.

Í staðinn fyrir „(sbr. 5. gr.)“ í síðustu málsgr. 15. gr., er verður 18. gr., komi: (sbr. 4. gr.).

19. gr.

16. og 17. gr. laganna verða 19. og 20. gr.

20. gr.

Ákvæði um stundarsakir fellur niður.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

22. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 1 7. janúar 1935 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Flutningur frumvarps þessa er viðleitni til að bæta úr þeim göllum mjólkurlaganna, er einkum hafa valdið óánægju á meðal bænda þeirra, sem að lögunum eiga að búa. Er það tvennt, er hér skiptir helzt máli og breytingarnar lúta að: annað stjórnarfyrirkomulag hinna skipulagsbundnu mjólkurmála, og þá sérstaklega, hverjir skulu ráða þar mestu um, og hitt, hve langt þær takmarkanir á viðskiptafrelsi mjólkurframleiðenda eigi að ná, er skipulagið hefir í för með sér. Skal hér farið nokkrum orðum um þessi atriði, hvort um sig.

Jafnframt því sem mjólkurbúin voru reist og málnytan fékk aukið gildi, varð sunnlenzkum bændum það ljóst þegar í stað, að mikið vantaði á til þess, að sölutilhögun og meðferð mjólkur og mjólkurvöru væri í viðunandi horfi, er til höfuðstaðarins kom. Samstarf mjólkurbúanna þurfti að aukast og batna, meðferð vörunnar á sölustað þurfti að fullnægja á þann hátt, að hreinlætis- og heilbrigðisskilyrða væri gætt, og einkanlega var öllum hlutaðeigendum það áhugamál, að verðlagsfesta kæmist á og að hinn mikli dreifingar- og sölukostnaður gæti minnkað. Það var þannig af þörf og samkvæmt almennum vilja, að ríkisstjórn og Alþingi sneru sér að lagasetningu, mjólkurmálunum til skipulags.

En ekki var langt að bíða þess, að ágreiningur risi um lögin. Flestir játuðu að vísu, að mest mundi undir því komið, hvernig þeir, er lög þessi fengu forráð mjólkurmálanna í hendur, beittu valdi sínu, en mörgum þótti þó þegar í stað ýmsu ábótavant í hinum beinu ákvæðum laganna, og þegar svo sundurþykkjan fór vaxandi um framkvæmd þeirra, greip óánægjan meir og meir um sig viðvíkjandi ýmsu því, er í lögunum stóð. — Það eru þau andmæli, er þannig eru fram komin og á rökum þykja reist, sem með frv. þessu er reynt að færa til betri vegar og nefnt er í byrjun greinargerðarinnar, í hverju helzt eru fólgin.

Sú meginbreyting, sem frv. þessu er ætlað að gera á mjólkurlögunum, lýtur að því, að stjórn þeirra málefna sé krókaleiðalaust falin framleiðendunum sjálfum, fulltrúum, er bændur velja milliliðalaust fyrir hvert verðjöfnunarsvæði. Og til yfirstjórnar mjólkurmála fyrir land allt skal sömu stefnu haldið, menn þar valdir til af þeim, er sérstaklega hafa trúnaðarstörf bænda með höndum, svo sem Búnaðarfélagi Íslands og landbúnaðarnefndum Alþingis, er hljóta að skipast þeim mönnum, er hafa óskiptan vilja til að gæta hagsmuna stéttarinnar og ætla verður, að alltaf hafi nokkra yfirlitsþekkingu á framleiðslu- og viðskiptamálum bænda. Þetta viðhorf er hið sjálfsagða, fyrst og fremst af því, að það er þjóðfélaginu hollast og fyrir beztu, að hver stétt lands-

manna njóti sem mests frelsis um störf sín og framleiðslu og fái tækifæri til að efla þroska sinn með ráðstöfunarrétti á vöru sinni og lífsbjargræði, innan þeirra takmarka, er frjálsleg löggjöf gefur bendingar um og markar höfuðstefnur í meðferð þeirra mála. Í þessum efnum er þess einnig vel að gæta, að það, sem nú háir einkum í framkvæmd mjólkurlaganna, ósamkomulagið, ætti að hverfa úr sögunni, ef bændur fengju sjálfir umráð þessara framleiðslumála sinna, því að séu þeir þar ekki truflaðir af annarlegum öflum, hlýtur viðhorf þeirra og vilji að vera á einn og sama veg, að gera framleiðslu sína örugga og arðmikla markaðsvöru. En til þess að svo megi verða þarf pólitískur flokkadráttur að gerast útlægur, en sameiginleg hagsmunaaðstaða koma í staðinn. — Þar sem oft skiptir um ríkisstjórnir, meira og minna litaðar af ákveðnum stjórnmálastefnum, með úlfúð í öndvegi, er auðsætt, að slíkt hagsmunamál bænda og það, er hér um ræðir, þarf að fá festu, er standi af sér allar þessháttar sveiflur í stjórnarfari landsins. Það er því hentugast fyrir ríkisstjórnina, nú og síðar, að leysa úr sínum höndum alla verulega íhlutun um meðferð mjólkurmála, en beita sér í stað þess fyrir því, að bændur njóti sjálfsákvörðunarréttar, þar sem skipulagslögin eru aðeins útvörður og verja hins frjálsa viðskiptalífs. — Það á engin hætta að vera á því, að bændur beiti neytendur óréttri og ósanngirni í viðskiptum, þótt þeir stjórni sjálfir þessum málum; til þess eiga þeir allt of mikið á hættu. Hagsmunir seljanda eru ekki hvað síst undir því komnir, að kaupendur séu ásáttir og að viðskiptavinum sé að mæta þar sem þeir eru. — Í frumvarpi þessu er svo ákveðið, að stjórn mjólkurmála á hverju verðjöfnunarsvæði fái þóknun fyrir störf sín frá þeim, er skipa þá til starfs, en mjólkurmálastjórn starfi hinsvegar á kostnað ríkisins. Er það sanngjarnast og best í samræmi við verkaskiptingu þessara forráðamanna.

Verði frumvarp þetta að lögum, er þess fastlega vænzt, að friður fáist um mjólkurmálin, verkaskipun ákveðist betur en verða má eftir lögum þeim, sem fyrir eru, og svari betur til alls viðhorfs og þróunar mjólkurframleiðslunnar, og þá má einnig gera sér vonir um bættan hag mjólkurbúanna, er bændum gefst sjálfum kostur á að ráða innanlandsverzlun sinni og gæta þar þeirrar hagsýni og sparnaðar, sem nauðsynin krefur.

Eins og frumvarpið ber með sér og drepið hefir verið á, er markmið þess öðrum þræði að auka að nokkru viðskiptafrelsi mjólkurframleiðenda og bæta úr misrétti, sem nú á sér stað í þeim efnum.

Úr því að mjólkurlögin heimila framleiðendum innan lögsagnarumdæmis kaupstaða að selja mjólkina beint til neytenda, þá eru engin skynsamleg rök til fyrir því, að varna þeim, sem ekki eru félagar í mjólkurbúum og eiga við vegalengdir og samgönguerfiðleika að etja, sölu á rjóma og skyri til neytendanna. Búsafkoma ýmsra þeirra bænda, er þannig er ástatt um, stendur og fellur með því, hvort þeim eru heimiluð þessi viðskipti eða bönnuð. Og sé nýmjólkursala nágrennisbænda beint til neytenda forsvaranleg, miðað við hollustu og hreinlæti, þá hlýtur rjómi frá afdalabóndanum að vera það að sama skapi. Undanþága þessi er og því meinlausari gagnvart mjólkurbúunum, er mjólkursölunefnd ákveður hér, hvað leyfa skuli, og er það nærri hið sama og að mjólk-

urbúin sjálf veiti undanþáguna. Það er og verulegt atriði þegar um þetta er rætt, að mjög er vafasamt, að búunum sé ætið hagkvæmast að taka á móti sem mestri mjólk, eða knýja þá, sem ófúsir eru, til hluttöku; markaðsviðhorfið í hvert sinn segir þar bezt til vegar. — Það verður engum til hagræðis, að lögin séu svo harðúðug, að fátækur bóndi, er lifir við hin örðugustu afkomuskilyrði, sé tekinn sem „sprútt"sali eða aðrir hálfgildings glæpamenn, á leiðinni í kaupstaðinn með rjómabrúsa eða skyrdall.

Í sama skyni, viðskipta- og atvinnufrelsinu til varðveizlu, en mjólkurbúunum að meinlausu, er hér ætlazt til, að smjör- eða rjómabú, sem fyrir eru, fái óhindruð að starfa áfram, og jafnframt, að úr lögunum sé numið það ákvæði, að taka megi sveitir, sveitarhluta o. s. frv. undir dreifingarrétt mjólkurbúa eða sölubúða þeirra. Söluhömlur þær, er mjólkurlögin leggja á að öðru leyti, eru nægilegar gagnvart slíkum sveitum eða sveitahlutum, þótt þessu ákvæði sé sleppt. Þá verður eigi séð nein nauðsyn á því, að lögin hafi ákvæði um, að stjórn samsölunnar taki í sínar hendur sölu og dreifingu annarar mjólkurvöru en þeirrar, er helzt skiptir máli, þ. e. mjólkur, rjóma og nýs skyrs. Mjólkurbúin hafa það ætið í hendi sér, án sérstakra lagafyrirmæla, hverja verzlunaraðferð þau telja bezt henta fyrir þessar vörur sínar, og geta þau þá hagað sölunni þannig á hverjum tíma, er þeim þykir arðvænlegast.

Í mjólkurlögunum er réttilega gert ráð fyrir, að þau þurfi bráðrar endurskoðunar við, ekki síðar en á reglulegu Alþingi 1936. Reynslan hefir þegar sýnt, að endurskoðun laganna er svo aðkallandi, að hún ætti fram að fara á því Alþingi, sem nú situr að störfum.

Nd. 592. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenzkum afurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta er komið frá efri deild.

Nefndin telur rétt, að ríkisstjórnin fái heimild þá, er hér um ræðir, enda annist stjórnarráðið sjálft veitingu útflutningsleyfa. Nú er veiting þessara leyfa í höndum 3 stofnana, þ. e. atvinnumálaráðuneytisins að því er flestar vörutegundir snertir, en auk þess að nokkru hjá fiskimálanefnd og síldarútvegsnefnd. Nefndin álítur, að ekki sé nauðsynlegt að stofna nýja nefnd til að úthluta leyfunum. M. a. vegna aukins kostnaðar, og svo þess, að þótt hin nýja nefnd yrði skipuð, myndu hinar tvær fyrrtöldu nefndir, fiskimálanefnd og síldarútvegsnefnd, eftir sem áður hafa með höndum veitingu útflutningsleyfa á fiski og síld.

Til þess að gera þetta einfaldara vill nefndin, að veiting útflutningsleyfa fari fram hjá stjórnarráðinu sjálfu, eins og að mestu leyti hefir átt sér stað hingað til, og leggur til samkvæmt því, að 2. gr. frv. falli niður.

Nefndin vill leggja áherzlu á það, að hún telur mikla nauðsyn til þess

bera, að viðskiptunum við útlönd verði hagað þannig, að landsmenn geti sætt hinum beztu markaðskjörum fyrir afurðir sínar á hverjum tíma.

Samkvæmt framansögðu vill nefndin leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir orðunum „að leyfi“ komi: atvinnumálaráðherra.
   b. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
      Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.
2. Við 2. gr. Greinin fellur niður, greinatalan breytist eftir því.

Alþingi, 19. nóv. 1935.

Finnur Jónsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskrifari.
Sigurður Kristjánsson. Páll Þorbjörnsson.

Ed. 593. Frumvarp til laga

um sameining Blönduóskauptúns í eitt hreppsfélag.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Þann hluta Blönduóskauptúns, sem vaxið hefir upp norðan Blöndu, skal sameina Blönduóshreppi, og verði hreppamörk kauptúnsins norðan árinnar úr Ámundakinn við Blöndu eftir brekkubrúnum í Mógil, norðan Blönduósbryggju.

2. gr.

Þann hluta jarðarinnar Ennis, sem samkv. 1. gr. leggst undir Blönduóshrepp, má taka eignarnámi handa hreppnum skv. lögum nr. 61 frá 1917, ef eigi næst samkomulag við eiganda um afhendingu landsins. Slíkt eignarnám, ef framkvæmt verður, haggar eigi réttindum yfir lóðum eða ræktunarlöndum á umræddu svæði, er stofnuð hafa verið samkv. þinglesnum samningi, né heldur rétti ábúandans á Enni til fjörubeitar að vetrarlagi í landi kauptúnshlutans.

3. gr.

Blönduóshreppur tekur að sér framfærslu allra þeirra, er öðlazt hafa og öðlast kunna framfærslurétt vegna fæðingar eða dvalar í Blönduóskauptúni norðan Blöndu.

4. gr.

Blönduóshreppur greiðir Engihlíðarhreppi bætur eftir mati fyrir missi tekna úr Blönduóskauptúni norðan Blöndu.

Mati þessu má skjóta til yfirmats, ef annarhvor aðilja vill ekki við það una. Hvorttveggja matið skal framkvæma, eftir því sem við verður komið, í samræmi við reglur þær, er um eignarnám gilda samkv. lögum nr. 61 frá 1917.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og þau hafa hlotið staðfestingu konungs. Menn, búsettir í Blönduóskauptúni, norðan Blöndu, skulu þó taldir heimilisfastir í Blönduóshreppi frá 1. jan. næstk. að telja, og öðlast þeir samtímis kosningarrétt þar í sveitarstjórnarmálum, enda tekur Blönduóshreppur á sig allar skyldur gagnvart þeim mönnum, sem lögmætu heimilisfangi fylgja.

Nd. 594. Frumvarp til laga

um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, allskonar sprengjum og hlutum og efni í þau.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Dómsmálaráðherra skal heimilt að ákveða með reglugerð, hverskonar skotvopn, skotfæri og sprengjur skuli flutt til landsins og seld almenningi, um álagning á þau, svo og hvernig fara skuli með birgðir þær af skotvopnum, skotfærum, hlutum og efni í þau, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu. Í reglugerðinni skal ennfremur kveðið á um heimild manna til að hafa skotvopn í vörzlum sínum, og skulu þau ákvæði einnig ná til þeirra skotvopna, skotfæra, sprengja o. s. frv., sem eru í vörzlum einstaklinga, félaga og firma við gildistöku laga þessara.

2. gr.

Það skal vera aðalregla, að þeim einum sé veitt heimild til þess að hafa í vörzlum sínum tæki þau, sem í 1. gr. getur, er sýna skilríki fyrir því, að þeim sé það gagnlegt, eða nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar.

Halda skal skrá yfir þá menn, er leyft hefir verið að hafa tæki þessi í vörzlum sínum, og um það, hverskonar tæki það eru.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, varða allt að 10000 kr. sekt, ef eigi liggur við þyngri refsing eftir öðrum lögum. Auk þess skulu skotvopn þau, skotfæri og sprengjur, sem inn eru flutt eða eru í vörzlum manna í heimildarleysi, gerð upptæk og andvirði þeirra renna í ríkissjóð.

4. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **595. Frumvarp til laga**

um iðnaðarnám.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þegar iðnaðarmenn taka nemendur til þess að kenna þeim iðn sína, eru þeir skyldir að gera við þá skriflegan námssamning. Skal hlutaðeigandi lögreglustjóri rita á samninginn vottorð sitt um, að hann sé samkvæmur fyrirmælum laga þessara, og ennfremur skal iðnráðsfulltrúi samiðnaðarmanna á staðnum rita á hann vottorð sitt um, að hann fullnægi þeim skilyrðum, er iðnfélög á staðnum kunna að koma sér saman um að setja um slíka samninga. — Ef í iðnráðinu eiga sæti tveir fulltrúar samiðnaðarmanna, annar fyrir meistara og hinn fyrir sveina, skulu þeir báðir undirrita samninginn.

Námssamningur er því aðeins gildur, að þessir aðilar báðir hafi samþykkt hann með undirskrift sinni. Sé ekkert iðnráð til á staðnum, nægir þó undirskrift lögreglustjóra.

Lögreglustjórar skulu, eftir ráðstöfun ráðherra, hafa í höndum eyðublöð undir námssamninga og afhenda þau ókeypis.

2. gr.

Engir aðrir mega taka nemendur til iðnkennslu en þeir, sem meistararéttindi hafa í þeirri iðn. Þó mega iðn- og iðjufyrirtæki taka nemendur til kennslu, enda þótt forstöðumaður þeirra eða eigandi hafi ekki meistararéttindi í iðninni, en þá skal fyrirtækið hafa í þjónustu sinni mann eða menn, sem hafa þessi réttindi, og skal þá tekið fram í námssamningi, hver það sé, og þær breytingar, sem á kunna að verða gerðar, meðan á námstímanum stendur, færðar inn á samninginn, með áritun sömu aðila og um getur í 1. gr. — Þeim, sem tvisvar hefir rofið námssamning að ófyrirsynju, er óheimilt að taka iðnnema til kennslu.

3. gr.

Í námssamningum skal tekið fram, hve langur kennslutími skal vera. Skal atvinnumálaráðherra gefa út reglugerð, er ákveður kennslutímabilið í hverri iðn fyrir sig, að fengnum tillögum Landssambands iðnaðarmanna, sem þó leiti umsagnar hlutaðeigandi meistara- og sveinafélaga, ef slík félög eru til í landinu.

Nú eru þessi félög ekki til í einhverri iðngrein, og skal þá stjórn Landssambands iðnaðarmanna kalla þá meistara og sveina í iðninni, sem hægt er að ná til, með tveggja mánaða fyrirvara, á fund, til þess að gera tillögur um málið. Þeir, sem fjarri búa, geta sent tillögur sínar skriflega.

4. gr.

Það skal greinilega tekið fram í námssamningi, hvort sá eða sú, sem iðnnema tekur til kennslu, skuli láta honum í té húsnæði, fæði, klæði, þjónustu og annan aðbúnað eða kaup, meðan á námstíma stendur, svo og hvernig kaupgreiðsla skuli fara fram, sé hún ákveðin.

5. gr.

Þrjá fyrstu mánuðina af kennslutímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða. Þegar í stað að þeim tíma liðnum hafa bæði lærimeistari og nemandi rétt til að heimta, að samningnum sé slitið án þess að tilgreina nokkrar ástæður. Þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum frá hinum.

6. gr.

Nú tekur maður iðnnema, sem áður hefir stundað nám í sömu iðn hjá öðrum, en námssamningi verið slitið, án þess að nemandi hafi átt sök á, og skal þá sá tími, er hann var við nám hjá hinum fyrri, dragast frá fullum námstíma hjá hinum síðari.

7. gr.

Nemandi skal sýna ástundunarsemi og trúmennsku við námið og fylgja kennara sínum til starfa, eftir því sem vinnuþrek hans og kunnátta leyfir (sbr. 8. og 9. gr.).

8. gr.

Starfstími iðnnema má ekki fara fram úr 60 klst. á viku að meðtöldum kaffihléum ½ klst. tvisvar á dag, eða tilsvarandi stytting á daglegum vinnutíma annars. Starfstíminn fari þó ekki niður úr 1800 stundum á ári, nema lögmæt forföll, svo sem veikindi, hamli.

Þann tíma, sem nemandinn stundar bóklegt nám, samkv. 10. gr., eða minnst 5 og mest 7 mánuði ársins, skal þó þetta hámark, að meðtöldu ½ klst. kaffihléi einu sinni á dag, vera 42 klst., enda er þá sá tími, er fer til bóklega námsins, ekki talinn þar með.

Sé vinnutími sveina í viðkomandi iðn bundinn venjum eða fastmælum, skal vinnutími nemandans vera sá sami og sveinanna þann tíma árs, sem hann stundar ekki bóklegt nám, en þó aldrei hærri en hámark það, sem greinin gerir ráð fyrir að öðru leyti.

Ákveða má í námssamningi annan starfstíma nemandans en hér segir, en þó aðeins innan þeirra takmarka, sem þessi grein setur að öðru leyti.

Ekki má taka nemanda til iðnkennslu yngri en 16 ára.

9. gr.

Á sunnudögum og öðrum helgidögum þjóðkirkjunnar er iðnnemum ekki skylt að takast á hendur neina vinnu, og ekki heldur frá kl. 6 að kvöldi til kl. 6 að morgni, aðra en kennslustundir.

Sumarleyfi skal ákveðið í námssamningi, og skal það vera að minnsta kosti 12 virkir dagar, með fullu kaupi.

10. gr.

Lærimeistari má ekki fá nemanda neina vinnu, sem honum er um megn, eða skaðlegt getur talizt fyrir heilsu hans. Hann skal vaka yfir siðferði hans og hegðun. Hann skal kenna honum iðnina svo vel sem unnt er, sjá um, að nemandinn að afloknu námi hafi náð leikni í að nota öll verkfæri, sem að iðninni lúta, og að hann kunni öll verk, sem fyrir geta komið í iðninni, svo vel, að hann geti talizt

fullkominn sveinn. Þá er lærimeistari skyldur að láta nemandann ganga í iðnskóla, sé slíkur skóli til á staðnum, en ella sjá honum fyrir kennslu í öllum þeim greinum, sem iðninni eru nauðsynlegar, og skulu nánari ákvæði um það, svo sem um allt bóklegt nám iðnnema, sett í reglugerð þeirri, er um getur í 8. gr. Allan kostnað af slíkri kennslu skal lærimeistari greiða, þar með talinn pappír, bækur og teikniáhöld, og annað það, sem námið óhjákvæmilega útheimtir. Geti lærimeistari ekki uppfyllt þessi skilyrði, er honum óheimilt að taka nemendur.

11. gr.

Námstímanum skal þannig varið, að nemandinn læri iðn sína svo fljótt og vel sem unnt er. Þegar kennslutíminn er á enda, skal nemandinn hjálparlaust leysa af hendi prófsmíði, eða inna af hendi eitthvert það verk, er sýni, að hann sé fullnuma í iðn sinni. — Ef lærisveini hefir verið kennd iðnteikning, skal hann fyrst gera teikningu af prófsmíðinni.

Prófdómendur ákveða, í samráði við lærimeistara, hver prófsmíðin skuli vera. Nú taka prófdómendur teikninguna eigi gilda, og getur nemandi þá eigi fengið að leysa af hendi prófsmíði. Sá, sem fellur á slíku prófi, getur ekki fengið að ganga undir próf aftur fyrr en að ½ ári liðnu. Standist nemandi prófið, á hann heimtingu á prófskírteini, er sé undirritað af lærimeistara hans og prófdómendum, að því er tekur til hins verklega prófs, og skólastjóra iðnskólans á staðnum, að því er tekur til hins bóklega prófs, og ennfremur af lögreglustjóra, og heitir það prófskírteini sveinsbréf.

Standist nemandi eigi prófið fyrir þá sök, að lærimeistari hafi ekki látið sér nægilega annt um kennsluna, á nemandinn kröfu til skaðabóta, sem fari eftir áliti gerðardóms.

Þrír samiðnaðarmenn skulu vera prófdómendur, tilnefndir af lögreglustjóra á þeim stað, þar sem prófið er tekið. Þeir skulu, auk þess að dæma prófsmíð nemandans, einnig prófa hann munnlega í þeim atriðum, sem þeim þykir ástæða til, iðninni viðkomandi.

Nánari ákvæði um prófið og umsjón með því setur atvinnumálaráðherra með reglugerð, enda getur enginn nemandi fengið sveinsbréf, nema hann hafi staðizt lágmarkspróf það í bóklegum fræðum, er sú reglugerð ákveður.

Skal hann ljúka því prófi í iðnskóla, sé hann til á staðnum, en ella hjá prófdómendum við hið verklega próf, enda gildir þá sveinsbréf hans aðeins innan þess lögsagnarumdæmis, er prófið fór fram í, og skal það tekið fram í athugasemd, er viðkomandi lögreglustjóri ritar á sveinsbréf hans.

Heimilt skal sveini með slíkt sveinsbréf að þreyta próf við hvaða iðnskóla sem er á landinu, og skal hann þá fá venjulegt sveinsbréf, ef hann stenzt það próf.

12. gr.

Nú sýkist iðnnemi, eða verður fyrir slysi, og er þá lærimeistari hans skyldur að sjá honum fyrir hjúkrun og læknishjálp á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið samkvæmt samningnum, eða honum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, og gildir þetta jafnt, hvort sem nemandi býr hjá lærimeistara

sínum eða ekki. Sé sjúkdómurinn eða slysið talið ólæknandi eða að heilsutjónið muni vera mjög langvinnt, hvorttveggja að áliti læknis, og ef meistari á þar enga sök á, ber meistaranum þó ekki að inna af hendi þessar greiðslur lengur en í 6 mánuði frá þeim tíma, er nemandinn varð frá verki, og getur sagt upp námssamningi frá þeim tíma, enda séu þessir 6 mánuðir hámark þess tíma, samtals yfir allan námstímann, sem meistarar eru skyldir til að sjá nemendum fyrir þeim hlunnindum, er hér um getur í þessari grein. Auk læknishjálpar og hjúkrunar skal meistari greiða annan nauðsynlegan framfærslukostnað nemandans meðan hann er sjúkur og námssamningur er í gildi. Ef öðrumhvorum, nemanda eða meistara, er beinlínis um að kenna sjúkdóminn eða slysið, fer um greiðslu læknishjálpar, hjúkrunar og skaðabóta eftir lögum nr. 22 7. maí 1928 (Hjúalög).

13. gr.

Meistari getur slitið námssamningi:

1. Fyrir sjúkleika sakir nemanda, samkvæmt 12. gr.
2. Ef nemandi gerir sig sekan um brot á skyldum þeim, sem á honum hvíla samkvæmt námssamningi, eða vanrækir nám sitt, svo að til tjóns er fyrir hann sjálfan og lærimeistara hans, að dómi þess manns eða manna, sem sérstaklega hafa nemandann til eftirlits og kennslu.

14. gr.

Nemandi, foreldrar hans, fjárráðamaður eða iðnráðsfulltrúi samiðnaðarmanna á staðnum, er um getur í 1. gr. þessara laga, getur slitið námssamningi:

1. Ef lærimeistari misþyrmir nemanda eða kemur á annan hátt ósæmilega fram gagnvart honum.
2. Ef lærimeistari gerir sig sekan um brot á skyldum þeim, er á honum hvíla samkvæmt námssamningi.
3. Ef lærimeistari skiptir um bústað eða vinnustað, þannig að breytingin hafi í för með sér, að nemandinn þurfi að fara óhæfilega langan veg til vinnu.
4. Ef lærimeistari er burtu frá atvinnu sinni fulla 2 mánuði, nema vinnan fari fram undir umsjón annars manns í hans stað, er fullnuma sé í iðninni.
5. Ef nemandi sakir sjúkdóms eða annara orsaka vegna verður óhæfur til þess að geta unnið iðn þá, sem um var samið, og hann þá var hæfur til, eða ef það, að áliti læknis, er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að halda áfram að nema iðnina.
6. Ef námsstúlka giftist.

15. gr.

Námssamningur verður ógildur, ef lærimeistari deyr og atvinnureksturinn af þeim orsökum fellur niður.

16. gr.

Nú hættir meistari að reka iðn sína vegna þess að hann verður gjaldþrota eða af öðrum ástæðum, og getur nemandi þá krafizt skaðabóta, er fari eftir áliti gerðardóms.

Sömuleiðis getur nemandi krafizt skaðabóta, ef hann verður að segja upp

námssamningi af ástæðum þeim, sem greindar eru í 1.—4. tölul. 14. gr. Skaðabótagreiðslur samkvæmt þessari grein skulu vera forgangskröfur í bú viðkomandi meistara, og fer um þær eftir 83. gr. laga nr. 3 12. apríl 1878, eins og vinnulaunakröfur væru, þær, er þar koma til greina.

17. gr.

Auk þess, sem segir í 13. og 14. gr., er báðum aðilum heimilt að slíta námssamningi, ef þeir koma sér saman um það.

18. gr.

Fyrr en námssamningi er löglega slitið, má enginn taka nemanda annars manns til kennslu eða nota aðstoð hans í sömu iðn.

19. gr.

Nú verður ágreiningur milli nemanda og lærimeistara um þau atriði, er um ræðir í 11. gr., 13. gr. 2. lið, 14. gr. 1., 2., 3. og 5. lið og 16. gr. laga þessara, og skulu þau mál koma í gerð, nema málsaðilar komi sér saman um annað. Í gerðardómi skulu sitja lögreglustjóri í því lögsagnarumdæmi, þar sem ágreiningurinn rís, og er hann oddviti, og 2 menn aðrir, og tilnefna málsaðilar sinn hvor.

Nú vill einhver beiðast gerðar, og skal hann þá snúa sér til oddvita, og ákveður hann síðan gerðarfund og kveður báða málsaðila til að sækja þann fund, ásamt gerðarmönnum þeirra, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi. Skal á þeim fundi leggja fullnaðarúrskurð á málið, og ræður afl atkvæða úrslitum. Báðir málsaðilar eru bundnir við þann úrskurð.

Heimilt er oddvita að fresta fundi, þó ekki oftar en þrisvar sinnum, og ekki lengur en 8 daga í hvert skipti, enda hafi einhver gerðarmanna tjáð honum lögleg forföll, eða oddvita þykir nauðsyn til bera, til þess að réttur úrskurður verði á lagður. Nú sækir annarhvor gerðarmanna ekki fund og hefir ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gerðarmaðurinn lagt fullnaðarúrskurð á málið. Með gerðardómi má slíta námssamningi og dæma þeim skaðabætur, er tjónið beið.

20. gr.

Lærimeistari, sem brýtur ákvæði 1., 2., 8., 9., 10. og 18. gr. þessara laga, skal sæta sektum. allt að kr. 1000.00, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Sektarfé rennur í ríkissjóð.

21. gr.

Mál út af brotum gegn ákvæðum 1., 2. og 18. gr. laga þessara eru almenn lögreglumál. Mál milli lærimeistara og nemanda, er snertir námið, eru einkalögreglumál.

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um iðnaðarnám, nr. 11 31. maí 1927, þegar lokið er öllum námssamningum, sem gerðir hafa verið eftir þeim.

23. gr.

Lög þess ná aðeins til þeirra námssamninga, sem gerðir eru eftir að þau hafa öðlazt gildi.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1936.

Ed. 596. Nefndarálit

um frv. til l. um klaksjóð og heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta reisa klakstöðvar.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir nú haft þetta mál til athugunar síðan á fyrri hluta þings, að því var til hennar vísað.

Nefndin er sammála um, að nauðsyn beri til þess að reisa klakstöðvar við hentugar veiðiár og að þær beri að velja einnig með tilliti til þess, að sem auðveldast sé að flytja laxaseiði í sem flestar veiðiár í landinu.

Eftir að hafa athugað þetta allítarlega, hefir það orðið ofan á, að velja til þessa Laxá í Kjós fyrir Suðurland og Laxá úr Mývatni fyrir Norðurland. Úr Laxá í Kjós er skammt að flytja seiði í hinar beztu og líklegustu veiðiár á Suðurlandi og t. d. norður í Húnavatnssýslu, og jafnvel Skagafjörð. En úr Laxá úr Mývatni eru eigi allerfiðir flutningar seiða um Austurland og auðveldir vestur á bóginn.

Í brtt. er sú nýjung, að ætlazt er til þess, að ríkið kaupi Laxá í Kjós, og renna undir það margar stoðir, að ríkið eigi góða laxá, og verður nánar að því vikið í umræðum.

Nefndin hefir verið í dálitlum vafa um það, hvort 10 aura gjaldið á hvert kg. af laxi sé eigi of hátt, og mun hún athuga það frekar milli umræðna.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Í stað 3. og 4. gr. komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. Ríkisstjórninni skal heimilt að reisa a. m. k. tvær klakstöðvar, og skal hvor eða hver stöð geta framleitt allt að 2,5 millj. laxaseiða. Skal allt að 10% af árlegri seiðaframleiðslu stöðvanna látið í ár þær og vötn, sem stofnveiðin er úr. Að jafnaði skulu seiðin látin í vötnin að réttri tiltölu við stofnveiðina úr þeim.
   b. Vegna stofnveiða til klakstöðva þeirra, er ræðir um í 3. gr., skal ríkisstjórninni heimilt:
      a. að kaupa eða taka á leigu öll veiðiréttindi í Laxá í Kjósarsýslu, ásamt veiðimannahúsinu Árnesi við Laxá með tilheyrandi landspildu, og öll veiðiréttindi í Bugðu og Meðalfellsvatni í sömu sveit.
      b. að taka á leigu veiðiréttindi öll í Laxá úr Mývatni.

      Takist ekki hagkvæmir samningar, að dómi ríkisstjórnarinnar,

um kaup eða leigu á veiðiréttindum í a- og b-lið, skal ríkisstjórninni heimilt að taka þau eignarnámi, og er það þá á valdi ríkisstjórnarinnar, hvort eignarnámið tekur til kaups eða leigu á veiðiréttindum þeim og eignum, er getur í a-lið þessarar greinar. Um framkvæmd eignarnámsins skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 1917.

c. Heimilt skal að veiða til klakstöðvanna á hvern þann hátt og á hverjum þeim tíma, sem henta þykir.

2. Við 5. gr., sem verður 6. gr. Í stað „hvorrar klakstöðvarinnar“ komi: klakstöðva þeirra.

3. Í stað 9. gr. komi tvær nýjar greinar, sem verði 10. og 11. gr., svo hljóðandi:

a. Með brot gegn 2. gr. skal farið eftir almennum ákvæðum tolllaga. Fyrir brot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal annars refsað með sekt, allt að kr. 1000.00, ef þyngri refsing liggur ekki við að öðrum lögum.

b. Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

4. Fyrirsögn frv. skal orða svo:

Frumvarp til laga um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til eignarnáms í því skyni.

Greinatalan breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 21. nóv. 1935.

Bernh. Stefánsson, form.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari, frsm.	Pétur Magnússon.

Nd. 597. Breytingartillaga

við frumv. til l. um iðnaðarnám.

Frá Guðbr. Ísberg.

Við 8. gr. Aftan við 2. mgr. bætist: Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um lágmark bóklegs náms fyrir iðnnema.

Ed. 598. Frumvarp til laga

um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka í sínar hendur innflutning á kartöflum og öðrum garðávöxtum frá 1. maí 1936, og er þá öllum öðrum óheimilt að flytja nefndar vörutegundir til landsins.

Lög þessi ná þó ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs kartöflur, ef birgðirnar eru, að áliti tollstjóra, eigi meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum.

2. gr.

Stofnun, sem nefnist Grænmetisverzlun ríkisins, skal annast innflutning og verzlun kartaflna og annara garðávaxta.

Ríkissjóður leggur fram nauðsynlegt stofnfé til verzlunarinnar, og er ríkisstjórninni heimilt að taka lán í því skyni.

3. gr.

Grænmetisverzlun ríkisins er skylt að kaupa fyrir gildandi innkaupsverð samkvæmt 10. gr. allar þær kartöflur, sem framleiddar eru innanlands og fram eru boðnar á þeim stöðum, er hún ákveður, eftir því sem geymslurúm og markaðsþörf leyfir. Skal hún haga innkaupum og verzlun sinni þannig, að hver landshluti sé fyrst látinn fullnægja sinni neyzluþörf, eftir því sem við verður komið.

Eftir því sem fært þykir skulu þeir framleiðendur látnir sitja fyrir um kaup að haustlagi, sem erfiðast eiga um flutninga að vetrarlagi.

4. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Grænmetisverzlun ríkisins, að banna innflutning á þeim tegundum garðávaxta, sem framleiða má í landinu sjálfu og Grænmetisverzlun ríkisins annast ekki innflutning á, eftir því sem nauðsynlegt kann að verða til þess að tryggja markað fyrir innlenda framleiðslu.

5. gr.

Grænmetisverzlun ríkisins skal láta reisa á hentugum stað í Reykjavík geymslu- og markaðsskála fyrir kartöflur og aðra garðávexti, sem framleiddir eru í landinu og ætlaðir eru til sölu innanlands.

Stærð skálans skal við það miðuð, að hann rúmi til geymslu allt að 6000 tn. af garðávöxtum, en lóð þannig valin og byggingu þannig hagað, að auðvelt sé að stækka hann, ef þörf krefur.

Heimilt er Grænmetisverzlun ríkisins að láta reisa geymslur fyrir garðávexti á þeim stöðum úti um land, þar sem hún telur brýna þörf fyrir þær.

6. gr.

Grænmetisverzlun ríkisins selur til félaga, kaupmanna, kaupfélaga og annara, er hafa verzlunarleyfi, svo og til bæjar- og sveitarfélaga, en ekki í smásölu til neytenda. Þó skal henni heimilt að selja beint til neytenda í markaðsskála Grænmetisverzlunarinnar í Reykjavík og annarsstaðar, þar sem hún hefir sérstakar geymslur.

7. gr.

Innlendum framleiðendum er heimilt að selja framleiðslu sína hverjum sem vera skal. En hlíta skulu þeir því lágmarksverði, sem ákveðið er á hverjum

tíma samkv. 10. gr. Þeir skulu eiga frjálsan aðgang að markaðsskála Grænmetisverzlunar ríkisins, og skal þeim heimilt að selja afurðir sínar þar gegn gjaldi og eftir reglum, sem ákveða má í reglugerð.

8. gr.

Allir garðávextir, sem Grænmetisverzlun ríkisins kaupir, skulu metnir af matsmönnum, sem landbúnaðarráðherra skipar samkvæmt tillögum verðlagsnefndar. Matsmenn skulu fá erindisbréf til þess að starfa eftir. Grænmetisverzlun ríkisins greiðir kostnað við matið.

9. gr.

Innkaupsverð og söluverð Grænmetisverzlunar ríkisins á garðávöxtum, svo og hámarksverð garðávaxta í smásölu skal ákveðið af 5 manna verðlagsnefnd. Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar, en Búnaðarfélag Íslands, S. Í. S., Verzlunarráð Íslands og Alþýðusamband Íslands hafa rétt til að tilnefna hvert sinn mann í nefndina. Tilnefni einhver aðili ekki nefndarmann, skipar ríkisstjórnin mann í hans stað. Nefndarmenn skulu starfa kauplaust.

10. gr.

Verðlag á innlendum garðávöxtum skal ákveðið þannig, að verð um uppskerutímann, frá 15. sept. til 1. nóv., skal lagt til grundvallar. Eftir það skal verðið fara hækkandi, svo að fullt tillit sé tekið til geymslukostnaðar þeirra garðávaxta, sem síðar verða seldir.

Nýir innlendir garðávextir, sem koma á markaðinn fyrir 15. sept., skulu skráðir hærra verði, því fyrr sem þeir eru afhentir til sölu. Skal verðlagið miða að því, að tryggð verði framleiðsla snemmvaxinna garðávaxta.

Verðskráning garðávaxta skal aðallega miða við markaðsverð garðávaxta í nálægum löndum, að viðbættum flutningskostnaði. Þó skal þess gætt jafnframt, að framleiðendum sé tryggt hæfilegt framleiðsluverð.

Innflutta garðávexti má aldrei selja lægra verði en innlenda, miðað við sama tíma og sömu gæði.

Við ákvörðun útsöluverðs þeirra garðávaxta, sem Grænmetisverzlun ríkisins verzlar með, skal álagningin miðuð við það, að geymslu- og verzlunarkostnaður fáist greiddur.

11. gr.

Hagnaði, sem verða kann á rekstri Grænmetisverzlunar ríkisins, skal varið til þess að byggja geymslu- og markaðsskála, svo og til að tryggja framtíð stofnunarinnar, með því að koma upp nauðsynlegum varasjóði.

12. gr.

Ríkisstjórnin semur reglugerð fyrir Grænmetisverzlun ríkisins og skipar forstöðumann hennar og endurskoðendur. Heimilt er að fela einhverri ríkisstofnun eða Sambandi ísl. samvinnufélaga forstöðu verzlunarinnar.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100—1000 kr., ef ekki liggur þyngri refsing við samkvæmt lögum. Kartöflur og aðrir garðávextir, sem einkasala er á og inn eru fluttir í heimildarleysi, skulu gerðir upptækir og afhendast einkasölunni.

Með mál út af lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 100 frá 3. maí 1935.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Árin 1936, 1937 og 1938 er ríkisstjórninni heimilt að veita sérstök verðlaun fyrir aukna framleiðslu kartaflna, miðað við uppskeru haustsins 1935. Þetta kemur þó því aðeins til greina, að framleiðslan fari ekki fram úr eftirspurninni. Verðlaunin skulu því skilyrði bundin, að framleidd sé góð vara, og við þær aðstæður, að framleiðslan geti haldizt óbreytt áfram án sérstakra fríðinda, og að Búnaðarfélag Íslands mæli með því, að verðlaunin séu veitt. Skal framleiðanda skylt að færa sönnur á fyrir Búnaðarfélagi Íslands, að framleiðsluaukningin hafi átt sér stað, bæði með því að trúnaðarmenn félagsins hafi tekið garðalandið út á jarðabótaskýrslu og önnur skilyrði séu fyrir hendi um uppskeruaukninguna. Búnaðarfélagi Íslands er og heimilt að setja þau skilyrði fyrir meðmælum sínum, að garðalandið sé valið í samráði við trúnaðarmenn þess.

Má verja úr ríkissjóði til þessara verðlauna allt að 30000 kr. árið 1936, allt að 20000 kr. árið 1937 og allt að 10000 kr. árið 1938, og mega verðlaunin nema árið 1936 allt að kr. 3.00 á hverja tunnu umfram uppskeru 1935, árið 1937 kr. 2.00 á tn. umfram uppskeru 1936, og árið 1938 kr. 1.00 á tunnu umfram uppskeru 1937.

Eigi má veita verðlaun fyrir minni aukningu en 10 tunnur, ef um einstaka framleiðendur er að ræða, og eigi fyrir þá aukningu, sem er umfram 100 tunnur. Þó má veita einstaklingi framleiðsluverðlaun fyrir minni aukningu en 10 tunnur, ef um samfellda ræktun einstaklinga er að ræða, er nemi samtals 100 tunnum.

Bæjar- og sveitarfélögum og samvinnufélögum, er garðyrkju kunna að reka, má veita verðlaun fyrir meiri uppskeruaukningu en 100 tunnur.

Ed. 599. Breytingartillaga

við frv. til l. um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti o. fl.

Flm.: Þorst. Þorsteinsson.

Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað „10 tunnur“ í fyrstu línu 3. málsgr. komi: 3 tunnur.

Nd. **600. Breytingartillaga**

við frumv. til l. um heimild fyrir hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps til álagningar vörugjalds.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Í stað orðanna „og meiri hluta sýslunefndar Skagafjarðarsýslu“ í fyrstu gr. komi: og meiri hluta þeirra sýslunefndarmanna í sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, sem kosnir eru í þeim hreppum sýslunnar, sem reka aðalverzlun sína á Sauðárkróki.

Ed. **601. Lög**

um erfðaábúð og óðalsrétt.

(Afgreidd frá Ed. 22. nóv.).

Samhljóða þskj. 498 með þeirri breytingu, að 24. gr. hljóðar svo sem segir á þskj. 516.

Ed. **602. Breytingartillaga**

við frv. til l. um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti o. fl.

Frá Jóni Baldvinssyni.

7. gr. frv. skal orða svo:

Framleiðendum þeirra vörutegunda, sem Grænmetisverzlun ríkisins verzlar með, skal óheimilt að selja framleiðslu sína öðrum en henni til verzlunar, en heimilt skal þeim að selja hana beint til neytenda, enda hlíti þeir því verði, sem ákveðið er á hverjum tíma samkvæmt 10. gr. Óheimilt er að kaupa af framleiðendum þeirra vörutegunda, er Grænmetisverzlunin verzlar með, vörur þessar í því skyni að verzla með þær.

Nd. **603. Breytingartillögur**

við brtt. á þskj. 580 [Vörugjald á Sauðárkróki].

Flm.: Finnur Jónsson.

1. Við 1. (1. gr.). Á eftir orðunum „utan Reykjavíkur“ kemur: að fengnu samþykki atvinnumálaráðherra — og á eftir orðunum „sérstök hreppsfélög“ kemur: að fengnu samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar.
2. Við 3. b. (4. gr.). Till. orðist svo:

   Bæjar- eða sveitarstjórn annast innheimtu vörugjaldsins og hefir

haldsrétt á vörunum þar til gjaldið er greitt. Þar sem svo hagar til, að heppilegra þykir að fela bæjarfógeta, sýslumanni eða hreppstjóra innheimtuna, er það heimilt, og greiðist þeim þá 5% í innheimtulaun.

Nd. 604. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Fyrri málsl. 2. málsgr. 32. gr. laganna hljóði þannig:

Skýrslur þessar skulu komnar í skattstofuna í Reykjavík og til skattanefnda eða skattstjóra í kaupstöðum fyrir lok janúarmánaðar, en í hendur skattanefnda eða skattstjóra annarsstaðar á landinu fyrir lok febrúarmánaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt tilmælum bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar, og er með því stefnt að því, að framtalsfrestur til tekju- og eignarskatts verði hinn sami í kaupstöðum landsins.

Telur bæjarstjórn þetta nauðsynlegt, vegna þess að það tefur mjög fyrir niðurjöfnun útsvara, að framtalsfresturinn er núna til 28. febrúar. Niðurjöfnunarnefnd notar framtalsskýrslurnar við álagningu útsvaranna, og er því næsta nauðsynlegt, að hún fái þær sem fyrst í hendur, til þess að geta lokið niðurjöfnun tímanlega, og gjalddagi útsvaranna færist fram

Ed. 605. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 29. des. 1934, um breyting á 1. gr. tolllaga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og mælir með, að það verði samþ. óbreytt. Um ástæður vísast til greinargerðar frumv.

Alþingi, 22. nóv. 1935.

Jón Baldvinsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm.	Magnús Jónsson, með fyrirvara.

Ed. 606. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Þegar lögin um stimpilgjald voru sett 1921, voru lagðar allháar sektir við vanrækslu á því að stimpla skjöl þau, er stimpilskyld eru, en í næstu 10 ár mátti stjórnarráðið láta sektir niður falla eða lækka, ef sérstakar kringumstæður mæltu með því. Þessi frestur er nú útrunninn, og hefir það sýnt sig, að allmikil brögð eru að því, að menn hafa vanrækt að stimpla stimpilskyld skjöl, og er á eigendur þeirra fallin stórsekt, en engin heimild til eftirgjafa eða lækkunar.

Nefndin fellst á það, að rétt sé að veita heimild til þess að lækka sektir, og jafnvel láta þær falla niður, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. En nefndinni þykir varhugavert að hafa þessa heimild ótímabundna, og leggur því til, að heimildin gildi til 1. júlí 1937.

Þá vill nefndin benda ríkisstjórninni á það, að láta athuga sektarákvæði laganna, því vegna þess hve þau eru há, þykir nú óhjákvæmilegt að setja heimild þá, er um ræðir í frv.

Nefndin leggur til, að á frvgr. verði gerð svo hljóðandi

BREYTING:

Aftan við frvgr. komi: til 1. júlí 1937.

Alþingi, 22. nóv. 1935.

Jón Baldvinsson, form., frsm.	Bernh. Stefánsson, fundaskrifari.	Magnús Jónsson.

Nd. 607. Nefndarálit

um frv. til l. um breytingar á l. nr. 75 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefir haft frv. þetta til athugunar, og hefir undirritaður meiri hl. hennar orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. Aftan við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Sama skylda hvílir á þeim, er stofna vilja einkaskóla. Jafnframt tilkynningunni ber að leggja fram sannanir fyrir rétti hlutaðeigandi kennara til kennslustarfsins.

Tveir nefndarmenn (PHalld og EE) voru forfallaðir og gátu ekki verið á fundi, er málið var afgr. Hafa þeir því enga afstöðu tekið til málsins.

Alþingi, 22. nóv. 1935.

Sig. Einarsson, form.	Bjarni Bjarnason. frsm.	Jónas Guðmundsson.

Nd. 608. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið, og leggur minni hlutinn til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
Síðasti málsl. fyrstu málsgr. 2. gr. laganna orðist þannig:
Af hverjum 100 kg. af fiskúrgangi, hausum og beinum, þurrkuðum og óunnum, kr. 1.00.

Alþingi, 23. nóv. 1935.

Páll Þorbjörnsson, frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 609. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið. Minni hl. n. (JJós og PÞ) vilja láta samþykkja frv. með nokkurri breytingu og skila sérstöku nál., en meiri hl. n. telur, að á þeim stutta tíma, sem lög þessi hafa verið í gildi, sé eigi fengin sú reynsla fyrir því, hvernig þau gefast, að rétt sé að breyta þeim, og leggur til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Á síðasta þingi var útflutningstollur af ósöltuðum beinum hækkaður úr 10 krónum á smálest í 30 krónur á smálest. Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um, að tollhækkunin hafi orðið til þess tjóns fyrir útveginn, er réttlætt geti

breytingu á l. nú þegar á þessu þingi. Telur deildin rétt að fá af lögunum nokkuð meiri reynslu og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. nóv. 1935.

Finnur Jónsson, form., frsm.	Gísli Guðmundsson, fundaskrifari.	Sigurður Kristjánsson.

Nd. 610. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 580 [Vörugjald á Sauðárkróki].

Flm.: Bergur Jónsson.

Við 1. Brtt. orðist svo:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt skal bæjarstjórnum í kaupstöðum utan Reykjavíkur og hreppsnefndum í sveitarfélögum, þar sem meiri hluti hreppsbúa býr í kauptúni, að leggja vörugjald á innfluttar og útfluttar vörur í kaupstaðnum og kauptúninu, og rennur gjald þetta í bæjar- eða sveitarsjóð.

Ed. 611. Frumvarp til laga

um iðnaðarnám.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 595 með þeirri breytingu, að

8. gr. hljóðar svo:

Starfstími iðnnema má ekki fara fram úr 60 klst. á viku, að meðtöldum kaffihléum ½ klst. tvisvar á dag, eða tilsvarandi stytting á daglegum vinnutíma annars. Starfstíminn fari þó ekki niður úr 1800 stundum á ári, nema lögmæt forföll, svo sem veikindi, hamli.

Þann tíma, sem nemandinn stundar bóklegt nám, samkv. 10. gr., eða minnst 5 og mest 7 mánuði ársins, skal þó þetta hámark, að meðtöldu ½ klst. kaffihléi einu sinni á dag, vera 42 klst., enda er þá sá tími, er fer til bóklega námsins, ekki talinn þar með. Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um lágmark bóklegs náms fyrir iðnnema.

Sé vinnutími sveina í viðkomandi iðn bundinn venjum eða fastmælum, skal vinnutími nemandans vera sá sami og sveinanna þann tíma árs, sem hann stundar ekki bóklegt nám, en þó aldrei hærri en hámark það, sem greinin gerir ráð fyrir að öðru leyti.

Ákveða má í námssamningi annan starfstíma nemandans en hér segir, en þó aðeins innan þeirra takmarka, sem þessi grein setur að öðru leyti.

Ekki má taka nemanda til iðnkennslu yngri en 16 ára.

Ed. 612. Lög

um breyting á lögum nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat.

(Afgreidd frá Ed. 23. nóv.).

Samhljóða þskj. 521.

Ed. 613. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 29. des. 1934, um breyt. á 1. gr. tolllaga.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 1. gr. Í stað „20.80“ kemur: 20.30.

Nd. 614. Breytingartillögur

við frv. til l. um viðauka við og breyting á l. nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir orðunum „húfur allskonar“ í C-lið komi: nema enskar húfur.
   b. Orðið „Reykrör“ og orðið „Kröfsur“ í D-lið falli niður.
   c. Síðasti liður fyrstu málsgr. G-liðs orðist svo:
      Vélar, sem eingöngu eru notaðar til iðju og iðnaðar, og varahlutar til þeirra.
2. Við 3. gr. Á eftir orðunum „þessara laga“ komi: svo gilda og ákvæði laga nr. 83 26. apríl 1935 um verðtoll, sem ákveðinn er í 1. gr. þessara laga.

Nd. 615. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „jarðlitum til málningar“ komi: jarðlitum, þurrum, til málningar.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins“ komi: notaðir heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins og hafa verið minnst eitt ár búsettir erlendis.

Nd. 616. Frumvarp til laga

um einkaleyfi til að vinna málningu úr íslenzkum hráefnum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara veitist málarameisturunum Einari Gíslasyni og Ósvaldi Knudsen í Reykjavík næstu 5 ár einkaleyfi til þess að vinna málningu úr íslenzkum hráefnum (jarðefnum).

2. gr.

Meðan leyfistíminn stendur, er öllum öðrum óheimilt að nema jarðefni hér á landi í þeim tilgangi að vinna úr þeim málningu til sölu. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum frá 500—5000 kr., er renna í ríkissjóð.

3. gr.

Hafi sérleyfishafar ekki notfært sér leyfið að verulegu leyti tvö fyrstu árin, er atvinnumálaráðherra heimilt að svipta þá sérleyfinu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Einstöku tilraunir hafa verið gerðar hér á landi á síðustu árum til þess að nota íslenzkan hveraleir til málningar, en allar í smáum stíl og fremur sem athugun á nothæfni efnisins en sem byrjun til atvinnurekstrar. Athuganir þeirra Einars sál. Jónssonar málara, Helga H. Eirikssonar námufræðings o. fl. hafa sýnt, að talsvert af leir þessum er nothæft sem hráefni í málningu, og ætti þannig að vera hægt að framleiða verulegan hluta af þeirri málningu, er vér þurfum, hér heima. Talsverður byrjunarkostnaður fylgir slíkri framleiðslu, og þar sem Íslendingar eru henni óvanir, fylgir því vitanlega allmikil áhætta að ráðast fyrstur manna í fyrirtæki í þessu skyni, og ryðja þannig braut þeirri reynslu, sem með þarf í meðferð hinna innlendu hráefna. Mun það ástæðan til þess, að engir hafa treyst sér út í þá tilraun hingað til. Hitt mun varla valda tvímæli, að rétt sé og sjálfsagt að styðja að því, að slík framleiðsla komist á fót í landinu. Virðist því sanngjarnt, að þessum tveim málarameisturum, sem hafa undirbúið málið og segjast reiðubúnir til þess að hrinda því af stað, verði veitt aðstaða til þess að gera tilraunina, og fái þeir því 5 ára sérleyfi til framleiðslu innlendrar málningar.

Ed. **617. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og hefir orðið sammála um efni 1. gr. Aðeins telur nefndin, að frestur sá, sem ákveðinn er í gr. um að ekki megi láta vátryggingarféð af höndum, sé óþarflega langur, og leggur til, að hann sé styttur í 2 mánuði.

Meiri hl. nefndarinnar getur ekki fallizt á að samþykkja 2. gr. frv. og leggur til, að hún falli niður.

Þá hefir nefndinni borizt, frá atvinnumálaráðherra, annað frv. um breyting á sömu lögum. Er það samið af próf. Þórði Eyjólfssyni, að tilhlutun bankastjóranna við Landsbankann og Útvegsbankann h/f, Reykjavík. Fylgdi því greinargerð, sem prentuð er hér á eftir sem fylgiskjal. Hefir nefndin athugað þessar breytingar og leggur til, að þær verði felldar inn í frv. á þskj. 543. Leitaði nefndin um það atriði umsagnar próf. Þórðar Eyjólfssonar, og taldi hann bezt fara á því, að allar breytingarnar kæmu fram í einu frv. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „3 mánuðir“ komi: 2 mánuðir.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Á eftir 1. gr. komi 3 nýjar greinar, sem verða 2., 3. og 4. gr., svo hljóðandi:
   a. (2. gr.) Sjóveðsréttar njóta ekki kröfur, sem skipstjóri stofnar við menn eða stofnanir hér á landi í sambandi við útgerð skipa, sem heimilisföst eru hér á landi og eingöngu eða aðallega eru notuð til fiskveiða hér við land, vegna úttektar á veiðarfærum, hverskonar sem eru, beitu, ís, salti, tunnum, kolum, benzíni, hverskonar olíum og öðrum vélanauðsynjum. Kröfur þessar ábyrgist útgerðarmaður með öllum eignum sínum.
   b. (3. gr.). Nú hefir skipstjóri greitt eða tekið á sig ábyrgð á greiðslu úttektar samkvæmt 2. gr., og á hann þá ekki sjóveðsrétt fyrir endurgreiðslukröfu sinni á útgerð skipsins.
   c. (4. gr.). Ákvæði 2. og 3. greinar gilda ekki um kröfur, sem stofnaðar eru eingöngu vegna greiðslu nauðsynja til heimferðar skips.
4. 3. gr. verði 5. gr.

Alþingi, 25. nóv. 1935.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.	Jón A. Jónsson.

Fylgiskjal.

Greinargerð fyrir breytingum á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914.

Íslenzku siglingalögin frá 1914 eiga, eins og önnur norræn siglingalög, rót sína að rekja til þýzkra siglingalaga frá árinu 1861, sem samin voru með sérstöku tilliti til millilandasiglinga kaupskipa. Alþingisnefnd sú, sem um siglingafrumvarpið fjallaði á sínum tíma (1911), sá og fann, að frumvarpið átti ekki allskostar við hér á landi, og einkum þótti nefndinni vanta í frv. ákvæði, „sem eigi við fyrirkomulag það, sem nú er á fiskveiðum hér við land". Engar verulegar breytingar voru þó gerðar á frv. af þessum sökum.

Í siglingalögunum eru ákvæði um, að sjóveðsréttur skuli stofnast m. a. fyrir allri úttekt skipstjóra til skipsins utan heimilis þess, sem nauðsynleg er til framhalds ferðar þess, en með ferð er hér átt við alla fjarveru skips frá heimili sínu (53. sbr. 236. gr. sigll.). Var ákvæðið upphaflega sett með það fyrir augum, að skipstjóri gæti, án tafar fyrir skipið, útvegað nauðsynjar til framhalds ferðar og starfrækslu skipsins á stöðum, þar sem erfitt eða ókleift væri að ná til útgerðarmanns, enda miðað við millilandasiglingar kaupskipa áður en síminn kom til sögunnar. Þessi regla er mjög óheppileg og óréttlát, þegar henni er beitt við innlend fiskiskip, sem oft eru gerð út vertíðum saman frá öðrum stöðum en heimilisstað sínum. Sé úttekt til skipsins þá ekki greidd reglulega, sem oft verður misbrestur á, hleðst hún sem sjóveð á skipið, til stórtjóns fyrir samningsveðhafa, þar eð sjóveðin ganga fyrir rétti þeirra. Eru fiskiskipin, einkum hin smærri, orðin algerlega óveðhæf af þessum sökum, þar eð veðhafi, bankar eða aðrir, sem út á skipin lána, getur ekki tryggt sig fyrir því, að veði hans verði útrýmt, máske á einni vertíð, vegna ógreiddrar úttektar til skipsins. Eru mörg dæmi til þess, að veðhafi hafi glatað veði sínu af þessum sökum. Ástæðan til þess, að veita úttektarkröfum sjóveðsrétt, er alls ekki fyrir hendi að því er snertir innlend fiskiskip, því jafnan er skipstjóra nú kleift, án verulegrar tafar fyrir skipið, að ná til útgerðarinnar símleiðis, þótt skipið sé gert út frá öðrum stað en heimili sínu.

Aðrar þjóðir hafa af sömu reynslu að segja og vér í þessum efnum. T. d. hafa Norðmenn þegar árið 1909 sett lög um breyting á siglingalögum sínum (frá 1893), er ganga að mestu í sömu átt og frumvarp þetta, enda er frumvarpið að miklu leyti eftir þeim sniðið. (Sjá norsk l. nr. 6 18. sept. 1909).

Ed. 618. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Ríkisborgararétt skulu öðlast:
Aanes, Arthur Emil Antonsen, vélstjóri í Vestmannaeyjum, fæddur í Noregi.
Aspelund, Erling, trésmiður á Ísafirði, fæddur í Noregi.

Hobbs, Jósephina Antonia, hárgreiðslukona í Reykjavík, fædd í Reykjavík.
Johnsen, Didrik, sjómaður á Ísafirði, fæddur í Noregi.
Kristján Halldórsson Torfason, námsmaður á Flateyri, fæddur í Danmörku.
Nygaard, Annanias Peter Andreasen, vélasmiður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
Petersen, Bernhard, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
Randrup, Emil Vilhelm, lifrarbræðslumaður í Hafnarfirði, fæddur í Kaupmannahöfn.
Schneider, Anton, sápugerðarmaður í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi.
Smith, Sverri Christiansen, loftskeytamaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.

Nd. 619. Breytingartillögur

við frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við 1. gr.

1. Orðin „og húfur allskonar“ í C-lið falla niður.
2. Orðin „Umbúðakassar, unnir og hálfunnir“, í upphafi D-liðs falli niður.
3. Orðin „Blakkir. Sigurnaglar“ í D-lið falli niður.
4. Orðin „og presseningar“ í E-lið falli niður.

Nd. 620. Lög

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931 [Útflutningsgjald af síld o. fl.].

(Afgreidd frá Ed. 25. nóv.).

Samhljóða þskj. 413.

Ed. 621. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Við 52. gr. Greinin orðist þannig:

Sektir samkvæmt lögum þessum er þó stjórnarráðinu heimilt að lækka, og jafnvel láta þær niður falla, ef sérstakar málsbætur eru, til 1. júlí 1937.

Nd. **622. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og lögum nr. 20 24. marz 1934, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1915 § 16)“ í niðurlagi 2. málsgr. 1. gr. laga nr. 29 1915 komi: (Stjskr. 41. gr.).

2. gr.

a. Á eftir orðinu „eið“ í 2. gr. sömu laga komi: eða drengskaparheit.
b. Fyrir „(Stjskr. 1874 § 30)“ í sömu lagagrein komi: (Stjskr. 42. gr.).

3. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 20 1934 bætist: (Stjskr. 27. gr.).

4. gr.

1. málsliður 2. málsgr. 11. gr. laga nr. 29 1915 orðist svo:
Forsetar Alþingis skipa í sameiningu skrifstofustjóra þingsins, og skulu laun hans ákveðin í launalögum.

5. gr.

Aftan við 18. gr. sömu laga bætist: ef um lagafrumvarp er að ræða, en 1 nóttu síðar, ef um er að ræða þingsályktunartillögur.

6. gr.

Aftan við 19. gr. sömu laga bætist: og ekki heldur um frumvörp, sem nefnd flytur óskipt eða flutt eru að beiðni einhvers ráðherranna.

7. gr.

Aftan við 5. gr. laga nr. 20 1934 bætist: (Stjskr. 39. og 40. gr.).

8. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1903 § 9)“ í fyrri málsgr. 24. gr. laga nr. 29 1915 komi: (Stjskr. 40. gr.).

9. gr.

a. Fyrir „(Stjskr. 1903 § 9)“ í fyrri málsgr. 25. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 40. gr.).
b. Fyrir „(stjskr. 1903 § 9)“ í síðari málsgr. sömu greinar komi: (stjskr. 40. gr.).

10. gr.

2. málsgr. 26. gr. sömu laga orðist svo:
Þá er Alþingi, sem nú segir, skipar eina málstofu, þarf, til þess að gerð verði

fullnaðarályktun um mál, meira en helmingur þingmanna að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu. Þingmaður, sem er á fundi, en greiðir ekki atkvæði, án lögmætra ástæðna, telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Ræður þá afl atkvæða um einstök málsatriði. En til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, verða aftur á móti að minnsta kosti tveir þriðjungar atkvæða, sem greidd eru, að vera með frumvarpinu (Stjskr. 40. gr.).

11. gr.

Fyrir síðari málslið 3. málsgr. 29. gr. sömu laga „(Sé henni breytt ... einni umræðu)“ komi: Sé henni breytt þar, skal hún endursend hinni deildinni og tekin þar til einnar umræðu. Ef tillögunni er þá aftur breytt, skal hún lögð fyrir hina deildina af nýju, og um hana viðhöfð ein umræða. Sé henni þar enn breytt, skal hún lögð fyrir sameinað þing og útkljáð þar með einni umræðu.

12. gr.

Fyrir „(stjskr. 1874 § 37)“ í fyrri málsgr. 31. gr. sömu laga komi: (stjskr. 49. gr.).

13. gr.

Aftan við 34. gr. sömu laga bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Við útvarpsumræður skulu ræðumenn, aðrir en forseti, jafnan mæla úr ræðustól, og heimilt er þeim endranær að flytja ræður sínar þaðan.

14. gr.

a. Fyrir „Ráðherra eða umboðsmaður hans“ í 35. gr. sömu laga kemur: Ráðherrar.
b. Aftan við greinina bætist ný málsgr.:

Þegar útvarpað er umræðum um þingmál, skal farið eftir reglum V. kafla.

15. gr.

Orðin „eða umboðsmanns hans“ í 36. gr. sömu laga falli niður.

16. gr.

37. gr. sömu laga orðist svo:

Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti stungið upp á, að þeim sé hætt. Svo getur og forseti lagt til, hvort heldur í byrjun umræðu eða síðar, að umræðu um mál skuli lokið að liðnum ákveðnum tíma. Eigi má þó, meðan nokkur þingmaður kveður sér hljóðs, takmarka ræðutíma við neina umræðu meira en svo, að hún standi skemur en 2 klukkustundir alls. Ræðutími ráðherra telst ekki hér með, og framlengist umræðan sem svarar ræðutíma þeirra. Þingdeild sú, sem hlut á að máli, eða sameinað þing, sker úr því umræðulaust, hvort tillögur forseta skuli teknar til greina. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafizt þess, að greidd séu atkvæði um það umræðulaust, hvort umræðu skuli lokið eða umræðutími takmarkaður. Nöfn þeirra

þingmanna skulu lesin upp og rituð í gerðabókina. Eftir ákvæðum þessarar greinar og 35. greinar, að því er varðar sameinað þing, skal einnig fara á þingsetningarfundum.

Nú hefir verið samþykktur takmarkaður umræðutími, og skal þá forseti skipta ræðutíma sem jafnast milli fylgismanna og andstæðinga máls þess, sem er til umræðu, án þess að hann sé bundinn við, í hvaða röð þingmenn hafa kvatt sér hljóðs, eða milli flokka, ef hentara þykir.

17. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1903 § 12)“ í 41. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 51. gr.).

18. gr.

a. Þrír fyrstu málsliðir 42. gr. sömu laga („Heimilt er þingmanni ... hvort frá skuli vísa“) falli burt.
b. Fyrir „Heimilt er og þingmanni“ í fjórða málslið sömu greinar komi: Heimilt er þingmanni.
c. Aftan við síðari málsgr. sömu greinar bætist: Slíka tillögu má og gera í prentuðu nefndaráliti.

19. gr.

Aftan við fyrri málslið 1. málsgr. 43. gr. sömu laga bætist: eftir því sem við verður komið.

20. gr.

a. Fyrir „(Stjskr. 1903 § 11)“ í 1. málsgr. 44. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 48. gr.).
b. Aftan við sömu málsgr. bætist: Þingmaður, sem er á fundi, en greiðir ekki atkvæði án lögmætra ástæðna, telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni.
c. Aftan við 3. málsgr. sömu greinar falli orðin „(53. gr.)“.
d. Síðasti málsliður 4. málsgr. sömu greinar orðist svo:

Forseti sker úr, hvort þau rök skuli gild talin, en þingmaður sá, sem hlut á að máli, getur skotið þeim úrskurði undir atkvæði deildarinnar eða þingsins.

21. gr.

Fjórir síðustu málsliðir 45. gr. sömu laga („Forseti og einn ... á að fara fram“) falli niður.

22. gr.

Síðari málsliður 47. gr. sömu laga falli niður.

23. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1874 § 40)“ í 49. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 52. gr.).

24. gr.

Á eftir 50. gr. sömu laga kemur nýr kafli með 10 nýjum greinum, er verða 51.—60. gr. þeirra, svo látandi, og breytist kafla- og greinatala á eftir samkvæmt því:

IV. Útvarp umræðna.

a. (51. gr.) Útvarpa skal þingsetningu og þinglausnum. **Hverju skylt er að útvarpa.**
Þá skal og útvarpa framsöguræðu fjármálaráðherra um frv. til fjárlaga og, ef óskað er, hálfrar stundar ræðum af hálfu annara þingflokka, enda hefir fjármálaráðherra þá og rétt til stundarfjórðungs svarræðu.

b. (52. gr.). Þegar útvarpað er umræðum um þingmál, skulu þingflokkar hafa rétt til jafnlangs ræðutíma og forsetar gefa þingmönnum færi á að taka til máls þannig, að flokkarnir skiptist á. **Jafnrétti þingflokka.**

c. (53. gr.). Við framhald fyrstu umræðu fjárlaga mega ræður í fyrstu umferð vara eina stund, en síðan hálfa stund þrjár umferðir, og enn aðrar þrjár stundarfjórðung. Skal þá útvarpi umræðna um fjárlög að fullu lokið. Sama regla gildir um útvarp umræðu um vantraust. **Frh. 1. umr. fjárlaga og vantraust.**
Það er umferð, þegar fulltrúar allra þingflokka hafa tekið til máls.

d. (54. gr.). Þegar útvarpað er umræðum um önnur mál en fjárlög, skal hverjum þingflokki heimill hálfrar stundar ræðutími í fyrstu umferð, en úr því stundarfjórðungs. **Ræðutími í öðrum málum.**
Ekki skal útvarpað lengur en þrjár stundir við hverja umræðu, nema samþykki allra þingflokka komi til.

e. (55. gr.). Nú óskar þingflokkur, að umræðu verði útvarpað, og snýr þá formaður flokksins tilmælum sínum til forseta. Skal forseti þegar tilkynna það formönnum annara þingflokka, en þeir leita samþykkis flokks síns svo fljótt sem auðið er. Útvarpa skal umræðu þegar samþykki allra flokka kemur til. **Útvarp með samþykki annara flokka.**

f. (56. gr.). Nú næst ekki samkomulag milli þingflokka um útvarp umræðu, og skal forseti þá tilkynna það þeim, sem kröfuna átti. Ef þingflokkur ítrekar kröfu sína, skal umræðunni útvarpað. Réttur til útvarps án samþykkis annara þingflokka nær þó ekki lengra en til tveggja umræðna umfram þann flokk, sem sjaldnast hefir neytt þessa réttar. **Útvarp án samþykkis annara flokka.**

g. (57. gr.). Dag og stund útvarpsumræðu skal tilkynna í útvarpi og á þingfundi svo fljótt sem unnt er. **Boðun útvarpsumræðu.**

h. (58. gr.). Umræðum skal útvarpa í sömu röð og kröfur um útvarp bárust forseta, enda sé að öðru leyti fullnægt ákvæðum þingskapa. Forseti getur þó vikið frá þessari röð, ef sérstakar ástæður liggja til. **Röð útvarpsumræðna.**

i. (59. gr.). Formenn þingflokka eru réttir aðilar gagnvart forseta og þingmönnum flokksins um allt það, er að útvarpi umræðna lýtur. **Aðild flokksformanna.**

j. (60. gr.). Forseti sker úr ágreiningi, sem verður um skilning á reglum þessum eða framkvæmd þeirra. **Úrskurðarvald forseta.**

25. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1874 § 38)“ í 51. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 50. gr.).

26. gr.

Síðari málsgr. 53. gr. sömu laga falli niður.

27. gr.

a. Orðin „eða umboðsmaður hans“ í 54. gr. sömu laga falli niður.
b. Á eftir orðunum „er um það greiða atkvæði, samþykkja“ í sömu grein komi: Um stjórnarfrumvörp eða frumvörp, sem flutt eru fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, ræður þó einfaldur meiri hluti.
c. Fyrir „þó mega afbrigðin þau ein vera“ í sömu lagagrein komi: Afbrigði mega þau ein vera.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er jafnframt úr gildi numin 9. gr. laga nr. 20 1934.

29. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli 1.—8. gr. laga nr. 20 24. marz 1934 og 1. gr. laga nr. 54 14. nóv. s. á. inn í lög nr. 29 3. nóv. 1915, og gefa þau út svo breytt sem lög um þingsköp Alþingis.

Greinargerð.

Aðalbreytingar þær á þingsköpum Alþingis, sem hér er farið fram á, eru þessar:

1. Í stað hins óheppilega ákvæðis, sem nú gildir, um að þingmaður, sem greiðir ekki atkvæði án lögmætra ástæðna, missi dagkaup sitt, er lagt til, að sá þingmaður skuli talinn taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Með þessu ákvæði er girt fyrir þann glundroða, sem fyrirmæli þingskapanna frá 1915 hafa valdið í þessu efni.
2. Auk gildandi þingskapaákvæða um, að skera megi niður umræður, er hér lagt til, að takmarka megi og fyrirfram umræðutíma máls.
3. Lagt er til, að einfaldur meiri hluti nægi til þess að samþykkja afbrigði um stjórnarfrumvörp eða frumvörp, sem flutt eru fyrir hönd stjórnarinnar. Er þetta gert til þess að auðvelda framgang mikilsvarðandi mála.
4. Lagt er til, að felldar séu inn í þingsköpin reglur um útvarp umræðna.

Fyrir öðrum breytingum, sem flestar eru ýmist sjálfsagðar leiðréttingar eða afnám óþarfra ákvæða, verður gerð nánari grein í framsögu.

Nd. 623. Nefndarálit

um frv. til l. um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Samkomulag náðist ekki í nefndinni um þetta mál. Meiri hl. vill ekki hagga við þeim skatti á útvegsmönnum, er hér ræðir um. Minni hlutinn telur hinsvegar óhjákvæmilegt að taka tillit til hins bágborna fjárhagsástands, sem atvinnureksturinn við sjóinn á við að búa. Nú er það vitað, að þrátt fyrir það, þótt

fiskframleiðsla vor og keppinauta vorra hafi verið mun minni yfirstandandi ár heldur en undanfarið, hefir þetta ekki fengið því áorkað, að verðlag á fiski hækkaði. Þvert á móti virðist útkoman hvað verð á fiskinum snertir ætla að verða mun verri en síðastliðið ár. Þegar þess er gætt, að síðan verðfallið dundi yfir 1930—1931 hefir útgerðin að mestu leyti verið rekin með tapi, og hins, að þrátt fyrir minnkandi framleiðslu í ár og verðhækkun matvara yfirleitt hefir verðlag saltfisksins ekki hækkað, þá er ekki við öðru að búast en því, að kröfur séu gerðar til þingsins um að létta að einhverju þá byrði útgjalda, sem nú hvílir á sjávarafurðum. Af þessum orsökum aðallega er frv. þetta borið fram. Við þær ástæður, er nú hafa greindar verið, bætist svo hitt, að engin önnur þjóð skattleggur sjávarútveg sinn á þennan hátt, og ennfremur það, að Alþingi hefir þegar með lögum frá árinu 1934 létt samskonar gjaldi af landbúnaðarvörum þeim, sem út eru fluttar. Þegar svo er ástatt með afkomu sjávarútvegsins eins og nú er, verður að því ráði að hverfa að létta fyrst og fremst hin beinu gjöld til hins opinbera, sem á atvinnuveginum hvíla. Ríkissjóður má síður við því, að sjávarútvegurinn rýrni til muna, eða stöðvist, heldur en því, þótt hann missi hinar beinu skattaálögur af þessum atvinnuvegi. Því meiri eru tekjur ríkisins, þær er leiðir óbeinlínis af framleiðslunni til sjávarins, tollum og gjöldum af vörum, sem til framleiðslunnar eru notaðar, og af lífsnauðsynjum fólksins, sem atvinnuna stundar — að ógleymdum beinum sköttum þessa fólks — heldur en þær tekjur, sem um ræðir í þessu frv., útflutningsgjaldið sjálft.

Þá vill minni hl. taka það fram, að þótt hann með þessu frv. leggi til að fella að öllu niður umrætt gjald af sjávarafurðum, telur hann sér ekki sérstaklega skylt að gera tillögur um samskonar tekjuauka til handa ríkissjóði annarsstaðar frá. Það er sjávarútvegsnefndarmönnum skyldast að freista þess að létta byrðar sjávarútvegsins, og þá einkum á þann hátt, að það nái til allra þeirra, er þessa atvinnu stunda, en því verður bezt náð með afnámi útflutningsgjaldsins. Aðrar nefndir þingsins, og þá einkum fjárhagsnefndir, hafa það verk fremur með höndum að bera fram tillögur um auknar tekjur (skatta og tolla) ríkissjóði til handa. Eitt slíkt lagafrv. liggur fyrir yfirstandandi þingi. Er þar meðal annars gert ráð fyrir að leggja verðtoll á helztu nauðsynjavörur sjávarútvegsmanna, veiðarfæri, kaðla, fiskumbúðir (kassa) o. fl., þótt áður séu þessar vörur skattaðar með hinum almenna vörutolli.

Á undanförnum árum hefir verið gengið sleitulaust að því af ríkisvaldsins hálfu að þyngja skattabyrði landsmanna. Í því sambandi er vert að benda á það, að á árunum 1927—1934, að þeim árum báðum meðtöldum, hafa verið gefin út ekki færri en 46 lög um skattamál. Þar af fjalla 40 því nær eingöngu um framlengingu og viðauka á áður lögfestum sköttum, eða um nýjar álögur, og þær ekki óverulegar.

Þessi fjöldi lagafyrirmæla hefir verið fram borinn og lögfestur án þess að fjárhagsnefndir eða ríkisstjórnir þær, er að flutningi mála þessara hafa staðið, hafi talið sér skylt að bera fram um leið tillögur um skattalækkanir á öðrum sviðum.

Af þessum og öðrum þegar greindum ástæðum telur minni hl. ekki einasta

rétt, heldur skylt að fara fram á afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum án þess að flutningsmenn jafnframt flytji frv. um nýjan skatt í stað útflutningsgjaldsins handa ríkissjóði. Er og enn ósannað, að ekki megi minnka eitthvað af þeim útgjöldum, sem nú hvíla á ríkissjóði, um upphæð svipaða þeirri, er útflutningsgjaldið nú nemur.

Minni hl. leggur samkvæmt framansögðu til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 25. nóv. 1935.

Jóhann Þ. Jósefsson, frsm. Sigurður Kristjánsson.

Ed. 624. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 596 [Klaksjóður og klakstöðvar].

Frá landbúnaðarnefnd.

Orðin „og eignum“ í 1. brtt. síðari b-lið fellur niður.

Ed. 625. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 25. nóv. 1935.

Páll Hermannsson, form., frsm. Guðrún Lárusdóttir, fundaskrifari. Ingvar Pálmason.

Ed. 626. Frumvarp til laga

um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til eignarnáms í því skyni.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórnin skal stofna sjóð, er nefnist klaksjóður og varið skal til þess að standast rekstur klakstöðva, sem reistar kunna að verða samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta klaksjóðsgjald, er nemi 10 aurum á kg. af laxi, sem veiddur er hérlendis og seldur á innlendum eða erlendum

markaði. Klaksjóðsgjald, ásamt 5000 króna tillagi úr ríkissjóði árlega í næstu fimm ár og tekjur af sölu laxaseiða frá klakstöðvum ríkisins, rennur í klaksjóð.

3. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að reisa a. m. k. tvær klakstöðvar, og skal hvor eða hver stöð geta framleitt allt að 2,5 millj. laxaseiða. Skal allt að 10% af árlegri seiðaframleiðslu stöðvanna látið í ár þær og vötn, sem stofnveiðin er úr. Að jafnaði skulu seiðin látin í vötnin að réttri tiltölu við stofnveiðina úr þeim.

4. gr.

Vegna stofnveiða til klakstöðva þeirra, er ræðir um í 3. gr., skal ríkisstjórninni heimilt:

a. að kaupa eða taka á leigu öll veiðiréttindi í Laxá í Kjósarsýslu, ásamt veiðimannahúsinu Árnesi við Laxá með tilheyrandi landspildu, og öll veiðiréttindi í Bugðu og Meðalfellsvatni í sömu sveit.
b. að taka á leigu veiðiréttindi öll í Laxá úr Mývatni.

Takist ekki hagkvæmir samningar, að dómi ríkisstjórnarinnar, um kaup eða leigu á veiðiréttindum í a- og b-lið, skal ríkisstjórninni heimilt að taka þau eignarnámi, og er það þá á valdi ríkisstjórnarinnar, hvort eignarnámið tekur til kaups eða leigu á veiðiréttindum þeim, er getur í a-lið þessarar greinar. Um framkvæmd eignarnámsins skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 1917.

5. gr.

Heimilt skal að veiða til klakstöðvanna á hvern þann hátt og á hverjum þeim tíma, sem henta þykir.

6. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að verja allt að 16000 kr. til byggingar og útbúnaðar klakstöðva þeirra, sem um er rætt í 3. gr. Rekstrarkostnaður klakstöðvanna greiðist úr klaksjóði. Nægi tekjur klaksjóðs eigi til, greiðist mismunurinn úr ríkissjóði.

7. gr.

Klakstöðvar ríkisins skulu selja fiskiræktar- og veiðifélögum laxaseiði fyrir eigi meira verð en 8 kr. þúsundið flutt í á þá, sem seiðin eru ætluð í. Heimilt er að selja öðrum en fiskiræktar- og veiðifélögum laxaseiði frá klakstöðvum ríkisins. Landbúnaðarmálaráðherra setur reglugerð um starfrækslu klakstöðvanna og um sölu og flutning seiðanna.

8. gr.

Nú verða tekjur klaksjóðs meiri en svo, er þarf til þess að greiða rekstrarkostnað af klakstöðvum þeim, sem rætt er um í 3. gr., og skal þá verja tekjuafganginum til stofnunar nýrra klakstöðva og rekstrar þeirra.

9. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að setja reglugerð um innheimtu á gjaldi því, sem rætt er um í 2. gr. Með brot gegn 2. gr. skal fara eftir almennum ákvæðum tollalaga.

10. gr.

Með brot gegn 2. gr. skal farið eftir almennum ákvæðum tolllaga. Fyrir brot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal annars refsað með sekt, allt að kr. 1000.00, ef þyngri refsing liggur ekki við að öðrum lögum.

11. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 627. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 580 [Vörugjald á Sauðárkróki].

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Við 1. Brtt. orðist svo:
   Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt skal bæjarstjórnum í kaupstöðum utan Reykjavíkur og sýslunefndum í sýslum að leggja vörugjald á innfluttar og útfluttar vörur í kaupstaðnum eða sýslunni, og rennur gjald þetta í bæjar- eða sýslusjóð.
2. Við 3. a. Í stað „bæjar- eða sveitarstjórn“ komi: bæjarstjórn eða sýslunefnd.
3. Við 3. b. Á eftir „oddvita“ komi: sýslunefndar.

Nd. 628. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 627 [Vörugjald á Sauðárkróki].

Frá Hannesi Jónssyni.

1. Við 1. Orðin „og útfluttar“ falli niður.
2. Aftan við brtt. 1. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Þegar gjald þetta er lagt á þar, sem sameiginlegur verzlunarstaður er fyrir kaupstað og sýslufélag eða sýslufélög, skal gjaldinu skipt á milli þessara aðilja eftir mati þriggja manna nefndar. Skal hún skipuð einum manni af hvorum þessara aðilja, en atvinnumálaráðherra skipar oddamann.

Nd. 629. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 628 [Vörugjald á Sauðárkróki].

Frá Hannesi Jónssyni.

Brtt. 2 orðist svo:

Aftan við 1. brtt. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Þegar gjald þetta er lagt á þar, sem sameiginlegur verzlunarstaður er fyrir kaupstað og sýslufélag eða fleiri sýslufélög, skal gjaldinu skipt á milli þessara aðilja eftir mati nefndar. Skal hún skipuð einum manni af hverjum þessara aðilja, en atvinnumálaráðherra skipar oddamann, ef þörf krefur.

Nd. 630. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og mælir með, að það verði samþykkt án breytinga. Einn nefndarmaður, Emil Jónsson, hefir þó óbundið atkvæði um frumvarpið.

Alþingi, 25. nóv. 1935.

Bjarni Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskrifari.
Guðbr. Ísberg. Emil Jónsson.

Ed. 631. Frumvarp til laga

um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

Til þess að greiða með sérstök framlög úr ríkissjóði til atvinnuveganna, verklegra framkvæmda, nýbýlamyndunar og alþýðutrygginga er ríkisstjórninni heimilt að afla tekna á þann hátt, er greinir hér á eftir.

2. gr.

Með því að leggja á tekjuskatt á árinu 1936 eftir þeim skattstiga, sem hér fer á eftir, í stað þess skattstiga, sem greinir í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og þess viðauka, sem heimilaður er í 1. gr. laga nr. 82 26. apríl 1935:

Af	1000–	2000	kr.	skattskyldum	tekjum	greiðast	10	kr. af	1000	kr. og 2% af afg.
—	2000–	3000	—	—	—	—	30	— –	2000	— – 5— – – —
—	3000–	4000	—	—	—	—	80	— –	3000	— – 7,5- – – —
—	4000–	5000	—	—	—	—	155	— –	4000	— – 10— – – —
—	5000–	6000	—	—	—	—	255	— –	5000	— – 15— —
—	6000–	7000	—	—	—	—	405	— –	6000	— – 20— – – —
—	7000–	8000	—	—	—	—	605	— –	7000	— – 30— – – —
—	8000–	9000	—	—	—	—	905	— –	8000	— – 31— – – —
—	9000–	10000	—	—	—	—	1215	— –	9000	— – 31,5- – – —
—	10000–	11000	—	—	—	—	1530	— –	10000	— – 32— – – —
—	11000–	12000	—	—	—	—	1850	— –	11000	— – 33— – – —
—	12000–	13000	—	—	—	—	2180	— –	12000	— – 34— – – —
—	13000–	14000	—	—	—	—	2520	— –	13000	— – 35— – – —
—	14000–	15000	—	—	—	—	2870	— –	14000	— – 36— – – —
—	15000–	16000	—	—	—	—	3230	— –	15000	— – 37— – – —
—	16000–	18000	—	—	—	—	3600	— –	16000	— – 38— – – —
—	18000–	20000	—	—	—	—	4360	— –	18000	— – 39— – – —
—	20000–	22000	—	—	—	—	5140	— –	20000	— – 40— – – —
—	22000–	24000	—	—	—	—	5940	— –	22000	— – 41— – – —
—	24000–	26000	—	—	—	—	6760	— –	24000	— – 42— – – —
—	26000–	28000	—	—	—	—	7600	— –	26000	— – 42— – – —
—	28000	og þar yfir	—	—	—	—	8460	— –	28000	— – 44— – – —

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, er um ræðir í 3. gr. b-lið laga nr. 6 9. janúar 1935, greiðist 10%, ef skattskyldar tekjur þeirra nema 7000 kr. eða þar yfir.

Sá skattauki, sem lagður kann að verða á samkvæmt þessum lögum, skiptist í tvo jafna hluta, og skal öðrum hlutanum varið til þeirra framkvæmda, sem taldar eru í 1. gr., en hinn hlutinn skal renna til bæjar- eða sveitarsjóðs kaupstaðar þess eða hrepps, þar sem skatturinn er á lagður.

3. gr.

Með því að innheimta á árinu 1936 gjald til ríkissjóðs af vörum þeim, sem fluttar eru hingað til lands og ekki eru undanþegnar því í þessum lögum. Gjaldið skal greiða af innkaupsverði varanna, kominna um borð í skip, sem flytja á vörurnar hingað til lands. Skal hlutaðeigandi lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, stimpla á þann hátt, er ræðir um í lögum nr. 75 27. júní 1921, innkaupsreikninga yfir vörurnar með þeim hundraðshlutum í gjald af innkaupsverðinu, sem hér greinir:

1. Með 2% stimplast reikningar yfir allar aðrar vörur en þær, sem tilgreindar eru í 2., 3. og 4. tölulið hér á eftir, eða eru sérstaklega undanþegnar samkv. næstsíðustu málsgr. þessarar greinar.
2. Með 5% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Bifhjól, blákka, borðbúnaður, annar en sá, er fellur undir 4. tölulið þessarar greinar. Burstavörur, búsáhöld allskonar, eldhúsáhöld allskonar, fólksflutningsbifreiðar, fægiefni allskonar, glervarningur, greiður, hreinlætisvörur allskonar, hús-

gögn og húsgagnahlutar, kaffi, lásar, skrár, lamir og tilheyrandi, leirvarningur, oliulampar og tilheyrandi, postulínsvarningur, ræstiduft, sápa allskonar, sápuduft og spænir, skóflur. Smávarningur úr alpakka, alumínium, beikalít, beini, blýi, eir, hvítmálmi, járni, látúni, málmblendingi, steintegundum, tini og tré. Speglar, stívelsi, straubretti, straujárn, sykur, tauklemmur, taurullur, tausnúrur, tauvindur, vogir og tilheyrandi, þvottabretti og þvottaefni allskonar.

3. Með 10% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Fatnaður allskonar, band, garn og tvinni allskonar, kakaó, kryddvörur, sagó, skófatnaður annar en gúmmískófatnaður, smávarningur á og til fata, svo sem tölur, krókapör, smellur, spennur, leggingar, tvinni, snúrur og teygjubönd. Sýróp, te, vefnaðarvörur og vefnaður allskonar. Þó er vefnaður og fatnaður, sem tilgreindur er í viðskiptasamningi við Breta, undanþeginn þessum lið, svo lengi sem sá samningur er í gildi.
4. Með 25% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Ávaxtamauk, ávaxtasulta, ávextir niðursoðnir, ávextir nýir, ávextir þurrkaðir, brjóstsykur, grænmeti niðursoðið, grænmeti nýtt, grænmeti þurrkað, gullvarningur, gull og silfur óunnið, hljóðfæri og músikvörur, konfekt, leðurvörur, platínuvarningur, silfurvarningur, snyrtivörur, súkkulaði, úr og klukkur, vörur úr gull-, silfur- og platínu-pletti.

Undanþegnar gjaldi eru vörur þær, er nú skal greina: Áburðarefni, akkeri og akkerisfestar, baðlyf, blýsökkur, dráttartaugar fyrir plóga og herfi, endursendar íslenzkar afurðir, endursendar tómar umbúðir, fiskábreiður, fiskilínur, fiskinet, fiskmottur, forardælur, frystivélar, fræ og trjáplöntur, girðingarefni, grastó, hafragrjón, hafrar, notaðir heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins og hafa verið minnst eitt ár búsettir erlendis, heyvinnsluvélar, hrifur, hrífutindaefni, hrísgrjón, húðir saltaðar, kjöttunnur og efni í þær, kjötumbúðir, kol, landbúnaðarvélar, ljáir og blöð, lóðarbelgir, lóðataumar, lóðateinar, lóðarönglar, lýsistunnur og efni í þær, manilla, mjaltavélar, mótorvélar, netagarn, netakork, netakúlur, notaðir munir, sem sendir hafa verið til aðgerðar, plógar og herfi, prjónavélar, rúgmjöl, rúgur, sáðvélar, salt, saumavélar, síldarkrydd, síldartunnur og efni í þær, sláttuvélar, smjörpappír, steinolía, umbúðastrigi, venjulegur farangur farþega, varahlutir til mótorvéla, veiðarfæri og efni í þau, vélaolíur í tunnum og brúsum, vörpugarn, vörpuhlerar, vörpujárn og vörpur. Ennfremur eru undanþegnar viðskiptagjaldi vörur þær, sem tilgreindar eru í auglýsingu um viðskiptasamkomulag milli Íslands og sameinaða konungsríkisins Stórabretlands og Norður-Írlands, nr. 106 29. júní 1933, þó ekki lengur en sá samningur er í gildi.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

4. gr.

Lög þessi raska að engu leyti gildandi lögum um verðtoll. Ákvæðin um sýning innkaupsreikninga í 1. gr. laga nr. 5 3. apríl 1928, svo og ákvæðin í gildandi reglugerð um verðtoll og ákvæði 4.—15. gr. laga nr. 54 15. júní 1926 og 4. gr. laga nr. 11 2. júní 1933 skulu gilda, eftir því sem við á, um gjald samkv. 1. gr. þessara laga.

Sérstök skilagrein skal gerð fyrir þessu gjaldi. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um greiðslu gjaldsins af vörum, sem sendar eru til landsins í pósti, og um annað, er snertir framkvæmd laganna, og má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot á henni.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1936.

Greinargerð.

Frumv. þetta er flutt samkvæmt beiðni fjármálaráðherra, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

„Í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár er gert ráð fyrir um 14 millj. kr. greiðslum úr ríkissjóði. Í þeim fjárlögum er meira vandað til áætlunar á útgjaldaupphæðum en áður hefir tíðkazt, og urðu þau því af þeim ástæðum hærri en önnur fjárlög hafa verið. Vitanlegt er, að á meðan jafnmikið er um óbundnar upphæðir, sem ríkissjóði er ætlað að greiða og enn eru í fjárlögum, er ómögulegt að vera viss um, að fjárlögin standist fyllilega í reyndinni, þótt til þeirra sé vandað og miðað við þá reynslu, sem fram er komin, þegar frá þeim er gengið. Misjafnlega nærri má þó komast. Reynsla ársins, sem er að líða, sýnir það, að ýmsir liðir fjárlaganna fara fram úr áætlun. Má þar til nefna aðallega jarðræktarstyrkinn, rekstrarkostnað landhelgisgæzlu, berklavarnakostnaðinn, viðhaldskostnað vega, kostnað vegna samninga við önnur ríki og rekstrarhalla sjúkrahúsa. Tekjur ríkissjóðs árið 1935 eru áætlaðar tæpar 14 millj. króna. Það verður eigi annað séð en að þær muni einnig fara fram úr áætlun. Um hina endanlegu útkomu þessara mála verður þó ekki sagt að svo stöddu.

Í fjárlagafrumvarpi því, sem nú liggur fyrir, er gert ráð fyrir um 14 millj. kr. greiðslum, eða því sem næst sömu upphæð og í fjárlögum yfirstandandi árs. Af því, sem að framan er sagt um horfur í ár, verður ekki hjá því komizt að hækka í frumvarpinu ýmsa liði, sem lögbundnir eru eða óhjákvæmilegir á annan hátt. Nemur þetta verulegum fjárhæðum. Áður var að því vikið, að tekjur ríkissjóðs í ár mundu fara fram úr áætlun, og liggur því beint við að athuga, hvort svo muni ekki aftur verða á næsta ári og þar af leiðandi ónauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir út af þeirri hækkun á frumvarpinu, að framkvæmdum ríkissjóðs og lagafyrirmælum óbreyttum. Til þess að gera grein fyrir þessu þarf fyrst og fremst að gefa gætur verzlun okkar við útlönd og horfum í því efni. Við síðustu áramót gengu í gildi ný lög um gjaldeyrisverzlun og innflutning, sem áttu að tryggja betur en fyrri lög tökin á verzlunarmálunum. Hefir nú verið starfað samkv. þessum nýju lögum í rúml. 10 mánuði og tekizt á þeim tíma að færa innflutninginn niður um nál. hálfa fimmtu milljón frá því á sama tíma í fyrra, þegar innflutningurinn vegna Sogsins er ekki talinn með, og vonandi miðar enn í áttina þá tvo mánuði, sem eftir eru af árinu, enda hefir árangurinn af starfi gjaldeyrisnefndarinnar aðallega komið í ljós síðari hluta ársins. Þrátt fyrir þennan árangur er það þó svo, að lækkunin á innflutningnum hefir ekki náð að rétta greiðslujöfnuðinn við eins og reiknað var með, þegar ákveða

þurfti um úthlutun meginhlutans af innflutningsleyfunum. Er það af ýmsum ástæðum, sem of langt yrði að rekja hér, aðallega þó sökum þess, að síldarafurðir urðu minni enn reiknað var með, og sala fiskjarins virðist ætla að ganga tregar en ástæða var til að ætla þá. Það er því fyrirsjáanlegt, að enn verður að halda áfram að draga úr innflutningnum.

Að öllu þessu vandlega athuguðu þykir ekki fært að reikna með svo nokkru verulegu nemi hærri heildartekjum í ríkissjóð á árinu 1935 en gert er í fjárlagafrumvarpi því, sem fyrir liggur, þótt tekjurnar í ár fari fram úr áætlun. Er þó ráðgert að notfæra álagningarmöguleika á óþarfa varning, sem ríkið verzlar með, svo sem unnt er. Verður því annaðhvort að færa niður útgjöld fjárlaganna til þess að mæta óhjákvæmilegum hækkunum á áætlunarliðum eða afla nýrra tekna til þess að standast þær. Þegar velja á leiðina, verður að gæta þess, að síðan gengið var frá fjárlagafrumvarpinu fyrir 1936, hafa verið samþykkt af Alþingi ýms framlög til hjálpar atvinnuvegunum og opinberra framkvæmda; ennfremur mun ganga fram á þessu þingi ýmiskonar löggjöf, er gengur í sömu átt, og þar að auk tryggingalöggjöf og nýbýlalöggjöf, sem allt hefir óhjákvæmilega í för með sér greiðslur úr ríkissjóði.

Með tilliti til þessara nýju framlaga og takmarkaðra tekjuöflunarmöguleika þykir því ekki fært annað en að færa útgjöld fjárlaganna niður til þess að vega sem næst á móti hækkun á þeim liðum, sem reynslan hefir sýnt að eru of lágt áætlaðir. Verður þar um verulega upphæð að ræða, og er þess að vænta, að þeirri niðurfærslu verði tekið með skilningi af þeim, er hún snertir.

Það þykir hinsvegar ekki fært að færa greiðslur fjárlaganna svo mikið niður, að niðurfærslan mæti einnig þeim nýju framlögum til atvinnuveganna, verklegra framkvæmda, tryggingamála og nýbýlamálsins, sem ákveðin hafa verið síðan gengið var frá fjárlagafrumvarpinu, sem fyrir liggur. Til þess mundi þurfa að ganga um of á þær verklegar framkvæmdir og framlög til atvinnuveganna, sem fyrir eru í frumvarpinu. Frumvarp þetta er því flutt til þess að afla tekna til þeirra framlaga, sem hér greinir og ekki eru í fjárlagafrumvarpinu:

Til alþýðutrygginga um	300 000	kr.
— fóðurtrygginga um	25 000	—
— nýbýlamyndunar um	200 000	—
— kartöfluverðlauna um	30 000	—
— skuldaskilasjóðs útvegsmanna um	160 000	—
— mjólkurbúa um	55 000	—
— greiðslu vaxtahl. af fasteignaveðslánum bænda um	75 000	—
— iðnlánasjóðs um	25 000	—
— greiðslur ofviðristjóns á Norðurlandi um	60 000	—
— frystihúsa um	20 000	—
Samtals um	950 000	kr.

Er það litlu hærri upphæð en ætla má að frumvarpið auki tekjur ríkissjóðs, ef að lögum verður.

Samkvæmt þeirri stefnu um afgreiðslu fjármála, sem mörkuð er hér að framan, er gert ráð fyrir því, að tekjur og greiðslur ríkissjóðs árið 1936 verði

eigi fjarri 15 milljónum. Er það svipuð upphæð og greiðslur ríkissjóðs reyndust 1933, en um 2½ millj. kr. lægri upphæð en þær reyndust 1934. Þegar rætt er um skattabyrði landsmanna og þær greiðslur, sem á ríkissjóð eru lagðar á þessu þingi og að framan eru nefndar, ber þess vel að gæta, að engin af þessum greiðslum er vegna nýrra útgjalda við ríkisreksturinn. Þvert á móti mun beinn kostnaður við rekstur ríkisjóðs verða lækkaður. Hinar nýju greiðslur eru allar til þess að létta undir með atvinnuvegunum, skapa aukna atvinnu og á þann hátt bæta aðstöðu þess hluta þjóðarinnar, sem erfiðasta hefir afkomu. Hér er því ekki um eyðslu að ræða, heldur öllu fremur tilfærslu verðmæta á milli einstaka atvinnugreina og stétta.

Þá er rétt að fara nokkrum orðum um tekjuöflunarleiðir þær, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Í fyrsta lagi er lagt til, að á verði lagður hátekjuskattur, þannig að heimilt sé að innheimta tekjuskatt árið 1936 samkvæmt hærri skattstiga en ákveðinn er í lögum þeim, er nú gilda. Er ráð fyrir gert, að tekjuaukanum samkv. frumvarpinu verði skipt jafnt milli ríkissjóðs og hlutaðeigandi bæjar- og sveitarsjóðs. Er sú skipting gerð til þess að mæta að nokkru þeirri röksemd, að sveitar- og bæjarsjóðir missi tekjustofna við hækkun tekjuskattsins. Er skatti þessum þannig háttað, að hækkunin byrjar fyrst á 6000 kr. skattskyldum tekjum, og mun það láta nærri, að þær tekjur svari til atvinnutekna eða launa einhversstaðar á milli 7000 og 8000 hjá einhleypum, allt eftir því, hve há útsvör eru í byggðarlaginu. Á skattskyldar tekjur, sem nema 8000 og þar yfir, er hækkunin allveruleg. Nemur hækkun tekjuskattsins frá 20% til ca. 70% frá gildandi skattstiga. Ef miðað er við tekjur samkvæmt framtölum manna fyrir árið 1934, en þó gert ráð fyrir, að tekjur manna í ár verði nokkru rýrari, ættu tekjur af hátekjuskattinum að geta numið um 400 þús. kr., og yrði þá hlutur ríkissjóðs um 180 000 kr. á næsta ári.

Í öðru lagi er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að lagt verði gjald á innfluttar vörur til landsins, mismunandi nokkuð eftir tegundum. Þegar ljóst var, að eigi var unnt að afla þeirra tekna, sem með þurfti, með hátekjuskattinum einum saman, m. a. vegna útsvaranna, komu ýmsar tekjuöflunarleiðir til greina. Einkum hefir verið athuguð sú leið, sem farin hefir verið sumstaðar annarsstaðar í þessum málum, álagning umsetningargjalds af öllum vörum. Í stað þess að fara þá leið er að athuguðu máli í þessu frumvarpi lagt til, að hliðstætt gjald sé hér lagt á vöruumsetningu, en innheimt um leið og vörurnar koma til landsins. Með þessu móti er hægt að koma því við að hafa gjaldið misjafnt eftir tegundum varanna, m. a. eftir því, hve nauðsynlegar þær teljast og hve álagningarmiklar í verzlun. Einnig eru með þessari álagningaraðferð undanþegnar allar innlendar vörur, og er það kostur bæði fyrir framleiðendur og neytendur. Innheimta gjaldsins er og öruggari, ef það er tekið við innflutning varanna, heldur en ef það á að innheimtast eftir á samkvæmt uppgjöf verzlana. Samkvæmt þessu frumv. eru yfirleitt undanþegnar gjaldinu vörur notaðar beint við framleiðslu til lands og sjávar og nauðsynlegustu tegundir kornvara. Flokkun varanna í gjaldaflokka getur ætíð verið álitamál. Þykir ekki ástæða til að fara út í það atriði í greinargerðinni nánar en að er vikið hér að framan. Langsamlega mestur hluti þeirra

vara, sem gjaldið kemur á, er í þeim flokkum, sem á eru lagðir tveir af hundraði, en mestur að verðmæti er þó sá vöruflokkur, sem undanþeginn er gjaldinu með öllu.

Eftir því, sem næst verður komizt, er áætlað, að gjald þetta muni á næsta ári nema um 750 þús. króna. Tekjur af frumvarpinu eru því áætlaðar samtals um 950 000 króna, eða jafnhá fjárhæð og greiðslur þær, er taldar voru hér að framan.

Hér að framan er vikið svo mjög að efni einstakra greina frumvarpsins, að ekki verður talin þörf á að minnast þeirra sérstaklega“.

Nd. 632. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 25. nóv. 1935.

Héðinn Valdimarsson, form. Bergur Jónsson, fundaskr., frsm. Stefán Jóh. Stefánsson.

Garðar Þorsteinsson. Thor Thors.

Ed. 633. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

2. töluliður 1. gr. laga nr. 54 15. júní 1926 hljóði svo:

Af akkerisfestum (hlekkjafestum), akkerisvindum, akkerum, baðlyfum, baðmullarfræsolíu (cottonseedoil), barkarlit, bátsuglum (Davider), bifvélum (motorum) heilum og í hlutum, bjarghringum, björgunarbeltum, blásteini, blikki, blýi, blýlóðum, botnrúllum, botnrúllukeðjum, botnvörpuhlerum og efni í þá, brýnum, bókum prentuðum og ljósprentuðum erlendis fyrir íslenzka útgefendur, bandi af íslenzkum bókum, sem eru innbundnar erlendis, eldavélum, feitissýrum (fatty acids) til sápugerðar, fiskifóðurmjöli, færum, garni til fiskumbúða, gipsi, girðingarnetum, girðingarstólpum úr járni, girðingarvír, glaubersalti, gluggagleri, gólfbræðingi (linotol) og gólfdúkum (linoleum), herfum, hitunartækjum, hjólásum, hjólklöfum (blökkum), hjólum, húsapappa allskonar, jarðhnetuolíu (groundnutoil), járnbitum og járnbrautarteinum, járngirði, járnpípum, kerrum, kjötfóðurmjöli, kokolit, kokosfeiti (kokosnutoil), korki, kvíslum, köðlum allskonar, körfum til uppskipunar, lausum umbúðum, lóðabelgjum, lóðavindum,

litum til málningar (þurrum litum) nema menju, jarðlitum, þurrum, til málningar, melasse, melassemjöli, merkispjöldum, mómylsnu, netagarni nema hampgarni, netum, olíufatnaði, olíum í tunnum eða dunkum öðrum en steinolíu eða benzíni, pappír og pappa til bókbands, pappír innbundnum og heftum, áprentuðum eyðublöðum, hverskonar sem er, áprentuðum bréfsefnum og umslögum, bréfsefnum og umslögum í öskjum, plógum, rafmagnsvökum, saum, segldúk, skilvindum og öðrum smjörgerðartækjum og ostagerðar, skipaskrúfum (úr járni), skóflum, sláttuvélum og öðrum heyvinnslutækjum, smíðajárni, spöðum og öðrum jarðyrkjuáhöldum, stáli, steinmulningi (terrazzo), striga, strigaábreiðum (Presenninger), stýriskeðjum, söltuðum húðum, tilbúnum seglum, tini, togvindum (trawlwinch), tómum pokum, tómum tunnum, tréolíu (woodoil), þykkri tréolíu (prepared woodoil), tvistúrgangi, vatnhreyfivélum, veiðarfæralásum allskonar, vírköðlum, vírtrossum, vélaáburði, vögnum, þakjárni, önglum, öngultaumum, 1 króna af hverjum 50 kg.

2. gr.

Á undan næstsíðasta málslið 1. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef vélar, sem eingöngu eru notaðar til innlendrar framleiðslu, eru yfir 1000 kg. að þyngd hver vél, greiðist vörutollur af því, sem er yfir 1000 kg., aðeins með kr. 1.00 af hverjum 50 kg.

3. gr.

Næstsíðasti málsliður 1. gr. sömu laga hljóði svo:

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem sérstaklega er lagður tollur á, prentaðar bækur og blöð, með þeim undantekningum, sem getur í 2. tölulið 1. gr., ósmíðað gull og silfur, skip, bátar, tígulsteinar, eldfastir steinar, óhreinsað járn í klumpum, notaðir heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins og hafa verið minnst eitt ár búsettir erlendis, vanalegur farangur ferðamanna, pappír, sem ekki fellur undir 2. tölulið 1. gr., tilbúin áburðarefni, olíukökur, hey, beitusíld, steinlímspípur, leirpípur, sandur og endursendar fiskumbúðir, ennfremur kornvörur. Auk þess eru undanþegnar allar íslenzkar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, ef þær eru endursendar í sömu umbúðum, sem þær voru sendar í burtu, enda sé gjaldheimtumanni ríkissjóðs, þar sem heimsend vara er sett á land, afhent vottorð frá tollgæzlustöð, þar sem varan er flutt á skip til heimsendingar, um að hún sé íslenzk vara. Notaðir munir, er sendir hafa verið til aðgerðar, endursendar umbúðir um útfluttar iðnaðarvörur eru og undanskildar vörutolli.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 634. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenzkum afurðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa svo fyrir, að leyfi atvinnumálaráðherra þurfi til þess að mega selja eða flytja til útlanda hverskonar lýsi, síldarmjöl, fiskmjöl, beinamjöl, fiskbein, hrogn, gærur og skinn, ull og harðfisk.

Heimild þessa má nota um aðeins eina eða nokkrar af framangreindum vörutegundum eða allar, eftir því sem ástæða þykir til.

Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum, er sett verða samkvæmt lögum þessum eða gegn reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögunum, varða sektum allt að 100000 krónum, og skal fara með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 635. Nefndarálit

um frv. til l. um samþykktir um lokunartíma sölubúða.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta er heildarlöggjöf um samþykktir um lokunartíma sölubúða. Nefndin leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. nóv. 1935.

Héðinn Valdimarsson,	Thor Thors,	Bergur Jónsson,
form.	frsm.	fundaskrifari
Stefán Jóh. Stefánsson.	Garðar Þorsteinsson.	

Nd. 636. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll.

Frá Jóni Sigurðssyni.

Við 1. gr. G-lið. Á eftir orðinu „Kössar“ komi: Vagnhjól, kerrur og heyvagnar.

Nd. 637. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyting á l. nr. 76 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýting markaða o. fl.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Við 4. gr. 4. og 5. málsgr. greinarinnar falli niður.
2. Við 5. gr. Í stað orðsins „fiskimálanefnd“ á þrem stöðum í greininni komi: samband íslenzkra fiskframleiðenda.

Ed. 638. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

Frá Ingvari Pálmasyni.

1. gr. orðist þannig:

Á eftir orðunum „almennri kosningu“ í þriðju málsgr. 1. gr. laganna komi: fiskimatsmanna og annara matsmanna, sem ekki taka laun úr ríkissjóði.

Ed. 639. Nefndarálit

um frv. til l. um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. neðri deild og hefir verið til athugunar í landbúnaðarnefnd efri deildar. Vill nefndin mæla með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 27. nóv. 1935.

Bernh. Stefánsson, form.	Jón Baldvinsson, fundaskr., frsm.	Pétur Magnússon.

Sþ. 640. Tillaga til þingsályktunar

um niðurlagning skipulagsnefndar atvinnumála.

Flm.: Magnús Jónsson, Jakob Möller, Pétur Halldórsson, Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta skipulagsnefnd atvinnumála hætta störfum, og haga því svo, að allar greiðslur úr ríkissjóði vegna nefndarinnar falli niður frá næstu áramótum.

Nd. **641. Frumvarp til laga**

um breytingar á lögum nr. 75 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til þess að öðlast réttindi til að hafa á hendi kennslu við barnaskóla, hvort sem er ríkisskóli eða einkaskóli — þar á meðal smábarnaskóli — er krafizt:

a. að umsækjandi hafi óflekkað mannorð.
b. að hann hafi lokið kennaraprófi við kennaraskóla Íslands, sbr. þó lög nr. 24 23. júní 1932, eða stúdentsprófi ásamt að minnsta kosti eins árs námi við kennaraskóla Íslands í uppeldis- og kennslufræði og kennaraprófi í þeim greinum, og auk þess samskonar námi og prófi í öðrum þeim námsgreinum, sem krafizt kann að verða til kennaraprófs og ekki eru teknar til stúdentsprófs. Meðan kennaraskóli Íslands útskrifar ekki kennara í öllum þeim námsgreinum, sem kenndar eru við barnaskóla, hafa þeir rétt til að verða kennarar í þessum námsgreinum, sem aflað hafa sér nægjanlegrar menntunar til þess, að dómi fræðslumálastjóra, enda hafi þeir stundað að minnsta kosti eins ár nám við kennaraskóla Íslands í uppeldis- og kennslufræði og lokið þar kennaraprófi í þeim greinum.
c. að umsækjandi sýni læknisvottorð um gott heilsufar
d. að hann hafi að minnsta kosti einn um tvítugt.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Nú sækir enginn, sem fullnægir skilyrðum 1. gr. staflið b., um auglýsta kennarastöðu áður en umsóknarfrestur er útrunninn, og skal skólanefnd þá gera ráðstöfun til að útvega kennara, sem fullnægir þessum skilyrðum, en ef það tekst ekki, þá svo hæfan kennara sem kostur er á, til að hafa kennsluna á hendi næsta skólaár, eða þangað til löglega skipaður kennari getur tekið við henni.

Skylt er skólanefndum og skólastjórum einkaskóla að tilkynna fræðslumálastjóra árlega, á þeim tíma, er hann ákveður, hverjir eigi að starfa við skóla þeirra sem kennarar næsta skólaár, sem ekki eru settir eða skipaðir af fræðslumálastjórninni.

Sama skylda hvílir á þeim, er stofna vilja einkaskóla. Jafnframt tilkynningunni ber að leggja fram sannanir fyrir rétti hlutaðeigandi kennara til kennslustarfsins.

3. gr.

Aftan við 15. grein laganna bætist: Ákvæði 1. greinar staflið b. ná ekki til þeirra kennara, er skipaðir hafa verið af kennslumálastjórninni, er lög þessi öðlast gildi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 642. Frumvarp til laga

um viðauka við og breyting á lögum nr. 11 2. júni 1933, um bráðabirgðaverðtoll.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Innkaupsreikninga yfir eftirtaldar vörur, sem fluttar eru hingað til lands og ekki eru af innlendum uppruna (endursendar íslenzkar afurðir) né teljast til farangurs ferðamanna, skal hlutaðeigandi lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, stimpla á þann hátt, sem segir í 1. gr. laga nr. 5 3. apríl 1928, með þeim hundraðshlutum af innkaupsverði þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands, sem hér greinir:

A. Með 100% stimplast reikningar yfir spil (playing cards).

B. Með 50% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Fatnaður úr silki, nema sokkar. Karlmannafatnaður búinn með silki eða skinni.

C. Með 30% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Albúm. Hanzkar úr skinni og silki. Skinntöskur, skinnveski, skinnbelti. Fatnaður úr skinni, öðru en loðskinni, og húfur allskonar, nema enskar húfur. Gólfklútar.

D. Með 15% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Botnvörpuhlerar og tilheyrandi. Bracket. Ístöð. Beizlisstengur og beizlisnél. Túrbínupípur, túrbínur allt að 100 hestafla. Jarðstrengjamúffur fyrir rafkabala. Öryggisdósir. Stauraskór. Kolaausur. Strekkitengur. Þverslár á símastaura. Lausasmiðjur. Decimalvogir. Toppplötur á símastaura. Brunahanar. Brunnkarmar í holræsi og vatnsveitur. Hestrekur, Húsalistar, borðskápar og hillur í hús og annað smíði til húsa. Húsagrindur. Húsahlutar, hálf- eða altilbúnir. Blikkdósir, lóðaðar og smelltar. Gerduft. Strigaskór með gúmmísólum. Pappakassar, -öskjur, -hylki, -bakkar og pappírspokar. Pappír innbundinn og heftur, hverskonar áprentuð eyðublöð, áprentuð bréfsefni og umslög. Bréfsefni og umslög í öskjum. Prentaðir merkimiðar. Bundnar bækur, prentaðar eða ljósprentaðar erlendis fyrir ísl. útgefendur. Band af ísl. bókum, sem eru innbundnar erlendis.

E. Með 10% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Segl. Óbundnar bækur, sem eru prentaðar eða ljósprentaðar erlendis fyrir ísl. útgefendur. Þó er fjármálaráðherra heimilt að undanskilja frá verðtolli fræðirit ljósprentuð erlendis og þær bækur, sem samið hefir verið um ljósprentun á erlendis fyrir árslok 1934.

F. Með 5% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Málning, oliurifin málning. Kitti. Þerriolía. Lakkfernis. Lóðabelgir.

G. Verðtollsfrjáls: Hringjur. Beizliskeðjur. Taumlásar. Strigaborðar og strigagjarðir. Harpix. Penslar til málaraiðnar. Linoleum- og gúmmídúkalím. Flóki. Hnappar. Krókar. Smellur. Spennur. Kóssar. Vagnhjól, kerrur og

heyvagnar. Vélar, sem eingöngu eru notaðar til iðju og iðnaðar, og varahlutar til þeirra.

Þar sem verðtollurinn er hærri eftir þessum lögum, er tollurinn eftir eldri verðtollslögum innifalinn í honum, en þar sem verðtollurinn er lægri, er tollurinn eins og segir í þessum lögum.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðuneytið um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að lækka eða fella niður verðtoll af útlendum vörum samskonar og þeim, sem framleiddar eru innanlands, ef verðlag á innlendu vörunni reynist, við rannsókn, er ráðherra lætur framkvæma á innlendu vörunni, hærra en honum þykir sanngjarnt í samanburði við verð á samskonar vöru innfluttri frá útlöndum, án verðtolls.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 5 1928, um sýning innkaupsreikninga, og ákvæði 2. gr. sömu laga og gildandi reglugerð um verðtoll gilda einnig um gjald og innheimtu samkvæmt 1. gr. þessara laga. Svo gilda og ákvæði laga nr. 83 26. apríl 1935 um verðtoll, sem ákveðinn er í 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um þetta gjald, og má þar ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum laganna eða reglugerðarinnar.

4. gr.

Ef óeðlilega lágt eða grunsamlegt verð er gefið upp á innfluttri verðtollsskyldri vöru, er tollheimtumanni rétt að ákveða sanngjarnt verð á þeirri vöru til verðtollsákvörðunar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og gilda til ársloka 1936.

Ed. 643. Lög

um breyting á lögum nr. 73 29. des. 1934, um breyting á 1. gr. tollalaga.

(Afgreidd frá Ed. 27. nóv.).

Samhljóða þskj. 493.

Ed. 644. Nefndarálit

um frv. til laga um búreikningaskrifstofu ríkisins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. neðri deild. Hefir nefndin athugað það og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 27. nóv. 1935.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon.

Ed. 645. Breytingartillögur

við frv. til l. um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti o. fl

Frá Jónasi Jónssyni og Magnúsi Guðmundssyni.

1. Við 5. gr.
   a. Í stað orðanna „skal láta reisa á hentugum stað“ í fyrstu málsgr. komi: er heimilt að leigja eða láta reisa.
   b. Aftan við greinina bætist: Í byggingar samkvæmt þessari gr. má þó ekki ráðast nema með samþykki bæði ríkisstjórnar og fjárveitinganefndar Alþingis.
2. Við ákvæði til bráðabirgða.
   a. Aftan við 2. málsgr. bætist: Engin verðlaun greiðast þó fyrir aðrar kartöflur en þær, sem framleiðandi selur til neyzlu eða útsæðis.
   b. Fyrir töluna „10“ á tveimur stöðum í 3. málsgr. komi talan 5.

Ed. 646. Breytingartillaga

við frv. til l. um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöð og til eignarnáms í því skyni.

Frá Jónasi Jónssyni, Þorst. Þorsteinssyni, Magnúsi Guðmundssyni.

Við 4. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein á þessa leið:

Heimild þessarar gr. má þó aðeins nota með samþykki fjárveitinganefndar Alþingis.

Ed. 647. Nefndarálit

um frv. til l. um sameining Blönduóskauptúns í eitt hreppsfélag.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin varð ekki á eitt sátt um afgreiðslu þessa máls. Einn nefndarmanna (ÞBr) vill ekki afgreiða málið á þessu þingi og mun því skila sérstöku nefndaráliti. Tveir nefndarmenn (IngP og PHerm) hafa óbundið atkvæði um endanlega afgreiðslu þess í deildinni með tilliti til breytingartillagna, er fram kunna að koma. En MG og SÁÓ leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 28. nóv. 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Páll Hermannsson.
	Magnús Guðmundsson.	

Ed. 648. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 617 [Siglingalög].

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 3. c. Fyrir orðið „greiðslu“ komi: úttektar.

Nd. 649. Nefndarálit

um frv. til laga um landssmiðju.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Minni hlutinn (JakM og ÓTh) vill ekki mæla með frv., en meiri hlutinn (JörB, SigfJ og StJSt) telur eðlilegt og rétt að setja löggjöf um landssmiðjuna og leggur til, að frv. nái fram að ganga með eftirtöldum

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 2. gr. Á eftir orðunum „og ríkisútvarp“ í 1. mgr. komi: enda séu vinnubrögð og verðlag, að dómi ríkisstjórnarinnar, ekki óhagstæðari en annarsstaðar innanlands.
2. Við 6. gr. Greinin falli niður.
3. Við 7. gr. Greinin falli niður.
4. Við 8. gr., er verði 6. gr. Orðin „greiddur hefir verið ágóðahluti samkv. 6. gr.“ falli niður.

Alþingi, 28. nóv. 1935.

Sigfús Jónsson, form.	Stefán Jóh. Stefánsson, frsm.	Jörundur Brynjólfsson.

Nd. 650. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er öll sammála um að mæla með frv. En út af öðrum breytingum á tekju- og eignarskattslögunum nr. 6 frá 1935, sem nefndinni hafa borizt frá ríkisskattanefnd, vill minni hluti nefndarinnar (JakM og ÓTh) hafa óbundnar hendur. En meiri hl. nefndarinnar (JörB, SigfJ og StJSt) mælir með því, að breytingarnar frá ríkisskattanefnd verði einnig samþykktar, og leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Á undan 1. gr. frumv. koma tvær nýjar greinar, sem verða 1. og 2. gr., svo hljóðandi:
   a. (1. gr.). Síðari málsgr. d-liðs 7. gr. laganna skal orða svo:
      Til arðs af verðbréfum (t. d. skuldabréfum og víxlum) teljast afföll af slíkum bréfum, og skulu afföllin talin til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir árafjölda afborgunartímans, ef afborgunartíminn er skemmri en 5 ár, en ef afborgunartíminn er 5 ár eða lengri, skulu afföllin talin til tekna með jöfnum fjárhæðum í 5 ár.
   b. (2. gr.). Í stað „og hún hefir verið í eign hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár“ í e-lið 7. gr. laganna komi: eða hún hefir verið í eign hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár.
2. 1. gr. frv. verði 3. gr. og 2. gr. verði 4. gr.

Alþingi, 28. nóv. 1935.

Sigfús Jónsson, form. Stefán Jóh. Stefánsson, frsm. Jakob Möller, fundaskr.
Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson.

Ed. 651. Frumvarp til laga

um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Sjóveðréttur samkvæmt 11. kap. siglingalaganna, nr. 56 30. nóv. 1914, fyrir kröfum skipstjóra og skipshafnar til kaups og annarar þóknunar, sem þeir eiga lögmætt tilkall til fyrir starf sitt í þjónustu skipsins, skal einnig ná til vátryggingarfjár skips og farmgjalds, meðan það er ekki af höndum greitt. Bætur skipverja samkvæmt 3. mgr. 41. gr. sjómannalaganna, nr. 41 19. maí 1930, skulu hafa lögveðsrétt í vátryggingarfé skips og farmgjalds og ganga á undan samningsbundnum veðum. Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi, og er vátryggingarsala þá óheimilt að láta vátryggingarféð af höndum fyrr en 2 mánuðir eru liðnir frá því að fyrsta sjópróf var haldið út af slysinu, eða frá því, að skip var dæmt óbætandi með löglegri skoðunargerð samkvæmt 4. gr. siglingalaganna.

2. gr.

Sjóveðsréttar njóta ekki kröfur, sem skipstjóri stofnar við menn eða stofnanir hér á landi í sambandi við útgerð skipa, sem heimilisföst eru hér á landi og eingöngu eða aðallega eru notuð til fiskveiða hér við land, vegna úttektar á veiðarfærum, hverskonar sem eru, beitu, ís, salti, tunnum, kolum, ben-

zíni, hverskonar olíum og öðrum vélanauðsynjum. Kröfur þessar ábyrgist útgerðarmaður með öllum eignum sínum.

3. gr.

Nú hefir skipstjóri greitt eða tekið á sig ábyrgð á greiðslu úttektar samkvæmt 2. gr., og á hann þá ekki sjóveðsrétt fyrir endurgreiðslukröfu sinni á útgerð skipsins.

4. gr.

Ákvæði 2. og 3. greinar gilda ekki um kröfur, sem stofnaðar eru eingöngu vegna úttektar nauðsynja til heimferðar skips.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 652. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. nóv. 1935.

Héðinn Valdimarsson, form. Garðar Þorsteinsson, frsm. Bergur Jónsson, fundaskrifari.
Stefán Jóh. Stefánsson. Thor Thors.

Nd. 653. Lög

um breyting á lögum nr. 76 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 28. nóv.).

Samhljóða þskj. 560.

Nd. 654. Frumvarp til laga

um viðauka við og breyting á lögum nr. 68 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.

Flutningsmenn: Eiríkur Einarsson, Magnús Torfason.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal fela Búnaðarfélagi Íslands að mæla og gera áætlanir um aukningu skurða og ræsa á Flóaáveitusvæðinu, er nægi til þeirrar fráræslu á áveitulöndunum, að engjar geti notazt í votviðratíð um sláttinn.

2. gr.

Mælingar og áætlanir samkv. 1. gr. skulu gerðar á árinu 1936, en umbótaverkið lætur ríkisstjórnin síðan framkvæma, og sé því lokið á árinu 1938.

3. gr.

Kostnaður við þessar framkvæmdir greiðist úr ríkissjóði, án annarar endurgreiðslu af hálfu jarðeigenda en þeirrar, sem nú er lögmælt, um greiðslu á skuld þeirri, sem stofnað hefir verið til vegna áveitu á Flóann, sbr. l. nr. 56 19. júní 1933.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Notagildi þeirra umbóta, er jarðir í Flóanum hafa fengið með áveitunni, eru í sífelldri áhættu á meðan ekki er betur séð fyrir framræslu á áveitulöndunum en raun er á enn sem komið er. Í langvinnri rigningatíð um sláttinn getur vel farið svo, að víðlendar engjar, til og frá um svæðið, tapist alveg í vatn og afleiðingin orðið sú, að sá, er býr á góðri heyskaparjörð, standi ráðþrota og verklaus uppi um há-heyjannatímann, og eigi það allt undir tíðarfarinu, hvort engjarnar notast meir það sumarið. Síðastliðið sumar stóð nærri, að svona færi. Öllum kunnugum er ljóst, að til endurbóta á þessu þarf að auka fráræslu á svæðinu, fjölga skurðum til muna og jafnvel dýpka einhverja þeirra, sem þegar eru gerðir. — Skal hér eigi eytt orðum að, hve þetta er aðkallandi verk. Þeim, sem hér eiga hlut að máli, er það nóg, að stríða við heyið til þurrkunar í andstæðri tíð, þótt hitt bætist ekki við, að missa af slægjulandinu.

Það er og til hvatningar við flutning þessa frumvarps, að nú eru byrjaðar framkvæmdir til þurrkunar á landi ríkisins á Flóaáveitusvæðinu, og þótt þar verði ef til vill meira gert en að sjá um frárás rigningarvatns, þá er þó lágmarksþörfin hin sama fyrir alla, er að áveitujörðunum búa, að landið verði tryggt til árlegrar notkunar, þótt misjafnlega viðri. — Ríkið á þar mikilla hagsmuna að gæta, að land það, sem það er eigandi að, geti notazt sem bezt, en það er engu síður hagsmunamál þess, að bændur áveitusvæðisins fái þær umbætur á jörðum sínum, er skiptir þá svo miklu og eru í beinu sambandi við framkvæmd áveitunnar, ef hennar eiga að verða not, en þeir hafa sjálfir hvorki aðstöðu né getu til að framkvæma. — Það fer því bezt á því, að umbætur ríkisins á eigin eignum þess og nauðsyn áveitusvæðisbænda verði að þessu leyti samferða.

Flóaáveitulögin gera ráð fyrir, að með stofnkostnaði áveitunnar teljist aukningar og umbætur, sem nauðsynlegt þykir að gera á áveitunni, eftir að hún er tekin til notkunar, en eru stærri en svo, að fært þyki að reikna þær til viðhalds áveitunni, sbr. 2. gr. Flóaáveitulaga frá 1917. Löggjafinn hefir með þessu ákvæði sýnt framsýni, þar sem vita mátti, að reynsla síðari tíma mundi leiða misfellur í ljós, er eigi urðu séðar fyrr en eftir á. Með hinni aðkallandi

framræslu er vissulega um þesshättar aukningu og umbætur að ræða, sem lögin gera ráð fyrir.

Frumvarp þetta mundi eigi vera flutt, ef ætla mætti, að það þyrfti að hafa fjárframlög af ríkisins hálfu í för með sér; hagur ríkissjóðs leyfir það ekki. En ríkinu á að vera auðvelt að koma umbótunum í framkvæmd án sérstaks kostnaðar, er nokkru nemur, þar eð stofnun þess, Búnaðarfélag Íslands, er ætlað að annast mælingar og undirbúning, en allar líkur til, að inna mætti verkið af höndum að mestu leyti með atvinnubótavinnu.

Nd. 655. Frumvarp til laga

um áburðarverksmiðju ríkisins.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Bergur Jónsson, Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna og starfrækja verksmiðju til þess að framleiða tilbúinn áburð, í Reykjavík eða annarsstaðar á Suðurlandi, þar sem hentast þykir.

2. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum fyrstu greinar, er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 1½ milljón króna, sem greiðist af tekjum stofnunarinnar á næstu 15 til 25 árum.

3. gr.

Rekstri stofnunarinnar skal hagað eftir reglugerð, er ríkisstjórnin setur, þegar verksmiðjan hefir verið reist.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Fyrir kostnað við áætlanir og undirbúning um stofnun verksmiðjunnar heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði allt að fimmtán þúsund krónum, en það fé skal síðar endurgreiðast í ríkissjóð af stofnkostnaði verksmiðjunnar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni landbúnaðarráðherra, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

„Ríkisstjórnin hefir á þessu og síðasta ári látið framkvæma ýmsar rannsóknir viðvíkjandi möguleikum á því að setja á stofn hér á landi verksmiðju til þess að framleiða tilbúinn áburð (köfnunarefnisáburð). Áætlun, sem ríkis-

stjórnin lét erlendan verkfræðing gera á síðastliðnu sumri, virðist sýna ótvírætt, að unnt sé að framleiða hér á landi á fjárhagslega tryggum grundvelli það magn af köfnunarefnisáburði, er vér höfum notað að meðaltali síðastliðin 2—3 ár, fyrir jafnvel lægra verð en vér verðum nú að greiða fyrir þennan áburð til útlanda. Sé framleiðslan aukin um 40—50%, sýnir áætlunin, að verðið getur orðið allmiklu lægra en vér greiðum nú. Áætlunin gerir ráð fyrir að framleiða köfnunarefnisáburðinn með nýjustu aðferðum (Electrolyse) og nota íslenzkan kalksand sem bindiefni. Með því að gert er ráð fyrir því, að nálega helmingur framleiðslukostnaðarins, þar með talið vextir og afborgun stofnláns, verði eftir í landinu, sem vinnulaun, raforka o. s. frv., má vænta þess, að nokkur árlegur gjaldeyrissparnaður yrði að því að starfrækja slíka áburðarverksmiðju. Þegar lánsfé hefir verið tryggt, mundi þurfa 14—16 mánaða tíma til að reisa verksmiðjuna, og ætti því, ef nægilegur undirbúningur yrði hafinn á öndverðu næsta ári, að vera unnt að byrja að starfrækja verksmiðjuna á miðju sumri árið 1937, en þá er ráðgert, að raforkustöðin við Ljósafoss verði fullgerð. Ef þetta mætti takast, ætti að vera unnt að framleiða í tæka tíð allan þann tilbúinn áburð, sem nota þarf á árinu 1938. Áætlun um verð á raforku er gerð í samráði við Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir því, að verksmiðjan greiði 130—140 þúsund krónur árlega í vinnulaun, auk þeirra vinnulauna, sem verða greidd við byggingu hennar".

Nd. 656. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir orðunum „almennri kosningu" í þriðju málsgr. 1. gr. laganna komi: fiskimatsmanna og annara matsmanna, sem ekki taka laun úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 657. Nefndarálit

um frv. til laga um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum ríkisstjórnarinnar og samið af skipulagsnefnd atvinnumála. Nefndin hefir haft það til meðferðar á nokkrum fundum.

Undir meðferð málsins í nefndinni var leitað upplýsinga um núverandi fyrirkomulag hjá innlendum ferðaskrifstofum og hjá ýmsum öðrum, er telj-

ast kunnugir þeim málum. Leiddu þær upplýsingar ýmislegt í ljós, er styrkir meiri hluta nefndarinnar í þeirri trú, að margt mætti betur fara í móttöku erlendra ferðamanna en nú er.

Hinsvegar er nefndin í heild þeirrar skoðunar, að aukning ferðamanna til landsins sé þýðingarmikið mál, sem vert sé að gera allverulega mikið fyrir. En um framkvæmd þess er nefndin ósammála. Meiri hlutinn er þeirrar skoðunar, að málið sé það umfangsmikið, að þeim, sem nú hafa þessi mál með höndum hér á landi, sé um megn að koma því skipulagi á og afla þess fjár, sem til þarf, svo fullt gagn verði að. Aftur á móti sé ríkinu kleift með aðstoð löggjafar að mynda skipulag og halda uppi starfrækslu, er smátt og smátt myndi sýna yfirburði sína fram yfir tilraunir dreifðra krafta einstaklinganna í þessum málum. Meiri hluti nefndarinnar telur því frv. það, sem fyrir liggur, miða í rétta átt. En minni hlutinn mun sérstaklega vera á móti því af þeim sökum, að hér sé um ríkisrekstur að ræða. Að öðru leyti vísast til hinnar ýtarlegu greinargerðar, er frv. fylgir. Meiri hlutinn hefir orðið ásáttur um að gera 3 minni háttar brtt. við frv. Þótti betur fara að sameina 2 fyrstu gr. frv. í eina, og kveða nokkru skýrar á um ákvæði 6. gr.

Meiri hlutinn leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. 1 gr. orðist svo:
   Ríkisstjórnin setur á stofn skrifstofu í Reykjavík, er nefnist Ferðaskrifstofa ríkisins, og skal hún starfa að því að veita fræðslu um landið innanlands og utan með fræðsluritum, útvarpserindum, fyrirlestrum, kvikmyndum, auglýsingum og á annan hátt, með það fyrir augum að vekja athygli ferðamanna á landinu og kynna það á þann hátt, að menn fái sem gleggsta hugmynd um lands- og þjóðarháttu, menningu, atvinnulíf og framleiðslu. Ferðaskrifstofa ríkisins hefir með höndum leiðbeiningar og fyrirgreiðslu innlendra og erlendra ferðamanna, og hefir hún ein rétt til þess að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn
2. 2. gr. falli niður. Greinatala frv. breytist samkvæmt því.
3. Við 6. gr. Niðurlag greinarinnar, frá orðunum „er þess æskja, enda“, orðist svo: sé jafnan nægilegur fyrirvari gefinn samkvæmt reglugerð, er ríkisstjórnin setur um, hvernig þessu ákvæði megi framfylgja.

Alþingi, 29. nóv. 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.	Páll Hermannsson.

Nd. **658. Lög**

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

(Afgreidd frá Nd. 29. nóv.).

Samhljóða þskj. 621.

Nd. 659. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 315 [Hafnarlög Siglufjarðar].

Frá Páli Zóphóníassyni.

Brtt. orðist svo:

Við 10. gr. 4. málsl. síðari málsgr. Á eftir orðunum „almennum neyzluvörum“ komi: og útflutningsvörum.

Sþ. 660. Tillaga til þingsályktunar

um innlenda sementsgerð.

Flutningsmenn: Bergur Jónsson og Bjarni Ásgeirsson

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 10 þús. kr. úr ríkissjóði til rannsókna á möguleikum um framleiðslu sements hér á landi og undirbúnings um stofnun sementsverksmiðju.

Greinargerð.

Þingsályktunartill. þessi er flutt eftir beiðni forsætisráðherra, og fylgdu henni svo hljóðandi athugasemdir:

„Ríkisstjórnin hefir á þessu og síðasta ári látið framkvæma ýmsar rannsóknir á möguleikum um sementsgerð á Íslandi. Hafa þær rannsóknir leitt í ljós, að unnt er að framleiða fyrsta flokks sement úr íslenzkum efnum, og liggja frammi sýnishorn af því á Alþingi. Rannsóknir þessar hafa verið framkvæmdar af íslenzkum jarð- og efnafræðingum og dönskum verkfræðingum og verksmiðjum. Rannsóknirnar hafa leitt í ljós, að íslenzkur kalksandur af Vestfjörðum er fyrsta flokks hráefni til sementsgerðar, og má nota hann sem aðalefni (að ca 5/6 hlutum) í sement. Sementssýnishorn þau, sem hér liggja frammi, eru gerð úr kalksandi frá Sauðlauksdal í Patreksfirði, leir úr bökkunum við Elliðaár og kísilsýru af Reykjanesi. Sökum þess að sá íslenzkur leir, sem rannsakaður hefir verið, inniheldur of litla kísilsýru til þess að hægt sé að nota hann einan ásamt kalksandinum til þess að framleiða fyrsta flokks sement, þarf kísilsýru til blöndunar. Vegna fjarlægðarinnar á milli þeirra staða, þar sem þau efni hafa fundizt, er hið íslenzka sement hefir verið brennt úr, er eigi unnt að segja ennþá, hvort sement verði framleitt hér á landi við nægilega lágu verði, enda nokkuð óvíst ennþá, hvort nægilegt magn af kísilsýru er fyrir hendi á Reykjanesi. Ýmissa rannsókna er þörf í þessu efni, sem virðist nauðsyn á að halda áfram með þeim mesta hraða sem unnt er. Verkfræðingafirmu þau í Danmörku, er rannsóknirnar framkvæma þar, gera þær án endurgjalds.“

Nd. **661. Nefndarálit**

um frv. til l. um loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin er klofin í málinu. Tveir nefndarmenn (JJós og SK) vilja gera verulegar breytingar á frumv. Gísli Guðmundsson tók ekki afstöðu til málsins. Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frumv. verði afgr. óbreytt.

Alþingi, 30. nóv. 1935.

Finnur Jónsson, form. Páll Þorbjörnsson, frsm.

Ed. **662. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenzkum afurðum.

(Afgreidd frá Ed. 30. nóv.).

Samhljóða þskj. 634.

Ed. **663. Lög**

um breyting á lögum nr. 50 31. mai 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Afgreidd frá Ed. 30. nóv.).

Samhljóða þskj. 519.

Nd. **664. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Síðari málsgr. d-liðs 7. gr. laganna skal orða svo:

Til arðs af verðbréfum (t. d. skuldabréfum og víxlum) teljast afföll af slíkum bréfum, og skulu afföllin talin til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir árafjölda afborgunartímans, ef afborgunartíminn er skemmri en 5 ár, en ef afborgunartíminn er 5 ár eða lengri, skulu afföllin talin til tekna með jöfnum fjárhæðum í 5 ár.

2. gr.

Í stað „og hún hefir verið í eign hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár“ í e-lið 7. gr. laganna komi: eða hún hefir verið í eign hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár.

3. gr.

Fyrri málsl. 2. málsgr. 32. gr. laganna hljóði þannig:

Skýrslur þessar skulu komnar í skattstofuna í Reykjavík og til skattanefnda eða skattstjóra í kaupstöðum fyrir lok janúarmánaðar, en í hendur skattanefnda eða skattstjóra annarsstaðar á landinu fyrir lok febrúarmánaðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 665. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 296 [Hafnarlög Siglufjarðar].

Frá Garðari Þorsteinssyni.

Meginmál till. orðist þannig:

Bæjarstjórn Siglufjarðar skal heimilt að ákveða hækkun á núverandi vörugjaldi um allt að 100% af síldarmjöli, síldarolíu og fiskimjöli, og um 50% af öðrum vörum. Þó er bæjarstjórn heimilt að undanskilja sérstakar vörur frá hækkuninni. Gengur hækkun þessi til nauðsynlegra útgjalda bæjarsjóðs. Verði samþykkt lög um nýja tekjustofna kaupstaða og sveita, skal þessi heimild falla niður við gildistöku þeirra laga.

Nd. 666. Nefndarálit

um frv. til laga um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Þó frv. þetta hafi verið rætt og athugað í nefndinni, hefir meiri hluti nefndarinnar (BJ, GÞ og TT) ekki viljað taka afstöðu til þess. En minni hlutinn (HV og StJSt) álítur nauðsynlegt, að frv. nái fram að ganga, og leggur því til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Aftan við 11. gr. bætist ný gr., er verði 12. gr.:

Nú hlítir ekki sá, er styrks nýtur samkvæmt lögum þessum, fyrirmælum læknis um viðurkenndar ráðstafanir eða aðgerðir, hvort heldur er honum til

lækninga eða til að firra aðra sjúkdómshættu, eða hann hlítir ekki viðurkenndum reglum í sjúkrahúsi, hæli, skóla eða annarsstaðar þar, sem hann er styrktur til vistar, og er þá ráðherra heimilt, að fengnum tillögum landlæknis, að svipta hann rétti til styrkveitinga samkv. þessum lögum.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Alþingi, 30. nóv. 1935.

Héðinn Valdimarsson, form. Stefán Jóh. Stefánsson, frsm.

Nd. 667. Nefndarálit

um frv. til laga um alþýðutryggingar.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir athugað frumvarpið á mörgum fundum og rætt við nefnd þá, er samdi frumvarpið, lækni slysatryggingarinnar og fulltrúa frá Bandalagi kvenna. Nefndin hefir klofnað um afgreiðslu málsins, og mun minni hl. (GÞ og TT) skila sérstöku áliti.

Meiri hlutinn (BJ, HV, StJSt) leggur til, að frumvarpið og einstakir kaflar þess verði samþykktir, þó með nokkrum breytingum, sem samkomulag hefir orðið um milli stjórnarflokkanna. Tveir nefndarmanna (HV og StJSt) vilja þó taka fram, að þeir og Alþýðuflokkurinn yfirleitt álítur, að frumvarpið gangi of skammt í ýmsum atriðum, en vilja eftir atvikum og til þess að málið nái nú fram að ganga, fallast á, að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir með breytingum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að á frumvarpinu verði samþykktar eftirfarandi

BREYTINGAR.

Við I. kafla.

1. Við 6. gr. 2. málsl. Á eftir orðinu „tryggingarstofnunarinnar“ komi: og tryggingarfræðing, ef forstjóri eða deildarstjórar eru það ekki.
2. Við 7. gr. Fyrsta málsgr. orðist svo:
   Ráðherra skipar þriggja manna tryggingarráð. Skal einn vera tryggingarfræðingur eða hagfræðingur og annar lögfræðingur. Ráðherra ákveður þóknun tryggingarráðs.

Við II. kafla.

3. Við 8. gr. 4. málsgr. Í stað orðanna í 2. málsl. „utanhússmálning og innanhússmálning stórra bygginga“ komi: utan- og innanhússmálning.
4. Við 10. gr. 1. lið. Á eftir orðunum „svo og dagpeninga“ komi: frá þeim tíma, er síðar segir.

5. Við 11. gr.
   a. Við 1. tölul. Í stað „1500“ komi: 3000.
   b. Við 3. tölul. Í stað „175“ komi: 200.
   c. Næstsíðasta málsgr. („Heimilt er .... stendur á“) falli niður.
6. Við 17. gr. 1. málsgr. (aftast). Í stað orðanna „áður en, eða .... var hafinn“ komi: fyrirfram.
7. Aftan við 18. gr. komi ný grein, er verður 19. gr., svo hljóðandi:
   Eigi hinn tryggði rétt til sjúkrabóta á hendur sjúkrasamlagi eða manni eða stofnun, skal hann, ef hann krefst slysabóta, framselja Slysatryggingu ríkisins rétt sinn til bótanna. Nú greiðast hærri bætur en framlögðum slysabótum nemur, og fær hinn tryggði þá það, sem fram yfir er.
   Greinatalan breytist samkv. þessu.

Við III. kafla.

8. Við 23. gr. Aftan við greinina bætist: Þó skal leyfður frádráttur frá þeim tekjum á kostnaði við aðstoð á heimili, sem leiðir beinlínis af vinnu húsmóður utan heimilis.
9. Við 25. gr. Í stað orðsins „starfar“ komi: skal starfa.
10. Við 29. gr. tölul. 4. b. (síðustu málsgr. í b.). Í stað orðanna „hvorki persónudagpeningar né“ komi: ekki.
11. Við 33. gr. Aftan við greinina bætist: þó ekki yfir 9 kr. fyrir hvern tryggðan mann.
    Sjúkrasamlög, sem stofnuð verða í hreppum samkv. 26. gr., skulu tilkynna ráðherra stofnunina fyrir 1. apríl, og öðlast þau þá rétt til framlags úr ríkissjóði og sveitarsjóði samkv. lögum þessum frá næstu áramótum á eftir. Þetta ákvæði gildir þó ekki um þau sjúkrasamlög, sem stofnuð kunna að verða á árinu 1936.
12. Við 38. gr. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:
    Heimilt skal útgerðarmanni að semja við sjúkrasamlag um, að það taki að sér, gegn aukagjaldi, þá áhættu, sem útgerðarmaður ber samkv. 27. og 28. gr. l. nr. 41 19. júlí 1930.
13. Við 39. gr. Aftan við fyrri málsgr. bætist: samningum eða venjum í þeirri starfsgrein.
14. Við 43. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist: Tillagið til jöfnunarsjóðs skal aðeins lagt á í þeim bæjarfélögum eða hreppum, þar sem sjúkrasamlag er stofnað. Nú er stofnað sjúkrasamlag eftir að jöfnunarsjóður sjúkrasamlaga er stofnaður, og skal þá leggja samsvarandi gjald á vinnulaunagreiðslur í hreppnum, sem svarar til þess, að sjúkrasamlag hefði verið þar frá upphafi, þó með tilliti til greiðslna, er farið hafa fram úr jöfnunarsjóði sjúkrasamlaga áður, eftir því sem ákveðið verður í reglugerð, þó aldrei yfir 1½% gjald í upphafi.

Við IV. kafla.

15. Við 56. gr. Greinin orðist þannig:
    Áður en lífeyrisgreiðslur hefjast samkv. 87. gr. síðari málsl., skal á-

kveða með lögum upphæð árlegs elli- og örorkulífeyris einstaklinga og hjóna, í Reykjavík, kaupstöðum, kauptúnum með yfir 300 íbúum og annarsstaðar. Skal tryggingarstofnunin halda sérstakan reikning yfir tekjur lífeyrissjóðs, persónugjöld og tekjuskattstillög úr hverju bæjarfélagi, kauptúni með yfir 300 íbúum og annarsstaðar.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar tryggingarstofnunarinnar, nánari reglur um bókhald á tekjum lífeyrissjóðs og um, hvernig skýrslur verði teknar um dvalarstaði manna, er þeir hafa greitt iðgjöld sín.

16. Við 58. gr. 1. málsgr. Við málsgreinina bætist: og ábyrgist greiðslu þess til lífeyrissjóðs.

Við V. kafla.

17. Við 63. gr. 2. tölul.
   a. Á eftir orðinu „kaupstaðanna“ komi: eða kauptúnanna.
   b. Á eftir orðunum „kaupstaðnum eða nágrenni hans“ komi: kaupstaðnum, kauptúninu eða nágrenni.
   c. Í stað orðanna „hverjum kaupstað“ komi: hverjum kaupstað eða kauptúni.

18. Við 69. gr.
   a. Á eftir orðinu „vinnumiðlun“ í 5. tölul. greinarinnar komi: eða á annan hátt, svo sannað sé o. s. frv.
   b. Aftan við 5. málsl. komi: hundraðsgjald og hluti af afla eða annari framleiðslu telst kaupgjald.
   c. Á eftir 5. tölul. komi nýr töluliður:
      6. Til þeirra, er ekki hafa fyrir öðrum að sjá, ef þeim býðst vinna í sveit eða annarsstaðar, gegn greiðslu, er nægi þeim til fulls lífsframfæris þann tíma eða hluta af þeim tíma, er gera má ráð fyrir, að hann verði atvinnulaus.

19. Við 70. gr.
   a. Á eftir orðinu „bæjarsjóður“ í fyrsta málsl. komi: eða sveitarsjóður.
   b. Aftan við 1. málsgr. bætist: þó ekki yfir 6 krónur á ári fyrir hvern tryggðan mann úr ríkissjóði og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði, hvorum fyrir sig, og ekki yfir 75000 kr. á ári úr ríkissjóði, nema heimild komi til í fjárlögum.
   c. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
      Atvinnuleysissjóðir, sem stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, skulu tilkynna ráðherra stofnunina fyrir 1. apríl, og öðlast þeir þá rétt til framlags úr ríkissjóði, bæjar- eða sveitarsjóði, samkvæmt lögum þessum, frá næstu áramótum á eftir. Þetta ákvæði gildir þó ekki um þá atvinnuleysissjóði, sem stofnaðir kunna að verða á árinu 1936.

Við VI. kafla.

20. Við 76. gr. Í stað orðanna „síðustu gr.“ komi: 75. gr.

Við VII. kafla.

21. Við 83. gr. Á eftir tölul. 5 komi ný málsgr.:
Nú gefur félagsmaður í atvinnuleysissjóði ávísun fyrir iðgjöldum sínum, til handa sjóðnum, á ógreidd vinnulaun hjá atvinnurekanda, og skal atvinnurekanda þá skylt að greiða ávísunina, enda hafi honum verið sannanlega tilkynnt um ávísunina áður en kaupgjaldsgreiðslan fer fram. Sama gildir um ávísun fyrir iðgjöldum til sjúkrasamlaga og Lífeyrissjóðs Íslands.
22. Við 84. gr. Á eftir orðunum „bóta- eða lífeyriskröfur“ komi: eða kröfur til atvinnuleysisstyrkja.
23. Við 88. gr. Í stað orðanna „1. janúar 1936“ komi: 1. apríl 1936.

Alþingi, 30. nóv. 1935.

Héðinn Valdimarsson, form., frsm.	Bergur Jónsson, fundaskr.	Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 668. Frumvarp til laga

um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka í sínar hendur innflutning á kartöflum og öðrum garðávöxtum frá 1. maí 1936, og er þá öllum öðrum óheimilt að flytja nefndar vörutegundir til landsins.

Lög þessi ná þó ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs kartöflur, ef birgðirnar eru, að áliti tollstjóra, eigi meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum.

2. gr.

Stofnun, sem nefnist Grænmetisverzlun ríkisins, skal annast innflutning og verzlun kartaflna og annara garðávaxta.

Ríkissjóður leggur fram nauðsynlegt stofnfé til verzlunarinnar, og er ríkisstjórninni heimilt að taka lán í því skyni.

3. gr.

Grænmetisverzlun ríkisins er skylt að kaupa fyrir gildandi innkaupsverð samkvæmt 10. gr. allar þær kartöflur, sem framleiddar eru innanlands og fram eru boðnar á þeim stöðum, er hún ákveður, eftir því sem geymslurúm og markaðsþörf leyfir. Skal hún haga innkaupum og verzlun sinni þannig, að hver landshluti sé fyrst látinn fullnægja sinni neyzluþörf, eftir því sem við verður komið.

Eftir því sem fært þykir skulu þeir framleiðendur látnir sitja fyrir um kaup að haustlagi, sem erfiðast eiga um flutninga að vetrarlagi.

4. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Grænmetisverzlun ríkisins, að banna innflutning á þeim tegundum garðávaxta, sem framleiða má í landinu sjálfu og Grænmetisverzlun ríkisins annast ekki innflutning á, eftir því sem nauðsynlegt kann að verða til þess að tryggja markað fyrir innlenda framleiðslu.

5. gr.

Grænmetisverzlun ríkisins er heimilt að leigja eða láta reisa í Reykjavík geymslu- og markaðsskála fyrir kartöflur og aðra garðávexti, sem framleiddir eru í landinu og ætlaðir eru til sölu innanlands.

Stærð skálans skal við það miðuð, að hann rúmi til geymslu allt að 6000 tn. af garðávöxtum, en lóð þannig valin og byggingu þannig hagað, að auðvelt sé að stækka hann, ef þörf krefur.

Heimilt er Grænmetisverzlun ríkisins að láta reisa geymslur fyrir garðávexti á þeim stöðum úti um land, þar sem hún telur brýna þörf fyrir þær.

Í byggingar samkvæmt þessari grein má þó ekki ráðast nema með samþykki bæði ríkisstjórnar og fjárveitinganefndar Alþingis.

6. gr.

Grænmetisverzlun ríkisins selur til félaga, kaupmanna, kaupfélaga og annara, er hafa verzlunarleyfi, svo og til bæjar- og sveitarfélaga, en ekki í smásölu til neytenda. Þó skal henni heimilt að selja beint til neytenda í markaðsskála Grænmetisverzlunarinnar í Reykjavík og annarsstaðar, þar sem hún hefir sérstakar geymslur.

7. gr.

Innlendum framleiðendum er heimilt að selja framleiðslu sína hverjum sem vera skal. En hlíta skulu þeir því lágmarksverði, sem ákveðið er á hverjum tíma samkv. 10. gr. Þeir skulu eiga frjálsan aðgang að markaðsskála Grænmetisverzlunar ríkisins, og skal þeim heimilt að selja afurðir sínar þar gegn gjaldi og eftir reglum, sem ákveða má í reglugerð.

8. gr.

Allir garðávextir, sem Grænmetisverzlun ríkisins kaupir, skulu metnir af matsmönnum, sem landbúnaðarráðherra skipar samkvæmt tillögum verðlagsnefndar. Matsmenn skulu fá erindisbréf til þess að starfa eftir. Grænmetisverzlun ríkisins greiðir kostnað við matið.

9. gr.

Innkaupsverð og söluverð Grænmetisverzlunar ríkisins á garðávöxtum, svo og hámarksverð garðávaxta í smásölu skal ákveðið af 5 manna verðlagsnefnd. Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar, en Búnaðarfélag Íslands, S. Í. S., Verzlunarráð Íslands og Alþýðusamband Íslands hafa rétt til að tilnefna hvert sinn mann í nefndina. Tilnefni einhver aðili ekki nefndarmann, skipar ríkisstjórnin mann í hans stað. Nefndarmenn skulu starfa kauplaust.

10. gr.

Verðlag á innlendum garðávöxtum skal ákveðið þannig, að verð um uppskerutímann, frá 15. sept. til 1. nóv., skal lagt til grundvallar. Eftir það skal verðið fara hækkandi, svo að fullt tillit sé tekið til geymslukostnaðar þeirra garðávaxta, sem síðar verða seldir.

Nýir innlendir garðávextir, sem koma á markaðinn fyrir 15. sept., skulu skráðir hærra verði, því fyrr sem þeir eru afhentir til sölu. Skal verðlagið miða að því, að tryggð verði framleiðsla snemmvaxinna garðávaxta.

Verðskráning garðávaxta skal aðallega miða við markaðsverð garðávaxta í nálægum löndum, að viðbættum flutningskostnaði. Þó skal þess gætt jafnframt, að framleiðendum sé tryggt hæfilegt framleiðsluverð.

Innflutta garðávexti má aldrei selja lægra verði en innlenda, miðað við sama tíma og sömu gæði.

Við ákvörðun útsöluverðs þeirra garðávaxta, sem Grænmetisverzlun ríkisins verzlar með, skal álagningin miðuð við það, að geymslu- og verzlunarkostnaður fáist greiddur.

11. gr.

Hagnaði, sem verða kann á rekstri Grænmetisverzlunar ríkisins, skal varið til þess að byggja geymslu- og markaðsskála, svo og til að tryggja framtíð stofnunarinnar, með því að koma upp nauðsynlegum varasjóði.

12. gr.

Ríkisstjórnin semur reglugerð fyrir Grænmetisverzlun ríkisins og skipar forstöðumann hennar og endurskoðendur. Heimilt er að fela einhverri ríkisstofnun eða Sambandi ísl. samvinnufélaga forstöðu verzlunarinnar.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100—1000 kr., ef ekki liggur þyngri refsing við samkvæmt lögum. Kartöflur og aðrir garðávextir, sem einkasala er á og inn eru fluttir í heimildarleysi, skulu gerðir upptækir og afhendast einkasölunni.

Með mál út af lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 100 frá 3. maí 1935.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða

Árin 1936, 1937 og 1938 er ríkisstjórninni heimilt að veita sérstök verðlaun fyrir aukna framleiðslu kartaflna, miðað við uppskeru haustsins 1935. Þetta kemur þó því aðeins til greina, að framleiðslan fari ekki fram úr eftirspurninni. Verðlaunin skulu því skilyrði bundin, að framleidd sé góð vara, og við þær

aðstæður, að framleiðslan geti haldizt óbreytt áfram án sérstakra fríðinda, og að Búnaðarfélag Íslands mæli með því, að verðlaunin séu veitt. Skal framleiðanda skylt að færa sönnur á fyrir Búnaðarfélagi Íslands, að framleiðsluaukningin hafi átt sér stað, bæði með því að trúnaðarmenn félagsins hafi tekið garðalandið út á jarðabótaskýrslu og önnur skilyrði séu fyrir hendi um uppskeruaukninguna. Búnaðarfélagi Íslands er og heimilt að setja þau skilyrði fyrir meðmælum sínum, að garðalandið sé valið í samráði við trúnaðarmenn þess.

Má verja úr ríkissjóði til þessara verðlauna allt að 30000 kr. árið 1936, allt að 20000 kr. árið 1937 og allt að 10000 kr. árið 1938, og mega verðlaunin nema árið 1936 allt að kr. 3.00 á hverja tunnu umfram uppskeru 1935, árið 1937 kr. 2.00 á tn. umfram uppskeru 1936, og árið 1938 kr. 1.00 á tunnu umfram uppskeru 1937. Engin verðlaun greiðast þó fyrir aðrar kartöflur en þær, sem framleiðandi selur til neyzlu eða útsæðis.

Eigi má veita verðlaun fyrir minni aukningu en 5 tunnur, ef um einstaka framleiðendur er að ræða, og eigi fyrir þá aukningu, sem er umfram 100 tunnur. Þó má veita einstaklingi framleiðsluverðlaun fyrir minni aukningu en 5 tunnur, ef um samfellda ræktun einstaklinga er að ræða, er nemi samtals 100 tunnum.

Bæjar- og sveitarfélögum og samvinnufélögum, er garðyrkju kunna að reka, má veita verðlaun fyrir meiri uppskeruaukningu en 100 tunnur.

Ed. 669. Nefndarálit

um frv. til l. um sameining Blönduóskauptúns í eitt hreppsfélag.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Frv. þetta virðist borið fram að tilhlutun „sameiningarnefndar Blönduóskauptúns“. Eigi liggja fyrir upplýsingar um, hvort sú nefnd sé tilnefnd af hreppsnefndinni þar, eða kosin af hreppsfundi, né heldur um, hverskonar og hve víðtækt umboð hún hefir.

Eigi hefir Alþingi borizt umsögn eða álit sjálfrar hreppsnefndar Blönduóshrepps, sem þó er annar höfuðaðili málsins.

Enn síður er upplýst, hvort haldnir hafi verið sameiginlegir fundir hlutaðeigandi hreppsnefnda um þá breytingu hreppamarka, er í frv. felst.

Og þaðan af sízt liggur nokkuð fyrir um það, að málið hafi komið til umsagnar sýslunefndar, og má telja víst, að svo sé ekki.

Undirskriftir einstakra manna í Blönduóskauptúni norðan Blöndu, með og móti frv. þessu, telur minni hl. ekki næg gögn um mál þetta, sízt þar sem áhöld eru um tölurnar með og móti, en sumir hafa skrifað undir hjá báðum. Minni hl. telur mál þetta því ekki hafa fengið nægan undirbúning heima fyrir og telur nauðsynlegt, að sýslunefnd gefist kostur á að láta í ljós álit sitt um þetta ágreiningsmál hreppanna, áður en frv. er afgreitt á þingi, enda er það í samræmi við anda sveitarstjórnarlaganna.

Telur minni hl. það stefna til skerðingar byggðavaldsins, að Alþingi ráði til lykta ágreiningsmálum einstakra sveitarfélaga að fornspurðri héraðsstjórn, sem er beinn aðili í slíkum málum sem þessu.

Leggur minni hl. því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að deildin telur rétt og í samræmi við anda 3. gr. sveitarstjórnarlaganna, að sýslunefnd eigi þess kost að láta í ljós álit sitt um frumv. þetta, og ekki við eiga að afgreiða málið að héraðsstjórn fornspurðri, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 29. nóv. 1935.

Þorsteinn Briem.

Sþ. 670. Breytingartillögur

við frumv. til fjárlaga fyrir árið 1936.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	2. gr.	1. (Fasteignaskattur). Fyrir „370000“ kemur	380000
2.	—	2. —	2. (Tekju- og eignarskattur). Fyrir „1950000“ kemur	1550000
3.	—	2. —	9. (Stimpilgjald af ávísunum og kvittunum). Fyrir „150000“ kemur	100000
4.	—	2. —	10. (Bifreiðaskattur). Fyrir „380000“ kemur	370000
5.	—	2. —	12. (Áfengistollur). Fyrir „630000“ kemur	1000000
6.	—	2. —	13. (Tóbakstollur). Fyrir „1380000“ kemur	1300000
7.	—	2. —	14. (Kaffi- og sykurtollur). Fyrir „900000“ kemur	1000000
8.	—	2. —	15. (Annað aðflutningsgjald). Fyrir „50000“ kemur	80000
9.	—	2. —	16. (Vörutollur). Fyrir „1250000“ kemur	1300000
10.	—	2. —	17. (Verðtollur). Fyrir „1130000“ kemur	1150000
11.	—	2. —	18. (Gjald af innl. tollvörum). Fyrir „420000“ kemur	400000
12.	—	2. —	19. (Skemmtanaskattur). Fyrir „150000“ kemur	120000

13. Við 3. gr. A. 2. (Rekstrarhagnaður landssímans).
Fyrir „423000“ kemur 478000

14. — 3. — A. 3. (Rekstrarhagn. áfengisverzl.).
Fyrir „750000“ kemur 1000000

15. — 3. — A. 5. (Ríkisútvarpið).
Fyrir „77000“ kemur 97000

16. — 3. — A. 10. Nýir liðir:
a. Rekstrarhagnaður bílaeinkasölu 75000
b. Rekstrarhagnaður raftækjaverzlunar 50000

17. — 3. — A. (Sundurliðun 2. Landssíminn).
Liðurinn orðist svo:
I. Tekjur 2070000
II. Gjöld:
a. Til einkasíma í sveitum 5000
b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:

1. Kostnaður við aðalskrifstofu landssímanna	70000	
2. Ritsímastöðin í Rvík	175000	
3. Loftskeytastöðin í Rvík	35000	
4. Stuttbylgjustöð í Rvík	50000	
5. Bæjarsíminn í Rvík og Hafnf.	500000	
6. Áhaldahúsið	15000	
7. Ritsímastöðin á Akureyri ..	50000	
8. Ritsímast. á Seyðisfirði	60000	
9. Ritsímast. á Ísafirði	33000	
10. Símastöðin á Borðeyri	16000	
11. Símastöðin í Vestm.	30000	
12. Símastöðin á Siglufirði	30000	
13. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	130000	
		1194000

Uppbót á launum greiðist eftir sömu reglum sem verið hefir, önnur en símtalauppbót, er greiðist eftir fyrirmælum fjárveitinganefndar, enda færist þær greiðslur á framangreinda liði viðkomandi stöðva.

c. Eyðublöð, prentkostn., ritf. m. m. 55000
d. Viðbót og viðhald stöðvanna 50000
e. Kostnaður af ferðalögum etc. 10000
f. Viðhald landssímanna 220000
g. Framhaldsgjald 23000
h. Til kennslu handa símamönnum 2000
i. Tillag til alþjóðaskrifstofu í Bern 3000

j. Ýmis gjöld 5000
k. Fyrning á húsum og áhöldum 25000
——— 1592000

Fært á 3. gr. A. I. 2. 478000

18. Við 3. gr. A. Sundurliðun 2. Landssíminn. Eignabreyt. Út.
a. Við III. (Nýjar símalínur).
Fyrir „90000“ kemur 50000
b. Við IV. (Áhaldahús).
Liðurinn fellur niður.

19. — 3. — A. Sundurliðun 3. I. (Tekjur áfengisverzl.).
Fyrir „915000“ kemur 1165000

20. — 3. — A. Sundurliðun 5. (Ríkisútvarpið).
Liðurinn orðist svo:
I. Tekjur:
a. Afnotagjöld 330000
b. Ágóði viðtækjaverzlunar 75000
c. Aðrar tekjur 40000
d. Tekjur af viðgerðarstofu 30000
——— 475000

II. Gjöld:
a. Starfræksla:
1. Starfsmannalaun 137000
2. Útvarpsefni (1000 kr. á viku 52 vikur) 52000
3. Skrifstofukostnaður 42000
4. Húsaleiga, ljós, hiti 27000
5. Útvarpsstöðin á Vatnsenda 45000
6. Til að greiða fyrir útvarpsnotum 10000
7. Óviss útgjöld 15000
——— 328000
b. Afborgun og vextir 21000
c. Fyrning á húsi og vélum 29000
——— 378000

Fært á 3. gr. A. I. 5. 97000

21. — 7. — Greinin orðist svo:
Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:
1. Innlend lán 180700
2. Dönsk lán 82300
3. Ensk lán 1215500
4. Vextir af lausaskuldum 80000
——— 1558500

22. Við 9. gr. 1. (Alþingiskostnaður).
Fyrir „245000“ kemur 185000

23. — 10. — I. 4. (Annar kostn. stjórnarráðs).
Fyrir „50000“ kemur 65000

24. — 10. — I. 5. (Ríkisféhirðir).
a. Fyrir „35000“ kemur 38000
b. Athugasemdin fellur niður.

25. — 10. — II. 5. (Hagstofan, aðstoðar- og skrifstofukostnaður).
Fyrir „24000“ kemur 25000

26. — 10. — III. 1. Liðurinn orðist svo:
Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:
a. Laun sendiherra 10000
b. Húsaleiga 7000
c. Kostnaður við embættið 25000
d. Til skrifstofuhalds 20000
62000

27. — 10. — III. 5. (Samningar við erl. ríki).
Fyrir „15000“ kemur 60000

28. — 11. — A. 1. b. (Hæstiréttur, annar kostnaður).
a. Fyrir „5000“ kemur 11000
b. Athugasemdin fellur niður.

29. — 11. — A. 4. a. (Lögmaður, laun í skrifst.).
Fyrir „25000“ kemur 23600

30. — 11. — A. 4. b. (Lögmaður, húsal., hiti o. fl.).
Fyrir „4860“ kemur 5500

31. — 11. — A. 4. d. (Lögmaður, spjaldskrá).
Liðurinn fellur niður.

32. — 11. — A. 5. (Skrifstofukostn. tollstjóra).
Liðurinn orðist svo:
a. Laun og aðstoð 103380
b. Húsaleiga, ljós og hiti 8400
c. Ýmis gjöld 14000
125780

33. — 11. — A. 6. a. (Skrifstofukostn. lögreglustjóra).
Fyrir „28000“ kemur 34300

34. — 11. — A. 6. b. (Lögreglustjóri, húsal. o. fl.).
Liðurinn orðist svo:
Ljós, hiti og ræsting 4500

35. — 11. — A. 6. c. (Lögreglustjóri, ýmis gjöld).
Fyrir „6000“ kemur 9000

36. — 11. — A. 7. (Toll- og löggæzla).
Fyrir „140000“ kemur 154000

37. — 11. — A. 11. (Litla-Hraun).
Liðurinn orðist svo:
Til vinnuhælisins í Litla-Hrauni 55000

Þar af til endurbóta 5000 og til fyrningar 5300. Sjá 20. gr.

38. Við 11. gr. A. 16. Nýr liður:
Til kaupa á nýjum löggildingartækjum 2500

39. — 11. — A. 17. (Barnavernd).
Fyrir „1000“ kemur 2000

40. — 11. — B. 1. a. (Burðareyrir embættism.).
Fyrir „45000“ kemur 55000

41. — 11. — B. 1. b. (Embættisskeyti).
Fyrir „55000“ kemur 75000

42. — 11. — B. 2. (Brunaábyrgðargjöld o. fl.).
Fyrir „25000“ kemur 27000

43. — 11. — B. 4. (Skattanefndir og skattstofa).
Fyrir „70000“ kemur 77000

44. — 11. — B. 6. (Eyðublöð, bókband o. fl.).
Fyrir „35000“ kemur 34000

45. — 12. — 2. (Skrifstofukostn. landlæknis).
Fyrir „6000“ kemur 8000

46. — 12. — 3. (Læknisvitjanir).
Liðurinn „Í Dalahéraði“ orðist svo:
Klofningshreppur og Fellsstrandarhreppur utan Kjarlaksstaðaár 150
Skarðshreppur 150

47. — 12. — 8. (Styrkur til radiumsjóðs).
a. Liðurinn fellur niður.
b. Nýr liður:
Til að kaupa toracoskop 1600

48. — 12. — 10. (Utanferðir héraðslækna).
Liðurinn fellur niður.

49. — 12. — 11. (Námsstyrkur geðveikralækna).
Liðurinn orðist svo:
Til lækniskandídats, til að nema geðveikrafræði erlendis 1500

50. — 12. — 12. (Landsspítalinn).
Liðurinn verði þannig:
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:
A. Laun lækna 42000
B. Önnur gjöld:
1. Laun 96000
2. Matvæli 99000
3. Lyf og sáraumbúðir 21500
4. Ljós og eldsneyti 28000
5. Þvottur og hreinlætisvara 39000
6. Viðhald húsa og fastra muna 17000
7. — lausra muna (þar með fatnaður) 24000

8. Lóðin		1700	
9. Skattar og tryggingar		5400	
10. Sími og skrifstofa		7000	
11. Röntgenfilmur og röntg.áhöld		20000	
12. Ýms gjöld		6000	
13. Fyrning		36500	
		401100	
Þar frá dregst:			
1. Meðlög sjúklinga	260000		
2. Geislalækn. (tekjur af röntgendeild)	54000		
3. Skurðstofugjald	9000		
4. Fæðingarstofugjald	4200		
5. Aukatekjur	400		
		327600	
Mismunur			73500
C. Til ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskólans, þar í fæði ljósmæðranema			9500
			125000

51. Við 12. gr. 13. (Holdsveikraspítalinn).
Liðurinn verður þannig:
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:

A. Laun yfirlæknis			3600
B. Önnur gjöld:			
1. Matvæli		15000	
2. Laun		11000	
3. Lyf og umbúðir		1500	
4. Ljós og eldsneyti		10500	
5. Þvottur og hreinlætisvara		1200	
6. Fatnaður allur		2000	
7. Viðhald húsa og fastra muna		6500	
8. Viðhald lausra muna		2000	
9. Sími		500	
10. Skattar og tryggingar		2800	
11. Flutningskostnaður		800	
12. Ýms gjöld		2000	
13. Fyrning		4482	
			60282
			63882

52. — 12. — 14. (Geðveikrahælið á Kleppi).
Liðurinn verður þannig:
I. Gamli spítalinn.
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:

A. Laun yfirlæknis	5000

B. Önnur gjöld:		
1. Matvæli	36500	
2. Laun	18500	
3. Lyf og umbúðir	800	
4. Ljós og hiti	10500	
5. Þvottur og hreinlætisvara	4500	
6. Viðhald húsa og fastra muna	9000	
7. Viðhald lausra muna	3000	
8. Sími og skrifstofa	1500	
9. Flutningskostnaður	2000	
10. Skattar og tryggingar	2000	
11. Fatnaður allur	5000	
12. Ýms gjöld	3500	
13. Fyrning	3064	
	99864	
Þar frá dragast þessar tekjur:		
Meðgjöf með sjúklingum	40000	
.Mismunur		59864
		64864
II. Nýi spítalinn.		
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:		
A. Laun yfirlæknis		5000
B. Önnur gjöld:		
1. Matvæli	62000	
2. Laun	48000	
3. Lyf og sáraumbúðir	7000	
4. Ljós og hiti	14000	
5. Þvottur og hreinlætisvara	12500	
6. Viðhald húsa og fastra muna	5500	
7. Viðhald lausra muna	7500	
8. Sími og skrifstofa	2500	
9. Flutningskostnaður	2800	
10. Skattar og tryggingar	2200	
11. Fatnaður allur	7200	
12. Ýms gjöld	5000	
13. Fyrning	3355	
	179555	
Þar frá dragast þessar tekjur:		
Meðgjöf með sjúklingum	60000	
.Mismunur		119555
		124555

53. Við 12. gr. 15. (Heilsuhælið á Vífilsstöðum).

Liðurinn verður þannig:

Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:

A. Laun lækna		10000
B. Önnur gjöld:		
1. Matvæli	115000	
2. Laun	53000	
3. Lyf og hjúkrunargögn	13000	
4. Ljós og eldsneyti	28000	
5. Þvottur og hreinlætisvara	22000	
6. Viðhald húsa og fastra muna	12000	
7. Viðhald lausra muna	15000	
8. Sími og skrifstofa	4500	
9. Flutningskostnaður (þar af ca. helmingur til kaupa á nýjum bíl)	8000	
10. Tryggingar	1200	
11. Ýms gjöld	5000	
12. Fyrning	3350	
	280050	
Þar frá dragast þessar tekjur:		
Meðgjöf með sjúklingum	272000	
.Mismunur		8050
		18050

54. — 12. — 16. (Reykjahælið).

Liðurinn verður þannig:

Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:

A. Laun læknis		4500
B. Önnur gjöld:		
1. Matvæli	24000	
2. Laun	17000	
3. Lyf og hjúkrunargögn	2000	
4. Ljós	1000	
5. Þvottur og hreinlætisvara	2000	
6. Viðhald húsa og fastra muna	5000	
7. Viðhald lausra muna	3500	
8. Sími	600	
9. Flutningar	1500	
10. Ýms gjöld	2500	
11. Fyrning	1600	
		60700
		65200
Þar frá dregst:		
Daggjald sjúkl., 14400 sjúkrad. á 4,50		64800
Mismunur		400

55. Við 12. gr. 17. (Kristneshælið).

Liðurinn verður þannig:

Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:

A. Laun læknis og kandidats		7450
B. Önnur gjöld:		
1. Laun starfsmanna	26700	
2. Fæði	46500	
3. Lyf og hjúkrunargögn	5000	
4. Ljós og hiti	12500	
5. Þvottur og hreinl.vara	4200	
6. Viðhald húsa og fastra muna	5500	
7. Viðhald lausra muna	5500	
8. Flutningskostnaður	3725	
9. Ýms gjöld	4200	
10. Fyrning	8370	
		122195
		129645
Þar frá dregst:		
Daggjald 71 sjúkl., 5 kr. á dag		129575
	Mismunur	70

56. — 12. — 17.

Á eftir liðnum komi svo hljóðandi nýr liður, er verður 18. liður:

Kostnaður samkv. 12.—17. lið þessarar greinar er:

1. Landsspítalinn	443100
2. Holdsveikraspítalinn	63882
3. Kleppur, eldri spítalinn	104864
4. Kleppur, nýi spítalinn	184555
5. Vífilsstaðahælið	290050
6. Heilsuhælið á Reykjum	65200
7. Kristneshælið	129645
	1281296

Frá dragast tekjur samkvæmt sömu liðum:

1. Landsspítalinn	327600	
2. Holdsveikraspítalinn		
3. Kleppur, eldri spítalinn	40000	
4. Kleppur, nýi spítalinn	60000	
5. Vífilsstaðahælið	272000	
6. Heilsuhælið á Reykjum	64800	
7. Kristneshælið	129575	
		893975
		387321

		Ennfremur dregst frá:	
		Áætlaður sparnaður á rekstri ofannefndra 7 spítala	128129
			259192
		Til gjalda færist því á þessum liðum	259192
57.	Við 12. gr.	18. a. (Styrkur til sjúkrahúsa). Liðurinn ásamt aths. fellur niður.	
58.	— 12. —	18. b. (Sjúkrahús á Reyðarfirði). Liðurinn fellur niður.	
59.	— 12. —	18. c. (Læknisbústaðir og sjúkraskýli). Fyrir „10000“ kemur	16000
60.	— 12. —	18. e. Nýr liður: Byggingarstyrkur til fávitahælisins á Sólheimum	3000
61.	— 12. —	18. g. (Næmir sjúkdómar). Fyrir „11000“ kemur	15000
62.	— 12. —	18. l. og m. (Hjálparstöðvar). Liðirnir (l. og m.) falla niður, en í stað þeirra kemur nýr liður, svo hljóðandi: Til heilsuverndarstöðva, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að	15000
63.	— 12. —	18. n. (Sjúkraskýli í Sandgerði). Liðurinn fellur niður.	
64.	— 12. —	18. t. Nýr liður: Til styrktar mænusóttarsjúklingum	10000
65.	— 13. —	A. I. 4 (Vegamálastj., aðstoð). Fyrir „24000“ kemur	28000
66.	— 13. —	A. I. 5. (Vegamálastj., skrifstofukostn.). Fyrir „15000“ kemur	18000
67.	— 13. —	A. II. a. 1. Nýr liður: Hafnarfjallsvegur	10000
68.	— 13. —	A. II. a. 3. (Stykkishólmsvegur). Fyrir „5000“ kemur	7500
69.	— 13. —	A. II. a. 4. Nýir liðir:	
		a. Laxárdalsvegur	1500
		b. Suðurdalavegur	6000
		c. Saurbæjarvegur	3000
70.	— 13. —	A. II. a. 6. (Patreksfjarðarvegur). Liðurinn orðist svo: Patreksfjarðarvegur til Bíldudals ..... Unnið sé fyrir sinn helming upphæðarinnar frá hvorum stað.	7500
71.	— 13. —	A. II. a. 7. (Breiðadalsheiðarvegur).	
		a. Fyrir „10000“ kemur	8000
		b. Nýr liður:	
		Bolungavíkurvegur, gegn ¼ annarsstaðar að	4000

72. Við 13. gr. A. II. a. 8. Nýr liður:
Steingrímsfjarðarvegur 3500
73. — 13. — A. II. a. 11. (Holtavörðuheiðarvegur).
Liðurinn fellur niður.
74. — 13. — A. II. a. 12. Nýr liður:
Vatnsskarðsvegur 6000
75. — 13. — A. II. a. 17. (Öxnadalsvegur).
Fyrir „5000“ kemur 7000
76. — 13. — A. II. a. 19. Nýr liður:
Brekknaheiðarvegur 5000
77. — 13. — A. II. a. 24. Nýr liður:
Norðfjarðarvegur 15000
78. — 13. — A. II. a. 27. Nýir liðir:
a. Suðursveitarvegur 5000
b. Öræfavegur 3000
79. — 13. — A. II. a. 30. Nýr liður:
Landvegur 5000
80. — 13. — A. II. a. 32. (Hrunamannahreppsvegur).
Fyrir „5000“ kemur 8000
81. — 13. — A. II. a. 33. (Sogsvegur).
Fyrir „25000“ kemur 20000
82. — 13. — A. II. b. (Viðhald þjóðvega).
Fyrir „550000“ kemur 650000
83. — 13. — A. III. (Brúargerðir).
Fyrir „100000“ kemur 70000
84. — 13. — VI. 1. (Akfærir sýsluvegir).
Fyrir „10000“ kemur 12000
85. — 13. — A. VI. 3. (Sýsluvegasjóðir).
Fyrir „100000“ kemur 70000
86. — 13. — A. VIII. 2. (Dragferja á Skjálfandafljóti).
Liðurinn fellur niður.
87. — 13. — B. 1. a. (Ríkisskip).
a. Fyrir „400000“ kemur 300000
b. Athugasemdin fellur niður.
88. — 13. — B. 1. b. (Eimskipafélagið).
Fyrir „200000“ kemur 150000
89. — 13. — B. 2. (Flóabátar).
Fyrir ártölin 1934 og 1935 í athugasemdinni kemur 1935 og 1936, og við aths. bætist: Skip og bátar, sem njóta styrks úr ríkissjóði, eru skyld til að flytja póst endurgjaldslaust, sé þess krafizt.
90. — 13. — C. I. 1. (Laun vitamálastjóra).
a. Fyrir „6000“ kemur 7200
b. Aths. á eftir:
Þar af 1200 kr. persónuleg launaviðbót til núv. vitamálastjóra.

91. Við 13. gr. C. I. 3. (Húsal. o. fl. hjá vitamálastj.).
Fyrir „6300“ kemur 6000
92. — 13. — C. I. 4. (Skrifstofukostn. vitamálastjóra).
Fyrir „11000“ kemur 9800
93. — 13. — C. I. 6. (Aðstoð vitamálastj.).
Fyrir „4000“ kemur 8000
94. — 13. — C. II. (Vitaverðir).
Fyrir „29800“ kemur 32000
95. — 13. — C. IV. (Sjómerki).
Fyrir „8000“ kemur 10000
96. — 13. — C. VII. 3. Nýr liður:
Á Skagaströnd 8000
97. — 13. — C. VII. 4. (Hafnargerð á Sauðárkróki).
Liðurinn orðist þannig:
Á Sauðárkróki 2. fjárveiting af 10, þó ekki alls yfir ⅔ kostnaðar 25000
98. — 13. — C. VII. Nýr rómv. liður:
Gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að veitist til hafnarbóta:
í Ólafsvík 7000
á Sandi 5000
á Blönduósi 10000
——————— 22000
99. — 13. — X. (Brimbrjótur í Bolungavík).
Fyrir „12500“ kemur 30000
100. — 14. — A. a. 2. (Skrifstofukostn. biskups).
Fyrir „3000“ kemur 4500
101. — 14. — A. b. 3. (Framl. til prestlaunasj.).
Aths. fellur niður.
102. — 14. — A. b. 5. (Embættiskostnaður presta).
Fyrir „65000“ kemur 35000
103. — 14. — B. I. a. (Háskólinn, laun).
a. Fyrir „91000“ kemur 85000
b. Aths. fellur niður.
104. — 14. — B. I. f. Liðinn skal orða svo:
Námsstyrkur, gegn jafnmiklu framlagi úr sáttmálasjóði 7500
105. — 14. — B. I. g. Liðurinn verður þannig:
Húsaleigustyrkur, gegn jafnmiklu framlagi úr sáttmálasjóði 4500
106. — 14. — B. I. h. (Rannsóknarstofa háskólans).
Liðurinn fellur niður.
107. — 14. — B. I. i. (Rannsóknarstofa í lífeðlisfræði).
Liðurinn fellur niður.
108. — 14. — B. I. l. (Hiti, ljós o. fl. í háskóla).
Fyrir „4000“ kemur 5000

109. Við 14. gr. B. I. m. 2. (Ýms gjöld háskólans).
Fyrir „6000“ kemur 10000
110. — 14. — B. II. a. (Til ísl. stúdenta erlendis).
Fyrir „24000“ kemur 19200
111. — 14. — B. II. b. (Námsst. skv. ákvörðun menntamálaráðs).
Fyrir „16000“ kemur 10000
112. — 14. — B. III. 3. (Skrifstofukostn. fræðslumálastj.).
Fyrir „10000“ kemur 14000
113. — 14. — B. IV. a. (Menntask. í Rvík, laun).
a. Fyrir „61500“ kemur 56500
b. Nýr liður:
Húsaleiga rektors hálft árið 1250
114. — 14. — B. IV. b. 2. (Menntask. í Rvík, eldiviður o. fl.).
Fyrir „9000“ kemur 9500
115. — 14. — B. IV. b. 3. (Menntask. í Rvík, viðhald).
Fyrir „7000“ kemur 5000
116. — 14. — B. IV. 4. (Til stundakennslu o. fl.).
Liðurinn orðist svo:
Til stundakennslu, allt að 7000
117. — 14. — B. IV. 7. (Læknisþóknun).
Liðurinn fellur burt.
118. — 14. — B. V. b. 1. (Menntask. á Akureyri, aukakennarar).
Fyrir „21000“ kemur 18000
119. — 14. — B. V. b. 7. (Til viðhalds og endurbóta).
Fyrir „7000“ kemur 6000
120. — 14. — B. V. b. 8. (Ýmisleg gjöld).
Fyrir „5000“ kemur 4500
121. — 14. — B. VI. a. (Kennaraskólinn, laun).
Fyrir „16600“ kemur 17000
122. — 14. — B. VI. b. 1. (Stundakennsla).
Fyrir „6000“ kemur 5000
123. — 14. — B. VII. a. (Stýrimannask., laun).
a. Fyrir „12300“ kemur 14000
b. Nýr liður:
Húsaleiga skólastjóra 2500
124. — 14. — B. VII. b. 2. (Til eldiviðar).
Fyrir „1800“ kemur 1200
125. — 14. — B. VII. b. 4. (Ýms gjöld).
Fyrir „3000“ kemur 2500
126. — 14. — B. VIII. a. (Vélstjóraskólinn, laun).
Fyrir „8100“ kemur 13200
127. — 14. — B. VIII. b. 1. (Til stundakennslu).
Fyrir „3000“ kemur 9200
128. — 14. — B. VIII. b. 2. Liðurinn orðist svo:
Húsnæði skólastjóra og skrifstofa skólans 3000

129. Við 14. gr. B. VIII. b. 3. Liðurinn orðist svo:
Ljós, hiti og ræsting 2100
130. — 14. — B. VIII. b. 4. (Til prófhalda).
Liðurinn fellur niður.
131. — 14. — B. VIII. b. 6. (Rafmagnsdeild).
Liðurinn orðist svo:
Til áhaldakaupa 500
132. — 14. — B. IX. 1. a. (Hólaskóli, laun).
Fyrir „8250“ kemur 7750
133. — 14. — B. IX. 2. a. (Hvanneyrarskóli, laun).
Fyrir „9200“ kemur 9440
134. — 14. — B. IX. 2. c. 4. (Ýmisleg gjöld).
Fyrir „2500“ kemur 3500
135. — 14. — B. X. f. (Verklegt framhaldsnám).
Fyrir „10000“ kemur 2000
136. — 14. — B. XIII. 5. (Utanfararstyrkur barnakennara).
Liðurinn fellur niður.
137. — 14. — B. XIV. 1. c. 2. (Eiðaskóli, eldiv. og ljós).
Fyrir „4000“ kemur 2500
138. — 14. — B. XIV. 1. c. 5. Liðurinn orðist svo:
Til að ljúka við rafstöð skólans 27000
139. — 14. — B. XIV. 4. (Gagnfræðaskóli Rvíkur).
Liðurinn fellur niður.
140. — 14. — XVI. (Til kennslu málleysingja).
Fyrir „35550“ kemur 40000
141. — 14. — XVIII. 3. Nýr liður:
Styrkur til sundlaugar á Akureyri 5000
142. — 15. — 2. a. (Þjóðskjalasafnið, laun).
Fyrir „5500“ kemur 4950
143. — 15. — 3. e. Nýr liður:
Til kaupa og viðgerðar á Víðimýrarkirkju 2400
144. — 15. — 5. a. (Landsbókasafnshúsið, eldiv. o. fl.).
Fyrir „6000“ kemur 5500
145. — 15. — 5. b. (Til viðh. og áhalda).
Fyrir „1800“ kemur 3800
146. — 15. — 9. Nýr liður:
Til bókasafns Flateyjar á 100 ára afmæli þess 500
147. — 15. — 17. (Þjóðsagnasafn Sigf. Sigf.).
Liðurinn fellur burt.
148. — 15. — 19. (Leikfél. Rvíkur).
a. Fyrir „2000 kr.“ í aths. kemur: jafnmiklu.
b. Síðari málsgr. aths. fellur niður.
149. — 15. — 20. (Leikfél. Akureyrar).
Fyrir „500 kr.“ í aths. kemur: jafnmiklu.

150. Við 15. gr. 21. (Leikfél. Ísafjarðar).
Fyrir „300 kr.“ í aths. kemur: jafnmiklu.
151. — 15. — 25. Nýr liður:
Til styrktar sænsku vikunni 1936 1500
152. — 15. — 29. (Sigurður Nordal).
Liðurinn fellur burt.
153. — 15. — 31. Nýir liðir:
a. Til Jóhannesar úr Kötlum 1000
b. Til Guðmundar Finnbogasonar, til ritstarfa 1000
154. — 15. — 33. (Árni Friðriksson).
Liðurinn fellur burt.
155. — 15. — 34. (Hannes Þorsteinsson).
Liðurinn fellur burt.
156. — 15. — 39. Nýr liður:
Til Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara 2500
157. — 15. — 40. (Til Búnaðarb. vegna málara).
Fyrir „54. lið 16. gr. fjárlaga 1934“ kemur: 57. lið 16. gr. fjárlaga 1934.
158. — 16. — 2. (Búnaðarfél. Íslands).
a. Fyrir „200000“ kemur 180000
b. Aths. á eftir:
Styrkurinn til búnaðarsambandanna lækki ekki um meira en 10%.
159. — 16. — 3. (Sandgræðsla).
Fyrir „30000“ kemur 27000
160. — 16. — 4. a. (Jarðabótastyrkur).
Fyrir „475000“ kemur 585000
161. — 16. — 4. b. (Verkfærakaupasjóður).
Fyrir „65000“ kemur 60000
162. — 16. — 5. (Búfjárrækt).
Fyrir „42000“ kemur 30000
163. — 16. — 6. b. (Til byggingar- og landnámssjóðs af tekjum tóbakseinkasölu).
Fyrir „100000“ kemur 50000
164. — 16. — 6. c. 3. (Hluti af útflgj. til ræktunarsj.).
Liðurinn fellur niður.
165. — 16. — 8. b. (Til byggingarsjóða af tekjum tóbakseinkas.).
Fyrir „100000“ kemur 30000
166. — 16. — 9. (Vegna ráðst. um tilb. áburð).
Fyrir „45000“ kemur 40000
167. — 16. — 10. Liðurinn orðist svo:
Til Garðyrkjufélags Íslands 400
168. — 16. — 11. a. (Skógrækt, laun).
Fyrir „8800“ kemur 9300

169. Við 16. gr. 11. b. (Til skóggræðslu).
Fyrir „8000“ kemur 23000
170. — 16. — 11. c. (Skógræktarfél. Ísl.).
Við liðinn bætist aths.:
Ógreiddur kostnaður af Þingvallagirðingu greiðist úr kirkjujarðasjóði.
171. — 16. — 13. c. (Guðm. Andréss.).
Fyrir „frá viðkomandi sýslum“ kemur: annarsstaðar að.
172. — 16. — 13. d. Nýr liður:
Til Eggerts Magnússonar, til að stunda dýralækningar við Gilsfjörð, gegn jafnmiklu framlagi annarstaðar að 200
173. — 16. — 14. Liðurinn orðist svo:
Til kláðalækninga (útrýmingarböðun) 24000
174. — 16. — 15. a. (Laun forstöðum. efnarannsóknarstofu)
Fyrir „25%“ kemur: 10%.
175. — 16. — 16. Nýr liður:
Til Þykkbæinga, styrkur til að nota skurðgröfu við framræslu Safamýrar, enda fái þeir ekki styrk eftir lögum nr. 59 1930 5000
176. — 16. — 20. (Fiskifél.).
Fyrir „80000“ kemur 72000
177. — 16. — 24. a. Liðurinn orðist svo:
Laun skipaskoðunarstjóra, enda hafi hann eftirlit með skipum ríkisins án sérstaks endurgjalds 6000
178. — 16. — 24. c. (Ferðakostnaður vegna skipaeftirlits).
Fyrir „2000“ kemur 2500
179. — 16. — 25. (Erindrekstur í Miðjarðarhafslöndum).
Fyrir „erindrekstrar“ kemur: fiskifulltrúa.
180. — 16. — 27. Liðurinn orðist svo:
Kostnaður vegna sérstakra ráðstafana um inn- og útflutning, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að 40000
181. — 16. — 43. Nýr liður:
Til landssambands bænda 500
182. — 16. — 44. (Vinnumiðlun).
Aths. fellur niður.
183. — 16. — 46. Liðurinn orðist svo:
Handa Ungmennafélagi Íslands, til eflingar íþrótta, skóggræðslu og bindindis 4000
184. — 16. — 51. b. (Skrifstofukostn. húsameistara).
Liðurinn orðist svo:
Skrifstofukostnaður 18000
Þar frá dregst:
Tekjur af teikningum, sem

		húsameistari lætur gera, 25% af venjulegum taxta húsameistara .. 10000	8000
185.	Við 16. gr.	54. Nýir liðir:	
		a. Til húsabygginga á Breiðumýri vegna jarðskjálfta 1934	2000
		b. Til kaupa á spildu úr Hólalandi til handa Breiðumýri	1500
		c. Til skuldaskilasjóðs útvegsmanna	160000
		d. Til mjólkurbúa	55000
		e. Til greiðslu vaxta af fasteignaveðslánum bænda ..	75000
		f. Til iðnlánasjóðs	25000
		g. Til greiðslu ofviðristjóns á Norðurlandi	60000
		h. Til frystihúsa	20000
		i. Til skipulagsnefndar atvinnumála	5000
		j. Kostnaður við eftirlit með opinberum sjóðum	1200
186.	— 17. —	1. (Styrkur til berklasjúklinga).	
		Fyrir „800000“ kemur	850000
187.	— 17. —	11. Nýr liður:	
		Til áfengismálaráðunautar	3000
188.	— 18. —	I. a. (Eftirlaun embættismanna).	
		Fyrir „41762,34“ kemur	69679,28
189.	— 18. —	I. b. (Embættismannaekkjur og börn).	
		Fyrir „15083,99“ kemur	15483,99
190.	— 18. —	I. c. (Prestsekkjur).	
		Fyrir „6669,72“ kemur	6835,76
191.	— 18. —	I. e. (Lífeyrir skv. l. nr. 51/1921).	
		Fyrir „3060,00“ kemur	4090,00
192.	— 18. —	II. a. 4. Nýr liður:	
		Til Sigurðar Thoroddsens	2000,00
193.	— 18. —	II. b. 12. (Kirstín Blöndal).	
		Fyrir „300“ kemur	400
194.	— 18. —	II. b. 21. (Anna Þorgrímsd.).	
		Fyrir „1300“ kemur	1100
195.	— 18. —	II. b. 31. Nýr liður:	
		Til Sigrúnar Bjarnason	600
196.	— 18. —	II. c. 4. (Björn Þorláksson).	
		Liðurinn fellur niður.	
197.	— 18. —	II. c. 7. (Páll Stephensen).	
		Liðurinn fellur niður.	
198.	— 18. —	II. c. 17. (Ólafur Ólafsson).	
		Liðurinn fellur niður.	
199.	— 18. —	II. c. 20. Nýir liðir:	
		a. Til Gísla Einarssonar	295,00
		b. — Arnórs Árnasonar	310,00
		c. — Hallgríms Thorlacius	295,00
		d. — Einars Thorlacius	355,00
		e. — Bjarna Þorsteinssonar	295,00

200. Við 18. gr. II. d. 44. (Guðbj. Guðmundsd.).
a. Fyrir „300,00“ kemur 400,00
b. Nýr liður:
Til Bjargar Jónsdóttur frá Vallanesi 300,00
201. — 18 — II. e. 6. (Guðm. Björnsson).
Fyrir „250,00“ kemur 300,00
202. — 18. — II. e. 22. (Ingivaldur Nikulásson).
Fyrir „250,00“ kemur 300,00
203. — 18. — II. f. 28. Nýir liðir:
a. Til Reynalds Kristjánssonar pósts 200
b. Til Árna Sigbjörnssonar pósts 200
204. — 18. — II. g. 8. (Sigurður Sigurðsson).
Fyrir „800“ kemur 1000
205. — 18. — II. g. 15. (Ólína Andrésdóttir).
Liðurinn fellur burt.
206. — 18. — II. g. 20. Nýir liðir:
a. Til Kristmanns Guðmundssonar 1800
b. — Magnúsar Stefánssonar 1000
c. — Sigurðar Nordals 2000
207. — 18. — II. i. 16. (Guðrún Jónsdóttir).
Liðurinn fellur niður.
208. — 18. — II. i. 22. (Þuríður Jónsdóttir).
Liðurinn fellur niður.
209. — 18. — II. i. 42. (Sigfús Sigfússon).
Liðurinn fellur niður.
210. — 18. — II. i. 52. Liðurinn orðist svo:
Til Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með 3 börnum hennar í ómegð 2300
211. — 18. — II. i. 74. (Kofoed-Hansen).
Fyrir „3300“ kemur 1546,80
212. — 18. — II. i. 76. Nýr liður:
Til Kristínar Guðmundsdóttur, ekkju Einars Helgasonar 600
213. — 18. — II. i. 77. (Þórður Flóventsson).
Liðurinn fellur burt.
214. — 22. — I. (Mjólkurbúastyrkur).
Liðurinn fellur niður.
215. — 22. — IV. (Notkun ágóða af búrekstri á Reykjum).
Liðurinn fellur niður.
216. — 22. — VIII. Nýir liðir:
a. Að ábyrgjast fyrir Akureyrarkaupstað allt að 200000 kr. til rekstrar tunnuverksmiðju þar, enda sé lánið greitt að fullu fyrir áramót.
b. Að ábyrgjast fyrir Sauðárkrókshrepp allt að 270000 kr. lán, til hafnargerðar á Sauðárkróki, gegn því, að héraðsbúar út-

vegi óendurkræft framlag til verksins ekki undir 100000 kr., enda fari allur kostnaður ekki fram úr 620000 kr. Lánið verði tekið innanlands.

Sþ. **671. Nefndarálit**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1936.

Frá fjárveitinganefnd.

Á fyrri hluta yfirstandandi þings vann fjárveitinganefndin aðallega að athugun erinda, er nefndinni höfðu þá borizt, og að samanburði á fjárlagafrumv. við landsreikninginn 1933, því þá lá reikningur ársins 1934 ekki fyrir. Þegar fundum Alþingis var frestað í vor, hafði nefndin haldið 26 fundi um fjárlögin og málefni snertandi þau, en ekki gert ályktanir um neina sérstaka útgjaldaliði, því frestun þingsins byggðist fyrst og fremst á því, að ekki þótti gerlegt að ákveða fjárlög ársins 1936, áður en vitað væri nokkurnveginn um afkomu yfirstandandi árs.

Hinn 25. sept. s. l. var nefndin kvödd til fundar og tók hún þá upp starf sitt þar sem frá var horfið í vor, og hefir haldið 87 fundi á þeim 67 dögum, sem liðnir eru síðan störf hófust í haust. Þá hafði nefndin fengið í hendur landsreikninginn fyrir árið 1934 og yfirlit yfir tekjur og gjöld til 1. sept. þ. á. Það var þá þegar augljóst, að allverulega þurfti að draga úr þeim áætlunum, sem gerðar höfðu verið á fyrri hluta ársins — í fjárlagafrumvarpinu sérstaklega — um tekjustofna ýmsa, og þá ekki síður hitt, að nauðsynlegt var að lækka útgjöldin um allt að 1 millj. króna, ef hallalaus fjárlög áttu að fást, og ekki átti að bæta við nýjum tekjustofnum. Nefndin lagði mikla vinnu í að fara yfir rekstur allra ríkisstofnana og starfsmannahald ríkisins og hefir sent ríkisstjórninni margar tillögur til endurbóta og breytinga þar, sem væntanlega verða framkvæmdar svo fljótt sem því verður við komið. Fylgir nú áliti nefndarinnar í fyrsta sinn starfsmannalisti, er sýnir laun allra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana, þar með taldir bankarnir og önnur þau fyrirtæki, sem ekki hafa hingað til verið talin bein ríkisfyrirtæki, en eru þó svo háð ríkinu, að þau hljóta að takast til athugunar hvað launagreiðslur snertir, um leið og launagreiðslur hjá ríkinu og stofnunum þess eru samræmdar. Að starfsmannalistanum og því feikna verki, sem nefndin lagði í hann, verður nánar vikið síðar í álitinu og í framsögu.

Nefndin hefir fylgt þeirri stefnu í samningu tillagna sinna við frumv., að reyna að áætla bæði tekjur og gjöld sem næst því, sem ætla má, að það reynist á næsta ári undir líkum kringumstæðum og nú eru. Þó eru tekjuliðir ýmsir færðir verulega niður, með tilliti til þess, að innflutningshöftum verði beitt meira en verið hefir á þessu ári, og eins gerir nefndin ráð fyrir, að tekju- og eignarskatturinn muni ekki reynast eins hár og upphaflega var áætlað, vegna þess illæris, sem í ár hefir verið víða um land.

Í frumv. ríkisstjórnarinnar eru heildarútgjöldin áætluð *kr. 14381672,00,*

en þegar tillit er tekið til þess, hvað útgjöldin hafa orðið 1934 og 1935, og því er bætt við, sem leiðir af samþykkt ýmsra laga og ályktana frá fyrri hluta þessa þings, verða útgjöldin að áætlast *kr. 15646960,00*, eða ca. 1,2 millj. hærri en í fjárlagafrv. var áætlað.

Nú hefir nefndin tekið tillit til þessa og leggur fram breytingartillögur, er hafa að geyma samtals lækkanir frá því, sem útgjöldin mundu reynast að öllu óbreyttu og viðbættum hækkunum, um rúml. 1 millj. króna. Yrði því útgjaldahlið fjárlaganna aðeins ca. 200 þús. hærri en frumvarpið gerir ráð fyrir, ef tillögur nefndarinnar yrðu samþykktar.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar eru

tekjurnar alls áætlaðar	kr.	14767040,00
en gjöld alls áætluð	—	14634505,00
Tekjuafgangur er því	kr.	132535,00

er nefndin nú skilar áliti sínu. Þó ber þess að gæta, að að dómi fjármálaráðherra *þarf að færa enn niður einhverja tekjuliði frumv., og gerir hann ráð fyrir lækkun á þeim um allt að 300 þús. kr. enn*, sem nefndin mun taka til frekari athugunar fyrir 3. umræðu fjárlaganna.

Alþingismönnum til glöggvunar lætur nefndin fylgja hér á eftir skýrslu, sem sýnir, hverjar lækkunartillögur nefndarinnar eru við hverja einstaka grein gjaldabálksins. Eru þar í 2. dálki teknar útgjaldaupphæðirnar eins og þær eru í fjárlagafrumvarpinu. Í 3. dálki eru þær teknar eins og sennilegast þykir, að þær reynist 1935, að viðbættu því, sem óhjákvæmilegt er að taka inn í fjárlögin til viðbótar vegna nýrra, þegar tekinna ákvarðana þingsins, og í 4. dálki eins og hver grein fjárlaganna mundi verða eftir tillögum nefndarinnar. Dálkarnir 5. og 6. sýna svo hækkanir og lækkanir á einstökum greinum og í heild frá því, sem nú er eða hlýtur að verða, að öllu óbreyttu.

Hinir nýju liðir, sem nefndin hefir tekið upp í tillögur sínar og flestir koma á 16. gr., eru þessir helztir:

1.	Til skuldaskilasjóðs útgerðarmanna	160000	kr.
2.	— mjólkurbúa	55000	—
3.	— greiðslu vaxta af fasteignaveðslánum bænda	75000	—
4.	— Iðnlánasjóðs	25000	—
5.	— frystihúsa	20000	—
	Samtals	335000	kr.

Hvað lækkunartillögur snertir, mun vikið að þeim nánar við hverja einstaka grein og í framsöguræðum.

Skal nú vikið að hinum einstöku greinum frumvarpsins.

Tekjubálkurinn.

2. gr.

Á þessari grein hefir nefndin gert tillögur bæði til hækkunar og lækkunar á ýmsum liðum frá því sem er í frv. Hefir n. áætlað tekju- og eignarskatt mun

Yfirlit yfir útgjaldahlið fjárlaganna.

Greinar:	Fjárlaga-frumvarpið kr.	Fjárl.frumv. leiðrétt og hækkað kr.	Fjárl.frumv. samkv. till. fjárv.-nefndar kr.	Lækkun sbr. 3. dálk kr.	Hækkun sbr. 3. dálk kr.
7. gr. Vextir	1530812	1558500	1558500		
8. gr. Konungur	60000	60000	60000		
9. gr. Alþingi	205920	250920	190920	60000	
10. gr. Ríkisstjórnin	413746	494746	473746	21000	
11. gr. A. Dómg. og lögr.stj.	1111860	1176860	1167280	9580	
11. gr. B. Sameiginl. emb.k.	246000	285000	284000	1000	
12. gr. Heilbrigðismál	716771	818271	679542	138729	
13. gr. A. Vegamál	1174252	1281252	1254952	26300	
13. gr. B. Samgöngur á sjó	709000	709000	559000	150000	
13. gr. C. Vitar og hafnir ..	511350	558850	566750		7900
14. gr. A. Kirkjumál.....	356620	356620	328120	28500	
14. gr. B. Kennslumál	1539777	1579777	1465067	114710	
15. gr. Vísindi, bókm., listir	186310	190310	190760		450
16. gr. Verkl. fyrirtæki	2599625	3169225	2882025	287200	
17. gr. Alm. styrktarstarfs. .	1176400	1329400	1229400	100000	
18. gr. Eftirl. og styrktarfé	265795	295795	300326		4531
19. gr. Óviss útgjöld	100000	100000	100000		
20. gr. Eignahreyfingar	1432434	1432434	1344117	88317	
	14381672	15646960	14634505	1025336	12881

lægri og sömul. stimpilgjald af ávísunum og kvittunum og tóbakstollinn. Aftur á móti er áfengistollurinn hækkaður úr 630 þús. í 1 millj.

Byggjast þessar tillögur á reynslu yfirstandandi árs, að því er næst verður komizt.

Aðrir liðir eru svipaðir og áætlað er í frv., en á þeim mun nefndin gera endurskoðun fyrir 3. umræðu og leggja þá fram tillögur þeim viðvíkjandi, ef hún telur þess þörf.

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana áætlar nefndin rúml. 2,4 millj. króna, og er það sem næst ½ millj. kr. hærra en í frv. er gert. Stafar þessi hækkun af því, að við bætast raftækja- og bifreiðaeinkasölurnar, áfengisgróðinn er áætlaður hærri og tekjur eru áætlaðar meiri af símanum og ríkisútvarpinu en í frumvarpinu er gert ráð fyrir.

Nefndin gerir tillögur til lækkunar á tillagi til nýrra síma, og er það í samræmi við þær aðrar tillögur hennar að draga helzt úr þeim liðum, þar sem þörf er mikilla efniskaupa frá útlöndum.

Við 3. gr. B., 4. gr. og 5. gr. hefir nefndin ekki gert neinar breytingartillögur.

Gjaldabálkurinn.

7. gr.

Við þessa grein — vexti af lánum ríkissjóðs — er tillaga nefndarinnar sú aðallega, að vextir af enskum lánum eru hækkaðir, en vextir af lausaskuldum lækkaðir, og stafar þetta af lánabreytingum ríkissjóðs, er fram fóru á þessu ári, svo sem þingm. er kunnugt.

8. gr.

Greinin er óbreytt.

9. gr.

Við þessa grein flytur nefndin 60 þús. króna sparnaðartillögu, og byggist hún á því, að hætt verði að skrifa ræður þingmanna og felld verði þar með niður prentun umræðuparts Alþingistíðindanna.

10. gr.

Allar tillögur nefndarinnar við þessa grein hníga að því, að færa til samræmis útgjöld þau, sem þar eru talin, og lækka þau eins og fært telst. Má þar benda á, að laun sendiherrans í Kaupmannahöfn eru færð úr 20 þús. kr. í 10 þús. kr., þó sá sparnaður tapist aftur að nokkru á hækkuðum húsaleigu- og skrifstofukostnaði sendiherrans. Að hverri einstakri tillögu mun nánar vikið í framsögu.

11. gr.

Allar tillögur nefndarinnar við 11. gr. A. og B. eru ýmist leiðréttingar eða sparnaðartillögur. Þó má geta þess, að 15 þús. króna hækkun til vinnuhælisins á Litla-Hrauni stafar af því, að gert er ráð fyrir innréttingu á efri hæð hússins, sem nú er lítt notuð, og í sambandi við það auknum rekstrarkostnaði hælisins, er nemi allt að 10 þús. krónum, enda hefir sá kostnaður verið áætlaður 5 þús. kr. of lágt í fjárlagafrv. Aðrar breytingartillögur skýra sig að mestu sjálfar, og verður gerð nánari grein fyrir hverri einstakri, sem þörf þykir að skýra nánar, í framsögu.

12. gr.

Á þessari grein hefir nefndin lagt til allverulegan sparnað. Er þar stærsti liðurinn sá, að nefndin hefir, ásamt landlækni, farið yfir allan rekstur sjúkrahúsa ríkisins og gert nýjar tillögur um svo að segja hvern lið í rekstri sjúkrahúsanna. Hefir þar verið áætlað líkt og kostnaður mun reynast í ár, en síðan í samráði við landlækni gert ráð fyrir, að með breyttum og bættum rekstri mætti spara allt að 10% yfirleitt á rekstri sjúkrahúsanna, og hefir landlæknir fallizt á að reyna að framkvæma þann sparnað á næsta ári. Telur nefndin réttara, að landlæknir í samráði við yfirlækna sjúkrahúsanna geri þær framkvæmdir, er þurfa þykir í einstökum greinum, en að nefndin fyrirskipi niðurfærslur á ákveðnum liðum. Er þessi sparnaður áætlaður rúml. 128 þús. kr.

Þá hefir nefndin og lagt til að fella niður styrk til sjúkrahúsa, sem áætlaður var 15 þús. krónur, af þeim ástæðum, að eftir því sem sjúkrahúsum fjölgar, minnkar styrkur þessi til hvers einstaks sjúkrahúss, og er nú ekki orðinn

nema ca. 10 aurar á sjúkrarúm pr. legudag, og því lítils virði fyrir sjúkrahúsin. Aftur á móti er styrkur til heilsuverndarstöðva hækkaður upp í 15 þús. krónur og gert ráð fyrir, að heilsuverndarstöðvum verði komið á fót af bæjum og ríki í félagi. Er sú ráðstöfun gerð samkv. tillögum landlæknis.

Þá er og 10 þús. kr. styrkur til sjúkrahúsbyggingar á Reyðarfirði felldur niður, en tillag til læknisbústaða hækkað úr 10 þús. í 16 þús. krónur. Er það gert fyrir þá sök, að enn eru ekki að fullu af hendi inntar greiðslur, sem lofað hefir verið til nokkurra sjúkrahúsa.

Á þessi styrkur að skiptast þannig:

Til sjúkrahúss og læknisbústaðar á Húsavík	7500 kr.
— sjúkrahúss og læknisbústaðar á Djúpavogi	5000 —
— sjúkrahúss og læknisbústaðar á Hofsósi	700 —
— kaupa á röntgentækjum á Sauðárkróki	2800 —
Samtals	16000 kr.

Þá er og tekin upp 3000 króna fjárveiting til fávitahælis á Sólheimum, byggingarstyrkur. Þykir nefndinni það sanngjarnt, þar sem það er hið eina fávitahæli, sem starfandi er hér á landi, en fjárhagur þess erfiður.

Sökum mænusóttarfaraldurs þess, sem í ár hefir gengið yfir svo að kalla allt land, hefir nefndin, eftir tillögum landlæknis, tekið upp tillögu um 10 þús. króna fjárveitingu þeim til styrktar, sem verst hafa orðið úti af veikindum þessum.

Að öðrum tillögum, sem flestar eru smáar, verður vikið í framsögu.

13. gr.

Í nefndinni hefir allmikið verið rætt um tillögur frá vegamálastjóra, sem legið hafa fyrir, um hækkaðan skatt á benzíni, í sambandi við auknar framkvæmdir í vegamálum. Hefir verið gengið út frá því, að benzínskatturinn yrði hækkaður og hækkunin látin ganga til meiriháttar vegagerða í nágrenni Reykjavíkur, á leiðum austur á Suðurlandsundirlendið, Holtavörðuheiði og e. t. v. fleiri staða á aðalþjóðleiðinni um landið.

Af þeirri ástæðu hefir nefndin lagt til, að það, sem í frv. var áætlað til Holtavörðuheiðar, yrði fellt niður, en því fé, sem áætlað er til þjóðvega, með nokkurri hækkun, skipt sem jafnast niður á sýslur landsins, og þó hlutfallslega mest látið ganga til þeirra, sem enn hafa minnst og ófullkomnast vegakerfi. Bera breytingartillögur nefndarinnar og skipting fjárins þetta með sér, svo það þarf ekki sérstakra skýringa við.

Þá er og, eftir tillögu vegamálastjóra, viðhalds- og endurbótafé hækkað um 100 þús. krónur, og byggist það á reynslu þessa árs.

Fé til brúargerða leggur nefndin til, að lækkað verði úr 100 þús. kr. í 70 þús. kr., og er það gert með tilliti til þess, að dregið verður sem víðast úr efniskaupum frá útlöndum.

Þá er og lagt til, að tillög til sýsluvegasjóða verði lækkuð um 30 þús. kr., og gengið út frá því, að þeirri skipun fáist á komið, að hámark það til álagningar gjalds heima í sýslunum verði lækkað úr 6% í 5%, enda er varla að

vænta þess, að sýslurnar geti lagt hærri upphæð fram til þessa á næsta ári, þar sem erfiðleikar hafa alstaðar verið miklir nú í ár og því nauðsyn að draga úr útgjöldum heima í héruðunum. Ætlast nefndin til, að þessi breyting verði gerð sem bráðabirgðabreyting og gildi um 1 ár.

Þá leggur nefndin til, að strandferðastyrkir til ríkisskipanna og Eimskipafélagsins verði lækkaðir verulega frá því, sem í frv. er ráð fyrir gert. Byggjast þær lækkunartillögur á því, að með auknum landsamgöngum megi nokkuð draga úr samgöngum á sjó og koma vöruflutningum þannig fyrir, að sparnaður geti orðið verulegur á rekstri skipanna frá því, sem áður hefir verið.

Nefndin hefir tekið upp í frv. tillögur um þær hafnargerðir, sem lofað hafði verið á fyrri hluta þingsins, en að öðru leyti eru tillögur hennar um vitamál og lendingarbætur enn ekki fullræddar, og má búast þar við hækkunartillögum fyrir 3. umræðu.

Fyrir þeim till., sem ekki er um rætt hér, verður grein gerð í framsögu.

14. gr.

Nefndin leggur til, að skrifstofukostnaður biskups hækki um 1500 kr. Reynslan sýnir, að þess er þörf, þrátt fyrir hina mestu sparsemi í embættisrekstri.

Rétt mun að flytja séra Einar Thorlacius á 18. gr., og verði honum greidd viðbót við eftirlaunin í samræmi við aðra presta.

Embættiskostnaður presta leggur nefndin til, að verði lækkaður um allt að helmingi. Nauðsyn krefur, að allt, sem auðið er, verði fært til lækkunar. Þessi fjárhæð er einskonar skrifstofu- og ferðakostnaður og hefir ekki staðið nema fá ár. Verður því að skoða þetta sem eðlilega breytingartillögu.

Þegar Lárus Einarson hætti kennslu í lífeðlis- og lyfjafræði við háskólann, var kennarastarfið lagt niður. Sparast við þetta 4500 kr.

Lagt er til, að húsaleigu- og námsstyrkur stúdenta lækki um helming, en jafnframt er sáttmálasjóði gert að greiða jafnháa upphæð og niður yrði felld. Þar sem sáttmálasjóður er framhald af námsstyrk og húsaleigu stúdenta fram að 1918, þykir eðlilegt, að þeir fái sinn hluta af þeim gamla Garðstyrk.

Rannsóknarstofa háskólans hefir haft 15000 kr. styrk. Forstöðumaður hennar hefir fallizt á, að styrkur þessi mætti niður falla.

Ýmsir rekstrarpóstar háskólans virðast þurfa að hækka um 5000 kr.

Styrkur til stúdenta í erlendum háskólum er ákveðinn í lögum, þannig að nýir styrkþegar skuli ekki vera fleiri en fjórir árlega og styrkur til hvers ekki hærri en 1200 kr. á ári í fjögur ár. Styrkur þessi þarf því ekki, lögum samkvæmt, að vera hærri en 19200 kr. Liðurinn lækkar því af eðlilegum ástæðum um 4800 kr.

Rektor menntaskólans mun flytja úr íbúð sinni í skólanum næsta vor. Þessi íbúð er bæði léleg og óhentug. Ennfremur telur landlæknir af heilbrigðislegum ástæðum óráðlegt, að íbúð sé í skólahúsinu fram yfir það, sem ekki verður hjá komizt. Rektor ber því húsaleigufé fyrir hálft næsta ár, 1250 kr., samkvæmt till. nefndarinnar.

Samkvæmt undangenginni reynslu verður að hækka skrifstofukostnað

fræðslumálastjóra úr því, sem í frv. er, um 4000 kr. Hinsvegar er hann áætlaður af fræðslumálastjóra nokkru hærri.

Fjárveitinganefnd leggur til, að kostnaður við landsprófin verði sparaður og þau þá sennilega lögð niður fyrst um sinn.

Upphæð sú, sem ætluð er til launagreiðslu í menntaskólanum í Reykjavík, lækkar um 5000 kr. Svarar sú upphæð til launa yfirkennara Þorleifs H. Bjarnasonar, sem nú er látinn, en var nokkru áður hættur kennslu að mestu. Laun kennara í hans stað því einnig talin í heildarupphæðinni.

Nefndin leggur eindregið til, að hætt verði, við flesta skóla landsins, að launa prófdómara, en kennararnir sjálfir, í hverjum skóla, inni starfið af hendi hver hjá öðrum án aukaþóknunar. Má á þennan hátt spara töluverða fjárhæð án þess að gildi prófa rýrni.

Nefndin ætlast til, að 1. bekkur menntaskólans á Akureyri verði einskiptur næsta vetur. Ennfremur leggur nefndin til, að 1. bekkur kennaraskólans verði fyrst um sinn lagður niður, en hert eftir þörfum á inntökuprófi í 2. bekk. Við þetta mundi nokkuð sparast. Einnig sé athugað, að enginn kennari hafi óeðlilega hátt stundakaup.

Nokkrum skólastjórum ber frítt húsnæði. Nefndin leggur til, að slík upphæð, sé hún greidd í peningum, fari ekki fram úr 2500 kr. í Reykjavík. Skólastjóra stýrimannaskólans hafa verið greiddar 275 kr. á mán., en nefndin beinir því til ríkisstjórnarinnar, að þetta verði fært til samræmis við það, sem fyrr segir, þegar hægt reynist.

Í flestum skólum er skrifstofa skólans í sjálfu skólahúsinu. Þetta er þó á annan veg í vélstjóraskólanum. Skólastjórinn annast sjálfur leigugreiðslu á slíkri skrifstofu, þar sem ekki er rúm fyrir hana í sjálfum skólanum. Til þessarar greiðslu eru honum ætlaðar 500 kr. Launaliður vélstjóraskólans hækkar um 5100 kr. og stundakennslan um 6200 kr. Er þetta með tilliti til þess, að rafmagnsdeildin leggist undir skólann. Liðurinn, sem ætlaður var í þessu skyni, 9000 kr., fellur jafnframt niður.

Utanfararstyrkir leggur nefndin til, að verði ýmist alveg felldir niður eða lækkaðir til mikilla muna. Þessi tillaga er borin fram fyrst og fremst vegna gjaldeyriserfiðleika og einnig sem sparnaðarráðstöfun vegna erfiðs árferðis, en alls ekki vegna þess, að nefndin líti þannig á, að utanfarir og styrkir í því skyni geti ekki átt rétt á sér.

Til þess að fullgera rafstöð Eiðaskóla vill nefndin verja allt að 17000 kr.

Tillag til byggingar gagnfræðaskóla í Reykjavík falli niður, þar sem engar líkur eru til, að Reykjavíkurbær geti lagt í slíka byggingu á næsta ári; er því ekki ástæða til að láta liðinn standa í fjárlögum fyrir árið 1936.

Til heyrnar- og málleysingjaskólans er gert ráð fyrir nokkurri hækkun frá því, sem er í frv. Vill nefndin beina því til ríkisstjórnarinnar, hvort ekki sé rétt, að þessi skóli heyri um innkaup undir spítalanefndina.

Loks leggur nefndin til, að veittar verði 5000 kr. til að fullgera sundlaugina á Akureyri. Verk þetta hefir kostað mikið fé og bæði Akureyrarbær og einstakir menn lagt mikið á sig í þarfir þessa menningarmáls.

15. gr.

Vegna mannaskipta við þjóðskjalasafnið lækka laun um 550 kr.

Víðimýrarkirkja er elzta torfkirkja, sem til er á landinu. Má ekki draga lengur að reyna að vernda hana í því formi, sem hún er nú í. Nefndin leggur til, að til kaupa og viðgerðar á kirkjunni verði varið 2400 kr. Fornminjavörður er þessa mjög hvetjandi.

Til viðhalds á landsbókasafnshúsinu leggur nefndin til, að veittar verði til viðbótar því, sem í frv. er ætlað, 2000 kr., þó með því skilyrði, að húsið verði kalkað utan á komandi vori.

Flateyjarbókasafn á hundrað ára afmæli á þessu ári. Bókasafn þetta er fyrir margra hluta sakir merkilegt. Leggur nefndin til, að því verði veittar 500 kr. í þetta sinn sem afmælisgjöf.

Vegna væntanlegrar sænskrar viku á komandi sumri leggur nefndin til, samkvæmt ósk forsætisráðherra, að veittar verði í þessu skyni 1500 kr.

Ritlaun þau, er Sigurður Nordal prof. hefir í þessari grein, 2000 kr., leggur nefndin til, að verði flutt í 18. gr., eftir beiðni hans.

Þá telur nefndin, að fella megi niður upphæð þá, sem ætluð er Árna Friðrikssyni til ritstarfa og fyrirlestra, þar sem hann hefir nú allvel launað starf hjá ríkisstofnun, og gert er ennfremur ráð fyrir, að hann verði fastur starfsmaður við rannsóknarstofu atvinnuveganna.

Að lokum leggur nefndin til, að bætt verði inn í greinina fjórum nýjum mönnum. Af þeim hefir nefndin tekið upp aftur listamennina Jón Stefánsson með 3000 kr. styrk, en sú tillaga hefir af vangá fallið niður í brtt. nefndarinnar, og Ásmund Sveinsson með 2500 kr. styrk. Alþingi styrkti þessa listamenn báða í fyrra, en þá með nokkru hærri upphæð en nú er lagt til. Auk þeirra mælir nefndin með, að rithöfundunum dr. Guðmundi Finnbogasyni og Jóhannesi úr Kötlum verði veittur 1000 kr. ritstyrkur hvorum.

16. gr.

Um 16. gr. 1, atvinnubótafé, skal það tekið fram sérstaklega, að um þann lið hefir ekki enn náðst samkomulag, en til 3. umræðu munu koma fram tillögur um þennan lið.

Vegna þeirrar viðtæku niðurfærslu, sem fjárveitinganefnd hefir verið að reyna að gera á sem allra flestum greinum og liðum fjárlaganna, hefir nefndin ekki séð sér annað fært en lækka styrkinn til Búnaðarfélags Íslands um 10%. Ætlast nefndin til, að þessi lækkun komi sem jafnast niður á allri starfsemi félagsins, eftir því sem við verður komið, án þess þó að heildarstarfsemin bíði hnekki. Lítur nefndin svo á, að einstakar greinar starfsemi félagsins megi ekki fella alveg niður, og vill sérstaklega taka fram, að styrkurinn til búnaðarsambandanna verði ekki lækkaður um meira en 10%.

Jarðabótastyrkurinn hefir reynzt í ár um 585 þúsund kr., og er það 110 þús. kr. hærra en frumv. gerir ráð fyrir. Útlit er fyrir, að styrkur á jarðabætur, sem kemur til útborgunar árið 1936, verði ekki lægri, og hefir nefndin því hækkað þennan lið sem þessu nemur.

Búfjárræktin hefir á undanförnum árum notið nokkurs styrks frá ríkinu.

Þótt nefndinni sé ekki ljúft að rýra þennan styrk, leggur hún til, að hann verði lækkaður nokkuð að þessu sinni. Nefndin leggur til, að framlag til byggingar- og landnámssjóðs og til verkamannabústaða af tekjum tóbakseinkasölu verði einnig að þessu sinni lækkað að mun.

Á þessu ári tók við forstöðu skógræktarinnar ungur maður, Hákon Bjarnason. Hefir hann margar mikilsverðar nýjungar í huga viðkomandi skógræktinni. Ýmsar þessar nýjungar eiga í framtíðinni ekki eingöngu að hafa útgjöld í för með sér, heldur líka að vera tekjulind fyrir skógræktina og miða að því, að skógarnir í framtíðinni verði ekki einasta til prýði landinu, heldur líka til verulegs hagnýts gagns. Meðal þessara nýjunga er viðarkolavinnsla í nokkuð stórum stíl. Ætlast skógræktarstjóri til, að viðarkolin verði notuð til brennslu og framleiðslu gas fyrir þar til gerða bíla, sem ætti að geta að verulegum mun sparað kaup frá útlöndum á benzíni.

Vegna fjárkláða hefir landbúnaðarráðherra verið heimilað að láta fara fram útrýmingarböðun, þegar hentugt þætti. Hefir ráðherrann skýrt nefndinni frá, að hann muni nota þessa heimild á næsta ári, ef heyfengur verður sæmilegur. Mun þetta verða nokkur kostnaður fyrir ríkissjóð, og hefir nefndin því tekið upp nokkra fjárupphæð í þessu skyni.

Auk fastra launa hefir forstöðumaður efnarannsóknarstofunnar í Reykjavík haft 25% af öllum tekjum stofnunarinnar. Þar sem tekjur stofnunarinnar eru alltaf að aukast, leggur nefndin til, að í stað 25%, sem forstöðumaðurinn áður hefir haft, fái hann hér eftir aðeins 10% af tekjum stofnunarinnar.

Á sama hátt og nefndin leggur til, að lækkaður verði styrkurinn til Búnaðarfélags Íslands og sandgræðslunnar, leggur hún einnig til, að styrkur til Fiskifélagsins verði lækkaður um 10%.

Þá hefir nefndin tekið upp í tillögur sínar 500 kr. til landssambands bænda.

Samkv. gildandi lögum og þingsályktunum verður ríkissjóður að leggja fram á næsta ári:

Til skuldaskilasjóðs útvegsmanna um	160000 kr.
Til greiðslu vaxtahluta af fasteignaveðslánum bænda	75000 —
Til iðnlánasjóðs	25000 —
Til greiðslu ofviðristjóns á Norðurlandi	60000 —
Mjólkurbúastyrkur	55000 —
Frystihúsastyrkur	20000 —
Samtals	395000 kr.

Þetta eru raunverulega leiðréttingar við frumv., og flytur nefndin breytingartill. um, að þessar upphæðir verði teknar inn í frumv.

Skipulagsnefnd atvinnumála hefir starfað síðan í ágúst 1934. Samkv. upplýsingum frá form. nefndarinnar eru líkindi til, að hún geti skilað lokaáliti í febrúar næstkomandi og hætti þá störfum. Er upphæðin, sem nefndin hefir tekið upp, miðuð við það.

17. gr.

Landlæknir fór fram á við fjárveitinganefnd í vetur, að mega ráða sérstakan lækni til þess að hafa yfirumsjón með berklavörnunum. Var svo í júní í vor ráð-

inn til þess starfa Sigurður læknir Sigurðsson. Hefir hann yfirumsjón með berklavörnunum í landinu, og virðist starf hans ætla að bera góðan árangur. Berklavarnakostnaðurinn hefir stöðugt undanfarið aukizt, og þótt þess megi vænta, að með bættu fyrirkomulagi megi mikið draga úr þessum mikla kostnaði í framtíðinni, og þegar sjáist þess nokkur vottur, þá er þetta svo skammt á veg komið, að nefndin telur þurfa að hækka þennan lið úr 800 þús. kr. í 850 þús.

Samkv. ákvæðum áfengislaganna er tekin upp fjárveiting til áfengismálaráðunauts.

18. gr.

Nefndin hefir tekið upp eftirlaun hæstaréttardómaranna, sem nú hafa látið af störfum, þeirra Eggerts Briems og Páls Einarssonar. Einnig Sigurðar Briems póstmálastjóra og Magnúsar Jónssonar sýslumanns í Hafnarfirði. Sigurður Thoroddsen kennari við menntaskólann lætur af störfum fyrir aldurssakir. Lagt er til, að hann fái nokkra upphæð auk lögboðinna eftirlauna.

Ritþöfundarlaun Sigurðar Sigurðssonar frá Arnarholti hafa verið hækkuð úr 800 í 1000 kr.

Skáldið Kristmann Guðmundsson hefir skrifað margar bækur, og er hann einn af þeim Íslendingum, sem getið hafa sér skáldfrægð erlendis. Flestar bækur sínar hefir hann frumsamið á norsku. Nú er Kristmann setztur hér að. Vill nefndin stuðla að því, að hann geti dvalið hér og frumsamið rit sín á móðurmálinu.

Magnús Stefánsson heitir skáld í Hafnarfirði. Hefir hann ort mörg ágæt ljóð undir ritþöfundarnafninu Örn Arnarson. Vill nefndin, að honum sé sýnd nokkur viðurkenning og leggur til, að hann fái árlegan ritþöfundastyrk í þessari grein fjárlaganna.

Þá hefir nefndin tekið upp í fjárlagafrumv. smávægileg eftirlaun og styrki nokkurra pósta, kennara og ekkna, eins og fordæmi eru fyrir áður.

22. gr.

Þar eð stefnt er að því að taka sem mest upp í fjárlög allar greiðslur, sem til greina geti komið á hverju ári, og í þessu fjárlagafrv. er tekin upp ákveðin upphæð til þess að koma á stofn mjólkurbúum til osta- og smjörgerðar, fellur heimild sú, sem gefin er í þessari grein í I. lið, niður.

Einnig fellur niður heimild um að nota ágóða af búrekstri á Reykjum til þess að endurbæta peningshús á jörðinni. Eru húsin þegar byggð.

Á Sauðárkróki er hafinn undirbúningur að hafnargerð, og er 25 þús. kr. fjárveiting í núgildandi fjárlögum til þessa fyrirtækis. Til þess að létta undir um framkvæmd verksins leggur nefndin til, að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 270 þús. kr. lán fyrir Sauðárkrókshrepp, að því tilskildu, að lánið sé tekið innanlands.

Akureyrarbær hefir keypt tunnuverksmiðju. Leggur nefndin til, að stjórninni sé heimilað að ábyrgjast allt að 200 þús. kr. lán, sem bærinn ætlar að taka til rekstrar verksmiðjunnar.

Starfsmannaskrá.

Starfsmannaskrá sú, sem nefndin lætur fylgja tillögum sínum, hefir ekki verið gerð áður. Ekkert heildaryfirlit hefir legið fyrir um starfsmannahald ríkisins og laun hvers eins. Verulegt ósamræmi hefir verið í lengd vinnudagsins. Eftirvinna hefir verið mikil, en stundakaup fyrir þá vinnu án alls samræmis og víða einnig án nægilegs eftirlits. Slík aukavinna með stundakaupi ásamt fastlauna-uðum aukastörfum leiðir til svo mikils ósamræmis í launum, að óviðunandi má teljast. T. d. hafa einstakir starfsmenn í stjórnarráðinu svo margháttuð aukastörf, að laun þeirra eru samtals hærri en ráðherranna. Fjvn. vill því leggja áherzlu á, að vinnustundir verði færðar til samræmis og vinnutími í skrifstofum ríkisins verði hvergi styttri en frá kl. 9 árd. til 5 síðd. með hæfilegum frádrætti til hádegisverðar. Án þess að hér sé um hina minnstu ósanngirni að ræða í vinnustundafjölda, bætast tvær stundir við hvern mann daglega í mörgum skrifstofum ríkisins frá því, sem nú er. Við þessa breytingu ætti því að sparast til mikilla muna sú eftirvinna, sem verið hefir.

Fyrir aukavinnu hefir verið greitt 1.50–3.00 kr. á klst. Nefndin leggur til, að stundakaup fyrir aukavinnu í skrifstofum ríkisins verði hvergi hærra en kr. 1.50. Þótt þetta sé ekki hátt kaup fyrir vandasama vinnu, ber að athuga, að það bætist við þau föstu laun, sem talin eru hæfileg án tillits til aukavinnu. Annars ber að vinna að því, að sem minnst eftirvinna sé framkvæmd. Skal þó viðurkennt, að hjá henni verður ekki komizt með öllu, þrátt fyrir það, þótt skipt sé í vinnutímabil. Sem dæmi má nefna ýmsar starfsgreinar við landssímann, póstinn og tollgæzluna.

Þá hefir nefndin gert það, sem henni var fært, til að samræma laun manna við hliðstæðar starfsgreinar. Eins og launaskráin ber með sér, sýnir hún að miklu leyti laun hvers starfsmanns og hve margir starfa að hverri starfsgrein fyrir sig í hverri stofnun. Stundvísi og réttan vinnutíma ber hverri ríkisstofnun að tryggja með merkiklukku.

Þetta, sem lagt er til með hinni nýju launaskrá, eru fyrstu og að sjálfsögðu ófullkomin frumdrög að almennri launaskrá og byrjun á samræmingu, sem Alþingi mun væntanlega halda áfram frá ári til árs með endurtekinni athugun, enda ætlast nefndin til, að slík skrá fylgi hér eftir fjárlagafrumv. frá hendi stjórnarinnar, og sé hún bindandi um tölu og laun fastráðinna starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana það ár, sem skráin á við.

Að lokum skal á það bent, að ýmsar ríkisstofnanir standa undir sérstökum nefndum, og aðrar, sem eru stofnaðar með sérstökum lögum eða njóta mikils ríkisstyrks. Þar eru launagreiðslur á ýmsan hátt í verulegu ósamræmi við launakjör starfsmanna ríkisins. Nefndin hefir ekki haft aðstöðu til þess að gera tillögur um þá launaflokka, en væntir þess, að ríkisstjórnin geri um það tillögur til næsta þings.

Um breytingartillögurnar vill nefndin taka það fram, að fyrir þeim öllum er meiri hluti í fjárveitinganefndinni, þó hluti nefndarinnar eða einstakir nefnd-

armenn séu andvígir sumum þeirra og muni greiða atkvæði gegn einstökum tillögum, er fluttar eru af nefndinni sem heild.

Sjálfstæðismennirnir í nefndinni taka það fram, í tilefni af því, að þeir skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara, að þeir eru algerlega mótfallnir hinum nýju skattaálögum, sem fram hafa verið bornar, og telja, að frekari niðurfærsla gjaldabálks frv. hefði verið hin rétta leið, enda séu þeir reiðubúnir til samvinnu um frekari niðurfærslu gjaldanna.

Alþingi, 1. des. 1935.

Jónas Jónsson, form.	Sigurður Einarsson, fundaskr.	Jónas Guðmundsson, frsm. fyrsta kafla.
Bjarni Bjarnason, frsm. annars kafla.	Þorbergur Þorleifsson, frsm. þriðja kafla.	Magnús Guðmundsson, með fyrirvara.
Pétur Ottesen, með fyrirvara.	Jón Sigurðsson, með fyrirvara.	Þorst. Þorsteinsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Starfsmannaskrá ríkisins 1936.

3. gr. fjárlaga.

1. Pósturinn.

		Laun alls
Póstmálaskrifstofan:		
Póst- og símamálastjóri (½ laun) (1)	kr.	5000
Póstritari (1)	—	4850
Póstfulltrúar (3)	—	12200
Póstafgreiðslumenn (1)	—	3500
Póstaðstoðarmenn (1)	—	2000
Pósthúsið í Reykjavík:		
Póstmeistari (1)	—	6200
Póstfulltrúar (6)	—	24580
Póstafgreiðslumenn (13)	—	43500
Bréfberar (7)	—	26700
Bílstjórar (2)	—	8700
Aukamenn (2)	—	5600
	Samtals kr.	142830

2. Landssíminn.

	Laun alls
Aðalskrifstofan:	
Póst- og símamálastjóri (½ laun) (1)	kr. 5000
Fulltrúi (1)	— 6292
Aðalgjaldkeri, + mistaln. (1)	— 6292
Símaverkfræðingur (hefir að auki laun hjá útvarpinu 3000 kr.)	— 4674
Bókari (1)	— 5700
1. fl. skrifarar (4)	— 19831
2. fl. skrifarar (1)	— 3056
Aðstoðarmenn (3)	— 7000
Sendill (1)	— 1200
Landssímastöðin í Rvík og Hf.:	
Símastjóri, + húsn. l. og h. (1)	— 4383
Innheimtugjaldkeri, + mistaln. (1)	— 5777
1. fl. skrifarar (5)	— 19626
Varðstjórar (2)	— 9521
Símritarar (í Hf. + húsn., l. og h.) (7)	— 32834
Kvensímritarar (2)	— 6520
Afgreiðslu-varðstjórar (4)	— 13030
Aðstoðarmenn (3)	— 6666
Talsímakonur (21)	— 49121
Sendlar (8)	— 7000
Loftskeytastöðin í Rvík:	
Loftskeytastöðvarstjóri (skrifstofustj.) + húsn., l. og h. (1)	— 6232
Símritarar (4)	— 17752
Aðstoðarstúlka (1)	— 2400
Stuttbylgjustöðin:	
Varðstjórar (2)	— 9035
Talbrúarvörður (1)	— 3200
Talsímakona (1)	— 2810
Bæjarsíminn í Rvík og Hf.:	
Bæjarsímastjóri (1)	— 7159
Aðstoðarmaður bæjarsímastjóra (1)	— 6300
Verkstjórar, úti (2)	— 12900
Aðstoðarverkstjórar, inni (2)	— 9600
1. fl. símvirkjar (4)	— 18600
1. fl. línumenn (2)	— 9200
2. fl. símvirkjar (2)	— 8400
3. fl. símvirkjar (5)	— 17700
3. fl. línumaður (1)	— 3300
Lærlingar (4)	— 8100
Snikkari (1)	— 4200
Næturvörður (1)	— 4100
Teiknari (1)	— 4800
Gjaldkeri (1)	— 4047

		Laun alls
Bókarar (4)	kr.	11035
Talsímakonur (5)	—	13759
Innheimtumenn (2)	—	4500
Áhaldahúsið:		
Efnisvörður (1)	—	5035
Aðstoðarmaður (1)	—	3600
Bifreiðarstjóri (1)	—	4200
Akureyri:		
Stöðvarstjóri, + húsn., l. og h. (1)	—	5422
Varðstjóri (1)	—	4912
Símritari (1)	—	4502
Talsímakonur (12)	—	28909
Sendisveinar (2)	—	1440
Næturvörður (1)	—	1800
Seyðisfjörður:		
Stöðvarstjóri, + húsn., l. og h. (1)	—	3560
Varðstjórar (3)	—	14216
Símritarar (5)	—	17164
Kven-símritarar (2)	—	6603
Talsímakonur (4)	—	8579
Sendisveinar (2)	—	1800
Ísafjörður:		
Stöðvarstjóri, + húsn., l. og h. (1)	—	4242
Símritarar (2)	—	6193
Kvensímritari (1)	—	3260
Talsímakonur (3)	—	8427
Sendisveinar (2)	—	2160
Borðeyri:		
Stöðvarstjóri, + húsn., l. og h. (1)	—	4242
Talsímakonur (4)	—	9097
Vestmannaeyjar:		
Stöðvarstjóri, + húsn., l. og h. (1)	—	5452
Símritarar (2)	—	8587
Talsímakonur (3)	—	5449
Sendisveinar (2)	—	1680
Siglufjörður:		
Stöðvarstjóri, + húsn., l. og h. (1)	—	4442
Símritari (1)	—	3322
Kven-símritari (1)	—	2788
Talsímakonur (5)	—	10731
Sendisveinar (2)	—	1680
	Kr.	596445

3. Áfengisverzlun ríkisins.

	Laun alls
Forstjóri (1)	kr. 8660
Aðalbókari (1)	— 6000
Fulltrúi í lyfjadeild (1)	— 5500
Gjaldkeri (1) (þar í mistalningarfé)	— 6000
Fulltrúi (1)	— 5500
Deildarstjóri (1)	— 5400
Bókarar (3)	— 12300
Verkstjóri (1)	— 5000
Aðstoðarverkstjóri (1)	— 4300
Birgðavörður (1)	— 4800
Bifreiðastjórar (2)	— 6480
Aftappari (1)	— 4000
Starfsstúlkur (5)	— 11600
Lyfseðlaeftirlitsmaður (1)	— 1440
Sendill (1)	— 1200
Ýmsir starfsmenn (15)	— 45640
	Kr. 131820

4. Tóbakseinkasalan.

Forstjóri (1)	kr. 10000
Skrifstofustjóri (1)	— 7000
Birgðavörður (1)	— 5200
Sölumaður (1)	— 5000
Bókarar (2)	— 8600
Gjaldkeri (1)	— 5000
Ritari (1)	— 4900
Afgreiðslumenn (3)	— 10800
Bifreiðastjóri (1)	— 3600
Innheimtumenn (2)	— 5220
Skrifstofustúlkur (4)	— 9960
	Kr. 75280

5. Ríkisútvarpið.

Yfirstjórn:	
Útvarpsstjóri (1)	kr. 7500
Útvarpsráð	— 7500
Aðalskrifstofa:	
Skrifstofustjóri (1)	— 6200
Verkfræðingur (1)	— 3000
Ritari (1)	— 3600
Innheimtuskrifstofan:	
Forstöðukona innh. (1)	— 4000

	Laun alls	
Magnarasalur:		
Aðstoðarstúlka (1)	kr.	2400
Innheimtumenn (3)	—	9000
Skrifstofa dagskrár:		
Skrifstofustjóri (1)	—	5400
Gæzlum. plötusafns (1)	—	3600
Ráðunautur útvarpsráðs (1)	—	2000
Fréttastofan:		
Fréttastjóri innl. frétta (1)	—	4000
Auglýsingastjóri (1)	—	2400
Fréttastjóri erl. frétta (1)	—	5000
Aðstoðarfréttaritari (1)	—	4500
Tónlistarmenn:		
Pianóleikari (1)	—	5000
Tónlistarráðunautar (2)	—	6600
Fiðluleikari (1)	—	5000
Cellóleikari (1)	—	3600
Útvarpssalur:		
Þulur 1. (1)	—	3900
Þulur 2. (1)	—	1800
Dyravarzla (1)	—	2400
Magnaraverðir (2)	—	9500
Útvarpsstöðin:		
Stöðvarvörður (1)	—	4500
Aðstoðarmaður (1)	—	3000
Viðgerðarstofan:		
Forstöðumaður (1)	—	6000
Aðstoðarmaður (1)	—	3000
Nemendur (5)	—	12600
	Kr.	**137000**

6. Viðtækjaverzlunin.

Forstjóri (1)	kr.	8660
Bókari og gjaldkeri (1)	—	5400
Afgreiðslumaður (1)	—	4200
Ritari (1)	—	3800
Pakkhúsmaður (1)	—	3000
Viðgerðarmaður (1)	—	5400
	Kr.	**30460**

7. Bifreiðaeinkasalan.

Afgreiðslumenn (2)	kr.	9000
	Kr.	**9000**

8. Raftækjaeinkasalan.

		Laun alls
Verkfræðingur (1), hálft árið	kr.	5400
Verkfræðingur (1), allt árið	—	6500
Sölumaður (1)	—	6400
Aðalbókari og gjaldkeri (1)	—	5500
Bókarar (2)	—	9600
Afgreiðslumenn (4)	—	15600
Ritarar (3)	—	6300
Sendisveinn (1)	—	1500
	Kr.	56800

9. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Forstjóri (1)	kr.	9000
Fulltrúi (1)	—	5500
Bókari og gjaldkeri (1)	—	5500
Skrifari (1)	—	4000
Innheimtumaður (1)	—	3120
Afgreiðslumaður (1)	—	4160
Sendill (1)	—	1040
Prentsmiðju- og bókbandsstúlkur (10)	—	18965
Nemendur (3)	—	9415
Prentarar og bókbindarar (25)	—	122070
Vélsetjarar (4)	—	22600
Verkstjórar (4)	—	23800
	Kr.	229170

10. Landssmiðjan.

Forstjóri (1)	kr.	8400
Aðalbókari (1)	—	5800
Bókari (1)	—	4500
Verkstjórar (3)	—	16200
	Kr.	34900

9. gr. fjárlaga.

Alþingi.

Starfsmenn fastir:

Skrifstofustjóri (1) (þar af húsal.st. kr. 1800)	kr.	6800
Fulltrúi (1)	—	6000
Húsvörður (1)	—	2740
	Kr.	15540

Starfsmenn um þingtímann:		Laun alls
Ritarar (2)	dagkaup 13.00 kr. (1) og 9.50 (1)	
Prófarkalestur (1)	— 9.50 —	
Skjalavörður (1)	— 13.00 —	
Innanþingsskrifarar (2)	— 9.50 —	
Dyra- og pallaverðir (4)	— 7.50 —	
Símaverðir (2)	— 5.00 —	
Fataverðir (2)	— 4.00 —	
Þingsveinar (7)	— 3.00 —	

10. gr. fjárlaga.

I., 3. og 4. Stjórnarráðið.

Atvinnumálaráðuneytið:		
Skrifstofustjóri (1), (þar af 1200 fyrir vörzlu sjóða)	kr.	7200
Fulltrúar (2)	—	12620
Aðstoðarmenn (2)	—	9100
Ritari (1)	—	3600
Vélritari (1)	—	2500
Aukakostnaður	—	2300
	Kr.	37320
Dómsmálaráðuneytið:		
Skrifstofustjóri (1), (þar af 1200 fyrir vörzlu sjóða)	kr.	7200
Fulltrúar (2)	—	11000
Aðstoðarmenn	—	9360
Vélritari (1)	—	2100
Aukakostnaður	—	1300
	Kr.	30960
÷ Innborgað frá kirkjujarðasjóði	—	3500
	Kr.	27460
Fjármálaráðuneytið:		
Skrifstofustjóri (1), (þar af 1200 fyrir vörzlu sjóða)	kr.	7200
Fulltrúar (4)	—	20440
Aðstoðarmenn (3)	—	9000
Ritari (1)	—	3000
Aðalendurskoðandi (1)	—	6000
Aukakostnaður	—	2000
	Kr.	47640
Skrifstofa utanríkismála:		
Fulltrúi (1)	—	6000
Aðstoðarmaður (1)	—	4200
Vélritari (1)	—	2500
	Kr.	12700

	Laun alls	
Dyravarzla:		
Dyravörður (auk ókeypis bústaðar)	kr.	2715
Aðstoðar dyravörður	—	3000
	Kr.	5715

I., 5. Ríkisféhirzla og bókhald:

Ríkisbókari (1)	kr.	5400
Fulltrúi (1)	—	5000
Ríkisféhirðir (1)	—	4950
Fulltrúar (2)	—	8344
Ritarar (2)	—	4875
Mistalningsfé ríkisféhirðis	—	2000
	Kr.	30567

II. Hagstofan.

Starfsmenn samkv. launalögum:		
Hagstofustjóri (1)	kr.	6000
Fulltrúi (1)	—	4950
Aðrir starfsmenn:		
Aðstoðarmaður (1)	—	4700
Ritarar 1. flokks (2)	—	7060
Ritarar 2. flokks (4)	—	9360
Aukaaðstoð	—	2000
	Kr.	34070

III. Utanríkismál.

1. **Sendiráð í K.höfn:**		
Sendiherra (1)	kr.	10000
Sendisveitarritari (1)	—	3600
Fulltrúi (1)	—	6000
Ritari (1)	—	2700
	Kr.	22300
2. **Fulltrúi í Osló**	kr.	5000
	Kr.	5000

11. gr. fjárlaga.

A.

1. Hæstiréttur:

Dómstjóri (1)	kr.	10000
Dómarar (2)	—	16000
Ritari (1)	—	4500
	Kr.	30500

2. Laun sýslumanna og lögmanns, lögreglustjóra og tollstjóra í Reykjavík:

	Laun alls
Lögmaður og tollstjóri í Reykjavík (2)	kr. 18000
Lögreglustjórinn í Reykjavík (1)	— 8000
Bæjarfógetar (2)	— 11200
Bæjarfógetar (2)	— 10000
Sýslumenn og bæjarfógetar (11)	— 57200
Sýslumenn (2)	— 9900
Sýslumaður (1)	— 4746
Bæjarfógeti (1)	— 2625
Lögreglustjórar (2)	— 5000
	Kr. 126671

4. Lögmannsskrifstofan:

Fulltrúar (3)	kr. 15800
Gjaldkeri (1)	— 2400
Ritarar (2)	— 5400
	Kr. 23600

5. Tollstjóraskrifstofan:

Lögtaksfulltrúi (1)	kr. 5000
Yfirtollvörður (1)	— 4920
Tollritarar (9)	— 46700
Tollritari (1)	— 4800
Skrifarar (2)	— 6660
Innheimtumenn (7)	— 30100
Aukaaðstoð (tímakaup kr. 1.50)	— 10000
	Kr. 108180

6. Lögreglustjóraskrifstofan:

Fulltrúar (2)	kr. 12000
Gjaldkeri (1)	— 4925
Aðstoðarmenn (2)	— 8400
Ritarar (3)	— 9000
Forstöðumaður löggildingarstofu (1)	— 5400
Aðstoðarmaður (1)	— 3900
Verkstæðismaður (1)	— 3600
Eftirlitsmaður (1)	— 3000
	Kr. 50225

7. Starfsmenn toll- og löggæzlu:

a. **Reykjavík:**

Tollþjónar (11)	kr. 46000
Aukaaðstoð (tímakaup 1.60)	— 10000

b. **Utan Reykjavíkur:**	Laun alls
Tollþjónar (7½)	kr. 23425
Löggæzlumaður á vegum	— 5160
Bifreiðaskoðunarmenn (2)	— 10000
Samtals	kr. 94585

9. Varðskipin:

Skipstjórar (3)	kr. 27000
Stýrimenn I. (3)	— 18000
Stýrimenn II. (2)	— 10888
Stýrimenn III. (2)	— 8516
Vélstjórar I. (3)	— 20728
Vélstjórar II. (3)	— 17760
Vélstjórar III. (3)	— 15171
Loftskeytamenn (2)	— 8029
Brytar (2)	— 8394
Samtals	kr. 134486

10. Hegningarhúsið í Reykjavík:

Fangavörður (1) (ókeypis húsnæði, ljós og hiti)	kr. 3500
Aðstoðarmaður (1) (ókeypis húsnæði, ljós, hita og fæði)	— 2400
Samtals	kr. 5900

11. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:

Fangavörður (1)	kr. 5100
Skrifstofu- og gæzlumaður (1)	— 3000
Matreiðslumaður (1)	— 3000
Fjósamaður (1)	— 800
Samtals	kr. 11900

B.

4. og 5. Skattstofa Reykjavíkur og Ríkisskattanefnd:

Skattstjóri (1)	kr. 5650
Fulltrúi (1)	— 6000
Aðstoðarmenn (2)	— 10000
Aðstoðarmaður (6 mán.)	— 2400
Aðstoð	— 14000
Ríkisskattanefnd (3)	— 6000
Samtals	kr. 44050

12. gr. fjárlaga.

1. Laun lækna:

		Laun alls
Landlæknir í Reykjavík (1)	kr.	6300
Héraðslæknir í Reykjavík (1)	—	5250
Héraðslæknar (3)	—	14850
Héraðslæknar (6)	—	28476
Héraðslæknar (10)	—	46000
Héraðslæknar (4)	—	17992
Héraðslæknar (2)	—	8534
Héraðslæknar (10)	—	40366
Héraðslæknar (3)	—	11763
Héraðslæknir (1)	—	3690
Héraðslæknar (6)	—	21000
Héraðslæknar (2)	—	6250
Reykjarfjarðarhérað	—	2018
Samtals	kr.	212489

Skrifstofa ríkisspítalanna:

Formaður stjórnarnefndar (landlæknir)	kr.	2550
Framkvæmdastjóri (1)	—	7000
Gjaldkeri (1)	—	5600
Ritari (1)	—	3600
Vélritarar (2)	—	4200
Samtals	kr.	22950

3. Landsspítalinn:

Yfirlæknar (3)	kr.	21600
Aðstoðarlæknar (3)	—	12600
Kandidatar (2)	—	3600
Aukalæknar (sérfræðingar) (2)	—	5000
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	2400
Deildarhjúkrunarkonur (3)	—	5400
Hjúkrunarkonur (8)	—	12000
Nuddkona (1)	—	1800
Kona við rannsóknir (1)	—	2400
Kennslukona barna (1)	—	1250
Röntgenkonur (5)	—	11280
Ráðskona (1)	—	2400
Aðstoðarráðskona (1)	—	1200
Yfirljósmóðir (1)	—	2400
Aðstoðarljósmóðir (1)	—	1200

		Laun alls
Vélamaður (1)	kr.	4000
Umsjónarmaður (1)	—	3600
Starfsstúlkur (21)	—	15750
Hjúkrunarnemar (19)	—	7600
Laun vegna sumarleyfa, veikinda, hreingerninga m. m.	—	7000
Samtals	kr.	124480

4. Vífilsstaðahælið:

Yfirlæknir (1)	kr.	5000
Aðstoðarlæknir (1)	—	5000
II. aðstoðarlæknir (1)	—	2400
Aukalæknir (1)	—	800
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	2400
Hjúkrunarkonur (7)	—	10896
Ráðskona (1)	—	2400
Aðstoðarráðskona (1)	—	1200
Saumakona (1)	—	840
Taukona (1)	—	840
Starfsstúlkur (16)	—	12000
Bifreiðarstjóri (1)	—	2400
Smiður (1)	—	2400
Kyndari (1)	—	2100
Starfsmenn (2)	—	3000
Hjúkrunarnemar (3)	—	1440
Laun vegna sumarfría o. fl.	—	2500
Samtals	kr.	51616

5. Holdsveikraspítalinn á Laugarnesi:

Læknir (1)	kr.	3600
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	2400
Ráðskona (1)	—	1500
Kyndari (1)	—	1500
Starfsstúlkur (6)	—	4500
Laun vegna sumarfría o. fl.	—	500
Samtals	kr.	14000

6. a. Kleppsspítalinn (gamli):

Yfirlæknir (1)	kr.	5000
Yfirhjúkrunarkonar (1)	—	2400
Hjúkrunarkonur (2)	—	3000
Hjúkrunarmaður (1)	—	1500

		Laun alls
Véla- og viðgerðarmaður (1)	kr.	2400
Ráðskona (að hálfu) (1)	—	900
Vökukona (1)	—	960
Þvottaráðskona (1)	—	960
Starfsstúlkur (5)	—	3750
Laun vegna sumarfría o. fl.	—	1000
Samtals	kr.	21870

6. b. Kleppsspítalinn (nýji):

Yfirlæknir (1)	kr.	5000
Kandidat (1)	—	1800
Læknanemar (2)	—	1800
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	2400
Hjúkrunarkonur (9)	—	13500
Hjúkrunarmenn (5)	—	7500
Vökukonur (2)	—	1920
Ráðskona (að hálfu) (1)	—	900
Vélamaður (1)	—	3300
Þvottaráðskona (1)	—	1080
Starfsstúlkur (13)	—	9000
Laun vegna sumarfría o. fl.	—	3000
Samtals	kr.	51200

7. Heilsuhælið á Kristnesi:

Yfirlæknir (1)	kr.	4950
Aðstoðarlæknir (1)	—	2500
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	2400
Aðstoðarhjúkrunarkona (1)	—	1500
Hjúkrunarnemi (1)	—	180
Þvottaráðskona (1)	—	1200
Ráðskona (1)	—	1800
Aðstoðarráðskona (1)	—	840
Ráðsmaður (1)	—	3600
Bifreiðarstjóri og vélamaður	—	1800
Starfsstúlkur (13)	—	8970
Vinnumaður (1)	—	1050
Laun vegna sumarfría o. fl.	—	3060
Samtals	kr.	34150

8. Reykjahælið í Ölfusi:

Læknir (1)	kr.	3000
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	2400

		Laun alls
Ráðskona (1)	kr.	1800
Starfsstúlkur (5)	—	8850
Vinnumaður (1)	—	920
Prestur (1)	—	400
Laun vegna sumarfría o. fl.	—	1630
Samtals	kr.	19000

13. gr. fjárlaga.

Vegamálastjóri (1)	kr.	6000
Fulltrúi (1)	—	5310
Aðstoðarverkfræðingur (1)	—	5750
Verkfræðingar (3)	—	15180
Ritari (1)	—	3300
Vélritari (1)	—	2700
Vélamaður (1)	—	4500
Samtals	kr.	42740

Skipaútgerð ríkisins:

Framkvæmdastjóri (1)	kr.	9000
Skrifstofustjóri (1)	—	6200
Bókhaldari (1)	—	4620
Gjaldkeri (1)	—	4620
Innkaupamaður (1)	—	4620
Skrifari (1)	—	2100
Verkstjórar (2)	—	9300
Samtals	kr.	40460

Esja:

Skipstjóri (1)	kr.	9000
Stýrimenn (3)	—	16618
Vélstjórar (3)	—	18666
Bryti (1)	—	6000
Loftskeytamaður (1)	—	5110
Samtals	kr.	55394

Súðin:

Skipstjóri (1)	kr.	9000
Stýrimenn (3)	—	14899
Vélstjórar (3)	—	18534
Bryti (1)	—	5414
Loftskeytamaður (1)	—	4988
Samtals	kr.	52835

C. I.—II. Vitamál:

	Laun alls	
Vitamálastjóri (1)	kr.	7200
Vitaverkfræðingur (1)	—	5750
Hafnaverkfræðingur (1)	—	5500
Aðstoðarverkfræðingur (1)	—	5000
Gjaldkeri og bókhaldari (1)	—	3600
Efnisvörður (1)	—	4560
Kafari (1)	—	3825
Ritari (1)	—	2400
Vélritari (1)	—	1800
Vitaverðir (54)	—	30000
Samtals	kr.	69635

„Hermóður“:

Skipstjóri (1)	kr.	7200
Stýrimaður (1)	—	5100
Vélstjóri I. (1)	—	6000
Vélstjóri II. (1)	—	3500
Samtals	kr.	22100

14. gr. fjárlaga.

A.

Þjóðkirkjan.

Biskup (1)	kr.	7000
Prestur (1)	—	7400
Prestar (2)	—	11900
Prestur (1)	—	5813
Prestar (3)	—	17250
Prestur (1)	—	5700
Prestar (2)	—	10900
Prestur (1)	—	5250
Prestur (1)	—	5075
Prestur (1)	—	5025
Prestur (1)	—	4750
Prestur (1)	—	4670
Prestur (1)	—	4625
Prestur (1)	—	4230
Prestar (15)	—	63000
Prestar (39)	—	156000
Prestar (4)	—	15800
Prestar (3)	—	11250

	Laun alls
Prestar (3)	kr. 11100
Prestar (4)	— 14000
Prestar (5)	— 17250
Prestar (4)	— 13000
Prestur (1)	— 3200
Prestar (5)	— 15000
	Kr. 412188

I. Háskólinn.

Prófessorar (10)	kr. 60000
Prófessor (1)	— 5500
Prófessorar (3½)	— 17500
Aukakennarar (2)	— 3600
Ritari (1)	— 4000
	Kr. 90600

III. Fræðslumálaskrifstofan.

Fræðslumálastjóri (1)	kr. 7000
Fulltrúi (1)	— 5400
Vélritari (1)	— 3000
	Kr. 15400

IV. Menntaskólinn í Reykjavík.

Rektor (1) (þar með talin risna 2000 kr.)	kr. 7000
Yfirkennarar (4)	— 20000
Kennarar (6)	— 27685
Dyravörður (1)	— 1875
	Kr. 56560

V. Menntaskólinn á Akureyri.

Skólameistari (1) (þar með talin risna kr. 2000)	kr. 7000
Fastir kennarar (6)	— 27067
Aukakennarar (6)	— 21517
	Kr. 55584

VI. Kennaraskólinn.

Skólastjóri (1)	kr. 4746
Fastir kennarar (2)	— 8300
Aukakennarar (2)	— 7400
	Kr. 20446

VII. Stýrimannaskólinn.

	Laun alls
Skólastjóri (1)	kr. 4600
Kennarar (2)	— 9482
Dyravörður að ⅓	— 600
	Kr. 14682

VIII. Vélstjóraskólinn.

Skólastjóri (1)	kr. 4600
Kennarar (2)	— 8600
Dyravörður að ⅔	— 1200
	Kr. 14400

IX. Bændakennsla.

1.. Hólaskóli:

Skólastjóri (1) (Bústjóralaun kr. 2500)	kr. 5250
Kennarar (2)	— 5000
	Kr. 10250

2. Hvanneyrarskóli:

Skólastjóri (1)	kr. 3690
Kennarar (2)	— 5750
	Kr. 9440

XIII. Barnakennarar.

Í Reykjavík (91)	kr. 150000
Í kaupstöðum utan Rvíkur (68)	— 122000
Fastir kennarar utan kaupstaða (129)	— 194500
Farkennarar (145)	— 76500
	Kr. 543000

XIV. Eiðaskóli.

Skólastjóri (1)	kr. 4200
Kennarar (2)	— 5500
	Kr. 9700

XVI. Málleysingjaskólinn.

Skólastýra (1)	kr. 3500
Kennarar (2)	— 5425
	Kr. 8925

15. gr. fjárlaga.

1. Landsbókasafnið.

		Laun alls
Landsbókavörður (1)	kr.	6000
Bókavörður (1)	—	4152
Bókavörður (1)	—	4500
Aðstoðarbókaverðir (2)	—	8352
Dyravörður við Safnahúsið (1)	—	1875
	Kr.	24879

2. Þjóðskjalasafnið.

Þjóðskjalavörður (1)	kr.	4950
Aðstoðarmaður (1)	—	3960
	Kr.	8910

3. Þjóðmenjasafnið.

Þjóðmenjavörður (1)	kr.	5500
	Kr.	5500

16. gr. fjárlaga.

2. Búnaðarfélag Íslands.

Stjórnarnefnd (3)	kr.	1500
Búnaðarmálastjóri (1)	—	6000
Ritstjóri búnaðarblaðs (1)	—	6500
Ráðunautar (7)	—	27350
Aðstoðarmenn (2)	—	7020
Ritarar (2)	—	8200
Ráðunautur um laxaklak	—	2700
	Kr.	59270

3. Sandgræðslan.

Sandgræðslumaður (1)	kr.	3600
	Kr.	3600

13. Skógræktin.

Skógræktarstjóri (1)	kr.	4190
Skógarverði (3)	—	5100
Þingvallavörður (1) (auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita)	—	4200
Gæzlumenn (3)	—	775
	Kr.	14265

14. Dýralæknar.

	Laun alls
Dýralæknar (5)	kr. 19000
	Kr. 19000

15. Rannsóknarstofa Háskólans.

Forstöðumaður (1) (Fyrir ranns. húsdýrasjúkd. kr. 1000)	kr. 8200
Aðstoðarlæknir (1)	— 7200
Aðstoðarstúlkur (7)	— 16800
Vikamaður (1)	— 720
	Kr. 32920

17. Efnarannsóknarstofan.

Forstöðumaður (1)	kr. 4300
Aðstoðarmaður (1)	— 5600
	Kr. 9900

16. Veðurstofan.

Forstöðumaður (1) (þar af húsaleiguuppbót kr. 900)	kr. 6900
Fulltrúi (1) (þar af húsaleiguuppbót kr. 900)	— 6400
Aðstoðarmenn (2)	— 8260
Loftskeytamenn (2)	— 6520
Vélritari (1)	— 1275
Aðstoð (tímakaup 1.50)	— 1800
	Kr. 31155

20. Fiskifélagið.

Forseti (1)	kr. 7200
Stjórnarnefndarmenn (2)	— 1000
Fiskifræðingur (1)	— 6000
Vélafræðingur (1)	— 6000
Skrifstofustjóri (1)	— 5400
Fiskiðnfræðingur (1)	— 4800
Erindrekar (4)	— 10000
Skrifstofustúlka (1)	— 2400
	Kr. 42800

23. Laun yfirmatsmanna o. fl.

Fiskimat:

Fiskimatsstjóri (1)	kr. 8000
Yfirfiskimatsmaður (1)	— 5000
Fiskimatsmenn (4)	— 17606

	Laun alls	
Ullarmat:		
Yfirullarmatsmaður (1)	kr.	1000
Ullarmatsmenn (3)	—	1500
Kjötmat:		
Yfirkjötmatsmaður (1)	—	1500
Kjötmatsmenn (3)	—	1125
Lýsismat:		
Lýsismatsmaður (1)	kr.	2400
	Kr.	38131

24. Skipaskoðun.

Skipaskoðunarstjóri (1)	kr.	6000
Skrifstofumaður (1)	—	3000
Skipaskráningarmaður (1)	—	1800
	Kr.	10800

25. Erindrekstur í Suðurlöndum.

Erindreki á Spáni (1) (þriðjungur launa)	kr.	8860
	Kr.	8860

51. Húsameistari ríkisins.

Húsameistari (1)	kr.	6000
Fulltrúi (1)	—	5400
Aðstoðarmaður (2)	—	9000
	Kr.	20400

Rafmagnseftirlitið.

Forstöðumaður (1)	kr.	5830
Raflagningamaður (1)	—	3850
Skrifstofumaður (1)	—	2760
	Kr.	12440

Gjaldeyrisnefnd.

Forstjóri (1)	kr.	8400
Nefndarmenn (4)	—	16800
Skrifstofustjóri (1)	—	7200
Ritarar (7)	—	26400
Vélritarar (5)	—	8640
	Kr.	67440

Skipulagsnefnd atvinnumála.

	Laun alls
Nefndarmenn (5) áætlað	kr. 3500
Skrifstofustjóri (1) (3 mánuðir)	— 1800
Skrifstofumenn (2) (3 mánuðir)	— 1800
	Kr. 7100

Mjólkursamsalan:

Stjórnarnefndin (7 menn)	kr. 4600
Framkvæmdarstjóri (1)	— 12000
Bókari (1)	— 5400
Gjaldkeri (1)	— 4800
Skrifstofustúlkur (2)	— 4200
Eftirlitsmenn (2)	— 7200
	Kr. 38200

Kjötnefnd.

Formaður (1)	kr. 4800
Nefndarmenn (4)	— 3000
Skrifstofustúlka (1)	— 2400
	Kr. 10200

Fiskimálanefnd.

Formaður (1)	kr. 5400
Nefndarmenn (6)	— 18000
Skrifstofustjóri (1)	— 7200
Skrifstofustúlka (1)	— 2400
Umsjónarmaður við harðfisksgerð	— 6600
Umsjónarmaður við hraðfrysting	— 7200
Sendimaður erlendis	— 7920
	Kr. 54720

Síldarútvegsnefnd.

Formaður (1)	kr. 3500
Varamaður (1)	— 3000
Nefndarmenn (3)	— 7500
Skrifstofustjóri (1)	— 6000
Bókari (1)	— 3600
Starfsmenn (3) (½ árið)	— 7800
	Kr. 31400

Síldarverksmiðja ríkisins.

	Laun alls
Stjórnarnefnd (5)	kr. 21500
Framkvæmdarstjóri (1)	— 12000
Skrifstofustjóri (1)	— 8000
Verkstjóri (1)	— 6000
Yfirvélstjóri (1)	— 6500
Vélstjórar (2)	— 12000
Skrifstofumenn (2)	— 8400
Skrifstofustúlka (1)	— 2400
	Kr. 76800

Fisksölusamlagið.

Framkvæmdarstjórar (3)	kr. 63000
Skrifstofustjóri (1)	— 15000
Bókari (1)	— 12000
Skrifstofumenn (2)	— 16800
Skrifstofumenn (3)	— 21600
Skrifstofustúlkur (2)	— 8400
Skrifstofustúlka (1)	— 3000
Símastúlka (1)	— 1800
Sendisveinn (1)	— 1800
	Kr. 143400

Tryggingarstofnun ríkisins.

A. Brunabótafélag Íslands:	
Forstjóri (1)	kr. 5000
Skrifstofustjóri (1)	— 5000
Fulltrúi (1)	— 4700
Gjaldkeri (1)	— 4700
Ritarar (3)	— 11000
Vélritari (1)	— 2400
B. Slysatryggingin:	
Fulltrúi (1)	— 4700
Meðstjórnendur (2)	— 1200
Læknir (1)	— 2000
	Kr. 40700

Laun í Landsbanka Íslands árið 1935.

Formaður bankaráðs (1)	kr. 4920
Bankaráðsmenn (4)	— 10000
Endurskoðendur (2)	— 5000
Bankastjórar (3)	— 64800

	Laun alls
Aðalbókari (1)	kr. 10000
Aðalféhirðir (1)	— 10500
Forstöðumaður endurskoðunardeildar (1)	— 9200
Fulltrúar 1. launaflokks (8), þar af 1 með 9600, 3 með 8800, 2 með 8100 og 2 með 7600	— 68000
Fulltrúar 2. launaflokks (3), þar af 2 með 6800 og 1 með 6000	— 19600
Aðstoðarmenn 1. launaflokks (15), þar af 4 með 6400, 2 með 6000, 2 með 5600, 1 með 5400, 2 með 5200, 3 með 4800 og 1 með 4600	— 82800
Aðstoðarmenn 2. launaflokks (12), þar af 3 með 4800, 2 með 4600, 1 með 4400 og 6 með 3800	— 50000
Aðstoðarmenn 3. launaflokks (12), þar af 2 með 3600, 2 með 3400, 1 með 3200, 2 með 2600, 1 með 2400, 3 með 2000 og 1 með 1800	— 32600
Dyraverðir og sendimenn (5), þar af 1 með 5000, 1 með 4800 og 3 með 4200	— 22400
Sendisveinar (2)	— 2500
Utan flokka, þar af 1 með 9800, 1 með 7520, 1 með 3900, 1 með 3600, 3 með 2400 og 2 með 1800	— 35620
	Kr. 427940

Laun í útibúum Landsbanka Íslands árið 1935.

Útibússtjórar (5), þar af 2 með 4500, 1 með 10500, 1 með 9600 og 1 með 6800	kr. 49900
Bókarar (3), þar af 1 með 6000, 1 með 5700 og 1 með 5100	— 16800
Féhirðar (5), þar af 1 með 6600, 1 með 6000, 1 með 5400, 1 með 4800 og 1 með 3000	— 25800
Aðstoðarmenn 1. flokks (4), þar af 1 með 4800, 1 með 4400, 1 með 3600, 1 með 3200	— 16000
Aðstoðarmenn 2. flokks (5), þar af 3 með 3000, 1 með 2600 og 1 með 1800	— 13400
Endurskoðendur (4), þar af 2 með 2400, 1 með 2000 og 1 með 1800	— 8600
	Kr. 130500

Laun í Búnaðarbanka Íslands 1935.

Aðalbankastjóri	kr. 12000
Bankastjórar (2)	— 12799
Bankabókari (1)	— 10399
Bankagjaldkeri (1)	— 9000
Bankaritarar (4)	— 18600

		Laun alls
Skrifstofustúlka (1)	kr.	1800
Sendisveinn (1)	—	780
	Kr.	65378

Byggingar og landnámssjóður:

Forstöðumaður teiknistofunnar	kr.	9000
Starfsmaður á teiknistofunni	—	5832
	Kr.	14832

Útbú á Akureyri:

Útbússtjóri	kr.	6000
Gjaldkeri	—	3000
	Kr.	9000

Laun í Útvegsbanka Íslands h/f 1935.

Formaður bankaráðs (1)	kr.	3124
Bankaráðsmenn (3)	—	4500
Aðalbankastjóri (1)	—	21600
Bankastjórar (2)	—	24000
Endurskoðendur (2)	—	5000
Bankabókarar og gjaldkeri (3)	—	30555
Skrifstofustjóri (1)	—	8199
Víxlabókari (1)	—	8182
Umsjónarmaður fiskiveiða og skuldaskilasjóðs (1)	—	8148
Innheimtumaður, aðstoðarbókari, fulltrúi (3)	—	21388
Fulltrúi (lögfræðingur) (1)	—	6984
Afgreiðslumenn (3)	—	19206
Afgreiðslumenn (3)	—	17460
Afgreiðslumenn (3)	—	16587
Afgreiðslumenn (2)	—	9679
Afgreiðslumaður (1)	—	4365
Afgreiðslumaður (1)	—	3819
Afgreiðslumenn og vélritarar (4)	—	13968
Afgreiðslumaður (1)	—	3000
Vélritari (1)	—	2910
Afgreiðslumenn (3)	—	7200
Afgreiðslumaður (1)	—	2328
Vélritari (1)	—	2100
Sendisveinn (1)	—	900
Fyrv. bankastjóri (eftirlaun) (1)	—	8400
Fyrv. bankastjóri (eftirl.) (1)	—	4200
	Kr.	257802

Útibú Útvegsbankans.

	Laun alls
Akureyri:	
Útibússtjóri (1)	kr. 9600
Bókari (1)	— 6600
Bankaritari (1)	— 2700
Ísafjörður:	
Útibússtjóri (1)	— 9600
Bókari (1)	— 4800
Gjaldkeri (1)	— 4800
Bankaritarar (2)	— 5100
Seyðisfjörður:	
Útibússtjóri (1)	— 6052
Gjaldkeri (1)	— 5400
Bókari (1)	— 4800
Vestmannaeyjar:	
Útibússtjóri (1)	— 9600
Bókari (1)	— 4800
Gjaldkeri (1)	— 4800
Bankaritarar (2)	— 7800
	Kr. 86452

Nd. 672. Breytingartillögur

við frv. til l. um nýbýli og samvinnubyggðir.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Í staðinn fyrir „15—20%“ komi: sem mest.
2. Við 2. gr.
   a. Aftan við fyrsta málsl. komi: eftir því sem við á og þörf krefur.
   b. Í staðinn fyrir orðin „Til nýbýla getur verið stofnað“ í byrjun 2. málsgr. komi: Til nýbýla má stofna.
   c. Þriðja málsgr. orðist svo:
      Jörð, sem lagzt hefir í eyði áður en lög þessi öðlast gildi og ekki eru á nothæf hús fyrir fólk eða fénað, telst nýbýli, sé hún tekin til endurbyggingar og ræktunar.
3. Við 3. gr. Í stað orðanna „nema leyfi nýbýlastjórnar komi til. Þau býli“ o. s. frv., til enda greinarinnar, komi: en sé það þó gert, er styrkur ríkisins endurkræfur, og er nýbýlið til tryggingar þeirri greiðslu.
4. Við 4. gr.
   a. Í stað „10“ komi: 5.
   b. Orðin „enda setji ....“ til enda greinarinnar falli burt.
5. Við 5. gr. Greinin falli burt og greinatala breytist samkv. því.

6. Við 6. gr., er verður 5. gr. Greinin orðist svo:

Ef félög eða einstaklingur — nýbýlafélög — sem eigi ætla að gerast ábúendur á nýbýlinu, vinna að því að koma þeim upp, skulu slík nýbýli afhent væntanlegum ábúendum við kostnaðarverði, að frádregnum ríkissjóðsstyrknum. Ef slík nýbýli eru leigð um stundarsakir, skal leigan metin þannig, að ekki sé tekin leiga af framlagi ríkissjóðs til býlisins. Verði ágreiningur um leigumála, skal leigan metin af úttektarmönnum viðkomandi hrepps.

7. Við 7. gr., sem verður 6. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er hverjum jarðareiganda að byggja fleiri en eitt nýbýli á landi jarðar sinnar, ef ákvæðum 2. gr. um lágmarksstærð býlanna er fylgt. Þó getur enginn, er reisa vill nýbýli, notið þess stuðnings, sem ríkið veitir, nema nýbýlastjórn samþykki hið nýja býli og fram hafi farið sú rannsókn, sem um getur í 7. gr.

8. Við 8. gr., sem verður 7. gr. Greinin orðist svo:

Áður en ráðizt er í framkvæmdir til stofnunar nýbýla eða samvinnubyggða, fari fram rannsókn á allri aðstöðu, og sérstaklega á eftirtöldum atriðum:

1. Að náttúruskilyrði og aðstaða til markaðs og samgangna sé svo hagstæð, að líklegt sé, að framleiðslan beri sig.
2. Að land til býlanna geti fengizt með hæfilegu verði.
3. Á efni til húsagerðar o. fl.
4. Hvort skilyrði séu til nýtingar jarðhita eða virkjunar vatnsorku.

9. Við 9. gr. Greinin falli niður.

10. Við 10. gr., sem verður 8. gr. Í stað „stjórn“ komi: yfirstjórn.

11. Við 11. gr. Greinin verður 9. gr. og orðist svo:

Landbúnaðarráðherra skipar nýbýlastjóra og getur falið búnaðarmálastjóra það starf.

Nýbýlastjóri sér um og hefir með höndum allar framkvæmdir í nýbýlamálum.

Verði skipaður sérstakur nýbýlastjóri, skulu laun hans ákveðin af ráðherra, þar til þau verða ákveðin í launalögum.

12. Við 12. gr. Greinin verði 10. gr. og orðist svo:

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna nýbýlanefnd til þriggja ára í senn, og skal einn þeirra skipaður formaður. Hún skal vera ráðgefandi um allar framkvæmdir og gera tillögur um, hvaða nýbýli njóta styrks ár hvert.

Nefndarmenn fá þóknun fyrir starf sitt, 10 kr. fyrir hvern fund, er þeir sitja, og þó ekki yfir 300 kr. á ári hver.

13. Við 13. gr. Greinin verður 11. gr. og orðast svo:

Skylt er Búnaðarfélagi Íslands að láta starfsmenn sína aðstoða nýbýlastjóra í störfum hans, eftir því sem þörf krefur og um semst milli þess og landbúnaðarráðherra.

14. Við 15. gr., sem verður 13. gr.

a. Fyrsta málsgr. orðist svo:

Hinu nýja landnámi sé komið í framkvæmd á þann hátt, sem hér segir:

b. A-liður orðist svo:

A. Nýbýli byggð í landi, sem nýbýlingur á sjálfur, eða trygging er fyrir, að hann eignist samkvæmt ákvæðum 5. gr. Býlin reisa eigendur jarða eða nýbýlingar sjálfir, eftir því sem um semst við nýbýlanefnd og undir eftirliti nýbýlastjóra.

c. B-liður orðist svo:

B. Nýbýli reist í landi ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga. Þeir menn, sem hafa í hyggju að reisa slík nýbýli, senda nýbýlastjóra umsókn um það.

Uppfylli umsækjendur ákvæði 16. gr., gerir nýbýlastjóri samning við þá um framkvæmd verksins, og skal þar meðal annars ákveða, hvenær verkinu skuli lokið og á hvern hátt það sé unnið. Framkvæmd þess hluta verksins, sem styrkur er miðaður við, má þó ekki standa lengur yfir en 3 ár.

Þegar ráðstafað er landi sveitar- eða bæjarfélags til nýbýla eða samvinnubyggða, og skipulagðar framkvæmdir við stofnun þeirra, verður nýbýlastjóri að fá samþykki hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar fyrir ákvörðunum sínum.

d. C-liður orðist svo:

C. Samvinnubyggðir, reistar í landi ríkis, bæjar, sveitar eða nýbýlafélaga.

Um undirbúning framkvæmdanna gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Allar nauðsynlegar rannsóknir til undirbúnings stofnunar samvinnubyggða hafi verið framkvæmdar samkv. 7. gr.
2. Áður en hafizt er handa um stofnun samvinnubyggða, skal nýbýlastjóri tryggja það, eftir því sem hann telur þurfa, að nægilega margir ábúendur í væntanlegri samvinnubyggð séu reiðubúnir að mynda félag og gera með sér samþykkt samkvæmt 25. gr.
3. Væntanlegir ábúendur í samvinnubyggðum skulu, eftir því sem um semst og unnt er, vinna að stofnun býlanna. Teljast slík vinnuframlög sem hluti af því, er þeim ber að leggja fram sem stofnverð.
4. Nýbýlastjóri og nýbýlanefnd ákveða býlafjölda í hverri samvinnubyggð, hversu mikið land skuli fylgja hverju býli, í samráði við ábúendur, svo og hverskonar búskapur skuli aðallega stundaður á býlunum.
5. Nýbýlanefnd og nýbýlastjóri ákveða gerð húsa og skipulag byggðarinnar. Skylt er að leggja uppdrætti að húsum og skipulagsuppdrátt samvinnubyggðar undir álit stjórnar þess samvinnubyggðafélags, sem við byggðinni á að taka, og ber að taka til greina tillögur hennar, að svo miklu leyti sem mögulegt er.

Nánari ákvæði um þessi atriði skulu sett með reglugerð.

15. Við 17. gr., sem verður 16. gr.

a. Í stað „tilkynna nýbýlastjórn“ í 1. tölul. komi: tilkynna nýbýlastjóra.

b. Í stað „nýbýlastjórn samþykki“ í sama tölul. komi: nýbýlanefnd samþykki.

c. 3. tölul. verður 2. tölul.
d. 2. tölul. verður 3. tölul.
e. Við 4. tölul. Orðin „Telst styrkurinn ávallt“, o. s. frv. til enda greinarinnar, falli niður.

16. Við 18. gr., sem verður 15. gr. Greinin orðist svo:
Skilyrði til þess, að umsækjandi geti fengið aðstoð ríkisins við stofnun nýbýlis eða fengið ábúðarrétt á nýbýli, sem stofnað er eftir lögum þessum, eru þessi:
1. Að hann eigi ekki og hafi ekki árlangt átt aðra jörð eða býli, sem fjölskylda geti haft lífsframfæri af.
2. Að hann, að dómi nýbýlanefndar, sé svo efnum búinn, að hann geti lagt fram sinn hluta af stofnkostnaði býlisins og rekið bú á því, en sé þó ekki svo efnum búinn, að hann geti byggt býlið af eigin rammleik.
3. Að hann hafi þá þekkingu á búnaði, sem nauðsynleg verður að teljast, að dómi nýbýlanefndar, og hafi starfað við landbúnað minnst 2 ár.

17. Við 19. gr., sem verður 17. gr. Greinin orðist svo:
Þau nýbýli, sem ekki eru í einkaeign, skulu byggð samkvæmt lögum um erfðaábúð og óðalsrétt.

18. Við 20. gr. Greinin falli burt.

19. Við 21. gr. Greinin falli burt.

20. Við 22. gr. Greinin falli burt.

21. Við 23. gr. Greinin verði 18. gr. og orðist svo:
Ef nýbýli í einkaeign kemst í niðurníðslu, að dómi nýbýlanefndar, þannig að húsum og mannvirkjum er eigi við haldið, er styrkur ríkisins til stofnunar býlisins endurkræfur, og má þá selja býlið til lúkningar honum, ef þörf krefur.

22. Við 25. gr. Greinin verði 20. gr. og orðist svo:
Til ræktunar nýbýlis, sem stofnað er eftir lögum þessum, svo og til bygginga á því, má verja allt að 3500 kr. í styrk á hvert býli. Þó skal styrkur aldrei vera hærri en það, að hann nemi $^{7}/_{17}$ af stofnkostnaði býlisins, og má aldrei verja meiru en $^{3}/_{7}$ af því til ræktunar. Styrkur ríkisins greiðist eftir því sem um semst milli nýbýlanefndar og þess, er nýbýlið reisir, með vinnu eða peningum, og greiðist eftir því sem framkvæmd við byggingar og nýrækt miðar áfram, en þó aldrei fyrr til nýbýla, sem eru í einkaeign, en byrjað er á byggingum. Til þeirra framkvæmda, sem styrkur er veittur til samkv. lögum þessum, má ekki veita styrk samkvæmt jarðræktarlögunum.

23. Við 26. gr., er verður 21. gr. Greinin orðist svo:
Byggingar- og landnámssjóði Búnaðarbanka Íslands skal skipt í tvær deildir. Önnur deildin skal veita lán til þess að endurbyggja hús á jörðum, sem eru í ábúð. Hin deildin kallast nýbýladeild. Hún skal veita lán til þess að reisa nýbýli og samvinnubyggðir. Nýbýladeild hefir heimild til að gefa út veðbréf, er innleysist á 20—40 árum, og skal gerð bréfanna og nánara fyrirkomulag um sölu þeirra ákveðin af ráðuneytinu í reglugerð.

24. Ný grein, er verði 22. gr. og orðist svo:
Úr nýbýladeild byggingar- og landnámssjóðs skal veita lán til stofnunar

nýbýla samkv. lögum þessum, og má það vera allt að 3500 kr. á býli, og þó aldrei yfir $^{7}/_{17}$ af stofnkostnaði býlisins. Lánin skulu veitt gegn 1. veðrétti í býlinu og afborgist á 20—40 árum, eftir gerð húsa, og með eigi hærri vöxtum en greiða þarf af verðbréfum þeim, er sjóðurinn gefur út. Eigi má veðsetja býlin til tryggingar hærri upphæð en þeirri, sem getur í grein þessari, nema með leyfi nýbýlanefndar.

25. Við 27. gr., sem verður 23. gr. Greinin orðist svo:

Með hvers árs fjárlögum skal ákveðið, hve mikið fé sé lagt til stofnunar nýbýla á komandi ári. Skal svo nýbýlanefnd gera tillögur um, hvernig því fé skuli skipt milli héraða og hvaða umsækjendur skuli sitja fyrir um styrk. Á sama hátt gerir nýbýlanefnd tillögur til stjórnar Búnaðarbankans um lánveitingar úr nýbýladeild byggingar- og landnámssjóðs.

Nýbýlastjóri skal leggja tillögur nefndarinnar um styrkveitingu til nýbýla fyrir landbúnaðarráðherra, sem tekur um þær fullnaðarákvarðanir í samráði við hann.

26. Við 28. gr. Greinin falli burt.
27. Við 29. gr. Greinin falli burt.
28. Við 30. gr. Greinin falli burt.
29. Við 31. gr. Greinin falli burt.
30. Við 32. gr., er verður 24. gr. Síðari málsl. 2. málsgr. orðist svo:

Sjóðinn skal ávaxta í nýbýladeild byggingar- og landnámssjóðs, og annast sýslumenn innheimtuna á manntalsþingum, og fylgir gjöldunum lögtaksréttur.

31. Við 33. gr. Greinin falli burt.
32. Við 34. gr. Greinin falli burt.
33. Við 36. gr., sem verður 26. gr. Greinin orðist svo:

Allir þeir, sem ætla að gerast ábúendur í væntanlegri samvinnubyggð, skulu mynda með sér félag, er nefnist samvinnubyggðafélag. Félagsmenn skulu setja sér samþykkt í samræmi við lög þessi, og skal hún, til þess að öðlast gildi, vera staðfest af landbúnaðarráðherra eftir tillögu nýbýlanefndar. Í samþykkt samvinnubyggðafélags skal ákveða, hvort rekinn skuli einstaklingsbúrekstur eða samvinnubúrekstur í byggðinni.

Nánari fyrirmæli um undirbúning og setningu samþykkta samvinnubyggðafélaga skulu sett með reglugerð.

34. Við 37. gr., er verður 27. gr. Greinin orðist svo:

Tilgangur samvinnubyggðafélaga er:

1. Að kaupa eða leigja land fyrir væntanlega samvinnubyggð og annast undirbúning og framkvæmdir við að koma henni upp, svo og að annast lántökur til þeirra framkvæmda samkv. 21. gr., og skal nánar ákveða um þessi atriði í samþykkt félagsins.
2. Að koma á fót rafvirkjun eða mannvirkjum til hagnýtingar á hveraorku, eða öðrum mannvirkjum til sameiginlegra afnota fyrir félagsmenn og annast rekstur þeirra.

35. Við 38. gr. Greinin falli burt.
36. Við 39. gr. Greinin falli burt.

37. Við 41. gr., er verður 28. gr. Í stað orðanna „nýbýlastjórnar ríkisins“ komi: nýbýlanefndar og nýbýlastjóra.

Nd. 673. Nefndarálit

um frv. til l. um nýbýli og samvinnubyggðir.

Frá landbúnaðarnefnd.

Fyrir nefndinni lágu tvö frumvörp um þessi mál, annað flutt af HannJ og MT, „um nýbýli“, og hitt af BÁ, EmJ og PZ, eftir beiðni landbúnaðarráðh., „um nýbýli og samvinnubyggðir“. Nefndin hefir lagt hið síðara til grundvallar fyrir tillögum sínum, en gert við það allmiklar breytingartillögur bæði að efni og formi, og eru þær bornar fram á þskj. 672.

Nefndin hefir lagt mjög mikla vinnu í mál þetta og haldið um það fjölda funda undanfarinn mánuð, bæði virka daga og helga. Aðalefnisbreytingar í till. nefndarinnar eru við IV. kafla frumvarpsins, hvernig styrk og lánum skuli skipt milli hinna ýmsu nýbýlaflokka, og sömuleiðis upphæðir styrkja og lána. Í frumvarpinu var þetta mjög mismunandi á milli nýbýlaflokkanna, en till. n. fara í þá átt, að gera þeim öllum jafnhátt undir höfði í þessu falli. Annars verður ekki farið út í það hér að skýra einstakar breytingartillögur, heldur verður það geymt framsögu. Samkomulag hefir verið gott í nefndinni um flest höfuðatriði frumvarpsins, og er nefndin öll sammála um að mæla með samþykkt þess og stendur saman um breytingartillögur að öðru leyti en því, að einn nefndarmanna (JónP) hefir gert ágreining um fyrirkomulagið á stjórn nýbýlamálanna. Mun hann bera fram um það sérstakar breytingartillögur og skýra þær í deildinni. Annar nefndarmaður, GÍ, hefir einnig óbundið atkvæði um ýms atriði stjórnarfyrirkomulagsins.

Alþingi, 2. des. 1935.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskr. Emil Jónsson,
Guðbr. Ísberg. Jón Pálmason

Ed. 674. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs.

Frá fjármálaráðherra.

Við 2. gr. Á eftir orðunum „verða á“ í 3. málsgr. komi: 6000 króna skattskyldar tekjur eða þar yfir.

Ed. **675. Nefndarálit**

um frv. til l. um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Minni hl. er þeirrar skoðunar, að rétt sé að stuðla að auknum ferðum útlendinga til landsins, en telur heppilegt, að sú aukning komi smátt og smátt, jafnóðum og þjóðin verður fær um að koma upp nægilegum gistihúsakosti og öðrum viðbúnaði, sem þarf til þess að vér getum tekið sæmilega á móti miklum straumi erlendra ferðamanna og fullnægt kröfum útlendinga í því efni. En til þess viðbúnaðar mun þurfa allmikið stofnfé, sem vafasamt er, hvort hægt er nú að fá að láni erlendis, og enn vafasamara, hvort rétt er að taka frá öðrum atvinnurekstri landsmanna í skjótu bragði.

Væntir minni hl., að ferðamannastraumur muni aukast allmikið á næstu árum með því fyrirkomulagi, sem er, og að oss muni veitast fullerfitt að koma upp nægilegum viðbúnaði þar, sem vænta má, að ferðamannafjöldinn verði mestur, svo sem við Geysi.

Minni hl. telur tvísýnt, að ríkisrekstur sé heppilegastur í þessu efni, enda mun hann vera lítt eða ekki reyndur í mestu ferðamannalöndum álfunnar.

Ferðaskrifstofa ríkisins mundi kosta allmikið fé, og þykir minni hl. vafasamt, hvort rétt sé að skattleggja innlenda ferðamenn í því skyni að afla skrifstofunni fjár, ekki síst ef benzínskatturinn verður tvöfaldaður, en hann er líka skattur á innlenda ferðamenn.

Hinsvegar telur minni hl., að með tiltölulega litlum kostnaði megi gera meira að því að kynna landið erlendis, svo sem með útvarpserindum í sambandi við erlendar stöðvar og fréttasamböndum við þær, og með því að veita ræðismönnum Íslendinga og Dana erlendis sem fyllstar upplýsingar um land vort og þjóð og ferðir hingað.

Leggur minni hl. því til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Efri deild Alþingis væntir þess, að ríkisstjórnin hlutist til um, að ríkisútvarpið flytji sem oftast fræðsluerindi um land vort til endurvarps frá erlendum stöðvum og veiti ræðismönnum vorum sem fyllstar upplýsingar til að kynna landið út á við, og tekur í trausti þess fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. des. 1935.

Þorsteinn Briem, frsm. Magnús Guðmundsson.

Nd. **676. Breytingartillaga**

við frv. til l. um alþýðutryggingar.

Frá Héðni Valdimarssyni og Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Við 85. gr. Á eftir orðunum „lögum þessum“ í 1. málslið komi: koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 6 9. jan. 1935, og .....

Sþ. **677. Þingsályktun**

um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Sþ. 2. des.).

Samhljóða þskj. 545.

Ed. **678. Breytingartillaga**

við frv. til laga um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til eignarnáms í því skyni.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 2. gr. Í stað „10 aurum“ komi: 6 aurum.

Nd. **679. Nefndarálit**

um frv. til laga um fávitahæli.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta á fundi, og voru allir nefndarmenn sammála um að mæla með, að frv. nái að ganga fram. Einn nefndarmanna (BJ) var fjarverandi. En nefndin telur rétt, að sú breyting verði gerð á bráðabirgðaákvæðinu, að ríkið greiði ⅕ hluta meðgjafar með efnalausum fávitum í hælum, en framfærslusveitin ⅕ hluta, í stað ¾ og ¼ hluta, sem ráðgert er í frv.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við bráðabirgðaákvæði. Í stað „¾“ og „¼“ komi: ⅘ og ⅕.

Alþingi, 2. des. 1935.

Héðinn Valdimarsson, form. Thor Thors, frsm. Stefán Jóh. Stefánsson.

Garðar Þorsteinsson.

Nd. 680. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 42 20. júní 1923, um sandgræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og er sammála um að leggja til, að það verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem deildin telur ekkert því til fyrirstöðu, að Búnaðarfélag Íslands hafi yfirstjórn sandgræðslumálanna, lítur hún svo á, að ónauðsynlegt sé að setja nýja löggjöf um þetta efni, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. des. 1935.

Bjarni Ásgeirsson, form. Guðbr. Ísberg, frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskr.
Jón Pálmason. Emil Jónsson.

Nd. 681. Nefndarálit

um frumv. til l. um sauðfjárbaðanir.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og er sammála um, að það verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem yfirstandandi þing hefir afgreitt lög um útrýmingu fjárkláðans, og þar sem í gildi eru lög um þrifabaðanir, þá telur deildin enga þörf á nýrri löggjöf um þetta efni og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. des. 1935.

Bjarni Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskr.
Emil Jónsson. Guðbr. Ísberg.

Ed. 682. Breytingartillaga

við frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarpsgreinina skal orða svo:
Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Aanes, Arthur Emil Antonsen, vélstjóri í Vestmannaeyjum, fæddur í Noregi.
2. Aspelund, Erling, trésmiður á Ísafirði, fæddur í Noregi.
3. Hobbs, Josephina Antonia, hárgreiðslukona í Reykjavík, fædd í Reykjavík.
4. Johnsen, Didrik, sjómaður á Ísafirði, fæddur í Noregi.
5. Kristján Halldórsson Torfason, námsmaður á Flateyri, fæddur í Danmörku.
6. Nygaard, Annanias Peter Andreasen, vélasmiður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
7. Ommundsson, Ole, verkamaður á Skagaströnd, fæddur í Noregi.
8. Petersen, Bernhard, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
9. Randrup, Emil Vilhelm, lifrarbræðslumaður í Hafnarfirði, fæddur í Danmörku.
10. Schneider, Anton, sápugerðarmaður í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi.
11. Schröder, Johan, garðyrkjumaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
12. Simson, Jens Kristian Martinus Pedersen, myndasmiður á Ísafirði, fæddur í Danmörku.
13. Smith, Sverri Christiansen, loftskeytamaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.

Nd. 683. Breytingartillögur

við frv. til l. um breytingar á l. nr. 75 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá atvinnumálaráðherra.

1. Við 1. gr. Fyrsta málsgr. orðist svo:
   Til þess að öðlast réttindi til að hafa á hendi kennslu við barnaskóla ríkisins er krafizt:
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2. gr. og hljóði svo:
   Til þess að stofna einkaskóla og kenna við hann, þarf að uppfylla sömu skilyrði og um getur í 1. gr. Þó er fræðslumálastjórninni heimilt að veita þeim mönnum undanþágu frá þessu ákvæði, er hafa til þess eindregin meðmæli skólastjóra fræðsluhéraðsins (skólaumdæmisins) og skólanefndar, enda fullnægi skólinn kröfu heilbrigðisstjórnarinnar um húsakynni og hollustuhætti.
3. Við 2. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Jafnframt tilkynningunni ber að leggja fram sannanir fyrir því, að hlutaðeigandi kennari fullnægi skilyrðum þeim, er krafizt er til kennslustarfsins.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1936.
Greinatalan breytist skv. atkvgr.

Nd. 684. Nefndarálit

um till. til þál. um auknar strandvarnir við Vestmannaeyjar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþ. með eftirfarandi breytingum. Þó áskilur Gísli Guðmundsson sér rétt til að bera fram breytingartillögu síðar.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Aftan við orðið „Vestmannaeyjar“ í tillögugreininni komi: og fyrir Vestfjörðum.
2. Aftan við fyrirsögnina komi: og Vestfirði.

Alþingi, 2. des. 1935.

Finnur Jónsson, form. Páll Þorbjörnsson, frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskrifari.
Jóhann Þ. Jósefsson. Sigurður Kristjánsson.

Nd. 685. Lög

um breyting á lögum nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

(Afgreidd frá Nd. 3. des.).

Samhljóða þskj. 656.

Nd. 686. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og komizt að þeirri niðurstöðu eftir nána athugun, að mikil nauðsyn er á að breyta lögunum allmikið meira en frumvarpið gerir ráð fyrir. Hefir nefndin í því efni notið samstarfs við höfund laganna og mælir með, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Á undan frvgr. komi 8 nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (1. gr.). Á 1. grein laganna verði þessar breytingar:
      1. *Ós í sjó.* Skilgreiningin breytist þannig: Það svæði, er liggur milli þess staðar, er straumur fellur niður í ánni um smástraumsflóð, og niður til þess staðar, er straumur fellur niður um smástraumsfjöru.
      2. Orðið „Straumlína“ með skýringum falli burt úr greininni, en í staðinn komi:

         Áll: Þeir staðir langs eftir vatni eða á, þar sem dýpi er mest. Nú eru fleiri álar en einn, og heitir sá höfuðáll, sem dýpstur er.

         Kvísl: Þar, sem á fellur ekki í einu lagi, eða skiptist um hólma, sandeyrar, kletta eða grynnsli, kallast sá hluti vatns kvísl, sem fellur sér þegar vatnsborð er lægst.
      3. Orðið „Vatn“ með skýringum falli niður, en í staðinn komi:

         Stöðuvötn: Öll þau vötn ofan ósa, sem eigi er meiri straumhraði í en 18 metrar á klukkustund, nema sá straumur, sem orsakast af sjávarföllum eða afrennsli í stórflóðum.

         Straumvötn: Öll þau vötn ofan ósa, sem meiri straumhraði er í en 18 metrar á klukkustund þegar enginn vöxtur er í vatni og um lágfjöru.
   b. (2. gr.). Fyrsti liður 16. greinar laganna orðist þannig:

      Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 1. sept. ár hvert. Ráðherra getur þó, eftir tillögum veiðimálastjóra, heimilað stangarveiði til 10. september.
   c. (3. gr.). Síðasta málsgrein 20. greinar laganna orðist þannig:

      Skirteini um veiði til klaks heimilar þó eigi veiði í öðrum fiskihverfum en því, sem klakið er starfrækt við, nema með fullu samþykki veiðieigenda eða fiskiræktarfélaga, ef til eru, og má binda leyfið því skilyrði, að sleppt sé hæfilegri tölu seiða í það vatn, sem veitt var í.
   d. (4. gr.). Aftan við 1. lið 22. greinar laganna bætist:

      Þó getur ráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef veiðimálastjóri mælir með því.
   e. (5. gr.). Fyrir „4,5 cm“ í 1. lið 28. greinar laganna komi: 3,5 cm.
   f. (6. gr.). Fyrir „4,5 cm“ í 1. lið 29. greinar laganna komi: 3,5 cm.
   g. (7. gr.). 2. liður 30. greinar laganna orðist svo: Girðingar mega aldrei ná yfir meira en ⅓ af breidd ár, óss eða leiru, miðað við stórstraumsfjöruborð. Þó má aldrei girða lengra út en í miðjan höfuðál.
   h. (8. gr.). Aftan við 31. grein laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

      Nú hagar svo til, að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en svo, að leyfilegt sé samkvæmt 2. málsgrein, og vill hvorugur víkja. Þá skal mat skera úr ágreiningi. Þar, sem fastar veiðivélar eru settar, skal lögnin vera löggilt af hlutaðeigandi lögreglustjóra í samráði við veiðimálastjóra. Nánari ákvæði um löggildingu lagna skulu sett með reglugerð, er landbúnaðarráðherra semur.

2. Frvgr. verður 9. grein.
3. Ný grein, sem verður 10. gr., svo hljóðandi:
   Fyrir „10 ára“ í 64. grein laganna komi: 30 ára.
4. Ný grein, sem verður 11. gr., svo hljóðandi:
   Aftan við 84. grein laganna bætist ný grein, og breytist greinatala samkvæmt því. Greinin verði þannig:
   1. Nú hefir einhver veiðieigandi, sá er veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana með öllu fyrir þá sök, að ákvæði laganna fyrirmuna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma, og skal hann þá eiga kröfu til skaðabóta eftir mati, sbr. 83. gr.
   2. Kröfur um bætur skulu sendar ráðherra. Leitar hann um þær umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar og skipar matsmenn. Skaðabætur greiðist að ½ úr ríkissjóði og ½ úr sýslusjóði eða sýslusjóðum viðkomandi sýslu eða sýslna.

Alþingi, 2. des. 1935.

Bjarni Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskrif., með fyrirvara.
Guðbr. Ísberg, með fyrirvara. Emil Jónsson, með fyrirvara.

Ed. 687. Breytingartillögur

við frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs.

Flm.: Pétur Magnússon.

1. Við 2. gr. Síðasta málsgr. orðist þannig:
   Skattur sá, sem á verður lagður samkv. grein þessari, skiptist þannig, að $^9/_{10}$ hlutar hans renna í ríkissjóð, en $^1/_{10}$ hluti í bæjar- eða sveitarsjóð kaupstaðar þess eða hrepps, þar sem skatturinn er á lagður.
2. Við 3. gr.
   a. Orðin í 3. tölulið „Fatnaður allskonar“ og „skófatnaður annar en gúmmískófatnaður“ falli burt.
   b. Á eftir „fiskmottur“ í 6. málsgr. (undanþáguákvæðunum) komi: fiskpressur.

Nd. 688. Nefndarálit

um frv. til l. um alþýðutryggingar.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Við höfum ekki getað orðið samnefndarmönnum okkar sammála um afgreiðslu þessa máls. Við erum þó fylgjandi því, að tryggingarlöggjöf sé sett, en viljum gera ýmsar breytingar á frv. því, sem hér liggur fyrir.

Ákvæði frv. um slysatryggingar eru að mestu samhljóða núgildandi ákvæðum laga nr. 72 8. sept. 1931. Þó eru nokkrar breytingar í frv. á þeirri löggjöf, en þær teljum við yfirleitt til bóta.

Kaflinn um sjúkratryggingar hefir hinsvegar inni að halda alger nýmæli um skipun þessara mála. Þar er ákveðin tryggingarskylda allra manna yfir 16 ára aldur, á þeim stöðum, þar sem sjúkrasamlög verða stofnuð, og er gert ráð fyrir, að hver einstaklingur inni af höndum hátt gjald í þessu skyni, auk þess sem bæjarfélög og ríki leggja fram árlega ákveðinn hluta greiddra iðgjalda. En síðan eru sett ákvæði um það, að aðeins nokkur hluti þeirra manna, sem greiða eiga hin árlegu iðgjöld, skuli njóta tryggginganna, þannig að þeir verða, þrátt fyrir háar iðgjaldagreiðslur, að greiða sjálfir allan kostnað af sjúkdómum sínum. Þetta finnst okkur ranglátt. Við viljum, að þeir einir gjaldi beint til tryggginganna, sem þeirra njóta, enda er það í fullu samræmi við hinn almenna grundvöll trygginga. Við teljum ekki heldur ástæðu til, að ríkið né bæjarfélög greiði hluta af iðgjaldi þeirra manna, sem hafa yfir 3000 króna tekjur eftir að persónufrádráttur skv. skattalögum hefir átt sér stað.

Þar sem gjöldin til tryggginganna, bæði frá einstaklingum og hinu opinbera, nema verulegum upphæðum, 36 kr. árlega frá hverjum einstakling yfir 16 ára og samtals 18 kr. frá ríki og bæjarfélagi, skv. áætlun flutningsmanna, teljum við eigi kleift að *lögbjóða* slík útgjöld á meðan fjárhagsafkoma almennings, ríkis og bæja er jafnbágborin og ískyggileg og nú er. Við leggjum því til, að ákvæðin um sjúkratryggingarnar komi eigi til framkvæmda fyrr en fé er veitt til þeirra í fjárlögum.

Hinsvegar viljum við, að elli- og örorkutryggingarnar komi þegar til framkvæmda, svo að Lífeyrissjóður Íslands geti sem fyrst tekið til starfa. Við teljum, að það hafi stórvægilega þýðingu fyrir þjóðina að koma sér sameiginlega upp jafnöflugum sjóði og Lífeyrissjóði Íslands er ætlað að verða, er fram líða stundir. Gæti þetta fjármagn hrundið af stað eða veitt stuðning mörgu nytjafyrirtæki og nauðsynjamáli. Við teljum mun þann á lífeyri manna, sem ráðgerður er í 56 gr., eftir því hvar þeir eru búsettir, of mikinn, og erum þá samþykkir brtt. meiri hl. n., að upphæð lífeyrisgreiðslna sé síðar ákveðin með lögum.

Atvinnuleysistryggingar þær, sem í frv. felast, eru slíkar, að verkalýðs- eða starfsmannafélög í kaupstöðum, sem hafa myndað atvinnuleysissjóð innan félagsins, eiga rétt á allt að 100% framlagi úr ríkis- og bæjarsjóði, gegn iðgjöldum sjóðfélaga. Um félög daglaunamanna og sjómanna er beint ákveðið, að þetta framlag sé jafnt og iðgjöld félaga. Jafnframt er ákvæði um það, að aðeins eitt félag í hverjum kaupstað, innan sömu starfsgreinar, geti hlotið framlagið.

Við erum mótfallnir þessum atvinnuleysistryggingum og leggjum til, að þær verði felldar niður úr frv. Í fyrsta lagi eru atvinnuleysistryggingar jafnan mjög erfiðar og dýrar í þjóðfélagi, þar sem atvinna er jafnbundin við árstíðir og raun er á hjá okkur. Í öðru lagi er fjárhagsafkoma ríkis og bæjarfélaga eigi slík, að þeim sé kleift að leggja af mörkum óákveðnar stórupphæðir, minnst 150 þús. árlega, til atvinnuleysis í kaupstöðunum. Ef nægilegt fé væri fyrir hendi

hjá ríki og bæjarfélögum, teljum við, að þessum fjárhæðum væri miklu betur varið til *aukinnar atvinnu* með þjóðinni. Í þriðja lagi teljum við beinlínis ranglátt að styrkja aðeins þá menn með framlögum af almannafé, sem um stundarsakir kunna að ganga atvinnulausir í Reykjavík og öðrum bæjum hér á landi, meðan allur almenningur í kauptúnum landsins á við langvarandi atvinnuleysi og bágustu kjör að búa og lífskjör nær allra bænda og alls búaliðs virðist aðeins vera harðasta strit við nær engin laun né afrakstur. Í fjórða lagi teljum við, að atvinnuleysismeðgjafir í kaupstöðunum miði enn að því að auka þann fólksstraum úr sveitum landsins, sem án fyrirhyggju og forsjár hefir undanfarið offyllt kaupstaðina. Þessi framlög gætu því auðveldlega orðið til þess að raska enn meir jafnvægi atvinnulífsins og svipta hinar dreifðu byggðir landsins þeirri lífsorku, sem þær þarfnast sér til varnar og vaxtar. Í fimmta lagi teljum við, að ákvæði frv. miðist eingöngu við hagsmuni sósialistanna í kaupstöðunum, og framlögum ríkis og bæja, sem flm. frv. áætla þegar á fyrsta ári eitt hundrað og fimmtíu þúsund krónur, sé fyrst og fremst ætlað það hlutverk að efla félagssamtök sósíalista og þar með að auka vald forsprakka þeirra yfir skoðunum og afkomu alþýðu manna. Þetta álit okkar byggist á því, að stjórnum verkalýðsfélaganna eru ætluð öll yfirráð atvinnuleysissjóðanna. Væntum við, að þessi rök nægi til að leiða athygli hv. d. að því, að fella ber þessar atvinnuleysistryggingar.

Að öðru leyti erum við tryggingum fylgjandi og leggjum til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

Við I. kafla.

1. Við 1. gr. Töluliður 4 falli niður.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Tryggingarstofnun ríkisins hefir heimili og varnarþing í Reykjavík, en umboðsmenn annarsstaðar þar sem þörf krefur.
2. Við 6. gr. Eftir orðinu „ríkisins“ í 2. mgr. komi: tryggingarráðs.
4. Við 7. gr. Fyrsta málsgr. orðist þannig:
   Ráðherra skipar þriggja manna tryggingarráð. Skal einn vera tryggingarfræðingur eða hagfræðingur og annar lögfræðingur.

Við III. kafla.

5. Við 22. gr. Greinin orðist þannig:
   Þar, sem sjúkrasamlag er stofnað, hefir sérhver maður, karl eða kona, eldri en 16 ára, búsettur á samlagssvæðinu, sem á síðastliðnu ári hafði ekki hærri árstekjur en 4500 krónur, eftir að persónufrádráttur hefir átt sér stað samkv. skattalögum, rétt og skyldu til að tryggja sig í samlaginu. Undanteknir eru þeir, er dvelja í sjúkrahúsum eða heilsuhælum vegna alvarlegra langvarandi veikinda.

6. Við 23. gr. Greinin orðist þannig:
Rétt til þeirra hlunninda, sem sjúkrasamlög veita, eiga allir meðlimir þess.
Hjón njóta þó því aðeins hlunninda, að samanlagðar tekjur þeirra fari ekki fram úr því, sem sagt var í 22. gr.
7. Við 33. gr. Aftan við greinina bætist: Þeirra, er hafa 3000 króna árstekjur eða lægri á síðastliðnu ári, eftir að persónufrádráttur hefir átt sér stað samkv. skattalögum.

Við V. kafla.

8. Fyrirsögn kaflans og 61.—72 gr. falli niður.

Við VII. kafla.

9. Við 87. gr. Fyrsta málsgr. orðist svo:
Menn, sem orðnir eru fullra 60 ára þegar lög þessi öðlast gildi, eru undanþegnir iðgjaldagreiðslu til Lífeyrissjóðs Íslands.
10. Við 88. gr.
a. Fyrsti málsliður orðist þannig: Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1936. Þó skulu ákvæði III. kafla um sjúkratryggingar ekki koma til framkvæmda fyrr en fé er veitt til þeirra í fjárlögum.
b. Orðin „Lög nr. 103 19. júní 1933, um sjúkrasamlög“ falli burt.

Alþingi, 3. des. 1935.

Thor Thors, frsm. Garðar Þorsteinsson.

Ed. 689. Lög

um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar.

(Afgreidd frá Ed. 3. des.).

Samhljóða þskj. 547.

Ed. 690. Lög

um búreikningaskrifstofu ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 3. des.).

Samhljóða þskj. 540.

Ed. 691. Breytingartillaga

við frv. til l. um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöð og til eignarnáms í því skyni.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 9. gr. Annar málsliður falli niður.

Ed. 692. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 75 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til þess að öðlast réttindi til að hafa á hendi kennslu við barnaskóla ríkisins er krafizt:

a. að umsækjandi hafi óflekkað mannorð.
b. að hann hafi lokið kennaraprófi við kennaraskóla Íslands, sbr. þó lög nr. 24 23. júní 1932, eða stúdentsprófi ásamt að minnsta kosti eins árs námi við kennaraskóla Íslands í uppeldis- og kennslufræði og kennaraprófi í þeim greinum, og auk þess samskonar námi og prófi í öðrum þeim námsgreinum, sem krafizt kann að verða til kennaraprófs og ekki eru teknar til stúdentsprófs. Meðan kennaraskóli Íslands útskrifar ekki kennara í öllum þeim námsgreinum, sem kenndar eru við barnaskóla, hafa þeir rétt til að verða kennarar í þessum námsgreinum, sem aflað hafa sér nægjanlegrar menntunar til þess, að dómi fræðslumálastjóra, enda hafi þeir stundað að minnsta kosti eins ár nám við kennaraskóla Íslands í uppeldis- og kennslufræði og lokið þar kennaraprófi í þeim greinum.
c. að umsækjandi sýni læknisvottorð um gott heilsufar.
d. að hann hafi að minnsta kosti einn um tvítugt.

2. gr.

Til þess að stofna einkaskóla og kenna við hann, þarf að uppfylla sömu skilyrði og um getur í 1. gr. Þó er fræðslumálastjórninni heimilt að veita þeim mönnum undanþágu frá þessu ákvæði, er hafa til þess eindregin meðmæli skólastjóra fræðsluhéraðsins (skólaumdæmisins) og skólanefndar, enda fullnægi skólinn kröfu heilbrigðisstjórnarinnar um húsakynni og hollustuhætti.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Nú sækir enginn, sem fullnægir skilyrðum 1. gr. staflið b., um auglýsta kennarastöðu áður en umsóknarfrestur er útrunninn, og skal skólanefnd þá

gera ráðstöfun til að útvega kennara, sem fullnægir þessum skilyrðum, en ef það tekst ekki, þá svo hæfan kennara sem kostur er á, til að hafa kennsluna á hendi næsta skólaár, eða þangað til löglega skipaður kennari getur tekið við henni.

Skylt er skólanefndum og skólastjórum einkaskóla að tilkynna fræðslumálastjóra árlega, á þeim tíma, er hann ákveður, hverjir eigi að starfa við skóla þeirra sem kennarar næsta skólaár, sem ekki eru settir eða skipaðir af fræðslumálastjórninni.

Jafnframt tilkynningunni ber að leggja fram sannanir fyrir því, að hlutaðeigandi kennari fullnægi skilyrðum þeim, er krafizt er til kennslustarfsins.

4. gr.

Aftan við 15. grein laganna bætist: Ákvæði 1. greinar staflið b. ná ekki til þeirra kennara, er skipaðir hafa verið af kennslumálastjórninni, er lög þessi öðlast gildi.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1936.

Ed. 693. Breytingartillögur

við frv. til laga um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs.

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

Við 3. gr.

1. Úr 2. tölul. falli eftirtalin orð, en bætist á viðeigandi stað inn í næstsíðustu málsgr. greinarinnar (undanþáguákvæðin):
   a. „búsáhöld allskonar, eldhúsáhöld allskonar“,
   b. „greiður, hreinlætisvörur allskonar“.
   c. „kaffi“.
   d. „olíulampar og tilheyrandi“.
   e. „stívelsi“, „straujárn“.
   f. „sykur“.
   g. „tauvindur, vogir og tilheyrandi, þvottabretti og þvottaefni allskonar“.
2. Úr 3. tölul. flytjist í næstsíðustu málsgr. greinarinnar þessi orð:
   a. „Fatnaður allskonar, band, garn og tvinni allskonar“.
   b. „kakaó, kryddvörur, sagó“.
   c. „skófatnaður“.
   d. „smávarningur á og til fata, svo sem tölur, krókapör, smellur, spennur, leggingar, tvinni, snúrur og teygjubönd“.
3. Úr 3. tölul. falla ennfremur burt orðin: „annar en gúmmískófatnaður“.
4. Úr 4. tölul. flytjist í næstsíðustu málsgr. greinarinnar þessi orð:
   a. „ávextir nýir“.
   b. „ávextir þurrkaðir“.
   c. „grænmeti nýtt“.
   d. „grænmeti þurrkað“.
5. Úr 4. tölul. falli ennfremur orðin: „hljóðfæri og músíkvörur“.

Nd. 694. Breytingartillögur

við frv. til l. um nýbýli og samvinnubyggðir og við brtt. á þskj. 672.

Frá Jóni Pálmasyni.

1. 11., 12. og 13. brtt. á þskj. 672 (nýjar gr., er verði 9., 10. og 11. gr. frv.) falli niður, en í staðinn komi ný grein, sem verður 9. grein, svo hljóðandi:

   Búnaðarfélag Íslands hefir á hendi stjórn nýbýlamála samkvæmt lögum þessum, undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra. Ber félaginu að fela þremur sinna starfsmanna stjórn þessara mála til 3 ára í senn, og sé einn formaður. Kallast það nýbýlanefnd.

   Greinatalan breytist samkvæmt þessu.
2. Fyrir orðið „nýbýlastjóri“ alstaðar í frumvarpinu og breytingartillögunum á þskj. 672 komi: nýbýlanefnd.

Nd. 695. Breytingartillögur

við frv. til l. um alþýðutryggingar.

Frá Héðni Valdimarssyni og Stefáni Jóh. Stefánssyni.

1. Við 29. gr. 1. tölulið. Aftan við töluliðinn bætist: Heimilt er sjúkrasamlagi að semja við tryggingarlækni um innheimtu þess ¼ hluta læknishjálpar utan sjúkrahúss, sem sjúkrasamlaginu er ekki skylt að greiða tryggingarlækninum.
2. Á eftir 29. gr. kemur ný gr., er verður 30. gr.:

   Tryggingarstofnun ríkisins er heimilt, í samráði við landlækni, að semja fyrir sjúkrasamlög um greiðslur til tryggingarlækna. Náist ekki samkomulag, eða að svo miklu leyti, sem ósamið verður, er stjórn sjúkrasamlags heimilt að greiða tryggingarlæknum eftir reglum, sem tryggingarstofnun ríkisins setur.
3. Við 47. gr. 2. tölulið. Töluliðurinn orðist svo: Einn af hundraði af skattskyldum árstekjum, sbr. l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Nd. 696. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir eina umr. í Ed.).

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Aanes, Arthur Emil Antonsen, vélstjóri í Vestmannaeyjum, fæddur í Noregi.
2. Aspelund, Erling, trésmiður á Ísafirði, fæddur í Noregi.
3. Hobbs, Josephina Antonia, hárgreiðslukona í Reykjavík, fædd í Reykjavík.

4. Johnsen, Didrik, sjómaður á Ísafirði, fæddur í Noregi.
5. Kristján Halldórsson Torfason, námsmaður á Flateyri, fæddur í Danmörku.
6. Nygaard, Annanias Peter Andreasen, vélasmiður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
7. Ommundsson, Ole, verkamaður á Skagaströnd, fæddur í Noregi.
8. Petersen, Bernhard, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
9. Randrup, Emil Vilhelm, lifrarbræðslumaður í Hafnarfirði, fæddur í Danmörku.
10. Schneider, Anton, sápugerðarmaður í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi.
11. Schröder, Johan, garðyrkjumaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
12. Simson, Jens Kristian Martinus Pedersen, myndasmiður á Ísafirði, fæddur í Danmörku.
13. Smith, Sverri Christiansen, loftskeytamaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.

Nd. 697. Breytingartillaga

við frv. til l. um alþýðutryggingar.

Frá Bergi Jónssyni.

Við 67. gr. Í stað „¾“ komi: ⅔.

Nd. 698. Nefndarálit

um frv. til laga um útgerðarsamvinnufélög.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv., og viðurkenna allir nefndarmenn nauðsyn lagasetningar um það efni, sem frv. fjallar um. Hinsvegar áskilja nefndarmenn sér rétt til að bera fram breytingartillögur við frv. Gísli Guðmundsson fylgir frv. óbreyttu. Einn nefndarmanna, Sigurður Kristjánsson, var fjarverandi, þegar ákvörðun var tekin.

Alþingi, 5. des. 1935.

Finnur Jónsson,	Gísli Guðmundsson,	Jóhann Þ. Jósefsson.	Páll Þorbjörnsson.
form.	fundaskr., frsm.		

Nd. **699. Frumvarp til laga**

um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til eignarnáms í því skyni.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórnin skal stofna sjóð, er nefnist klaksjóður og varið skal til þess að standast rekstur klakstöðva, sem reistar kunna að verða samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta klaksjóðsgjald, er nemi 6 aurum á kg. af laxi, sem veiddur er hérlendis og seldur á innlendum eða erlendum markaði. Klaksjóðsgjald, ásamt 5000 króna tillagi úr ríkissjóði árlega í næstu fimm ár og tekjur af sölu laxaseiða frá klakstöðvum ríkisins, rennur í klaksjóð.

3. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að reisa a. m. k. tvær klakstöðvar, og skal hvor eða hver stöð geta framleitt allt að 2,5 millj. laxaseiða. Skal allt að 10% af árlegri seiðaframleiðslu stöðvanna látið í ár þær og vötn, sem stofnveiðin er úr. Að jafnaði skulu seiðin látin í vötnin að réttri tiltölu við stofnveiðina úr þeim.

4. gr.

Vegna stofnveiða til klakstöðva þeirra, er ræðir um í 3. gr., skal ríkisstjórninni heimilt:

a. að kaupa eða taka á leigu öll veiðiréttindi í Laxá í Kjósarsýslu, ásamt veiðimannahúsinu Árnesi við Laxá með tilheyrandi landspildu, og öll veiðiréttindi í Bugðu og Meðalfellsvatni í sömu sveit.
b. að taka á leigu veiðiréttindi öll í Laxá úr Mývatni.

Takist ekki hagkvæmir samningar, að dómi ríkisstjórnarinnar, um kaup eða leigu á veiðiréttindum í a- og b-lið, skal ríkisstjórninni heimilt að taka þau eignarnámi, og er það þá á valdi ríkisstjórnarinnar, hvort eignarnámið tekur til kaups eða leigu á veiðiréttindum þeim, er getur í a-lið þessarar greinar. Um framkvæmd eignarnámsins skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 1917.

5. gr.

Heimilt skal að veiða til klakstöðvanna á hvern þann hátt og á hverjum þeim tíma, sem henta þykir.

6. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að verja allt að 16000 kr. til byggingar og útbúnaðar klakstöðva þeirra, sem um er rætt í 3. gr. Rekstrarkostnaður klakstöðvanna greiðist úr klaksjóði. Nægi tekjur klaksjóðs eigi til, greiðist mismunurinn úr ríkissjóði.

7. gr.

Klakstöðvar ríkisins skulu selja fiskiræktar- og veiðifélögum laxaseiði fyrir eigi meira verð en 8 kr. þúsundið flutt í á þá, sem seiðin eru ætluð í. Heimilt er að selja öðrum en fiskiræktar- og veiðifélögum laxaseiði frá klakstöðvum ríkisins. Landbúnaðarmálaráðherra setur reglugerð um starfrækslu klakstöðvanna og um sölu og flutning seiðanna.

8. gr.

Nú verða tekjur klaksjóðs meiri en svo, er þarf til þess að greiða rekstrarkostnað af klakstöðvum þeim, sem rætt er um í 3. gr., og skal þá verja tekjuafganginum til stofnunar nýrra klakstöðva og rekstrar þeirra.

9. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að setja reglugerð um innheimtu á gjaldi því, sem rætt er um í 2. gr.

10. gr.

Með brot gegn 2. gr. skal farið eftir almennum ákvæðum tolllaga. Fyrir brot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal annars refsað með sekt, allt að kr. 1000.00, ef þyngri refsing liggur ekki við að öðrum lögum.

11. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 700. Breytingartillaga

við frv. til l. um alþýðutryggingar.

Frá Héðni Valdimarssyni.

Við 70. gr. 2. málsgr. Á eftir orðinu „bæjarsjóðir“ komi: eða sveitarsjóðir.

Nd. 701. Frumvarp til laga

um fóðurtryggingarsjóði.

Flm.: Páll Zóphóníasson og Bjarni Ásgeirsson

1. gr.

Ríkissjóður skal leggja fram allt að 75 þús. krónur árlega til fóðurtryggingarsjóða samkvæmt lögum þessum.

Í byrjun hvers árs skal reikna út, hvernig skipta beri 75000 króna framlagi

milli sýslufélaga í réttu hlutfalli við búfjáreign framteljenda í hverri sýslu. Í reglugerð skal ákveða, hvernig búféð skuli lagt í einingar, til að skipta fénu eftir. Strax og skipting hefir farið fram, skal tilkynna oddvitum sýslunefnda, hver sé hlutur hverrar sýslu á yfirstandandi ári.

2. gr.

Sýslunefndir geta stofnað fóðurtryggingarsjóði eftir því, sem ákveðið er í lögum þessum.

Þegar stofna skal fóðurtryggingarsjóð í sýslufélagi, skal gerð um það samþykkt á sýslunefndarfundi, og er hún gild, ef meiri hluti sýslunefndar samþykkir hana. Í henni skal ákveða, á hvern hátt afla skuli fjár í fóðurtryggingarsjóð, og má ákveða að jafna því að nokkru eða öllu leyti niður á búfjáreigendur eftir sama mælikvarða og framlagi ríkissjóðs samkvæmt 1. gr.

Eftir að sýslunefnd hefir gert samþykkt um stofnun fóðurtryggingarsjóðs, skal bera hana undir atkvæði þeirra, er gjaldskyldir eru til sjóðsins samkvæmt samþykkt sýslunefndar.

Skal það gert á fundum í hreppunum, og skulu þeir haldnir áður en sex vikur eru liðnar frá því samþykktin var gerð á sýslufundi.

3. gr.

Heimilt er þeim hreppum, þar sem eru starfandi fóðurbirgðafélög, að vera utan þátttöku í stofnun fóðurtryggingarsjóðs, enda tilkynni þau oddvita sýslunefndar ákvörðun sína eigi síðar en 4 vikum frá því sýslunefnd hefir samþykkt stofnun fóðurtryggingarsjóðs.

4. gr.

Nú hefir frumvarp sýslunefndar um stofnun fóðurtryggingarsjóðs verið samþykkt af meiri hluta þeirra hreppsfélaga, sem ekki hafa lýst því yfir samkvæmt 3. gr., að þau vilji ekki taka þátt í sjóðsmynduninni, og er þá fóðurtryggingarsjóður löglega stofnaður í viðkomandi sýslu.

5. gr.

Nú er fóðurtryggingarsjóður löglega stofnaður samkvæmt 2., 3. og 4. gr., og á hann þá rétt á að fá framlag úr ríkissjóði til fóðurtryggingarsjóðs sýslunnar, í hlutfalli við búfjárfjölda þeirra, er þátt taka í starfsemi þessari innan sýslunnar, enda sé lagt að minnsta kosti jafnt framlag á móti.

6. gr.

Stjórn hvers fóðurtryggingarsjóðs skal skipuð þrem mönnum. Kýs sýslunefnd tvo, en sá þriðji skal skipaður af landbúnaðarráðherra, og er hann formaður.

7. gr.

Sýslunefnd ákveður innheimtumenn sjóðsgjalda, og má fela það oddvitum hreppanna. Innheimtumenn afhenda sjóðstjórninni sjóðinn, og skal hún sjá

um, að hann sé ávaxtaður á tryggan hátt, og aldrei má festa sjóðinn þannig, að hann sé ekki handbær á hverju hausti.

Reikningsár fóðurtryggingarsjóða sé miðað við 1. sept. Sjóðstjórnir semja reikninga fóðurtryggingarsjóða og senda þá til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. nóv., og skulu þeir endurskoðaðir með landsreikningunum.

8. gr.

Stjórnir fóðurtryggingarsjóða skulu á hverju hausti afla sér glöggs yfirlits um ásetning, hver í sínu umdæmi. Sé nokkur ástæða til að ætla, að einhverja búfjáreigendur innan umdæmisins skorti fóður handa búfé sínu á komandi vetri, skal sjóðstjórnin verja sjóðnum til kaupa fóðurbætis, og geyma hann á þeim stöðum í sýslunni, sem hagkvæmast er fyrir búfjáreigendur.

9. gr.

Þegar fóðurskortur verður, úthlutar sjóðstjórnin fóðurbæti til þeirra hreppa, sem verst eru staddir. Þessi úthlutun fer fram eftir umsögnum forðagæzlumanna, og sjá hreppsnefndir um úthlutunina, hver innan síns hrepps. Fóðurbætirinn skal lánaður vaxtalaust, en sjá skal hreppsnefnd um fulla greiðslu á andvirði hans, eigi síðar en 14. ágúst sumarið eftir að fóðurbætirinn var lánaður.

10. gr.

Nú verður almennur fóðurskortur vegna óviðráðanlegra orsaka, svo sem mjög lélegrar sprettu, afleitrar nýtingar heyja eða mikilla vetrarharðinda, og er þá sjóðstjórninni heimilt að láta nokkuð af fóðurforða sjóðsins endurgjaldslaust til þeirra bænda, af þeim sem vantar fóður, sem verst eru staddir efnalega.

Á sama hátt má bæta tjón á fóðri, sem einstakir bændur verða fyrir, svo sem ef hey brenna, ef vatn eyðir heyi o. fl. Þó má aldrei bæta þann skaða meira en að ⅕ hluta, að dómi forðagæzlumanna og hreppsnefndar, og því aðeins, að minnst ⅓ heildarforðans hafi eyðilagzt.

Aldrei má þó verja meira en hálfum höfuðstól sjóðsins til styrktar samkvæmt þessari grein.

11. gr.

Atvinnumálaráðuneytið (landbúnaðarráðherra) skal semja fyrirmynd að samþykkt fyrir fóðurtryggingarsjóði sýslufélaganna.

Sýslunefndir setja fóðurtryggingarsjóðum samþykktir, sem skulu vera í samræmi við fyrirmynd ráðuneytisins, og senda þær síðan ráðuneytinu til staðfestingar.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1936.

Greinargerð.

Eitthvert alvarlegasta böl landbúnaðarins er slæmur ásetningur. Af honum leiðir vanhöld á fénaði og afurðum hans.

Þetta hefir mörgum verið ljóst, og löggjafar þjóðarinnar hafa margoft reynt að gera ráðstafanir, sem tryggi beztan ásetning. Forðagæzlulögin, lög um samþykktir heyforðabúra og kornforðabúra, svo og IV. kafli búfjárræktarlaganna um fóðurbirgðafélög, eru m. a. öll til þessa sett.

En reynslan sýnir, að þetta er ónóg. Fóðurbirgðafélög eru nú í 18 hreppum, kornforðabúr í 5 eða 6 og heyforðabúr í fáum.

Í þeim hreppum, sem fóðurbirgðafélögin hafa starfað lengst í, er þessum málum nú komið í gott horf. Þar er ásetningur að haustinu góður, og þá til varaforði, ef óvenjuleg harðindi ber að höndum.

Víða annarsstaðar er ásetningur góður, miðað við meðalvetur, en mjög óvíða er til nokkur sameiginlegur varaforði, sem grípa má til, ef harðindi ber að höndum. Þó eru til sjóðir í 4—5 hreppum, sem engin félög eru í, sem notaðir eru til kaupa á varafóðurforða að haustinu. En í langflestum hreppum landsins, eða um 88%, eru engar ráðstafanir gerðar til að afla varafóðurforða, sem til sé, ef harðindi ber að höndum, og í mörgum þeirra er ásetningur djarfur, þó miðað sé við meðalvetur.

Stofnun fóðurbirgðafélaga er vitanlega bezta og öruggasta leiðin til að tryggja ásetninginn, en eins og áður er sagt, eru þau fá enn. Þess vegna þykir nú rétt að reyna enn eina leið til að örva bændur til þess að tryggja sér varafóðurforða að haustinu, og jafnframt að létta undir með að koma honum upp. Er sú leið hér farin að styrkja að hálfu fóðurtryggingarsjóði, er upp komist í sýslunum. Það þótti að athuguðu máli réttara að láta starfsvið sjóðsins ná yfir sýslufélög en hreppsfélög. Bar það einkum til, að oft getur ástand verið misjafnt innan sama sýslufélags, og sameiginlegur sjóður þá komið að fullum notum, þó sjóður, sem bundinn væri við hreppinn, og því miklu minni, reyndist ófullnægjandi til bjargar. Má frá síðustu tveim árum finna mörg dæmi, sem sanna þetta.

Það nýmæli er enn í frumv. þessu, að heimilt er að láta nokkuð úr sjóðunum sem beinan styrk, þegar sérstaklega stendur á. Þó þetta hafi ekki áður verið í lögum, hafa oftar en einu sinni verið gefin eftir lán af hálfu þess opinbera, sem veitt hafa verið þegar sérstakt harðæri hefir borið að höndum, svo í rauninni er hér ekki um nýmæli að ræða, heldur aðeins lögfesting á venju, sem þegar hefir skapazt.

Að öðru leyti verður gerð nánari grein fyrir frumvarpinu í framsögu.

Nd. 702. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 686 [Lax- og silungsveiði].

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 1. b.

a. Fyrir „1. sept.“ komi: 15. sept.

b. Fyrir „10. september“ komi 20. september.

Ed. 703. Breytingartillaga

við frv. til l. um sameining Blönduóskauptúns í eitt hreppsfélag.

Frá Þorsteini Briem og Ingvari Pálmasyni.

Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Fyrir missi tekna úr Blönduóskauptúni utan Blöndu greiði Blönduóshreppur Engihlíðarhreppi bætur, og skulu þær bætur reiknaðar þannig, að þær gefi með 5% vöxtum þær tekjur, er Engihlíðarhreppur hefir að meðaltali síðustu fimm ár haft árlega af þessum hreppshluta, að frádregnum þeim gjöldum, er hann hefir borið hans vegna.

Ed. 704. Breytingartillaga

við frv. til laga um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 3. gr. Við næstsíðustu málsgr. bætist. Sömuleiðis eru undanþegnar gjaldinu vélar, tæki og efni vegna virkjunar Sogsins, samkv. lánssamningi, gerðum í Stockholm 8. desember 1934.

Ed. 705. Breytingartillögur

við frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs.

Frá Þorsteini Briem.

Við 3. gr.

A. Orðið „skóflur“ í 2. lið falli burt.

B. Á eftir orðunum „ljáir og blöð“ í næstsíðustu málsgrein (undanþáguákvæðum) komi: skóflur og landbúnaðarverkfæri allskonar.

C. Á eftir orðinu „rúgur“, í sömu málsgr., komi: fóðurvörur allskonar, sement.

Ed. 706. Breytingartillaga

við frv. til laga um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs.

Frá Þorst. Þorsteinssyni.

Við 3. gr. Inn í næst síðustu málsgr. bætist á viðeigandi stöðum: Baunir (ertur), hveiti, trjáviður, þakjárn.

Ed. 707. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs.

Frá fjármálaráðherra.

Við 3. gr. 3. Orðin „og tvinni allskonar“ falli burt.

Ed. 708. Viðaukatillaga

við brtt. á þskj. 704 [Tekjuöflun til ríkissjóðs].

Frá Bernh. Stefánssyni.

Við tillöguna bætist: svo og tæki og efni vegna rafveitu á Siglufirði, samkv. þegar gerðum sérleyfissamningi.

Nd. 709. Frumvarp til laga

um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Til þess að greiða með sérstök framlög úr ríkissjóði til atvinnuveganna, verklegra framkvæmda, nýbýlamyndunar og alþýðutrygginga er ríkisstjórninni heimilt að afla tekna á þann hátt, er greinir hér á eftir.

2. gr.

Með því að leggja á tekjuskatt á árinu 1936 eftir þeim skattstiga, sem hér fer á eftir, í stað þess skattstiga, sem greinir í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og þess viðauka, sem heimilaður er í 1. gr. laga nr. 82 26. apríl 1935:

Af	1000–	2000	kr.	skattskyldum	tekjum	greiðast	10	kr.	af	1000	kr.	og 2% af afg.
—	2000–	3000	—	—	—	—	30	—	–	2000	—	– 5— – —
—	3000–	4000	—	—	—	—	80	—	–	3000	—	– 7,5- – —
—	4000–	5000	—	—	—	—	155	—	–	4000	—	– 10— – —
—	5000–	6000	—	—	—	—	255	—	–	5000	—	– 15— —
—	6000–	7000	—	—	—	—	405	—	–	6000	—	– 20— – —
—	7000–	8000	—	—	—	—	605	—	–	7000	—	– 30— – —
—	8000–	9000	—	—	—	—	905	—	–	8000	—	– 31— – —
—	9000–	10000	—	—	—	—	1215	—	–	9000	—	– 31,5- – —
—	10000–	11000	—	—	—	—	1530	—	–	10000	—	– 32— – —
—	11000–	12000	—	—	—	—	1850	—	–	11000	—	– 33— – —
—	12000–	13000	—	—	—	—	2180	—	–	12000	—	– 34— – —

Af 13000–14000 kr. skattskyldum tekjum greið.			2520 kr.	af 13000 kr.	og 35%	af afg.
— 14000–15000 —	—	—	2870 —	- 14000 —	- 36—	- —
— 15000–16000 —	—	—	3230 —	- 15000 —	- 37—	- —
— 16000–18000 —	—	—	3600 —	- 16000 —	- 38—	- —
— 18000–20000 —	—	—	4360 —	- 18000 —	- 39—	- —
— 20000–22000 —	—	—	5140 —	- 20000 —	- 40 —	- —
— 22000–24000 —	—	—	5940 —	- 22000 —	- 41 —	- —
— 24000–26000 —	—	—	6760 —	- 24000 —	- 42—	- —
— 26000–28000 —	—	—	7600 —	- 26000 —	- 42 —	- —
— 28000 og þar yfir	—	—	8460 —	- 28000 —	- 44—	- —

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, er um ræðir í 3. gr. b-lið laga nr. 6 9. janúar 1935, greiðist 10%, ef skattskyldar tekjur þeirra nema 7000 kr. eða þar yfir.

Sá skattauki, sem lagður kann að verða á 6000 króna skattskyldar tekjur eða þar yfir samkvæmt þessum lögum, skiptist í tvo jafna hluta, og skal öðrum hlutanum varið til þeirra framkvæmda, sem taldar eru í 1. gr., en hinn hlutinn skal renna til bæjar- eða sveitarsjóðs kaupstaðar þess eða hrepps, þar sem skatturinn er á lagður.

3. gr.

Með því að innheimta á árinu 1936 gjald til ríkissjóðs af vörum þeim, sem fluttar eru hingað til lands og ekki eru undanþegnar því í þessum lögum. Gjaldið skal greiða af innkaupsverði varanna, kominna um borð í skip, sem flytja á vörurnar hingað til lands. Skal hlutaðeigandi lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, stimpla á þann hátt, er ræðir um í lögum nr. 75 27. júní 1921, innkaupsreikninga yfir vörurnar með þeim hundraðshlutum í gjald af innkaupsverðinu, sem hér greinir:

1. Með 2% stimplast reikningar yfir allar aðrar vörur en þær, sem tilgreindar eru í 2., 3. og 4. tölulið hér á eftir, eða eru sérstaklega undanþegnar samkv. næstsíðustu málsgr. þessarar greinar.
2. Með 5% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Bifhjól, blákka, borðbúnaður, annar en sá, er fellur undir 4. tölulið þessarar greinar. Burstavörur, búsáhöld allskonar, eldhúsáhöld allskonar, fólksflutningsbifreiðar, fægiefni allskonar, glervarningur, greiður, hreinlætisvörur allskonar, húsgögn og húsgagnahlutar, kaffi, lásar, skrár, lamir og tilheyrandi, leirvarningur, postulínsvarningur, ræstiduft, sápa allskonar, sápuduft og spænir. Smávarningur úr alpakka, aluminium, beikalit, beini, blý, eir, hvítmálmi, járni, látúni, málmblendingi, steintegundum, tini og tré. Speglar, stivelsi, straubretti, straujárn, sykur, tauklemmur, taurullur, tausnúrur, tauvindur, vogir og tilheyrandi, þvottabretti og þvottaefni allskonar.
3. Með 10% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Fatnaður allskonar, band, garn, kakaó, kryddvörur, sagó, skófatnaður annar en gúmmískófatnaður. Sýróp, te, vefnaðarvörur og vefnaður allskonar. Þó er vefnaður og fatnaður, sem tilgreindur er í viðskiptasamningi við Breta, undanþeginn þessum lið, svo lengi sem sá samningur er í gildi.

4. Með 25% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Ávaxtamauk, ávaxtasulta, ávextir niðursoðnir, ávextir nýir, ávextir þurrkaðir, brjóstsykur, grænmeti niðursoðið, grænmeti nýtt, grænmeti þurrkað, gullvarningur, gull og silfur óunnið, hljóðfæri og músikvörur, konfekt, leðurvörur, platínuvarningur, silfurvarningur, snyrtivörur, súkkulaði, úr og klukkur, vörur úr gull-, silfur- og platínu-pletti.

Undanþegnar gjaldi eru vörur þær, er nú skal greina: Áburðarefni, akkeri og akkerisfestar, baðlyf, blýsökkur, dráttartaugar fyrir plóga og herfi, endursendar íslenzkar afurðir, endursendar tómar umbúðir, fiskábreiður, fiskilínur, fiskinet, fiskmottur, fiskpressur, forardælur, frystivélar, fræ og trjáplöntur, girðingarefni, grastó, hafragrjón, hafrar, notaðir heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins og hafa verið minnst eitt ár búsettir erlendis, heyvinnsluvélar, hrífur, hrífutindaefni, hrísgrjón, húðir saltaðar, kjöttunnur og efni í þær, kjötumbúðir, kol, landbúnaðarvélar, ljáir og blöð, lóðarbelgir, lóðartaumar, lóðarteinar, lóðarönglar, lýsistunnur og efni í þær, manilla, mjaltavélar, mótorvélar, netagarn, netakork, netakúlur, notaðir munir, sem sendir hafa verið til aðgerðar, olíulampar og tilheyrandi, plógar og herfi, prjónavélar, rúgmjöl, rúgur, sáðvélar, salt, saumavélar, síldarkrydd, síldartunnur og efni í þær, skóflur og landbúnaðarverkfæri allskonar, sláttuvélar, smávarningur á og til fata, svo sem tölur, krókapör, smellur, spennur, leggingar, tvinni, snúrur og teygjubönd, smjörpappír, steinolía, umbúðastrigi, venjulegur farangur farþega, varahlutir til mótorvéla, veiðarfæri og efni í þau, vélaolíur í tunnum og brúsum, vörpugarn, vörpuhlerar, vörpujárn og vörpur. Ennfremur eru undanþegnar viðskiptagjaldi vörur þær, sem tilgreindar eru í auglýsingu um viðskiptasamkomulag milli Íslands og sameinaða konungsríkisins Stórabretlands og Norður-Írlands, nr. 106 29. júní 1933, þó ekki lengur en sá samningur er í gildi. Sömuleiðis eru undanþegnar gjaldinu vélar, tæki og efni vegna virkjunar Sogsins, samkv. lánssamningi, gerðum í Stockholm 8. desember 1934, svo og tæki og efni vegna rafveitu á Siglufirði, samkv. þegar gerðum sérleyfissamningi.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

4. gr.

Lög þessi raska að engu leyti gildandi lögum um verðtoll. Ákvæðin um sýning innkaupsreikninga í 1. gr. laga nr. 5 3. apríl 1928, svo og ákvæðin í gildandi reglugerð um verðtoll og ákvæði 4.—15. gr. laga nr. 54 15. júní 1926 og 4. gr. laga nr. 11 2. júní 1933 skulu gilda, eftir því sem við á, um gjald samkv. 1. gr. þessara laga.

Sérstök skilagrein skal gerð fyrir þessu gjaldi. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um greiðslu gjaldsins af vörum, sem sendar eru til landsins í pósti, og um annað, er snertir framkvæmd laganna, og má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot á henni.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1936.

Ed. **710. Frumvarp til laga**

um Ferðaskrifstofu ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn skrifstofu í Reykjavík, er nefnist Ferðaskrifstofa ríkisins, og skal hún starfa að því að veita fræðslu um landið innanlands og utan með fræðsluritum, útvarpserindum, fyrirlestrum, kvikmyndum, auglýsingum og á annan hátt, með það fyrir augum að vekja athygli ferðamanna á landinu og kynna það á þann hátt, að menn fái sem gleggsta hugmynd um lands- og þjóðarháttu, menningu, atvinnulíf og framleiðslu. Ferðaskrifstofa ríkisins hefir með höndum leiðbeiningar og fyrirgreiðslu innlendra og erlendra ferðamanna, og hefir hún ein rétt til þess að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn.

2. gr.

Nú takast samningar um gagnkvæm erindi og upplýsingar milli Ríkisútvarpsins og erlendra útvarpsstöðva, og skal þá starfsemi Ríkisútvarpsins í þessu efni jafnan hagað eftir samkomulagi við forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins.

3. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal jafnan veita ókeypis leiðbeiningar um ferðalög umhverfis landið og á landinu, um gistihús, farartæki, ákvörðunarstaði og annað, sem ferðamönnum er nauðsynlegt að fregna um, jafnframt því sem hún annast og sér um, að ferðamönnum, innlendum sem útlendum, er þess óska, sé veittur hverskonar fararbeini. Ferðaskrifstofan gerir samninga við skipafélög, bifreiðafélög eða eigendur bifreiða og umráðamenn annarra farartækja um flutning á ferðamönnum og um fargjöld.

4. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal hafa rétt til þess að heimta gjaldskrár af gistihúsum, veitingahúsum og eigendum fólksflutningsbifreiða. Nú virðist einhver liður gjaldskránna ósanngjarn, og hefir þá ferðaskrifstofan heimild til þess að breyta honum, að fengnum tillögum nefndar, er eigendur gistihúsa og veitingahúsa og eigendur fólksflutningabifreiða hafa rétt til að útnefna menn í, samkvæmt reglugerð, er ríkisstjórnin gefur út.

5. gr.

Ferðaskrifstofan skal hafa eftirlit með hreinlæti á gistihúsum og veitingahúsum, prúðmannlegri umgengni og aðbúnaði ferðamanna. Finni ferðaskrifstofan ástæðu til umvöndunar, skal hún gera eigendum gistihúsanna og veitingahúsanna viðvart um það. Nú láta eigendur gistihúsa og veitingahúsa eigi skipast við umvöndun skrifstofunnar, og hefir þá ríkisstjórnin, að fengnum tillögum ferðaskrifstofunnar, heimild til þess að svipta eigendur gistihúsa og

veitingahúsa réttinum til þess að reka þau. Heimilt er ferðaskrifstofunni að ákveða, að útlendir ferðamenn skuli sitja fyrir innlendum í gistihúsum, ef húsrúm nægir ekki öllum, er þess æskja, enda sé jafnan nægilegur fyrirvari gefinn samkvæmt reglugerð, er ríkisstjórnin setur um, hvernig þessu ákvæði megi framfylgja.

6. gr.

Laun forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins skulu ákveðin í launalögum, en þangað til það verður gert skal ráðherra sá, er ferðaskrifstofan heyrir undir, ákveða þau. Ráðherra ákveður í reglugerð nánar um fyrirkomulag og rekstur skrifstofunnar og um tölu, launakjör og starfsvið starfsmanna hennar, og um innheimtu stimpilgjalds, er ræðir um í 8. og 9. gr.

7. gr.

Til þess að afla skrifstofunni tekna skal greitt stimpilgjald af farseðlum með bifreiðum í áætlunarferðum, 5 aurar af hverri heilli krónu í andvirði seðilsins. Stimpilgjald þetta rennur til Ferðaskrifstofu ríkisins.

8. gr.

Skylt skal vera að afhenda jafnan farþega, er fluttur er í bifreið gegn greiðslu, farseðil með áletraðri upphæð þeirri, er greiða ber, enda sé farseðillinn stimplaður svo sem mælt er fyrir í 8. gr.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100—1000 króna, nema þyngri refsingar liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skal fara með mál út af brotum sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 711. Breytingartillaga

við frv. til l. um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Frá forsætisráðherra.

Við 5. gr. Síðasti málsl. greinarinnar falli burt.

Nd. 712. Breytingartillögur

um till. til þál. um auknar strandvarnir við Vestmannaeyjar.

Flutningsm.: Ólafur Thors og Pétur Ottesen.

1. Tillögugreinin orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þar til hæfa vélbáta halda uppi strandvörnum að staðaldri á heimamiðum við

Vestmannaeyjar og fyrir Vestfjörðum frá vetrarvertíðarlokum til ársloka ár hvert. Ennfremur að láta vera á Faxaflóa að staðaldri allt árið gæzluskip, er jafnframt landhelgisgæzlunni gæti veiðarfæra fiskimanna, og sé það jafnan tiltækt, ef fiskibátarnir þurfa aðstoðar við í ofviðrum.

2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um landhelgis- og veiðarfæragæzlu.

Nd. 713. Breytingartillögur

við frv. til l. um alþýðutryggingar.

Frá Jóni Sigurðssyni og Bjarna Bjarnasyni.

1. Við 8. gr. 2. c. Aftan við málsgr. bætist: Undanþegnar þessum ákvæðum eru byggingar og viðgerðir á húsum í sveitum, öðrum en tvílyftum húsum og heyhlöðum.
2. Við 58. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
   Lögreglustjóri annast innheimtu iðgjaldanna.

Nd. 714. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og l. nr. 20 24. marz 1934, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar (BJ, HV og StJSt) leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Minni hl. nefndarinnar (GÞ og TT) hefir enn ekki tekið afstöðu til frv.

Alþingi, 6. des. 1935.

Héðinn Valdimarsson, form.	Stefán Jóh. Stefánsson, frsm.	Bergur Jónsson, fundaskr.

Nd. 715. Nefndarálit

um frv. til framfærslulaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndarmenn eru allir sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt, en hafa þó óbundnar hendur um að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við einstök atriði frv., enda er hér um allmikinn lagabálk að ræða, sem ávallt hlýtur að valda nokkrum ágreiningi í einstökum atriðum.

Í frv. þessu eru ráðgerðar allveigamiklar breytingar á núverandi framfærslulöggjöf, eða fátækralögunum, eins og þau hafa hingað til verið nefnd.

Aðalbreytingin er í því fólgin að fella niður ákvæðin um sveitfestistíma og veita hverjum manni framfærslurétt í heimilissveit sinni og afnema sveitarflutninga, en framfærslukostnaði er jafnað niður eftir sérstökum reglum. Er með þessu kippt burtu úr löggjöfinni fæðingarsveitarákvæðinu, sem hefir orðið undirrótin að því að eyðileggja fjárhag fjölda sveitar- og bæjarfélaga hér á landi.

Að öðru leyti verður gerð nánari grein fyrir málinu í framsögu.

Alþingi, 6. des. 1935.

Héðinn Valdimarsson, form. Bergur Jónsson, fundaskr., frsm. Thor Thors.
Stefán Jóh. Stefánsson. Garðar Þorsteinsson.

Nd. 716. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og l. nr. 20 24. marz 1934, um breyt. á þeim lögum.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 24. gr.

a. Aftan við b-lið bætast tveir nýir málsliðir:
Við útvarpsumræðu gilda ekki ákvæði 35. og 37. gr. um málfrelsi ráðherra. Forseti veitir þingmanni utan flokka, ef sérstaklega stendur á, færi á að eiga þátt í útvarpsumræðu að einhverju leyti.

b. Aftan við d-lið kemur ný málsgrein:
Takmarka má fyrirfram umræðutíma um þingmál, önnur en þau, er um ræðir í 51. og 53. gr., þótt umræðu sé útvarpað, allt niður í 2 klukkustundir (sbr. 37. gr.), enda styttir þá forseti umferðir að sama skapi.

Ed. 717. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps til álagningar vörugjalds.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið á eitt sátt um málið. Minni hl. (MJ) vill samþ. frv. og gerir um það sérstakt nefndarálit. En meiri hluti fjárhagsnefndar (BSt og JBald) vill ekki samþykkja það, þar sem nú er búið að fela ríkisstjórninni með þingsályktun að undirbúa löggjöf um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga og leggja fyrir næsta þing. En annar úr meiri hlutanum (BSt) skrifar þó undir með fyrirvara.

En það er tillaga meiri hlutans, að málinu sé vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 6 des. 1935.

Jón Baldvinsson, form., frsm. Bernh. Stefánsson, fundaskr., með fyrirvara.

Ed. 718. Nefndarálit

um frumv. til l. um heimild fyrir hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps til álagningar vörugjalds.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Enda þótt ætlazt sé til þess, að undirbúin verði og lögð fyrir næsta Alþingi löggjöf um tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög, telur minni hluti nefndarinnar óhjákvæmilegt að afgreiða nú þetta frumvarp, vegna þeirra áfalla, sem þetta hreppsfélag hefir orðið fyrir síðastliðið sumar og skýrt er frá í greinargerð frumvarpsins, og leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. des. 1935.

Magnús Jónsson.

Ed. 719. Nefndarálit

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting laga nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 6. des. 1935.

Jón Baldvinsson,	Magnús Jónsson,	Bernh. Stefánsson,
form.	frsm.	fundaskr.

Ed. 720. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti fjárhagsnefndar leggur til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að samþykkt hefir verið í sameinuðu Alþingi þingsályktun um að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga, þykir deildinni ekki ástæða til þess að samþykkja frv. og tekur því fyrir næsta mál á dagskránni.

Alþingi, 6. des. 1935.

Jón Baldvinsson,	Bernh. Stefánsson,
form.	fundaskr., frsm.

Ed. 721. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Minni hlutinn sér ekki ástæðu til þess að fresta afgreiðslu málsins, þó að ríkisstjórninni hafi verið falið að undirbúa löggjöf um tekjustofna bæjarfélaganna. Breyting frumvarpsins er svo einföld, að hún getur á engan hátt torveldað það starf, en kemur á nokkurri leiðréttingu nú þegar. Minni hl. leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 6. des. 1935.

Magnús Jónsson.

Ed. 722. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt

Alþingi, 6. des. 1935.

Jón Baldvinsson, form.	Magnús Jónsson, frsm.	Bernh. Stefánsson, fundaskr.

Ed. 723. Nefndarálit

um frv. til l. um samþykkt á landsreikningnum 1933.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 6. des. 1935.

Jón Baldvinsson, form., frsm.	Bernh. Stefánsson, fundaskrifari.	Magnús Jónsson.

Ed. 724. Breytingartillögur

við frv. til l. um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 1. gr. Aftan af greininni falli orðin „og hefir hún .... erlenda menn".
2. Við 5. gr. Tveir síðari málsliðir greinarinnar, „Nú láta" og til enda greinarinnar, falla niður.
3. Við 8. gr. Greinin fellur niður.

Greinatalan breytist því samkvæmt.

Ed. 725. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt. Einn nefndarm. (GL) áskilur sér rétt til að bera fram brtt.

Alþingi, 6. des. 1935.

Páll Hermannsson, form.	Ingvar Pálmason, frsm.	Guðrún Lárusdóttir, fundaskr.

Nd. 726. Frumvarp til laga

um alþýðutryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Alþýðutryggingar teljast samkvæmt lögum þessum:

1. Slysatryggingar.
2. Sjúkratryggingar.
3. Elli- og örorkutryggingar.
4. Atvinnuleysistryggingar.

2. gr.

Stofnun sú, er annast tryggingarnar, heitir Tryggingarstofnun ríkisins. Þegar tryggingarnar koma til framkvæmda verða þær, hver um sig, sjálfstæð deild í tryggingarstofnuninni og hafa þar aðskilinn fjárhag. Engin deildnanna ber ábyrgð á skuldbindingum annarar.

3. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins hefir heimili og varnarþing í Reykjavík, en umboðsmenn annarsstaðar þar sem þörf krefur.

4. gr.

Ríkisstjórnin hefir umsjón þeirra mála, sem heyra undir Tryggingarstofnun ríkisins, og setur reglugerðir eftir lögum þessum.

5. gr.

Heimilt er að fela Tryggingarstofnun ríkisins framkvæmdarstjórn skyldra opinberra stofnana, svo sem Samábyrgðarinnar, sbr. lög nr. 23 1921, og Brunabótafélags Íslands, sbr. lög nr. 54 1915 og lög nr. 53 1919. Skal hver stofnun hafa sérskilinn fjárhag, og fer að öðru leyti um stjórn þeirra eftir því, sem ákveðið er í lögum þeirra og reglugerðum.

6. gr.

Ráðherra ræður forstjóra Tryggingarstofnunar ríkisins. Hann ræður og deildarstjóra, eftir því sem þörf krefur, svo og yfirlækni tryggingarstofnunarinnar og tryggingarfræðing, ef forstjóri eða deildarstjórar eru það ekki, að fengnum tillögum forstjórans. Fela má sama deildarstjóra forstöðu fleiri en einnar deildar. Forstjórinn stjórnar stofnuninni í samræmi við lög, reglugerðir og erindisbréf, er honum verður sett. Hann afgreiðir mál í samráði við hlutaðeigandi deildarstjóra, en ber sjálfur ábyrgð á ákvörðunum og úrskurðum.

Laun forstjóra Tryggingarstofnunar ríkisins og annara fastra starfsmanna skulu ákveðin í launalögum, en þangað til svo er gert, ákveður ráðherra launin.

Lífeyrissjóður Íslands og slysatryggingarsjóður greiða sameiginlega ¾ hluta af öllum kostnaði við Tryggingarstofnun ríkisins, og ákveður ráðherra hvernig kostnaðurinn skiptist milli þeirra á hverjum tíma. Ríkissjóður greiðir fyrst um sinn ¼ hluta kostnaðarins, en leggja má þann kostnað á deildir Tryggingarstofnunarinnar, ef fært þykir.

7. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna tryggingarráð. Skal einn vera tryggingarfræðingur eða hagfræðingur og annar lögfræðingur. Ráðherra ákveður þóknun tryggingarráðs.

Áfrýja má til tryggingarráðs öllum ákvörðunum og úrskurðum Tryggingarstofnunar ríkisins. Skal það þegar taka málið fyrir og að jafnaði kveða upp úrskurð innan 14 daga frá því, að það fékk málið til meðferðar. Nú sættir annarhvor aðili sig ekki við úrskurð tryggingarráðs, og má þá bera málið undir dómstólana. Tryggingarráðið skal hafa frjálsan aðgang að öllum skjölum og bókum Tryggingarstofnunar ríkisins, og er því skylt að hafa eftirlit með því, að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir.

Reikningar Tryggingarstofnunarinnar skulu endurskoðaðir á sama hátt sem reikningar ríkisins og ríkisstofnana.

II. KAFLI

Slysatryggingar.

8. gr.

Skylt er að tryggja gegn slysum samkvæmt ákvæðum þessara laga:

1. Sjómenn þá, er hér greinir:
   a. Farmenn, fiskimenn og aðra sjómenn, er lögskráðir eru á íslenzk skip.
   b. Fiskimenn og farmenn á róðrarbátum og vélbátum, minni en 12 smál., er stunda fiskveiðar og hverskonar flutninga.
2. Verkamenn og starfsmenn, sem vinna fyrir kaupi í þeim atvinnugreinum, sem hér eru taldar:
   a. Ferming og afferming skipa og báta, svo og vöruhúsavinna, vöruflutningar í sambandi við það, hverskonar bifreiðastjórn og stjórn aflvéla við jarðvinnslu.
   b. Vinna í verksmiðjum og verkstæðum, þar með talið gas- og rafmagnsframleiðsla, vinna í sláturhúsum, mjólkurbúum og rjómabúum, námugröftur, bjargsig, fiskverkun, ísvinna og vinna við raflagnir.
   c. Húsabyggingar, bæði smíði nýrra húsa og viðbætur og breytingar á eldri húsum. Undanþegnar þessum ákvæðum eru byggingar og viðgerðir á húsum í sveitum, öðrum en tvílyftum húsum og heyhlöðum.
   d. Vegagerð, brúagerð, hafnagerð, vitabyggingar, símalagningar og símaviðgerðir, svo og vinna við vatnsleiðslur, raforkuleiðslur og gasleiðslur. Ennfremur skulu tryggðir hafnsögumenn, lögregluþjónar, tollþjónar, vitaverðir og starfsmenn við vita, sótarar, póstar og slökkvilið og aðrir þess háttar starfsmenn, ráðnir að opinberri tilhlutun.
   e. Skipasmíði, skipaviðgerðir, skipaviðhald og varðstaða á skipum við bryggju, í höfn eða í lægi, bátasmíði, bátaviðgerðir.

Tryggingin nær til sendistarfa í þágu tryggingarskylds atvinnurekstrar og þess tíma, er fer til að fara frá og til vinnu.

Nú slasast maður eða bíður líftjón við björgun, eða tilraun til björgunar manns í lífsháska, skal hann þá, eða eftirlátnir vandamenn hans, eiga rétt til slysabóta eftir sömu reglum sem slysatryggðir menn.

Það er skilyrði fyrir tryggingarskyldu þeirra, sem nefndir eru í 2. tölulið, að starfið sé rekið fyrir reikning ríkis eða sveitarfélags, eða einstaklings eða félags, sem hefir það að atvinnu. Þó fellur þar undir smíði nýrra húsa og verulegar breytingar á eldri húsum, þar með talin öll utan- og innanhússmálning, þótt það sé framkvæmt fyrir reikning manna, sem ekki hafa húsasmíð að atvinnu.

Tryggingin samkv. tölul. 2. nær ekki til starfsfólks í skrifstofum eða í búð, nema að því leyti, sem það vinnur að tryggingarskyldum störfum utan skrifstofu eða búðar.

Nú er tryggingarskylt verk látið í ákvæðisvinnu, og ber þá sá, sem verkið tekur í ákvæðisvinnu, ábyrgð á, að verkamennirnir séu tryggðir.

Heimilt er atvinnurekendum að tryggja sjálfa sig og verkafólk, sem ekki er tryggingarskylt, með tryggingarskyldu verkafólki sínu, en segja verður hann til þess, þegar trygging er tilkynnt eða endurnýjuð.

Atvinnurekendur, svo og riki eða sveitarstjórn, bera ábyrgð á því, að þeir séu tryggðir, sem tryggingarskyldir eru samkvæmt lögum þessum, enda sé starfið rekið fyrir þeirra reikning.

9. gr.

Það er bótaskylt slys, er tryggður maður slasast eða deyr af slysi við þann atvinnurekstur, sem hann er tryggður í.

Til slysa telst hverskonar fingurmein og handarmein, er menn fá við sjómennsku, fiskvinnu, sláturhúsavinnu og aðra þá vinnu, sem kunn er að því að vera hættuleg á þennan hátt, enda kenni menn meinsins fyrst á meðan þeir stunda vinnuna, eða innan þess tíma, er rekja megi orsakir þess til hennar.

Sama gildir um aðra atvinnusjúkdóma, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Sjómenn eru tryggðir fyrir slysum á sjó á tryggingartímabilinu, eða þegar þeir eru á landi, annaðhvort í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfa sig, í erindum, sem leiðir af starfi þeirra sem sjómanna.

10. gr.

Valdi slysið meiðslum, skal slysatryggingin greiða bætur sem hér segir:

1. Ef meiðslin valda sjúkleika og vinnutjóni lengur en 10 daga, þá skal greiða þeim, er fyrir slysinu varð, læknishjálp frá því að slysið vildi til, þar með talin nauðsynleg sjúkrahúsvist, og ¾ hluta lyfja og umbúðakostnaðar utan sjúkrahúss, en að fullu á sjúkrahúsi, svo og dagpeninga frá þeim tíma, er síðar segir, þangað til hann verður vinnufær, eða úrskurður er felldur um varanlega örorku, eða maðurinn deyr, þó ekki lengur en 6 mánuði. Dagpeningar eru 5 kr. á dag, þó mega þeir aldrei fara fram úr ¾ af dagkaupi mannsins við þá atvinnu, er hann hafði þegar slysið varð. Ef hinn slasaði er lögskráður skipverji, fer um rétt hans eftir 27. og 28. gr. laga nr. 41 19. júní 1930, en aldrei skal hann þó missa neins í að því er snertir dagpeningagreiðslu. Síðan fer um rétt hans eftir lögum þessum. Þó skal útgerðarmanni heimilt að semja við slysatrygginguna um, að hún taki að sér gegn aukaiðgjaldi þá áhættu, sem útgerðarmaður ber samkvæmt nefndum greinum sjómannalaganna vegna slysa. Dagpeningar greiðist aldrei fyrir fyrstu 7 dagana, og aldrei fyrr en 7 dagar eru liðnir frá því að hinn tryggði hætti að taka kaup.
2. Ef slysið hefir valdið varanlegri örorku, greiðast örorkubætur þeim, sem fyrir því varð. Fullar örorkubætur eru 6000 krónur, og greiðast þær, ef sá, sem fyrir slysinu varð, að dómi læknis tryggingarinnar, er algerlega ófær til nokkurrar vinnu þaðan í frá, en örorkubæturnar eru að því skapi lægri, sem minna skortir á, að hann sé til fulls vinnufær, og engar, ef minna skortir en ⅕ hluta.

11. gr.

Valdi slysið dauða innan árs frá því að það bar að höndum, greiðast dánarbætur sem hér segir:

1. Ekkja eða ekkill hljóta 3000 krónur.
2. Barn, sem er á framfæri eftirlifandi foreldris, hlýtur 100 kr. fyrir hvert heilt ár, sem það vantar á að vera fullra 16 ára.
3. Barn, sem ekki er svo ástatt um, sem í 2. lið segir, hlýtur 200 kr. fyrir hvert heilt ár, sem það vantar á að vera fullra 16 ára.
4. Barn yfir 16 ára aldur, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið bar að höndum, fær 1500 krónur.
5. Foreldri, sem var á framfæri hins látna að öllu eða nokkru leyti, þegar slysið vildi til, hlýtur 1500 krónur. Sé þannig ástatt um bæði foreldrin, og búi þau samvistum, hljóta þau þó aðeins sameiginlega 2500 krónur.
6. Systkini hins látna, sem voru á framfæri hans, þegar slysið vildi til, hljóta dánarbætur á sama hátt og börn.

Ekkja eða ekkill, sem ekki var samvistum við hið látna og ekki á framfæri þess, hlýtur engar dánarbætur. Kona, sem býr samvistum með manni án þess að vera gift honum, hefir sama rétt til dánarbóta og eiginkona, ef hún hefir fætt honum barn eða þau verið samvistum samfleytt í 18 mánuði. Sama gildir um karlmann, sem býr samvistum við konu án þess að vera kvæntur henni.

Um fósturbörn og fósturforeldra gildir sama og um börn og foreldra, að fullnægðum sömu skilyrðum. Barn telst hafa verið á framfæri föðurins, þótt það fæðist að honum látnum.

Frá dánarbótum, sem greiddar skulu vandamönnum, skal draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið samkvæmt 10. gr. 2.

12. gr.

Til þess að standast útgjöld slysatryggingarinnar skulu þeir, er tryggingarskylda menn hafa í þjónustu sinni, greiða iðgjöld fyrir alla þá, sem þeim er skylt að tryggja, og má ekki færa gjöldin þeim, sem tryggðir eru, til útgjalda. Iðgjaldaupphæðina ber að miða við slysahættuna. Eftir slysahættunni skal skipta þeim störfum og starfsgreinum, sem falla undir trygginguna, í flokka, og fyrir hvern flokk skal ákveðin sérstök iðgjaldsupphæð. Starfstíminn er talinn í vikum, og telst vikan eining við iðgjaldaákvörðun. Sé um tímavinnu að ræða, teljast 48 klst. í viku. Skal við ákvörðun iðgjaldanna hafa það fyrir augum, að þau samanlögð hrökkvi fyrir þeim bótum, sem slysatryggingunni ber að greiða.

Um skiptingu í áhættuflokka og iðgjaldagrundvöllinn fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er stjórnarráðið setur, og ber að endurskoða hana 5. hvert ár. Þó getur stjórnarráðið hvenær sem er, þegar ástæða þykir til, gert breytingar á skiptingunni í áhættuflokka og á iðgjöldum, en slíkar breytingar koma ekki til framkvæmda fyrr en með byrjun næsta almanaksárs á eftir.

Ef atvinnufyrirtæki nær yfir starfsemi, er fellur undir mismunandi áhættuflokka, reiknast iðgjöldin sérstaklega fyrir hvern hluta fyrirtækisins, eftir iðgjaldi þess áhættuflokks, sem það heyrir undir. Þó getur tryggingarstjórnin, ef erfitt er að halda þessu aðgreindu, ákveðið meðaliðgjald fyrir allt fyrirtækið eftir iðgjöldum þeirra áhættuflokka, sem það fellur undir.

13. gr.

Iðgjöld sjómanna, sem tryggðir eru samkv. 8. gr. 1., reiknast eftir tíma þeim, sem sjómaðurinn er lögskráður eða ráðinn til, og telst í vikum frá lögskráningardegi, eða þeim degi, er hann kom í skiprúm.

Um leið og lögskráning fer fram, skal skráningarstjóri gera sérstaka skrá yfir tryggingarskylda skipverja, hverja stöðu sem þeir hafa á skipinu. Útgerðarmaður greiðir skráningarstjóra iðgjöldin um leið og lögskráning fer fram.

Þegar formaður á vélbát eða róðrarbát (sbr. 8. gr. 1.) hefir ráðið skipverja sína, skal hann jafnskjótt senda hreppstjóra eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögreglustjóra), þar sem báturinn er gerður út, skrá yfir skipverjana ásamt iðgjaldi því, er greiða ber, en hreppstjóri sendir skrána og gjaldið til sýslumanns.

Útgerðarmenn róðrarbáta og vélbáta, minni en 5 smálestir, greiða aðeins $^7/_{10}$ af iðgjaldi því, sem ákveðið er fyrir þá, en það, sem á vantar fullt iðgjald, greiðist úr ríkissjóði. Skráningarstjóri sendir slysatryggingunni skrár þær, sem nefndar eru í 2. og 3. málsgr. greinar þessarar, sem fylgiskjöl með ársreikningi sínum. Hann skal og standa skil á iðgjöldunum samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.

14. gr.

Nú forfallast slysatryggður skipverji, og gengur ótryggður maður í skiprúm hans, og skal þá skylt að tryggja þann skipverja, svo sem að framan greinir, meðan hann er í því skiprúmi, þó aldrei skemur en eina viku. Iðgjald fyrir forfallaðan skipverja má endurgreiða fyrir það, sem eftir er af ráðningartímanum, þegar forföllin stafa ekki af bótaskyldu slysi, enda hafi maðurinn gengið úr skiprúminu.

Útgerðarmaður eða formaður róðrarbáta eða vélbáta, minni en 12 smálestir, getur með leyfi skráningarstjóra tryggt ákveðna tölu skipverja, ef sérstakar ástæður gera þess þörf.

Útgerðarmaður eða skipstjóri tilkynnir tafarlaust skráningarstjóra eða hreppstjóra mannaskiptin, og ábyrgist útgerðarmaður iðgjaldagreiðslu.

15. gr.

Sérhver forráðamaður atvinnufyrirtækis eða starfrækslu, sem nefnd er í 8. gr. 2., skal, þegar fyrirtækið tekur til starfa, senda hreppstjóra eða bæjarfógeta (í Reykjavík tollstjóra) tilkynningu samkvæmt fyrirmynd, er slysatryggingin gerir, með öllum þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru til þess að áætla iðgjaldagreiðslu þess. Eftir þeirri áætlun skal iðgjaldið greitt og innheimt fyrirfram. Sömuleiðis skal senda tilkynningu, ef fyrirtækið verður fyrir verulegum breytingum, er máli geta skipt að því er trygginguna snertir. Hreppstjóri sendir lögreglustjóra tilkynningar þessar, en lögreglustjórar gera samkvæmt þeim skrá yfir öll tryggingarskyld fyrirtæki, en annað eintak tilkynninganna senda þeir slysatryggingunni. Verkamenn teljast tryggðir frá þeim tíma, er fyrirtækið byrjar.

Forráðamönnum fyrirtækis eða starfrækslu, er um getur í 8. gr. 2., er skylt að gera skrá samkvæmt vinnubókum fyrirtækisins, í því formi, sem slysatrygg-

ingin mælir fyrir um. Samrit af skrám þessum sendist hreppstjóra eða lögreglustjóra, og miðast hið endanlega iðgjald við þær. Lögreglustjóri sér um innheimtu iðgjaldanna og stendur skil á þeim, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.

Lögreglustjóri getur, ef honum þykir ástæða til, eða slysatryggingin óskar þess, látið rannsaka vinnuskrár og bækur fyrirtækisins, til þess að fullvissa sig um, hvað fyrirtækinu beri að greiða í iðgjöld.

16. gr.

Nú er vanrækt að tilkynna tryggingarskyldan atvinnurekstur, eða greiða iðgjöld fyrirfram samkvæmt 13., 14. og 15. gr. fyrir tryggingarskylda menn, og skulu þeir þó jafnt teljast slysatryggðir samkvæmt lögum þessum, en hlutaðeigandi atvinnurekandi skal skyldur að greiða slysatryggingunni tvöföld iðgjöld þau, sem vangoldin eru, og auk þess sæta sektum.

17. gr.

Þegar slys ber að höndum, sem ætla má að greiða beri bætur fyrir samkvæmt lögum þessum, skal forráðamaður fyrirtækisins senda tafarlaust, og eigi síðar en innan 2 mánaða, tilkynningu um slysið í því formi, sem slysatryggingin skipar fyrir um, til lögreglustjóra eða hreppstjóra, er síðan sendir tilkynninguna áfram til lögreglustjóra. Ef lögreglustjóri álítur, að slysið veiti rétt til bóta frá slysatryggingunni, sendir hann tilkynninguna áfram til slysatryggingarinnar, ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum. Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ófullnægjandi upplýst, eða ef ástæða er til að ætla, að slysið hafi orsakazt af hirðuleysi eða af lélegum útbúnaði, eða slysatryggingin óskar þess einhverra ástæðna vegna, skal lögreglustjóri halda réttarpróf í málinu. Því aðeins ber að taka til greina og senda til slysatryggingarinnar kröfur um bætur fyrir slys, er verða við atvinnurekstur, sem heimilt er að tryggja í frjálsri tryggingu, að tryggingar hafi verið beiðzt og iðgjöld verið greidd fyrirfram.

Ef sá, sem átti að tilkynna slys, hefir vanrækt það, skal það eigi vera því til fyrirstöðu, að sá, sem fyrir slysi varð, eða eftirlátnir vandamenn hans, geti gert kröfur til bóta, ef það er gert áður en ár er liðið frá því að slysið varð.

Heimilt er að taka til greina tilkynningar, sem berast eftir að fyrrnefndur 2 mánaða frestur er liðinn, ef sannað er að tilkynnandi á ekki sök á drættinum.

18. gr.

Undir eins og tryggingarstjórn hafa borizt nægar upplýsingar um slys og annað, sem til greina kemur um ákvörðun bóta, úrskurðar hún, hvort bætur skuli greiðast samkvæmt lögum þessum og ákveður bæturnar. Ef um meiðsl er að ræða, eru bæturnar fyrst ákveðnar til bráðabirgða (dagpeningar), þar til lækningu er lokið og maðurinn getur farið að stunda vinnu sína aftur, eða sjá má, hve mikið hann hefir misst af vinnuþreki sínu. Endanlegur úrskurður skal þó kveðinn upp áður en ár er liðið, nema læknir tryggingarinnar telji þörf á frekari drætti.

19. gr.

Eigi hinn tryggði rétt til sjúkrabóta á hendur sjúkrasamlagi eða manni eða stofnun, skal hann, ef hann krefst slysabóta, framselja Slysatryggingu ríkisins

rétt sinn til bótanna. Nú greiðast hærri bætur en framlögðum slysabótum nemur, og fær hinn tryggði þá það, sem fram yfir er.

20. gr.

Þeir, sem stunda eða reka einhverja þá atvinnu eða störf, sem ekki eru tryggingarskyld samkv. 8. gr., hafa rétt til að tryggja sjálfa sig eða verkamenn sína gegn slysum. Slík frjáls trygging er þó því aðeins leyfð, að hún sé til ákveðins tíma og á nafn, og því aðeins gild, að hún hafi verið tilkynnt og iðgjöld greidd fyrirfram. Ef um er að ræða tryggingu við óskyld og misjafnlega áhættusöm störf, sem ekki er hægt að aðgreina og skipa í sérstaka áhættuflokka, má ákveða fyrir slík störf meðaltalsiðgjöld fyrir hverja viku tryggingartímabilsins.

21. gr.

Heimilt er atvinnurekendum að skipa 5 manna nefnd til þess að gæta hagsmuna sinna við skiptingu í áhættuflokka og ákvörðun iðgjalda. Í nefndinni eiga sæti: einn fulltrúi fyrir gufuskipaútgerð, sem Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda skipar, tveir fyrir vélbáta- og róðrarbátaútgerð, sem Fiskifélag Íslands skipar, einn fyrir skipaafgreiðslu og hafnarvinnu, sem Verzlunarráð Íslands skipar, og einn fyrir verksmiðjuiðnað, sem Landssamband iðnaðarmanna skipar.

Ef stofnaður verður almennur félagsskapur meðal atvinnurekenda í vélbáta- og róðrarbátaútgerð, skipaafgreiðslu og verksmiðjuiðnaði, fellur kosning fulltrúa þessara atvinnugreina undir hann. Nefnd þessi getur gert tillögur um skiptingu í áhættuflokka og um iðgjaldagreiðslu, og er skylt að leita álits hennar áður en ákvörðun er tekin um þau efni. Ennfremur hefir nefndin rétt til að velja einn mann til þess að fylgjast með stjórn og rekstri slysatryggingarinnar. Sama rétt hefir og Alþýðusamband Íslands. Báðir þessir menn hafa aðgang að öllum skjölum slysatryggingarinnar, og er stjórn hennar skylt að veita þeim allar upplýsingar, sem þeir óska, viðvíkjandi framkvæmd tryggingarinnar, enda er þeim heimilt að sækja stjórnarfundi.

III. KAFLI

Um sjúkratryggingar.

22. gr.

Sjúkrasamlög samkvæmt lögum þessum eru tryggingarstofnanir, sem hafa það hlutverk að tryggja samlagsmönnum, er ekki hafa hærri tekjur en í 24. gr. segir, sjúkrahjálp og uppbót á fjárhagstjóni, sem veikindi valda.

23. gr.

Þar, sem sjúkrasamlög eru stofnuð, hefir sérhver maður, karl eða kona, eldri en 16 ára og búsettur á samlagssvæðinu, rétt og skyldu til að tryggja sig í samlaginu. Undanteknir eru þeir, er dvelja í sjúkrahúsum eða heilsuhælum vegna alvarlegra langvarandi veikinda.

24. gr.

Rétt til þeirra hlunninda, sem sjúkrasamlag veitir, eiga þeir meðlimir þess, sem á síðastliðnu ári hafa ekki haft hærri árstekjur en 4500 krónur, eftir að persónufrádráttur hefir átt sér stað samkvæmt skattalögum.

Hjón njóta því aðeins hlunninda, að samanlagðar tekjur þeirra fari ekki fram úr því, sem hér var sagt. Þó skal leyfður frádráttur frá þeim tekjum á kostnaði við aðstoð á heimili, sem leiðir beinlínis af vinnu húsmóður utan heimilis.

25. gr.

Kaupstaðir þeir, sem nú eru og síðar kunna að verða í landinu, skulu, hver um sig, vera sérstakt sjúkrasamlagssvæði. Ákveða má í reglugerð, að samlagssvæði kaupstaðar skuli, auk lögsagnarumdæmisins, ná yfir tiltekin svæði í grennd við hann.

26. gr.

Í hverjum kaupstað skal starfa sérstakt sjúkrasamlag. Kýs bæjarstjórn stjórn samlagsins, sem skipuð skal 3, 5 eða 7 mönnum, eftir því, sem bæjarstjórn ákveður. Stjórnin skal kosin á sama hátt, samtímis og til jafnlangs tíma og fastanefndir eru kosnar. Bæjarstjórn ákveður þóknun stjórnenda, er greiðist af samlaginu.

27. gr.

Í hreppum utan sjúkrasamlagssvæða kaupstaðanna skal stofna sjúkrasamlög, ef meiri hluti þeirra, sem kosningarrétt hafa í málefnum sveitarfélaga, æskir þess. Atkvæðagreiðsla skal fara fram um, hvort stofna skuli sjúkrasamlag í hreppnum, ef fimmti hluti kjósenda óskar þess. Hreppsnefnd annast atkvæðagreiðsluna, á sama hátt sem sveitarstjórnarkosningar.

Sama samlag getur náð til fleiri hreppa en eins, innan sama læknishéraðs, eða jafnvel allra hreppa innan læknishéraðsins, sem samþykkt hafa stofnun samlags. Ákveður ráðherra, að fengnum tillögum hlutaðeigandi hreppsnefnda og stjórnar Tryggingarstofnunar ríkisins, yfir hvaða samlagssvæði hvert sjúkrasamlag skuli ná.

Eftir að ár er liðið frá atkvæðagreiðslu getur fimmti hluti atkvæðisbærra manna í hrepp, sem áður hefir fellt að stofna sjúkrasamlag, krafizt þess, að atkvæðagreiðsla fari fram á ný í hreppnum. Greiði þá meiri hluti atkvæðisbærra manna atkvæði með stofnun sjúkrasamlags, skal það stofnað, nema ráðherra ákveði, að fengnum tillögum hreppsnefndar hlutaðeigandi hrepps og stjórnar Tryggingarstofnunar ríkisins, að hreppurinn skuli falla undir samlag innan læknishéraðsins, sem áður hefir verið stofnað.

28. gr.

Nái sjúkrasamlag aðeins til eins hrepps, skal stjórn þess skipuð 3 mönnum, kosnum af hreppsnefnd. Standi fleiri hreppar en einn að sjúkrasamlagi, skulu þeir leggja til einn mann hver í stjórn samlagsins, kosna af hreppsnefndum, en verði tala stjórnarmanna jöfn, skal hreppsnefnd þess hrepps, sem fleiri eða flesta hefir tryggingarskylda meðlimi, kjósa oddamann.

Ef nýr hreppur er lagður til áður stofnaðs sjúkrasamlags, og það veldur því, að annar hreppur hefir fleiri menn í stjórn en honum ber samkvæmt því sem hér var sagt, þá falla niður umboð stjórnarmanna þess hrepps, og skal hreppsnefnd kjósa mann eða menn á ný, svo að stjórn samlagsins verði rétt skipuð.

Laun stjórnenda greiðast af samlaginu og skulu ákveðin í samþykktum þess.

29. gr.

Stjórnir sjúkrasamlaga velja sér formann og skipta með sér verkum.

Sjúkrasamlögin lúta öll yfirstjórn Tryggingarstofnunar ríkisins.

Samþykktir sjúkrasamlaga skulu samþykktar af ráðherra, að fengnum tillögum tryggingarstofnunarinnar.

30. gr.

Í samþykktum sjúkrasamlaga skal tekið fram, hverra réttinda samlagsmenn njóta. Ætið skal þó sjúkrasamlag veita þá hjálp vegna veikinda, sem hér er talin:

1. Læknishjálp hjá tryggingarlækni, þ. e. lækni, sem samlagið hefir samið við, eða tryggingarstofnunin, að fullu á sjúkrahúsi og að ¾ hlutum utan sjúkrahúss. Læknishjálp fari fram í viðtalsstofu læknis, sé sjúklingurinn ferðafær og hægt sé að koma því við. Heimilt er sjúkrasamlagi að semja við tryggingarlækni um innheimtu þess ¼ hluta læknishjálpar utan sjúkrahúss, sem sjúkrasamlaginu er ekki skylt að greiða tryggingarlækninum.
2. Lyf og umbúðir, samkvæmt fyrirsögn tryggingarlæknis, að fullu í sjúkrahúsi og að ¾ hlutum utan sjúkrahúss.
3. Ókeypis vist eftir ráði tryggingarlæknis í sjúkrahúsi, sem samlagið hefir samið við, eða tryggingarstjórn fyrir hönd þess.
4. Í sjúkrasamlögum kaupstaða er ennfremur skylt að greiða dagpeninga til þeirra, sem óvinnufærir eru sökum veikinda. Dagpeningar greiðast þó ekki fyrr en ein vika er liðin frá því, að hinn tryggði varð óvinnufær, samkvæmt framansögðu, og aldrei frá fyrri tíma en viku eftir að hann hætti að taka laun eða hætt er að reikna honum laun samkvæmt því, er segir í 41. gr. hér á eftir.

   Dagpeningar eru tvennskonar, persónudagpeningar og fjölskyldudagpeningar, og skal upphæð þeirra ekki vera lægri í Reykjavík en hér segir, en annarsstaðar eftir því, sem ákveðið er í samþykktum:

   a. Persónudagpeningar nema kr. 2.00 og greiðast eingöngu þegar hinn tryggði liggur utan sjúkrahúss.
   b. Eigi hinn tryggði fyrir konu eða börnum að sjá, nýtur hann, auk persónudagpeninga, fjölskyldudagpeninga. Fara þeir eftir tölu þeirra, sem eru á framfæri hans, þannig:

      Fyrir 1 á framfæri kr. 2.00.
      Fyrir 2 á framfæri kr. 3.00.
      Fyrir 3 á framfæri kr. 3.75.
      Fyrir 4 á framfæri kr. 4.50.
      Fyrir fleiri en 4 bætast við 50 aurar fyrir hvern, sem umfram er,

en þó mega dagpeningar samtals ekki fara fram úr 7 krónum, og aldrei fram úr ¾ hlutum af venjulegu dagkaupi verkamanna á staðnum.

Fjölskyldudagpeningar greiðast jafnt, hvort sem hinn tryggði liggur í sjúkrahúsi eða utan sjúkrahúss.

Gift kona nýtur ekki fjölskyldudagpeninga, ef maður hennar er vinnufær, enda hafi meiri hluta af sameiginlegum tekjum hjónanna verið aflað af honum.

Heimilt er að ákveða í samþykktum sjúkrasamlaga víðtækari hjálp en hér er talin, þar á meðal fulla læknishjálp, læknisaðgerðir hjá öðrum en tryggingarlækni, styrk vegna barnsfæðinga, styrk upp í útfararkostnað, kostnað við læknisvitjun, dagpeninga í sjúkrasamlögum utan kaupstaða, hjúkrunarkostnað utan samþykktra sjúkrahúsa o. s. frv.

Að jafnaði skulu samlagsmenn ekki eiga rétt til styrks fyrr en 6 mánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er trygging þeirra hófst með iðgjaldagreiðslu, en heimilt er þó að ákveða annan biðtíma í samþykktunum.

31. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins er heimilt, í samráði við landlækni, að semja fyrir sjúkrasamlög um greiðslur til tryggingarlækna. Náist ekki samkomulag, eða að svo miklu leyti, sem ósamið verður, er stjórn sjúkrasamlags heimilt að greiða tryggingarlæknum eftir reglum, sem tryggingarstofnun ríkisins setur.

32. gr.

Börn samlagsmanna, yngri en 16 ára, sem eru á framfæri þeirra, fá sömu hjálp í veikindum og foreldri á rétt til, að dagpeningum undanteknum.

Nú eru börn, eldri en 16 ára og yngri en 21 árs, á heimili fátækra foreldra sinna án þess að hafa sjálfstæðar tekjur, og er þá heimilt að ákveða í samþykkt sjúkrasamlags, að stjórn þess hafi heimild til að gefa eftir iðgjöld barnanna að nokkru eða öllu leyti án skerðingar á rétti barnsins til sjúkrahjálpar, annara en dagpeninga.

Kona, sem býr samvistum með manni án þess að vera gift honum, hefir sama rétt til sjúkrahjálpar og eiginkona, ef hún hefir fætt honum barn, eða þau verið samvistum samfleytt í 18 mánuði.

33. gr.

Dagpeningar og meðlagskostnaður í sjúkrahúsi greiðist fyrir samlagsmenn og skyldulið þeirra samkvæmt 32. gr. í allt að 32 vikur á 12 mánuðum samfleytt. Aldrei greiðist þó áður greindur kostnaður fyrir lengri tíma en 26 vikur alls fyrir einn og sama sjúkdóm.

34. gr.

Ákveða skal í samþykktum sjúkrasamlaga upphæð iðgjalda tryggingarskyldra manna. Skulu þau ákveðin með það fyrir augum, að heildartekjur samlagsins nægi til þess að standa straum af skuldbindingum þess.

Heimilt er að ákveða í samþykkt sjúkrasamlags, að meðlimum, sem ekki

leita hjálpar samlagsins árlangt eða lengur, skuli endurgreiddur hluti iðgjalda sinna, og fari upphæð endurgreiðslunnar eftir því, hve lengi meðlimur hefir greitt til samlagsins án þess að leita hjálpar þess.

35. gr.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðir greiða, hvor um sig, í sjóð sjúkrasamlaga 25 af hundraði greiddra iðgjalda, þó ekki yfir 9 kr. fyrir hvern tryggðan mann.

Sjúkrasamlög, sem stofnuð verða í hreppum samkv. 26. gr., skulu tilkynna ráðherra stofnunina fyrir 1. apríl, og öðlast þau þá rétt til framlags úr ríkissjóði og sveitarsjóði samkvæmt lögum þessum frá næstu áramótum á eftir. Þetta ákvæði gildir þó ekki um þau sjúkrasamlög, sem stofnuð kunna að verða á árinu 1936.

36. gr.

Nú þykir sýnt, að sjóður sjúkrasamlags nægi ekki til að standa straum af skuldbindingum samlagsins. Skal stjórn þess þá gera hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn aðvart, sem þá getur ákveðið að gera ráðstafanir til aukinnar tekjuöflunar eða dregið úr hlunnindum þeim, sem samlagið veitir. Þó má aldrei skerða þau lágmarksréttindi, er um getur í 30. gr.

37. gr.

Iðgjöld samkv. 34. gr. greiðast fyrirfram, eftir því sem nánar verður ákveðið í samþykktum. Bæjar- eða sveitarsjóðir greiða iðgjöld þeirra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri. Einnig er rétt, að greidd séu úr bæjar- eða sveitarsjóði ógreidd iðgjöld þeirra manna, sem bæjar- eða sveitarstjórn telur ástæðu til að halda í tryggingu. Gjaldið telst ekki sveitarstyrkur, en endurgreiðist ef ástæður leyfa.

Lífeyrissjóður Íslands greiðir iðgjöld þeirra manna, sem njóta elli- eða örorkulífeyris, enda dregst iðgjaldið frá lífeyrinum. Ellistyrktarsjóðir greiða iðgjöld þeirra gamalmenna, sem ellilauna njóta, og dragast þau frá ellistyrknum.

38. gr.

Ef tryggður maður veikist utan samlagssvæðis, á hann rétt til sjúkrastyrks frá sjúkrasamlagi sínu, en þó eigi hærri en ef hann hefði veikzt á samlagssvæðinu.

39. gr.

Nú flyzt maður, sem tryggður er í sjúkrasamlagi, burt af samlagssvæðinu, og á hann þá rétt til sjúkrastyrks, ef hann veikist á því tímabili, sem hann hefir greitt iðgjald fyrir, eftir sömu reglum og um getur í síðustu grein. Verði hann tryggingarskyldur á þeim stað, sem hann flyzt til, og greiðir þar iðgjöld, öðlast hann full réttindi þar jafnskjótt og tryggingartími hans er útrunninn þar sem hann var áður. Þó öðlast hann ekki rétt til dagpeninga fyrr en að 6 mánuðum liðnum, hafi hann ekki átt rétt til þeirra í þeirri deild, er hann fluttist úr.

40. gr.

Eigi hinn tryggði rétt til slysabóta á hendur Slysatryggingu ríkisins eða skaðabótaskyldum manni eða stofnun, skal hann, ef hann krefst sjúkrastyrks, framselja hlutaðeigandi sjúkrasamlagi rétt sinn til bótanna. Nú greiðast hærri bætur en framlögðum sjúkrastyrk nemur, og fær hinn tryggði þá það, sem fram yfir er, og jafnan skal hann fá þær bætur, sem greiddar eru vegna þjáninga, líkamslýta eða aðrar slíkar miskabætur.

Heimilt skal útgerðarmanni að semja við sjúkrasamlag um, að það taki að sér, gegn aukagjaldi, þá áhættu, sem útgerðarmaður ber samkv. 27. og 28. gr. l. n. 41 19. júlí 1930.

41. gr.

Fastir starfsmenn skulu aldrei missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu 14 dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóms, en njóta skulu þeir kaupgreiðslu um lengri tíma, ef svo er mælt fyrir í sérstökum lögum, samningum eða venjum í þeirri starfsgrein.

Hafi tryggður aðaltekjur sínar af eigin atvinnurekstri eða eignum, skal hann ávallt talinn á launum hjá sjálfum sér fyrstu 14 dagana eftir að veikindi eða slys ber að höndum, en heimilt er samlagsstjórn að telja hann lengur á sjálfs sín launum, ef sannanlegt er, að tekjur hans rýrna ekki að neinu verulegu leyti vegna sjúkdómsforfalla hans.

42. gr.

Vangoldin iðgjöld innheimta bæjarstjórnir og sveitarstjórnir hjá gjaldanda eða þeim, sem ábyrgð ber á greiðslunni (sbr. 84. gr.). Heimilt er stjórn sjúkrasamlags eða bæjar- eða sveitarstjórn, sem lagt hefir fram iðgjald samkv. 37. gr., að krefjast þess af atvinnurekanda, sem tryggður maður vinnur hjá, að hann haldi iðgjaldinu eftir af kaupi hans og greiði það til sjúkrasamlags eða bæjar- eða sveitarsjóðs. Óhlýðnist atvinnurekandi þessu, þrátt fyrir tilkynningu, má innheimta iðgjaldið hjá honum með lögtaki, ef á þarf að halda.

43. gr.

Greiði tryggingarskyldur maður ekki iðgjald sitt á gjalddaga, skal honum þó gefinn frestur, 14 dagar í kaupstöðum en einn mánuður utan kaupstaða, til að greiða gjaldið, án þess að réttur hans skerðist við það. Þegar sá frestur er liðinn, fellur réttur hans til sjúkrastyrks niður, en þó skal honum heimilt á næsta mánuði að greiða gjaldið, og öðlast hann þá full réttindi aftur frá þeim tíma, er gjaldið er greitt. Greiðist iðgjaldið síðar, öðlast hann réttindi sem nýr meðlimur, sbr. 30. gr., síðustu mgr.

44. gr.

Tillög ríkissjóðs og bæjar- og sveitarsjóða greiðast ársfjórðungslega eftir á og miðast í hvert sinn við greidd iðgjöld á næsta ársfjórðungi á undan.

45. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni, að fengnum tillögum frá Tryggingarstofnun ríkisins, að stofna jöfnunarsjóð sjúkrasamlaga. Sjóði þessum skal aflað tekna á

þann hátt, að vinnukaupendur greiði allt að einum af hundraði umsaminna vinnulauna, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Tillagið til jöfnunarsjóðs skal aðeins lagt á í þeim bæjarfélögum eða hreppum, þar sem sjúkrasamlag er stofnað. Nú er stofnað sjúkrasamlag eftir að jöfnunarsjóður sjúkrasamlaga er stofnaður, og skal þá leggja samsvarandi gjald á vinnulaunagreiðslur í hreppnum, sem svarar til þess, að sjúkrasamlag hefði verið þar frá upphafi, þó með tilliti til greiðslna, er farið hafa fram úr jöfnunarsjóði sjúkrasamlaga áður, eftir því sem ákveðið verður í reglugerð, þó aldrei yfir 1½% gjald í upphafi.

Jöfnunarsjóði skal stjórnað af Tryggingarstofnun ríkisins. Úr jöfnunarsjóði má greiða styrk til einstakra sjúkrasamlaga, sem orðið hafa fyrir svo miklum útgjöldum vegna veikinda samlagsmanna, að sjóðir þeirra hrökkva ekki til. Veittan styrk skal sjúkrasamlagið endurgreiða jöfnunarsjóði að hálfu á næstu fimm árum, með hækkun iðgjalda, ef með þarf, eða annari tekjuöflun.

IV. KAFLI

Elli- og örorkutryggingar.

46. gr.

Stofna skal almennan lífeyrissjóð, er nefnist Lífeyrissjóður Íslands. Honum er ætlað það hlutverk, að veita elli- og örorkulífeyri, eftir því, sem nánar er mælt fyrir í þessum kafla.

47. gr.

Sjóðurinn myndast á þann hátt, er hér segir:

1. Af iðgjöldum tryggingarskyldra manna.
2. Af sjóðum þeim, sem ræðir um í 62. gr. hér á eftir, þegar hlutverki þeirra samkvæmt þeirri grein er lokið, svo og af ellistyrktarsjóðum, þegar hlutverki þeirra er lokið skv. VI. kafla þessara laga.

48. gr.

Tryggingarskyldur er sérhver íslenzkur ríkisborgari, heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á íslenzkt skip, nema annað sé fyrir mælt í lögum þessum. Tryggingarskyldan hefst með fullnuðum 16 ára aldri og lýkur með fullnuðum 67 ára aldri.

Sanni íslenzkur ríkisborgari, sem er lögskráður á íslenzkt skip, en heimilisfastur erlendis, að hann greiði þar iðgjöld til almenns elli- og örorkulífeyrissjóðs, er hann ekki tryggingarskyldur hér.

49. gr.

Sérhver tryggingarskyldur maður, karl og kona, skal árlega greiða iðgjald í Lífeyrissjóð Íslands, sem nemur:

1. 7 krónum fyrir þá, sem heimilisfastir eru í kaupstöðum landsins, en 6 krónum fyrir þá, sem heimilisfastir eru utan kaupstaða.

2. Einn af hundraði af skattskyldum árstekjum, sbr. l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Heimilt er tryggingarskyldum manni að greiða fyrir sig fram til lífeyrissjóðs á hvaða tíma sem er iðgjöld sín samkvæmt 1. tölulið þessarar gr., eða hluta þeirra, eftir þeim reglum, er tryggingarstofnunin setur, sem miða skal við það, að báðir aðilar séu skaðlausir. Fyrirframgreiðslan skal ganga til þess að færa niður ógoldin, árleg iðgjöld hins tryggða.

50. gr.

Undanþegnir hinni árlegu iðgjaldagreiðslu samkv. 49. gr. eru þó þeir, sem allt undanfarið ár hafa

1. notið örorkulífeyris úr Lífeyrissjóði Íslands,
2. notið opinbers styrks samkvæmt ákvæðum laga um styrkveitingar til þeirra manna, sem haldnir eru alvarlegum, langvinnum sjúkdómi,
3. dvalið í fangelsum, vinnuhælum eða öðrum slíkum stofnunum, samkvæmt opinberri ráðstöfun,
4. greitt iðgjöld samkvæmt sérákvæðum 62. gr. hér á eftir.

51. gr.

Greiðslur ellilífeyris hefjast þegar hinn tryggði verður 67 ára.

Sé hinn tryggði ekki að neinu leyti á opinberu framfæri né njóti styrks samkvæmt lögum þessum, er honum heimilt að fá greiðslum ellilífeyris frestað um eitt ár í senn. Sé greiðslum frestað, hækkar árslífeyrir hins tryggða sem hér segir:

68	ára	gamall	maður	fær	13%	í	viðbót.
69	—	—	—	—	30%	-	—
70	—	—	—	—	50%	-	—
71	árs	eða	eldri		75%	-	—

52. gr.

Örorkulífeyrir greiðist á aldrinum 16—67 ára, en sá telst öryrki samkvæmt þessum lögum, sem ekki er lengur fær um, við störf, er samsvara lífskröftum hans og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af honum, með hliðsjón af uppeldi hans og undanfarandi starfa, að vinna sér inn helming þess, er andlega og líkamlega heilbrigðir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði.

Réttur til greiðslu örorkulífeyris hefst, með þeim undantekningum, er um ræðir í 54. og 55. gr., þegar hinn tryggði er úrskurðaður öryrki, og telst frá þeim tíma, er umsókn um lífeyrinn kemur í hendur Tryggingarstofnun ríkisins eða umboðsmanni hennar, nema talið sé í úrskurðinum, að örorkan hafi síðar hafizt, en þá reiknast rétturinn frá þeim tíma, er örorkan hófst.

53. gr.

Tryggingarstjórninni er heimilt að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að tryggingarskyldir menn og konur, eiginmenn þeirra og eiginkonur verði öryrkjar, með því að láta þá læra störf við þeirra hæfi, veita þeim viðeig-

andi læknishjálp, æfa þá við notkun umbúða, gervilima, gleraugna, sjúkravagna og annara tækja, ef fyrirsjáanlegt er, að vanræksla á þessu hafi í för með sér verulega rýrnun á starfsgetu hins tryggingarskylda í nánustu framtíð. Sama gildir um þá, sem þegar eru orðnir öryrkjar, ef líkur eru til, að slíkar ráðstafanir muni geta veitt þeim aftur starfsgetu þeirra eða bætt hana að verulegum mun. Neiti hinn tryggingarskyldi, eða sá, er nýtur örorkulífeyris, að hlíta slíkum ráðstöfunum af hálfu tryggingarstjórnar, getur hún ákveðið, að hann hafi með neitun sinni fyrirgert að nokkru eða öllu leyti réttinum til örorkulífeyris. Þó skal hún jafnan áður en slík ákvörðun er tekin senda í ábyrgðarbréfi þeim, er hlut á að máli, tilkynningu um það, hvaða áhrif neitun hans getur haft. Enginn er þó skyldur að hlíta læknisaðgerð, sem getur haft í för með sér hættu á lífi hans eða limum.

Tryggingarstjórnin getur ennfremur ákveðið, þegar svo stendur á sem í 1. málsgr. segir, að veita skyldutryggðum og þeim, er njóta örorkulífeyris eða ellilauna, hjálp til þess að byrja sjálfstæða atvinnu, með því að styrkja þá til náms, bóklegs eða verklegs, til þess að kaupa vinnuvélar og veita þeim aðstoð til þess að afla sér vinnu.

Allur kostnaður af ráðstöfunum þessum greiðist af örorkutryggingunni.

54. gr.

Enginn maður getur notið örorkulífeyris fyrir sama tíma sem hann

1. nýtur sjúkrastyrks samkvæmt reglum þessara laga um sjúkra- og slysatryggingar,
2. nýtur opinbers styrks samkvæmt ákvæðum laga um styrkveitingar til þeirra manna, sem haldnir eru alvarlegum langvinnum sjúkdómi,
3. dvelur í fangelsum, vinnuhælum eða öðrum slíkum stofnunum, samkvæmt opinberri ráðstöfun, enda sé dvalartíminn á hælinu eða stofnuninni skemmst einn mánuður,
4. nýtur lífeyris úr öðrum sjóði samkvæmt sérákvæðum 62. gr. hér á eftir.

55. gr.

Réttur til þess að fá útborgaðan fullan árlegan elli- eða örorkulífeyri er bundinn því skilyrði, að aðrar árlegar tekjur þess, sem í hlut á, reiknaðar samkvæmt reglum í 3. málsgr., fari eigi fram úr ⅓ af árlegri lífeyrisgreiðslu.

Ef tekjurnar eru meiri, skal draga frá lífeyrinum 60% af þeirri upphæð, sem árstekjurnar eru umfram þriðjung fullrar lífeyrisupphæðar.

Tekjurnar, sem koma til greina, eru reiknaðar samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Til árstekna telst allt það, sem hlutaðeigandi hefir unnið sér inn á síðastliðnu almanaksári, sbr. þó 2. tölul., fastur styrkur frá opinberum sjóðum, að undanskildum örorkulífeyri, eftirlaun og tekjur af eignum.
2. Af því, sem öryrkjar vinna sér inn sjálfir, skal eigi við ákvörðun teknanna tekið tillit til upphæðar, sem nemur allt að 30% af upphæð fullrar árlegrar lífeyrisgreiðslu.

3. Ef aðeins annað hjóna, sem búa saman, á rétt á að fá útborgaðan örorkulífeyri, reiknast árstekjurnar vera helmingur af árstekjum beggja.
4. Eftir að árstekjurnar hafa verið ákveðnar eftir þessum reglum, er upphæð þeirra gerð deilanleg með 10, þannig, að upphæð, er nemur 5 kr. eða meiru, er hækkuð upp í 10 kr., en minni upphæð sleppt, og gildir sú upphæð, er þá kemur fram, þegar ákveða skal örorkulífeyri samkv. 1. og 2. mgr.

56. gr.

Örorkubætur frá slysatryggingardeild Tryggingarstofnunar ríkisins renna í Lífeyrissjóð Íslands, ef sá, sem bæturnar á að fá, er tryggingarskyldur, en þó því aðeins, að örorkubætur séu greiddar sökum þess, að vinnuhæfni hlutaðeigandi manns sé skert að meiru en hálfu, og aldrei hærri upphæð en þyrfti til að kaupa fullan lífeyri.

57. gr.

Nú á tryggður maður rétt til skaðabóta á hendur öðrum vegna slysa, og á hann þess þá kost að afsala sér skaðabótaréttinum til Lífeyrissjóðs Íslands, gegn því að hann fái greiddan lífeyri eftir ákvæðum þessara laga, enda fullnægi hann að öðru leyti þeim skilyrðum, sem í lögunum eru sett fyrir lífeyrisgreiðslum. Þó þarf hann aldrei að afsala sér hærri upphæð en nægja mundi til að kaupa fyrir fullan lífeyri.

Kjósi hann heldur að halda sjálfur skaðabótaréttinum, missir hann rétt til örorkulífeyris að nokkru leyti eða öllu, eftir úrskurði tryggingarstjórnar.

58. gr.

Áður en lífeyrisgreiðslur hefjast samkv. 88. gr. síðari málsl., skal ákveða með lögum upphæð árlegs elli- og örorkulífeyris einstaklinga og hjóna, í Reykjavík, kaupstöðum, kauptúnum með yfir 300 íbúum og annarsstaðar. Skal tryggingarstofnunin halda sérstakan reikning yfir tekjur lífeyrissjóðs, persónugjöld og tekjuskattstillög úr hverju bæjarfélagi, kauptúni með yfir 300 íbúum og annarsstaðar.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar tryggingarstofnunarinnar, nánari reglur um bókhald á tekjum lífeyrissjóðs og um, hvernig skýrslur verði teknar um dvalarstaði manna, er þeir hafa greitt iðgjöld sín.

59. gr.

Umsóknir um elli- og örorkulífeyri sendist til umboðsmanns Tryggingarstofnunar ríkisins á þeim stað, þar sem umsækjandi er heimilisfastur. Umsókninni skal fylgja skýrsla undirrituð af umsækjanda, ef unnt er, og í því formi, sem tryggingarstjórn ákveður, með upplýsingum um öll þau atriði, sem máli skipta, þegar ákveða skal rétt umsækjanda til elli- eða örorkulífeyris. Auk þess skulu tveir menn, nákunnugir högum umsækjanda, undirskrifa yfirlýsingu um að upplýsingar þær, sem skýrslan hefir að geyma, séu sannleikanum samkvæmar. Umsókninni skal fylgja skírnarvottorð, og auk þess, þegar sótt er um örorkulífeyri, vottorð frá tryggingarlækni um heilbrigðisástand umsækjandans. Um-

boðsmaðurinn skal athuga vandlega allar umsóknir, sem honum berast, og ber honum að líta eftir, að skýrslurnar hafi að geyma þær upplýsingar, sem krafizt er, prófa sannleiksgildi þeirra og leiðrétta, ef rangar eru, og að því búnu senda umsóknirnar til Tryggingarstofnunar ríkisins, sem sker úr því, hvort umsækjandi eigi rétt á lífeyri og ákveður upphæð hans samkvæmt lögum þessum.

Skal úrskurður felldur innan 14 daga frá því að Tryggingarstofnun ríkisins barst umsóknin í hendur, nema brýn nauðsyn sé á að afla nýrra upplýsinga og þær fáist ekki í tæka tíð.

60. gr.

Lögreglustjóri annast innheimtu iðgjaldanna.

Sá hluti iðgjaldsins, sem um ræðir í 51. gr. 2. tölulið, innheimtist ásamt tekju- og eignarskatti. Bæjar- og sveitarfélög greiði iðgjöld samkvæmt 49. gr. 1. tölulið þeirra tryggingarskyldra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri.

61. gr.

Sveitar- og bæjarstjórnir skulu fyrir 1. febrúar ár hvert gera skrá yfir alla þá, sem eru heimilisfastir innan hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarfélags og í byrjun almanaksársins hafa náð 16 ára aldri, en yngri eru en 67 ára. Skráin skal greina nöfn, heimili, atvinnu, fæðingarár og dag allra þeirra, sem á hana eru færðir, og ennfremur upplýsingar um það, hvort nokkur, sem þar er talinn, hafi á síðastliðnu ári á undan verið undanþeginn iðgjaldagreiðslu.

Skráin sendist síðan hlutaðeigandi skattanefnd, í Reykjavík skattstjóra, sem rannsakar, hverjir af þeim, sem á skrána eru færðir, eru undanþegnir gjaldskyldu, og ákveður síðan, hve mikið hverjum gjaldskyldum ber að greiða í iðgjald samkvæmt 49. gr. 2. tölulið. Gjaldskráin sendist síðan lögreglustjórum, sem annast innheimtuna.

Afrit af gjaldskrá skal liggja frammi, almenningi til sýnis, samtímis skattskrám.

Kæra má til yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar eftir sömu reglum og gilda um kærur út af tekjuskatti.

62. gr.

Lífeyrissjóður embættismanna og ekkna þeirra, sbr. lög nr. 51 1921, og lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra, sbr. lög nr. 33 1921, skulu lagðir undir stjórn Tryggingarstofnunar ríkisins, og hvorum um sig haldið þar sérskildum. Þeir embættismenn og barnakennarar, sem nú greiða iðgjöld í sjóði þessa, skulu gera það framvegis eftir sömu reglum og áður, enda eru þeir og konur þeirra ekki tryggingarskyldir samkvæmt ákvæðum þessara laga um elli- og örorkulífeyri.

Heimilt skal þó hverjum embættismanni eða barnakennara, sem yngri er en 40 ára, þegar lög þessi taka gildi, að hætta iðgjaldagreiðslum til hlutaðeigandi lífeyrissjóðs, og er hann þá tryggingarskyldur hjá Lífeyrissjóði Íslands. Embættismaður eða barnakennari, sem notar heimild þessa, skal fá endurgreidd iðgjöld sín úr hlutaðeigandi sjóði, án vaxta.

Þeir embættismenn og barnakennarar, sem stöðu fá eftir að lög þessi öðlast

gildi, eru tryggingarskyldir hjá Lífeyrissjóði Íslands. Þó er þeim, sem stöðu fær síðar, heimilt að losna við tryggingarskylduna með því að greiða iðgjöld til hinna sérstöku lífeyrissjóða, enda sé hann ekki yngri en 40 ára, þegar lög þessi öðlast gildi.

V. KAFLI

Atvinnuleysistryggingar

63. gr.

Markmið atvinnuleysissjóða má eingöngu vera að tryggja sjóðfélaga gegn atvinnuleysi, sem ekki stafar af þeim orsökum, sem um getur í 70. gr.

64. gr.

Skilyrði fyrir því, að atvinnuleysissjóður geti fengið staðfestingu ráðherra eru:

1. Að sjóðfélagar séu ekki færri en 50 og vinni að sömu eða svipaðri starfsgrein, eða eigi við svipuð vinnuskilyrði að búa.
2. Að félagið sé heimilisfast í einhverjum kaupstaðanna eða kauptúnanna, og sjóðfélagar allir búsettir í kaupstaðnum, kauptúninu eða nágrenni. Í hverjum kaupstað eða kauptúni um sig getur ekki nema einn atvinnuleysissjóður innan sömu starfsgreinar notið hlunninda samkvæmt lögum þessum, né fengið staðfestingu ráðherra.
3. Að samþykktir félagsins og starfstilhögun sé í samræmi við það, sem hér fer á eftir.

65. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins semur fyrirmynd að samþykktum handa atvinnuleysissjóðum.

Samþykktirnar skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingarstofnunar ríkisins. Á sama hátt skal fara um breytingar á samþykktum.

66. gr.

Enginn getur orðið sjóðfélagi eða haldið áfram að vera það, sem á eignir er nema meira en 5000 kr. fyrir einhleypan mann, og 10000 kr. fyrir hjón. Við ákvörðun eigna skulu ekki taldir innanstokksmunir, fatnaður og bækur.

Enginn getur orðið sjóðfélagi, sem er yngri en 16 ára né eldri en 67 ára.

Enginn getur verið sjóðfélagi samtímis í fleiri en einum sjóði.

67. gr.

Engum má neita um rétt til að gerast sjóðfélagi, sem fullnægir upptökuskilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

Rétt hafa menn til að gerast styrktarfélagar atvinnuleysissjóðs, þótt þeir fullnægi ekki þeim skilyrðum, sem gerð eru til sjóðfélaga. Greiða styrktarfélagar lágmarksgjöld til sjóðsins, eftir því sem ákveðið verður í samþykkt hans, en ekki hafa þeir rétt til styrks úr sjóðnum.

68. gr.

Í samþykktum skal ákveða árstillög sjóðfélaga og styrktarfélaga og hvernig þau greiðast. Sjóður félagsins skal ávaxtaður í sparisjóði, þannig, að sjóðurinn sé ávallt til í handbæru fé.

Einnig skal ákveðið í samþykkt um styrkveitingar úr sjóðnum. Veittur styrkur má aldrei nema meiru en ⅔ af þeim launum, sem greidd eru í hlutaðeigandi starfsgrein á sama tíma.

69. gr.

Í samþykktum atvinnuleysissjóða skal ákveða, hve langur biðtími skuli líða til þess er sjóðfélagi á rétt til styrks, og má sá tími vera mismunandi langur, eftir því hver starfsgreinin er. Biðtími telst sá tími, sem sjóðfélagi hefir verið atvinnulaus á undanförnum 12 mánuðum, og sanna verður hann með vottorði vinnumiðlunarskrifstofu, að hún hafi ekki getað útvegað honum atvinnu á þeim tíma.

70. gr.

Staðfestur atvinnuleysissjóður má ekki veita atvinnuleysisstyrk:

1. Til manna, er þátt taka í verkfalli eða verkbann nær til.
2. Til þeirra manna, er njóta slysa-, sjúkra- eða örorkustyrks samkvæmt lögum þessum, eða eru á opinberu framfæri vegna langvarandi veikinda.
3. Til þeirra, sem misst hafa atvinnu af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á, svo sem vegna drykkjuskaparóreglu.
4. Til þeirra, sem sviptir eru frelsi sínu að opinberri tilhlutun.
5. Til þeirra, sem neita vinnu, er þeim býðst að tilhlutun vinnumiðlunarskrifstofu samkvæmt lögum um vinnumiðlun, eða á annan hátt, svo að sannað sé, þó því aðeins, að ekki hvíli verkfall eða verkbann á vinnunni, enda sé kaupgjald og vinnutími í samræmi við taxta, sem vinnurkenndur er af verklýðsfélagi á staðnum. Hundraðsgjald og hluti af afla eða annari framleiðslu telst kaupgjald.
6. Til þeirra, er ekki hafa fyrir öðrum að sjá, ef þeim býðst vinna í sveit eða annarsstaðar, gegn greiðslu, er nægi þeim til fulls lífsframfæris þann tíma eða hluta af þeim tíma, er gera má ráð fyrir, að hann verði atvinnulaus.

71. gr.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjarsjóður eða sveitarsjóður greiða hvor um sig framlög til atvinnuleysissjóða ófaglærðra daglaunamanna og sjómanna, er nema árlega frá hvorum aðila 50 af hundraði greiddra iðgjalda sjóðfélaga, þó ekki yfir 6 krónur á ári fyrir hvern tryggðan mann úr ríkissjóði og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði, hvorum fyrir sig, og ekki yfir 75000 kr. á ári úr ríkissjóði, nema heimild komi til í fjárlögum.

Til annara atvinnuleysissjóða greiða ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjarsjóðir eða sveitarsjóðir framlög, er miðast við atvinnuleysisstyrk þann, er sjóðirnir hafa úthlutað af framlögum sjóðfélaga. Nema framlög hvors aðila um sig því, sem hér segir.

Ef meðalvinnutekjur í starfsgrein sjóðfélaga nema árlega minnu en 3000

krónum, greiðast 25%. Ef tekjurnar eru yfir 3000 kr., en undir 4000 kr., greiðast 20%. Ef tekjurnar eru yfir 4000 kr., en undir 5000 kr., greiðast 15%.

72. gr.

Stjórn staðfests atvinnuleysissjóðs skal árlega senda Tryggingarstofnun ríkisins endurskoðaða reikninga sjóðsins, og skal tryggingarstofnunin hafa eftirlit með því, að sjóðirnir starfi lögum samkvæmt.

Hefir hún rétt til að krefjast skýrslna um allt, sem sjóðinn varðar, og aðgang að skjölum hans og skilríkjum.

Atvinnuleysissjóðir, sem stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, skulu tilkynna ráðherra stofnunina fyrir 1. apríl, og öðlast þeir þá rétt til framlags úr ríkissjóði, bæjar- eða sveitarsjóði, samkvæmt lögum þessum, frá næstu áramótum á eftir. Þetta ákvæði gildir þó ekki um þá atvinnuleysissjóði, sem stofnaðir kunna að verða á árinu 1936.

73. gr.

Sá, sem gerist sekur um svik gagnvart sjóðnum, hefir fyrirgert rétti sínum til þess að vera sjóðfélagi og til styrks úr sjóðnum. Sé um minni háttar yfirsjón að ræða, getur félagið þó heimilað honum félagsréttindi á ný. Svo getur félagið og ákveðið, að fyrir slíkar eða aðrar yfirsjónir skuli svipta mann, sem brotlegur hefir gerzt, styrk úr sjóðnum um tiltekinn tíma.

VI. KAFLI

Um ellilaun og örorkubætur.

74. gr.

Þar til Lífeyrissjóður Íslands greiðir 50% af fullum elli- og örorkulífeyri, greiðast ellilaun og örorkubætur samkvæmt fyrirmælum þeim, er hér fara á eftir.

75. gr.

Ellistyrktarsjóðir þeir, sem nú eru til, skulu ávaxtaðir á sama hátt og verið hefir. Þó skal fé þeirra, ef það verður handbært, flytjast í Lífeyrissjóð Íslands og ávaxtast þar.

76. gr.

Til örorkubóta og ellilauna skal árlega varið:

1. Árlegum vöxtum af ellistyrktarsjóðum.
2. Tillagi frá Lífeyrissjóði Íslands eftir því sem ákveðið er í 78. gr.
3. Framlögum úr bæjar- og sveitarsjóðum eftir ákvörðun bæjar- og sveitarstjórna.

77. gr.

Til þess að gera lífeyrissjóðnum kleift að standa straum af framlögum samkvæmt 2. tölul. 76. gr., skal ríkissjóður leggja honum árlega í næstu 50 ár 150 þúsund krónur.

78. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins skal reikna út í lok hvers árs, hve miklu árstillag lífeyrissjóðs, samkvæmt 2. tölulið 76. gr., nemi.

Upphæðin er fundin á þann hátt sem hér segir:

Tryggingarstofnunin leggur til grundvallar síðustu skýrslur um tölu gamalmenna, yfir 67 ára, á öllu landinu. Árstillag lífeyrissjóðs fæst þá með því að margfalda tölu gamalmennanna með kr. 52,50, að frádreginni þeirri upphæð, sem úthlutað hefir verið á því ári af vöxtum ellistyrktarsjóðanna. Gildir regla þessi þangað til Lífeyrissjóður Íslands byrjar að greiða elli- og örorkulífeyri, sbr. 88. gr. Eftir þann tíma dregst auk þess, sem að framan getur, frá árstillagi lífeyrissjóðs helmingur af öllum lífeyrisgreiðslum á árinu.

79. gr.

Sveitar- og bæjarstjórnir auglýsa árlega í septembermánuði, að fram fari úthlutun á ellilaunum í umdæmum þeirra til 67 ára gamalla manna og eldri, og örorkubótum til þeirra, sem yngri eru.

Umsóknir skulu vera skriflegar, og skal þeim fylgja skýrsla um efnahag og ástæður umsækjanda, gefin af honum sjálfum, ef unnt er, og vottuð af tveim valinkunnum mönnum, sem vitað er, að vel er kunnugt um hag hans. Skýrslur þessar skulu vera á sérstökum eyðublöðum, er ráðuneytið lætur gera og sendir bæjar- og sveitarstjórnum.

Umsóknirnar skulu sendar hreppsnefnd í hreppum, en bæjarstjórnum í kaupstöðum eða framfærslunefndum, ef til eru.

Umsóknum um örorkubætur skal fylgja vottorð tryggingarlæknis eða héraðslæknis um heilsufar umsækjanda.

80. gr.

Þegar umsóknarfrestur er liðinn, skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir (framfærslunefndir) taka umsóknirnar til úrskurðar, og skal ákveða þeim gamalmennum ellilaun, sem að dómi sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar teljast hafa þeirra þörf, og jafnframt ákveða, hve há ellilaun skuli vera til hvers einstaklings. Skal reynt að stilla svo til, að gamalmenni, sem ellilauna nýtur, þurfi ekki jafnframt að leita framfærslustyrks.

Til greina við úthlutun koma öll gamalmenni sveitarinnar, sem náð hafa hinu tilskilda aldursmarki, og jafnt þau, sem áður hafa þegið sveitarstyrk, sem önnur.

Sömu reglur skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um úthlutun örorkubóta.

81. gr.

Þegar úthlutun ellilauna er lokið, skal senda Tryggingarstofnun ríkisins nákvæma skýrslu um úthlutunina, og í því formi, er hún ákveður.

Í skýrslunni skal tekið fram, hve mikill hluti af hinni úthlutuðu upphæð hafi verið vextir af ellistyrktarsjóði, og tiltekin upphæð sú, er úthlutuð hefir verið hverju gamalmenni.

82. gr.

Þegar tryggingarstofnunin hefir fengið skýrslur af öllu landinu, telur hún saman allan veittan styrk úr bæjar- og sveitarsjóðum. Reiknar tryggingarstofnunin síðan út hlutfallið milli þessarar upphæðar og árstillags lífeyrissjóðs, samkv. 78. gr. hér að framan. Greiðir hún því næst hverju bæjar- eða hreppsfélagi þá upphæð, sem því ber, í hlutfalli við þess eigin framlög, þó þannig, að framlag lífeyrissjóðs sé aldrei hærra en framlag bæjar- eða sveitarsjóðsins. Úthlutar svo bæjar- eða sveitarstjórn hlutaðeigandi gamalmennum og öryrkjum þessari upphæð í réttu hlutfalli við fyrri úthlutun.

VII. KAFLI

Ýms ákvæði.

83. gr.

Nú taka þessi lög eða lög, sem um opinbera framfærslu gilda, að öllu leyti að sér hlutverk sérstakra opinberra sjóða eða annara sjóða, sem ekki eru eign einstakra manna, svo sem ýmsra dánargjafasjóða, og skal þá engu að síður skylt að úthluta árlega úr sjóðnum jafnhárri upphæð og skipulagsskrá hans leggur fyrir eða heimilar að veita í því skyni. Skal upphæðin greidd til hlutaðeigandi tryggingarsjóðs eða þess sjóðs, sem hlutverkið hefir tekið að sér. Skylt er opinberum eftirlitsmönnum sjóða þessara að sjá um, að fyrirmælum þessum sé fylgt.

84. gr.

Auk þess sem gjaldendur eiga að greiða iðgjöld sín til sjúkrasamlaga og Lífeyrissjóðs Íslands hver fyrir sig, þá eru menn og skyldir til að leggja fram gjöldin fyrir aðra, eins og hér segir:

1. Hjón bera sameiginlega ábyrgð á iðgjöldum beggja meðan hjónabandinu er ekki slitið að lögum, enda séu þau til heimilis í sama hreppi.
2. Foreldrar og fósturforeldrar eiga að inna af hendi iðgjöld fyrir börn sín og uppeldisbörn, sem vinna hjá þeim, eru á þeirra vegum eða þeir kosta til náms.
3. Húsbændur greiða iðgjöld fyrir hjú sín og annað þjónustufólk.
4. Iðnaðarmenn greiða iðgjöld fyrir starfsmenn (iðnnema og sveina) sína.
5. Atvinnurekendur greiða iðgjöld fyrir fasta starfsmenn sína.

Nú gefur félagsmaður í atvinnuleysissjóði ávísun fyrir iðgjöldum sínum, til handa sjóðnum, á ógreidd vinnulaun hjá atvinnurekanda, og skal atvinnurekanda þá skylt að greiða ávísunina, enda hafi honum verið sannanlega tilkynnt um ávísunina áður en kaupgjaldsgreiðslan fer fram. Sama gildir um ávísun fyrir iðgjöldum til sjúkrasamlaga og Lífeyrissjóðs Íslands.

Þeir, sem þannig greiða gjöld fyrir aðra, hafa rétt til að halda gjaldinu eftir af kaupi þeirra.

85. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bóta- eða lífeyriskröfur eða kröfur til atvinnuleysisstyrkja samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær lög-

hald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefir rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

86. gr.

Öll iðgjöld og önnur framlög til sjúkrasamlaga og tryggingarsjóða samkvæmt lögum þessum koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 6 9. jan. 1935, og njóta forgangsréttar í dánar- og þrotabúum, samkvæmt 83. gr. b, 3, skiptalaganna frá 12. apríl 1878. Gjöldin hafa öll lögtaksrétt samkvæmt lögum nr. 2º 16. des. 1885, og má taka þau lögtaki hjá gjaldanda og þeim, sem ábyrgð ber á greiðslunni, sbr. 84. gr.

87. gr.

Ákveða má í reglugerðum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, að brot gegn ákvæðum þeirra varði sektum, 50—1000 kr., er renni í sjóð hlutaðeigandi tryggingardeildar.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

88. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda jafnskjótt og þau öðlast gildi. Menn, sem þá eru orðnir fullra 60 ára, eru þó undanþegnir iðgjaldagreiðslu til Lífeyrissjóðs Íslands.

Lífeyrisgreiðslur hefjast þegar hinir tryggðu hafa með iðgjaldagreiðslum sínum eignazt rétt til 12½% af fullum lífeyri.

89. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1936. Falla þá jafnframt úr gildi:
Lög nr. 65 7. maí 1928, um samstjórn tryggingarstofnana landsins.
Lög nr. 72 8. sept. 1931, um slysatryggingar.
Lög nr. 103 19. júní 1933, um sjúkrasamlög.
Lög nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.
Lög nr. 68 19. júní 1933, um breyting á síðastnefndum lögum.
Öll önnur ákvæði laga, sem í bága fara við lög þessi.

Sþ. 727. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1936 og við brtt. á þskj. 670.

I. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 12. gr. 3. (Læknisvitjanastyrkur).
a. Fyrir „Reykjarfjarðarhreppur 150“ kemur: Reykjarfjarðarhreppur 200
b. Fyrir „Snæfjallahreppur 300“ kemur: Snæfjallahreppur 250

II. Frá *Gísla Sveinssyni.*
Við 12. gr. 3. (Læknisvitjanastyrkur).
a. Framlagið hækki um 300 kr.
b. Á eftir „Síðuhéraði“ komi: Skaftártunguhreppur 300

III. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 12. gr. 10. (Utanferðir héraðslækna).
Fyrir „3000“ kemur 1500

IV. Frá *Garðari Þorsteinssyni.*
Við 12. gr. 18. t. Nýr liður:
Til Jóns Einarssonar í Rauðhúsum, styrkur til framfærslu fávita 1000

V. Frá *Thor Thors.*
Við 13. gr. A. II. a. 4. (Ólafsvíkurvegur).
Fyrir „3000“ kemur 5000

VI. Frá *Þorsteini Briem* og *Hannesi Jónssyni.*
1. Við brtt. 670, 69. a. (Nýr liður á eftir 13. gr. A. II. a. 4, Laxárdalsvegur).
Fyrir „1500“ kemur 3000
2. Við brtt. 670, 69. b. (Nýr liður á eftir sama lið, Suðurdalavegur).
Fyrir „6000“ kemur 10000
3. Við brtt. 670, 69. c. (Nýr liður á eftir sama lið, Saurbæjarvegur).
Fyrir „3000“ kemur 7000

VII. Frá *Hannesi Jónssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 12. Nýr liður:
Vesturhópsvegur 3000

VIII. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við brtt. 670, 74. (Nýr liður á eftir 13. gr. A. II. a. 12, Vatnsskarðsvegur).
Fyrir „6000“ kemur 10000

IX. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við brtt. 670, 77. (Nýr liður á eftir 13. gr. A. II. a. 24, Norðfjarðarvegur).
Fyrir „15000“ kemur 10000

X. Frá *Gísla Sveinssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 28. (Síðuvegur).
Fyrir „3000“ kemur 10000
Til vara 6000

XI. Frá *Eiríki Einarssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 31 (Gnúpverjahreppsvegur).
Fyrir „5000“ kemur 6500

XII. Frá *Páli Þorbjörnssyni.*
Við 13. gr. C. VII. 6. (Vestmannaeyjahöfn).
Fyrir „15000“ kemur 95000

XIII. Frá *Thor Thors.*
Við brtt. 670, 98 (Nýr rómv. liður á eftir 13. gr. C. VII.).
Fyrir „i Ólafsvik 7000“ kemur: í Ólafsvík 7500

XIV. Frá *Guðbrandi Ísberg.*
Við brtt. 670, 141. (Nýr liður á eftir 14. gr. B. XVIII. 3, Sundlaug á Akureyri).
Fyrir „5000“ kemur 10000

XV. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við brtt. 670, 153. a. (Nýr liður á eftir 15. gr. 31, Jóhannes úr Kötlum).
Fyrir „1000“ kemur 600
Til vara 800

XVI. Frá *Magnúsi Torfasyni.*
Við 15. gr. 36. Nýr liður:
Til Odds Oddssonar, til ritstarfa 800

XVII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við brtt. 670, 156 (Nýr liður á eftir 15. gr. 39, Ásmundur Sveinsson).
Fyrir „2500“ kemur 1200
Til vara 1800

XVIII. Frá *Eiríki Einarssyni, Jóni Ólafssyni* og *Pétri Magnússyni.*
Við 16. gr. 1. (Atvinnubætur).
Á eftir orðunum „að stofnun nýbýla“ í aths. komi: og 150000 krónur til vegagerðar samkv. l. nr. 25 23. júní 1932 (Hellisheiðarvegar). Skal sú vegagerð byrjuð austan frá, við Suðurlandsbraut í Ölfusi.

XIX. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 17. gr. 28. Nýir liðir:
a. Til sjúkra- og styrktarsjóðsins Líkn í Ögurhreppi .. 300
b. Til sjúkra- og styrktarsjóðsins Hjálp í viðlögum í Reykjarfjarðarhreppi 300

XX. Frá *Guðbrandi Ísberg.*
Við 18. gr. II. g. 16. (Halldór Kiljan Laxness).
Liðurinn fellur burt.
Til vara: Fyrir „5000“ kemur 1200

XXI. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 18. gr. II. g. 16. (Halldór Kiljan Laxness).
Fyrir „5000“ kemur 3600
Til vara 4000

XXII. Frá *Gísla Sveinssyni.*
Við 22. gr. III. Nýr liður:
Að kaupa jarðirnar Keldudal, Álftagróf og Holt í Mýrdal, er sæta ágangi Hafursár vegna fyrirhleðslu, sem vegamálastjórnin hefir látið gera þar, við verði, sem Búnaðarfélag Íslands metur, enda greiðist það út á 4 næstu árum.

XXIII. Frá *Einari Árnasyni* og *Bernh. Stefánssyni.*
Við 22. gr. VII. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f, gegn þeim

tryggingum, er stjórnin metur gildar, allt að 200000 kr. rekstrarlán, enda sé lánið greitt að fullu fyrir áramót.

Nd. 728. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 716 [Þingsköp Alþingis].

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við a-lið. Orðin „ef sérstaklega stendur á“ falli niður.

Nd. 729. Lög

um veiting ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 7. des.).

Samhljóða þskj. 696.

Nd. 730. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og brtt., sem fram hafa komið við það, og leitað umsagnar vegamálastjóra. Er sú umsögn prentuð hér með nál. sem fylgiskjal. Leggur nefndin til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að vegamálastjóri sjái sér fært að leggja það til, að teknir verði á næstunni í tölu þjóðvega þeir vegarkaflar, sem frumvarpið og breytingartillögurnar tiltaka, eftir því sem nauðsyn krefur, telur deildin, að eigi beri að afgreiða á þessu þingi fyrirliggjandi frv., og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. des. 1935.

Gísli Guðmundsson, form. Finnur Jónsson, fundaskrifari. Gísli Sveinsson, frsm.

Jón Ólafsson. Þorbergur Þorleifsson.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRI
Reykjavík, 29. okt. 1935.

Vegalagabreytingar á Alþingi 1935.

Með vegalögunum frá 1933 var þjóðvegakerfið aukið um 882 km. og er nú 3400 km. Viðhald þjóðveganna hefir kostað í fyrra tæpar 700 þús. kr. og í ár fyllilega 650 þús. kr. Þessi mikli viðhaldskostnaður hefir valdið því, að dregið hefir úr nýbyggingum, og er svo komið, að í frv. til fjárl. fyrir 1936 er farið fram á aðeins 235 þús. kr. til nýbygginga, en til þeirra var varið 1934 um 565 þús. kr. og í ár nálægt 430 þús. kr. Þar sem þannig er ástatt, þykir mér mjög varhugavert að bæta við nýjum þjóðvegum, nema alveg sérstakar ástæður séu fyrir hendi, svo sem til að bæta úr einhverju sýnilegu misrétti milli héraða eða til þess að greiða fyrir einhverri sérstakri umferða- eða flutningaþörf.

Að því er snertir breytingartillögur þær við vegalögin, sem nú hafa verið bornar fram, þá tel ég þessar ástæður ekki vera fyrir hendi. Tillögur þessar, allar að heita má, fara fram á að taka ýmsa sýsluvegakafla í 9 sýslum, samtals um 454 km., í tölu þjóðvega. Er þetta um 12% viðbót við þjóðvegakerfið, sem nú er. Sumir kaflarnir eru bílfærir, en þó naumast nema meðan jörð er auð, og hafa endurbætur á þeim undanfarin ár verið kostaðar að hálfu úr ríkissjóði, en viðhaldið hafa sýslurnar annazt.

Að mínu áliti verður á næstu árum að leggja áherzlu á að verja vegafénu til endurbóta á aðalvegakerfinu, sem mjög er þörf, því ýmsir kaflar þess, sem gerðir hafa verið akfærir til bráðabirgða, þola alls ekki umferð hinna þungu bifreiða, sem nú eru orðnar algengastar. Ennfremur þarf að leggja kapp á, að viðhald veganna sé í sem beztu lagi, og verður sérstaklega að leggja áherzlu á bæði umbætur og viðhald þeirra vega, þar sem umferð og flutningaþörf er mest. Mun til þess ekki af veita því fé, sem nú eru horfur á að fáist til þjóðveganna.

Til sýsluveganna er gert ráð fyrir að veita á næsta ári svipaða upphæð og undanfarin ár, um 140 þús. kr., og geri ég ekki ráð fyrir, að sú upphæð myndi verða lækkuð, enda þótt einhverjir sýsluvegir yrðu teknir í tölu þjóðvega. Hinsvegar myndu vaxa kröfur um endurbætur þessara nýju þjóðvegakafla, og mundu þá rýrast að sama skapi framlög til þjóðveganna, sem nú eru.

Þar sem nú er svo stutt, aðeins tæp 3 ár, síðan margir vegir í svo að segja öllum sýslum landsins voru teknir í þjóðvegatölu, og þar sem að mínu áliti ekki mælir meiri sanngirni með þeim vegum, sem komnar eru breytingartillögur um, en ýmsum öðrum, sem búast má við, að tillögur komi um á þessu þingi, ef þessar eiga að ná samþykki Alþingis, þá vil ég leggja það til, að breytingartillögur þessar nái ekki fram að ganga.

Geir G. Zoëga.

Til samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 731. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 712 [Strandvarnir við Vestmannaeyjar].

Flm.: Jónas Guðmundsson

Við 1. lið. Á eftir orðunum „strandvörnum að staðaldri“ í 1. mgr. kemur: fyrir Austurlandi.

Ed. 732. Breytingartillögur

við frv. til l. um Ferðamannaskrifstofu ríkisins.

Frá Ingvari Pálmasyni.

Við 8. gr.

a. Í stað „bifreið“ komi: áætlunarbifreið.
b. Í stað „8“ komi: 7.

Ed. 733. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Eftir allýtarlega athugun á frv. þessu leggur nefndin til, að það verði samþykkt. Einn nefndarm. skrifar þó undir með fyrirvara.

Alþingi, 7. des. 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.	Magnús Guðmundsson, með fyrirvara.
Páll Hermannsson.	Þorsteinn Briem.	

Sþ. 734. Tillaga til þingsályktunar

um endurgreiðslu á útflutningsgjaldi.

Flm.: Pétur Ottesen, Ólafur Thors, Páll Þorbjörnsson, Jóhann Þ. Jósefsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að endurgreiða útvegsmönnum fjárhæð, er svari til þess, er greitt verður í ríkissjóð á árinu 1936 í útflutningsgjald af fiskbeinum umfram 10 kr. af smálest. Endurgreiðslunni til hvers einstaks útvegsmanns skal haga svo, að hann fái greiðslu í réttu hlutfalli við það magn fiskbeina, er hann selur til útflutnings á árinu, enda sanni hann kröfu sína með kvittuðum reikningi kaupanda og vottorði frá matsmanni.

Nd. 735. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 712 [Strandvarnir við Vestmannaeyjar].

Frá Thor Thors.

Síðari hluti tillgr. orðist svo:

Ennfremur að halda uppi öflugri landhelgisgæzlu við Snæfellsnes og láta vera á Faxaflóa og við Snæfellsnes að staðaldri allt árið gæzluskip, o. s. frv.

Nd. 736. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Ólafi Thors.

Framan við frvgr. bætist:

Aftan við A. 13. í 2. gr. laganna bætist: og þaðan um Útskála að Sandgerði.

Nd. 737. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hlutinn (GÍ og JónP) vill afgreiða frumvarpið með breytingum og áskilur sér rétt til að bera breytingartillögur fram við 3. umræðu málsins, verði hin rökstudda dagskrá ekki samþykkt.

Meiri hlutinn (PZ, BÁ og EmJ) sér ekki ástæðu til að breyta lögunum að svo stöddu. Því vill hann afgreiða málið með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem framkvæmd laga nr. 2 9. jan. 1935 hefir jafnað og hækkað verð á dilkakjöti í landinu, sér deildin ekki ástæðu til að breyta þeim að svo stöddu, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. des. 1935.

Bjarni Ásgeirsson, form. Páll Zóphóníasson, fundaskr., frsm. Guðbr. Ísberg.

Jón Pálmason. Emil Jónsson.

Nd. 738. Nefndarálit

um frumv. til laga um viðauka við og breyt. á l. nr. 68 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og er sammála um að leggja til, að það verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að engar undirbúningsmælingar hafa farið fram og engin kostnaðaráætlun gerð um framræslu Flóans, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að framkvæmd verði, en hinsvegar kunnugt, að Búnaðarfélag Íslands framkvæmir slíkar rannsóknir, hlutaðeigendum að kostnaðarlausu, þegar um er beðið, þá sér deildin eigi fært að afgreiða málið á þessu þingi, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. des. 1935.

Bjarni Ásgeirsson, form. Páll Zóphóníasson, fundaskr., frsm. Guðbr. Ísberg.
Jón Pálmason. Emil Jónsson.

Nd. 739. Nefndarálit

um frv. til l. um sölu á prestsmötu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað mál þetta og borið saman við gildandi lög og verðlagsskrár. Hefir orðið ofan á í nefndinni að leggja til, að því verði breytt í það horf, að sú breyting ein verði gerð á gildandi lögum um þetta efni, að prestsmötuleigan, eins og hún er metin prestum til heimatekna, sé látin samsvara 8% af verðhæðinni í stað 5% eins og nú er gert. Lækkar þá verð prestsmötunnar um 3/8 frá því, sem nú er, og verður svipað því, sem ætlazt er til með frumvarpinu.

Leggur hún því til, að frumvarpið verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað „5%“ í lagagreininni komi: 8%.
2. 3., 4., 5., 6. og 7. gr. frv. falli burt.
3. Fyrirsögn frumv. verði:
   Frumv. til laga um breyting á lögum nr. 38 27. júní 1925 [Sala á prestsmötu].

Alþingi, 7. des. 1935.

Bjarni Ásgeirsson, form. og frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskr. Jón Pálmason.
Guðbr. Ísberg. Emil Jónsson.

Nd. **740. Breytingartillögur**

við frv. til framfærslulaga.

Flm.: Gísli Sveinsson, Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen.

1. Við 1. gr. Í síðari málsgr. falli niður orðin „eða framfærslunefndar".
2. Við 7. gr. Í þriðju málsgr. komi, á eftir orðunum „fyrirmælum 8. gr.": ef næg rök liggja til undanfærslu framfærsluþurfa, en sé ella laus undan framfærsluskyldu; eigi má ákvarðað meðlag hærra vera o. s. frv.
3. Við 8. gr. Í stað orðanna í fyrri málsgr., „ef sveitarstjórnin í heimilissveit" o. s. frv., komi: ef hann eftir úrskurði yfirvalds er fær um að greiða meðlagið, en úrskurði þeim má skjóta til atvinnumálaráðherra.
4. Við 9. gr.
   a. Í stað „framfærsluþurfi" í fyrra málslið komi: Framfærslumaður.
   b. Síðari málsl. falli burt.
5. Við 12. gr. Við fyrri málsgr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Þar er lögheimili manns, er hann hefir fast aðsetur og greiðir almenn gjöld.
6. Við 13. gr. Á eftir orðunum „sem framfærslustyrks hafa notið" í 2. málsl. komi: þótt eigi sé endurgreiddur.
7. Við 20. gr. Í stað orðanna „er framfærsluþurfi til þess kýs" komi: þar er hann síðast átti lögheimili í landinu.
8. Við 22. gr. Í 2. málsl. falli niður orðin: „framfærslunefndar eða".
9. Við IV. kafla.
   Frv.greinarnar 27.—36., að báðum meðtöldum, falli niður, en í stað þeirra komi 3 greinar, svo hljóðandi (og breytist greinatala frv. samkv. því):
   a. (27. gr.). Atvinnumálaráðherra hefir yfirstjórn allra framfærslumála í landinu.
   b. (28. gr.). Framfærslumálum heima í héraði stjórna hreppsnefndir og bæjarstjórnir, hver í sínu umdæmi, og fela þær störf hér að lútandi sérstökum nefndum eða einstökum mönnum, eftir því sem nauðsyn krefur.
   c. (29. gr.). Sérhverjum, er ekki vill una þeirri afgreiðslu, sem mál hans hefir fengið hjá bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er heimilt að áfrýja því til atvinnumálaráðherra, er þá skal fullnaðarúrskurð á leggja.
10. Við 39. gr., sem verður 32. gr. Í stað „framfærslunefnd" í fyrra málsl. komi: bæjarstjórn.
11. Við 41. gr., sem verður 34. gr.
    a. Í stað „framfærslunefnd" í fyrstu málsgr. komi: bæjarstjórn.
    b. Í stað „leyfi" í 3. málsgr. komi: samþykki.
12. Við 42. gr., sem verður 35. gr. Í stað „þegar" í síðara málsl. komi: þegar í stað.
13. Við 47. gr., sem verður 40. gr. Í stað „þeginn framfærslustyrk" í fyrri málsgr. komi: áfallinni framfærsluskuld.
14. Við 48. gr., sem verður 41. gr. Á eftir orðunum „til tryggingar" í endi 1. málsgr. komi: er gengur fyrir öllum öðrum kröfum.

15. Við 50. gr., sem verður 43. gr. Á eftir orðunum „með venjulegu kaupgjaldi“ í 1. málsgr. komi: á þeim stað.
16. Við 52. gr., sem verður 45. gr. Á eftir orðunum „sé fullnægt“ í endi greinarinnar komi: að viðlögðu fangelsi samkv. 46. gr.
17. Við 58. gr., sem verður 51. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
    Skylt er barnsföður að endurgreiða meðlag heimilissveit sinni eða þeirri sveit, er greitt hefir það fyrir hann til dvalarsveitar barnsins, móður þess eða annars framfærslumanns, sé hann þess umkominn að dómi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar.
18. Við 59. gr., sem verður 52. gr. Greinin orðist svo:
    Þegar dvalarsveit hefir greitt barnsmeðlag, sem innheimta ber hjá öðru sveitarfélagi, skal senda kröfu um endurgreiðslu til heimilissveitar barnsföður, annaðhvort beint eða um hendur atvinnumálaráðherra, er þá innheimtir kröfuna með aðstoð lögreglustjóra, ef þörf krefur. Skal kröfunni fylgja kvittun barnsmóður, svo og staðfest eftirrit af meðlagsúrskurði og lífsvottorð barnsins.
19. Við 64. gr., sem verður 57. gr. Fyrir „framfærslunefnd“ í upphafi gr. komi: bæjarstjórn.
20. Við 68. gr., sem verður 61. gr.
    a. Í fyrri málsgr. falli niður: „(framfærslustjóra)“.
    b. Í síðari málsgr. komi fyrir „menn“: karlar.
21. Við 69. gr., sem verður 62. gr. Fyrir orðin „lok marzmánaðar“ í upphafi greinarinnar komi: 15. júnímánaðar.
22. Við 70. gr., sem verður 63. gr. Fyrir orðin í 2. málsl. „er hafa yfir 500 íbúa og sem“ komi: sem hafa yfir 500 íbúa og.
23. Við 74. gr., sem verður 67. gr. Fyrir „1. júní“ komi: 1. júlí.
24. Við 77. gr., sem verður 70. gr. Við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
    Um allar áfallnar og ógreiddar skuldir og kröfur út af viðskiptum sveitarstjórna áður en lög þessi öðlast gildi, ef þær leysast eigi með samningi milli aðilja, skal senda atvinnumálaráðherra greinilega skýrslu, og sker hann til fullnustu úr öllum ágreiningi um þær. Ákveður hann, að fengnum nægilegum upplýsingum, hversu mikið af kröfum þessum skuli telja hlutaðeigandi sveitarfélögum fært að inna af hendi; af því, sem afgangs verður, greiðist helmingur úr ríkissjóði, en hinn helmingurinn fellur niður.
25. Við 78. gr., sem verður 71. gr. Við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
    Um alla þá, sem eru á sveitarframfæri við gildistöku laganna, koma ákvæði þeirra til framkvæmda þegar í stað.
26. Á eftir 71. gr. komi svo hljóðandi

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA:

Þangað til sett verða lög um byggðarleyfi, getur bæjarstjórn, eða sýslunefnd eftir áskorun frá hreppsnefndum í meiri hluta hreppa sýslufélagsins, gert tillögur um takmörkun fyrir innflutningi fólks í umdæmið til varanlegrar dvalar eða aðseturs þar, og skal senda þær tillögur til atvinnu-

málaráðherra, er síðan setur reglur um byggðarleyfi í viðkomandi bæ eða héraði, ef hann að öllum ástæðum athuguðum telur þess þörf.

Sþ. 741. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1936.

Frá Ólafi Thors.

Við 13. gr. C. IV. Nýr liður:

Til að setja upp hljóð- og ljósdufl við Sandgerðissund, fyrsta greiðsla af fjórum 5000

Nd. 742. Frumvarp til laga

um fávitahæli.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórnin sér um, jafnóðum og fé er veitt til þess í fjárlögum, að stofnuð séu:

a. Skólaheimili, eitt eða fleiri, fyrir unga vanvita og hálfvita eða börn og unglinga, sem kenna má ofurlítið til munns eða handa.
b. Hjúkrunarhæli fyrir örvita eða þá fávita, unga og gamla, sem ekkert geta lært og ekkert unnið til gagns.
c. Vinnuhæli, eitt eða fleiri, fyrir fullorðna fávita, sem vinnufærir eru að einhverju leyti, en verða þó að teljast ófærir til að vinna alveg fyrir sér eða stunda vinnu á almennum heimilum.

2. gr.

Semja má um námsvist, eða hjúkrunar- og vinnuvist, fyrir fávita í stofnunum bæjar- eða einkafélaga, ef eftirlitsnefnd fávitahæla og landlæknir samþykkir, enda hafi stofnanir þessar þeim starfsmönnum á að skipa, er fullnægja skilyrðum kennslumálaráðherra um undirbúning eða reynslu í starfinu.

3. gr.

Skólaheimili taki börn og unglinga fram að tvítugsaldri og leitist við að kenna þeim undirstöðuatriði almennustu barnaskólanámsgreina, en leggi þó sérstaklega rækt við að kenna þeim einhverja þá vinnu, sem að gagni má verða.

Þegar nægileg skólaheimili eru í landinu, getur kennslumálaráðherra sett með reglugerð ákvæði um almenna námsskyldu þeirra fávita, sem unnt þykir að veita nokkra fræðslu, svo og um undirbúningsmenntun fávitakennara.

4. gr.

Hjúkrunarhælið sé í þremur aðgreindum deildum, fyrir karla, konur og börn. Örvitum, eða fávitum á lægsta þroskastigi, sé þar veitt öll sú nærgætni og aðhlynning sem auðið er.

5. gr.

Vinnuhæli skulu vera í tveim deildum, fyrir karla og konur, og skal þar veita starfhæfum fávitum, sem ekki eiga annars úrkosta, vinnu við þeirra hæfi, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sem eftirlitsnefnd fávitahæla semur, en kennslumálaráðherra staðfestir.

6. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna eftirlitsnefnd með öllum þessum heimilum eða hælum fávita, til 4 ára í einu.

Formaður nefndarinnar sé læknir, sérfróður um mein fávita, ef kostur er, en auk þess séu jafnan kennari og kona í nefndinni. Kostnaður við eftirlitsferðir nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Framfærslustyrkur fávita telst ekki fátækrastyrkur, en fávitar vinna sér ekki sveitfesti, þótt þeir dvelji utan fæðingarsveitar sinnar.

8. gr.

Ráðuneytið setur með sérstakri reglugerð ákvæði um:

a. Hvernig safna skal nákvæmum skýrslum um tölu fávita og hagi þeirra.
b. Hvernig aðgreina skal börnin, sem ætluð er vist á skólaheimili eða hjúkrunarhæli.
c. Hvernig eftirliti skal hagað með aðbúð þeirra fávita, sem dvelja ekki í fyrrnefndum hælum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Á meðan ekki eru samþykkt lög um framfærslu sjúkra manna og örkumla almennt, greiðir ríkissjóður 4/5 hluta meðgjafar með efnalausum fávitum á fyrrgreindum hælum, en framfærslusveitin 1/5 hluta.

Ed. 743. Nefndarálit

um frv. til laga um samþykktir um lokunartíma sölubúða.

Frá allsherjarnefnd

Frv. þetta er til þess fram borið, að sameina í ein lög fern lög eða lagabúta, sem um þetta efni gilda, en efnisbreytingu er enga um að ræða. Nefndin

telur hægðarauka að þessu og leggur til, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 9. des. 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson, form. Ingvar Pálmason, fundaskrifari. Magnús Guðmundsson, frsm.
Páll Hermannsson. Þorsteinn Briem.

Nd. 744. Frumvarp til laga

um Ferðaskrifstofu ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn skrifstofu í Reykjavík, er nefnist Ferðaskrifstofa ríkisins, og skal hún starfa að því að veita fræðslu um landið innanlands og utan með fræðsluritum, útvarpserindum, fyrirlestrum, kvikmyndum, auglýsingum og á annan hátt, með það fyrir augum að vekja athygli ferðamanna á landinu og kynna það á þann hátt, að menn fái sem gleggsta hugmynd um lands- og þjóðarháttu, menningu, atvinnulíf og framleiðslu. Ferðaskrifstofa ríkisins hefir með höndum leiðbeiningar og fyrirgreiðslu innlendra og erlendra ferðamanna, og hefir hún ein rétt til þess að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn.

2. gr.

Nú takast samningar um gagnkvæm erindi og upplýsingar milli Ríkisútvarpsins og erlendra útvarpsstöðva, og skal þá starfsemi Ríkisútvarpsins í þessu efni jafnan hagað eftir samkomulagi við forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins.

3. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal jafnan veita ókeypis leiðbeiningar um ferðalög umhverfis landið og á landinu, um gistihús, farartæki, ákvörðunarstaði og annað, sem ferðamönnum er nauðsynlegt að fregna um, jafnframt því sem hún annast og sér um, að ferðamönnum, innlendum sem útlendum, er þess óska, sé veittur hverskonar fararbeini. Ferðaskrifstofan gerir samninga við skipafélög, bifreiðafélög eða eigendur bifreiða og umráðamenn annara farartækja um flutning á ferðamönnum og um fargjöld.

4. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal hafa rétt til þess að heimta gjaldskrár af gistihúsum, veitingahúsum og eigendum fólksflutningsbifreiða. Nú virðist einhver liður gjaldskránna ósanngjarn, og hefir þá ferðaskrifstofan heimild til þess að breyta honum, að fengnum tillögum nefndar, er eigendur gistihúsa og veit-

ingahúsa og eigendur fólksflutningsbifreiða hafa rétt til að útnefna menn í, samkvæmt reglugerð, er ríkisstjórnin gefur út.

5. gr.

Ferðaskrifstofan skal hafa eftirlit með hreinlæti á gistihúsum og veitingahúsum, prúðmannlegri umgengni og aðbúnaði ferðamanna. Finni ferðaskrifstofan ástæðu til umvöndunar, skal hún gera eigendum gistihúsanna og veitingahúsanna viðvart um það. Nú láta eigendur gistihúsa og veitingahúsa eigi skipast við umvöndun skrifstofunnar, og hefir þá ríkisstjórnin, að fengnum tillögum ferðaskrifstofunnar, heimild til þess að svipta eigendur gistihúsa og veitingahúsa réttinum til þess að reka þau.

6. gr.

Laun forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins skulu ákveðin í launalögum, en þangað til það verður gert skal ráðherra sá, er ferðaskrifstofan heyrir undir, ákveða þau. Ráðherra ákveður í reglugerð nánar um fyrirkomulag og rekstur skrifstofunnar og um tölu, launakjör og starfsvið starfsmanna hennar, og um innheimtu stimpilgjalds, er ræðir um í 7. og 8. gr.

7. gr.

Til þess að afla skrifstofunni tekna skal greitt stimpilgjald af farseðlum með bifreiðum í áætlunarferðum, 5 aurar af hverri heilli krónu í andvirði seðilsins. Stimpilgjald þetta rennur til Ferðaskrifstofu ríkisins.

8. gr.

Skylt skal vera að afhenda jafnan farþega, er fluttur er í áætlunarbifreið gegn greiðslu, farseðil með áletraðri upphæð þeirri, er greiða ber, enda sé farseðillinn stimplaður svo sem mælt er fyrir í 7. gr.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100—1000 króna, nema þyngri refsingar liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skal fara með mál út af brotum sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 745. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og lögum nr. 20 24. marz 1934, um breyt. á þeim lögum.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Við 16. gr. Orðin „skemur en“ í þriðja málslið fyrri meginmálsgr. falla burt.

Nd. 746. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 672 [Nýbýli og samv.byggðir].

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Við 6. lið. Upphaf meginmálsgr. orðist svo: Nýbýlafélög eða einstaklingar, sem eigi ætla o. s. frv.

Nd. 747. Breytingartillögur

við frv. til l. um alþýðutryggingar.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. Við 7. gr. Í stað orðsins „þriggja“ komi: fimm.
2. Við 24. gr. Í stað „4500 krónur .... skattalögum“ komi: skattskyldar tekjur en 4500 krónur.
3. Við 33. gr. Í stað „32. gr.“ komi: 30. gr.
4. Við 60. gr. Í stað „51. gr.“ komi: 49. gr.
5. Við V. kafla. Í upphafi kaflans, á undan 63. gr., komi ný grein svo hljóðandi, sem verður 63. gr., og breytist greinatala síðari greina frumvarpsins samkvæmt því:

   Félög karla og kvenna, sem vinna hverskonar daglaunavinnu, svo og annara, sem vinna gegn launum við samskonar vinnu, svo sem sjómenn, starfsfólk við iðju, iðnaðarmenn, verzlunar- og afgreiðslufólk, skrifstofufólk, starfsmenn við bifreiðaflutninga á mönnum og vörum, þjónustufólk í veitingahúsum, og önnur sambærileg félög, sem stofnað hafa atvinnuleysissjóði innan félagsins, eiga rétt á staðfestingu atvinnumálaráðherra sjóðnum til handa og hlunnindum samkv. lögum þessum, ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem lög þessi ákveða. Atvinnumálaráðherra hefir eftirlit með starfsemi sjóðanna.
6. Við 69. gr.
   a. Aftan við greinina bætist: Biðtíma skal ákveða með hliðsjón af venjulegum atvinnutíma í starfsgreininni á staðnum.
   b. Á eftir greininni komi ný málsgrein:

      Að jafnaði skulu sjóðfélagar ekki eiga rétt til styrks fyrr en 6 mánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er trygging þeirra hófst með iðgjaldagreiðslu, enda hafi þeir greitt iðgjöld sín fyrir 6 mánuði. Einhleypir menn skulu ekki eiga rétt til styrks úr sjóðnum í desember og janúar ár hvert, nema sérstaklega standi á og samþykki ráðherra komi til.

Nd. 748. Breytingartillögur

við frv. til framfærslulaga.

Frá Bergi Jónssyni, Héðni Valdimarssyni og Stefáni Jóh. Stefánssyni.

1. Við 15. gr. Aftan við síðari málsgr. komi:
   Áfrýja má úrskurði barnaverndarráðs til ráðherra.
2. Við 22. gr. Orðin „sem hjá henni dveljast“ falli burt.
3. Við 27. gr. Í stað orðsins „atvinnumálaráðherra“ á tveim stöðum í greininni komi: ráðherra.
4. Við 39. gr. Á eftir fyrsta málslið kemur nýr málsliður, svo hljóðandi: Þar sem almenningsmötuneyti er starfrækt, er framfærslunefnd eða hreppsnefnd heimilt að mæla svo fyrir, að framfærsluþurfar skuli fá mat sinn þar, enda sé mötuneytið að dómi heilbrigðisnefndar að öllu svo útbúið, að sómasamlegt sé.
5. Við 42. gr. Í stað orðsins „fátækrastjórn“ komi: framfærslustjórnin.
6. Við 44. gr. 2. málsgrein. Í stað orðsins „innansveitarmenn“ komi: aðrir.
7. Við 62. gr. Á eftir tölul. 6. komi nýr töluliður, sem verður 7, svo hljóðandi: Framfærslustyrk veittan mönnum 60 ára eða eldri.

Ed. 749. Lög

um sameining Blöndóskauptúns í eitt hreppsfélag.

(Afgreidd frá Ed. 9. des.).

Samhljóða þskj. 593.

Nd. 750. Breytingartillaga

við frv. til l. um alþýðutryggingar.

Frá Bergi Jónssyni.

Við 68. gr. 2. mgr. Í stað „⅔“ komi: ⅗.

Nd. 751. Breytingartillaga

við frv. til l. um nýbýli og samvinnubyggðir.

Flm.: Bjarni Bjarnason, Jörundur Brynjólfsson.

Við 27. gr. Önnur málsgrein orðist svo:

Á sama hátt gerir nýbýlastjóri tillögur um, hverjir skuli fá lán úr byggingar- og landnámssjóði, hvort heldur er til endurbygginga á jörðum í ábúð

eða til nýbygginga á nýbýlum og samvinnubyggðum, og skulu allar umsóknir um lán úr sjóðnum jafnan fyrst lagðar fyrir hann til umsagnar.

Sþ. 752. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 670 (Fjárlög).

Frá Finni Jónssyni.

Við tölul. 17. (3. gr. A. II. b.). Í stað orðanna í aths. „eftir fyrirmælum fjárveitinganefndar“ komi: eftir reglum, er ráðherra setur, að fengnum tillögum fjárveitinganefndar.

Nd. 753. Lög

um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

(Afgreidd frá Nd. 9. des.).

Samhljóða þskj. 481.

Nd. 754. Breytingartillaga

við frv. til l. um alþýðutryggingar.

Frá Bergi Jónssyni og Gísla Guðmundssyni.

Við 49. gr. Tölul. 1. orðist svo:

7 krónum fyrir þá, sem heimilisfastir eru í kaupstöðum, 6 krónum fyrir þá, sem heimilisfastir eru í kauptúnum þeim, er hafa yfir 300 íbúa, og 5 krónum fyrir þá, er annarsstaðar eru heimilisfastir.

Ed. 755. Breytingartillögur

við frv. til laga um bráðabirgðabreyting laga nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald.

Frá Jónasi Jónssyni.

I. Frumvarpsgreinin orðist svo:

1. Á árinu 1936 leggur ríkissjóður ekki fram til Ræktunarsjóðs Íslands þann hluta útflutningsgjalds, sem ræðir um í 12. gr. laga nr. 63 28. janúar 1935.
2. Á árinu 1936 greiðir ríkissjóður dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og árið 1935.

3. Á árinu 1936 skal eigi rita umræður á Alþingi, og fellur þá niður prentun umræðupartsins.
4. Á árinu 1936 skal aðeins greiða prestum 35 þús. kr. þess embættiskostnaðar, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 36 8. sept. 1931.
5. Á árinu 1936 fellur niður starf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar, sbr. l. nr. 48 4. júní 1924 og lög nr. 9 27. maí 1925.
6. Á árinu 1936 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til verkfærakaupa, sbr. l. nr. 40 7. maí 1928 og lög nr. 75 19. júní 1933, en 60000 kr. Landbúnaðarráðherra setur reglur um skiptingu verkfærakaupastyrks, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.
7. Á árinu 1936 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til búfjárræktar, sbr. l. nr. 32 8. sept. 1931, en 30000 kr. Landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við Búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði verður ráð.
8. Á árinu 1936 má ekki verja úr ríkissjóði meiru en 40000 kr. til kaupa á erlendum áburði, sbr. l. nr. 51 28. jan. 1935.
9. Á árinu 1936 leggur ríkissjóður ekki fram fé til bókasafna prestakalla, sbr. l. nr. 17 7. júlí 1931.
10. Á árinu 1936 greiðir ríkissjóður ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en það, sem ákveðið er til móts við 5% úr héruðum, sbr. 8. gr. laga nr. 10 20. júní 1923.

II. Á eftir frumvarpsgreininni komi ný gr., svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

III. Fyrirsögn frv. orðist svo:
Frv. til laga um viðauka við lög nr. 85 26. apríl 1935, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Nd. 756. Breytingartillögur

við frv. til laga um alþýðutryggingar.

Frá Jóni Sigurðssyni, Stefáni Jóh. Stefánssyni og Gísla Guðmundssyni.

I. Við 13. gr. Aftan við greinina bætist: Lögreglustjóra ber í innheimtulaun 3% af skipum, sem skráð er á, og 6% af róðrar- og vélbátum, sem eru minni en 12 lestir. Þar, sem hreppstjóri hefir innheimtuna á hendi, gengur helmingur innheimtulaunanna til hans.

II. Við 15. gr. Aftan við 2. mgr. greinarinnar bætist: Í innheimtulaun ber að greiða 6%.

III. Við 60. gr. Aftan við fyrri mgr. bætist: Af persónuiðgjöldunum skulu innheimtumenn fá 2% fyrir innheimtuna.

Nd. 757. Breytingartillögur

við frv. til l. um alþýðutryggingar.

Frá Thor Thors og Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 24. gr. Greinin orðist svo:
   Rétt til þeirra hlunninda, sem sjúkrasamlag veitir, eiga allir meðlimir þess.
2. Við 35. gr. Eftir orðunum „greiddra iðgjalda“ í 1. mgr. bætist: þeirra, sem á síðastliðnu ári höfðu minna en 4500 króna skattskyldar tekjur.
2. Við 71. gr.
   a. Í stað „50 af hundraði“ í 1. mgr. komi: 25 af hundraði.
   b. Í stað „6 krónur“ í sömu mgr. komi: 3 krónur.
   c. Í stað „75000 kr.“ í sömu mgr. komi: 40000 kr.
   d. Í stað „25%“, „20%“ og „15%“ í 3. mgr. komi: 20%, 15% og 10%.
4. Við 72. gr. Framan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Stjórn staðfests atvinnuleysissjóðs skipa þrír menn. Skal einn tilnefndur af því verkalýðsfélagi, er sjóðinn hefir stofnað, einn af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd og einn af atvinnumálaráðherra.

Nd. 758. Breytingartillögur

við frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Til þess að verjast tekjuhalla á árinu 1936 skal ríkisstjórninni heimilt að afla ríkissjóði tekna með háskatti á tekjur manna, eins og fyrir er mælt í 2. gr., og með nýjum tollum á aðfluttar vörur, eins og fyrir er mælt í 3. gr.
2. Við 2. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Árið 1936 skal tekjuskattur lagður á eftir þeim skattstiga o. s. frv.
3. Við 3. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
      Árið 1936 skal innheimta gjald til ríkissjóðs o. s. frv.
   b. Á eftir orðunum „varahlutir til mótorvéla“, í næstsíðustu málsgrein greinarinnar, bætist: vélar og áhöld allskonar til nýs atvinnurekstrar.
4. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
   Frumvarp til laga um háskatt og um sérstakan innflutningstoll.

Ed. 759. Breytingartillögur

við breytingartillögur á þskj. 509 [Ríkisútgáfa skólabóka].

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

1. Við 1. a. Á eftir orðunum „tillögum fræðslumálastjóra“ komi: og ritstjórnar.
2. Við 2. Till. orðist svo:

   Ritstjórn námsbóka þeirra, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, annast þriggja manna nefnd, skipuð til fjögra ára í senn og á þennan hátt: Einn skipar ráðherra, annar er tilnefndur af stjórn Sambands íslenzkra barnakennara, hinn þriðji er tilnefndur af félagi kennara við héraðsskólana, þar með talinn Eiðaskóli, og gagnfræðaskólana. Nú er slíkt félag ekki til, og skipar ráðherra þá einnig þriðja manninn í nefndina. Varamenn skulu skipaðir og tilnefndir af sömu aðilum og til sama tíma, og taka þeir sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Ritstjórnin velur bækur til útgáfu í samræmi við skrá þá, er um getur í 1. grein, og eftir því sem fræðslulög og þörf skólanna krefja á hverjum tíma, og er útgefendum (sbr. 4. gr.) að öðru leyti til aðstoðar og ráðuneytis um allt, sem útgáfuna varðar. Sérstaklega lætur nefndin til sín taka alla gerð og fyrirkomulag kennslubóka, samninga við höfunda, stærð upplaga og allan frágang bókanna. Ritstjórnin fær 10 kr. kaup á mann fyrir hvern fundardag, og telst sú þóknun til kostnaðar við útgáfuna.
3. Við 4.
   a. Í stað orðanna „innheimta með öðrum skatttekjum sínum“ í 1. málsl. fyrri málsgr. komi: innheimta á sama hátt og á sama tíma og tekju- og eignarskatt.
   b. Í stað orðanna „nema 5 krónum á heimili“, í 2. málsl. sömu málsgr., komi: nema 5—8 krónum á heimili. Ráðherra ákveður í ársbyrjun, að fengnum tillögum ritstjórnar, hve hátt gjaldið skuli vera það ár, innan framangreindra takmarka.
4. Við 6. Í stað „10 krónum“ komi: 15 krónum.
5. Við 9. Orðin „ríkisprentsmiðjunnar, ef hún gæfi bækurnar út samkvæmt þessum lögum“ falli niður.

Nd. 760. Nefndarálit

um frv. til laga um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Þegar nefndin tók frv. þetta til athugunar á fundi, voru tveir nefndarmenn (JakM og ÓTh) fjarverandi og hafa því ekki í nefndinni tekið afstöðu til frv. En meiri hl. nefndarinnar, sem á fundi var mættur (JörB, SigfJ og StJSt) leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 3. gr.

a. Á eftir orðinu „baðlyf“ í næstsíðustu málsgr. (undanþáguákv.) kemur: björgunartæki.
b. Á eftir orðinu „blýsökkur“ í sömu málsgr. kemur: blöð, bækur, tímarit.

Alþingi, 10. des. 1935.

Sigfús Jónsson, form. Stefán Jóh. Stefánsson, frsm. Jörundur Brynjólfsson.

Nd. 761. Breytingartillögur

við frv. til laga um alþýðutryggingar.

Frá Héðni Valdimarssyni og Stefáni Jóh. Stefánssyni.

1. Við 40. gr. Aftan við gr. bætist: enda greiðist hinum tryggða sú upphæð, er honum ber samkvæmt lögum þessum, ef hann reynist hærri en bætur þær, sem útgerðarmanni ber að greiða samkv. sjómannalögunum.
2. Við 43. gr. Aftan við gr. bætist ný málsgr.:
   Þegar sérstaklega stendur á, getur stjórn sjúkrasamlaga lengt frest þann, sem getur um í fyrri málsgr., allt að tveim mánuðum.
3. Við 64. gr. 3. tölul. Í stað orðsins „félagsins“ komi: atvinnuleysissjóðsins.
4. Við 73. gr. Í stað orðsins „félagsréttindi“ komi: réttindi til atvinnuleysissjóðs.

Ed. 762. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Bernh. Stefánsson.

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, sem verður 3. gr., svo hljóðandi:
   Orðin „dráttarvexti af sköttum eða útsvörum“ í f-lið 10. gr. laganna falli burt.
2. Greinatala breytist samkv. atkvæðagreiðslu.

Sþ. 763. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 670 [Fjárlög].

Frá fjárveitinganefnd.

Við 16. gr., liður 27. 180 brtt. (Kostnaður vegna sérstakra ráðstafana um inn- og útflutning). Fyrir „gegn tvöföldu framlagi“ komi: gegn jöfnu fjárframlagi.

Nd. 764. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Síðari málsgr. d-liðs 7. gr. laganna skal orða svo:

Til arðs af verðbréfum (t. d. skuldabréfum og víxlum) teljast afföll af slíkum bréfum, og skulu afföllin talin til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir árafjölda afborgunartímans, ef afborgunartíminn er skemmri en 5 ár, en ef afborgunartíminn er 5 ár eða lengri, skulu afföllin talin til tekna með jöfnum fjárhæðum í 5 ár.

2. gr.

Í stað „og hún hefir verið í eign hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár“ í e-lið 7. gr. laganna komi: eða hún hefir verið í eign hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár.

3. gr.

Orðin „dráttarvexti af sköttum eða útsvörum“ í f-lið 10. gr. laganna falli burt.

4. gr.

Fyrri málsl. 2. málsgr. 32. gr. laganna hljóði þannig:

Skýrslur þessar skulu komnar í skattstofuna í Reykjavík og til skattanefnda eða skattstjóra í kaupstöðum fyrir lok janúarmánaðar, en í hendur skattanefnda eða skattstjóra annarsstaðar á landinu fyrir lok febrúarmánaðar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 765. Lög

um breyting á lögum nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll.

(Afgreidd frá Ed. 11. des.).

Samhljóða þskj. 633.

Nd. 766. Nefndarálit

um frv. til l. um eftirlit með vörum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja með því, að frv. nái fram að ganga, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt að koma með breytingartillögur. Thor Thors var erlendis, þegar málið var afgreitt frá nefndinni.

Alþingi, 11. des. 1935.

Héðinn Valdimarsson, form.	Stefán Jóh. Stefánsson, frsm.	Bergur Jónsson, fundaskr.

Garðar Þorsteinsson.

Nd. 767. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 29 7. maí 1928, um prentsmiðjur.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta fer fram á að skylda prentsmiðjur til að gefa 2 eintök af öllu, sem þær prenta, til fleiri bókasafna en nú er lögákveðið. Upphaflega náði frv. aðeins til bókasafnsins á Siglufirði, enda er það flutt af þingmönnum Eyfirðinga. En bókasöfnin eru fleiri og þingmennirnir eru fleiri. Í efri deild bættust við tvö önnur bókasöfn og fyrir hv. Nd. liggja nú brtt. frá 16 þm. um bókagjafir til yfir 20 bókasafna. Það er augljóst, að ókleift er að sinna öllum þessum tillögum, slíkt yrði allt of þungur skattur á erfiðri bókaútgáfu hér á landi. Ennfremur er ekki unnt að gera með sanngirni upp á milli hinna einstöku bókasafna. Nefndin leggur því til, að frv. verði vísað frá með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð bókagjafir prentsmiðjanna til allra þeirra bókasafna, sem nefnd eru í brtt. einstakra þingmanna, yrðu of þungur skattur á bókaútgáfu í landinu, og þar eð erfitt er að mismuna hinum ýmsu bókasöfnum, telur deildin rétt að vísa þessu máli frá, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. des. 1935.

Héðinn Valdimarsson, form.	Thor Thors, frsm.	Bergur Jónsson, fundaskr.
Stefán Jóh. Stefánsson.	Garðar Þorsteinsson.	

Nd. 768. Breytingartillögur

við frv. til laga um eftirlit með vörum.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni og Héðni Valdimarssyni.

1. Við 7. gr.
   a. Á eftir orðunum „Ráðherra má auk þess“, í upphafi 2. málsgr., komi: svo sem nauðsyn krefur.
   b. Á eftir orðunum „kunnáttumönnum eða“ í 2. málsgr. komi: opinberum.
2. Við 12. gr. Greinin orðist þannig:
   Í dómi, uppkveðnum samkvæmt 11. gr., má kveða svo á, að hann skuli birtur almenningi á kostnað hins seka. Sé hinn kærði sýknaður, má eftir kröfu hans kveða svo á í dóminum, að hann skuli birtur almenningi, og greiðir ríkissjóður þá kostnaðinn. Í dóminum skal ákveðið, hvernig slík birting skuli fram fara.
3. Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

Nd. **769. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á 1. grein laganna verði þessar breytingar:

1. *Ós í sjó.* Skilgreiningin breytist þannig: Það svæði, er liggur milli þess staðar, er straumur fellur niður í ánni um smástraumsflóð, og niður til þess staðar, er straumur fellur niður um smástraumsfjöru.
2. Í orðaskýringarnar bætist í rétta stafrófsröð:

   Áll: Þeir staðir langs eftir vatni eða á, þar sem dýpi er mest. Nú eru fleiri álar en einn, og heitir sá höfuðáll, sem dýpstur er.

   Kvísl: Þar, sem á fellur ekki í einu lagi, eða skiptist um hólma, sandeyrar, kletta eða grynnsli, kallast sá hluti vatns kvísl, sem fullur sér þegar vatnsborð er lægst.
3. Orðið „Vatn“ með skýringum falli niður, en í staðinn komi:

   Stöðuvatn: Öll þau vötn ofan ósa, sem eigi er meiri straumhraði í en 18 metrar á klukkustund, nema sá straumur, sem orsakast af sjávarföllum eða afrennsli í stórflóðum.

   Straumvötn: Öll þau vötn ofan ósa, sem meiri straumhraði er í en 18 metrar á klukkustund þegar enginn vöxtur er í vatni og um lágfjöru.

2. gr.

Fyrsti liður 16. greinar laganna orðist þannig:

Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 15. sept. ár hvert. Ráðherra getur þó, eftir tillögum veiðimálastjóra, heimilað stangarveiði til 20. september.

3. gr.

Síðasti málsliður 20. greinar laganna orðist þannig:

Skírteini um veiði til klaks heimilar þó eigi veiði í öðrum fiskihverfum en því, sem klakið er starfrækt við, nema með fullu samþykki veiðieigenda eða fiskiræktarfélaga, ef til eru, og má binda leyfið því skilyrði, að sleppt sé hæfilegri tölu seiða í það vatn, sem veitt var í.

4. gr.

Aftan við 1. lið 22. greinar laganna bætist:

Þó getur ráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef veiðimálastjóri mælir með því.

5. gr.

Fyrir „4,5 cm“ í 1. lið 28. greinar laganna komi: 3,5 cm.

6. gr.

Fyrir „4,5 cm“ í 1. lið 29. greinar laganna komi: 3,5 cm.

7. gr.

2. liður 30. greinar laganna orðist svo: Girðingar mega aldrei ná yfir meira en ⅓ af breidd ár, óss eða leiru, miðað við stórstraumsfjöruborð. Þó má aldrei girða lengra út en í miðjan höfuðál.

8. gr.

Aftan við 31. grein laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú hagar svo til, að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en svo, að leyfilegt sé samkvæmt 2. málsgrein, og vill hvorugur víkja. Þá skal mat skera úr ágreiningi. Þar, sem fastar veiðivélar eru settar, skal lögnin vera löggilt af hlutaðeigandi lögreglustjóra í samráði við veiðimálastjóra. Nánari ákvæði um löggildingu lagna skulu sett með reglugerð, er landbúnaðarráðherra semur.

9. gr.

Aftan við 1. málsgr. 46. gr. laganna bætist: Þó má ákveða í samþykkt, að félagsfundir skuli vera fulltrúafundir, þar sem félagssvæði eru stór.

10. gr.

Fyrir „10 ára“ í 64. grein laganna komi: 30 ára.

11. gr.

Aftan við 84. grein laganna bætist ný grein, og breytist greinatala samkvæmt því. Greinin verði þannig:

1. Nú hefir einhver veiðieigandi, sá er veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana með öllu fyrir þá sök, að ákvæði laganna fyrirmuna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma, og skal hann þá eiga kröfu til skaðabóta eftir mati, sbr. 83. gr.

2. Kröfur um bætur skulu sendar ráðherra. Leitar hann um þær umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar og skipar matsmenn. Skaðabætur greiðist að ½ úr ríkissjóði og ½ úr sýslusjóði eða sýslusjóðum viðkomandi sýslu eða sýslna.

Nd. 770. Frumvarp til laga

um nýbýli og samvinnubyggðir.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Ríkið vinnur að því, að skapa skilyrði til þess, að sem mest af árlegri fólksfjölgun þjóðarinnar eigi kost á að fá býli í sveitum til ábúðar, þar sem landbún-

aður verði stundaður sem aðalatvinnuvegur. Veitir ríkið þann stuðning við stofnun býlanna, að stofnverð þeirra verði ekki meira en það, að meðalfjölskylda geti haft þar sæmileg afkomuskilyrði samkvæmt því, sem ákveðið er í lögum þessum.

2. gr.

Nýbýli nefnist í lögum þessum hvert það býli, sem reist er hér á landi eftir að lög þessi öðlast gildi og þar sem landbúnaður er rekinn sem aðalatvinnugrein, enda fái hið nýja býli útskipt land með ákveðnum landamerkjum, eftir því sem við á og þörf krefur.

Til nýbýla má stofna, hvort sem vill með því að reisa það í óræktuðu landi, eða skipta túni heimajarðarinnar til beggja eða allra býlanna. Þegar jörð er skipt í nýbýli, skal þess gætt, að hvert býlið um sig hafi svo mikið landrými, að áliti nýbýlastjórnar, að nægi meðalfjölskyldu til framdráttar, miðað við þann búrekstur, sem fyrirhugaður er á hverjum stað.

Jörð, sem lagzt hefir í eyði áður en lög þessi öðlast gildi og ekki eru á nothæf hús fyrir fólk eða fénað, telst nýbýli, sé hún tekin til endurbyggingar og ræktunar.

3. gr.

Heimilt er eiganda jarðar að stofna til nýbýla á þann hátt, að landnot séu að nokkru eða öllu leyti sameiginleg fyrir heimajörðina og nýbýlið, enda samþykki nýbýlastjórn ríkisins að svo sé.

Því aðeins er þetta þó heimilt, að nægileg hús fyrir fólk og fénað séu til á jörðinni eða verði reist þar til afnota fyrir bæði býlin. Óheimilt er eigendum þessara jarða að sameina býlin aftur, en sé það þó gert, er styrkur ríkisins endurkræfur, og er nýbýlið til tryggingar þeirri greiðslu.

4. gr.

Samvinnubyggðir nefnast í lögum þessum minnst 5 býli, sem reist eru í sama hverfi, þar sem framkvæmdir allar við byggingu býlanna hafa verið gerðar eftir ákveðnu skipulagi.

5. gr.

Ef nýbýlafélög eða einstaklingar, sem eigi ætla að gerast ábúendur á nýbýlinu, vinna að því að koma þeim upp, skulu slík nýbýli afhent væntanlegum ábúendum við kostnaðarverði, að frádregnum ríkissjóðsstyrknum. Ef slík nýbýli eru leigð um stundarsakir, skal leigan metin þannig, að ekki sé tekin leiga af framlagi ríkissjóðs til býlisins. Verði ágreiningur um leigumála, skal leigan metin af úttektarmönnum viðkomandi hrepps.

6. gr.

Heimilt er hverjum jarðareiganda að byggja fleiri en eitt nýbýli á landi jarðar sinnar, ef ákvæðum 2. gr. um lágmarksstærð býlanna er fylgt. Þó getur enginn, er reisa vill nýbýli, notið þess stuðnings, sem ríkið veitir, nema nýbýlastjórn samþykki hið nýja býli og fram hafi farið sú rannsókn, sem um getur í 7. gr.

7. gr.

Áður en ráðizt er í framkvæmdir til stofnunar nýbýla eða samvinnubyggða, fari fram rannsókn á allri aðstöðu, og sérstaklega á eftirtöldum atriðum:

1. Að náttúruskilyrði og aðstaða til markaðs og samgangna sé svo hagstæð, að líklegt sé, að framleiðslan beri sig.
2. Að land til býlanna geti fengizt með hæfilegu verði.
3. Á efni til húsagerðar o. fl.
4. Hvort skilyrði séu til nýtingar jarðhita eða virkjunar vatnsorku.

II. KAFLI

Stjórn nýbýlamála.

8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið (landbúnaðarráðherra) skal hafa með höndum yfirstjórn allra nýbýlamála í landinu.

9. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar nýbýlastjóra og getur falið búnaðarmálastjóra það starf.

Nýbýlastjóri sér um og hefir með höndum allar framkvæmdir í nýbýlamálum.

Verði skipaður sérstakur nýbýlastjóri, skulu laun hans ákveðin af ráðherra, þar til þau verða ákveðin í launalögum.

10. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna nýbýlanefnd til þriggja ára í senn, og skal einn þeirra skipaður formaður. Hún skal vera ráðgefandi um allar framkvæmdir og gera tillögur um, hvaða nýbýli njóta styrks ár hvert.

Nefndarmenn fá þóknun fyrir starf sitt, 10 kr. fyrir hvern fund, er þeir sitja, og þó ekki yfir 300 kr. á ári hver.

11. gr.

Skylt er Búnaðarfélagi Íslands að láta starfsmenn sína aðstoða nýbýlastjóra í störfum hans, eftir því sem þörf krefur og um semst milli þess og landbúnaðarráðherra.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur ábúenda.

12. gr.

Hver sá, sem vill reisa nýbýli í landi jarðar sinnar, eða vill láta af höndum land til nýbýlastofnunar, sendir nýbýlastjórn ríkisins tillögur sínar. Nýbýla-

stjórn lætur athuga alla aðstöðu til nýbýlastofnunar á þessum stað, ef það hefir ekki verið gert áður, og úrskurðar síðan, hvort hann sé hæfur fyrir nýbýli.

13. gr.

Hinu nýja landnámi sé komið í framkvæmd á þann hátt, sem hér segir:

A. Nýbýli byggð í landi, sem nýbýlingur á sjálfur, eða trygging er fyrir, að hann eignist samkvæmt ákvæðum 5. gr. Býlin reisa eigendur jarða eða nýbýlingar sjálfir, eftir því sem um semst við nýbýlanefnd og undir eftirliti nýbýlastjóra.

B. Nýbýli reist í landi ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga. Þeir menn, sem hafa í hyggju að reisa slík nýbýli, senda nýbýlastjóra umsókn um það.

Uppfylli umsækjendur ákvæði 15. gr., gerir nýbýlastjóri samning við þá um framkvæmd verksins, og skal þar meðal annars ákveða, hvenær verkinu skuli lokið og á hvern hátt það sé unnið. Framkvæmd þess hluta verksins, sem styrkur er miðaður við, má þó ekki standa lengur yfir en 3 ár.

Þegar ráðstafað er landi sveitar- eða bæjarfélags til nýbýla eða samvinnubyggða, og skipulagðar framkvæmdir við stofnun þeirra, verður nýbýlastjóri að fá samþykki hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar fyrir ákvörðunum sínum.

C. Samvinnubyggðir, reistar í landi ríkis, bæjar, sveitar eða nýbýlafélaga.

Um undirbúning framkvæmdanna gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Allar nauðsynlegar rannsóknir til undirbúnings stofnunar samvinnubyggða hafi verið framkvæmdar samkv. 7. gr.
2. Áður en hafizt er handa um stofnun samvinnubyggða, skal nýbýlastjóri tryggja það, eftir því sem hann telur þurfa, að nægilega margir ábúendur í væntanlegri samvinnubyggð séu reiðubúnir að mynda félag og gera með sér samþykkt samkvæmt 26. gr.
3. Væntanlegir ábúendur í samvinnubyggðum skulu, eftir því sem um semst og unnt er, vinna að stofnun býlanna. Teljast slík vinnuframlög sem hluti af því, er þeim ber að leggja fram sem stofnverð.
4. Nýbýlastjóri og nýbýlanefnd ákveða býlafjölda í hverri samvinnubyggð, hversu mikið land skuli fylgja hverju býli, í samráði við ábúendur, svo og hverskonar búskapur skuli aðallega stundaður á býlunum.
5. Nýbýlanefnd og nýbýlastjóri ákveða gerð húsa og skipulag byggðarinnar. Skylt er að leggja uppdrætti að húsum og skipulagsuppdrátt samvinnubyggðar undir álit stjórnar þess samvinnubyggðafélags, sem við byggðinni á að taka, og ber að taka til greina tillögur hennar, að svo miklu leyti sem mögulegt er.

Nánari ákvæði um þessi atriði skulu sett með reglugerð.

14. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að veita félögum, er hafa að markmiði að reisa samvinnubyggðir, svo og bæjar- eða sveitarfélögum, sem vilja koma upp nýbýlum eða samvinnubyggðum í löndum sínum, rétt til þess að gera það.

Slík félög verða að uppfylla þau skilyrði og hlíta þeim fyrirmælum, sem nýbýlastjórn ríkisins setur þeim um framkvæmd verksins.

15. gr.

Skilyrði til þess, að umsækjandi geti fengið aðstoð ríkisins við stofnun nýbýlis eða fengið ábúðarrétt á nýbýli, sem stofnað er eftir lögum þessum, eru þessi:

1. Að hann eigi ekki og hafi ekki árlangt átt aðra jörð eða býli, sem fjölskylda geti haft lífsframfæri af.
2. Að hann, að dómi nýbýlanefndar, sé svo efnum búinn, að hann geti lagt fram sinn hluta af stofnkostnaði býlisins og rekið bú á því, en sé þó ekki svo efnum búinn, að hann geti byggt býlið af eigin rammleik.
3. Að hann hafi þá þekkingu á búnaði, sem nauðsynleg verður að teljast, að dómi nýbýlanefndar, og hafi starfað við landbúnað minnst 2 ár.

16. gr.

Um nýbýli, sem eru í einkaeign, en hafa hlotið styrk frá ríkinu samkvæmt lögum þessum, gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Skylt er að tilkynna nýbýlastjóra, ef nýbýli eru seld, og er kaupsamningur því aðeins gildur, að nýbýlanefnd samþykki hann.
2. Ekki má selja býli þessi meira en nemur fasteignamatsverði, að frádregnum hinum óafturkræfu framlögum ríkisins til þeirra, þar með talinn jarðræktarstyrkur, en að viðbættu virðingarverði þeirra framkvæmda, sem gerðar hafa verið frá því að síðasta fasteignamat fór fram.
3. Þegar býlin skipta um eigendur við erfðaskipti, þá skal mat á þeim háð sama eftirliti og um sölu væri að ræða.
4. Ekki má veðsetja þann hluta af matsverði býlanna, er svarar til þess styrks, sem ríkið hefir til þeirra lagt.

17. gr.

Þau nýbýli, sem ekki eru í einkaeign, skulu byggð samkvæmt lögum um erfðaábúð og óðalsrétt.

18. gr.

Ef nýbýli í einkaeign kemst í niðurníðslu, að dómi nýbýlanefndar, þannig að húsum og mannvirkjum er eigi við haldið, er styrkur ríkisins til stofnunar býlisins endurkræfur, og má þá selja býlið til lúkningar honum, ef þörf krefur.

IV. KAFLI

Um framlög ríkissjóðs og lán til nýbýla og samvinnubyggða.

19. gr.

Ríkissjóður veitir styrk til stofnunar nýbýla og samvinnubyggða. Styrkur þessi er ekki afturkræfur, en skoðast sem stofnfé, er ábúandi hefir fengið að láni vaxtalaust, en þarf að viðhalda og skila í hendur næsta ábúanda fullgildu.

20. gr.

Til ræktunar nýbýlis, sem stofnað er eftir lögum þessum, svo og til bygginga á því, má verja allt að 3500 kr. í styrk á hvert býli. Þó skal styrkur aldrei vera hærri en það, að hann nemi 7/17 af stofnkostnaði býlisins, og má aldrei verja meiru en 2/7 af því til ræktunar. Styrkur ríkisins greiðist eftir því sem um semst milli nýbýlanefndar og þess, er nýbýlið reisir, með vinnu eða peningum, og greiðist eftir því sem framkvæmd við byggingar og nýrækt miðar áfram, en þó aldrei fyrr til nýbýla, sem eru í einkaeign, en byrjað er á byggingum. Til þeirra framkvæmda, sem styrkur er veittur til samkv. lögum þessum, má ekki veita styrk samkvæmt jarðræktarlögunum.

21. gr.

Byggingar- og landnámssjóði Búnaðarbanka Íslands skal skipt í tvær deildir. Önnur deildin skal veita lán til þess að endurbyggja hús á jörðum, sem eru í ábúð. Hin deildin kallast nýbýladeild. Hún skal veita lán til þess að reisa nýbýli og samvinnubyggðir. Nýbýladeild hefir heimild til að gefa út verðbréf, er innleysist á 20—40 árum, og skal gerð bréfanna og nánara fyrirkomulag um sölu þeirra ákveðin af ráðuneytinu í reglugerð.

22. gr.

Úr nýbýladeild byggingar- og landnámssjóðs skal veita lán til stofnunar nýbýla samkv. lögum þessum, og má það vera allt að 3500 kr. á býli, og þó aldrei yfir 7/17 af stofnkostnaði býlisins. Lánin skulu veitt gegn 1. veðrétti í býlinu og afborgist á 20—40 árum, eftir gerð húsa, og með eigi hærri vöxtum en greiða þarf af verðbréfum þeim, er sjóðurinn gefur út. Eigi má veðsetja býlin til tryggingar hærri upphæð en þeirri, sem getur í grein þessari, nema með leyfi nýbýlanefndar.

23. gr.

Með hvers árs fjárlögum skal ákveðið, hve mikið fé sé lagt til stofnunar nýbýla á komandi ári. Skal svo nýbýlanefnd gera tillögur um, hvernig því fé skuli skipt milli héraða og hvaða umsækjendur skuli sitja fyrir um styrk. Á sama hátt gerir nýbýlanefnd tillögur til stjórnar Búnaðarbankans um lánveitingar úr nýbýladeild byggingar- og landnámssjóðs.

Nýbýlastjóri skal leggja tillögur nefndarinnar um styrkveitingu til nýbýla fyrir landbúnaðarráðherra, sem tekur um þær fullnaðarákvarðanir í samráði við hann.

24. gr.

Ábúendur allra nýbýla og samvinnubyggða, sem stuðnings njóta samkvæmt lögum þessum, skulu greiða fyrningargjald af húsum býlisins. Fyrningargjaldið miðast við varanleik húsanna og er ákveðið af nýbýlastjórn í eitt skipti fyrir öll sem jafnt hundraðsgjald, og skal það ekki vera yfir 1% af kostnaðarverði þeirra.

Fyrningargjaldið skal lagt í sjóð, er nefnist endurbyggingarsjóður nýbýla og samvinnubyggða. Sjóðinn skal ávaxta í nýbýladeild byggingar- og landnámssjóðs, og annast sýslumenn innheimtuna á manntalsþingum, og fylgir gjöldunum lögtaksréttur.

Hvert nýbýli og hver samvinnubyggð hefir sérreikning í sjóðnum og á tilkall til séreignar sinnar, þegar endurreisa þarf hús býlisins.

Að fengnum tillögum nýbýlastjóra, setur landbúnaðarráðherra með reglugerð nánari fyrirmæli um sjóðinn.

25. gr.

Nýbýlastjóri skal halda skýrslu yfir nýbýli og samvinnubyggðir, sem reistar verða samkvæmt lögum þessum. Þar skal nákvæmlega skýrt frá stofnkostnaði hvers býlis, hvað ríkið hefir veitt til þeirra sem styrk, um allar lántökur vegna þeirra og um eigin framlög nýbýlinga. Árlega skal færa í skýrslur þessar allar ársgreiðslur býlanna af lánum sínum.

Þá skal og nýbýlastjóri afla sér þeirra upplýsinga, sem unnt er, um rekstrarafkomu hvers býlis.

Í því skyni getur nýbýlastjórn lagt þá kvöð á nýbýlinga, að halda einfalda rekstrarreikninga um afkomu búa sinna, eftir reikningsformum, sem nýbýlastjórn gefur út.

Heildarskýrslur um þessi efni skal nýbýlastjórn birta öðru hverju.

V. KAFLI

Um samvinnubyggðafélög.

26. gr.

Allir þeir, sem ætla að gerast ábúendur í væntanlegri samvinnubyggð, skulu mynda með sér félag, er nefnist samvinnubyggðafélag. Félagsmenn skulu setja sér samþykkt í samræmi við lög þessi, og skal hún, til þess að öðlast gildi, vera staðfest af landbúnaðarráðherra eftir tillögu nýbýlanefndar. Í samþykkt samvinnubyggðafélags skal ákveða, hvort rekinn skuli einstaklingsbúrekstur eða samvinnubúrekstur í byggðinni.

Nánari fyrirmæli um undirbúning og setningu samþykkta samvinnubyggðafélaga skulu sett með reglugerð.

27. gr.

Tilgangur samvinnubyggðafélaga er:

1. Að kaupa eða leigja land fyrir væntanlega samvinnubyggð og annast undirbúning og framkvæmdir við að koma henni upp, svo og að annast lántökur til þeirra framkvæmda samkv. 21. gr., og skal nánar ákveða um þessi atriði í samþykkt félagsins.
2. Að koma á fót rafvirkjun eða mannvirkjum til hagnýtingar á hveraorku, eða öðrum mannvirkjum til sameiginlegra afnota fyrir félagsmenn og annast rekstur þeirra.

VI. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

28. gr.

Laun nýbýlastjóra, þóknun nýbýlanefndar, svo og annar kostnaður við stjórn nýbýlamála, greiðist úr ríkissjóði.

29. gr.

Nánari ákvæði um nýbýli og samvinnubyggðir samkvæmt lögum þessum setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum nýbýlanefndar og nýbýlastjóra.

30. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 15 6. nóv. 1897, um nýbýli, svo og önnur ákvæði í lögum, er varða nýbýli hér á landi og koma í bága við lög þessi.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 771. Breytingartillaga

við frumvarp til framfærslulaga.

Frá fjármálaráðherra.

Við 72. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Endurgreiðslur úr ríkissjóði samkvæmt þessari grein skulu þó eigi fara fram úr 230 þús. krónum árlega nema heimild komi til í fjárlögum. Hrökkvi sú upphæð ekki til þess að endurgreiða að fullu samkvæmt reglum þeim, sem settar eru hér að framan, ber að draga hlutfallslega jafnt af öllum greiðslunum.

Nd. 772. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 747 (Alþýðutryggingar).

Frá atvinnumálaráðherra.

Við 6. b.

Á eftir orðunum „styrks úr sjóðnum“ bætist: vegna atvinnuleysis eingöngu.

Sþ. **773. Frumvarp til fjárlaga**

fyrir árið 1936.

(Eftir 2. umr.).

I. KAFLI.

Tekjur:

1. gr.

Árið 1936 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Ætlað er á, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur	380000	
2. Tekjuskattur og eignarskattur	1550000	
3. Lestagjald af skipum	50000	
		1980000
4. Aukatekjur	620000	
5. Erfðafjárskattur	500000	
6. Vitagjald	470000	
7. Leyfisbréfagjöld	25000	
8. Stimpilgjald	500000	
9. Stimpilgjald af ávísunum og kvittunum	100000	
10. Bifreiðaskattur	370000	
		2135000
11. Útflutningsgjald	700000	
12. Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	1000000	
Flyt ...	1700000	4115000

		kr.	kr.
	Flutt ...	1700000	4115000
13. Tóbakstollur		1380000	
14. Kaffi- og sykurtollur		900000	
15. Annað aðflutningsgjald		80000	
16. Vörutollur		1250000	
17. Verðtollur		1130000	
			6440000
18. Gjald af innlendum tollvörum			400000
19. Skemmtanaskattur			120000
20. Veitingaskattur			100000
	Samtals ...	.. ...	11175000

3. gr.

A.		kr.	kr.
Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:			
1. Rekstrarhagnaður póstsjóðs		53860	
2. — landssímans		458000	
3. — áfengisverzlunar		1000000	
4. — tóbakseinkasölu		600000	
5. — ríkisútvarps		97000	
6. — ríkisprentsmiðju		60000	
7. — landssmiðju		10000	
8. — Vífilsstaðabús		5000	
9. — Kleppsbús		5000	
10. — Reykjabús		4000	
11. — bilaeinkasölu		75000	
12. — raftækjaverzlunar		50000	
	Samtals ...	... ...	2417860
Sundurliðun.			
1. Póstsjóður.			
I. Tekjur			650000
II. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Eftir launalögum	100000		
	Flyt ... 100000	... ...	650000

		kr.	kr.
Flutt ...	100000	... ...	650000
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	75000		
c. Bréfhirðingamenn	23000		
		198000	
2. Póstflutningar		250000	
3. Annar kostnaður:			
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík, eftir reikningi	22500		
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur	28500		
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	13000		
d. Önnur gjöld	80000		
e. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	4140		
		148140	
			596140
Fært á 3. gr. A. I. 1		... ...	53860
2. Landssíminn.			
I. Tekjur			2070000
II. Gjöld:			
a. Til einkasíma í sveitum		25000	
b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna	70000		
2. Ritsímastöðin í Reykjavík	175000		
3. Loftskeytastöðin í Reykjavík	35000		
4. Stuttbylgjustöð í Reykjavík	50000		
5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	500000		
6. Áhaldahúsið..	15000		
7. Ritsímastöðin á Akureyri	50000		
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	60000		
9. Ritsímastöðin á Ísafirði	33000		
10. Símastöðin á Borðeyri	16000		
11. Símastöðin í Vestmannaeyjum	30000		
12. Símastöðin á Siglufirði	30000		
13. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	130000		
		1194000	
Flyt ...		1219000	2070000

	kr.	kr.
Flutt ...	1219000	2070000
Uppbót á launum greiðist eftir sömu reglum sem verið hefir, önnur en símtalauppbót, er greiðist eftir reglum, er ráðherra setur, að fengnum tillögum fjárveitinganefndar, enda færist þær greiðslur á framangreinda liði viðkomandi stöðva.		
c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	55000	
d. Viðbót og viðhald stöðvanna	50000	
e. Kostnaður af ferðalögum etc.	10000	
f. Viðhald landssímanna...	220000	
g. Framhaldsgjald	23000	
h. Til kennslu handa símamönnum	2000	
i. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern	3000	
j. Ýms gjöld	5000	
k. Fyrning á húsum og áhöldum	25000	
		1612000
Fært á 3. gr. A. I. 2	... ...	458000
Eignabreytingar.		
Út.		
I. Afborgun af lánum L. M. Ericsson, Marconi o. fl.		210000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		45000
III. Til nýrra símalína		50000
að því tilskildu, að samkomulag náist við héruð, er hlut eiga að máli.		
Fært á 20. gr. Út I. 2. a og II. 1	... ...	305000
3. Áfengisverzlun ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó hagnaður)		1165000
II. Gjöld:		
Laun starfsmanna og vinnulaun	98500	
Útsvar og flutningsgjöld	35000	
Húsaleiga, ljós, hiti	6000	
Annar kostnaður	18000	
Fyrning á fasteign og áhöldum	7500	
		165000
Fært á 3. gr. A. I. 3	... ...	1000000

		kr.	kr.
4. Tóbakseinkasalan.			
I. Tekjur (brúttó hagnaður)			785000
II. Gjöld:			
Rekstrarkostnaður		140000	
Útsvar, áætlað tap á skuldum o. fl.		45000	
			185000
Fært á 3. gr. A. I. 4		... ...	600000
5. Ríkisútvarpið.			
I. Tekjur:			
a. Afnotagjöld		330000	
b. Ágóði viðtækjaverzlunar		75000	
c. Aðrar tekjur		40000	
d. Tekjur af viðgerðarstofu		30000	
			475000
II. Gjöld:			
a. Starfræksla:			
1. Starfsmannalaun	137000		
2. Útvarpsefni (1000 kr. á viku 52 vikur)	52000		
3. Skrifstofukostnaður	42000		
4. Húsaleiga, ljós, hiti	27000		
5. Útvarpsstöðin á Vatnsenda	45000		
6. Til að greiða fyrir útvarpsnotum ...	10000		
7. Óviss útgjöld	15000		
		328000	
b. Afborgun og vextir		21000	
c. Fyrning á húsi og vélum		29000	
			378000
Fært á 3. gr. A. I. 5		... ...	97000
B.			
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:			
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs			20000
Flyt ...		... ...	20000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	20000
2. Arnarhvoll:			
a. Tekjur		60000	
b. Gjöld:			
1. Vextir (6,2% af 350000)	21700		
2. Ýmiskonar rekstrarkostnaður	30000		
3. Fyrning hússins (sjá 20. gr.)	3650		
		55350	
			4650
	Samtals ..	... ...	24650

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Vextir af bankavaxtabréfum og jarðræktarbréfum ...		20000
2. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af þrem millj.		180000
3. Vextir af veðd.bréfum Búnaðarbankans, 6% af 1410000		84600
4. Aðrir vextir		230875
Samtals ...	... ...	515475

5. gr.

Óvissar tekjur eru taldar 50000 kr.

II. KAFLI.

Gjöld:

6. gr.

Árið 1936 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.–19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		180700
2. Dönsk lán		82300
3. Ensk lán		1215500
4. Vextir af lausaskuldum		80000
Samtals		1558500

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfé Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		245000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		3750
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2170
Samtals		250920

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun	30000		
b. Til risnu	6000		
		36000	
2. Til utanferða ráðherra		6000	
3. Laun starfsmanna stjórnarráðsins		88000	
4. Annar kostnaður		65000	
5. Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum		38000	
6. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga		4000	
7. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.	700		
b. Til pappírs og prentunar	20000		
c. Til kostnaðar af sendingu með póstum	1000		
		21700	
8. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans		10000	
9. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)		2046	
			270746
II. Hagstofan:			
1. Laun		11000	
2. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		14000	
3. Prentun eyðublaða		2000	
4. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		6000	
5. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		25000	
			58000
III. Utanríkismál o. fl.			
1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendiherra	10000		
b. Húsaleiga	7000		
c. Kostnaður við embættið	25000		
d. Til skrifstofuhalds	20000		
		62000	
Flyt ...		62000	328746

	kr.	kr.
Flutt ...	62000	328746
2. Til meðferðar utanríkismála	17000	
3. Ríkisráðskostnaður	4000	
4. Kostnaður af sambandslaganefnd	2000	
5. — vegna samninga við erlend ríki	60000	
		145000
Samtals ...	... ...	473746

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1. Hæstiréttur:		
a. Laun	26000	
b. Annar kostnaður	11000	
		37000
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra ...		126500
3. Laun hreppstjóra		22000
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
a. Laun 3 fulltrúa og 2 skrifara	23600	
b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	5500	
c. Ýms gjöld	6500	
		35600
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
a. Laun og aðstoð	103380	
b. Húsaleiga, ljós og hiti	8400	
c. Yms gjöld	14000	125780
Flyt ...	... ...	346880

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	346880
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun 2 fulltrúa og 5 skrifara	34300	
b. Ljós, hiti og ræsting	4500	
c. Ýms gjöld	9000	
		47800
7. Toll- og löggæzla		154000
8. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta ...		112100
9. Til landhelgisgæzlu		350000
Þar af til landhelgissjóðs 20000 kr.		
10. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		15000
(Þar af fyrning kr. 1770, sjá 20. gr.).		
11. Til vinnuhælisins á Litla-Hrauni...		55000
Þar af til endurbóta 5000 og til fyrningar 5300 (sjá 20. gr.).		
12. Sakamálakostnaður og lögreglumála		60000
13. Borgun til sjódómsmanna		2000
14. Borgun til setu- og varadómara		10000
15. Til endurskoðunar réttarfarslöggjafarinnar		3000
16. Kostnaður við löggildingu vogar- og mælitækja, samkv. lögum nr. 13 1924		5500
17. Til kaupa á nýjum löggildingartækjum		2500
18. Kostnaður við barnavernd, samkv. l. nr. 43 1932 ...		2000
19. Laun sáttasemjara í vinnudeilum, sbr. l. nr. 55 1925		1500
Samtals A ...	... ...	1167280
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	55000	
b. Fyrir embættisskeyti	75000	
		130000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald nokkurra ríkisfasteigna		27000
3. Til embættiseftirlitsferða		6000
Flyt ...	... ...	163000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	163000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		77000
5. Til ríkisskattanefndar		10000
6. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		34000
Samtals B. ...	... ...	284000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

		kr.	kr.
1. Laun			215000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi ...			8000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn, eftir reikningum ...			8150
Í Borgarneshéraði:			
Kolbeinsstaðahreppur	200		
Eyjahreppur	200		
Í Ólafsvíkurhéraði:			
Staðarsveit	200		
Breiðavíkurhreppur	300		
Í Stykkishólmshéraði:			
Eyrarsveit	200		
Miklaholtshreppur	200		
Í Dalahéraði:			
Klofningshreppur og Fellsstrandarhreppur utan Kjarlaksstaðaár	150		
Skarðshreppur	150		
Í Flateyjarhéraði:			
Múlahreppur	250		
Í Patreksfjarðarhéraði:			
Rauðasandshreppur	150		
Barðastrandarhreppur	150		
Í Flateyrarhéraði:			
Suðureyrarhreppur	200		
Flyt ..	2350	... ...	231150

		kr.	kr.
Flutt ...	2350	... ...	231150
Í Ögurhéraði:			
Reykjarfjarðarhreppur	200		
Nauteyrarhreppur	300		
Snæfjallahreppur	250		
Í Hesteyrarhéraði:			
Grunnavíkurhreppur	300		
Sléttuhreppur	300		
Í Reykjarfjarðarhéraði:			
Árneshreppur (sé héraðið læknislaust) ...	600		
Í Miðfjarðarhéraði:			
Bæjarhreppur	300		
Í Hofsóshéraði:			
Haganeshreppur	150		
Holtshreppur	150		
Í Húsavíkurhéraði:			
Flateyjarhreppur	200		
Grímseyjarhreppur	400		
Í Öxarfjarðarhéraði:			
Fjallahreppur	200		
Í Hróarstunguhéraði:			
Borgarfjarðarhreppur	300		
Í Fljótsdalshéraði:			
Jökuld.hr. (vegna byggðar i Möðrudalsheiði)	200		
Í Seyðisfjarðarhéraði:			
Loðmundarfjarðarhreppur	150		
Í Berufjarðarhéraði:			
Breiðdalshreppur	300		
Í Hornafjarðarhéraði:			
Hofshreppur	400		
Í Síðuhéraði:			
Skaftártunguhreppur	300		
Álftavershreppur	250		
Í Mýrdalshéraði:			
Austur-Eyjafjallahreppur	100		
Í Rangárhéraði:			
Vestur-Eyjafjallahreppur	100		
Í Eyrarbakkahéraði:			
Selvogshreppur	150		
Í Grímsneshéraði:			
Þingvallahreppur	200		
Samtals ...	8150	... ..	231150

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	231150
4.	Til læknis í Reykjavík, er skylt sé að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi, Mosfellssveit, Þingvallasveit og Reykjavíkurhéraði, utan kaupstaðarins, og fara eftir taxta héraðslækna		1200
5.	Til augnlækningaferða skv. l. nr. 12 1934		2400
6.	Styrkur til tannlæknis Vilhelms Bernhöfts í Reykjavík		800
7.	Styrkur til háls-, nef- og eyrnalæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		800
	Styrkur læknanna Vilhelms Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hvor um sig, segi stúdentum í læknadeild háskólans til í sinni sérfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 4 sinnum á mánuði, og gefi skýrslu um það.		
8.	Til að kaupa toracoskop		1600
9.	Til styrktar lækni til að nema lyfjafræði, gegn að minnsta kosti 1000 kr. framlagi annarsstaðar að, lokagreiðsla		2000
10.	Til lækniskandidats, til að nema geðveikrafræði erlendis		1500
11.	Landsspítalinn:		
	Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun lækna	42000	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun 96000		
	2. Matvæli 99000		
	3. Lyf og sáraumbúðir 21500		
	4. Ljós og eldsneyti 28000		
	5. Þvottur og hreinlætisvara 39000		
	6. Viðhald húsa og fastra muna 17000		
	7. — lausra muna (þar með fatnaður) 24000		
	8. Lóðin 1700		
	9. Skattar og tryggingar 5400		
	10. Sími og skrifstofa 7000		
	11. Röntgenfilmur og röntgenáhöld ... 20000		
	12. Ýms gjöld 6000		
	13. Fyrning 36500		
	Flyt ... 401100	42000	241450

		kr.	kr.
Flutt ...	401100	42000	241450
Þar frá dregst:			
1. Meðlög sjúklinga	260000		
2. Geislalækn. (tekjur af röntgendeild)	54000		
3. Skurðstofugjald	9000		
4. Fæðingarstofugjald	4200		
5. Aukatekjur	400		
	327600		
Mismunur ...		73500	
C. Til ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskólans, þar í fæði ljósmæðranema		9500	
		125000	
12. Holdsveikraspítalinn:			
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun yfirlæknis		3600	
B. Önnur gjöld:			
1. Matvæli	15000		
2. Laun	11000		
3. Lyf og umbúðir	1500		
4. Ljós og eldsneyti	10500		
5. Þvottur og hreinlætisvara	1200		
6. Fatnaður allur	2000		
7. Viðhald húsa og fastra muna	6500		
8. Viðhald lausra muna	2000		
9. Sími	500		
10. Skattar og tryggingar	2800		
11. Flutningskostnaður	800		
12. Ýmisleg gjöld...	2000		
13. Fyrning	4482		
		60282	
		63882	
13. Geðveikrahælið á Kleppi:			
I. Gamli spítalinn:			
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun yfirlæknis		5000	
B. Önnur gjöld:			
1. Matvæli	36500		
2. Laun	18500		
3. Lyf og umbúðir	800		
Flyt	55800	5000	241450

		kr.	kr.
Flutt ...	55800	5000	241450
4. Ljós og hiti	10500		
5. Þvottur og hreinlætisvara	4500		
6. Viðhald húsa og fastra muna ...	9000		
7. Viðhald lausra muna	3000		
8. Sími og skrifstofa	1500		
9. Flutningskostnaður..	2000		
10. Skattar og tryggingar	2000		
11. Fatnaður allur	5000		
12. Ýms gjöld	3500		
13. Fyrning...	3064		
		99864	
		104864	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með sjúklingum		40000	
Mismunur ...		64864	
II. Nýi spítalinn.			
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun yfirlæknis		5000	
B. Önnur gjöld:			
1. Matvæli	62000		
2. Laun	48000		
3. Lyf og sáraumbúðir	7000		
4. Ljós og hiti	14000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	12500		
6. Viðhald húsa og fastra muna ...	5500		
7. Viðhald lausra muna	7500		
8. Sími og skrifstofa	2500		
9. Flutningskostnaður	2800		
10. Skattar og tryggingar	2200		
11. Fatnaður allur	7200		
12. Ýms gjöld	5000		
13. Fyrning	3355		
		179555	
Flyt ...		184555	241450

		kr.	kr.
	Flutt ...	184555	241450
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með sjúklingum		60000	
	Mismunur ..	124555	
14. Heilsuhælið á Vífilsstöðum:			
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun lækna		10000	
B. Önnur gjöld:			
1. Matvæli	115000		
2. Laun	53000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	13000		
4. Ljós og eldsneyti	28000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	22000		
6. Viðhald húsa og fastra muna	12000		
7. Viðhald lausra muna	15000		
8. Sími og skrifstofa	4500		
9. Flutningskostnaður (þar af ca. helmingur til kaupa á nýjum bíl)	8000		
10. Tryggingar	1200		
11. Ýms gjöld	5000		
12. Fyrning	3350		
		280050	
		290050	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með sjúklingum		272000	
	Mismunur ...	18050	
15. Heilsuhælið á Reykjum í Ölfusi:			
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		4500	
B. Önnur gjöld:			
1. Matvæli	24000		
2. Laun	17000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	2000		
Flyt ..	43000	4500	241450

		kr.	kr.
Flutt ...	43000	4500	241450
4. Ljós	1000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	2000		
6. Viðhald húsa og fastra muna	5000		
7. Viðhald lausra muna	3500		
8. Sími	600		
9. Flutningar	1500		
10. Ýms gjöld	2500		
11. Fyrning	1600		
		60700	
		65200	
Þar frá dregst:			
Daggjald sjúklinga, 14400 sjúkrad. á 4,50		64800	
Mismunur ...		400	
16. Heilsuhælið í Kristnesi:			
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis og kandidats		7450	
B. Önnur gjöld:			
1. Laun starfsmanna	26700		
2. Fæði...	46500		
3. Lyf og hjúkrunargögn	5000		
4. Ljós og hiti	12500		
5. Þvottur og hreinlætisvara	4200		
6. Viðhald húsa og fastra muna	5500		
7. Viðhald lausra mnna	5500		
8. Flutningskostnaður	3725		
9. Ýms gjöld	4200		
10. Fyrning	8370		
		122195	
		129645	
Þar frá dregst:			
Daggjald 71 sjúkl., 5 kr. á dag		129575	
Mismunur ...		70	
Flyt ...		... ...	241450

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	241450
17.	Kostnaður samkv. 12.—17. lið þessarar greinar er:		
	1. Landsspítalinn	443100	
	2. Holdsveikraspítalinn	63882	
	3. Kleppur, eldri spítalinn	104864	
	4. Kleppur, nýi spítalinn	184555	
	5. Vífilsstaðahælið	290050	
	6. Heilsuhælið á Reykjum	65200	
	7. Kristneshælið	129645	
		1281296	
	Frá dragast tekjur samkvæmt sömu liðum:		
	1. Landsspítalinn 327600		
	2. Holdsveikraspítalinn		
	3. Kleppur, eldri spítalinn 40000		
	4. Kleppur, nýi spítalinn 60000		
	5. Vífilsstaðahælið 272000		
	6. Heilsuhælið á Reykjum 64800		
	7. Kristneshælið 129575		
		893975	
		387321	
	Ennfremur dregst frá:		
	Áætlaður sparnaður á rekstri ofannefndra 7 spítala	128129	
		259192	
	Til gjalda færist því á þessum liðum		259192
18.	Önnur gjöld:		
	a. Styrkur til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli	16000	
	b. Styrkur til greiðslu vaxta af skuldum vegna læknisbústaða í Ögurhéraði og Grímsneshéraði, 1200 kr. til hvors, og til greiðslu vaxta og afborgana af skuld Reykhólahéraðs við landsverzlun, 1200 kr.	3600	
	c. Styrkur til fávita, er dvelja í hælum	5000	
	d. Bólusetningarkostnaður	3500	
	e. Gjöld samkv. lögum nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	15000	
	f. Gjöld samkv. lögum nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands	2000	
	g. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	30000	
	h. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	2000	
	Flyt ...	77100	500642

	kr.	kr.
Flutt ...	77100	500642
i. Til annara heilbrigðisráðstafana	2000	
j. Til heilsuverndarstöðva, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að	15000	
k. Til styrktar mænusóttarsjúklingum	10000	
l. Styrkur til Súgfirðinga til að hafa lærða hjúkrunarkonu	1000	
m. Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sér gervilimi	4000	
n. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launabót annarsstaðar að	300	
o. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2000	
p. Til Páls Sigurðssonar fyrrv. héraðslæknis, biðlaun	1800	
q. Til ýmsra sjúklinga, eftir úthlutun landlæknis...	1500	
		114700
19. Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra		65000
Samtals ...	... ...	716771

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
A.			
Vegamál.			
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:			
1. Laun vegamálastjóra		6000	
2. Laun aðstoðarverkfræðings		5750	
3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi		6000	
4. Til aðstoðarmanna og mælinga		28000	
5. Skrifstofukostnaður		18000	
			63750
II. Þjóðvegir.			
a. Til nýrra akvega:			
1. Kjósarvegur...	10000		
2. Hafnarfjallsvegur	10000		
3. Mýravegur	6000		
Flyt ...	26000	... ...	63750

		kr.	kr.
Flutt ...	26000	... ...	63750
4. Stykkishólmsvegur	7500		
5. Ólafsvíkurvegur	3000		
6. Laxárdalsvegur	1500		
7. Suðurdalavegur	6000		
8. Saurbæjarvegur	3000		
9. Geiradalsvegur	3000		
10. Patreksfjarðarvegur til Bíldudals ... Unnið sé fyrir sinn helming upphæðarinnar frá hvorum stað.	7500		
11. Breiðadalsheiðarvegur	10000		
12. Bolungavíkurvegur, gegn $^1/_4$ annarsstaðar að...	4000		
13. Langadalsvegur	4000		
14. Steingrímsfjarðarvegur	3500		
15. Kollafjarðarvegur	3000		
16. Bitruvegur	4000		
17. Holtavörðuheiðarvegur	40000		
18. Hrútafjarðarvegur í Húnavatnssýslu	6000		
19. Vesturhópsvegur	3000		
20. Vatnsskarðsvegur	6000		
21. Blönduhlíðarvegur	5000		
22. Hofsósvegur...	8000		
23. Fljótavegur	4000		
24. Siglufjarðarskarð	10000		
25. Öxnadalsvegur	7000		
26. Ljósavatnsskarðsvegur	15000		
27. Raufarhafnarvegur	5000		
28. Brekknaheiðarvegur	5000		
29. Bakkafjarðarvegur	3000		
30. Vopnafjarðarvegur	5000		
31. Jökulsárhlíðarvegur	3000		
32. Úthéraðsvegur	5000		
33. Fjarðarheiðarvegur	8000		
34. Norðfjarðarvegur	15000		
35. Skriðdalsvegur	5000		
36. Fáskrúðsfjarðarvegur frá Reyðarfirði	3000		
37. Breiðdalsvegur	6000		
38. Suðursveitarvegur	5000		
39. Öræfavegur	3000		
Flyt .	261000	... ...	63750

		kr.	kr.
	Flutt ...	261000	 63750
40. Síðuvegur		3000	
41. Mýrdalsvegur		5000	
42. Eyjafjallavegur		5000	
43. Landvegur		5000	
44. Gnúpverjahreppsvegur		5000	
45. Hrunamannahreppsvegur		8000	
46. Sogsvegur, gegn jafnmiklu framlagi frá Reykjavíkurbæ		25000	
			317000
b. Viðhald og umbætur			650000
			967000
III. Til brúargerða			70000
IV. Fjallvegir			25000
V. 1. Til áhalda			15000
2. Til bókasafns verkamanna			300
3. Til fyrrverandi vegaverkstjóra, eftir tillögum vegamálastjóra			1000
			16300
VI. Til sýsluvega:			
1. Tillög til akfærra sýsluvega, allt að ... ... gegn að minnsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.			12000
2. Tillag til akfærra sýsluvega, af bifreiðaskatti ...			30000
3. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923 ...			70000
			112000
VII. Til malbikunar á vegum í kaupstöðum og verzlunarstöðum, af bifreiðaskatti			30000
VIII. Til dragferjuhalds:			
1. Á Lagarfljóti			300
2. - Blöndu			300
			600
IX. Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá			250
X. Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum:			
a. Hellisheiði			5000
b. Holtavörðuheiði			1000
			6000
XI. Styrkur til þess að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum ... ... Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskekktum bæjum í þjóðbraut.			3500
XII. Iðgjöld til slysatryggingar verkamanna samkv. lögum nr. 44 27. júní 1925			10000
XIII. Fyrning áhaldahússins (sjá 20. gr.)			552
	Samtals A. ...		 1304952

	kr.	kr.
B.		
Samgöngur á sjó.		
1. Til strandferða:		
a. Ríkissjóðs	400000	
enda verði launagreiðsla til yfirmanna skipanna í samræmi við launagreiðslur eftir lögum nr. 63 7. maí 1928, að því leyti, sem við verður komið og við á. (Þar af fyrning kr. 50000, sjá 20. gr.).		
b. Eimskipafélags Íslands	150000	
enda haldi félagið uppi siglingum í sama horfi og áður og með eigi minni skipastól, ef efnahagur þess leyfir.		
c. H/f Skaftfellings	24000	
d. H/f Skallagríms	10000	
		584000
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum		75000
Skipaútgerð ríkisins hefir yfirumsjón með ferðum flóabáta, sem fara eftir fastri áætlun. Skilyrði fyrir greiðslu styrksins er, að fyrir liggi efnahags- og rekstrarreikningur 1935 frá útgerð þessara báta, ef styrkupphæð til þeirra það ár hefir numið yfir 1000 kr. Ferðaáætlun 1936 og flutningagjaldskrá sé samþykkt af skipaútgerð ríkisins og reikningar ársins sendir henni, enda athugi hún, hversu rík sé þörf á ferðum hvers þess báts, er styrks nýtur úr ríkissjóði. Skip og bátar, sem njóta styrks úr ríkissjóði, eru skyld til að flytja póst endurgjaldslaust, sé þess krafizt.		
Samtals B. ...	... ...	659000
C.		
Vitamál og hafnargerðir.		
I. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
1. Laun vitamálastjóra	7200	
Þar af 1200 kr. persónuleg launaviðbót til núv. vitamálastjóra.		
Hann sé umsjónarmaður vitamála og hafnargerða og ókeypis ráðunautur landsstjórnar, héraðsstjórna og bæja í öllu því, er varðar vitamál og hafna.		
2. Laun aðstoðarverkfræðings	5750	
3. Húsaleiga, ljós og hiti	6000	
Flyt ...	18950	

	kr.	kr.
Flutt ...	18950	
4. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi	9800	
5. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi	3000	
6. Til aðstoðarmanna og mælinga	8000	
		39750
II. Laun vitavarða, þar af uppbót á laun vitavarðar á Gróttu 300 kr.		32000
III. Rekstrarkostnaður vitanna		140000
IV. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		10000
V. Til áhaldakaupa		7000
VI. Ýmislegt		20000
VII. Til hafnargerða:		
1. á Akranesi	25000	
2. - Húsavík	25000	
3. - Ísafirði	8000	
4. - Skagaströnd	8000	
5. - Sauðárkróki, 2. fjárveiting af 10, þó ekki alls yfir $^2/_5$ kostnaðar.	25000	
7. - Hornafirði	5000	
8. Til dýpkunar á Vestmannaeyjahöfn	15000	
		111000
VIII. Gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að veitist til hafnarbóta:		
í Ólafsvík	7500	
á Sandi	5000	
á Blönduósi	10000	
		22500
IX. Til bryggjugerða og lendingarbóta, allt að $^1/_3$ kostnaðar, gegn $^2/_3$ annarsstaðar að, enda sé það fé fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun, og sé verkið framkvæmt undir eftirliti vitamálastjóra		15000
X. Til öldubrjóts austur af Siglufjarðareyri, gegn tvöföldu tillagi frá hafnarsjóði Siglufjarðar. Önnur greiðsla af fjórum		50000
XI. Til aðgerðar á brimbrjótnum í Bolungavík, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að		30000
XII. Til sjómælinga		10000
XIII. Fyrning (sjá 20. gr.), ...		80000
Samtals C. ...	... ...	567250

14. gr.

Til kirkju- og kennslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Kirkjumál.		
a. Biskupsdæmið:	7000	
1. Laun biskups	4500	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi		11500
b. Önnur gjöld:		
1. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	120	
2. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	8000	
3. Framlag til prestlaunasjóðs	260000	
4. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir...	1000	
5. Embættiskostnaður presta	65000	
6. Til húsabóta á prestssetrum	12000	
7. Kostnaður við kirkjuráð, samkv. lögum nr. 21 1931	500	
		346620
Samtals A. ...	... ...	358120
B.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	85000	
b. Til kennslu í augnlækningum (Kjartan Ólafsson)	700	
c. Til kennslu í réttarlæknisfræði	400	
d. Til kennslu í söng...	800	
e. Til kennslu í bókhaldi	400	
f. Námsstyrkur	15000	
g. Húsaleigustyrkur	9000	
Flyt ...	111300	

		kr.	kr.
	Flutt ...	111300	
h. Til kennsluáhalda læknadeildar		800	
i. Til kennslu í efnafræði		1600	
j. Hiti, ljós, ræsting og vélgæzla		5000	
k. Önnur gjöld:			
1. Til ritara og dyravarðar...	4000		
auk hlunninda, er dyravörður hefir áður notið.			
2. Ýms gjöld	10000		
		14000	
l. Ferðakostnaður vegna stúdentaskipta		750	
m. Til stúdentaráðs Háskóla Íslands, til þess að starfrækja leiðbeiningaskrifstofu		1000	
n. Til sendikennara í þýzku		1000	
o. Til sendikennara í frakknesku		1000	
p. Til sendikennara í ensku		1000	
q. Fyrning á Kirkjustræti 12 (sjá 20. gr.)		188	
			137638
II. Námsstyrkur erlendis:			
a. Til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum		19200	
b. Námsstyrkur samkvæmt ákvörðun menntamálaráðs...		10000	
Styrkinn má veita konum sem körlum til hvers þess náms, er menntamálaráðið telur nauðsyn að styrkja.			
			29200
III. Fræðslumálastjórnin:			
1. Laun fræðslumálastjóra		7000	
2. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, allt að ...		800	
3. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi		14000	
			21800
IV. Menntaskólinn almenni:			
a. Laun		56500	
b. Húsaleiga rektors hálft árið		1250	
c. Önnur gjöld:			
1. Til bókasafns skólans	800		
2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	9500		
3. Til viðhalds	5000		
Flyt ...	15300	57750	188638

		kr.	kr.
Flutt ...	15300	57750	188638
4. Til stundakennslu, allt að	7000		
5. Húsaleigustyrkur handa 15 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum	1125		
6. Námsstyrkur	2800		
7. Til kennslutækja	1000		
8. Ýmisleg gjöld	3500		
9. Til verðlaunabóka	200		
10. Vegna kostnaðar við skólastjórn	2000		
11. Til bókasafnsins Íþöku	200		
12. Fyrning (sjá 20. gr.)	3540		
		36665	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sé venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.			94415
V. Menntaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		40000	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og stundakennslu	18000		
2. Vegna kostnaðar við skólastjórn	2000		
3. Til bóka og kennsluáhalda ...	1200		
4. Til eldiviðar og ljósa	10000		
5. Námsstyrkur	1000		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
6. Til dyravörzlu	2000		
7. Til viðhalds og endurbóta	6000		
8. Til ýmislegra gjalda	4500		
9. Til verðlaunabóka	200		
10. Fyrning (sjá 20. gr.)	3160		
		48060	
			88060
Flyt ...		... ...	371113

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	371113
VI. Kennaraskólinn:			
a. Laun		17000	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakennsla	5000		
2. Eldiviður og ljós	3000		
3. Bókakaup og áhöld	700		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til viðhalds	1000		
6. Ýmisleg gjöld	3500		
7. Fyrning (sjá 20. gr.)	1090		
		16790	
			33790
VII. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		14000	
b. Húsaleiga skólastjóra		2500	
c. Önnur gjöld:			
1. Til stundakennslu	2500		
2. Til eldiviðar og ljósa	1200		
3. Til Sveinbjarnar Egilson, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	2500		
5. Til áhaldakaupa	1000		
6. Fyrning (sjá 20. gr.)	700	8200	
			24700
VIII. Vélstjóraskólinn:			
a. Laun		13200	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakennslu	9200		
2. Húsnæði skólastjóra og skrifstofa skólans	3000		
3. Ljós, hiti og ræsting	2100		
4. Ýms gjöld	650		
5. Til áhaldakaupa	500		
		15450	
			28650
	Flyt ...	... ...	458253

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	458253
IX. Bændakennsla:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	7750		
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkennslu	1450		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms ... 2000			
2. Til kennsluáhalda ... 600			
3. Til eldiviðar og ljósa 3500			
4. Ýmisleg gjöld 3000			
	9100		
d. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	1034		
		19334	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	9440		
b. Til smíða- og leikfimikennslu ...	1300		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms ... 3500			
2. Til kennsluáhalda ... 500			
3. Til eldiviðar og ljósa 5000			
4. Ýmisleg gjöld 3500			
	12500		
d. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	1790		
		25030	
			44364
Styrkurinn til verklegs náms í bændaskólunum á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám samkvæmt samningi, eigi skemur en 8 vikur á ári, og skila skólunum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, enda sjái skólastjóri nemendum fyrir ókeypis fæði og kennslu. Nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 18 kr. fyrir hverja viku námstímans. Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sé í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.			
	Flyt ...	... ...	502617

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	502617
X. Iðnfræðsla:		
a. Til iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6500	
b. Til iðnaðarmannafélagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	2000	
c. Til iðnaðarmannafél. á Ísafirði, til skólahalds	1500	
d. Til iðnaðarmannafélagsins í Hafnarfirði, til kvöldskólahalds	1700	
e. Til iðnaðarmannafélagsins í Vestmannaeyjum, til kvöldskólahalds	1700	
Styrkurinn til þessara 5 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar. Skólar þessir skulu senda ráðuneytinu skýrslu um starf sitt.		
f. Til verklegs framhaldsnáms erlendis	10000	
		23400
XI. Verzlunarskólar o. fl.:		
a. Til kaupmannafélagsins og verzlunarmannafélagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar ...	5000	
b. Til sambands samvinnufélaganna, til þess að halda uppi verzlunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar	5000	
c. Kostnaður við próf löggildra endurskoðenda, sbr. lög nr. 9 1926	500	
		10500
XII. Kvennaskólar:		
1. Til kvennaskólans í Reykjavík:		
a. Húsnæðisstyrkur 5000		
b. Rekstrarstyrkur 18000		
c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið, allt að 4000		
d. Námsstyrkur til sveitastúlkna — 1000		
	28000	
2. Til kvennaskólans á Blönduósi	11000	
Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		39000
Flyt ...	... ...	575517

		kr.	kr.
	Flutt ..	... ...	575517
XIII. Almenn barnafræðsla:			
1. Laun kennara í föstum skólum og dýrtíðaruppb.		440000	
2. Laun farkennara og dýrtíðaruppbót		80000	
3. Til farkennslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir		4000	
4. Styrkur til byggingar barnaskóla utan kaupst.		30000	
5. Til fyrrverandi barnakennara, eftir tillögum fræðslumálastjóra...		2000	
6. Styrkur til tímaritsins »Menntamál«		800	
			556800
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:			
1. Til alþýðuskólans á Eiðum:			
a. Laun	10450		
Þar af 700 kr. persónuleg launauppbót til núverandi skólastjóra.			
b. Til hannyrða-, leikfimi- og smíðakennslu	3000		
c. Önnur gjöld:			
1. Til kennsluáhalda ... 800			
2. Til eldiviðar og ljósa 2500			
3. Ýmisleg gjöld 3500			
4. Til viðhalds... 1000			
5. Til að ljúka við rafstöð skólans 27000			
	34800		
d. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	800		
		49050	
2. Til héraðsskóla samkv. l. nr. 32 1929			
a. Rekstrarstyrkur	100000		
b. Stofnkostnaður...	5000		
		105000	
3. Til gagnfræðaskóla samkv. l. nr. 48 1930 ...		45000	
4. Til gagnfræðaskóla Reykvíkinga		2500	
5. Til Flensborgarskólans, byggingarstyrkur ...		15000	
6. Til unglingafræðslu utan kaupstaða, samkv. 20. gr. l. nr. 48 1930		13000	
	Flyt ...	229550	1132317

	kr.	kr.
Flutt ...	229550	1132317
8. Til bókasafna við unglingaskóla	1600	
9. Ritstyrkur fyrir kennslubækur handa skólum	1600	
		232750
XV. Húsmæðrafræðsla:		
1. Til húsmæðrad. við alþýðuskóla Þingeyinga	5500	
2. Til húsmæðrafræðslu á Hallormsstað	9500	
Styrkir samkvæmt tölul. 1.—2. eru bundnir því skilyrði hvor um sig, að atvinnumálaráðherra samþykki reglugerðir skólanna.		
3. Til kvenfél. Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að	5500	
Noti félagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða í Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		
4. Til húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal	800	
5. Til rafveitu á Hallormsstað	5000	
6. Til byggingar húsmæðraskóla á Laugalandi, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að ...	10000	
		36300
XVI. Til kennslu heyrnar- og málleysingja m. m. ...		40000
Þar af fyrning húss kr. 550,00 (sjá 20. gr.)		
Stjórnin annast um, að vandamenn nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. g.		
XVII. Til blindravinafélags Íslands		6500
Þar af 3000 kr. til að annast kennslu blindra barna.		
XVIII. Sundkennsla o. fl.:		
1. Til sundkennslu í Reykjavík	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kennsla þessi fari fram að minnsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfé, njóti kennslunnar ókeypis.		
2. Laun Ólafs Pálssonar og Jóns Pálssonar fyrir sundkennslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	2400	
3. Til sundkennslu o. fl. annarsstaðar en í Rvík	2400	
Flyt ...	5100	1447867

	kr.	kr.
Flutt ...	5100	1447867
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar að sé lagt til sundkennslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		
4. Styrkur til sundlaugar á Akureyri	5000	
5. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar og sundskýli, enda séu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, helmingur kostnaðar, allt að	5000	
		15100
XIX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kennslu í teikningu og tréskurði í þjóðlegum stíl		1500
XX. Til Geirs Þormars tréskurðarmeistara á Akureyri, til að halda uppi kennslu á Norðurlandi í teikningu og tréskurði í þjóðlegum stíl		600
XXI. Til Björns Jakobssonar á Laugarvatni, til íþróttakennslu og leikfimiprófs, samkv. l. nr. 24 1932		2400
XXII. Til íþróttasambands Íslands		5000
XXIII. Til Skáksambands Íslands		1600
XXIV. Til íþróttaskólans á Laugarvatni, til áhaldakaupa		1000
Samtals B. ...	... ...	1475067

15. gr.

Til vísinda, bókmennta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	20000	
b. Launabót til 2. bókavarðar, 1000 kr.	1000	
c. Til aðstoðar	4200	
d. Til þess að kaupa bækur og handrit og til bókbands	13000	
e. Til þess að semja spjaldskrá	800	
f. Til þess að semja og prenta skrá um handrit ..	2400	
g. Til ritaukaskrár	900	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
Flyt ...	42660	

	kr.	kr.
Flutt ...	42660	
i. Húsaleiga	2000	
j. Ýmisleg gjöld	1500	
		46160
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	4950	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5000	
c. Ýms gjöld	1000	
		10950
3. Þjóðminjasafnið og verndun fornminja:		
a. Laun þjóðminjavarðar (fornminjavarðar)	5500	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi	2500	
c. Til þess að útvega forngripi	1200	
d. Til áhalda og aðgerða	1200	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	800	
f. Til kaupa og viðgerðar á Víðimýrarkirkju	2400	
Þjóðminjasafnið sé opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		13600
4. Náttúrufræðifélagið:		
a. Tillag	2000	
b. Til aðstoðarmanns	1400	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sé til sýnis almenningi, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		3400
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	5500	
b. Til viðhalds og áhalda	3800	
c. Fyrning (sjá 20. gr.)	3639	
		12939
6. Til minningarbókasafns Matthíasar Jochumssonar á Akureyri, önnur greiðsla af þremur, gegn jafnmiklu framlagi frá Akureyrarbæ á sama tíma		10000
7. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		1800
8. Aukastyrkur til sex bókasafna:		
a. Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	2500	
Flyt ...	2500	98849

	kr.	kr.
Flutt ...	2500	98849
b. Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	2500	
c. Til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði	1000	
d. Til bókasafns Hafnarfjarðar	1000	
e. Til bókasafns Neskaupstaðar	800	
f. Til iðnbókasafnsins í Reykjavík	1000	
		8800
9. Til Alþýðubókasafns Reykjavíkur		5000
10. Til bókasafns Flateyjar á 100 ára afmæli þess ...		500
11. Til sýslubókasafna, gegn eigi minna tillagi frá sýslusj.		2500
12. Til hins íslenzka bókmenntafélags ... ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenzka fornbréfasafns sem að undanförnu.		2800
13. Til Þjóðvinafélagsins		1400
14. Til Fornleifafélagsins		800
15. Til Sögufélagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2400
16. Til hins íslenzka fræðafélags, til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns		1000
17. Til Fornritaútgáfunnar		4000
18. Til Björns K. Þórólfssonar, til þess að semja skrá um skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn, enda fái Þjóðskjalasafnið eftirrit af skránni		1200
19. Til leikfélags Reykjavíkur, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur .. ... Styrkurinn er og því skilyrði bundinn, að menntamálaráðið samþykki starfsskrá félagsins.		4000
20. Til leikfélags Akureyrar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá Akureyrarkaupstað		1000
21. Til leikfélags Ísafjarðar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		600
22. Til Norræna félagsins		600
Flyt ...	... ...	135449

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	135449
23. Til tónlistarskólans, gegn að minnsta kosti 2000 kr. framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur		2500
24. Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur og guðfræðinemum háskólans ókeypis kennslu í orgelleik, tóni, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum		2000
25. Til Sambands íslenzkra karlakóra		4500
26. Til styrktar sænsku vikunni 1936		1500
27. Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers		5000
28. Til Þórbergs Þórðarsonar, til ritstarfa og orðasöfnunar úr alþýðumáli, enda sé safnið eign ríkisins ...		2500
29. Til útgáfu fransk-íslenzkrar orðabókar		2500
30. Til Magnúsar Ásgeirssonar, til ljóðaþýðinga		1500
31. Til Guðmundar Gíslasonar Hagalíns, til ritstarfa ...		1500
32. Til Jóhannesar úr Kötlum		1000
33. Til Guðmundar Finnbogasonar, til ritstarfa		1000
34. Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
a. Föst laun	5000	
b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar	1000	
		6000
35. Til Guðbrands Jónssonar, til þess að semja miðaldamenningarsögu		1500
36. Til Frímanns B. Arngrímssonar		1200
37. Til jöklamælinga		600
38. Til listasafnshúss Einars Jónssonar ... ... (Þar af fyrning kr. 711 (sjá 20. gr.)).		3711
39. a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara ... ... enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sé almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	5000	
b. Til sama, til aðstoðar...	1000	
		6000
40. Til Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara		2500
41. Til Búnaðarbanka Íslands, þriðja greiðsla vaxta og afborgana af viðlagasjóðslánum málaranna Ásgríms		
Flyt ...	... ...	182460

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	182460
Jónssonar og Jóns Stefánssonar, með þeim skilyrðum, er segir í 57. lið 16. gr. fjárlaga 1934		3300
41. Kostnaður við friðun Þingvalla, sbr. lög nr. 59 1928		5000
Samtals ..	... ...	190760

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum ... ... gegn tvöföldu framlagi frá bæjar- og sveitarfélögum, enda sé ríkisstjórn heimilt að krefjast þess, að unnið sé að $^1/_3$ við framkvæmdir fyrir ríkissjóð og þar af fyrir 100000 krónur að stofnun nýbýla. Ennfremur sé það skilyrði fyrir framlagi, að hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag verji eðlilegri fjárhæð, að dómi ríkisstjórnarinnar, til verklegra framkvæmda auk atvinnubótafjársins.		500000
2. Til Búnaðarfélags Íslands ... ... Styrkurinn til búnaðarsambandanna lækki ekki um meira 10%.		180000
3. Til sandgræðslu		27000
4. Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum:		
a. Jarðabótastyrkur	585000	
b. Til verkfærakaupasjóðs	60000	
		645000
5. Til búfjárræktar samkv. l. nr. 32 1931		42000
6. Tillag til búnaðarbanka Íslands:		
a. Til byggingar- og landnámssjóðs	200000	
b. Til sama af tekjum tóbakseinkasölu ... ... Ríkisstjórninni er heimilt að ráðstafa hálfri þessari upphæð vegna samvinnubyggða.	50000	
c. Til ræktunarsjóðs:		
1. Afgjöld þjóðjarða 20000		
2. Kostnaðartillag 2000		
	22000	
		272000
Flyt ...	... ...	1666000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1666000
7. Tillag til kreppulánasjóðs		250000
8. Tillag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna,		
a. Samkv. lögum um verkamannabústaði, nr. 27 1931	100000	
b. Af tekjum tóbakseinkasölu	30000	
		130000
9. Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð, allt að		45000
10. Til garðyrkjufélags Íslands:		400
11. Til skógræktar:		
a. Laun	9300	
Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
b. Til skóggræðslu	23000	
c. Til skógræktarfélags Íslands	2000	
Ogreiddur kostnaður af Þingvallagirðingu greiðist úr kirkjujarðasjóði		
		34300
12. Tillag til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu, samkv. l. nr. 68 1918 og l. nr. 10 1926		4000
13. Til dýralækninga:		
a. Laun handa 5 dýralæknum	19000	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700	
c. Til Guðmundar Andréssonar, til að stunda dýralækningar í Skagafirði og Austur-Húnavatnssýslu, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að	700	
d. Til Halldórs Jónss., til að stunda dýralækningar, gegn jafnmiklu framlagi frá Svarfaðardalshreppi	300	
e. Til Eggerts Magnússonar, til að stunda dýralækningar við Gilsfjörð, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að	200	
f. Kostnaður við rannsókn á ormaveiki í sauðfé ...	1000	
		21900
14. Til kláðalækninga (útrýmingarböðun)		24000
15. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
a. Laun forstöðumanns, auk 10% af öllum tekjum stofnunarinnar, 1300 kr. með dýrtíðaruppbót ...	4800	
b. Til aðstoðar	5600	
c. Húsaleiga	3000	
d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
e. Til áhaldakaupa	3000	
		17600
Flyt ...	... ...	2193200

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	2193200
16. Til veðurstofu Íslands:		
a. Laun forstöðumanns og fulltrúa	13300	
b. Til aðstoðar	18000	
c. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	12000	
d. Til veðurskeyta o. fl.	13500	
e. Til loftskeytatækja	1000	
f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	3600	
g. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	500	
h. Til jarðskjálftamælinga og vegna auka- og næturvinnu við móttöku og útvarp veðurfregna, til frú Teresíu Guðmundsson, Björns L. Jónssonar og Jóns Eyþórssonar...	1800	
		63700
17. Til Þykkbæinga, styrkur til að nota skurðgröfu við framræslu Safamýrar, enda fái þeir ekki styrk eftir lögum nr. 59 1930		5000
18. Gjöld vegna laga nr. 83 1932, um raforkuvirki ...		4000
19. Gjöld vegna laga um eftirlit með verksm. og vélum		600
20. Til landmælinga		40000
21. Til Fiskifélagsins, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins og félagið sjái um á sinn kostnað útgáfu fiskimanna-almanaks		80000
22. Kostnaður vegna laga nr. 61 1932, um lax- og silungsveiði		4000
23. Til þess að annast birtingu útvarpaðra veðurfregna í verstöðvum landsins		5000
24. Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
a. 5 fiskiyfirmatsmanna	22350	
b. Laun 4 ullarmatsmanna	2000	
c. Laun 4 kjötmatsmanna	2625	
d. — lýsismatsmanns, samkv. l. nr. 42 1933 ...	3000	
e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	12000	
		41975
25. Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra:		
a. Laun skipaskoðunarstjóra, enda hafi hann eftirlit með skipum ríkisins án sérstaks endurgjalds ...	6000	
b. Til skrifstofukostnaðar	8400	
c. Ferðakostnaður, allt að	2500	
		16900
Flyt ...	... ...	2454375

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	2454375
26. Til fiskifulltrúa í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		8000
27. Kostnaður vegna laga um fiskimatsstjóra		10000
28. Kostnaður vegna sérstakra ráðstafana um inn- og útflutning, gegn jöfnu fjárframlagi annarsstaðar að ...		40000
29. Til Iðnsambands Íslands		1200
30. Til sambands íslenzkra heimilisiðnaðarfélaga		4000
31. Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til þess að halda uppi kennslu og námskeiðum í tréskurði og heimilisiðnaði		900
32. Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að eflingu heimilisiðnaðar		1500
33. Til Guðrúnar Finnsdóttur		300
34. Til kvenfélags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kennslu í handavinnu kvenna		500
35. Til kvenfélagasambands Íslands		1000
36. Til sambands norðlenzkra kvenna		400
37. Til sambands austfizkra kvenna		400
38. Til sambands sunnlenzkra kvenna		400
39. Til sambands vestfirzkra kvenna		400
40. Til kvenfélagasambands Mýra- og Borgarfjarðarsýslu		400
41. Til sambands breiðfirzkra kvenna		250
42. Til bandalags kvenna		400
43. Til sambands sunnlenzkra kvenna, styrkur til að halda uppi námskeiðum fyrir húsmæður og húsmæðraefni		2500
44. Til kvenréttindafélags Íslands		400
45. Til landssambands bænda		500
46. Til vinnumiðlunar		7000
47. Til vörumerkjaskrásetjara		1600
48. Handa ungmennafélagi Íslands, til eflingar íþróttum, skóggræðslu og bindindi ... ... Félagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fénu er varið.		4000
49. Til bandalags skáta		400
50. Til dýraverndunarfélags Íslands, til dýraverndunarstarfsemi		1000
51. Til fiskræktarfélagsins Blöndu, 1/8 rekstrarkostnaðar, allt að		500
Flyt ...	... ...	2542325

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	2542325
52.	Til fiskræktarfélags Fljótsdalshéraðs, 1/3 rekstrarkostnaðar, allt að		1000
53.	Húsameistari ríkisins:		
	a. Laun	6000	
	b. Skrifstofukostnaður 18000		
	Þar frá dregst:		
	Tekjur af teikningum, sem húsameistari lætur gera, 25% af venjulegum taxta húsameistara 10000		
		8000	
			14000
54.	Til vatnsrennslismælinga		1000
55.	Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að		5000
56.	Til vatnsveitu í Hrísey, vegna jarðskjálftanna... ...		3000
57.	Til húsabygginga á Breiðumýri vegna jarðskjálfta 1934		2000
58.	Til kaupa á spildu úr Hólalandi til handa Breiðumýri		1500
59.	Til Skuldaskilasjóðs útvegsmanna		160000
60.	Til mjólkurbúa		55000
61.	Til greiðslu vaxta af fasteignaveðslánum bænda ...		75000
62.	Til iðnlánasjóðs		25000
63.	Til greiðslu ofviðristjóns á Norðurlandi		60000
64.	Til frystihúsa		20000
65.	Til skipulagsnefndar atvinnumála		5000
66.	Kostnaður við eftirlit með opinberum sjóðum ...		1200
	Samtals ...	... ...	2971025

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

		kr.	kr.
1.	Styrkur til berklasjúklinga ... ... Af þessum lið má greiða laun læknis, sem heilbrigðisstjórnin ræður til þess að hafa yfirumsjón með öllum berklavörnum á landinu.	... ...	850000
	Flyt ...	... ...	850000

	kr.	kr.
Flutt	... ...	850000
2. Gjöld samkv. l. nr. 68 1932, um br. á fátækralögunum		200000
3. Styrkur til sjúkrasamlaga		25000
Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi hins ísl. prentarafélags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga.		
4. Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík		4000
5. Til verkakvennafélagsins Framtíðin í Hafnarfirði, til að halda uppi dagheimili fyrir börn		2000
6. Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		400
7. Til slysatryggingar samkv. 2. gr. laga nr. 73 1928 ..		13000
8. Til slysavarna		8000
enda sé stjórnarráðinu send skýrsla um starfsemina.		
9. Til þess að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis		1000
10. Tillag til ellistyrktarsjóða		85000
11. Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		15000
Þar af til sambands bindindisfélaga í skólum landsins 2500 kr.		
12. Til áfengismálaráðunautar		3000
13. Til Stórstúku Íslands:		
Styrkur til húsbyggingar		15000
14. Til slysatryggingarsjóðs félagsins Dagsbrúnar		400
15. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		300
16. Til sjúkrasjóðs Hofshrepps		300
17. Til sjúkrasjóðs Súgfirðinga		300
18. Til styrktar- og sjúkrasjóðs verkakvennafélagsins Framsóknar í Reykjavík...		600
19. Til sjúkrasjóðs Félags járnsmiðanema í Reykjavík		200
20. Til styrktarsjóðs verkamannafélagsins Snót í Vestmannaeyjum		300
21. Til styrktarsjóðs sjómannafélagsins Jötunn í Vestmannaeyjum		300
22. Til sjúkrasjóðs verklýðsfélags Akureyrar		300
23. Til styrktarsjóðs verklýðsfél. í Flatey á Breiðafirði		200
24. Til styrktarsjóðs sjómannafélagsins á Ísafirði		300
25. Til styrktarsjóðs verkamannafél. Baldur á Ísafirði		300
26. Til sjúkrasjóðs kvenfélagsins á Hellusandi		300
27. Til styrktarsjóðs verklýðsfélagsins á Patreksfirði ...		200
28. Til sjúkrasjóðs verkamannafélagsins á Þingeyri ...		300
Flyt ...	... ...	1226000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1226000
29. Til sjúkrasjóðs hjúkrunarfélags Ólafsvíkur		300
30. Til sjúkra- og styrktarsjóðs verkalýðsfélagsins á Seyðisfirði		300
31. Til Ekknasjóðs Vestmannaeyja		800
Fjárveitingarnar undir 14.—31. tölul. eru bundnar því skilyrði, að jafnmikið fé að minnsta kosti komi annarsstaðar að, og að stjórnarráðinu sé send skýrsla um starfsemina.		
32. Til gamalmennahælis á Ísafirði		1000
33. Til gamalmennahælis á Seyðisfirði		1000
Samtals ...	... ...	1229400

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:			
a. Embættismenn		69679,28	
b. Embættismannaekkjur og börn		15483,99	
c. Prestsekkjur		6835,76	
d. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49 1923...		2500,00	
e. — — — — 51 1921...		4090,00	
			98589,03
II. Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Til Sigurðar Magnússonar læknis ...	600,00		
2. — Sigurðar Kvarans héraðslæknis	405,00		
3. — Þorvalds Pálssonar læknis	300,00		
4. — prófi. Sæmundar Bjarnhéðinssonar	3650,00		
5. — Sigurðar Thoroddsens...	2000,00		
		6955,00	
b. Embættismannaekkjur og börn:			
1. Til Magneu Ásgeirsson	200		
2. — Ólivu Guðmundsson	175		
3. — Theodóru Thoroddsen...	800		
Flyt	1175	6955,00	98589,03

		kr.	kr.
	Flutt ... 1175	6955,00	98589,03
4.	Til Sigríðar Hjaltadóttur 400		
5.	— Ingileifar Snæbjarnardóttur ... 400		
6.	— Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ... 450		
7.	— Sigríðar Finnbogadóttur 800		
8.	— Rannveigar Tómasdóttur 600		
9.	— Önnu Gunnlaugsson 900		
10.	— Kristbjargar Marteinsdóttur ... 1200		
11.	— Kristínar Jacobson 600		
12.	— Kirstínar Þ. Blöndal 400		
13.	— Guðlaugar Magnúsdóttur 2000		
14.	— barns hennar 100		
15.	— Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju 600		
16.	— Jenny Forberg 600		
17.	— Ástu Hallgrímsson 600		
18.	— Ástu Einarson 600		
19.	— Aðalbjargar Sigurðardóttur... ... 1200		
20.	— Dómhildar Jóhannsdóttur 1200		
21.	— Önnu Þorgrímdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð 1100		
22.	— Soffíu Johnsen læknisekkju ... 500		
23.	— Kristínar Þórarinsd. læknisekkju 400		
24.	— Sigríðar Blöndal læknisekkju ... 300		
25.	— Hrefnu Einarsdóttur læknisekkju 600		
26.	— Sigríðar Jónsdóttur læknisekkju 400		
27.	— Súsönnu Friðriksdóttur 500		
28.	— Önnu Jónsson, ekkju Klemens Jónssonar... 450		
29.	— Margrétar Lárusd. læknisekkju 400		
30.	— Eiríku Gíslason, ekkju Odds Gíslasonar bæjarfógeta 1000		
31.	— Ingibjargar Jónsdóttur, ekkju Björns Magnússonar símstjóra ... 300		
32.	— Sigrúnar Bjarnason 600		
		20375,00	
c.	Uppgjafaprestar:		
1.	Til Bjarna prófasts Einarssonar ... 780,00		
2.	— Sigurðar prófasts Gunnarssonar 662,25		
3.	— Guttorms Vigfússonar 600,00		
	Flyt ... 2042,25	27330,00	98589,03

		kr.	kr.
	Flutt... 2042,25	27330,00	98589,03
4.	Til Jóns Árnasonar 445,00		
5.	— Þórðar Ólafssonar... 370,00		
6.	— Helga P. Hjálmarssonar 475,00		
7.	— Einars Pálssonar 430,00		
8.	— Kristins Daníelssonar 520,00		
9.	— Jóns Finnssonar 385,00		
10.	— Magnúsar prófasts Bjarnarsonar 355,00		
11.	— Pálma Þóroddssonar 265,00		
12.	— Árna Þórarinssonar 280,00		
13.	— Þorvarðar Þorvarðarsonar... ... 475,00		
14.	— Jakobs Lárussonar 3019,40		
15.	— Ólafs Sæmundssonar fyrrv. prests 340,00		
16.	— Þorvalds Jakobssonar 475,00		
17.	— Hálfdánar Guðjónssonar vígslubiskups 800,00		
18.	— Gísla Einarssonar... 295,00		
19.	— Arnórs Árnasonar... 310,00		
20.	— Hallgríms Thorlacius 295,00		
21.	— Einars Thorlacius... 355,00		
22.	— Bjarna Þorsteinssonar... 295,00		
		12226,65	
d.	Prestsekkjur:		
1.	Til Auðar Gísladóttur 300,00		
2.	— Bjargar Einarsdóttur 500.00		
3.	— Guðrúnar Björnsdóttur 500,00		
4.	— Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ... 300,00		
5.	— Guðrúnar Pétursdóttur 300,00		
6.	— Guðrúnar Torfadóttur... 300,00		
7.	— Ingunnar Loftsdóttur 300,00		
8.	— Hlífar Bogadóttur 300,00		
9.	— Kirstínar Pétursdóttur... 300,00		
10.	— Sigrúnar Kjartansdóttur 300,00		
11.	— Steinunnar Pétursdóttur 300,00		
12.	— Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson 300,00		
13.	— Guðlaugar Vigfúsdóttur 209,20		
14.	— Ingibjargar Magnúsdóttur 157,90		
15.	— Guðfinnu Jensdóttur 183,04		
16.	— Guðrúnar Sigurðardóttur 181,07		
17.	— Guðbjargar Hermannsdóttur ... 181,70		
	Flyt ... 4912,91	39556,65	98589,03

		kr.	kr.
	Flutt ... 4912,91	39556,65	98589,03
18.	Til Þórunnar Bjarnadóttur 155,56		
19.	— Guðrúnar S. Jónsdóttur 250,00		
20.	— Önnu Stefánsdóttur 200,00		
21.	— Helgu Skúladóttur 227,06		
22.	— Guðríðar Ólafsdóttur 164,26		
23.	— Guðríðar Helgadóttur, ekkju Jóh. L.L.Jóhannssonar, 132 kr., auk 100 kr. með einu barni hennar í ómegð 232,00		
24.	— Arndísar Pétursdóttur 137,90		
25.	— Guðnýjar Þorsteinsdóttur 173,56		
26.	— Valgerðar K. Guðmundsdóttur frá Grenivik 135,37		
27.	— Jakobínu Sigurgeirsd. frá Borg 157,44		
28.	— Kristínar Jónsdóttur prófastsekkju á Brjánslæk 300,00		
29.	— Sigríðar Þórðardóttur 144,00		
30.	— Sigurlaugar Knudsen 300,00		
31.	— Þóru Jónsdóttur 217,28		
32.	— Margrétar Jónasdóttur 300,00		
33.	— Sigríðar Jónasdóttur 146,71		
34.	— Sigríðar Jóhannesdóttur 300,00		
35.	— Ástríðar Petersen prófastsekkju 200,00		
36.	— Margrétar Sigurðard. prófastsekkju 500,00		
37.	— Jóhönnu Magnúsd. prófastsekkju 300,00		
38.	— Guðrúnar Mettu Sveinsdóttur ... 300,00		
39.	— Vilborgar Jónsdóttur prestsekkju 300,00		
40.	— Líneyjar Sigurjónsd. prófastsekkju 500,00		
41.	— Bergljótar Blöndal 200,00		
42.	— Sigríðar Helgadóttur 300,00		
43.	— Steinunnar Eiríksdóttur 200,00		
44.	— Guðbj. Guðmundsdóttur, ekkju séra Gísla Kjartanssonar 400,00		
45.	— Bjargar Jónsdóttir frá Vallanesi 300,00		
		11954,05	
c.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:		
1.	Til Önnu Ásmundsdóttur 300,00		
2.	— Guðlaugar Zakaríasdóttur 360,00		
	Flyt ... 660,00	51510,70	98589,03

			kr.	kr.
	Flutt ...	660,00	51510,70	98589,03
3.	Til Aðalbj. Steinsdóttur, ekkju Magnúsar Einarssonar	500,00		
4.	— Elínar Briem Jónsson	600,00		
5.	— Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
6.	— Guðmundar Björnssonar	300,00		
7.	— Baldvins B. Bárðdals	300,00		
8.	— Jóns Strandfelds	150,00		
9.	— Einars Hávarðssonar	150.00		
10.	— Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
11.	— Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
12.	— Ásdísar Þorgrímsdóttur, 300 kr., auk 100 kr. með einu barni hennar í ómegð	400,00		
13.	— Sigurjóns Rögnvaldssonar	200,00		
14.	— Ástu Magnúsdóttur kennaraekkju	200,00		
15.	— Ögmundar Sigurðssonar	3000.00		
16.	— Jósefs Björnssonar fyrrv. kennara	1577,14		
17.	— Cathincu Sigfússon	600,00		
18.	— Ragnh. Guðjónsdóttur	300,00		
19.	— Lárusar Rists kennara	600,00		
20.	— Jóhanns P. Péturssonar kennara	200,00		
21.	— Helgu Finnsdóttur	1200,00		
22.	— Ingivalds Nikulássonar kennara	300,00		
23.	— Victoríu Bjarnad. kennaraekkju	150,00		
			12537,14	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1.	Til Böðvars Jónssonar	400		
2.	— Þóru Matthíasdóttur	300		
3.	— Vigdísar Steingrímsdóttur	300		
4.	— Þórunnar Sigurðardóttur, ekkju Halldórs Bjarnasonar pósts ...	200		
5.	— Anínu Arinbjarnardóttur	200		
6.	— Eliesers Eiríkssonar	200		
7.	— Jóhannesar Þórðarsonar	300		
8.	— Guðm. Kristjánssonar	300		
9.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
10.	— Höllu Árnadóttur, ekkju Böðvars Sigurðssonar pósts	300		
11.	— Halldórs Benediktssonar pósts ...	200		
	Flyt ...	3300	64047,84	98589,03

			kr.	kr.
	Flutt ...	3300	64047,84	98589,03
12.	Til Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs Jónssonar...	1000		
13.	— Friðriks Jónssonar pósts	450		
14.	— Einars Ólasonar fyrrum pósts ...	300		
15.	— Þórodds Bjarnasonar pósts ...	600		
16.	— Sigríðar Guðmundsdóttur, ekkju Böðvars Þorlákssonar...	300		
17.	— Kristjáns Jónssonar pósts	200		
18.	— Hedvig Blöndal, ekkju Óla Blöndals póstritara, 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	500		
19.	— Guðmundar Ólafssonar fyrrv. pósts á Akureyri	300		
20.	— Torfa Sæmundssonar pósts ...	200		
21.	— Guðjóns Kjartanssonar pósts ...	250		
22.	— Jóns Jónssonar í Galtarholti f. pósts	300		
23.	— Álfheiðar Blöndal, ekkju Kristjáns Blöndals póstafgreiðslumanns ...	300		
24.	— Maríu Jónsdóttur, ekkju Fr. Klemenssonar	300		
25.	— Jóhönnu Þ. Jónsdóttur, ekkju Steindórs Hinrikssonar pósts ...	200		
26.	— Tryggva Hallgrímssonar pósts ...	200		
27.	— Guðbjargar Olafsdóttur, ekkju Guðmundar Kristjánssonar pósts	300		
28.	— Edvalds Eyjólfssonar pósts ...	500		
29.	— Reynalds Kristjánssonar pósts ..	200		
30.	— Árna Sigbjörnssonar pósts... ...	200		
			9900,00	
g.	Rithöfundar:			
1.	Til Indriða skrifstofustj. Einarssonar	3500		
2.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ..	5000		
3.	— Þorsteins Gíslasonar	2000		
4.	— Guðmundar Friðjónssonar... ...	1800		
5.	— dr. Helga Péturss	5000		
6.	— Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu	1000		
7.	— Einars Benediktssonar...	5000		
8.	— Sigurðar Sigurðssonar skálds ..	1000		
	Flyt ...	24300	73947,84	98589,03

		kr.	kr.
	Flutt ..	24300	73947,84	98589,03
9.	Til Jakobs Thorarensens	1200		
10.	— Sigurjóns Friðjónssonar	1000		
11.	— Guðmundar Kambans	1800		
12.	— Unnar Benediktsdóttur skáldkonu	1000		
13.	— Brietar Bjarnhéðinsdóttur	1000		
14.	— Herdísar Andrésdóttur	500		
15.	— Halldórs Kiljan Laxness	5000		
16.	— Indriða Þorkelssonar á Fjalli ...	500		
17.	— Jóns Þorsteinssonar á Arnarvatni	500		
18.	— Kristleifs Þorsteinssonar	500		
19.	— Theodórs Friðrikssonar	500		
20.	— Kristmanns Guðmundssonar ...	1800		
21.	— Magnúsar Stefánssonar	1000		
22.	— Sigurðar Nordals	2000		
			42600,00	
h.	Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1.	Til Jakobínu Pétursdóttur	200		
2.	— Guðrúnar Jónsdóttur	300		
3.	— Arnbjargar Einarsdóttur	300		
4.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	300		
5.	— Ólínu Þorsteinsdóttur	300		
6.	— Eleanor Sveinbjörnsson	1200		
7.	— Kristínar Jakobsdóttur	800		
8.	— Sigríðar Jónsdóttur	500		
			3900,00	
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur;			
1.	Til Petreu Jónsdóttur	300		
2.	— Kristínar Sigurðardóttur júbil-ljósmóður	500		
3.	— Matthildar Þorkelsd. júbilljósm.	500		
4.	— Lússíu Þorsteinsd. júbilljósmóður	200		
5.	— Þórunnar Gísladóttur ljósmóður	500		
6.	— Önnu Þorsteinsdóttur ljósmóður	400		
7.	— Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður	300		
8.	— Sigurfljóðar Einarsd. ljósmóður	300		
9.	— Jórunnar Guðmundsd. ljósmóður	300		
10.	— Margrétar Grímsdóttur ljósmóður	200		
11.	— Kristínar Guðmundsdóttur ljósm.	200		
12.	— Hólmfríðar Friðfinnsd. ljósmóður	200		
	Flyt ...	3900	120447,84	98589,03

			kr.	kr.
	Flutt ...	3900	120447,84	98589,03
13.	Til Áslaugar Bjarnadóttur ljósmóður	300		
14.	— Hildar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
15.	— Guðrúnar Guðmundsd. ljósmóður	300		
16.	— Halldóru Metúsalemsd. ljósmóður	300		
17.	— Jensínu Pálsdóttur ljósmóður ..	200		
18.	— Margrétar Jónsdóttur ljósmóður	200		
19.	— Guðrúnar Magnúsd. ljósmóður ..	200		
20.	— Gróu Jónsdóttur ljósmóður ...	200		
21.	— Guðríðar Guðmundsdóttur ljósmóður	200		
22.	— Guðrúnar Einarsdóttur ljósmóður	200		
23.	— Guðrúnar Jóhannesd. ljósmóður	300		
24.	— Sigríðar Narfadóttur ljósmóður	300		
25.	— Vilborgar Sigurðard. ljósmóður	200		
26.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar	300		
27.	— Önnu Sigurðardóttur, Fjöllum ..	300		
28.	— Páls Erlingssonar	1200		
29.	— Ólafs Ísleifssonar, Þjórsártúni ..	600		
30.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
31.	— Einars Guðmundssonar fyrrum vegavinnustjóra	300		
32.	— Ólafs Guðmundssonar, fyrrum ferjumanns	300		
33.	— Guðmundar Þorfinnssonar fyrrum ferjumanns	300		
34.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar	200		
35.	— Sigríðar Sveinsdóttur, ekkju Jakobs Björnssonar síldarmatsm.	300		
36.	— Kristólínu Kragh	300		
37.	— Árna Guðmundssonar, fyrrum fiskimatsmanns á Bíldudal	200		
38.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar...	400		
39.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar...	300		
	Flyt ...	12400	120447,84	98589,03

			kr.	kr.
	Flutt ...	12400	120447,84	98589,03
40.	Til Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	600		
41.	— Margrétar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
42.	— Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
43.	— Halldóru Pétursdóttur Briem ...	600		
44.	— Kristjönu Benediktsdóttur	400		
45.	— Bjargar Guðmundsdóttur	400		
46.	— Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti	400		
47.	— Henriette Kjær	600		
48.	— Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar	400		
49.	— Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með 3 börnum hennar í ómegð	2300		
50.	— Guðjóns Guðlaugssonar	1200		
51.	— Önnu Bjarnad., ekkju Hjálmars Lárussonar	300		
52.	— Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey	300		
53.	— Snæbjarnar Kristjánssonar hafnsögumanns í Hergilsey...	200		
54.	— Halldóru Þórðardóttur	600		
55.	— Vigdísar Bergsteinsdóttur fyrrv. spítalaráðskonu	300		
56.	— Sigríðar Magnúsd. hjúkrunarkonu	500		
57.	— Jónínu Marteinsd. hjúkrunarkonu	300		
58.	— Guðleifar Erlendsdóttur, fyrrv. hjúkrunarkonu	300		
59.	— Arndísar Sigurðardóttur, þvottakonu í Laugarnesspítala	300		
60.	— Sigurðar Péturssonar fangavarðar	1000		
61.	— Ragnheiðar Erlendsdóttur, ekkju Valdimars Daðasonar tollþjóns ..	300		
62.	— Susie Briem, ekkju Halld. Briems	800		
63.	— Valgerðar Steinsen fyrrv. spítalaráðskonu	500		
64.	— Benedikts Þ. Gröndals	800		
	Flyt ...	26400	120447,84	98589,03

		kr.	kr.
Flutt ...	26400	120447,84	98589,03
65. Til Jóns Runólfssonar sýsluskrifara	600,00		
66. — Ingveldar Guðmundsdóttur, ekkju Erlendar Zakaríassonar	300,00		
67. — Sigríðar Pálsdóttur, ekkju Gunnlaugs Indriðasonar	400,00		
68. — Halldórs Brynjólfssonar blinda	350,00		
69. — Halldórs Þórðarsonar fyrrv. dyravarðar Alþingis	300,00		
70. — Friðfinns Guðjónssonar leikara	800,00		
71. — Kofoed-Hansen skógræktarstjóra	1546,80		
72. — Margrétar Vigfúsdóttur, ekkju Jóh. Baldvinssonar vitavarðar	300,00		
73. — Sigríðar Gísladóttur, ekkju Kristjáns Kristjánssonar skjalavarðar Alþingis, 300 kr., og með hverju barni þeirra til 16 ára aldurs 100 kr.	1200,00		
74. — Kristínar Guðmundsdóttur, ekkju Einars Helgasonar	600,00		
		32796,80	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og á laun embættismanna.			
j. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000,00	
k. Eftirlaun Sig. Sigurðssonar búnaðarmálastjóra ...		4500,00	
			160744,64
III. Dýrtíðaruppbót			48399,33
Samtals ...		... ...	307733,00

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

III. KAFLI.

Eignahreyfingar.

20. gr.

		kr.	kr.
	Inn.		
I.	Fyrningar:		
	1. Samkvæmt 3. gr. A.	65640	
	2. — 3. — B.	3650	
	3. — 9. —	2170	
	4. — 10. —	2046	
	5. — 11. —	7070	
	6. — 12. —	60721	
	7. — 13. —	130552	
	8. — 14. —	12852	
	9. — 15. —	4350	
			289051
II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum og veðdeildarbréfum		50000
III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		125000
	Samtals		474051
	Út.		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
	1. Ríkissjóðslán:		
	a. Innlend lán	270672,00	
	b. Dönsk lán, d. kr. á 100,00	375045,00	
	c. Ensk lán, £ 14298-14-11 á 22,15	316717,00	
			962434
	2. Lán ríkisstofnana:		
	Landssíminn (sjá 3. gr. A. 2.)	210000	
			210000
			1172434
	Flyt		1172434

	kr.	kr.
Flutt ...	... ..	1172434
II. Til eigna-aukningar ríkisstofnana:		
1. Landssíminn (ný símakerfi o. fl.)	95000	
2. Ríkisprentsmiðjan	20000	
3. Landssmiðjan	10000	
		125000
III. Til byggingar nýrra vita		70000
IV. Til lögboðinna fyrirframgreiðsla		10000
Samtals ...	... ...	1377434

21. gr
I. Rekstrar

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		11175000,00
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana	2417860	
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs	24650	
			2442510,00
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		515475,00
5. gr.	Óvissar tekjur—		50000,00
	Samtals ...	... ...	14182985,00

II. Sjóðs-

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	14182985,00
	Aðrar innborganir og fyrningar[1]):	
20. gr. I.	Fyrningar	289051,00
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum	50000,00
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10000,00
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	125000,00
	Greiðslujöfnuður	358593,00
	Samtals ...	15015629,00

1) Fyrningar færðar hér til jafnaðar sömu upphæð, sem talin er i rekstrarútgjöldum.

firlit.
firlit.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
7. gr.	Vextir		1558500,00
8. gr.	Borðfé konungs		60000,00
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		250920,00
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		473746,00
11. gr. A.	Til dómgæzlu og lögreglustjórnar	1167280,00	
— B.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	284000,00	
			1451280,00
12. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðismála		680342,00
13. gr. A.	Vegamál	1304952,00	
— B.	Samgöngur á sjó	659000,00	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	567250,00	
			2531202,00
14. gr. A.	Kirkjumál	358120,00	
— B.	Kennslumál	1475067,00	
			1833187,00
15. gr.	Til vísinda, bókmennta og lista		190760,00
16. gr.	Til verklegra fyrirtækja		2971025,00
17. gr.	Til almennrar styrktarstarfsemi		1229400,00
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		307733,00
19. gr.	Óviss útgjöld		100000,00
	Rekstrarafgangur		544890,00
	Samtals		14182985,00

firlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	13638195,00
	Aðrar útborganir:	
20. gr. I.	Afborganir lána	1172434,00
— II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana	125000,00
— III.	Til byggingar nýrra vita	70000,00
— IV.	Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000,00
	Samtals	15015629,00

22. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpsviðtæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins.

II. Að verja allt að 6000 kr. af tekjuafgangi landssmiðjunnar til að láta smíða þar ýmsa muni, er íslenzkir hugvitsmenn finna upp og líklegt þykir, að gagn megi að verða fyrir framleiðsluna í landinu, enda sé ríkisstofnunum og fyrirtækjum, sem njóta rekstrarstyrks af almannafé, skylt að skipta við landssmiðjuna, eftir því sem hún getur afkastað.

III. Að gera ráðstafanir til þess að láta auka og endurbæta senditæki Ríkisútvarpsins, svo að þau fullnægi þörfum landsmanna. Skulu þær endurbætur fara eftir nánari ákvörðunum stjórnarinnar, enda beri Ríkisútvarpið sjálft allan kostnað af framkvæmdinni.

IV. Að ganga í ábyrgð fyrir allt að 350 þús. kr. láni fyrir innlent félag til þess að reisa síldarbræðslustöð á Seyðisfirði, er geti unnið úr ca. 600 málum síldar á sólarhring, enda fari lánið eigi fram úr 90% stofnkostnaðar, sé tryggt með 1. veðrétti í eigninni og ábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar, en samþykktir og starfsreglur félagsins og ráðning forstjóra þess háð samþykki atvinnumálaráðherra. (Endurveiting).

V. Að ábyrgjast fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, allt að 510 þús. kr. lán til rafvirkjunar, þó ekki yfir 85% kostnaðarverðs. (Endurveiting).

VI. Að krefjast þeirra trygginga, sem stjórnin metur gildar, fyrir hverri þeirri ábyrgð, sem hún gengur í f. h. ríkissjóðs, enda séu allar slíkar lántökur framkvæmdar af ráðuneytinu, eða Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands í samráði við ráðuneytið. Þó getur ráðuneytið falið einstökum mönnum útvegun lánanna.

VII. Að ábyrgjast fyrir Sauðárkrókshrepp allt að 270000 kr. lán, til hafnargerðar á Sauðárkróki, gegn því, að héraðsbúar útvegi óendurkræft framlag til verksins ekki undir 100000 kr., enda fari allur kostnaður ekki fram úr 620000 kr. Lánið verði tekið innanlands.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1936, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu sem bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

Stjórninni er heimilt að greiða Jóni Bergsteinssyni, fyrrverandi bústjóra á Kleppi, 300 kr. auk dýrtíðaruppbótar, og sé upphæðin færð á reikning Kleppsbúsins.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1935 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. 774. Nefndarálit

um frv. til l. um útgerð ríkis og bæja.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir rætt frv. þetta á þrem fundum, og virðast nefndarmenn á einu máli um að brýna nauðsyn beri til að endurnýja togaraflotann. Samkomulag hefir þó eigi fengizt um afgreiðslu málsins. Einn nefndarmaður (GG) er á móti frumv. og skilar sérstöku áliti. Tveir nefndarmenn (JJós og SK) voru eigi á fundi þegar gengið var til atkv. um frv., en undirritaðir leggja mjög eindregið til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 12. des. 1935.

Finnur Jónsson, form., frsm. Páll Þorbjörnsson.

Nd. 775. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 9. jan. 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Ég er því fylgjandi, að bæjar- og sveitarfélögum verði heimilað að leggja nokkurt gjald á síldarverksmiðjur ríkisins, en vil til samkomulags lækka gjaldið nokkuð frá því, sem er í frv., en leyfa hinsvegar að leggja á sem svarar hálfu gjaldi þegar á árinu 1936, sem miðast þá við söluverð afurðanna 1935. Það skal tekið fram, að 1% gjald myndi hafa numið nál. 20 þús. kr. árið 1935 af framleiðslu allra fimm ríkisverksmiðjanna.

Tveir nefndarmenn, Jóhann Jósefsson og Sigurður Kristjánsson, voru ekki á fundi, þegar málið var afgreitt. En frá Finni Jónssyni og Páli Þorbjarnarsyni mun koma sérstakt nefndarálit.

Þar sem mál þetta er annars eðlis en þær ráðstafanir, sem kunna að verða gerðar til að afla bæjar- og sveitarfélögum yfirleitt nýrra tekjustofna, tel ég, að þinginu beri að afgreiða þetta mál án tillits til þingsályktunar þeirrar, er samþykkt hefir verið um þau efni.

Ég legg til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 1. gr. Í stað „einum og hálfum“ komi: einum.
2. Á eftir 2. gr. komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Bæjar- og sveitarfélögum er heimilt að leggja á verksmiðjurnar gjald, sem nemur allt að hálfum af hundraði af söluverði afurða verksmiðjanna 1935, og greiðist gjald þetta fyrir 1. marz 1936.

Alþingi, 12. des. 1935.

Gísli Guðmundsson.

Ed. 776. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla (þskj. 536).

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta felur í sér nafnbreytingu á Svalbarðsprestakalli í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi, og á það að nefnast Raufarhafnarprestakall. Er þá jafnframt gert ráð fyrir, að prestssetrið verði framvegis á Raufarhöfn.

Venjan er að vísu sú, að skipt er um prestssetur með einföldum úrskurði ráðherra, að fengnum meðmælum biskups, og að prestakall haldi sínu gamla nafni, þótt skipt sé um prestssetur. Hinsvegar er upplýst, að Raufarhafnarsókn er nú orðin nær þriðjungi fjölmennari en Svalbarðssóknin, og er þá eðlilegt, að prestur sitji þar, sem fjölmenni er meira. Ennfremur munu það óskir manna í fjölmennari sókninni, að prestur sitji á Raufarhöfn, m. a. til þess að hann fái tekið þátt í barna- og unglingafræðslu þar í þorpinu, er ekki yrði við komið, ef hann sæti á núverandi prestssetri. Og loks mun, eins og prófastur bendir á, hæggara að þjóna Svalbarðssókn frá Raufarhöfn en Raufarhafnarsókn frá Svalbarði, þegar ekki verður komizt á milli nema sjóveg.

Þykir nefndinni því rétt, eftir atvikum, að mæla með því, að frv. verði samþykkt. En hinsvegar vill hún þó taka fram, að hún telur rétt, þó að frv. þetta verði að lögum, að sú venja haldist framvegis óbreytt, að skipta megi um prestssetur með einföldum ráðherraúrskurði, að fengnum meðmælum biskups.

Alþingi, 12. des. 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Þorsteinn Briem, frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.
Magnús Guðmundsson.	Páll Hermannsson.	

Ed. **777. Frumvarp til laga**

um viðauka við lög nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Frá allsherjarnefnd.

I. KAFLI

Um lán til hreppsfélaga.

1. gr.

Handhafaskuldabréf Kreppulánasjóðs, sem afgangs verða þegar lokið er lánveitingastarfsemi sjóðsins, samkvæmt lögum nr. 78 1933 og síðari breytingum á þeim lögum, má verja til lánveitinga handa hreppsfélögum landsins og fyrirtækjum þeirra, öðrum en atvinnufyrirtækjum. Bréfin skulu með nafnverði vera gildur gjaldeyrir til lánardrottins eða skuldareiganda til greiðslu hverrar þeirrar skuldar, sem eldri er en frá 1. janúar 1936 og eigi er tryggð með fasteignaveði eða handveði. Sama gildir um greiðslu víxla, sem gefnir hafa verið út eftir 1. janúar 1936, ef skuldin hefir upphaflega verið stofnuð fyrir þann tíma. Til greiðslu skulda, eldri en frá 1. jan. 1933, eru bréf þessi fullgildur gjaldeyrir, á sama hátt og önnur skuldabréf Kreppulánasjóðs. Bréfin skulu vera greinilega auðkennd frá þeim bréfum, sem áður hafa verið afhent eða afhent verða samkvæmt lögum nr. 78 1933 og breytingum á þeim lögum.

2. gr.

Vextir skuldabréfanna skulu vera 5% á ári, og skal innlausn þeirra fylgja sömu reglum og segir í 2. gr. laga nr. 78/1933 að því leyti, sem við á og ákveðið verður í reglugerð.

3. gr.

Á árinu 1936 skal stjórn Kreppulánasjóðs láta fram fara rannsókn á fjárhagsástæðum allra hreppsfélaga í landinu, og má verja fé því, er um getur í 1. gr., til þess að ná hagkvæmum samningum um eldri lán og skuldir hreppsfélaga, þar með taldar fátækraskuldir milli sveitarfélaga og skuldir við sjúkrahús og heilsuhæli.

4. gr.

Stjórn Kreppulánasjóðs hefir heimild til að gera skuldajöfnuð í fátækraskuldum milli sveitarfélaga, þar sem því verður við komið, og ennfremur að ákveða, að þar til fengnu samþykki atvinnumálaráðherra, að felldar verði niður allt að 50% af fátækraskuldum þeirra sveitarfélaga, sem að dómi sjóðsstjórnarinnar eru svo illa stödd fjárhagslega, að þeim verður eigi talið kleift að rísa undir frekari skuldbindingum.

5. gr.

Telji sjóðsstjórnin, að fengnum öllum upplýsingum, nauðsynlegt að fá samningum um veðtryggð lán hreppsfélags breytt hvað vaxtakjör og greiðslutíma snertir, og ennfremur að eftirgjöf fáist að meira eða minna leyti á óveð-

tryggðum og veðtryggðum skuldum hreppsfélags, er henni skylt að gera það að skilyrði fyrir lánveitingu, að þær breytingar fáist, er hún telur nauðsynlegar, og skal sjóðstjórnin, þegar svo stendur á, fara eftir fyrirmælum 8.—18. gr. Kreppulánasjóðslaganna, að því leyti sem við getur átt og við verður komið að hennar dómi.

6. gr.

Nú hefir stjórn sjóðsins gert þær tilraunir, er í hennar valdi standa, til þess að fá þær eftirgjafir og breytingar á skuldum sveitarfélags, sem hún telur við þurfa til þess að koma fjárhag sveitarfélags á heilbrigðan grundvöll, en það hefir eigi tekizt, og skal hún þá senda atvinnumálaráðuneytinu skýrslu um tilraunir sínar í þessu efni, og skal ráðuneytið þá gera ráðstafanir til að gera fjárhag þess sveitarfélags upp samkvæmt lögum nr. 63 frá 1933, um ráðstafanir út af fjárþröng hreppsfélaga, og er heimilt að veita hreppsfélagi lán úr sjóðnum til þess að greiða þann hluta skuldanna, sem því verður gert að greiða samkvæmt þessum lögum.

7. gr.

Vextir af lánum þessum skulu vera 5 af hundraði á ári. Skilyrði fyrir lánveitingu til hreppsfélags og gögn þau, sem fylgja eiga lánbeiðni, eru hin sömu og greind eru í 10. og 11. gr. þessara laga, eftir því sem við getur átt.

II. KAFLI

Um lán til bæjarfélaga.

8. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ákveða, að út megi gefa sérstakan flokk handhafaskuldabréfa Kreppulánasjóðs, að upphæð allt að 1½ milljón króna, og skal því fé varið til lánveitinga handa bæjarsjóðum kaupstaða landsins utan Reykjavíkur, til þess að ná hagkvæmum breytingum á þeim lánum bæjarsjóða, hafnarsjóða og annara stofnana, sem reknar eru fyrir reikning bæjarsjóðs, en þó eigi atvinnufyrirtækja.

Fjármálaráðherra ákveður gerð bréfanna og fjárhæð þeirra.

Vextir skuldabréfa þessara skulu vera 5% á ári, og skal innlausn þeirra fylgja sömu reglum og segir í 2. gr. laga nr. 78/1933, að því leyti sem við á og ákveðið verður í reglugerð.

9. gr.

Skuldabréf þau, er í 8. gr. getur, skulu með nafnverði vera gildur gjaldeyrir til lánardrottins eða skuldareiganda á hverri þeirri skuld bæjarfélags og bæjarfyrirtækis, annars en atvinnufyrirtækis, sem eldri er en frá 1. janúar 1936 og ekki er með samningi tryggð með fasteignaveði eða með handveði. Sama gildir um greiðslu á víxlum, sem gefnir hafa verið út eftir 1. janúar 1936, ef skuldin hefir upphaflega verið stofnuð fyrir þann tíma. Til greiðslu skulda eldri en frá

1. jan. 1933 eru bréf þessi fullgildur gjaldeyrir, á sama hátt og önnur skuldabréf Kreppulánasjóðs.

Þó eru bréf þessi eigi gildur gjaldeyrir til greiðslu þeirra lána, er veitt hafa verið sem rekstrarlán til atvinnufyrirtækja, er bæirnir reka sjálfir, eða hafa útvegað atvinnufyrirtækjum, sem rekin eru á vegum þeirra, né heldur til greiðslu vinnulauna og kaupgjalds. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um hreppsfélög samkv. I. kafla þessara laga.

10. gr.

Skilyrði fyrir lánveitingum úr Kreppulánasjóði til bæjarfélaga er, að þeim sé lánveitingin nauðsynleg, að dómi sjóðsstjórnarinnar, til að koma fjárhag sínum á heilbrigðan grundvöll, og að hvert þeirra um sig geti sett þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðsstjórnin tekur gilda.

Úrskurði sjóðsstjórnar má þó skjóta til atvinnumálaráðherra.

11. gr.

Lánbeiðni til Kreppulánasjóðs skal vera komin í hendur sjóðsstjórnarinnar eigi síðar en 1. marz 1936, og skulu henni fylgja eftirfarandi gögn:

1. Síðasti rekstrar- og efnahagsreikningur bæjarsjóðs og annara stofnana kaupstaðarins, annara en atvinnufyrirtækja, og skulu reikningnum fylgja nákvæmar skýringar.
2. Sundurliðuð skrá yfir eignir bæjarfélagsins. Sé þar nákvæmlega tekið fram, hverjar fasteignirnar eru, hvert sé fasteignamat þeirra og hverjar breytingar hafa orðið frá síðasta fasteignamati, hvern arð eignirnar gefa, og ennfremur útistandandi kröfur og annað, sem máli skiptir.
3. Sundurliðuð skrá yfir lánardrottna bæjarfélagsins, og skal þá greina skuldarupphæð, hvort skuld sé tryggð með veði eða ábyrgð og hver tryggingin sé, gjalddaga, afborgunarskilmála, greiðslukjör o. fl.
4. Sundurliðuð skrá yfir ábyrgðir bæjarfélagsins, og skal þar greina, hverjar aðrar tryggingar eru fyrir ábyrgðarskuldum, og þess getið, hverjar líkur eru til, að ábyrgðirnar falli á bæjarsjóðinn.
5. Sundurliðuð skrá yfir skuldir og innieignir bæjarfélagsins við önnur bæjar- og sveitarfélög vegna fátækraframfærslu.
6. Aðrar upplýsingar, sem sjóðsstjórnin kann að óska eftir.

12. gr.

Nú telur sjóðsstjórnin, að fengnum öllum upplýsingum, að nauðsynlegt sé að fá samningum um eldri samningsbundin og veðtryggð lán bæjarfélags breytt, hvað vaxtakjör og greiðslutíma snertir, og er sjóðsstjórninni þá heimilt, að þar til fengnu samþykki atvinnumálaráðherra, að gera það að skilyrði fyrir lánveitingu, að skuldareigendur þeir, er í hlut eiga, breyti lánskjörunum eða greiðsluskilmálunum á þann hátt, sem sjóðsstjórnin telur við þurfa.

13. gr.

Vextir af lánum bæjarfélaga skulu vera 5 af hundraði á ári. Lánstíminn skal fara eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar, þó aldrei lengri en 12 ár.

Afborgunarskilmálum skal haga svo, að Kreppulánasjóður geti staðið straum af innlausn skuldabréfanna.

Gjalddagi skal vera 15. nóvember ár hvert, og fara fyrstu afborganir fram 15. nóvember 1937. Ef ekki eru gerð skil á árgjaldi fyrir 31. desember næst á eftir gjalddaga, er lánið allt fallið í gjalddaga, og ber stjórn sjóðsins þá að gera nauðsynlegar ráðstafanir til innheimtu þess.

14. gr.

Meðan undirbúningur lánveitinga fer fram, og lánveitingar standa yfir, skal stjórn sjóðsins skipuð aðalbankastjóra Búnaðarbankans og tveim mönnum, er atvinnumálaráðherra skipar.

Þóknun til stjórnarinnar greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun atvinnumálaráðherra.

Umsóknarfrestur um lán samkvæmt I. og II. kafla laga þessara skal vera til 1. júlí 1936, og lánveitingum lokið fyrir 31. des. sama ár. Eftir 1. jan. 1937 annast stjórn Búnaðarbankans um stjórn sjóðsins án endurgjalds.

15. gr.

Með reglugerð má setja nánari ákvæði um fyrirkomulag og annað, er snertir lánveitingar til kaupstaða og sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin flytur frumv. þetta að beiðni atvinnumálaráðherra, og aðalástæðurnar fyrir því, að frumv. er fram komið, eru þessar:

Svo sem kunnugt er, er fjárhagur fjölmargra kaupstaða og hreppa mjög erfiður, og hefir fjöldi þeirra beint og óbeint farið fram á stuðning og hjálp frá ríkinu. Um 10 sveitarfélög eru nú þegar ýmist tekin til uppgerðar samkvæmt lögum frá 1933 um fjárþröng sveitarfélaga, eða verða að takast nú á næstunni. Mörg sveitarfélög hafa fengið uppgjöf samkv. ákvæðum fátækralaganna og fjöldi sveitarfélaga er í vanskilum með lán sín og skuldbindingar. Alkunnugt er og, að langflest sveitarfélög eru að hætta að greiða fátækraskuldir sínar til annara sveitarfélaga. Þegar nú breyting sú verður á framfærslulöggjöfinni, sem ráðgert er, að fram gangi á þessu þingi, þykir rétt að gera þá einnig ráðstafanir til þess, að fjárhagur sveitar- og bæjarfélaganna verði tekinn til athugunar í því sambandi, fátækraskuldirnar gerðar upp, greiddar og jafnaðar eða felldar niður að einhverju leyti, allt eftir því, sem bezt verður talið henta með tilliti til þess tvenns, að þau sveitarfélög, sem þessar skuldir eiga, tapi sem minnstu, og að hinum, sem skuldirnar eiga að greiða, verði þó ekki íþyngt um of.

Erfiðleikar síðustu ára hafa neytt sveitar- og bæjarfélögin til að taka stutt, dýr og óhagkvæm lán til þess að bjargast í bili, en á þeirri braut verður nú ekki lengra haldið, og gerir frv. þetta ráð fyrir því, að þeim lánum verði breytt

í langt, vaxtalágt lán, sem tryggt er á sama hátt og kreppulán bænda. Þó er ríkissjóði ekki ætlað að standa neinn straum af vaxtagreiðslu þessara lána, heldur er bæjar- og sveitarfélögunum ætlað að gera það sjálfum.

Glöggt yfirlit hefir ekki fengizt um lausar skuldir hreppsfélaga, en þó eru þær 1933, í árslok, taldar vera ca. 400 þús. krónur. Ógreiddar fátækraskuldir milli sveitarfélaga munu vera 750 þús. til 1 millj. króna. Má því gera ráð fyrir að um 1 millj. króna muni þurfa til hjálpar hreppsfélögunum í þessu skyni.

Um kaupstaðina 7 eru aftur á móti til yfirlit frá því í ár, og eru lausar skuldir þeirra taldar vera þær, er hér segir:

Akureyri	221	þús. kr.
Hafnarfjörður	108	— —
Ísafjörður	408	— —
Neskaupstaður	128	— —
Seyðisfjörður	204	— —
Siglufjörður	241	— —
Vestmannaeyjar	116	— —

Samtals 1426 þús. kr.

Við þessar skuldir hefir vafalaust bætzt eitthvað síðan, svo gera má ráð fyrir, að nú séu þær um 1½ millj. króna.

Önnur leið virðist vart tiltækilegri en sú, sem hér er ætlazt til, að farin verði, til þess að breyta lánum bæjar- og hreppsfélaganna úr óhagkvæmum, dýrum og dreifðum smálánum í löng, vaxtalág og hagkvæm lán. Mundi þetta, ef að lögum yrði, mjög verða til þess að rétta við hag sveitarfélaganna, auk þess sem brýn nauðsyn ber til þess nú, þegar ný framfærslulöggjöf er sett, að gera til fulls upp hinar gömlu fátækraskuldir, sem undanfarin ár hefir verið velt milli sveitarfélaganna og nú eru orðnar í mestu vanskilum.

Undir umræðunum í málinu mun verða nánar vikið að þeim rökum, sem að máli þessu hníga.

Nefndin vill taka það fram, að einstakir nefndarmenn eru óbundnir með að bera fram við frumvarpið breytingartillögur og að fylgja tillögum, sem bornar kunna að verða fram til breytinga á því.

Ed. 778. Frumvarp til laga

um alþýðutryggingar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Alþýðutryggingar teljast samkvæmt lögum þessum:

1. Slysatryggingar.
2. Sjúkratryggingar.

3. Elli- og örorkutryggingar.
4. Atvinnuleysistryggingar.

2. gr.

Stofnun sú, er annast tryggingarnar, heitir Tryggingarstofnun ríkisins. Þegar tryggingarnar koma til framkvæmda verða þær, hver um sig, sjálfstæð deild í tryggingarstofnuninni og hafa þar aðskilinn fjárhag. Engin deildnanna ber ábyrgð á skuldbindingum annarar.

3. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins hefir heimili og varnarþing í Reykjavík, en umboðsmenn annarsstaðar þar sem þörf krefur.

4. gr.

Ríkisstjórnin hefir umsjón þeirra mála, sem heyra undir Tryggingarstofnun ríkisins, og setur reglugerðir eftir lögum þessum.

5. gr.

Heimilt er að fela Tryggingarstofnun ríkisins framkvæmdarstjórn skyldra opinberra stofnana, svo sem Samábyrgðarinnar, sbr. lög nr. 23 1921, og Brunabótafélags Íslands, sbr. lög nr. 54 1915 og lög nr. 53 1919. Skal hver stofnun hafa sérskilinn fjárhag, og fer að öðru leyti um stjórn þeirra eftir því, sem ákveðið er í lögum þeirra og reglugerðum.

6. gr.

Ráðherra ræður forstjóra Tryggingarstofnunar ríkisins. Hann ræður og deildarstjóra, eftir því sem þörf krefur, svo og yfirlækni tryggingarstofnunarinnar og tryggingarfræðing, ef forstjóri eða deildarstjórar eru það ekki, að fengnum tillögum forstjórans. Fela má sama deildarstjóra forstöðu fleiri en einnar deildar. Forstjórinn stjórnar stofnuninni í samræmi við lög, reglugerðir og erindisbréf, er honum verður sett. Hann afgreiðir mál í samráði við hlutaðeigandi deildarstjóra, en ber sjálfur ábyrgð á ákvörðunum og úrskurðum.

Laun forstjóra Tryggingarstofnunar ríkisins og annara fastra starfsmanna skulu ákveðin í launalögum, en þangað til svo er gert, ákveður ráðherra launin.

Lífeyrissjóður Íslands og slysatryggingarsjóður greiða sameiginlega ¾ hluta af öllum kostnaði við Tryggingarstofnun ríkisins, og ákveður ráðherra hvernig kostnaðurinn skiptist milli þeirra á hverjum tíma. Ríkissjóður greiðir fyrst um sinn ¼ hluta kostnaðarins, en leggja má þann kostnað á deildir Tryggingarstofnunarinnar, ef fært þykir.

7. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna tryggingarráð. Skal einn vera tryggingarfræðingur eða hagfræðingur og annar lögfræðingur. Ráðherra ákveður þóknun tryggingarráðs.

Áfrýja má til tryggingarráðs öllum ákvörðunum og úrskurðum Tryggingarstofnunar ríkisins. Skal það þegar taka málið fyrir og að jafnaði kveða upp úr-

skurð innan 14 daga frá því, að það fékk málið til meðferðar. Nú sættir annarhvor aðili sig ekki við úrskurð tryggingarráðs, og má þá bera málið undir dómstólana. Tryggingarráðið skal hafa frjálsan aðgang að öllum skjölum og bókum Tryggingarstofnunar ríkisins, og er því skylt að hafa eftirlit með því, að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir.

Reikningar Tryggingarstofnunarinnar skulu endurskoðaðir á sama hátt sem reikningar ríkisins og ríkisstofnana.

II. KAFLI

Slysatryggingar.

8. gr.

Skylt er að tryggja gegn slysum samkvæmt ákvæðum þessara laga:

1. Sjómenn þá, er hér greinir:
   a. Farmenn, fiskimenn og aðra sjómenn, er lögskráðir eru á íslenzk skip.
   b. Fiskimenn og farmenn á róðrarbátum og vélbátum, minni en 12 smál., er stunda fiskveiðar og hverskonar flutninga.
2. Verkamenn og starfsmenn, sem vinna fyrir kaupi í þeim atvinnugreinum, sem hér eru taldar:
   a. Ferming og afferming skipa og báta, svo og vöruhúsavinna, vöruflutningar í sambandi við það, hverskonar bifreiðastjórn og stjórn aflvéla við jarðvinnslu.
   b. Vinna í verksmiðjum og verkstæðum, þar með talið gas- og rafmagnsframleiðsla, vinna í sláturhúsum, mjólkurbúum og rjómabúum, námugröftur, bjargsig, fiskverkun, ísvinna og vinna við raflagnir.
   c. Húsabyggingar, bæði smíði nýrra húsa og viðbætur og breytingar á eldri húsum. Undanþegnar þessum ákvæðum eru byggingar og viðgerðir á húsum í sveitum, öðrum en tvílyftum húsum og heyhlöðum.
   d. Vegagerð, brúagerð, hafnagerð, vitabyggingar, símalagningar og símaviðgerðir, svo og vinna við vatnsleiðslur, raforkuleiðslur og gasleiðslur. Ennfremur skulu tryggðir hafnsögumenn, lögregluþjónar, tollþjónar, vitaverðir og starfsmenn við vita, sótarar, póstar og slökkvilið og aðrir þess háttar starfsmenn, ráðnir að opinberri tilhlutun.
   e. Skipasmíði, skipaviðgerðir, skipaviðhald og varðstaða á skipum við bryggju, í höfn eða í lægi, bátasmíði, bátaviðgerðir.

Tryggingin nær til sendistarfa í þágu tryggingarskylds atvinnurekstrar og þess tíma, er fer til að fara frá og til vinnu.

Nú slasast maður eða bíður líftjón við björgun, eða tilraun til björgunar manns í lífsháska, skal hann þá, eða eftirlátnir vandamenn hans, eiga rétt til slysabóta eftir sömu reglum sem slysatryggðir menn.

Það er skilyrði fyrir tryggingarskyldu þeirra, sem nefndir eru í 2. tölulið, að starfið sé rekið fyrir reikning ríkis eða sveitarfélags, eða einstaklings eða félags, sem hefir það að atvinnu. Þó fellur þar undir smíði nýrra húsa og veru-

legar breytingar á eldri húsum, þar með talin öll utan- og innanhússmálning, þótt það sé framkvæmt fyrir reikning manna, sem ekki hafa húsasmíð að atvinnu.

Tryggingin samkv. tölul. 2. nær ekki til starfsfólks í skrifstofum eða í búð, nema að því leyti, sem það vinnur að tryggingarskyldum störfum utan skrifstofu eða búðar.

Nú er tryggingarskylt verk látið í ákvæðisvinnu, og ber þá sá, sem verkið tekur í ákvæðisvinnu, ábyrgð á, að verkamennirnir séu tryggðir.

Heimilt er atvinnurekendum að tryggja sjálfa sig og verkafólk, sem ekki er tryggingarskylt, með tryggingarskyldu verkafólki sínu, en segja verður hann til þess, þegar trygging er tilkynnt eða endurnýjuð.

Atvinnurekendur, svo og ríki eða sveitarstjórn, bera ábyrgð á því, að þeir séu tryggðir, sem tryggingarskyldir eru samkvæmt lögum þessum, enda sé starfið rekið fyrir þeirra reikning.

9. gr.

Það er bótaskylt slys, er tryggður maður slasast eða deyr af slysi við þann atvinnurekstur, sem hann er tryggður í.

Til slysa telst hverskonar fingurmein og handarmein, er menn fá við sjómennsku, fiskvinnu, sláturhúsavinnu og aðra þá vinnu, sem kunn er að því að vera hættuleg á þennan hátt, enda kenni menn meinsins fyrst á meðan þeir stunda vinnuna, eða innan þess tíma, er rekja megi orsakir þess til hennar.

Sama gildir um aðra atvinnusjúkdóma, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Sjómenn eru tryggðir fyrir slysum á sjó á tryggingartímabilinu, eða þegar þeir eru á landi, annaðhvort í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfa sig, í erindum, sem leiðir af starfi þeirra sem sjómanna.

10. gr.

Valdi slysið meiðslum, skal slysatryggingin greiða bætur sem hér segir:

1. Ef meiðslin valda sjúkleika og vinnutjóni lengur en 10 daga, þá skal greiða þeim, er fyrir slysinu varð, læknishjálp frá því að slysið vildi til, þar með talin nauðsynleg sjúkrahúsvist, og ¾ hluta lyfja og umbúðakostnaðar utan sjúkrahúss, en að fullu á sjúkrahúsi, svo og dagpeninga frá þeim tíma, er síðar segir, þangað til hann verður vinnufær, eða úrskurður er felldur um varanlega örorku, eða maðurinn deyr, þó ekki lengur en 6 mánuði. Dagpeningar eru 5 kr. á dag, þó mega þeir aldrei fara fram úr ¾ af dagkaupi mannsins við þá atvinnu, er hann hafði þegar slysið varð. Ef hinn slasaði er lögskráður skipverji, fer um rétt hans eftir 27. og 28. gr. laga nr. 41 19. júní 1930, en aldrei skal hann þó missa neins í að því er snertir dagpeningagreiðslu. Síðan fer um rétt hans eftir lögum þessum. Þó skal útgerðarmanni heimilt að semja við slysatrygginguna um, að hún taki að sér gegn aukaiðgjaldi þá áhættu, sem útgerðarmaður ber samkvæmt nefndum greinum sjómannalaganna vegna slysa. Dagpeningar greiðist aldrei fyrir fyrstu 7 dagana, og aldrei fyrr en 7 dagar eru liðnir frá því að hinn tryggði hætti að taka kaup.

2. Ef slysið hefir valdið varanlegri örorku, greiðast örorkubætur þeim, sem fyrir því varð. Fullar örorkubætur eru 6000 krónur, og greiðast þær, ef sá, sem fyrir slysinu varð, að dómi læknis tryggingarinnar, er algerlega ófær til nokkurrar vinnu þaðan í frá, en örorkubæturnar eru að því skapi lægri, sem minna skortir á, að hann sé til fulls vinnufær, og engar, ef minna skortir en ⅕ hluta.

11. gr.

Valdi slysið dauða innan árs frá því að það bar að höndum, greiðast dánarbætur sem hér segir:

1. Ekkja eða ekkill hljóta 3000 krónur.
2. Barn, sem er á framfæri eftirlifandi foreldris, hlýtur 100 kr. fyrir hvert heilt ár, sem það vantar á að vera fullra 16 ára.
3. Barn, sem ekki er svo ástatt um, sem í 2. lið segir, hlýtur 200 kr. fyrir hvert heilt ár, sem það vantar á að vera fullra 16 ára.
4. Barn yfir 16 ára aldur, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið bar að höndum, fær 1500 krónur.
5. Foreldri, sem var á framfæri hins látna að öllu eða nokkru leyti, þegar slysið vildi til, hlýtur 1500 krónur. Sé þannig ástatt um bæði foreldrin, og búi þau samvistum, hljóta þau þó aðeins sameiginlega 2500 krónur.
6. Systkini hins látna, sem voru á framfæri hans, þegar slysið vildi til, hljóta dánarbætur á sama hátt og börn.

Ekkja eða ekkill, sem ekki var samvistum við hið látna og ekki á framfæri þess, hlýtur engar dánarbætur. Kona, sem býr samvistum með manni án þess að vera gift honum, hefir sama rétt til dánarbóta og eiginkona, ef hún hefir fætt honum barn eða þau verið samvistum samfleytt í 18 mánuði. Sama gildir um karlmann, sem býr samvistum við konu án þess að vera kvæntur henni.

Um fósturbörn og fósturforeldra gildir sama og um börn og foreldra, að fullnægðum sömu skilyrðum. Barn telst hafa verið á framfæri föðurins, þótt það fæðist að honum látnum.

Frá dánarbótum, sem greiddar skulu vandamönnum, skal draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið samkvæmt 10. gr. 2.

12. gr.

Til þess að standast útgjöld slysatryggingarinnar skulu þeir, er tryggingarskylda menn hafa í þjónustu sinni, greiða iðgjöld fyrir alla þá, sem þeim er skylt að tryggja, og má ekki færa gjöldin þeim, sem tryggðir eru, til útgjalda. Iðgjaldaupphæðina ber að miða við slysahættuna. Eftir slysahættunni skal skipta þeim störfum og starfsgreinum, sem falla undir trygginguna, í flokka, og fyrir hvern flokk skal ákveðin sérstök iðgjaldsupphæð. Starfstíminn er talinn í vikum, og telst vikan eining við iðgjaldaákvörðun. Sé um tímavinnu að ræða, teljast 48 klst. í viku. Skal við ákvörðun iðgjaldanna hafa það fyrir augum, að þau samanlögð hrökkvi fyrir þeim bótum, sem slysatryggingunni ber að greiða.

Um skiptingu í áhættuflokka og iðgjaldagrundvöllinn fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er stjórnarráðið setur, og ber að endurskoða hana

5. hvert ár. Þó getur stjórnarráðið hvenær sem er, þegar ástæða þykir til, gert breytingar á skiptingunni í áhættuflokka og á iðgjöldum, en slíkar breytingar koma ekki til framkvæmda fyrr en með byrjun næsta almanaksárs á eftir.

Ef atvinnufyrirtæki nær yfir starfsemi, er fellur undir mismunandi áhættuflokka, reiknast iðgjöldin sérstaklega fyrir hvern hluta fyrirtækisins, eftir iðgjaldi þess áhættuflokks, sem það heyrir undir. Þó getur tryggingarstjórnin, ef erfitt er að halda þessu aðgreindu, ákveðið meðaliðgjald fyrir allt fyrirtækið eftir iðgjöldum þeirra áhættuflokka, sem það fellur undir.

13. gr.

Iðgjöld sjómanna, sem tryggðir eru samkv. 8. gr. 1., reiknast eftir tíma þeim, sem sjómaðurinn er lögskráður eða ráðinn til, og telst í vikum frá lögskráningardegi, eða þeim degi, er hann kom í skiprúm.

Um leið og lögskráning fer fram, skal skráningarstjóri gera sérstaka skrá yfir tryggingarskylda skipverja, hverja stöðu sem þeir hafa á skipinu. Útgerðarmaður greiðir skráningarstjóra iðgjöldin um leið og lögskráning fer fram.

Þegar formaður á vélbát eða róðrarbát (sbr. 8. gr. 1.) hefir ráðið skipverja sína, skal hann jafnskjótt senda hreppstjóra eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögreglustjóra), þar sem báturinn er gerður út, skrá yfir skipverjana ásamt iðgjaldi því, er greiða ber, en hreppstjóri sendir skrána og gjaldið til sýslumanns.

Útgerðarmenn róðrarbáta og vélbáta, minni en 5 smálestir, greiða aðeins $^{7}/_{10}$ af iðgjaldi því, sem ákveðið er fyrir þá, en það, sem á vantar fullt iðgjald, greiðist úr ríkissjóði. Skráningarstjóri sendir slysatryggingunni skrár þær, sem nefndar eru í 2. og 3. málsgr. greinar þessarar, sem fylgiskjöl með ársreikningi sínum. Hann skal og standa skil á iðgjöldunum samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.

Lögreglustjóra ber í innheimtulaun 3% af skipum, sem skráð er á, og 6% af róðrar- og vélbátum, sem eru minni en 12 lestir. Þar, sem hreppstjóri hefir innheimtuna á hendi, gengur helmingur innheimtulaunanna til hans.

14. gr.

Nú forfallast slysatryggður skipverji, og gengur ótryggður maður í skiprúm hans, og skal þá skylt að tryggja þann skipverja, svo sem að framan greinir, meðan hann er í því skiprúmi, þó aldrei skemur en eina viku. Iðgjald fyrir forfallaðan skipverja má endurgreiða fyrir það, sem eftir er af ráðningartímanum, þegar forföllin stafa ekki af bótaskyldu slysi, enda hafi maðurinn gengið úr skiprúminu.

Útgerðarmaður eða formaður róðrarbáta eða vélbáta, minni en 12 smálestir, getur með leyfi skráningarstjóra tryggt ákveðna tölu skipverja, ef sérstakar ástæður gera þess þörf.

Útgerðarmaður eða skipstjóri tilkynnir tafarlaust skráningarstjóra eða hreppstjóra mannaskiptin, og ábyrgist útgerðarmaður iðgjaldagreiðslu.

15. gr.

Sérhver forráðamaður atvinnufyrirtækis eða starfrækslu, sem nefnd er í 8. gr. 2., skal, þegar fyrirtækið tekur til starfa, senda hreppstjóra eða bæjarfógeta

(í Reykjavík tollstjóra) tilkynningu samkvæmt fyrirmynd, er slysatryggingin gerir, með öllum þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru til þess að áætla iðgjaldagreiðslu þess. Eftir þeirri áætlun skal iðgjaldið greitt og innheimt fyrirfram. Sömuleiðis skal senda tilkynningu, ef fyrirtækið verður fyrir verulegum breytingum, er máli geta skipt að því er trygginguna snertir. Hreppstjóri sendir lögreglustjóra tilkynningar þessar, en lögreglustjórar gera samkvæmt þeim skrá yfir öll tryggingarskyld fyrirtæki, en annað eintak tilkynninganna senda þeir slysatryggingunni. Verkamenn teljast tryggðir frá þeim tíma, er fyrirtækið byrjar.

Forráðamönnum fyrirtækis eða starfrækslu, er um getur í 8. gr. 2., er skylt að gera skrá samkvæmt vinnubókum fyrirtækisins, í því formi, sem slysatryggingin mælir fyrir um. Samrit af skrám þessum sendist hreppstjóra eða lögreglustjóra, og miðast hið endanlega iðgjald við þær. Lögreglustjóri sér um innheimtu iðgjaldanna og stendur skil á þeim, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins. Í innheimtulaun ber að greiða 6%.

Lögreglustjóri getur, ef honum þykir ástæða til, eða slysatryggingin óskar þess, látið rannsaka vinnuskrár og bækur fyrirtækisins, til þess að fullvissa sig um, hvað fyrirtækinu beri að greiða í iðgjöld.

16. gr.

Nú er vanrækt að tilkynna tryggingarskyldan atvinnurekstur, eða greiða iðgjöld fyrirfram samkvæmt 13., 14. og 15. gr. fyrir tryggingarskylda menn, og skulu þeir þó jafnt teljast slysatryggðir samkvæmt lögum þessum, en hlutaðeigandi atvinnurekandi skal skyldur að greiða slysatryggingunni tvöföld iðgjöld þau, sem vangoldin eru, og auk þess sæta sektum.

17. gr.

Þegar slys ber að höndum, sem ætla má að greiða beri bætur fyrir samkvæmt lögum þessum, skal forráðamaður fyrirtækisins senda tafarlaust, og eigi síðar en innan 2 mánaða, tilkynningu um slysið í því formi, sem slysatryggingin skipar fyrir um, til lögreglustjóra eða hreppstjóra, er síðan sendir tilkynninguna áfram til lögreglustjóra. Ef lögreglustjóri álítur, að slysið veiti rétt til bóta frá slysatryggingunni, sendir hann tilkynninguna áfram til slysatryggingarinnar, ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum. Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ófullnægjandi upplýst, eða ef ástæða er til að ætla, að slysið hafi orsakazt af hirðuleysi eða af lélegum útbúnaði, eða slysatryggingin óskar þess einhverra ástæðna vegna, skal lögreglustjóri halda réttarpróf í málinu. Því aðeins ber að taka til greina og senda til slysatryggingarinnar kröfur um bætur fyrir slys, er verða við atvinnurekstur, sem heimilt er að tryggja í frjálsri tryggingu, að tryggingar hafi verið beiðzt og iðgjöld verið greidd fyrirfram.

Ef sá, sem átti að tilkynna slys, hefir vanrækt það, skal það eigi vera því til fyrirstöðu, að sá, sem fyrir slysi varð, eða eftirlátnir vandamenn hans, geti gert kröfur til bóta, ef það er gert áður en ár er liðið frá því að slysið varð.

Heimilt er að taka til greina tilkynningar, sem berast eftir að fyrrnefndur 2 mánaða frestur er liðinn, ef sannað er að tilkynnandi á ekki sök á drættinum.

18. gr.

Undir eins og tryggingarstjórn hafa borizt nægar upplýsingar um slys og annað, sem til greina kemur um ákvörðun bóta, úrskurðar hún, hvort bætur skuli greiðast samkvæmt lögum þessum og ákveður bæturnar. Ef um meiðsl er að ræða, eru bæturnar fyrst ákveðnar til bráðabirgða (dagpeningar), þar til lækningu er lokið og maðurinn getur farið að stunda vinnu sína aftur, eða sjá má, hve mikið hann hefir misst af vinnuþreki sínu. Endanlegur úrskurður skal þó kveðinn upp áður en ár er liðið, nema læknir tryggingarinnar telji þörf á frekari drætti.

19. gr.

Eigi hinn tryggði rétt til sjúkrabóta á hendur sjúkrasamlagi eða manni eða stofnun, skal hann, ef hann krefst slysabóta, framselja Slysatryggingu ríkisins rétt sinn til bótanna. Nú greiðast hærri bætur en framlögðum slysabótum nemur, og fær hinn tryggði þá það, sem fram yfir er.

20. gr.

Þeir, sem stunda eða reka einhverja þá atvinnu eða störf, sem ekki eru tryggingarskyld samkv. 8. gr., hafa rétt til að tryggja sjálfa sig eða verkamenn sína gegn slysum. Slík frjáls trygging er þó því aðeins leyfð, að hún sé til ákveðins tíma og á nafn, og því aðeins gild, að hún hafi verið tilkynnt og iðgjöld greidd fyrirfram. Ef um er að ræða tryggingu við óskyld og misjafnlega áhættusöm störf, sem ekki er hægt að aðgreina og skipa í sérstaka áhættuflokka, má ákveða fyrir slík störf meðaltalsiðgjöld fyrir hverja viku tryggingartímabilsins.

21. gr.

Heimilt er atvinnurekendum að skipa 5 manna nefnd til þess að gæta hagsmuna sinna við skiptingu í áhættuflokka og ákvörðun iðgjalda. Í nefndinni eiga sæti: einn fulltrúi fyrir gufuskipaútgerð, sem Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda skipar, tveir fyrir vélbáta- og róðrarbátaútgerð, sem Fiskifélag Íslands skipar, einn fyrir skipaafgreiðslu og hafnarvinnu, sem Verzlunarráð Íslands skipar, og einn fyrir verksmiðjuiðnað, sem Landssamband iðnaðarmanna skipar.

Ef stofnaður verður almennur félagsskapur meðal atvinnurekenda í vélbáta- og róðrarbátaútgerð, skipaafgreiðslu og verksmiðjuiðnaði, fellur kosning fulltrúa þessara atvinnugreina undir hann. Nefnd þessi getur gert tillögur um skiptingu í áhættuflokka og um iðgjaldagreiðslu, og er skylt að leita álits hennar áður en ákvörðun er tekin um þau efni. Ennfremur hefir nefndin rétt til að velja einn mann til þess að fylgjast með stjórn og rekstri slysatryggingarinnar. Sama rétt hefir og Alþýðusamband Íslands. Báðir þessir menn hafa aðgang að öllum skjölum slysatryggingarinnar, og er stjórn hennar skylt að veita þeim allar upplýsingar, sem þeir óska, viðvíkjandi framkvæmd tryggingarinnar, enda er þeim heimilt að sækja stjórnarfundi.

III. KAFLI

Um sjúkratryggingar.

22. gr.

Sjúkrasamlög samkvæmt lögum þessum eru tryggingarstofnanir, sem hafa það hlutverk að tryggja samlagsmönnum, er ekki hafa hærri tekjur en í 24. gr. segir, sjúkrahjálp og uppbót á fjárhagstjóni, sem veikindi valda.

23. gr.

Þar, sem sjúkrasamlög eru stofnuð, hefir sérhver maður, karl eða kona, eldri en 16 ára og búsettur á samlagssvæðinu, rétt og skyldu til að tryggja sig í samlaginu. Undanteknir eru þeir, er dvelja í sjúkrahúsum eða heilsuhælum vegna alvarlegra langvarandi veikinda.

24. gr.

Rétt til þeirra hlunninda, sem sjúkrasamlag veitir, eiga þeir meðlimir þess, sem á síðastliðnu ári hafa ekki haft hærri skattskyldar tekjur en 4500 krónur.

Hjón njóta því aðeins hlunninda, að samanlagðar tekjur þeirra fari ekki fram úr því, sem hér var sagt. Þó skal leyfður frádráttur frá þeim tekjum á kostnaði við aðstoð á heimili, sem leiðir beinlínis af vinnu húsmóður utan heimilis.

25. gr.

Kaupstaðir þeir, sem nú eru og síðar kunna að verða í landinu, skulu, hver um sig, vera sérstakt sjúkrasamlagssvæði. Ákveða má í reglugerð, að samlagssvæði kaupstaðar skuli, auk lögsagnarumdæmisins, ná yfir tiltekin svæði í grennd við hann.

26. gr.

Í hverjum kaupstað skal starfa sérstakt sjúkrasamlag. Kýs bæjarstjórn stjórn samlagsins, sem skipuð skal 3, 5 eða 7 mönnum, eftir því, sem bæjarstjórn ákveður. Stjórnin skal kosin á sama hátt, samtímis og til jafnlangs tíma og fastanefndir eru kosnar. Bæjarstjórn ákveður þóknun stjórnenda, er greiðist af samlaginu.

27. gr.

Í hreppum utan sjúkrasamlagssvæða kaupstaðanna skal stofna sjúkrasamlög, ef meiri hluti þeirra, sem kosningarrétt hafa í málefnum sveitarfélaga, æskir þess. Atkvæðagreiðsla skal fara fram um, hvort stofna skuli sjúkrasamlag í hreppnum, ef fimmti hluti kjósenda óskar þess. Hreppsnefnd annast atkvæðagreiðsluna, á sama hátt sem sveitarstjórnarkosningar.

Sama samlag getur náð til fleiri hreppa en eins, innan sama læknishéraðs, eða jafnvel allra hreppa innan læknishéraðsins, sem samþykkt hafa stofnun samlags. Ákveður ráðherra, að fengnum tillögum hlutaðeigandi hreppsnefnda og stjórnar Tryggingarstofnunar ríkisins, yfir hvaða samlagssvæði hvert sjúkrasamlag skuli ná.

Eftir að ár er liðið frá atkvæðagreiðslu getur fimmti hluti atkvæðisbærra manna í hrepp, sem áður hefir fellt að stofna sjúkrasamlag, krafizt þess, að atkvæðagreiðsla fari fram á ný í hreppnum. Greiði þá meiri hluti atkvæðisbærra manna atkvæði með stofnun sjúkrasamlags, skal það stofnað, nema ráðherra ákveði, að fengnum tillögum hreppsnefndar hlutaðeigandi hrepps og stjórnar Tryggingarstofnunar ríkisins, að hreppurinn skuli falla undir samlag innan læknishéraðsins, sem áður hefir verið stofnað.

28. gr.

Nái sjúkrasamlag aðeins til eins hrepps, skal stjórn þess skipuð 3 mönnum, kosnum af hreppsnefnd. Standi fleiri hreppar en einn að sjúkrasamlagi, skulu þeir leggja til einn mann hver í stjórn samlagsins, kosna af hreppsnefndum, en verði tala stjórnarmanna jöfn, skal hreppsnefnd þess hrepps, sem fleiri eða flesta hefir tryggingarskylda meðlimi, kjósa oddamann.

Ef nýr hreppur er lagður til áður stofnaðs sjúkrasamlags, og það veldur því, að annar hreppur hefir fleiri menn í stjórn en honum ber samkvæmt því sem hér var sagt, þá falla niður umboð stjórnarmanna þess hrepps, og skal hreppsnefnd kjósa mann eða menn á ný, svo að stjórn samlagsins verði rétt skipuð.

Laun stjórnenda greiðast af samlaginu og skulu ákveðin í samþykktum þess.

29. gr.

Stjórnir sjúkrasamlaga velja sér formann og skipta með sér verkum.

Sjúkrasamlögin lúta öll yfirstjórn Tryggingarstofnunar ríkisins.

Samþykktir sjúkrasamlaga skulu samþykktar af ráðherra, að fengnum tillögum tryggingarstofnunarinnar.

30. gr.

Í samþykktum sjúkrasamlaga skal tekið fram, hverra réttinda samlagsmenn njóta. Ætíð skal þó sjúkrasamlag veita þá hjálp vegna veikinda, sem hér er talin:

1. Læknishjálp hjá tryggingarlækni, þ. e. lækni, sem samlagið hefir samið við, eða tryggingarstofnunin, að fullu á sjúkrahúsi og að ¾ hlutum utan sjúkrahúss. Læknishjálp fari fram í viðtalsstofu læknis, sé sjúklingurinn ferðafær og hægt sé að koma því við. Heimilt er sjúkrasamlagi að semja við tryggingarlækni um innheimtu þess ¼ hluta læknishjálpar utan sjúkrahúss, sem sjúkrasamlaginu er ekki skylt að greiða tryggingarlækninum.
2. Lyf og umbúðir, samkvæmt fyrirsögn tryggingarlæknis, að fullu í sjúkrahúsi og að ¾ hlutum utan sjúkrahúss.
3. Ókeypis vist eftir ráði tryggingarlæknis í sjúkrahúsi, sem samlagið hefir samið við, eða tryggingarstjórn fyrir hönd þess.
4. Í sjúkrasamlögum kaupstaða er ennfremur skylt að greiða dagpeninga til þeirra, sem óvinnufærir eru sökum veikinda. Dagpeningar greiðast þó ekki fyrr en ein vika er liðin frá því, að hinn tryggði varð óvinnufær, samkvæmt framansögðu, og aldrei frá fyrri tíma en viku eftir að hann hætti að taka

laun eða hætt er að reikna honum laun samkvæmt því, er segir í 41. gr. hér á eftir.

Dagpeningar eru tvennskonar, persónudagpeningar og fjölskyldudagpeningar, og skal upphæð þeirra ekki vera lægri í Reykjavík en hér segir, en annarsstaðar eftir því, sem ákveðið er í samþykktum:

a. Persónudagpeningar nema kr. 2.00 og greiðast eingöngu þegar hinn tryggði liggur utan sjúkrahúss.

b. Eigi hinn tryggði fyrir konu eða börnum að sjá, nýtur hann, auk persónudagpeninga, fjölskyldudagpeninga. Fara þeir eftir tölu þeirra, sem eru á framfæri hans, þannig:

Fyrir 1 á framfæri kr. 2.00.
Fyrir 2 á framfæri kr. 3.00.
Fyrir 3 á framfæri kr. 3.75.
Fyrir 4 á framfæri kr. 4.50.

Fyrir fleiri en 4 bætast við 50 aurar fyrir hvern, sem umfram er, en þó mega dagpeningar samtals ekki fara fram úr 7 krónum, og aldrei fram úr ¾ hlutum af venjulegu dagkaupi verkamanna á staðnum.

Fjölskyldudagpeningar greiðast jafnt, hvort sem hinn tryggði liggur í sjúkrahúsi eða utan sjúkrahúss.

Gift kona nýtur ekki fjölskyldudagpeninga, ef maður hennar er vinnufær, enda hafi meiri hluta af sameiginlegum tekjum hjónanna verið aflað af honum.

Heimilt er að ákveða í samþykktum sjúkrasamlaga víðtækari hjálp en hér er talin, þar á meðal fulla læknishjálp, læknisaðgerðir hjá öðrum en tryggingarlækni, styrk vegna barnsfæðinga, styrk upp í útfararkostnað, kostnað við læknisvitjun, dagpeninga í sjúkrasamlögum utan kaupstaða, hjúkrunarkostnað utan samþykktra sjúkrahúsa o. s. frv.

Að jafnaði skulu samlagsmenn ekki eiga rétt til styrks fyrr en 6 mánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er trygging þeirra hófst með iðgjaldagreiðslu, en heimilt er þó að ákveða annan biðtíma í samþykktunum.

31. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins er heimilt, í samráði við landlækni, að semja fyrir sjúkrasamlög um greiðslur til tryggingarlækna. Náist ekki samkomulag, eða að svo miklu leyti, sem ósamið verður, er stjórn sjúkrasamlags heimilt að greiða tryggingarlæknum eftir reglum, sem tryggingarstofnun ríkisins setur.

32. gr.

Börn samlagsmanna, yngri en 16 ára, sem eru á framfæri þeirra, fá sömu hjálp í veikindum og foreldri á rétt til, að dagpeningum undanteknum.

Nú eru börn, eldri en 16 ára og yngri en 21 árs, á heimili fátækra foreldra sinna án þess að hafa sjálfstæðar tekjur, og er þá heimilt að ákveða í samþykkt sjúkrasamlags, að stjórn þess hafi heimild til að gefa eftir iðgjöld barnanna að nokkru eða öllu leyti án skerðingar á rétti barnsins til sjúkrahjálpar, annara en dagpeninga.

Kona, sem býr samvistum með manni án þess að vera gift honum, hefir sama rétt til sjúkrahjálpar og eiginkona, ef hún hefir fætt honum barn, eða þau verið samvistum samfleytt í 18 mánuði.

33. gr.

Dagpeningar og meðlagskostnaður í sjúkrahúsi greiðist fyrir samlagsmenn og skyldulið þeirra samkvæmt 30. gr. í allt að 32 vikur á 12 mánuðum samfleytt. Aldrei greiðist þó áður greindur kostnaður fyrir lengri tíma en 26 vikur alls fyrir einn og sama sjúkdóm.

34. gr.

Ákveða skal í samþykktum sjúkrasamlaga upphæð iðgjalda tryggingarskyldra manna. Skulu þau ákveðin með það fyrir augum, að heildartekjur samlagsins nægi til þess að standa straum af skuldbindingum þess.

Heimilt er að ákveða í samþykkt sjúkrasamlags, að meðlimum, sem ekki leita hjálpar samlagsins árlangt eða lengur, skuli endurgreiddur hluti iðgjalda sinna, og fari upphæð endurgreiðslunnar eftir því, hve lengi meðlimur hefir greitt til samlagsins án þess að leita hjálpar þess.

35. gr.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðir greiða, hvor um sig, í sjóð sjúkrasamlaga 25 af hundraði greiddra iðgjalda, þó ekki yfir 9 kr. fyrir hvern tryggðan mann.

Sjúkrasamlög, sem stofnuð verða í hreppum samkv. 26. gr., skulu tilkynna ráðherra stofnunina fyrir 1. apríl, og öðlast þau þá rétt til framlags úr ríkissjóði og sveitarsjóði samkvæmt lögum þessum frá næstu áramótum á eftir. Þetta ákvæði gildir þó ekki um þau sjúkrasamlög, sem stofnuð kunna að verða á árinu 1936.

36. gr.

Nú þykir sýnt, að sjóður sjúkrasamlags nægi ekki til að standa straum af skuldbindingum samlagsins. Skal stjórn þess þá gera hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn aðvart, sem þá getur ákveðið að gera ráðstafanir til aukinnar tekjuöflunar eða dregið úr hlunnindum þeim, sem samlagið veitir. Þó má aldrei skerða þau lágmarksréttindi, er um getur í 30. gr.

37. gr.

Iðgjöld samkv. 34. gr. greiðast fyrirfram, eftir því sem nánar verður ákveðið í samþykktum. Bæjar- eða sveitarsjóðir greiða iðgjöld þeirra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri. Einnig er rétt, að greidd séu úr bæjar- eða sveitarsjóði ógreidd iðgjöld þeirra manna, sem bæjar- eða sveitarstjórn telur ástæðu til að halda í tryggingu. Gjaldið telst ekki sveitarstyrkur, en endurgreiðist ef ástæður leyfa.

Lífeyrissjóður Íslands greiðir iðgjöld þeirra manna, sem njóta elli- eða örorkulífeyris, enda dregst iðgjaldið frá lífeyrinum. Ellistyrktarsjóðir greiða iðgjöld þeirra gamalmenna, sem ellilauna njóta, og dragast þau frá ellistyrknum.

38. gr.

Ef tryggður maður veikist utan samlagssvæðis, á hann rétt til sjúkrastyrks frá sjúkrasamlagi sínu, en þó eigi hærri en ef hann hefði veikzt á samlagssvæðinu.

39. gr.

Nú flyzt maður, sem tryggður er í sjúkrasamlagi, burt af samlagssvæðinu, og á hann þá rétt til sjúkrastyrks, ef hann veikist á því tímabili, sem hann hefir greitt iðgjald fyrir, eftir sömu reglum og um getur í síðustu grein. Verði hann tryggingarskyldur á þeim stað, sem hann flyzt til, og greiðir þar iðgjöld, öðlast hann full réttindi þar jafnskjótt og tryggingartími hans er útrunninn þar sem hann var áður. Þó öðlast hann ekki rétt til dagpeninga fyrr en að 6 mánuðum liðnum, hafi hann ekki átt rétt til þeirra í þeirri deild, er hann fluttist úr.

40. gr.

Eigi hinn tryggði rétt til slysabóta á hendur Slysatryggingu ríkisins eða skaðabótaskyldum manni eða stofnun, skal hann, ef hann krefst sjúkrastyrks, framselja hlutaðeigandi sjúkrasamlagi rétt sinn til bótanna. Nú greiðast hærri bætur en framlögðum sjúkrastyrk nemur, og fær hinn tryggði þá það, sem fram yfir er, og jafnan skal hann fá þær bætur, sem greiddar eru vegna þjáninga, líkamslýta eða aðrar slíkar miskabætur.

Heimilt skal útgerðarmanni að semja við sjúkrasamlag um, að það taki að sér, gegn aukagjaldi, þá áhættu, sem útgerðarmaður ber samkv. 27. og 28. gr. l. nr. 41 19. júlí 1930, enda greiðist hinum tryggða sú upphæð, er honum ber samkvæmt lögum þessum, ef hún reynist hærri en bætur þær, sem útgerðarmanni ber að greiða samkv. sjómannalögunum.

41. gr.

Fastir starfsmenn skulu aldrei missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu 14 dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóms, en njóta skulu þeir kaupgreiðslu um lengri tíma, ef svo er mælt fyrir í sérstökum lögum, samningum eða venjum í þeirri starfsgrein.

Hafi tryggður aðaltekjur sínar af eigin atvinnurekstri eða eignum, skal hann ávallt talinn á launum hjá sjálfum sér fyrstu 14 dagana eftir að veikindi eða slys ber að höndum, en heimilt er samlagsstjórn að telja hann lengur á sjálfs sín launum, ef sannanlegt er, að tekjur hans rýrna ekki að neinu verulegu leyti vegna sjúkdómsforfalla hans.

42. gr.

Vangoldin iðgjöld innheimta bæjarstjórnir og sveitarstjórnir hjá gjaldanda eða þeim, sem ábyrgð ber á greiðslunni (sbr. 85. gr.). Heimilt er stjórn sjúkrasamlags eða bæjar- eða sveitarstjórn, sem lagt hefir fram iðgjald samkv. 37. gr., að krefjast þess af atvinnurekanda, sem tryggður maður vinnur hjá, að hann haldi iðgjaldinu eftir af kaupi hans og greiði það til sjúkrasamlags eða bæjar- eða sveitarsjóðs. Óhlýðnist atvinnurekandi þessu, þrátt fyrir tilkynningu, má innheimta iðgjaldið hjá honum með lögtaki, ef á þarf að halda.

43. gr.

Greiði tryggingarskyldur maður ekki iðgjald sitt á gjalddaga, skal honum þó gefinn frestur, 14 dagar í kaupstöðum en einn mánuður utan kaupstaða, til að greiða gjaldið, án þess að réttur hans skerðist við það. Þegar sá frestur er liðinn, fellur réttur hans til sjúkrastyrks niður, en þó skal honum heimilt á næsta mánuði að greiða gjaldið, og öðlast hann þá full réttindi aftur frá þeim tíma, er gjaldið er greitt. Greiðist iðgjaldið síðar, öðlast hann réttindi sem nýr meðlimur, sbr. 30. gr., síðustu mgr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur stjórn sjúkrasamlaga lengt frest þann, sem getur um í fyrri málsgr., allt að tveim mánuðum.

44. gr.

Tillög ríkissjóðs og bæjar- og sveitarsjóða greiðast ársfjórðungslega eftir á og miðast í hvert sinn við greidd iðgjöld á næsta ársfjórðungi á undan.

45. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni, að fengnum tillögum frá Tryggingarstofnun ríkisins, að stofna jöfnunarsjóð sjúkrasamlaga. Sjóði þessum skal aflað tekna á þann hátt, að vinnukaupendur greiði allt að einum af hundraði umsaminna vinnulauna, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Tillagið til jöfnunarsjóðs skal aðeins lagt á í þeim bæjarfélögum eða hreppum, þar sem sjúkrasamlag er stofnað. Nú er stofnað sjúkrasamlag eftir að jöfnunarsjóður sjúkrasamlaga er stofnaður, og skal þá leggja samsvarandi gjald á vinnulaunagreiðslur í hreppnum, sem svarar til þess, að sjúkrasamlag hefði verið þar frá upphafi, þó með tilliti til greiðslna, er farið hafa fram úr jöfnunarsjóði sjúkrasamlaga áður, eftir því sem ákveðið verður í reglugerð, þó aldrei yfir 1½% gjald í upphafi.

Jöfnunarsjóði skal stjórnað af Tryggingarstofnun ríkisins. Úr jöfnunarsjóði má greiða styrk til einstakra sjúkrasamlaga, sem orðið hafa fyrir svo miklum útgjöldum vegna veikinda samlagsmanna, að sjóðir þeirra hrökkva ekki til. Veittan styrk skal sjúkrasamlagið endurgreiða jöfnunarsjóði að hálfu á næstu fimm árum, með hækkun iðgjalda, ef með þarf, eða annari tekjuöflun.

IV. KAFLI

Elli- og örorkutryggingar.

46. gr.

Stofna skal almennan lífeyrissjóð, er nefnist Lífeyrissjóður Íslands. Honum er ætlað það hlutverk, að veita elli- og örorkulífeyri, eftir því, sem nánar er mælt fyrir í þessum kafla.

47. gr.

Sjóðurinn myndast á þann hátt, er hér segir:

1. Af iðgjöldum tryggingarskyldra manna.
2. Af sjóðum þeim, sem ræðir um í 62. gr. hér á eftir, þegar hlutverki þeirra

samkvæmt þeirri grein er lokið, svo og af ellistyrktarsjóðum, þegar hlutverki þeirra er lokið skv. VI. kafla þessara laga.

48. gr.

Tryggingarskyldur er sérhver íslenzkur ríkisborgari, heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á íslenzkt skip, nema annað sé fyrir mælt í lögum þessum. Tryggingarskyldan hefst með fullnuðum 16 ára aldri og lýkur með fullnuðum 67 ára aldri.

Sanni íslenzkur ríkisborgari, sem er lögskráður á íslenzkt skip, en heimilisfastur erlendis, að hann greiði þar iðgjöld til almenns elli- og örorkulífeyrissjóðs, er hann ekki tryggingarskyldur hér.

49. gr.

Sérhver tryggingarskyldur maður, karl og kona, skal árlega greiða iðgjald í Lífeyrissjóð Íslands, sem nemur:

1. 7 krónum fyrir þá, sem heimilisfastir eru í kaupstöðum, 6 krónum fyrir þá, sem heimilisfastir eru í kauptúnum þeim, er hafa yfir 300 íbúa, og 5 krónum fyrir þá, er annarsstaðar eru heimilisfastir.
2. Einn af hundraði af skattskyldum árstekjum, sbr. l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Heimilt er tryggingarskyldum manni að greiða fyrir sig fram til lífeyrissjóðs á hvaða tíma sem er iðgjöld sín samkvæmt 1. tölulið þessarar gr., eða hluta þeirra, eftir þeim reglum, er tryggingarstofnunin setur, sem miða skal við það, að báðir aðilar séu skaðlausir. Fyrirframgreiðslan skal ganga til þess að færa niður ógoldin, árleg iðgjöld hins tryggða.

50. gr.

Undanþegnir hinni árlegu iðgjaldagreiðslu samkv. 49. gr. eru þó þeir, sem allt undanfarið ár hafa

1. notið örorkulífeyris úr Lífeyrissjóði Íslands,
2. notið opinbers styrks samkvæmt ákvæðum laga um styrkveitingar til þeirra manna, sem haldnir eru alvarlegum, langvinnum sjúkdómi,
3. dvalið í fangelsum, vinnuhælum eða öðrum slíkum stofnunum, samkvæmt opinberri ráðstöfun,
4. greitt iðgjöld samkvæmt sérákvæðum 62. gr. hér á eftir.

51. gr.

Greiðslur ellilífeyris hefjast þegar hinn tryggði verður 67 ára.

Sé hinn tryggði ekki að neinu leyti á opinberu framfæri né njóti styrks samkvæmt lögum þessum, er honum heimilt að fá greiðslum ellilífeyris frestað um eitt ár í senn. Sé greiðslum frestað, hækkar árslífeyrir hins tryggða sem hér segir:

68 ára gamall maður fær	13% í viðbót.
69 — — — —	30% - —
70 — — — —	50% - —
71 árs eða eldri —	75% - —

52. gr.

Örorkulífeyrir greiðist á aldrinum 16—67 ára, en sá telst öryrki samkvæmt þessum lögum, sem ekki er lengur fær um, við störf, er samsvara lífskröftum hans og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af honum, með hliðsjón af uppeldi hans og undanfarandi starfa, að vinna sér inn helming þess, er andlega og líkamlega heilbrigðir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði.

Réttur til greiðslu örorkulífeyris hefst, með þeim undantekningum, er um ræðir í 54. og 55. gr., þegar hinn tryggði er úrskurðaður öryrki, og telst frá þeim tíma, er umsókn um lífeyrinn kemur í hendur Tryggingarstofnun ríkisins eða umboðsmanni hennar, nema talið sé í úrskurðinum, að örorkan hafi síðar hafizt, en þá reiknast rétturinn frá þeim tíma, er örorkan hófst.

53. gr.

Tryggingarstjórninni er heimilt að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að tryggingarskyldir menn og konur, eiginmenn þeirra og eiginkonur verði öryrkjar, með því að láta þá læra störf við þeirra hæfi, veita þeim viðeigandi læknishjálp, æfa þá við notkun umbúða, gervilima, gleraugna, sjúkravagna og annara tækja, ef fyrirsjáanlegt er, að vanræksla á þessu hafi í för með sér verulega rýrnun á starfsgetu hins tryggingarskylda í nánustu framtíð. Sama gildir um þá, sem þegar eru orðnir öryrkjar, ef líkur eru til, að slíkar ráðstafanir muni geta veitt þeim aftur starfsgetu þeirra eða bætt hana að verulegum mun. Neiti hinn tryggingarskyldi, eða sá, er nýtur örorkulífeyris, að hlíta slíkum ráðstöfunum af hálfu tryggingarstjórnar, getur hún ákveðið, að hann hafi með neitun sinni fyrirgert að nokkru eða öllu leyti réttinum til örorkulífeyris. Þó skal hún jafnan áður en slík ákvörðun er tekin senda í ábyrgðarbréfi þeim, er hlut á að máli, tilkynningu um það, hvaða áhrif neitun hans getur haft. Enginn er þó skyldur að hlíta læknisaðgerð, sem getur haft í för með sér hættu á lífi hans eða limum.

Tryggingarstjórnin getur ennfremur ákveðið, þegar svo stendur á sem í 1. málsgr. segir, að veita skyldutryggðum og þeim, er njóta örorkulífeyris eða ellilauna, hjálp til þess að byrja sjálfstæða atvinnu, með því að styrkja þá til náms, bóklegs eða verklegs, til þess að kaupa vinnuvélar og veita þeim aðstoð til þess að afla sér vinnu.

Allur kostnaður af ráðstöfunum þessum greiðist af örorkutryggingunni.

54. gr.

Enginn maður getur notið örorkulífeyris fyrir sama tíma sem hann

1. nýtur sjúkrastyrks samkvæmt reglum þessara laga um sjúkra- og slysatryggingar,
2. nýtur opinbers styrks samkvæmt ákvæðum laga um styrkveitingar til þeirra manna, sem haldnir eru alvarlegum langvinnum sjúkdómi,
3. dvelur í fangelsum, vinnuhælum eða öðrum slíkum stofnunum, samkvæmt opinberri ráðstöfun, enda sé dvalartíminn á hælinu eða stofnuninni skemmst einn mánuður,
4. nýtur lífeyris úr öðrum sjóði samkvæmt sérákvæðum 62. gr. hér á eftir.

55. gr.

Réttur til þess að fá útborgaðan fullan árlegan elli- eða örorkulífeyri er bundinn því skilyrði, að aðrar árlegar tekjur þess, sem í hlut á, reiknaðar samkvæmt reglum í 3. málsgr., fari eigi fram úr ⅓ af árlegri lífeyrisgreiðslu.

Ef tekjurnar eru meiri, skal draga frá lífeyrinum 60% af þeirri upphæð, sem árstekjurnar eru umfram þriðjung fullrar lífeyrisupphæðar.

Tekjurnar, sem koma til greina, eru reiknaðar samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Til árstekjanna telst allt það, sem hlutaðeigandi hefir unnið sér inn á síðastliðnu almanaksári, sbr. þó 2. tölul., fastur styrkur frá opinberum sjóðum, að undanskildum örorkulífeyri, eftirlaun og tekjur af eignum.
2. Af því, sem öryrkjar vinna sér inn sjálfir, skal eigi við ákvörðun teknanna tekið tillit til upphæðar, sem nemur allt að 30% af upphæð fullrar árlegrar lífeyrisgreiðslu.
3. Ef aðeins annað hjóna, sem búa saman, á rétt á að fá útborgaðan örorkulífeyri, reiknast árstekjurnar vera helmingur af árstekjum beggja.
4. Eftir að árstekjurnar hafa verið ákveðnar eftir þessum reglum, er upphæð þeirra gerð deilanleg með 10, þannig, að upphæð, er nemur 5 kr. eða meiru, er hækkuð upp í 10 kr., en minni upphæð sleppt, og gildir sú upphæð, er þá kemur fram, þegar ákveða skal örorkulífeyri samkv. 1. og 2. mgr.

56. gr.

Örorkubætur frá slysatryggingardeild Tryggingarstofnunar ríkisins renna í Lífeyrissjóð Íslands, ef sá, sem bæturnar á að fá, er tryggingarskyldur, en þó því aðeins, að örorkubætur séu greiddar sökum þess, að vinnuhæfni hlutaðeigandi manns sé skert að meiru en hálfu, og aldrei hærri upphæð en þyrfti til að kaupa fullan lífeyri.

57. gr.

Nú á tryggður maður rétt til skaðabóta á hendur öðrum vegna slysa, og á hann þess þá kost að afsala sér skaðabótaréttinum til Lífeyrissjóðs Íslands, gegn því að hann fái greiddan lífeyri eftir ákvæðum þessara laga, enda fullnægi hann að öðru leyti þeim skilyrðum, sem í lögunum eru sett fyrir lífeyrisgreiðslum. Þó þarf hann aldrei að afsala sér hærri upphæð en nægja mundi til að kaupa fyrir fullan lífeyri.

Kjósi hann heldur að halda sjálfur skaðabótaréttinum, missir hann rétt til örorkulífeyris að nokkru leyti eða öllu, eftir úrskurði tryggingarstjórnar.

58. gr.

Áður en lífeyrisgreiðslur hefjast samkv. 89. gr. síðari málsl., skal ákveða með lögum upphæð árlegs elli- og örorkulífeyris einstaklinga og hjóna, í Reykjavík, kaupstöðum, kauptúnum með yfir 300 íbúum og annarsstaðar. Skal tryggingarstofnunin halda sérstakan reikning yfir tekjur lífeyrissjóðs, persónugjöld og tekjuskattstillög úr hverju bæjarfélagi, kauptúni með yfir 300 íbúum og annarsstaðar.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar tryggingarstofnunarinnar, nánari reglur um bókhald á tekjum lífeyrissjóðs og um, hvernig skýrslur verði teknar um dvalarstaði manna, er þeir hafa greitt iðgjöld sín.

59. gr.

Umsóknir um elli- og örorkulífeyri sendist til umboðsmanns Tryggingarstofnunar ríkisins á þeim stað, þar sem umsækjandi er heimilisfastur. Umsókninni skal fylgja skýrsla undirrituð af umsækjanda, ef unnt er, og í því formi, sem tryggingarstjórn ákveður, með upplýsingum um öll þau atriði, sem máli skipta, þegar ákveða skal rétt umsækjanda til elli- eða örorkulífeyris. Auk þess skulu tveir menn, nákunnugir högum umsækjanda, undirskrifa yfirlýsingu um að upplýsingar þær, sem skýrslan hefir að geyma, séu sannleikanum samkvæmar. Umsókninni skal fylgja skírnarvottorð, og auk þess, þegar sótt er um örorkulífeyri, vottorð frá tryggingarlækni um heilbrigðisástand umsækjandans. Umboðsmaðurinn skal athuga vandlega allar umsóknir, sem honum berast, og ber honum að líta eftir, að skýrslurnar hafi að geyma þær upplýsingar, sem krafizt er, prófa sannleiksgildi þeirra og leiðrétta, ef rangar eru, og að því búnu senda umsóknirnar til Tryggingarstofnunar ríkisins, sem sker úr því, hvort umsækjandi eigi rétt á lífeyri og ákveður upphæð hans samkvæmt lögum þessum.

Skal úrskurður felldur innan 14 daga frá því að Tryggingarstofnun ríkisins barst umsóknin í hendur, nema brýn nauðsyn sé á að afla nýrra upplýsinga og þær fáist ekki í tæka tíð.

60. gr.

Lögreglustjóri annast innheimtu iðgjaldanna. Af persónuiðgjöldunum skulu innheimtumenn fá 2% fyrir innheimtuna.

Sá hluti iðgjaldsins, sem um ræðir í 49. gr. 2. tölulið, innheimtist ásamt tekju- og eignarskatti. Bæjar- og sveitarfélög greiði iðgjöld samkvæmt 49. gr. 1. tölulið þeirra tryggingarskyldra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri.

61. gr.

Sveitar- og bæjarstjórnir skulu fyrir 1. febrúar ár hvert gera skrá yfir alla þá, sem eru heimilisfastir innan hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarfélags og í byrjun almanaksársins hafa náð 16 ára aldri, en yngri eru en 67 ára. Skráin skal greina nöfn, heimili, atvinnu, fæðingarár og dag allra þeirra, sem á hana eru færðir, og ennfremur upplýsingar um það, hvort nokkur, sem þar er talinn, hafi á síðastliðnu ári á undan verið undanþeginn iðgjaldagreiðslu.

Skráin sendist síðan hlutaðeigandi skattanefnd, í Reykjavík skattstjóra, sem rannsakar, hverjir af þeim, sem á skrána eru færðir, eru undanþegnir gjaldskyldu, og ákveður síðan, hve mikið hverjum gjaldskyldum ber að greiða í iðgjald samkvæmt 49. gr. 2. tölulið. Gjaldskráin sendist síðan lögreglustjórum, sem annast innheimtuna.

Afrit af gjaldskrá skal liggja frammi, almenningi til sýnis, samtímis skattskrám.

Kæra má til yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar eftir sömu reglum og gilda um kærur út af tekjuskatti.

62. gr.

Lífeyrissjóður embættismanna og ekkna þeirra, sbr. lög nr. 51 1921, og lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra, sbr. lög nr. 33 1921, skulu lagðir undir stjórn Tryggingarstofnunar ríkisins, og hvorum um sig haldið þar sérskildum. Þeir embættismenn og barnakennarar, sem nú greiða iðgjöld í sjóði þessa, skulu gera það framvegis eftir sömu reglum og áður, enda eru þeir og konur þeirra ekki tryggingarskyldir samkvæmt ákvæðum þessara laga um elli- og örorkulífeyri.

Heimilt skal þó hverjum embættismanni eða barnakennara, sem yngri er en 40 ára, þegar lög þessi taka gildi, að hætta iðgjaldagreiðslum til hlutaðeigandi lífeyrissjóðs, og er hann þá tryggingarskyldur hjá Lífeyrissjóði Íslands. Embættismaður eða barnakennari, sem notar heimild þessa, skal fá endurgreidd iðgjöld sín úr hlutaðeigandi sjóði, án vaxta.

Þeir embættismenn og barnakennarar, sem stöðu fá eftir að lög þessi öðlast gildi, eru tryggingarskyldir hjá Lífeyrissjóði Íslands. Þó er þeim, sem stöðu fær síðar, heimilt að losna við tryggingarskylduna með því að greiða iðgjöld til hinna sérstöku lífeyrissjóða, enda sé hann ekki yngri en 40 ára, þegar lög þessi öðlast gildi.

V. KAFLI

Atvinnuleysistryggingar

63. gr.

Félög karla og kvenna, sem vinna hverskonar daglaunavinnu, svo og annara, sem vinna gegn launum við samskonar vinnu, svo sem sjómenn, starfsfólk við iðju, iðnaðarmenn, verzlunar- og afgreiðslufólk, skrifstofufólk, starfsmenn við bifreiðaflutninga á mönnum og vörum, þjónustufólk í veitingahúsum, og önnur sambærileg félög, sem stofnað hafa atvinnuleysissjóði innan félagsins, eiga rétt á staðfestingu atvinnumálaráðherra sjóðnum til handa og hlunnindum samkv. lögum þessum, ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem lög þessi ákveða. Atvinnumálaráðherra hefir eftirlit með starfsemi sjóðanna.

64. gr.

Markmið atvinnuleysissjóða má eingöngu vera að tryggja sjóðfélaga gegn atvinnuleysi, sem ekki stafar af þeim orsökum, sem um getur í 71. gr.

65. gr.

Skilyrði fyrir því, að atvinnuleysissjóður geti fengið staðfestingu ráðherra, eru:

1. Að sjóðfélagar séu ekki færri en 50 og vinni að sömu eða svipaðri starfsgrein, eða eigi við svipuð vinnuskilyrði að búa.
2. Að félagið sé heimilisfast í einhverjum kaupstaðanna eða kauptúnanna, og sjóðfélagar allir búsettir í kaupstaðnum, kauptúninu eða nágrenni. Í hverjum kaupstað eða kauptúni um sig getur ekki nema einn atvinnuleysissjóð-

ur innan sömu starfsgreinar notið hlunninda samkvæmt lögum þessum, né fengið staðfestingu ráðherra.

3. Að samþykktir atvinnuleysissjóðsins og starfstilhögun sé í samræmi við það, sem hér fer á eftir.

66. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins semur fyrirmynd að samþykktum handa atvinnuleysissjóðum.

Samþykktirnar skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingarstofnunar ríkisins. Á sama hátt skal fara um breytingar á samþykktum.

67. gr.

Enginn getur orðið sjóðfélagi eða haldið áfram að vera það, sem á eignir, er nema meira en 5000 kr. fyrir einhleypan mann, og 10000 kr. fyrir hjón. Við ákvörðun eigna skulu ekki taldir innanstokksmunir, fatnaður og bækur.

Enginn getur orðið sjóðfélagi, sem er yngri en 16 ára né eldri en 67 ára.

Enginn getur verið sjóðfélagi samtímis í fleiri en einum sjóði.

68. gr.

Engum má neita um rétt til að gerast sjóðfélagi, sem fullnægir upptökuskilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

Rétt hafa menn til að gerast styrktarfélagar atvinnuleysissjóðs, þótt þeir fullnægi ekki þeim skilyrðum, sem gerð eru til sjóðfélaga. Greiða styrktarfélagar lágmarksgjöld til sjóðsins, eftir því sem ákveðið verður í samþykkt hans, en ekki hafa þeir rétt til styrks úr sjóðnum.

69. gr.

Í samþykktum skal ákveða árstillög sjóðfélaga og styrktarfélaga og hvernig þau greiðast. Sjóður félagsins skal ávaxtaður í sparisjóði, þannig, að sjóðurinn sé ávallt til í handbæru fé.

Einnig skal ákveðið í samþykkt um styrkveitingar úr sjóðnum. Veittur styrkur má aldrei nema meiru en $^{3}/_{5}$ af þeim launum, sem greidd eru í hlutaðeigandi starfsgrein á sama tíma.

70. gr.

Í samþykktum atvinnuleysissjóða skal ákveða, hve langur biðtími skuli líða til þess er sjóðfélagi á rétt til styrks, og má sá tími vera mismunandi langur, eftir því hver starfsgreinin er. Biðtími telst sá tími, sem sjóðfélagi hefir verið atvinnulaus á undanförnum 12 mánuðum, og sanna verður hann með vottorði vinnumiðlunarskrifstofu, að hún hafi ekki getað útvegað honum atvinnu á þeim tíma. Biðtíma skal ákveða með hliðsjón af venjulegum atvinnutíma í starfsgreininni á staðnum.

Að jafnaði skulu sjóðfélagar ekki eiga rétt til styrks fyrr en 6 mánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er trygging þeirra hófst með iðgjaldagreiðslu, enda hafi þeir greitt iðgjöld sín fyrir 6 mánuði. Einhleypir menn skulu ekki eiga rétt

til styrks úr sjóðnum vegna atvinnuleysis eingöngu í desember og janúar ár hvert, nema sérstaklega standi á og samþykki ráðherra komi til.

71. gr.

Staðfestur atvinnuleysissjóður má ekki veita atvinnuleysisstyrk:

1. Til manna, er þátt taka í verkfalli eða verkbann nær til.
2. Til þeirra manna, er njóta slysa-, sjúkra- eða örorkustyrks samkvæmt lögum þessum, eða eru á opinberu framfæri vegna langvarandi veikinda.
3. Til þeirra, sem misst hafa atvinnu af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á, svo sem vegna drykkjuskaparóreglu.
4. Til þeirra, sem sviptir eru frelsi sínu að opinberri tilhlutun.
5. Til þeirra, sem neita vinnu, er þeim býðst að tilhlutun vinnumiðlunarskrifstofu samkvæmt lögum um vinnumiðlun, eða á annan hátt, svo að sannað sé, þó því aðeins, að ekki hvíli verkfall eða verkbann á vinnunni, enda sé kaupgjald og vinnutími í samræmi við taxta, sem vinnurkenndur er af verklýðsfélagi á staðnum. Hundraðsgjald og hluti af afla eða annari framleiðslu telst kaupgjald.
6. Til þeirra, er ekki hafa fyrir öðrum að sjá, ef þeim býðst vinna í sveit eða annarsstaðar, gegn greiðslu, er nægi þeim til fulls lífsframfæris þann tíma eða hluta af þeim tíma, er gera má ráð fyrir, að hann verði atvinnulaus.

72. gr.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjarsjóður eða sveitarsjóður greiða hvor um sig framlög til atvinnuleysissjóða ófaglærðra daglaunamanna og sjómanna, er nema árlega frá hvorum aðila 50 af hundraði greiddra iðgjalda sjóðfélaga, þó ekki yfir 6 krónur á ári fyrir hvern tryggðan mann úr ríkissjóði og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði, hvorum fyrir sig, og ekki yfir 75000 kr. á ári úr ríkissjóði, nema heimild komi til í fjárlögum.

Til annara atvinnuleysissjóða greiða ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjarsjóðir eða sveitarsjóðir framlög, er miðast við atvinnuleysisstyrk þann, er sjóðirnir hafa úthlutað af framlögum sjóðfélaga. Nema framlög hvors aðila um sig því, sem hér segir.

Ef meðalvinnutekjur í starfsgrein sjóðfélaga nema árlega minnu en 3000 krónum, greiðast 25%. Ef tekjurnar eru yfir 3000 kr., en undir 4000 kr., greiðast 20%. Ef tekjurnar eru yfir 4000 kr., en undir 5000 kr., greiðast 15%.

73. gr.

Stjórn staðfests atvinnuleysissjóðs skal árlega senda Tryggingarstofnun ríkisins endurskoðaða reikninga sjóðsins, og skal tryggingarstofnunin hafa eftirlit með því, að sjóðirnir starfi lögum samkvæmt.

Hefir hún rétt til að krefjast skýrslna um allt, sem sjóðinn varðar, og aðgang að skjölum hans og skilríkjum.

Atvinnuleysissjóðir, sem stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, skulu tilkynna ráðherra stofnunina fyrir 1. apríl, og öðlast þeir þá rétt til framlags úr ríkissjóði, bæjar- eða sveitarsjóði, samkvæmt lögum þessum, frá næstu áramót-

um á eftir. Þetta ákvæði gildir þó ekki um þá atvinnuleysissjóði, sem stofnaðir kunna að verða á árinu 1936.

74. gr.

Sá, sem gerist sekur um svik gagnvart sjóðnum, hefir fyrirgert rétti sínum til þess að vera sjóðfélagi og til styrks úr sjóðnum. Sé um minni háttar yfirsjón að ræða, getur félagið þó heimilað honum réttindi til atvinnuleysissjóðs á ný. Svo getur félagið og ákveðið, að fyrir slíkar eða aðrar yfirsjónir skuli svipta mann, sem brotlegur hefir gerzt, styrk úr sjóðnum um tiltekinn tíma.

VI. KAFLI

Um ellilaun og örorkubætur.

75. gr.

Þar til Lífeyrissjóður Íslands greiðir 50% af fullum elli- og örorkulífeyri, greiðast ellilaun og örorkubætur samkvæmt fyrirmælum þeim, er hér fara á eftir.

76. gr.

Ellistyrktarsjóðir þeir, sem nú eru til, skulu ávaxtaðir á sama hátt og verið hefir. Þó skal fé þeirra, ef það verður handbært, flytjast í Lífeyrissjóð Íslands og ávaxtast þar.

77. gr.

Til örorkubóta og ellilauna skal árlega varið:

1. Árlegum vöxtum af ellistyrktarsjóðum.
2. Tillagi frá Lífeyrissjóði Íslands eftir því sem ákveðið er í 79. gr.
3. Framlögum úr bæjar- og sveitarsjóðum eftir ákvörðun bæjar- og sveitarstjórna.

78. gr.

Til þess að gera lífeyrissjóðnum kleift að standa straum af framlögum samkvæmt 2. tölul. 77. gr., skal ríkissjóður leggja honum árlega í næstu 50 ár 150 þúsund krónur.

79. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins skal reikna út í lok hvers árs, hve miklu árstillag lífeyrissjóðs, samkvæmt 2. tölulið 77. gr., nemi.

Upphæðin er fundin á þann hátt sem hér segir:

Tryggingarstofnunin leggur til grundvallar síðustu skýrslur um tölu gamalmenna, yfir 67 ára, á öllu landinu. Árstillag lífeyrissjóðs fæst þá með því að margfalda tölu gamalmennanna með kr. 52,50, að frádreginni þeirri upphæð, sem úthlutað hefir verið á því ári af vöxtum ellistyrktarsjóðanna. Gildir regla þessi þangað til Lífeyrissjóður Íslands byrjar að greiða elli- og örorkulífeyri, sbr. 89. gr. Eftir þann tíma dregst auk þess, sem að framan getur, frá árstillagi lífeyrissjóðs helmingur af öllum lífeyrisgreiðslum á árinu.

80. gr.

Sveitar- og bæjarstjórnir auglýsa árlega í septembermánuði, að fram fari úthlutun á ellilaunum í umdæmum þeirra til 67 ára gamalla manna og eldri, og örorkubótum til þeirra, sem yngri eru.

Umsóknir skulu vera skriflegar, og skal þeim fylgja skýrsla um efnahag og ástæður umsækjanda, gefin af honum sjálfum, ef unnt er, og vottuð af tveim valinkunnum mönnum, sem vitað er, að vel er kunnugt um hag hans. Skýrslur þessar skulu vera á sérstökum eyðublöðum, er ráðuneytið lætur gera og sendir bæjar- og sveitarstjórnum.

Umsóknirnar skulu sendar hreppsnefnd í hreppum, en bæjarstjórnum í kaupstöðum eða framfærslunefndum, ef til eru.

Umsóknum um örorkubætur skal fylgja vottorð tryggingarlæknis eða héraðslæknis um heilsufar umsækjanda.

81. gr.

Þegar umsóknarfrestur er liðinn, skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir (framfærslunefndir) taka umsóknirnar til úrskurðar, og skal ákveða þeim gamalmennum ellilaun, sem að dómi sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar teljast hafa þeirra þörf, og jafnframt ákveða, hve há ellilaun skuli vera til hvers einstaklings. Skal reynt að stilla svo til, að gamalmenni, sem ellilauna nýtur, þurfi ekki jafnframt að leita framfærslustyrks.

Til greina við úthlutun koma öll gamalmenni sveitarinnar, sem náð hafa hinu tilskilda aldursmarki, og jafnt þau, sem áður hafa þegið sveitarstyrk, sem önnur.

Sömu reglur skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um úthlutun örorkubóta.

82. gr.

Þegar úthlutun ellilauna er lokið, skal senda Tryggingarstofnun ríkisins nákvæma skýrslu um úthlutunina, og í því formi, er hún ákveður.

Í skýrslunni skal tekið fram, hve mikill hluti af hinni úthlutuðu upphæð hafi verið vextir af ellistyrktarsjóði, og tiltekin upphæð sú, er úthlutuð hefir verið hverju gamalmenni.

83. gr.

Þegar tryggingarstofnunin hefir fengið skýrslur af öllu landinu, telur hún saman allan veittan styrk úr bæjar- og sveitarsjóðum. Reiknar tryggingarstofnunin síðan út hlutfallið milli þessarar upphæðar og árstillags lífeyrissjóðs, samkv. 79. gr. hér að framan. Greiðir hún því næst hverju bæjar- eða hreppsfélagi þá upphæð, sem því ber, í hlutfalli við þess eigin framlög, þó þannig, að framlag lífeyrissjóðs sé aldrei hærra en framlag bæjar- eða sveitarsjóðsins. Úthlutar svo bæjar- eða sveitarstjórn hlutaðeigandi gamalmennum og öryrkjum þessari upphæð í réttu hlutfalli við fyrri úthlutun.

VII. KAFLI

Ýms ákvæði.

84. gr.

Nú taka þessi lög eða lög, sem um opinbera framfærslu gilda, að öllu leyti að sér hlutverk sérstakra opinberra sjóða eða annara sjóða, sem ekki eru eign einstakra manna, svo sem ýmsra dánargjafasjóða, og skal þá engu að síður skylt að úthluta árlega úr sjóðnum jafnhárri upphæð og skipulagsskrá hans leggur fyrir eða heimilar að veita í því skyni. Skal upphæðin greidd til hlutaðeigandi tryggingarsjóðs eða þess sjóðs, sem hlutverkið hefir tekið að sér. Skylt er opinberum eftirlitsmönnum sjóða þessara að sjá um, að fyrirmælum þessum sé fylgt.

85. gr.

Auk þess sem gjaldendur eiga að greiða iðgjöld sín til sjúkrasamlaga og Lífeyrissjóðs Íslands hver fyrir sig, þá eru menn og skyldir til að leggja fram gjöldin fyrir aðra, eins og hér segir:

1. Hjón bera sameiginlega ábyrgð á iðgjöldum beggja meðan hjónabandinu er ekki slitið að lögum, enda séu þau til heimilis í sama hreppi.
2. Foreldrar og fósturforeldrar eiga að inna af hendi iðgjöld fyrir börn sín og uppeldisbörn, sem vinna hjá þeim, eru á þeirra vegum eða þeir kosta til náms.
3. Húsbændur greiða iðgjöld fyrir hjú sín og annað þjónustufólk.
4. Iðnaðarmenn greiða iðgjöld fyrir starfsmenn (iðnnema og sveina) sína.
5. Atvinnurekendur greiða iðgjöld fyrir fasta starfsmenn sína.

Nú gefur félagsmaður í atvinnuleysissjóði ávísun fyrir iðgjöldum sínum, til handa sjóðnum, á ógreidd vinnulaun hjá atvinnurekanda, og skal atvinnurekanda þá skylt að greiða ávísunina, enda hafi honum verið sannanlega tilkynnt um ávísunina áður en kaupgjaldsgreiðslan fer fram. Sama gildir um ávísun fyrir iðgjöldum til sjúkrasamlaga og Lífeyrissjóðs Íslands.

Þeir, sem þannig greiða gjöld fyrir aðra, hafa rétt til að halda gjaldinu eftir af kaupi þeirra.

86. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bóta- eða lífeyriskröfur eða kröfur til atvinnuleysisstyrkja samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær lögbald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefir rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

87. gr.

Öll iðgjöld og önnur framlög til sjúkrasamlaga og tryggingarsjóða samkvæmt lögum þessum koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 6 9. jan. 1935, og njóta forgangsréttar í dánar- og þrotabúum, samkvæmt 83. gr. b, 3, skiptalaganna frá 12. apríl 1878. Gjöldin hafa öll lögtaksrétt samkvæmt lögum nr. 2º 16. des.

1885, og má taka þau lögtaki hjá gjaldanda og þeim, sem ábyrgð ber á greiðslunni, sbr. 84. gr.

88. gr.

Ákveða má í reglugerðum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, að brot gegn ákvæðum þeirra varði sektum, 50—1000 kr., er renni í sjóð hlutaðeigandi tryggingardeildar.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

89. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda jafnskjótt og þau öðlast gildi. Menn, sem þá eru orðnir fullra 60 ára, eru þó undanþegnir iðgjaldagreiðslu til Lífeyrissjóðs Íslands.

Lífeyrisgreiðslur hefjast þegar hinir tryggðu hafa með iðgjaldagreiðslum sínum eignazt rétt til 12½% af fullum lífeyri.

90. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1936. Falla þá jafnframt úr gildi:
Lög nr. 65 7. maí 1928, um samstjórn tryggingarstofnana landsins.
Lög nr. 72 8. sept. 1931, um slysatryggingar.
Lög nr. 103 19. júní 1933, um sjúkrasamlög.
Lög nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.
Lög nr. 68 19. júní 1933, um breyting á síðastnefndum lögum.
Öll önnur ákvæði laga, sem í bága fara við lög þessi.

Ed. 779. Breytingartillögur

við breytingartillögur á þskj. 755 (Útflutningsgjald).

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 3. lið. Liðurinn orðist svo: Á árinu 1936 skal fella niður prentun umræðuparts Alþingistíðindanna, og tekur það einnig til umræðna frá Alþingi 1935.
2. Við 7. lið. Í stað „30000 kr.“ komi: 42000 kr.
3. Við 8. lið. Í stað „40000 kr.“ komi: 28000 kr.

Nd. 780. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Samgöngumálanefnd hefir lagt til, að frv. um breytingar á vegalögunum verði að þessu sinni afgreitt með rökstuddri dagskrá. Þykir mér réttast, að þetta mál sé afgreitt á sama hátt. Lögin um brúagerðir eru ekki nema tveggja ára

gömul. Og þar sem nú er svo skammt milli þinga, tel ég sjálfsagt að láta málið fremur bíða síðara þingsins, og gefa þar með þingmönnum og vegamálastjóra frest til nánari athugunar á málinu. Ég legg því til, að frv. verði nú afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem æskilegt verður að teljast, að nánari athugun fari fram um það, hvaða brýr ástæða sé til að taka inn í lög um brúagerðir, til viðbótar þeim, sem þegar er heimilað að byggja fyrir ríkisfé, ályktar deildin, að ekki beri að afgreiða málið á þessu þingi, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. des. 1935.

Gísli Guðmundsson.

Nd. 781. Nefndarálit

um frumv. til laga um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir haft frv. þetta til athugunar og er sammála um að leggja það til, að frv. verði samþykkt. Tveir nefndarmenn (BB og SE) hafa þó áskilið sér rétt til að bera fram brtt. við 3. umræðu við 26. gr. frv., og skrifa því undir með fyrirvara.

Alþingi, 12. des. 1935.

Sig. Einarsson, form., frsm. (með fyrirv.). Pétur Halldórsson. Eiríkur Einarsson.

Jónas Guðmundsson, fundaskr. Bjarni Bjarnason, með fyrirv.

Ed. 782. Frumvarp til laga

um ríkisútgáfu námsbóka.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ráðherra gefur út, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og ritstjórnar, skrá yfir námsbækur þær, sem nauðsynlegar eru til barnafræðslunnar í landinu, þannig, að uppfylltar verði kröfur fræðslulaganna. Í skránni skal greina, til hverra námsgreina bækurnar skuli ná og hverjar kröfur skuli gera um efni og efnismeðferð hverrar bókar.

2. gr.

Ríkið gefur út allar námsbækur, sem nauðsynlegar eru til barnafræðslunnar í landinu samkvæmt skrá þeirri, er um getur í 1. grein, og dreifir þeim út á meðal allra skólaskyldra barna í landinu, hvorttveggja í samræmi við ákvæði þessara laga.

3. gr.

Ritstjórn námsbóka þeirra, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, annast þriggja manna nefnd, skipuð til fjögra ára í senn og á þennan hátt: Einn skipar ráðherra, annar er tilnefndur af stjórn Sambands íslenzkra barnakennara, hinn þriðji er tilnefndur af félagi kennara við héraðsskólana, þar með talinn Eiðaskóli, og gagnfræðaskólana. Nú er slíkt félag ekki til, og skipar ráðherra þá einnig þriðja manninn í nefndina. Varamenn skulu skipaðir og tilnefndir af sömu aðilum og til sama tíma, og taka þeir sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Ritstjórnin velur bækur til útgáfu í samræmi við skrá þá, er um getur í 1. grein, og eftir því sem fræðslulög og þörf skólanna krefja á hverjum tíma, og er útgefanda (sbr. 4. gr.) að öðru leyti til aðstoðar og ráðuneytis um allt, sem útgáfuna varðar. Sérstaklega lætur nefndin til sín taka alla gerð og fyrirkomulag kennslubóka, samninga við höfunda, stærð upplaga og allan frágang bókanna. Ritstjórnin fær 10 kr. kaup á mann fyrir hvern fundardag, og telst sú þóknun til kostnaðar við útgáfuna.

4. gr.

Ríkisprentsmiðjan annast útgáfu námsbóka þeirra, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Hún annast prentun þeirra, bókband og útsendingu. Forstöðumaður ríkisprentsmiðjunnar annast framkvæmdir starfa fyrir ritstjórnina.

5. gr.

Í tæka tíð fyrir byrjun hvers skólaárs senda skóla- og fræðslunefndir, hver úr sínu skóla- eða fræðsluhéraði, ríkisprentsmiðjunni greinargerð um, hverjar og hve margar námsbækur muni þurfa handa skólaskyldum börnum í héraðinu á skólaári því, er í hönd fer. Greinargerðinni skal fylgja skýrsla yfir tölu skólaskyldra barna héraðsins, og skal þess getið, á hve mörgum heimilum hin skólaskyldu börn séu. Ríkisprentsmiðjan sendir síðan öllum skóla- og fræðslunefndum nægan námsbókaforða til skólaársins.

Ríkisprentsmiðjan og ritstjórnin setja nánari reglur um tilhögun á útsendingu námsbókanna, til tryggingar því, að hvergi verði skortur á námsbókum, og til varnar því, að upplögunum verði eytt í óhófi.

6. gr.

Ríkissjóður greiðir ríkisprentsmiðjunni kostnað við útgáfu og útsendingu námsbóka þeirra, sem ríkisprentsmiðjan gefur út samkvæmt þessum lögum. Skal sú greiðsla nema réttu kostnaðarverði.

7. gr.

Til þess að standast kostnaðinn við útgáfu námsbóka þeirra, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, lætur ríkissjóður innheimta á sama hátt og á sama tíma og tekju- og eignarskatt námsbókagjald af hverju heimili, þar sem er skólaskylt barn, eitt eða fleiri. Námsbókagjaldið skal nema 5—8 krónum á heimili. Ráðherra ákveður í ársbyrjun, að fengnum tillögum ritstjórnar, hve hátt gjaldið skuli vera það ár, innan framangreindra takmarka, og má innheimta það með lögtaki. Geti framfærandi skólaskylds barns ekki greitt námsbókagjaldið, skal það greiðast úr sveitarsjóði sem önnur gjöld til skólahalds.

Nú nægja ekki greidd námsbókagjöld til að standast áfallinn útgáfu- og útsendingarkostnað, og er þá ráðherra heimilt að taka lán til útgáfunnar með allt að 6% ársvöxtum, er síðar verður greitt af námsbókagjöldum, ef þau hrökkva til. Ef afgangur verður hinsvegar af námsbókagjöldum, að greiddum útgáfu- og útsendingarkostnaði, skal hann lagður í sérstakan sjóð, námsbókasjóð, til eflingar útgáfunni, og skal sjóðurinn vera í vörzlum fjármálaráðherra.

8. gr.

Skólanefndir og fræðslunefndir fela skólastjórum við fasta skóla og umferðakennurum við umferðakennslu að útbýta námsbókum þeim, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, ókeypis á meðal skólaskyldra nemenda sinna, eftir þörfum þeirra, en gæta skulu þeir alls hófs um eyðslu bókaforðans og ganga ríkt eftir því, að nemendurnir fari vel með bækurnar, enda taki eitt barnið við af öðru á sama heimili um notkun námsbókanna. Um allt þetta má setja nánari ákvæði í reglum þeim, er um getur í 5. grein.

9. gr.

Námsbækur þær, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, mega ekki án heimildar ráðherra ganga kaupum og sölum, að viðlögðum sektum, 10—100 krónum, enda skal þess getið með greinilegri áletrun á hverju eintaki.

10. gr.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út eða útvega og útbýta til skólaskyldra barna á sama hátt sem námsbókum þeim, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, öðrum skólanauðsynjum, svo sem forskriftarbókum, stílabókum, teiknibókum, vinnubókum, pappír og ritföngum, enda sýni það sig, að greidd námsbókagjöld hrökkvi fyrir slíkum viðbótarkostnaði.

11. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, að leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út námsbækur í lestri fyrir byrjendur og aðrar bækur til smábarnakennslu, til undirbúnings hinni opinberu barnafræðslu, og útbýta þeim á tilsvarandi hátt við það, sem fyrir er mælt um aðrar námsbækur, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Ráðherra leggur ekki fyrir ríkis-

prentsmiðjuna að hefja þessa útgáfu fyrr en jafnóðum og að svo miklu leyti sem greidd námsbókagjöld hrökkva fyrir kostnaðinum.

12. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, að leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út fleiri eða færri námsbækur og aðrar skólanauðsynjar fyrir nemendur annara almennra skóla en barnaskóla og útbýta þeim á sama hátt sem námsbókum til barnafræðslunnar, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Ráðherra leggur ekki fyrir ríkisprentsmiðjuna að hefja þessa útgáfu fyrr en jafnóðum og að svo miklu leyti sem greidd námsbókagjöld hrökkva fyrir kostnaðinum, en jafnframt því, sem útgáfa námsbóka er hafin samkvæmt þessari grein, er ráðherra heimilt að ákveða, að námsbókagjöld þau, sem innheimt eru samkvæmt 7. grein, skuli hækka á hverju því heimili, þar sem er nemandi, einn eða fleiri, í almennum skóla, öðrum en barnaskóla, enda gangi útgáfa þeirra námsbóka fyrir, sem sameiginlegar geta verið sem flestum skólum. Ráðherra hækkar námsbókagjaldið samkvæmt þessari grein smátt og smátt, eftir því sem útgáfan er aukin samkvæmt henni, en aldrei má námsbókagjaldið nema meiru en 15 krónum á heimili. Af heimili, þar sem er skólaskylt barn og jafnframt nemandi í öðrum skóla en barnaskóla, skal aðeins tekið hið hærra námsbókagjald. Ráðherra setur sérstakar reglur til tryggingar því, að hið hærra námsbókagjald innheimtist með skilum af hverju gjaldskyldu heimili.

13. gr.

Um afskipti fræðslumálastjórnarinnar, ritstjórn, útgáfu, útsendingu og dreifingu námsbóka þeirra og skólanauðsynja, sem um getur í 10., 11. og 12. grein, fer að öllu leyti á tilsvarandi hátt við það, sem fyrir er mælt um námsbækur handa skólaskyldum börnum, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum.

14. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, að fela ríkisprentsmiðjunni að gefa út eða útvega og selja við kostnaðarverði til almennra skóla landabréf, veggmyndir og aðrar slíkar skólanauðsynjar.

15. gr.

Nú eru fyrir á markaðinum námsbækur, sem að dómi ritstjórnarinnar fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru til slíkra námsbóka í skrá þeirri, er um getur í 1. grein, og er þá ríkisprentsmiðjunni heimilt, í samráði við ritstjórnina, að semja um kaup á upplögum þeirra bóka við því verði, er miðað sé við kostnaðarverð. Leita skal staðfestingar ráðherra á öllum slíkum kaupsamningum. Um námsbækur þær, sem keyptar hafa verið samkvæmt þessari grein, gilda að öllu leyti sömu reglur sem um námsbækur þær, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Þó nær bann 9. greinar við sölu bókanna ekki til annara eintaka en þeirra, sem ríkisprentsmiðjan hefir látið úti og letrað á slíkt bann.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skal skólaskyldum börnum þegar séð fyrir ókeypis námsbókum frá og með skólaárinu 1936—1937.

Nd. 783. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og lögum nr. 20 24. marz 1934, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1915 § 16)“ í niðurlagi 2. málsgr. 1. gr. laga nr. 29 1915 komi: (Stjskr. 41. gr.).

2. gr.

a. Á eftir orðinu „eið“ í 2. gr. sömu laga komi: eða drengskaparheit.
b. Fyrir „(Stjskr. 1874 § 30)“ í sömu lagagrein komi: (Stjskr. 42. gr.).

3. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 20 1934 bætist: (Stjskr. 27. gr.).

4. gr.

1. málsliður 2. málsgr. 11. gr. laga nr. 29 1915 orðist svo:

Forsetar Alþingis skipa í sameiningu skrifstofustjóra þingsins, og skulu laun hans ákveðin í launalögum.

5. gr.

Aftan við 18. gr. sömu laga bætist: ef um lagafrumvarp er að ræða, en 1 nóttu síðar, ef um er að ræða þingsályktunartillögur.

6. gr.

Aftan við 19. gr. sömu laga bætist: og ekki heldur um frumvörp, sem nefnd flytur óskipt eða flutt eru að beiðni einhvers ráðherranna.

7. gr.

Aftan við 5. gr. laga nr. 20 1934 bætist: (Stjskr. 39. og 40. gr.).

8. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1903 § 9)“ í fyrri málsgr. 24. gr. laga nr. 29 1915 komi: (Stjskr. 40. gr.).

9. gr.

a. Fyrir „(Stjskr. 1903 § 9)“ í fyrri málsgr. 25. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 40. gr.).
b. Fyrir „(stjskr. 1903 § 9)“ í síðari málsgr. sömu greinar komi: (stjskr. 40. gr.).

10. gr.

2. málsgr. 26. gr. sömu laga orðist svo:

Þá er Alþingi, sem nú segir, skipar eina málstofu, þarf, til þess að gerð verði fullnaðarályktun um mál, meira en helmingur þingmanna að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu. Þingmaður, sem er á fundi, en greiðir ekki atkvæði, án lögmætra ástæðna, telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Ræður þá afl atkvæða um einstök málsatriði. En til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, verða aftur á móti að minnsta kosti tveir þriðjungar atkvæða, sem greidd eru, að vera með frumvarpinu (Stjskr. 40. gr.).

11. gr.

Fyrir síðari málslið 3. málsgr. 29. gr. sömu laga „(Sé henni breytt ... einni umræðu)“ komi: Sé henni breytt þar, skal hún endursend hinni deildinni og tekin þar til einnar umræðu. Ef tillögunni er þá aftur breytt, skal hún lögð fyrir hina deildina af nýju, og um hana viðhöfð ein umræða. Sé henni þar enn breytt, skal hún lögð fyrir sameinað þing og útkljáð þar með einni umræðu.

12. gr.

Fyrir „(stjskr. 1874 § 37)“ í fyrri málsgr. 31. gr. sömu laga komi: (stjskr. 49. gr.).

13. gr.

Aftan við 34. gr. sömu laga bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Við útvarpsumræður skulu ræðumenn, aðrir en forseti, jafnan mæla úr ræðustól, og heimilt er þeim endranær að flytja ræður sínar þaðan.

14. gr.

a. Fyrir „Ráðherra eða umboðsmaður hans“ í 35. gr. sömu laga kemur: Ráðherrar.
b. Aftan við greinina bætist ný málsgr.:

Þegar útvarpað er umræðum um þingmál, skal farið eftir reglum V. kafla.

15. gr.

Orðin „eða umboðsmanns hans“ í 36. gr. sömu laga falli niður.

16. gr.

37. gr. sömu laga orðist svo:

Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti stungið upp á, að þeim sé hætt. Svo getur og forseti lagt til, hvort heldur í byrjun umræðu eða síðar, að umræðu um mál skuli lokið að liðnum ákveðnum tíma. Eigi má þó, meðan nokkur þingmaður kveður sér hljóðs, takmarka ræðutíma við neina umræðu meira en svo, að hún standi 2 klukkustundir alls. Ræðutími ráðherra telst ekki hér með, og framlengist umræðan sem svarar ræðutíma þeirra. Þingdeild sú, sem hlut á að máli, eða sameinað þing, sker úr því umræðulaust, hvort tillögur forseta skuli teknar til greina. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafizt þess, að greidd séu atkvæði um það um-

ræðulaust, hvort umræðu skuli lokið eða umræðutími takmarkaður. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og rituð í gerðabókina. Eftir ákvæðum þessarar greinar og 35. greinar, að því er varðar sameinað þing, skal einnig fara á þingsetningarfundum.

Nú hefir verið samþykktur takmarkaður umræðutími, og skal þá forseti skipta ræðutíma sem jafnast milli fylgismanna og andstæðinga máls þess, sem er til umræðu, án þess að hann sé bundinn við, í hvaða röð þingmenn hafa kvatt sér hljóðs, eða milli flokka, ef hentara þykir.

17. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1903 § 12)“ í 41. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 51. gr.).

18. gr.

a. Þrír fyrstu málsliðir 42. gr. sömu laga („Heimilt er þingmanni ... hvort frá skuli vísa“) falli burt.
b. Fyrir „Heimilt er og þingmanni“ í fjórða málslið sömu greinar komi: Heimilt er þingmanni.
c. Aftan við síðari málsgr. sömu greinar bætist: Slíka tillögu má og gera í prentuðu nefndaráliti.

19. gr.

Aftan við fyrri málslið 1. málsgr. 43. gr. sömu laga bætist: eftir því sem við verður komið.

20. gr.

a. Fyrir „(Stjskr. 1903 § 11)“ í 1. málsgr. 44. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 48. gr.).
b. Aftan við sömu málsgr. bætist: Þingmaður, sem er á fundi, en greiðir ekki atkvæði án lögmætra ástæðna, telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni.
c. Aftan við 3. málsgr. sömu greinar falli orðin „(53. gr.)“.
d. Síðasti málsliður 4. málsgr. sömu greinar orðist svo:

Forseti sker úr, hvort þau rök skuli gild talin, en þingmaður sá, sem hlut á að máli, getur skotið þeim úrskurði undir atkvæði deildarinnar eða þingsins.

21. gr.

Fjórir síðustu málsliðir 45. gr. sömu laga („Forseti og einn ... á að fara fram“) falli niður.

22. gr.

Síðari málsliður 47. gr. sömu laga falli niður.

23. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1874 § 40)“ í 49. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 52. gr.).

24. gr.

Á eftir 50. gr. sömu laga kemur nýr kafli með 10 nýjum greinum, er verða 51.—60. gr. þeirra, svo látandi, og breytist kafla- og greinatala á eftir samkvæmt því:

IV. Útvarp umræðna.

a. (51. gr.) Útvarpa skal þingsetningu og þinglausnum. **Hverju skylt er að útvarpa.**

Þá skal og útvarpa framsöguræðu fjármálaráðherra um frv. til fjárlaga og, ef óskað er, hálfrar stundar ræðum af hálfu annara þingflokka, enda hefir fjármálaráðherra þá og rétt til stundarfjórðungs svarræðu.

b. (52. gr.). Þegar útvarpað er umræðum um þingmál, skulu þingflokkar hafa rétt til jafnlangs ræðutíma og forsetar gefa þingmönnum færi á að taka til máls þannig, að flokkarnir skiptist á. Við útvarpsumræðu gilda ekki ákvæði 35. og 37. gr. um málfrelsi ráðherra. Forseti veitir þingmanni utan flokka færi á að eiga þátt í útvarpsumræðu að einhverju leyti. **Jafnrétti þingflokka.**

c. (53. gr.). Við framhald fyrstu umræðu fjárlaga mega ræður í fyrstu umferð vara eina stund, en síðan hálfa stund þrjár umferðir, og enn aðrar þrjár stundarfjórðung. Skal þá útvarpi umræðna um fjárlög að fullu lokið. Sama regla gildir um útvarp umræðu um vantraust. **Frh. 1. umr. fjárlaga og vantraust.**

Það er umferð, þegar fulltrúar allra þingflokka hafa tekið til máls.

d. (54. gr.). Þegar útvarpað er umræðum um önnur mál en fjárlög, skal hverjum þingflokki heimill hálfrar stundar ræðutími í fyrstu umferð, en úr því stundarfjórðungs. **Ræðutími í öðrum málum.**

Ekki skal útvarpað lengur en þrjár stundir við hverja umræðu, nema samþykki allra þingflokka komi til.

Takmarka má fyrirfram umræðutíma um þingmál, önnur en þau, er um ræðir í 51. og 53. gr., þótt umræðu sé útvarpað, allt niður í 2 klukkustundir (sbr. 37. gr.), enda styttir þá forseti umferðir að sama skapi.

e. (55. gr.). Nú óskar þingflokkur, að umræðu verði útvarpað, og snýr þá formaður flokksins tilmælum sínum til forseta. Skal forseti þegar tilkynna það formönnum annara þingflokka, en þeir leita samþykkis flokks síns svo fljótt sem auðið er. Útvarpa skal umræðu þegar samþykki allra flokka kemur til. **Útvarp með samþykki annara flokka.**

f. (56. gr.). Nú næst ekki samkomulag milli þingflokka um útvarp umræðu, og skal forseti þá tilkynna það þeim, sem kröfuna átti. Ef þingflokkur ítrekar kröfu sína, skal umræðunni útvarpað. Réttur til útvarps án samþykkis annara þingflokka nær þó ekki lengra en til tveggja umræðna umfram þann flokk, sem sjaldnast hefir neytt þessa réttar. **Útvarp án samþykkis annara flokka.**

g. (57. gr.). Dag og stund útvarpsumræðu skal tilkynna í útvarpi og á þingfundi svo fljótt sem unnt er. **Boðun útvarpsumræðu.**

h. (58. gr.). Umræðum skal útvarpa í sömu röð og kröfur um útvarp bárust forseta, enda sé að öðru leyti fullnægt ákvæðum þingskapa. Forseti getur þó vikið frá þessari röð, ef sérstakar ástæður liggja til. **Röð útvarpsumræðna.**

i. (59. gr.). Formenn þingflokka eru réttir aðilar gagnvart forseta og þingmönnum flokksins um allt það, er að útvarpi umræðna lýtur. **Aðild flokksformanna.**

j. (60. gr.). Forseti sker úr ágreiningi, sem verður um skilning á reglum þessum eða framkvæmd þeirra. **Úrskurðarvald forseta.**

25. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1874 § 38)“ í 51. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 50. gr.).

26. gr.

Síðari málsgr. 53. gr. sömu laga falli niður.

27. gr.

a. Orðin „eða umboðsmaður hans“ í 54. gr. sömu laga falli niður.
b. Á eftir orðunum „er um það greiða atkvæði, samþykkja“ í sömu grein komi: Um stjórnarfrumvörp eða frumvörp, sem flutt eru fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, ræður þó einfaldur meiri hluti.
c. Fyrir „þó mega afbrigðin þau ein vera“ í sömu lagagrein komi: Afbrigði mega þau ein vera.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er jafnframt úr gildi numin 9. gr. laga nr. 20 1934.

29. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli 1.—8. gr. laga nr. 20 24. marz 1934 og 1. gr. laga nr. 54 14. nóv. s. á. inn í lög nr. 29 3. nóv. 1915, og gefa þau út svo breytt sem lög um þingsköp Alþingis.

Ed. 784. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefir athugað þetta mál, og leggur meiri hluti hennar (GL og BSt) til, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hlutinn (JJ) mun skila sérstöku áliti.

Alþingi, 12. des. 1935.

Guðrún Lárusdóttir, fundaskr., frsm. Bernh. Stefánsson.

Ed. 785. Nefndarálit

um frv. til l. um breytingar á l. nr. 75 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 12. des. 1935.

Jónas Jónsson, form. Guðrún Lárusdóttir, fundaskr., með fyrirvara. Bernh. Stefánsson, frsm.

Ed. 786. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Minni hluti menntamálanefndar leggur til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   Heimilt skal sýslunefnd Rangárvallasýslu að ákveða það lýðskólafyrirkomulag innan sýslufélagsins, að allir ungir menn verkfærir á aldrinum 18 ára vinni kauplaust líkamleg störf í þarfir sýslufélagsins, 7 vikur að vorlagi, gegn ókeypis húsavist og kennslu við verklegt og bóklegt nám í skóla í 6 mánaða tíma annanhvern næstu tveggja vetra eftir að vinnan hefir farið fram.
   Þó skulu undanþegnir skylduvinnu allir þeir, er innan 18 ára aldurs hafa stundað að minnsta kosti eins vetrar nám við annan skóla en barnaskóla.
   Heimilt skal sýslufélaginu að ákveða samskonar skólafyrirkomulag fyrir ungar stúlkur á aldrinum 18 ára, með öllum hinum sömu skyldum og réttindum og ákveðið er í lögum þessum, að skuli gilda fyrir pilta.
   Þó skal ekki byggja skóla fyrir stúlkur fyrr en reynsla nokkur er fengin af piltaskóla í héraðinu.
2. Við 2. gr. Orðin „eða bæjarstjórnar", í fyrstu og þriðju línu, falli burt.
3. Við 3. gr.
   a. Orðin „eða bænum" í 1. málslið falli burt.
   b. Orðin „eða bæjarfélaginu" falli burt.
   c. Í stað orðanna „viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn" kemur: sýslunefnd.
4. Við 4. gr. Í stað orðanna „sýslu- eða bæjarfélag" á tveim stöðum í greininni komi: sýslufélagið.
5. Við 5. gr.
   a. Orðin „viðkomandi" og „eða bæjarstjórn" falli burt.
   b. Í stað orðanna „sýslu- eða bæjarsjóð" komi: sýslusjóð.
6. Fyrirsögn frv. verður:
   Frumvarp til laga um heimild fyrir Rangárvallasýslu til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Alþingi, 12. des. 1935.

Jónas Jónsson.

Nd. 787. Nefndarálit

við frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir eigi orðið á eitt sátt um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. vill samþykkja frv. með litlum eða engum breytingum, en minni hl. (JakM og ÓTh) vill fella það.

Málið hefir enga athugun fengið í nefnd, og hefir engin rannsókn fram farið á því, hvort rétt séu áætlaðar þær tekjur, sem fjármálaráðh. telur, að ríkissjóður muni fá með þessari lagasetningu, en nokkur ástæða þykir til að véfengja, að svo sé.

Að öðru leyti mun minni hl. gera grein fyrir afstöðu sinni í framsögu.

Alþingi, 11. des. 1935.

Jakob Möller,	Ólafur Thors,
fundaskr.	frsm.

Nd. 788. Breytingartillögur

við frv. til l. um nýbýli og samvinnubyggðir.

Flm.: Bjarni Bjarnason, Jörundur Brynjólfsson.

Við 23. gr.

a. Aftan við fyrri málsgr. kemur nýr málsliður:
Á sama hátt gerir nýbýlanefnd tillögur um, hverjir skuli fá lán úr byggingar- og landnámssjóði, hvort heldur er til endurbygginga á jörðum í ábúð eða til nýbygginga á nýbýlum og samvinnubyggðum.

b. Síðari málsgr. skal orða svo:
Tillögur nýbýlanefndar um styrki og lán úr deildum sjóðsins skulu jafnan lagðar fyrir nýbýlastjóra, en hann leggur tillögurnar fyrir landbúnaðarráðherra, sem tekur um þær fullnaðarákvarðanir.

Nd. 789. Breytingartillögur

við frv. til framfærslulaga.

Frá Bergi Jónssyni, Héðni Valdimarssyni og Stefáni Jóh. Stefánssyni.

1. Við 22. gr. síðari málslið. Á eftir orðunum „á heima“ komi: eða annara kunnugra.
2. Við 26. gr. Greinin falli niður.
3. Við 61. gr. Greinin falli niður.

Nd. 790. Breytingartillögur

við frv. til framfærslulaga.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni og Héðni Valdimarssyni.

1. Við 56. gr. Á eftir greininni komi ný grein:
   Nú hefir einhver, sem samkvæmt dómi eða samningi er skyldur til framfærslugreiðslu lögum samkvæmt, vanrækt að gera skyldu sína í þessu efni, og framfærslustjórn hefir þess vegna orðið að greiða þeim, sem rétt-inn hefir, framfærslustyrk, og telst þá sá styrkur ekki framfærslustyrkur til framfærsluþurfa, ef styrkurinn fer ekki fram úr hinni umsömdu eða úr-skurðuðu upphæð, heldur framfærslustyrkur til þess, sem vanrækt hefir greiðslur.
2. Við 78. gr. Í stað orðanna „1. janúar 1936“ komi: sama dag, sem lög ganga í gildi um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Nd. 791. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Frá Eiríki Einarssyni.

Við 11. gr.

a. Á eftir orðunum „misst hana með öllu“, í 1. málsgr., komi: eða veiðin rýrnað.
b. Í stað orðsins „skaðabóta“, síðar í málsgr., komi: fullra skaðabóta.
c. 2. málsgr. sömu lagagr. orðist þannig:
   Kröfur um bætur skulu sendar ráðherra. Leitar hann um þær umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar og ákveður matsgerð. Skaðabætur greiðist að ¾ úr ríkissjóði og að ¼ úr sýslusjóði eða sýslusjóðum viðkom-andi sýslu eða sýslna.

Nd. 792. Nefndarálit

um frumv. til laga um skipun lögsagnarumdæma.

Frá launamálanefnd.

Við athugun á störfum þeim, er sýslumönnum nú eru falin og sífellt aukast ár frá ári, hefir nefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að fækkun sýslumanna, svo nokkru verulegu nemi frá því, sem nú er, sé lítt framkvæmanleg og mundi ekki leiða til tilætlaðs sparnaðar. Vill nefndin því gera allverulegar breytingar á frumvarpinu, og eru breytingartillögur nefndarinnar skráðar hér á eftir. Þann veg breytt leggur nefndin til, að frumv. verði samþykkt.

Einn nefndarmanna (JörB) hefir þó nokkra sérstöðu í málinu og áskilur

sér óbundið atkvæði. Annar nefndarmaður (SE) var fjarverandi, er málið var afgreitt.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Lögsagnarumdæmi skulu vera sem hér segir:
   1. Reykjavík.
   2. Gullbringu- og Kjósarsýsla með Hafnarfirði.
   3. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.
   4. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.
   5. Dala- og Strandasýsla.
   6. Barðastrandarsýsla.
   7. Ísafjarðarsýsla með Ísafirði.
   8. Húnavatnssýsla.
   9. Skagafjarðarsýsla.
   10. Siglufjörður ásamt Hvanneyrarhreppi.
   11. Eyjafjarðarsýsla með Akureyri.
   12. Þingeyjarsýsla.
   13. Norður-Múlasýsla með Seyðisfirði.
   14. Suður-Múlasýsla með Neskaupstað.
   15. Skaftafellssýsla.
   16. Vestmannaeyjar.
   17. Árnes- og Rangárvallasýsla.
2. Við 2. gr. Á eftir orðunum „sýslumaður ... sýslumönnum“ komi: eða bæjarfógeti ... eða bæjarfógetum.
3. Við 4. gr. Í stað „1000 íbúa“ komi: 800 íbúa.
4. Við 6. gr. Fyrir orðin „tvo tollgæzlumenn“ komi: allt að sex.
5. Við 8. gr.
   a. Fyrir orðin „úr gildi fallin“ í 1. málsl. komi: úr gildi felld.
   b. Síðasta málsgr. orðist þannig:
      Ennfremur þau ákvæði laga nr. 48 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað, er brjóta í bág við ákvæði þessara laga.

Alþingi, 26. nóv. 1935.

Jörundur Brynjólfsson, form. | Guðbr. Ísberg, fundaskr., frsm. | Páll Zóphóníasson.

Jón Pálmason.

Nd. 793. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað „15. sept.“ komi: 5. sept.
2. Við 7. gr. Aftan við greinina bætist: og aldrei yfir straumlínu.

Ed. 794. Viðaukatillaga

við brtt. á þskj. 755 (Útflutningsgjald).

Frá Jónasi Jónssyni.

Á eftir 10. lið bætist 7 nýir liðir, svo hljóðandi:

1. Fræðslumálastjórnin skal haustið 1936 sameina skólahéruð eða hluta úr þeim, þar sem því verður við komið, þannig að sami kennari hafi til kennslu og eftirlits ekki færri en 30 og ekki fleiri en 50 börn, enda njóti börnin að minnsta kosti 8 vikna kennslu eða kennslueftirlits í 24 vikur. Kennslumálaráðherra getur, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, hækkað laun þeirra kennara, sem þetta breytta fyrirkomulag nær til, um allt að 20%, miðað við aukningu barnafjöldans, og skiptist sú hækkun milli ríkissjóðs og hlutaðeigandi skólahéraðs eftir sömu hlutföllum og launin eru nú greidd af hvorum aðila.
2. Eftirlit það, sem ríkinu er ætlað að hafa eftir lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirkjun, fellur undir landssímann.
3. Alþingi heimilar ríkisstjórninni að selja eða leigja með þeim skilmálum, sem hún telur viðeigandi, skipin Óðin, Þór og Hermóð.
4. Frá 1. okt. 1936 fellur niður 1. bekkur kennaraskólans, sbr. lög nr. 63 22. nóv. 1907, enda breytir kennslumálaráðherra reglugerð skólans í samræmi við það.
5. Frá byrjun næsta kennsluárs, sem telst frá 15. sept. til 15. júní, er kennslumálaráðherra heimilt að takmarka tölu nýrra nemenda í einstökum deildum háskólans, að fengnum tillögum hlutaðeigandi deilda, enda fer um þá takmörkun eftir reglugerð, sem háskólaráðið semur og ráðherra staðfestir.
6. Árið 1936 skulu ekki vera launaðir prófdómendur við ríkisskólana eða skóla, sem njóta ríkisstyrks, nema við embættispróf í háskólanum og burtfararpróf í kennaraskólanum, stýrimannaskólanum og vélstjóraskólanum.
7. Frá 1. júlí 1936 gilda um kvennaskólann í Reykjavík hin almennu ákvæði laga um gagnfræðaskóla, nr. 48 19. nóv. 1930, þó þannig, að skólinn starfar eingöngu fyrir konur, og kennslumálaráðherra getur heimilað, að núverandi skólanefnd haldi áfram að stjórna skólanum á sama hátt og áður.

Nd. 795. Breytingartillaga

við breytingartillögur á þskj. 771 (Framfærslulög).

Frá Bergi Jónssyni.

Í stað „230 þús.“ komi: 250 þús.

Nd. **796. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefir athugað frv. og leitað umsagnar vegamálastjóra bæði um frv. sjálft og framkomnar brtt. Leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

2. gr. orðist svo:

1. Við 2. gr. I. d. bætist tveir nýir tölul., er verði 24. og 25. tölul., svo hljóðandi:
   a. Kvíá í Öræfum.
   b. Prestfitaráll í Hornafjarðarfljótum.
2. Við sömu gr. III. á eftir tölul. 16. komi nýr tölul., er verður 17. tölul., svo hljóðandi:
   Ásavatn í Skaftártunguhreppi.

Álit vegamálastjóra er prentað hér með sem fylgiskjal.

Alþingi, 12. des. 1935.

Finnur Jónsson, fundaskr., frsm. Gísli Sveinsson. Þorbergur Þorleifsson.

Jón Ólafsson.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 7. des. 1935.

Umsögn um framkomnar tillögur um breytingar á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Þskj. 520. Laxá er á þjóðveginum skammt innar við Bæ í Króksfirði. Er hún jafnaðarlega vatnslítil og bilfær á vaði þegar akfært er orðið að henni. Til þess að svo verði vantar brú á Bæjará, sem ég geri ráð fyrir, að verði byggð mjög bráðlega. Áætlað er, að brú á Laxá kosti um 7 þús. kr., og vil ég mæla með því, að henni verði bætt í brúarlögin.

Fossá, Dufansdalsá og **Hvestuvaðall** eru allt smáár á sýsluvegum, en fyrirsögn þess kafla í brúarlögunum, er brtt. bendir til, er „Nýjar brýr yfir stórvötn á öðrum vegum en þjóðvegum“, og tel ég því þegar af þeirri ástæðu ekki rétt að taka þar inn brýr á þessar ár. Fossá og Dufansdalsá eru fyrir botninum á Fossfirði skammt innan við Bíldudal. Samkvæmt upplýsingum verkstjóra minna, er þarna hafa komið, en enginn okkar verkfræðinganna hefir skoðað brúarstæðin, þá eru þær báðar svo litlar, að brýr á þær ná ekki 10 m. lengd og geta þær því ekki heldur af þeirri ástæðu komizt inn í flokk þeirra brúa, sem nefndar eru

í 2. gr. A. III. brúalaganna. Hvestuvaðall er skammt utan við Bíldudal. Hvesta er smáá, er myndar þennan vaðal á sandeyrum þar, sem hún rennur fram í sjó. Væri þar óþarflega dýrt að gera brú, og hægra örskammt ofar, nær Hvestubæjunum, en brú þar næði ekki heldur 10 metra lengd og getur því ekki frekar en hinar komizt í þennan flokk. Get ég því ekki mælt með, að nein þessara þriggja brúa verði tekin inn í brúarlögin.

Þskj. 538. Kvíá vestri í Öræfum mun vera stærsta áin þar í sveit, sérstaklega eftir að Kvíá eystri svo að segja þornaði nú í sumar. Á þessi er á þjóðvegi og brú á hana kostar líklega 8—10 þús. kr. **Prestfitaráll** (eða Lækjarlandskill) er áll, sem rennur með vesturbakka Hornafjarðarfljóts, en fljótið flæmist þarna um sandeyrar og er yfir 2 km. á breidd milli bakka, en venjulega svo grunnt, að jafnvel er bílfært, nema yfir þennan ál. En yfir hann þyrfti 60 metra langa brú, er kosta myndi um 25 þús. kr. Mun fljótið lítt hafa breytt farvegum sínum þarna um langt skeið, en vitanlega gæti svo farið, að það legðist í annan ál, og stæði þá brúin, ef verst gegndi, á þurru landi, en engin leið er fær, að ég hygg, til þess að hafa neitt vald á vatninu. Er því áætlunin miðuð við, að þarna yrði sett brú af sem allra ódýrastri gerð. Þar sem talsvert gagn gæti orðið að brúnni, þá tel ég brúargerðina ekki óráð.

Get ég því mælt með, að bæði þessi brú og brúin á Kvíá verði tekin í brúarlögin.

Jökulsá í Lóni er stórvatn, sem rennur mjög dreift í ótryggum farvegum á 4 km. vegarlengd. Brúarstæði eru hvergi nema á eyrum, og er talið, að samtals þurfi á hana 11 brýr, að lengd ekki minna en 600 metra alls. Þá þarf og 2 km. langan veg milli brúnna og nokkra varnargarða. Er því hér um að ræða óvenjumikið mannvirki, sem væntanlega myndi kosta 250—300 þús. kr. Þar sem engar horfur eru á, að fé fáist fyrst um sinn til brúargerðarinnar og aðstaða öll er enn ekki nægilega athuguð, þá þykir mér ekki rétt að taka þessa brú inn í brúarlögin að svo stöddu.

Þskj. 551. Ásavatn. Þá er sett var brú á Eldvatnið hjá Stóra-Hvammi 1929, voru nokkuð skiptar skoðanir um, hvort heldur skyldi leggja þjóðveginn um gömlu timburbrúna hjá Ásum eða flytja þjóðveginn og brúa skammt ofar, svo sem gert var. En þar sem vitanlegt var, sérstaklega vegna sambandsins við Meðalland, að brú þessa varð að endurbyggja, gaf þáverandi atvinnumálaráðherra munnlega fyrirheit um, að endurbyggingin skyldi kostuð af ríkissjóði. Þar sem vegur sá, er þarna er fyrirhugaður til Meðallands, væntanlega verður tekinn í sýsluvegatölu, myndi ríkissjóður samkvæmt gildandi lögum kosta brúna að ⅔ hlutum, og er því með brtt. um að ræða, hvort ríkissjóður á að greiða alla brúna eða ⅔ hluta kostnaðar, en hann hefir verið áætlaður 12 þús. kr. Með tilliti til fyrrgreinds loforðs og þar sem hér er um stórvatn að ræða, þá vil ég mæla með, að brú þessi verði tekin í brúarlögin.

Virðingarfyllst.

Geir G. Zoëga.

Til samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis.

Ed. **797. Breytingartillögur**

við frv. til laga um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað „100 rúmlestir“ í stafl. d. komi: 75 rúmlestir.
   b. Aftan við g-lið bætist: allt að 60 sjómílur frá sjálfu landinu.
   c. Stafl. h. orðist svo: Utanlandssigling er hver sú ferð, sem farin er til annara landa eða til fiskimiða annara landa, þótt hafna sé ekki leitað.
   d. Liðatölurnar 1. og 2. undir stafl. i. falli niður.
   e. Í stað orðsins „hreyfill“ í stafl. j. komi: mótor.
2. Við 3. gr. Aftan við b-lið komi svo hljóðandi málsgr.:
   Til siglingatíma háseta getur aldrei talizt sá tími, sem hann er skráður á fiskiskip, en vinnur í landi að verkun afla eða veiðarfæra.
3. Við 4. gr.
   a. Í stað „vegamæli“ í d-lið komi: vegmæli.
   b. Í stað „16 ára“ í j-lið komi: 15 ára.
4. Við 5. gr. Í stað „100 rúmlestir“ komi: 75 rúmlestir.
5. Við 6. gr.
   a. Í stað „A“ komi: a.
   b. Liðirnir B. 1. og 2. a.—d. falli niður, en í staðinn komi nýr stafl., er verði stafl. b., svo hljóðandi: hefir verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði.
   c. Í stað „fullveðja“ í C-lið komi: lögráður.
   d. Liðastafirnir „C“, „D“ og „E“ verði: c., d. og e.
   e. Í stað „12 mánaða siglingatími“ í næstsíðustu málsgr. komi: 12 mánaða stýrimannstími.
   f. Orðin í síðustu málsgr. „og flutningaskip“ — til enda greinarinnar falli niður.
6. Við 7. gr. Í stað „100 rúmlestir“ komi: 75 rúmlestir.
7. Við 8. gr.
   a. Liðastafirnir A, B, C, D og E verði: a, b, c, d og e.
   b. Í stað stafl. B. 1. og 2. a.—c. komi nýr stafl., er verði stafl. b., svo hljóðandi:
      Hefir verið háseti eftir 16 ára aldur í 36 mánuði á skipi yfir 15 rúmlestir, eða verið formaður á skipi yfir 10 rúmlestir í 12 mánuði, og auk þess háseti eftir 16 ára aldur á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði.
   c. Í stað „fullveðja“ í stafl. C. komi: lögráður.
   d. Næstsíðasta málsgr. orðist svo:
      Til þess að öðlast stýrimannsskírteini á flutningaskipi komi auk siglingatíma þess, er getur í stafl. b., 6 mánaða siglingatími sem háseti á verzlunar- eða flutningaskipi yfir 30 rúmlesta.
   e. Orðin í síðustu málsgr. „og þá hvort“ .... til enda gr. falli niður.

8. Við 10. gr.
   a. Fyrir liðastafina A—E komi a—e.
   b. Fyrir stafl. B. a.—e. kemur:
      b. hefir verið 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 75 rúmlestir
      eða: hefir verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 12 mánuði undirstýrimaður á skipi yfir 75 rúmlestir
      eða: hefir verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 75 rúmlestir í 12 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 30 rúmlestir í 6 mánuði
      eða: hefir verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 75 rúmlestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 30 rúmlestir í 12 mán.
   c. Í stað „fullveðja“ í C-lið komi: lögráður.
9. Við 12. gr.
   a. Liðatölurnar „1., 2. og 3.“ falli niður, og í staðinn fyrir 2. og 3. komi á báðum stöðum: eða.
   b. Í stað tölunnar „100“ á þremur stöðum í b-lið komi: 75, — og í stað „60“ komi: 30.
   c. Í stað „fullveðja“ í c-lið komi: lögráður.
10. Við 14. gr.
   a. Í stað „stafl. A, C, D og E“ í 1. málsgr. komi: stafl. a, c, d og e.
   b. Í stað „eigi undir“ í b.-lið komi: yfir.
   c. Liðastafirnir „a, b, c og d“ falli niður, og í stað b., c. og d. komi alstaðar: eða.
11. Við 16. gr. Liðatölurnar 1., 2. og 3. falli niður, og í stað 2. og 3. komi á báðum stöðum: eða.
12. Við 18. gr. stafl. b. Liðatölurnar 1., 2., 3. og 4. falli niður, og í stað 2., 3. og 4. komi alstaðar: eða.
13. Við 20. gr.
   a. Liðatölurnar 1. og 2. undir stafl. b. falli niður, og í stað 2 komi: eða.
   b. Í stað „fullveðja“ í stafl. c. komi: lögráður.
14. Á eftir 20. gr. komi tvær nýjar greinar, er verði 21. og 22. gr., og breytist greinatalan samkvæmt því:
   1. (21. gr.). Rétt til að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins allt að 100 rúmlestir hefir sá einn, er:
      a. uppfyllir skilyrði þau, er sett kunna að verða um próf.
      b. hefir siglt sem stýrimaður á varðskipum í 24 mánuði og þar af eigi skemur en 12 mánuði sem einn stýrimaður eða yfirstýrimaður.
      c. er lögráður.
      d. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem sviviðilegt er að almenningsáliti.
      e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.
   2. (22. gr.). Rétt til að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins yfir 100 rúmlestir hefir sá einn, er:
      a. uppfyllir skilyrði þau, er sett kunna að verða um próf.
      b. hefir siglt sem stýrimaður á varðskipum í 36 mánuði og þar af eigi

skemur en 12 mánuði sem yfirstýrimaður á varðskipi yfir 100 rúmlestir,
eða: hefir siglt sem skipstjóri á varðskipi allt að 100 rúmlestir í 6 mánuði og sem yfirstýrimaður á varðskipi yfir 100 rúmlestir í 6 mánuði.

c. er 25 ára að aldri.
d. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.
e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

15. Við 25. Í stað „fullveðja“ í d-lið komi: lögráður.
16. Við 27. gr. Í stað „vélstjóraskólann“ í a-lið komi: vélskólann.
17. Við 29. gr. Í stað „fullveðja“ í d-lið komi: lögráður.
18. Við 31. gr. Aftan við b-lið komi: Ákvæði þetta nær ekki til þeirra, sem öðlazt hafa yfirvélstjóraréttindi á eimskipi með meira en 300 ha. vél, er lög þessi öðlast gildi.
19. Við 34. gr. Í stað „mótorstjóraprófi“ í a-lið komi: mótorvélstjóraprófi.
20. Við 38. gr. Í stað „mótorstjóraprófi“ í a-lið komi: mótorvélstjóraprófi.
21. Við 40. gr.
    a. Aftan við b-lið komi: Ákvæði þetta nær þó ekki til þeirra manna, sem öðlast réttindi á mótorskip, sem engan eimketil hafa, og skal geta þess í skírteinum þeim, sem veitt eru samkvæmt þessari grein, hvort þau gilda fyrir skip með eimkatli eða ekki.
    b. Í stað „fullveðja“ í d-lið komi: lögráður.
22. Við 42. gr. Í stað „vélstjóraskólann“ í a-lið komi: vélskólann.
23. Við 44. gr. Í stað „fullveðja“ í d-lið komi: lögráður.
24. Við 47. gr.
    a. Í stað „hið minnsta“ í a-lið komi: að minnsta kosti.
    b. Aftan við c-lið bætist: Skip, sem eru undir 1500 rúmlestir, þurfa þó eigi að hafa þriðja stýrimanninn, nema þau hafi rúm fyrir 12 farþega.
25. Við 52. gr.
    a. Á eftir tölunni „20“ í 2. línu komi: 21., 22. — Aðrar tölur breytist samkvæmt atkvgr.
    b. Á eftir orðunum „Hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi“ komi: hið minna skipstjóraskírteini á varðskipi.
    c. Á eftir orðunum „Hið meira skipstjóraskírteini á verzlunarskipi“ komi: og hið meira skipstjóraskírteini á varðskipi.
    d. Í stað „vélgæzluskírteini“ komi: vélavarðarskírteini.
26. Við 57. gr. Greinin orðist svo:

Þeir, sem tekið hafa smáskipapróf samkv. lögum nr. 40 19. júní 1922 og siglt sem skipstjórar á skipum yfir 15 rúmlestir í 5 ár, miðað við gildistöku þessara laga, geta fengið skírteini það, sem ræðir um í 5. gr., ef þeir sanna með vottorðum tveggja valinkunnra skipstjóra eða sjódómsmanna, er lögreglustjóri tilnefnir, að þeim hafi á umræddu skipstjórnartímabili aldrei hlekkzt á vegna vankunnáttu þeirra eða hirðuleysis, og farið að öðru leyti skipstjórn vel úr hendi.

Nd. 798. Nefndarálit

um frv. til l. um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, allskonar sprengjum og hlutum og efni í þau.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Undirritaður meiri hl. allshn. leggur til, að frv. verði samþykkt eins og hv. Ed. hefir gengið frá því, en minni hl. (TT og GÞ) mun mótfallinn frv.

Alþingi, 13. des. 1935.

Héðinn Valdimarsson, form.	Bergur Jónsson, fundaskr., frsm.	Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 799. Nefndarálit

um frv. til laga um fangelsi.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt sátt um afgreiðslu frv. þessa. Minni hluti nefndarinnar (TT) er frv. mótfallinn, en meiri hlutinn (BJ, HV, GÞ og StJSt) leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. des. 1935.

Héðinn Valdimarsson, form.	Stefán Jóh. Stefánsson, frsm.	Bergur Jónsson, fundaskr.
	Garðar Þorsteinsson.	

Nd. 800. Nefndarálit

um frv. um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið samferða um afgreiðslu þessa frumv. Einn nefndarmanna (GÍ) er andvígur frumv. í heild og mun gefa út sérstakt nefndarálit. JónP vill gera á því viðtækari breytingar heldur en meiri hlutinn, og mun bera þær fram í deildinni og gera grein fyrir þeim þar, og skrifar undir nefndarálitið með fyrirvara. EmJ skrifar einnig undir með fyrirvara viðvíkjandi 7. gr. frumvarpsins, en fylgir að öðru leyti þeim BÁ og PZ um að mæla með eftirfarandi breytingartillögum við frumv.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Á eftir „tollstjóra“ í 2. málsgr. komi: í Reykjavík og lögreglustjóra annarsstaðar.
2. Við 2. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist: Samkvæmt lögum þessum.
3. Við 5. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Í byggingar samkv. þessari grein má þó ekki ráðast nema með samþykki ríkisstjórnarinnar.
4. Við ákvæði til bráðabirgða. Síðasti málsliður annarar málsgr. falli burt.

Alþingi, 13. des. 1935.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm.	Páll Zóphóníasson, fundaskr.	Emil Jónsson, með fyrirv.
	Jón Pálmason, með fyrirvara.	

Nd. 801. Breytingartillaga

við frv. til l. um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti o. fl.

Frá Emil Jónssyni.

7. gr. frv. skal orða svo:

Framleiðendum þeirra vörutegunda, sem Grænmetisverzlun ríkisins verzlar með, skal óheimilt að selja framleiðslu sína öðrum en henni til verzlunar, en heimilt skal þeim að selja hana beint til neytenda, enda hlíti þeir því verði, sem ákveðið er á hverjum tíma samkvæmt 10. gr. Óheimilt er að kaupa af framleiðendum þeirra vörutegunda, er Grænmetisverzlunin verzlar með, vörur þessar í því skyni að verzla með þær.

Nd. 802. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 40 15. júní 1926, um fræðslu barna.

Frá launamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frumv. þetta og telur, að hyggilegt sé að stækka skólahéruðin. Verði á þann hátt auðveldara að hafa samvinnu fyrir fleiri en eitt sveitarfélag um byggingu skóla og betur notist með því móti að kennslukröftum en ella.

Nefndin leggur því til, að frumv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   4. gr. laganna orðist svo:
   Hver kaupstaður og hvert sýslufélag landsins er sérstakt fræðsluhérað,

nema önnur skipan sé á gerð. Tvö sýslufélög eða fleiri geta, með samþykki fræðslumálastjóra, gengið saman í eitt fræðsluhérað, ef það er samþykkt af bæði sýslunefndum og fræðslunefndum sýslnanna.

Fræðslunefnd hefir á hendi stjórn fræðslumála í fræðsluhéraði hverju, undir umsjón fræðslumálastjórnar.

2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

24. gr. laganna orðist svo:

Í fræðslunefnd eiga sæti 5 menn. Skipar kennslumálaráðherra formann fræðslunefndarinnar, en bæjarstjórn eða sýslunefnd 4 fræðslunefndarmenn, og skulu þeir kosnir hlutbundinni kosningu, ef þess er óskað. Skylt er bæði konum og körlum, sjálfum sér ráðandi, yngri en 60 ára og heilum og hraustum að taka við kjöri í fræðslunefnd. Þegar tvö eða þrjú fræðsluhéruð ganga saman í eitt, skal hvort (hvert) þeirra kjósa tvo fræðslunefndarmenn, og er þá fræðslunefnd skipuð 7 mönnum, ef þrjú fræðsluhéruð hafa sameinazt. Fræðslumálastjórn getur fyrirskipað, að sérstök fræðslunefnd sé fyrir hvert byggðarlag héraðsins, eða sérstakan hluta þess, þar sem samgöngur eru erfiðar milli byggðarlaga innan fræðsluhéraðs.

Alþingi, 26. nóv. 1935.

Jörundur Brynjólfsson, form., frsm. Guðbr. Ísberg. Jón Pálmason. Páll Zóphóníasson.

Nd. 803. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Frá launamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt án breytinga. Einn nefndarmaður, Sigurður Einarsson, var eigi mættur á fundi.

Alþingi, 26. nóv. 1935.

Jörundur Brynjólfsson, form. Jón Pálmason, frsm. Guðbr. Ísberg.

Páll Zóphóníasson.

Nd. 804. Nefndarálit

um frumv. til l. um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

Frá launamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp til laga á þingskjali 79, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl. Mælir meiri hluti nefndarinnar með því, að frum-

varpið gangi fram óbreytt. Einn nefndarmaður, Páll Zóphóníasson, áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögur, og einn nefndarmaður, Sigurður Einarsson, var ekki mættur á fundi.

Alþingi, 19. nóv. 1935.

Jörundur Brynjólfsson, form. Jón Pálmason, frsm. Páll Zóphóníasson.
Guðbr. Ísberg.

Ed. 805. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 755 (Útflutningsgjald).

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

Við I. 10. lið. Í stað orðanna „8. gr. laga nr. 10 20. júní 1923“ komi: lög nr. 102 19. júní 1933.

Nd. 806. Breytingartillögur

við frv. til laga um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

1. Við 3. gr. 3. lið.
   a. Orðin „Fatnaður allskonar“ falli niður.
   b. Orðin „skófatnaður annar en gúmmískófatnaður“ falli niður.
2. Við 4. gr. 4. lið.
   a. Orðin „ávextir nýir“ falli niður.
   b. Orðin „ávextir þurrkaðir“ falli niður.
   c. Orðin „grænmeti nýtt“ falli niður.
   d. Orðin „grænmeti þurrkað“ falli niður.

Ed. 807. Lög

um samþykktir um lokunartíma sölubúða.

(Afgreidd frá Ed. 13. des.).

Samhljóða þskj. 586.

Nd. 808. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 788 [Nýbýli og samvinnubyggðir].

Frá Bjarna Bjarnasyni.

stað orðanna „Á sama hátt“ í upphafi fyrstu málsgr. komi: Ennfremur o. s. frv.

Nd. **809. Breytingartillögur**

við frv. til l. um nýbýli og samvinnubyggðir.

Flm.: Hannes Jónsson.

1. Við 20. gr. Orðin „og má aldrei verja meiru en $^{2}/_{7}$ af því til ræktunar“ falli burt.
2. Við 22. gr. Í stað „3500 kr.“ og „$^{7}/_{17}$“ komi: 4500 kr. og $^{9}/_{17}$.

Ed. **810. Nefndarálit**

um frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll.

Frá iðnaðarnefnd.

Frv. þetta er framlenging á eldri lögum, með nokkrum viðaukum og breytingum, sem miða eiga að því að styðja innlendan iðnað. Hefir iðnaðarnefnd athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Í Nd. var frv. nokkuð breytt frá því, sem það var flutt af meiri hl. fjárhagsnefndar, að nokkru leyti á þann hátt, að bætt var inn í það nokkrum vörutegundum, og að öðru leyti á þann hátt, að vörur voru færðar á milli stafliða eða felldar niður með öllu. Meðal þeirra vörutegunda, sem Nd. felldi úr frv., voru: færi, fiskilínur og öngultaumar. Mun það hafa vakað fyrir þeim, sem samþykktu þá breytingu, að verðtollur á þessum vörum mundi valda verðhækkun, sem þá kæmi einvörðungu niður á útveginum, sérstaklega hinum smærri, og bæri því að fyrirbyggja það, með því að undanþiggja þessar vörur verðtolli. Iðnaðarnefnd telur breytingu þessa mjög tvísýna hagsbót fyrir útveginn og vill færa nokkur rök fyrir, að svo sé.

Í fyrsta lagi er á það að líta, að iðnaður í þessari grein (veiðarfæragerð) er mjög ungur hér á landi og hefir, sem eðlilegt er, átt við mikla byrjunarörðugleika að etja, en hefir þó sýnt, að hann á hinn fyllsta tilverurétt og er fyllilega samkeppnisfær að því er vörugæði snertir, og sennilega einnig að því er kemur til vöruverðs, ef hann fær að njóta allra viðskipta við landsmenn. Í þessu sambandi má benda á, að þó að nú kunni að vera hægt að fá norsk veiðarfæri með lægra verði en veiðarfæragerðin getur boðið, þá er það ekki útilokað, að sá verðmunur byggist á ódýrara og lélegra hráefni en því, sem veiðarfæragerðin notar, eða sé hreint og beint undirboð (lægra verð en varan er seld í Noregi). En hvernig myndi þá fara, ef veiðarfæragerðin íslenzka legðist niður? Það yrði áreiðanlega ekki til hagsbóta fyrir smáútveginn íslenzka. Í öðru lagi (og það er aðalástæðan) er nú svo ástatt, að fullar líkur, ef ekki vissa, eru fyrir því, að fyrir þær vörur, sem við Íslendingar kunnum að geta selt til Ítalíu á næsta eða næstu árum, sem einvörðungu er fiskur, verðum við að kaupa jafnmikið að verðmæti af ítölskum vörum í staðinn, en allt hráefni til veiðarfæragerðar, sem notað er hér á landi, er keypt frá Ítalíu, og aukin veiðarfæragerð hér á landi leiðir því til aukinna sölumöguleika á þeirri vöru, sem nú er mestum erfiðleikum bundið að

fá markað fyrir. Virðist því, að það sé mjög tvísýnn hagnaður að því fyrir sjávarútveginn að beina veiðarfærakaupum landsmanna til aðalkeppinautar okkar á fiskmarkaðinum, þó með því fengist, fljótt á litið, einhver stundarhagnaður, þar sem af því leiddi það tvennt, að sölumöguleikar okkar á fiski til Ítalíu minnkuðu, og ung, en mjög þörf innlend iðnaðargrein yrði sett í óþarfa hættu, sem máske gæti leitt til þess, að hún legðist niður. Nefndin leggur því til, að undir staflið F. verði einnig tekið: færi og fiskilínur og öngultaumar.

Þá hefir nefndinni borizt beiðni frá framkvæmdarstjóra Slysavarnarfélags Íslands um, að undir staflið G. verði tekið: björgunartæki allskonar. Telur nefndin rétt að verða við þeirri málaleitun.

Nefndin leggur til eftirfarandi

BREYTINGAR.

1. Við 1. gr.
   a. Við staflið F. Framan við upptalninguna bætist: Færi og fiskilínur, öngultaumar.
   b. Við staflið G. Á eftir „Beizliskeðjur“ komi: Björgunartæki allskonar.
2. Við 3. gr. Fyrir „laga nr. 83“ kemur: laga nr. 82.

Alþingi, 13. des. 1934.

Páll Hermannsson, form.	Ingvar Pálmason, frsm.	Guðrún Lárusdóttir, fundaskr.

Ed. 811. Breytingartillögur

við viðaukatill. á þskj. 794 (Útflutningsgjald).

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

1. Við 3. Orðið „Þór“ falli niður.
2. Við 6.
   a. Á eftir orðunum „burtfararpróf í“ komi: menntaskólunum.
   b. Aftan við liðinn komi: siglingafræðinámskeiðum og vélgæzlunámskeiðum.

Nd. 812. Nefndarálit

um frv. til laga um loftskeytatæki í íslenzkum skipum.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Minni hl. virðist fullþung kvöð lögð á skip þau, er hér eiga hlut að máli, með frv. eins og það er, en vill hinsvegar stuðla að því, að skip þau, sem í förum eru milli landa, hafi loftskeytaútbúnað án þess skylt sé að þau hafi sérstaka loftskeytamenn. Virðist nægja, að stöðvarnar séu starfræktar af einhverjum

yfirmanna skipsins, eins og nú tíðkast á sumum þeim farþegaskipum, er hingað sigla.

Keppinautar Íslendinga í vöruflutningum milli Íslands og útlanda hafa engan slíkan útbúnað, er hér ræðir um, og torveldast Íslendingum því mjög samkeppnin, ef þeir verða skyldaðir til að auka mjög tilkostnað sinn samkv. ákvæðum frv. Má hér samt fara nokkurn milliveg með því að leyfa skipverjum að gegna starfi loftskeytamanns á vöruflutningaskipum. Er auðvelt fyrir stýrimannaskólanema, þá er það vilja, að læra að fara með loftskeytatæki, ásamt öðru námi sínu á stýrimannaskólanum, og taka próf í því sérstaklega. Þetta tíðkast, að því er minni hl. hefir fregnað, annarsstaðar við stýrimannaskóla.

Þá virðist minni hl. rétt, að landssíminn útvegi og leigi þau tæki til loftskeyta, sem hér er um að ræða, eins og hann nú leigir eina tegund loftskeytatækjanna, taltækin, í fiskiskip.

Minni hl. leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

   Atvinnumálaráðherra er heimilt að mæla svo fyrir, að hvert íslenzkt skip, sem í förum er milli Íslands og útlanda og hefir minnst 12 manna áhöfn, og hvert farþegaskip, sem siglir með ströndum fram og er meira en 200 rúmlestir, skuli hafa loftskeytastöð og að minnsta kosti einn skipverja með loftskeytaprófi.

   Nú mælir ráðherra svo fyrir sem að ofan segir, og skal landssíminn þá leigja skipunum tæki gegn hæfilegri leigu, nema eigendur skipanna kjósi að sjá sjálfir fyrir tækjum.
2. Við 3. gr. Orðin „og ákvæðum reglugerðar 27. nóv.“, til enda greinarinnar, falli niður.

Alþingi, 13. des. 1935.

Sigurður Kristjánsson, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 813. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 771 (Framfærslulög).

Frá Héðni Valdimarssyni.

Í stað orðanna í brtt. „230 þús. krónum“ komi: 250 þús. krónum.

Nd. 814. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi.

Frá launamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum.

Einn nefndarmanna (SE) hefir ekki mætt á fundum nefndarinnar.

Eftir að bannlögin voru afnumin hefir sala áfengis aukizt stórum, sérstaklega í Reykjavík, og því þykir sýnilegt, að hagnaður verði af því fyrir ríkissjóð, að áfengisverzlunin annist sjálf útsöluna í Reykjavík.

Hinsvegar er vafasamt, að svo sé annarsstaðar, og því er gert ráð fyrir því, að annarsstaðar á landinu hafi útsölurnar ákveðnar prósentur af sölunni, og með tilliti til sölunnar þá 11 mánuði, sem af eru árinu, þykir rétt að hafa sölulaunin hreyfanleg, eftir því sem ástæður heimta á hverjum sölustað, en ekki fastbundin eins og þau eru í frumvarpinu.

Því leggur nefndin til, að gerðar verði á því þessar

BREYTINGAR:

a. Í stað „gegn 5% sölulaunum“ komi: gegn allt að 5% sölulaunum.
b. Í stað „gegn 7½% sölulaunum“ komi: gegn allt að 7½% sölulaunum.

Alþingi, 13. des. 1935.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Páll Zóphóníasson, frsm.
Guðbr. Ísberg.	Jón Pálmason.

Nd. 815. Breytingartillögur

við frv. til framfærslulaga.

Flm.: Hannes Jónsson.

Við 72. gr.

1. Fyrir „framfærsluútgjalda“ í fyrstu málsgr. komi: framfærslukostnaðar.
2. Tölul. 1. falli burt.
3. Tölul. 2. verði töluliður 1. og orðist þannig:
   Kaupstaðir og kauptún í þeim jöfnunarflokki fá endurgreidda ⅔ hluta þess, sem er fram yfir meðaltalsframfærslukostnað þess flokks.
4. Tölul. 3. verði tölul. 2. og orðist þannig:
   Sveitarfélög í öðrum jöfnunarflokki fá endurgreidda ⅔ hluta þess, sem er fram yfir meðaltalsframfærslukostnað þess flokks.

Ed. 816. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands.

Flm.: Pétur Magnússon.

1. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
   Aftan við 4. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Félaginu er og heimilt, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka eldsvoðaábyrgð á húsum í Reykjavík, með sérstökum samningi við bæjarstjórn.

2. Við 4. gr. Greinin falli niður. — Í stað hennar kemur ný 4. gr., svo hljóðandi:
   a. Aftan við 6. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:
      3. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir tryggingar í Reykjavík.
   b. Orðin „tvo“, „tveir“ og „hvor“ í fyrstu málsgr. 6. gr. laganna breytast samkv. þessu í: þrjá, þrír og hver.
3. Á eftir 4. gr. komi ný grein, er verður 5. gr., svo hljóðandi:
   Fyrsta málsgr. 8. gr. laganna orðist þannig:
   Allir þeir, sem vátryggja í Brunabótafélagi Íslands samkv. 6. gr. 1., 2. og 3. tölul., eru félagsmenn þess.

Ed. 817. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 28 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 14. des. 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson, form. — Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm. — Páll Hermannsson.
Magnús Guðmundsson. — Þorsteinn Briem.

Sþ. 818. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1933.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir haft frv. þetta til athugunar og leggur til, að það verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 5. gr. 14. II. (Nýi spítalinn).
Í stað „34858,24“ komi: 43858,24.

Alþingi, 14. des. 1935.

Jónas Jónsson, form. — Sig. Einarsson, fundaskr., frsm. — Jónas Guðmundsson.
Bjarni Bjarnason. — Þorbergur Þorleifsson. — Þorst. Þorsteinsson.
Magnús Guðmundsson. — Jón Sigurðsson. — Pétur Ottesen.

Sþ. 819. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1934.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir haft frumvarp þetta til athugunar og mælir með því einróma, að það verði samþykkt.

Alþingi, 14. des. 1935.

Jónas Jónsson, form.	Sig. Einarsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.
Magnús Guðmundsson.	Jónas Guðmundsson.	Jón Sigurðsson.
Pétur Ottesen.	Bjarni Bjarnason.	Þorbergur Þorleifsson.

Nd. 820. Breytingartillaga

við frv. til framfærslulaga.

Frá Héðni Valdimarssyni.

Við 10. gr. Síðasta málsgr. greinarinnar falli niður.

Nd. 821. Frumvarp til laga

um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til þess að greiða með sérstök framlög úr ríkissjóði til atvinnuveganna, verklegra framkvæmda, nýbýlamyndunar og alþýðutrygginga er ríkisstjórninni heimilt að afla tekna á þann hátt, er greinir hér á eftir.

2. gr.

Með því að leggja á tekjuskatt á árinu 1936 eftir þeim skattstiga, sem hér fer á eftir, í stað þess skattstiga, sem greinir í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og þess viðauka, sem heimilaður er í 1. gr. laga nr. 82 26. apríl 1935:

Af	1000–	2000	kr.	skattskyldum	tekjum	greiðast	10	kr.	af	1000	kr.	og 2% af afg.
—	2000–	3000	—	—	—	—	30	—	–	2000	—	– 5— – —
—	3000–	4000	—	—	—	—	80	—	–	3000	—	– 7,5– – —
—	4000–	5000	—	—	—	—	155	—	–	4000	—	– 10— – —
—	5000–	6000	—	—	—	—	255	—	–	5000	—	– 15— —
—	6000–	7000	—	—	—	—	405	—	–	6000	—	– 20— – —
—	7000–	8000	—	—	—	—	605	—	–	7000	—	– 30— – —
—	8000–	9000	—	—	—	—	905	—	–	8000	—	– 31— – —
—	9000–	10000	—	—	—	—	1215	—	–	9000	—	– 31,5– – —
—	10000–	11000	—	—	—	—	1530	—	–	10000	—	– 32— – —
—	11000–	12000	—	—	—	—	1850	—	–	11000	—	– 33— – —
—	12000–	13000	—	—	—	—	2180	—	–	12000	—	– 34— – —
—	13000–	14000	—	—	—	—	2520	—	–	13000	—	– 35— – —
—	14000–	15000	—	—	—	—	2870	—	–	14000	—	– 36— – —
—	15000–	16000	—	—	—	—	3230	—	–	15000	—	– 37— – —
—	16000–	18000	—	—	—	—	3600	—	–	16000	—	– 38— – —
—	18000–	20000	—	—	—	—	4360	—	–	18000	—	– 39— – —
—	20000–	22000	—	—	—	—	5140	—	–	20000	—	– 40— – —
—	22000–	24000	—	—	—	—	5940	—	–	22000	—	– 41— – —
—	24000–	26000	—	—	—	—	6760	—	–	24000	—	– 42— – —
—	26000–	28000	—	—	—	—	7600	—	–	26000	—	– 42— – —
—	28000	og þar yfir	—	—	—	—	8460	—	–	28000	—	– 44— – —

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, er um ræðir í 3. gr. b-lið laga nr. 6 9. janúar 1935, greiðist 10%, ef skattskyldar tekjur þeirra nema 7000 kr. eða þar yfir.

Sá skattauki, sem lagður kann að verða á 6000 króna skattskyldar tekjur eða þar yfir samkvæmt þessum lögum, skiptist í tvo jafna hluta, og skal öðrum hlutanum varið til þeirra framkvæmda, sem taldar eru í 1. gr., en hinn hlutinn skal renna til bæjar- eða sveitarsjóðs kaupstaðar þess eða hrepps, þar sem skatturinn er á lagður.

3. gr.

Með því að innheimta á árinu 1936 gjald til ríkissjóðs af vörum þeim, sem fluttar eru hingað til lands og ekki eru undanþegnar því í þessum lögum. Gjaldið skal greiða af innkaupsverði varanna, kominna um borð í skip, sem flytja á vörurnar hingað til lands. Skal hlutaðeigandi lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, stimpla á þann hátt, er ræðir um í lögum nr. 75 27. júní 1921, innkaupsreikninga yfir vörurnar með þeim hundraðshlutum í gjald af innkaupsverðinu, sem hér greinir:

1. Með 2% stimplast reikningar yfir allar aðrar vörur en þær, sem tilgreindar eru í 2., 3. og 4. tölulið hér á eftir, eða eru sérstaklega undanþegnar samkv. næstsíðustu málsgr. þessarar greinar.
2. Með 5% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Bifhjól, blákka, borðbúnaður, annar en sá, er fellur undir 4. tölulið þessarar greinar. Burstavörur, búsáhöld allskonar, eldhúsáhöld allskonar, fólksflutningsbifreiðar,

fægiefni allskonar, glervarningur, greiður, hreinlætisvörur allskonar, húsgögn og húsgagnahlutar, kaffi, lásar, skrár, lamir og tilheyrandi, leirvarningur, postulínsvarningur, ræstiduft, sápa allskonar, sápuduft og spænir. Smávarningur úr alpakka, alumíníum, beikalít, beini, blýi, eir, hvítmálmi, járni, látúni, málmblendingi, steintegundum, tini og tré. Speglar, stívelsi, straubretti, straujárn, sykur, tauklemmur, taurullur, tausnúrur, tauvindur, vogir og tilheyrandi, þvottabretti og þvottaefni allskonar.

3. Með 10% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Fatnaður allskonar, band, garn, kakaó, kryddvörur, sagó, skófatnaður annar en gúmmískófatnaður. Sýróp, te, vefnaðarvörur og vefnaður allskonar. Þó er vefnaður og fatnaður, sem tilgreindur er í viðskiptasamningi við Breta, undanþeginn þessum lið, svo lengi sem sá samningur er í gildi.
4. Með 25% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Ávaxtamauk, ávaxtasulta, ávextir niðursoðnir, ávextir nýir, ávextir þurrkaðir, brjóstsykur, grænmeti niðursoðið, grænmeti nýtt, grænmeti þurrkað, gullvarningur, gull og silfur óunnið, hljóðfæri og músikvörur, konfekt, leðurvörur, platínuvarningur, silfurvarningur, snyrtivörur, súkkulaði, úr og klukkur, vörur úr gull-, silfur- og platínu-pletti.

Undanþegnar gjaldi eru vörur þær, er nú skal greina: Áburðarefni, akkeri og akkerisfestar, baðlyf, björgunartæki, blýsökkur, blöð, bækur, tímarit, dráttartaugar fyrir plóga og herfi, endursendar íslenzkar afurðir, endursendar tómar umbúðir, fiskábreiður, fiskilínur, fiskinet, fiskmottur, fiskpressur, forardælur, frystivélar, fræ og trjáplöntur, girðingarefni, grastó, hafragrjón, hafrar, notaðir heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins og hafa verið minnst eitt ár búsettir erlendis, heyvinnsluvélar, hrífur, hrífutindaefni, hrísgrjón, húðir saltaðar, kjöttunnur og efni í þær, kjötumbúðir, kol, landbúnaðarvélar, ljáir og blöð, lóðarbelgir, lóðartaumar, lóðarteinar, lóðarönglar, lýsistunnur og efni í þær, manilla, mjaltavélar, mótorvélar, netagarn, netakork, netakúlur, notaðir munir, sem sendir hafa verið til aðgerðar, olíulampar og tilheyrandi, plógar og herfi, prjónavélar, rúgmjöl, rúgur, sáðvélar, salt, saumavélar, síldarkrydd, síldartunnur og efni í þær, skóflur og landbúnaðarverkfæri allskonar, sláttuvélar, smávarningur á og til fata, svo sem tölur, krókapör, smellur, spennur, leggingar, tvinni, snúrur og teygjubönd, smjörpappír, steinolía, umbúðastrigi, venjulegur farangur farþega, varahlutir til mótorvéla, veiðarfæri og efni í þau, vélaolíur í tunnum og brúsum, vörpugarn, vörpuhlerar, vörpujárn og vörpur. Ennfremur eru undanþegnar viðskiptagjaldi vörur þær, sem tilgreindar eru í auglýsingu um viðskiptasamkomulag milli Íslands og sameinaða konungsríkisins Stórabretlands og Norður-Írlands, nr. 106 29. júní 1933, þó ekki lengur en sá samningur er í gildi. Sömuleiðis eru undanþegnar gjaldinu vélar, tæki og efni vegna virkjunar Sogsins, samkv. lánssamningi, gerðum í Stockholm 8. desember 1934, svo og tæki og efni vegna rafveitu á Siglufirði, samkv. þegar gerðum sérleyfissamningi.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

4. gr.

Lög þessi raska að engu leyti gildandi lögum um verðtoll. Ákvæðin um sýning innkaupsreikninga í 1. gr. laga nr. 5 3. apríl 1928, svo og ákvæðin í gildandi reglugerð um verðtoll og ákvæði 4.–15. gr. laga nr. 54 15. júní 1926 og 4. gr. laga nr. 11 2. júní 1933 skulu gilda, eftir því sem við á, um gjald samkv. 1. gr. þessara laga.

Sérstök skilagrein skal gerð fyrir þessu gjaldi. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um greiðslu gjaldsins af vörum, sem sendar eru til landsins í pósti, og um annað, er snertir framkvæmd laganna, og má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot á henni.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1936.

Nd. 822. Frumvarp til laga

um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Lög þessi ná yfir hverskonar matvæli og aðrar neyzlu- og nauðsynjavörur, og er tilgangur þeirra að vernda menn gegn tjóni, sem stafað getur af því, ef slíkar vörur skortir eðlilega hollustu, eða ef þær eru skaðlegar heilbrigði manna, eða ef menn eru gabbaðir til að afla sér þeirra, neyta þeirra eða nota þær í þeirri trú, að þær séu annars efnis eða eðlis en þær eru í raun og veru.

2. gr.

Matvæli eða neyzluvörur eru samkvæmt lögum þessum efni, sem ætluð eru mönnum til neyzlu sem matur eða drykkur, þar á meðal neyzluvatn, svo og efni í mat eða drykk, þar með talið hverskonar krydd, svo og önnur efni, sem notuð eru við tilbúning matvæla og drykkja, þó að þau séu að jafnaði ekki í matvælunum eða drykkjunum, að þeim fullgerðum. Neyzluvörur teljast meðal annars hverskonar nautnavörur, svo sem áfengi, tóbak, kaffi, te o. s. frv.

Um efni, sem eingöngu eru ætluð til lækninga sem lyf og aðeins eru látin úti af lyfsölum eða læknum, fer eftir sérstökum lögum.

3. gr.

Nauðsynjavörur aðrar en matvæli og neyzluvörur (sbr. 2. gr.) eru samkvæmt lögum þessum:

1. Búsáhöld, svo sem ílát og umbúðir, eldhúsáhöld, borðbúnaður og aðrir þeir hlutir, sem notaðir eru við tilbúning, geymslu eða framreiðslu matvæla eða annarar neyzluvöru.
2. Tilsvarandi áhöld þeim, sem getur í 1. tölulið þessarar greinar og eru viðhöfð í verksmiðjum, verzlunum, skipum og öðrum flutningatækjum eða

á geymlustöðum og þar annarsstaðar, sem farið er með matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur, þar á meðal hverskonar vélar til matvæla- eða annarar neyzlu- eða nauðsynjavörugerðar eða við umbúnað, geymslu, flutning, afgreiðslu eða aðra meðferð á slíkum vörum, einnig vogir og mælitæki.

3. Hreinlætis- og snyrtivörur, hverju nafni sem nefnast. Með snyrtivörum teljast grímur, gervihár og hverskonar vörur eða efni, sem leikarar einkum nota til að breyta útliti sínu, ennfremur hverskonar hreinlætis- og snyrtitæki, þar á meðal hverskonar áhöld og efni, sem notuð eru í rakarastofum og snyrtistofum.
4. Klæðnaður og hverskonar efni í klæðnað, þar á meðal rúmfatnaður og efni í rúmfatnað.
5. Húsgögn, þar á meðal upphitunar- og lýsingartæki, veggfóður og húsgagnafóður, gólfdúkar og ábreiður, málningarvörur og aðrir litir, sem ekki teljast matvæli eða neyzluvörur (sbr. 2. gr.), stofuplöntur og plöntueftirlíkingar.
6. Eldiviður og ljósmeti, þar á meðal steinolía, brennsluvínandi, bensín, kerti, eldspýtur og önnur kveikingartæki.
7. Lækningaáhöld, þar á meðal gervilimir og sjúklingaumbúðir, sáraumbúðir og hverskonar sjúkragögn og hjúkrunarvörur, ennfremur áhöld og efni til getnaðarvarna.
8. Leikföng.
9. Aðrir hlutir, sem ráðherra tiltekur nánar í samræmi við tilgang þessara laga.

4. gr.

Óheimilt er:

1. að búa til eða flytja inn í landið í því skyni að hafa á boðstólum, selja eða láta á annan hátt af hendi matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur, sem ætla má, að skorti eðlilega hollustu eða séu skaðlegar heilbrigði manna, ef þeirra er neytt eða þær notaðar á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt.
2. að haga umbúnaði, geymslu, flutningi, afgreiðslu eða annari meðferð á matvælum eða öðrum neyzlu- eða nauðsynjavörum, sem ætla má, að verði hafðar á boðstólum, seldar eða látnar á annan hátt af hendi, þannig, að ætla megi, að þær fyrir það skorti eðlilega hollustu eða verði skaðlegar heilbrigði manna, ef þeirra er neytt eða þær notaðar á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt.
3. að hafa á boðstólum, selja eða láta á annan hátt af hendi, hvort sem er innanlands eða til útflutnings úr landinu, matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur, sem ætla má, að skorti eðlilega hollustu eða séu skaðlegar heilbrigði manna, ef þeirra er neytt eða þær notaðar á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt.

Ef um venjulegar nautnavörur er að ræða, sem að vísu eru viðurkenndar skaðlegar heilbrigði manna, og eins þó að þeirra sé aðeins neytt á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt, eða um venjuleg matvæli eða um aðrar venjulegar neyzlu- eða nauðsynjavörur, sem álitamál getur verið um að þessu leyti, verða

menn ekki sakfelldir samkvæmt þessari grein, nema ætla megi, að vörurnar séu annarlega eða óvenjulega skaðlegar heilbrigði manna, ef þeirra er neytt eða þær notaðar á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt, enda sé ekki bann á slíkum vörum eða þær gerðar óheimilar samkvæmt 6. gr.

5. gr.

Óheimilar eru eftirlíkingar eftir matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum í blekkingarskyni í verzlun eða viðskiptum, jafnt og hverskonar fölsun slíkrar vöru.

Um verzlun með matvæli og aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur, og þar á meðal um auglýsingar um og auðkenni á slíkum vörum, fer almennt eftir lögur nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, en í einstökum atriðum eftir reglugerðum, er ráðherra kann að setja, eða auglýsingum, er hann kann að birta samkvæmt þessum lögum. Um brot gegn hinum tilvitnuðu lögum, þegar um er að ræða matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur, fer eftir þessum lögum.

6. gr.

Ráðherra er heimilt í samræmi við tilgang þessara laga:

1. að banna eða takmarka tilbúning í landinu og þá jafnframt innflutning í landið á matvælum eða öðrum neyzlu- eða nauðsynjavörum, sem tilbúnar eru á ákveðinn hátt.
2. að banna eða takmarka, að um matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur sé búið eða þær geymdar, fluttar, afgreiddar eða að öðru leyti með þær farið á ákveðinn hátt.
3. að banna eða takmarka, að matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur, sem tilbúnar eru, um er búið, geymdar eru, fluttar, afgreiddar eða að öðru leyti með farið á ákveðinn hátt, séu hafðar á boðstólum, seldar eða látnar á annan hátt af hendi.
4. að banna eða takmarka, að áhöld eða efni, sem ætluð eru til ólöglegra eftirlíkinga eða fölsunar á matvælum eða öðrum neyzlu- eða nauðsynjavörum, séu búin til í landinu eða flutt inn í landið, höfð á boðstólum, seld eða látin á annan hátt af hendi.
5. að skipa fyrir, að á umbúðir, matvæli og aðrar neyzlu- og nauðsynjavörur eða á vörurnar sjálfar séu skráðar réttar upplýsingar um, hvar og af hverjum og hvenær þær séu tilbúnar, hver hafi selt þær eða látið þær af hendi, hverrar tegundar eða efnis eða eðlis þær séu, og ef um samsettar vörur er að ræða, hve mikið sé af hverju efni fyrir sig, svo og að segja fyrir um, hvernig að öðru leyti skuli gengið frá þessum áletrunum.
6. að ákveða með reglugerðum eða auglýsingum, hvernig einstakar tegundir af matvælum eða öðrum neyzlu- eða nauðsynjavörum skuli gerðar til þess að verða ekki taldar skorta eðlilega hollustu eða vera skaðlegar heilbrigði manna, óheimilar eftirlíkingar eða falsaðar samkvæmt ákvæðum laga þessara, eða til þess að mega auðkennast á ákveðinn hátt. Í þessum reglugerðum eða auglýsingum má ákveða, hverjum þrifnaðar- og heil-

brigðisreglum skuli fylgja við tilbúning, umbúnað, geymslu, flutning, afgreiðslu og aðra meðferð hinna einstöku tegunda af matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, að húsakynni og áhöld séu viðunandi, og þegar um framleiðslu eða aðra vandasama meðferð á slíkum vörum er að ræða, að næg kunnátta sé fyrir hendi til að annast allt, er að slíku lýtur.

7. gr.

Almennt eftirlit með framkvæmd laga þessara hafa lögreglustjórar, hver á sínum stað, með aðstoð héraðslækna, heilbrigðisnefnda og tollvörzlumanna.

Ráðherra má auk þess, svo sem nauðsyn krefur, fela sérstökum eiðsvörnum kunnáttumönnum eða opinberum stofnunum, sem hafa kunnáttumönnum á að skipa, einstakar greinir eftirlitsins og jafnvel stjórn þess í heild. Hlutaðeigendum skal jafnan skylt að leyfa eftirlitsmönnum óhindraðan aðgang til eftirlits á þeim stöðum, þar sem matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur eru búnar til, eða þar sem um slíkar vörur er búið, þær geymdar, fluttar eða á annan hátt með þær farið, eða þar sem slíkar vörur eru hafðar á boðstólum, seldar eða látnar á annan hátt af hendi, svo og að láta eftirlitsmönnum ókeypis í té nauðsynleg sýnishorn til rannsókna, gefa þeim allar upplýsingar um aðferðir við tilbúning, umbúnað, geymslu, flutning, afgreiðslu og aðra meðferð á slíkum vörum, er þeir óska eftir og starf þeirra varðar, heimila þeim á sama hátt aðgang að verzlunarbókum og skjölum og að aðstoða þá í öllum greinum við framkvæmd eftirlitsins.

Ráðherra er heimilt að ákveða nánar í reglugerð um tilhögun eftirlitsins. Í reglugerðinni má ákveða, að framleiðendur eða innflytjendur ákveðinna tegunda af matvælum, neyzlu- eða nauðsynjavörum hagi bókfærslu sinni eftir því, sem eftirlitsmenn mæla fyrir, og gefi þeim hverskonar skýrslur, eftir því sem nauðsynlegt er vegna eftirlitsins. Í reglugerðinni má og ákveða, hverjar aðferðir skuli viðhafðar við rannsóknir á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum til að sannreyna vörurnar. Í reglugerðinni má loks ákveða, að til greiðslu kostnaðar við eftirlit með tilbúningi eða sölu einstakra tegunda af matvælum og öðrum neyzlu- eða nauðsynjavörum megi leggja gjald á framleiðendurna eða innflytjendurna, ef um erlendar vörur er að ræða, og skal þá miða gjaldið við magn framleiðslunnar eða innflutningsins.

8. gr.

Áður en reglugerðir eru settar samkvæmt 9. tölulið 3. greinar og 6. og 7. grein, skal gefa hlutaðeigandi framleiðendum eða kaupmönnum kost á að láta sérfræðinga, er þeir nefna til, athuga málið og segja álit sitt um það.

Í reglugerðum samkvæmt lögum þessum má aldrei gera minni kröfur til erlendrar vöru en samskonar vöru innlendrar.

9. gr.

Þeir, sem hafa á hendi eftirlit með framkvæmd laga þessara, skulu, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum hinna almennu hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, bundnir þagnarskyldu um öll framleiðslu- og verzl-

unarleyndarmál, er þeir kunna að komast að við framkvæmd eftirlitsins, og mega hvorki færa sér þau í nyt sjálfir né verða þess valdandi að aðrir geri það.

10. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, með ráði héraðslæknis eða sérstaklega skipaðs eftirlitsmanns, að taka í sínar vörzlur eða umsjá matvæli og aðrar neyzlu- og nauðsynjavörur, sem ástæða er til að ætla, að séu skaðlegar heilbrigði manna, óheimilar eftirlikingar eða falsaðar samkvæmt ákvæðum þessara laga, og hindra þannig, að þær verði hafðar á boðstólum, seldar eða á annan hátt látnar af hendi, svo lengi sem hann telur ástæðu til, og ef mál er höfðað, þangað til dómur er genginn.

11. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, nema um brot á hinum almennu hegningarlögum sé að ræða.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 100—10000 krónum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

Ætíð skal sá, er sekur hefir fundizt við ákvæði þessara laga, greiða allan þann kostnað, sem leitt hefir af útvegun sýnishorna og rannsókna á þeim, er nauðsynlegar voru til að sanna sekt hans.

Nú hefir sá, sem sekur hefir fundizt um vörusvik samkvæmt þessum lögum, sannanlega grætt á svikunum, og má þá, auk sektar þeirrar, sem greind er í 2. málsgrein þessarar greinar, eða annarar refsingar, dæma hann til að greiða viðbótarsekt, jafnháa upphæð sem hagnaðurinn sannanlega nemur. Hinar sviknu vörur skulu jafnan dæmdar upptækar á kostnað hins seka, svo og áhöld þau og efni, sem notuð hafa verið við vörusvikin og sérstaklega eru til slíks ætluð.

Fyrir ítrekuð brot eða mikilsháttar, og einkum ef tjón hefir hlotizt af, má með dómi svipta hinn seka leyfi til að fást áfram við framleiðslu eða verzlun með matvæli og aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef sakir eru mjög miklar.

12. gr.

Í dómi, uppkveðnum samkvæmt 11. gr., má kveða svo á, að hann skuli birtur almenningi á kostnað hins seka. Sé hinn kærði sýknaður, má eftir kröfu hans kveða svo á í dóminum, að hann skuli birtur almenningi, og greiðir ríkissjóður þá kostnaðinn. Í dóminum skal ákveðið, hvernig slík birting skuli fram fara.

Ed. **823. Lög**

um fávitahæli.

(Afgreidd frá Ed. 11. des.).

Samhljóða þskj. 742.

Nd. 824. Breytingartillögur

við frv. til laga um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, er verður 4. gr., svo hljóðandi:

Með því að innheimta á árinu 1936 8 aura innflutningsgjald af hverjum lítra af benzíni, í stað þess innflutningsgjalds, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932.

Nefnt 8 aura gjald skal einnig greiða af öllum benzínbirgðum, sem til eru í landinu þegar lög þessi öðlast gildi; þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda. Sé við gildistöku laganna þegar greitt af birgðum 4 aura gjald það, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, greiðist 4 aura gjald af birgðunum til viðbótar. Gjaldið skal greiða hvort heldur benzínið er í vörzlum eiganda sjálfs eða ekki. Sérhver sá, er á eða hefir umráð yfir 300 lítrum af benzíni eða meira þann dag, er lög þessi ganga í gildi, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Skal hann skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir hans og mæla, ef til kemur. Innheimtumaður getur krafizt upplýsinga hjá benzíninnflytjendum og benzínsölum um sölu samkvæmt verzlunarbókum til viðskiptamanna áður en lög þessi ganga í gildi.

Þeim tekjuauka, sem leiða kann af framangreindri hækkun innflutningsgjaldsins af benzíni, skal varið til að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega svo sem hér greinir:

1.	Til Suðurlandsbrautar	allt að 70000 kr.
2.	Til malbikunar á veginum frá Reykjavík að Elliðaám	— — 50000 —
3.	Til Hafnarfjarðarvegar	— — 50000 —
4.	Til Holtavörðuheiðarvegar	— — 40000 —
5.	Til Austfjarðavegar	— — 20000 —
6.	Til Geysisvegar frá Múla	— — 20000 —

Endurgreiða skal innflutningsgjald af benzíni, sem umfram er 4 aura á lítra og notað er við akstur á efni til virkjunar Sogsins, eftir reglum, er fjármálaráðherra setur.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 84 6. júlí 1932 um innheimtu og endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni samkvæmt þessum lögum.

Greinatala frumvarpsins breytist samkvæmt þessu.

Nd. 825. Breytingartillaga

við frumv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Við 2. gr. Í stað „sveitarsjóðs“ í síðustu málsgr. komi: sýslusjóðs, — og í stað „hrepps“ í sömu málsgr. komi: þeirrar sýslu.

Nd. 826. Breytingartillaga

við frv. til framfærslulaga.

Frá Jakob Möller og Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Við 29. gr. 2. málsgr. Málsgreinin orðist svo:

Framfærslunefnd skal skipuð 5 mönnum, er bæjarstjórn kýs með hlutfallskosningu. Heimilt skal formanni barnaverndarnefndar að sitja fundi framfærslunefndar og bera fram tillögur, er sérstaklega varða börn samkvæmt lögum um barnavernd.

Nd. 827. Breytingartillögur

við frv. til framfærslulaga.

Frá Bergi Jónssyni, Gísla Sveinssyni og Jónasi Guðmundssyni.

1. Við 59. gr. Greinin orðist þannig:

   Þegar dvalarsveit hefir greitt meðlag, sem innheimta ber hjá öðru sveitarfélagi, skal sveitarstjórn dvalarsveitar senda kröfu um endurgreiðsluna til síns lögreglustjóra, sem gerir ráðstafanir til þess, að meðlagið verði innheimt hjá heimilissveit barnsföður. Kröfunni skal fylgja kvittun barnsmóður eða annars framfærslumanns fyrir greiðslunni, afrit af meðlagsúrskurði og lífsvottorð barnsins.
2. Við 66. gr. 3. málsgr. greinarinnar fellur niður.
3. Við 77. gr. Greinin orðist þannig:

   Nú verður ágreiningur sveitarfélaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá yfirvald skera úr ágreiningi þeim. Séu sveitarfélög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja yfirvald þar, er það sveitarfélag er, sem kröfið er. Úrskurði yfirvalds má hvor málsparta skjóta til ráðherra á 6 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðilja varð kunnugt um úrskurðinn, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á póststöð til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu ráðherra, ef ekki er sent með pósti.

   Úr deilum út af sveitarframfæri milli sveitar hér á landi og sveitarfélags í Danmörku skal skorið með samkomulagi milli hlutaðeigandi íslenzks og dansks ráðherra.

Nd. 828. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 771 (Framfærslulög).

Flm.: Hannes Jónsson

Fyrir orðin „ber að draga hlutfallslega jafnt af öllum greiðslunum“ í niðurlagi breytingartillögunnar komi: breytast reglurnar þannig, að við meðaltalsfram-

færslukostnaðinn bætist 5%. Nægi það enn ekki til þess að endurgreiðslan færist niður í hámark, skal bæta við meðaltalsframfærslukostnaðinn öðrum 5%, og svo áfram unz hámarkinu er náð.

Nd. 829. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs.

Frá Héðni Valdimarssyni og Finni Jónssyni.

Við 3. gr. Á eftir næstsíðustu málsgr. komi ný málsgrein:

Heimilt er fjármálaráðherra að undanþiggja viðskiptagjaldi vélar og áhöld allskonar til nýs atvinnurekstrar og nýrra rafstöðva.

Nd. 830. Lög

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Nd. 14. des.).

Samhljóða þskj. 764.

Ed. 831. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands.

Flm.: Pétur Magnússon.

1. Við 3. gr. Aftan við gr. bætist:
   Lausafjártryggingar allar mynda sérstakan flokk.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Aftan við 6. gr. laganna bætist:
   3. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir tryggingar á lausafé.

Sþ. 832. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um afnotagjald útvarpsnotenda.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Um tillöguna náðist ekki samkomulag í nefndinni. Leggur minni hluti fjárveitinganefndar til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Í stað „15“ komi: 20.

Alþingi, 14. des. 1935.

Þorst. Þorsteinsson, frsm. Magnús Guðmundsson. Jón Sigurðsson. Pétur Ottesen.

Sþ. 833. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um afnotagjald útvarpsnotenda.

Frá meiri hluta fjárveitinganefndar.

Nefndin hefir klofnað í málinu. Minni hlutinn (Magnús Guðmundsson, Pétur Ottesen, Jón Sigurðsson og Þorst. Þorsteinsson) skilar sérstöku áliti.

Meiri hlutinn leggur á móti því, að tillagan sé samþykkt, jafnvel með þeirri breytingu, að afnotagjald af rafhlöðutækjum yrði sett 20 krónur. Meiri hlutinn gerir sér vel ljósa þá erfiðleika, sem á því eru víða að fá rafgeyma hlaðna. Mun hann því leggja til, að veittar verði í fjárlögum 20 þús. krónur til þess að greiða fyrir útvarpsnotum í sveitum, bæði með því að styrkja byggingu hleðslustöðva og styrkja menn til þess að koma upp viðgerðarstofum. Af því fé er og ætlazt til, að verkfræðingur útvarpsins fái nokkra upphæð til þess að kenna mönnum viðgerð á viðtækjum.

Meiri hlutinn lítur svo á, að það sé með öllu ófært, að tveir séu taxtar fyrir útvarpsnot í landinu, enda upplýst, að það myndi valda allmiklum aukakostnaði við skrásetningu tækjanna og innheimtu, en vill hinsvegar, í samræmi við till. útvarpsstjóra og útvarpsverkfræðings, veita þetta fé í fyrrgreindu skyni. Telja þeir útvarpsstjóri og verkfræðingur, að með slíkum framlögum megi á fáum árum gera öllum útvarpsnotendum sæmilega auðvelt að hagnýta sér útvarp.

Alþingi, 14. des. 1935.

Jónas Jónsson, form. Sigurður Einarsson, fundaskr., frsm. Bjarni Bjarnason.

Jónas Guðmundsson. Þorbergur Þorleifsson.

Ed. 834. Nefndarálit

um frv. til laga um iðnaðarnám.

Frá iðnaðarnefnd.

Iðnaðarnefnd hefir athugað mál þetta á nokkrum fundum. Komið hafa til viðtals við nefndina fulltrúi frá Félagi íslenzkra iðnrekenda og meistarar í ýmsum iðngreinum. Þessir sömu aðilar hafa einnig sent nefndinni till. til breytinga á frv., og jafnvel mótmæli gegn því, að það verði samþ.

Nefndin sem heild telur ekki ástæðu til að fresta afgreiðslu málsins, og tveir nefndarmanna (IngP og PHerm) telja réttast, að frv. verði samþ. óbreytt. Hinn þriðji (GL) vill breytingar á frv., skrifar því undir nál. með fyrirvara og mun bera fram breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. des. 1935.

Páll Hermannsson, form., frsm. Guðrún Lárusdóttir, fundaskr. Ingvar Pálmason.

Ed. 835. Tillaga til þingsályktunar

út af athugasemd við landsreikninginn.

Flm.: Magnús Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að gera gangskör að því að finna, í hverju liggur mismunur á landsreikningi fyrir 1933 og reikningum Alþingis fyrir það ár, sem um getur í 13. athugasemd yfirskoðunarmanna Alþingis.

Greinargerð.

Athugasemd sú, sem um ræðir, er á þessa leið: „Samkvæmt reikningi Alþingis hefir verið greitt úr ríkissjóði til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar LR. kr. 316306.66. En samkv. LR. hafa verið greiddar í þessu skyni kr. 316454.96, eða kr. 148.30 meira. Þrátt fyrir talsverða eftirgrennslan og samanburð hefir yfirskoðunarmönnum ekki tekizt að finna, í hverju þessi munur liggur."

Svar ráðherra er á þessa leið: „Athugasemdin er rétt, en þar sem hærri upphæðin hefir verið greidd og er tilfærð í landsreikningi, og ekki tekizt að finna, í hverju mismunurinn liggur, má væntanlega við svo búið standa."

Yfirskoðunarmönnum þótti ekki þetta svar fullnægjandi, og þó að það liggi að vísu fyrir, að fundizt hafa skilagreinar fyrir allri fjárhæð þeirri, sem til er greind á landsreikningi, þá er þó ófært að fá ekki upplýst, í hverju þessi munur liggur, og því er þessi tillaga flutt.

Ed. 836. Nefndarálit

um frv. til laga um kennslu í vélfræði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er flutt af nefndinni samkv. ósk atvinnumálaráðherra, ásamt tveimur öðrum frv. um skyld efni. Nefndin hefir orðið ásátt um að láta þessi frv. fylgjast að um afgreiðslu.

Í frv. þessu eru gildandi lög um stofnun vélstjóraskóla í Reykjavík frá 1915, um kennslu í mótorfræði frá 1920 og um rafmagnsdeild við vélstjóraskólann í Reykjavík frá 1930 sameinuð í eitt, með nokkrum breytingum, og er nefndin sammála um þær, svo og um frv. í heild. Fyrir nefndinni lágu tillögur um breytingu á rafmagnsdeild skólans, sem hún gat ekki fallizt á að taka upp, meðal annars af þeirri ástæðu, að engin reynsla er komin á um það, hvort annað fyrirkomulag við hana sé heppilegra en nú er, þar sem á þessum vetri í fyrsta sinn fer fram kennsla í þeim fræðum. En sá kafli frv. er að mestu óbreyttur frá gildandi lögum.

Við 13. gr. vill nefndin þó gera eina smábreytingu og telur réttara, að Fiski-

félagið ráði því, hvar námskeið eru haldin, sem gleggst má vita, hvar þörfin er brýnust fyrir mótornámskeið.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Við 13. gr. 2. málsgr. Í stað „að fengnum tillögum“ komi: eftir tillögum.

Alþingi, 13. des. 1935.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm.	Jón A. Jónsson.

Nd. 837. Breytingartillögur

við frv. til laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

Frá Jakob Möller.

Við 7. gr.

a. Í stað orðanna „allar upplýsingar ... framkvæmd eftirlitsins“ í niðurlagi 2. málsgr. komi: eftir því sem þörf krefur vegna eftirlitsins, upplýsingar um aðferðir við tilbúning, umbúnað, geymslu, flutning, afgreiðslu og aðra meðferð á slíkum vörum, heimila þeim aðgang að innkaupsreikningum og öðrum skjölum, er máli skipta fyrir starf þeirra, og að aðstoða þá í öllum greinum við framkvæmd eftirlitsins.

b. Síðasta málsgrein greinarinnar orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða nánar í reglugerð um tilhögun eftirlitsins. Í reglugerðinni má ákveða, hverjar aðferðir skuli viðhafðar við rannsóknir á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, til að sannreyna vörurnar. Kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði.

c. Aftan við síðustu málsgrein bætist: Heimilt skal þó með reglugerðarákvæði að leggja gjald á vörur þær, sem eftirlitinu eru háðar, til greiðslu á þeim kostnaði, og skal það gjald miðað við verðmæti framleiðslunnar eða innflutningsins.

Sþ. 838. Tillaga til þingsályktunar

um hækkun á útsöluverði áfengis á Siglufirði.

Flm.: Garðar Þorsteinsson, Einar Árnason og Bernh. Stefánsson.

Alþingi heimilar fjármálaráðherra að samþykkja, að útsöluverð áfengis í Siglufjarðarkaupstað hækki frá því, sem nú er, um eina krónu hver lítri, og skal sú upphæð renna til bæjarsjóðs Siglufjarðar, til nauðsynlegra útgjalda hans.

Greinargerð.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefir nýlega samþykkt eftirfarandi tillögu, sem flutt var af fulltrúum allra flokka:

„Bæjarstjórnin felur oddvita að sækja um heimild til ríkisstjórnar til að leggja vörugjald á vín, allt að einni krónu á lítra, er renni í bæjarsjóð og sé eingöngu varið til afborgana kreppulána.“

Þar eð mjög er liðið á þingtímann, vinnst ekki tími til að setja um þetta sérstök lög, og er því sú leið farin, að fá samþykki Alþingis með þingsályktun um, að ráðherra heimili hækkun á útsöluverði vínanna, og að sú hækkun skuli þá jafnframt renna í bæjarsjóð Siglufjarðar. Hefir bæjarfógetinn á Siglufirði í umboði bæjarstjórnar óskað, að þessi leið yrði farin, og þessi heimild fengin til tekjuöflunar fyrir bæjarsjóð. Mundi þessi hækkun nema ca. 11—15 þús. kr.

Nd. 839. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Frá Eiríki Einarssyni.

Við 8. gr. Á eftir orðunum „þá skal mat skera úr ágreiningi“ komi: og fái sá, er verður af lögninni, fullar bætur fyrir.

Nd. 840. Breytingartillögur

við frumv. til l. um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti o. fl.

Frá Jóni Pálmasyni.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður og greinatala breytist samkvæmt því.
2. Við 2. gr.
   a. Greinin verði 1. gr.
   b. Fyrri hluti greinarinnar orðist þannig:
      Ríkisstjórninni heimilast að setja á fót verzlun, er nefnist „Grænmetisverzlun ríkisins“. Skal hún annast verzlun með kartöflur og aðrar garðjurtir, sem framleiddar eru innanlands. Einnig sé henni heimilt, á sama hátt og með sömu takmörkunum eins og gerist um aðrar verzlanir, að flytja inn kartöflur og aðrar garðjurtir.
3. Við 4. gr. Úr greininni falli orðin „og Grænmetisverzlun ríkisins annast ekki innflutning á“.
4. Við 12. gr. Síðari setning greinarinnar falli niður.
5. Ákvæði til bráðabirgða orðist þannig:
   Árin 1936 og 1937 heimilast ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði allt að 25 þúsund kr. hvort árið til að styrkja flutninga á kartöflum innanlands, eftir reglum, sem landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum verðlagsnefndar.

Ed. 841. Nefndarálit

um frv. til laga um alþýðutryggingar.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir athugað frv., og varð hún ósammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn vill afgreiða það á þessu þingi, þeir IngP, PHerm og SÁÓ, eins og það nú liggur fyrir frá neðri deild. En ÞBr skrifar undir með fyrirvara. Er hann mótfallinn V. kafla frv. og áskilur sér rétt til að bera fram breytingartillögur og vera með tillögum, er fram kunna að koma. Minni hl., MG, er andvígur afgreiðslu frv. á þessu þingi og vill vísa því til stjórnarinnar. Nánar í framsögu.

Alþingi, 16. des. 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Þorsteinn Briem, með fyrirv.
	Páll Hermannsson.	

Ed. 842. Breytingartillögur

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 78 19 júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir orðinu „atvinnufyrirtækjum“ í 1. málsl. komi: til þess að ná hagkvæmum samningum um skuldir hreppsfélaga, sem eru stofnaðar fyrir 1. jan. 1936, þar með taldar fátækraskuldir milli sveitarfélaga og skuldir við sjúkrahús og heilsuhæli.
   b. 2. málsl. gr. orðist svo:
      Bréfin skulu vera gildur gjaldeyrir með nafnverði gagnvart innlendum lánardrottnum eða skuldaeigendum til greiðslu hverrar þeirrar skuldar, sem eldri er og ekki er tryggð með fasteignaveði eða handveði.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Í ársbyrjun 1936 skal stjórn Kreppulánasjóðs með auglýsingu leiða athygli allra hreppsnefnda landsins að heimild þeirri, er í 1. gr. segir, og láta þess jafnframt getið, að þau sveitarfélög, sem óski að nota þessa heimild, skuli senda stjórn sjóðsins beiðni um lán eins fljótt og við verður komið eftir að reikningi ársins 1935 er lokið, og eigi síðar en 1. maí 1936.
3. Við 8. gr. Upphaf greinarinnar skal orða þannig:
   Ríkisstjórninni heimilast að ákveða, að stjórn Kreppulánasjóðs (samkv. 14. gr.) gefi út sérstakan flokk handhafaskuldabréfa, að upphæð 1½ milljón króna.
   Trygging fyrir skuldabréfum þessum skal vera:
   1. Skuldabréf þau, er sjóðurinn fær frá lántakendum.

2. Ábyrgð ríkissjóðs.

Skuldabréfum þessum má verja til lánveitinga ... o. s. frv.

4. Við 11. gr.
   a. Orðin „annara en atvinnufyrirtækja“ í 1. tölul. falli burt.
   b. Í stað orðanna „við önnur bæjar- og sveitarfélög“ í 5. tölul. komi: hjá öðrum bæjar- og sveitarfélögum.
5. Við 14. gr.
   a. Á undan greininni komi: III. kafli. Almenn ákvæði.
   b. Á eftir 2. málsgr. komi:

      Annar kostnaður vegna lánveitinga eftir lögum þessum greiðist úr kreppulánasjóði, að því leyti sem hann er ekki greiddur annarsstaðar að.
   c. 3. málsgr. orðist svo:

      Lánveitingum samkvæmt lögum þessum skal lokið fyrir árslok 1936. Frá þeim tíma annast stjórn Búnaðarbankans alla stjórn sjóðsins án endurgjalds.
   d. Á eftir greininni komi ný gr., svo hljóðandi:

      Að því leyti sem ekki er annað ákveðið sérstaklega í lögum þessum, gilda um undirbúning undir lánveitingar og annað, er að lánunum og skuldabréfunum lýtur, ákvæði laga nr. 78 19. júní 1933, með síðari viðaukum, eftir því sem við á.

Nd. 843. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þskj. 824 (Bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs).

Frá Héðni Valdimarssyni.

Aftan við tölulið 6. komi ný málsgrein:

Það, sem ofangreindur tekjuauki kann að fara fram úr 250000 krónum, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 1937.

Nd. 844. Viðaukatillaga

við breytingartillögu á þskj. 829 (Bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs).

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Á eftir orðunum „nýrra rafstöðva“ komi: Ennfremur er fjármálaráðherra heimilt að undanþiggja viðskiptagjaldi nýtt og þurrkað grænmeti og nýja og þurrkaða ávexti.

Ed. **845. Tillaga til þingsályktunar**

um löggjöf um Menningarsjóð.

Flm.: Jónas Jónsson, Magnús Jónsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp um að tryggja Menningarsjóði fastar árstekjur, miðað við meðaltal af tekjum sjóðsins síðustu 7 ár (1928—1934), 50 þús. krónur, þannig að við tekjur þær, sem sjóðurinn hefir af sektum fyrir brot á áfengislöggjöfinni, verði bætt því, sem á vantar, úr ríkissjóði, ef sektirnar nema ekki nefndri upphæð.

Greinargerð.

Síðan áfengislöggjöfinni var breytt, hafa tekjur ríkissjóðs af áfengi vaxið mjög mikið, en að sama skapi hafa tekjur Menningarsjóðs minnkað og orðið ótryggari. Þjóðin á nú marga ágæta listamenn, ríthöfunda og vísindamenn, sem leggja stund á að rannsaka náttúru landsins. Menningarsjóður er aðalathvarf þessara manna, eins og nú háttar hér á landi. Sé hann sviptur tekjum sínum, er lífsbarátta þessara manna, sem er nógu hörð áður, gerð svo erfið, að mörgum þeirra verður ekki fært að njóta krafta sinna í menningarbaráttu þjóðarinnar. Ef Menningarsjóði verða tryggðar 50 þús. kr. fastar tekjur árlega, myndi sú upphæð vera stórmikil hjálp fyrir listamenn, ríthöfunda og vísindamenn þjóðarinnar, og gera þeim fært að vinna fyrir land sitt og þjóð eins og að undanförnu.

Fylgiskjal.

MENNTAMÁLARÁÐ ÍSLANDS

Reykjavík, 18. nóvember 1935.

Hér með leyfir Menntamálaráð Íslands sér að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að Menningarsjóði Íslands verði framvegis tryggðar árlegar tekjur, er nemi að minnsta kosti 50000 krónum, þannig að við tekjur þær, sem sjóðurinn hefir af sektum fyrir brot á áfengislöggjöfinni, verði bætt það, sem á vantar, úr ríkissjóði, ef sektirnar nema ekki nefndri fjárhæð.

Tekjur Menningarsjóðs hafa verið svo sem nú skal greina:

Árið	1928	71862 kr.
—	1929	41713 —
—	1930	68202 —
—	1931	73603 —
—	1932	54579 —
—	1933	20775 —
—	1934	22719 —
	Samtals	353453 kr.

eða að meðaltali 50493 krónur á ári hverju.

Þess verður þó að geta, að með lögum nr. 76 23. júní 1932 var ákveðið, að ¼ hluti tekna Menningarsjóðs á tímabilinu frá 15. apríl 1932 til ársloka 1933 skyldi renna í ríkissjóð, en með lögum nr. 50 19. júní 1933 var ákveðið, að ⅛ hluti tekna sjóðsins frá 1. jan. 1931 til loka sama árs skyldi renna í ríkissjóðinn. Jafnframt þessu var sú kvöð lögð á Menningarsjóð að greiða á 5 árum 25000 krónur til frú Helgu Finnsdóttur fyrir náttúrugripasafn manns hennar, Guðmundar heitins Bárðarsonar prófessors.

Það er vitanlega óþarft að vekja athygli hins háa Alþingis á því, að tekjuvonir sjóðsins eru nú ekki miklar, eftir að bann við innflutningi áfengra drykkja hefir verið afnumið til fulls, svo að gera má ráð fyrir, að sjóðurinn geti ekki framvegis gegnt ætlunarverkum sínum til nokkurrar hlítar.

Tilgangur Menningarsjóðs er „að styðja almenna menningu í landinu, rannsókn íslenzkrar náttúru og þróun þjóðlegrar listar". Það er alkunnugt, að nú eru starfandi vor á meðal ekki allfáir rithöfundar og fjöldi listamanna og náttúrufræðinga. Hitt er ekki síður kunnugt, að kjör slíkra manna hafa jafnan verið bágborin hér á landi. Stofnun Menningarsjóðs bar vitni um eindreginn vilja þings og þjóðar til þess að ráða bætur á því meini, enda mundi vandalaust að sýna og sanna, að sjóðurinn hefir orðið mörgum efnilegum rithöfundum, vísindamönnum og listamönnum til mikils gagns, þótt mikilla muna sé vant, að hann hafi getað fullnægt jafnvel hinum brýnustu þörfum. Vér vonum því, að hið háa Alþingi haldi enn fram hinni sömu stefnu, sem mörkuð var með stofnun Menningarsjóðs, enda þarf ekki orðum að því að eyða, að sjaldan hefir þess verið meiri þörf en nú á þessum erfiðu krepputímum, að íslenzk menningarviðleitni njóti styrks og aðhlynningar ríkisins.

Jónas Jónsson,	Barði Guðmundsson,
formaður.	ritari.
Árni Pálsson.	Pálmi Hannesson.

Ed. 846. Nefndarálit

um frv. til laga um alþýðutryggingar.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Ég hefi ekki getað orðið sammála meiri hl. n. um afgreiðslu þessa máls, af ástæðum, sem ég mun drepa á í stuttu máli.

1. Þetta frv. leggur á ríkissjóð, bæjar- og sveitarfélög og einstaklinga þung gjöld. Hve miklu þessi gjöld nema, hygg ég, að enginn geti sagt með vissu, en þetta verður á okkar mælikvarða stórfé. Nú er svo ástatt, að ríkið hefir orðið að hlaupa undir bagga með bæði landbúnaði og bátaútvegi. Auk þess er nú á ferðinni gegnum þingið frv. um mikla hjálp handa bæjarfélögum (að Reykjavík undanskilinni) og sveitarfélögum, sökum þess að gjaldendur þeirra þykja ekki geta innt af höndum þau gjöld, sem þarf til þess að standast lögmæltar og áhvílandi greiðslur. Ég geri ráð fyrir, að

allir séu sammála um, að hin ráðgerða hjálp handa bæjar- og sveitarfélögum sé nauðsynleg. Þessi nauðsyn hlýtur að byggjast á því, að þeir, sem eru gjaldskyldir til sveitar- og bæjarfélaganna, geti ekki staðið undir þeim greiðslum, sem þau eiga að inna af hendi. Gjaldskyldir til bæjar- og sveitarfélaga eru allir landsmenn, sem nokkuð geta. En þegar svo er, að telja verður, að gjaldþegnar bæjarfélaga og sveita geti yfirleitt ekki staðið straum af gjaldaþörf bæjar- og sveitarfélaganna, þá sýnist lítið vit í því að bæta nýjum gjöldum, ekki einungis á gjaldþegna þessa sjálfa, heldur einnig á sveitarfélögin, sem sjálf eru að sligast undir gjaldabyrðinni, *af því* að þol gjaldþegnanna brestur.

2. Það er væntanlega kunnugra en frá þurfi að segja, að hin mesta hætta vofir yfir atvinnuvegum vorum út af sölutregðu erlendis. Á þetta sérstaklega við um sjávarútveginn. Eins og stendur er ekki annað vitað en að fisksala til Spánar og Ítalíu minnki gífurlega, hversu mikið, hygg ég, að enginn geti sagt. Allir munu sammála um, að framleiðsla þjóðarinnar verður að bera uppi allar þarfir hennar. En ef framleiðslan er óseljanleg að meira eða minna leyti, hvar á þá að taka fé til að standa undir þessum þörfum? Eina ráðið er þá að gera þarfirnar sem minnstar, en hitt hlýtur að auka á vandræðin, að gera meiri kröfur en áður hefir verið. Vera má, að betur rætist úr en á horfist, en meðan ekki er um það vitað, er það ekki hygginna manna háttur að hegða sér eins og útlit væri hið bezta.
3. Ríkissjóður er þannig staddur, að sökum þverrandi tekna hans hefir fjárveitinganefnd séð sig knúða til að lækka ýmsa bráðnauðsynlega, lögákveðna liði, til þess að reyna að ná jafnvægi. Til þess að standa straum af gjöldum þessa frv. verður að leggja nýja skatta á sömu gjaldþegnana, sem viðurkennt er, að ekki geta staðið undir byrðum síns eigin sveitarfélags.
4. Framleiðsla bæði til sjávar og sveita er rekin með tapi árlega, svo að nú eru uppetnir þeir sjóðir, sem safnazt höfðu meðan gætilega var farið. Þegar svo er, er það ekki leið til viðreisnar að bæta nýjum gjöldum á.

Ég fæ því ekki betur séð en að hvernig sem á þetta mál er litið, þá beri allt að einu um það, að hið eina rétta í þessu máli sé að fresta því. Með þessu er það alls ekki sagt, að frv. hafi ekki margt nýtilegt og gagnlegt inni að halda. Engum mun detta í hug að neita, að elli- og örorkutryggingar og sjúkratryggingar séu nauðsynjamál, en þau eru svo mörg nauðsynjamálin, sem verða að bíða. Mesta nauðsynin, sem nú kallar að, er að reyna að skapa framleiðslu þjóðarinnar bætt skilyrði. Að því miðar ekki þetta frv., og því á það ekki rétt á sér *nú*.

Frv. þetta er mikill bálkur (90 gr.), en sumt af því er í lögum áður. Nefndin hefir haft mjög stuttan tíma til athugunar svo mikils bálks og ekki haft það til meðferðar nema á einum sunnudagsfundi. Ræður af líkum, að slíkt er ónóg athugun, en um það var ekki að ræða, að nefndin gæti haft lengri tíma, því að eins og kunnugt er, hafa stjórnarflokkarnir samið um það, að mál þetta skuli ganga fram á þessu þingi, en það er nú því nær á enda. Það kom og fram í nefndinni, að breytingartillögur við frv. mundu stjórnarflokkarnir engar sam-

þykkja. Fyrir því tel ég með öllu þýðingarlaust að bera fram brtt., enda til þess lítill tími, er svo er á eftir málinu rekið, en annir ærnar að öðru leyti. Við hina skjótu athugun á frv. hefi ég þó rekið mig á ýms atriði, sem ég tel, að ætti að breyta, og má vera, að ég bendi á þau í umræðunum. Ég er þess fullviss, að mjög bráðlega verður að taka þennan bálk til endurskoðunar, þótt hann verði að lögum nú.

Að athuguðu því, sem að framan er sagt, legg ég til, að málinu verði vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 16. des. 1935.

Magnús Guðmundsson.

Ed. 847. Breytingartillögur

við frv. til laga um iðnaðarnám.

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

1. Við 10. gr. Orðin „þar með talinn pappír, bækur og teikniáhöld, og annað það, sem námið óhjákvæmilega útheimtir“, falli niður.
2. Við 12. gr. Greinin orðist þannig:
   Nú sýkist iðnnemi, eða verður fyrir slysi, og fer þá um kaupgreiðslu, læknishjálp, hjúkrun og framfærslukostnað eftir því, sem lög um alþýðutryggingar ákveða.

Ed. 848. Nefndarálit

um frv. til laga um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni atvinnumálaráðherra og samið af milliþinganefnd. Nefndin hefir haft mál þetta til meðferðar á mörgum fundum og rætt það allýtarlega. Með frv. eru sameinuð í eitt ákvæði um rétt skipstjóra og stýrimanna til að stjórna skipum, vélstjóra á eimskipum og stærri mótorskipum og mótorista við minni vélar, og telur nefndin það rétta stefnu. Fyrir nefndinni lágu ýmsar breytingartillögur við frv., sem hún að sumu leyti hefir tekið til greina. Flestar brtt., sem nefndin gerir á þskj. 797, eru orðabreytingar og leiðréttingar og afleiðing af einni aðalbreytingu við 5. og 6. gr. En hún er í því fólgin, að réttur þeirra manna, er taka hið minna fiskimannapróf, til skipstjórnar og stýrimennsku nái aðeins til 75 rúmlesta skipa í innanlandssiglingum; en í frv. er þessi réttur miðaður við 100 rúmlestir, með ákveðnum takmörkunum á skipum yfir 60 rúmlestir. Samkvæmt gildandi löggjöf eru réttindi smáskipaprófsmanna bundin við 60 rúmlesta skipastærð. Háværar kröfur hafa borizt Alþingi um að auka réttindi þessara manna, og á þinginu 1934 hafði neðri deild afgreitt

tillögu um að heimila smáskipaprófsmönnum að stjórna allt að 150 rúmlesta skipum með ákveðnum skilyrðum.

Fyrir nefndinni lágu ýms skilríki, sem sýndu, hvers krafizt er í þessum efnum.

Frá Vestmannaeyjum er tillaga um 100 rúml.

Frá Siglufirði er tillaga um 200 rúml.

Frá Ísafirði er tillaga um 200 rúml.

Frá Reykjavík og Hafnarfirði er tillaga um 60 rúml.

Tillögur þessar eru frá skipstjórafélögum á hverjum stað, nema Vestmannaeyjum, en sú tillaga er frá sjómannafélaginu „Jötunn“, en í því félagi munu vera allmargir smáskipaprófsmenn.

Nefndin aflaði sér upplýsinga um, hvað væri gildandi í þessum efnum í nærliggjandi löndum, og fékk upplýst sem hér segir:

Í Danmörku veitir samskonar próf og gildandi smáskipapróf hér rétt til allt að 100 rúml. skipum.

Í Noregi þarf ekkert próf til þess að stjórna skipum í innanlandssiglingum, sem minni eru en 25 rúmlestir. Á skipum allt að 200 rúmlestum, er sigla til Danmerkur, Svíþjóðar, Norðurishafið og Hvítahafið, við veiðar á hafi úti, jafnvel þótt hafna sé leitað erlendis vegna afhendingar eða verkunar afla, er krafizt prófs, sem virðist mjög líkt og smáskipaprófið hér hjá okkur.

Í Bretlandi virðist svo, sem lítils prófs sé krafizt á botnvörpuskipum allt að 25 rúmlestum og á línuveiðurum og reknetaskipum allt að 50 rúmlestum. Á öllum fiskiskipum, sem stærri eru og stunda veiðar hvar sem er, er krafizt prófs, sem er líkt og hið almenna fiskimannapróf hjá okkur. Að öllu þessu athuguðu taldi nefndin þó ekki rétt að binda réttindi smáskipaprófsmanna við þá rúmlestatölu, sem í frv. greinir, og færir fyrir því þessar aðalástæður:

1. Að skip af stærðarflokki 75—100 rúmlestir verði notuð mjög oft til flutninga á eigin afla til útlanda. Að þau verði notuð til veiða við Grænland og í Norðurishafi til selveiða eða hvalveiða, ef slíkar veiðar kynnu að verða teknar upp af okkur. Mundi þá verða að skipta um yfirmenn, ef skip væri sent í slíka för, ef á annað borð smáskipaprófsmenn væru yfirmenn á því við veiðar við strendur landsins.
2. Smáskipapróf verður að teljast ófullnægjandi hjá manni, er stjórnar skipi yfir haf.
3. Frá því fræðsla hófst hér á landi í siglingafræði, hefir verið krafizt meiri þekkingar af skipstjórum og skipstjóraefnum okkar í þeim efnum en krafizt er af fiskimönnum sem formönnum meðal nágrannaþjóða okkar. Það mundi því talin afturför, ef smáskipaprófið veitti rétt til að stjórna 100 rúmlesta skipum. Hinsvegar er nefndinni ljóst, að samkvæmt frv. um stýrimannaskólann í Reykjavík, þá er krafizt lærdóms af þeim mönnum, er taka hið minna fiskimannapróf, sem er að mun meiri en nú er krafizt til smáskipaprófs, og því nægileg fræðsla og þekking fyrir hendi, sem nauðsynlegt er að krefjast til þess að stjórna fiskiskipi við strendur landsins, 100 rúmlesta og þótt stærra væri, þegar þess er gætt, að samkv. frv. er krafizt lengri siglingatíma en áður fyrir þá, sem ætla að nema siglingafræði, og um leið

er stýrimannstími aukinn frá því, sem nú gildir. Allt þetta miðar að aukinni verklegri þekkingu og æfingu í að stjórna skipi, en á það leggur nefndin mikla áherzlu, að úr þeirri þekkingu verði ekki dregið á nokkurn hátt, sem frv. ætlazt til. En þrátt fyrir þetta telur nefndin rétt að lækka markið fyrir smáskipaprófin, sem áður greinir. Er þó um nokkra aukningu að ræða frá því, sem áður var. Vonandi mega þeir menn vel við una, sem harðastar hafa gert kröfurnar til beggja hliða.

Sem afleiðing af þessari breytingu varð að breyta ýmsum öðrum greinum frv. í samræmi við hana, og þá sérstaklega 57. gr., sem er umsköpuð að nýju. Þess skal getið, að nefndin hefir haft samstarf við þá, er sömdu frv., um þessar breytingar.

Að síðustu skal tekið fram, að nefndin taldi engar líkur til, að frv. gæti náð fram að ganga á þessu þingi, og tók því þann kostinn að gefa sér nægan tíma til athugunar á því og um leið gæfist skipstjóra- og vélstjórastéttinni í landinu kostur á að gera athugasemdir við frv. og breytingartillögurnar milli þinga.

Nefndin er því sammála um að leggja til við hv. deild, að frv. verði samþykkt með þeim breytingartillögum, er hún flytur á þskj. 797.

Alþingi, 16. des. 1935.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm.	Jón A. Jónsson.

Ed. 849. Nefndarálit

um frv. til l. um nýbýli og samvinnubyggðir.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir haft lítinn tíma til að athuga mál þetta og ekki getað lagt í það þá vinnu, er æskilegt hefði verið. Nefndinni þykir búningi frv. að ýmsu ábótavant, en vill þó eigi þeirra orsaka vegna tefja málið með því að flytja við það brtt. Nefndarmenn eru sammála um að mæla með, að frv. nái fram að ganga.

Alþingi, 16. des. 1935.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr.	Pétur Magnússon.

Ed. 850. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 842 [Kreppulánasjóður].

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 1. b. Í stað orðanna „með fasteignaveði eða handveði“ komi: með fasteignaveði, handveði eða ríkisábyrgð.

Ed. 851. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Frá Haraldi Guðmundssyni

Við 9. gr. 1. málsgr. Í stað orðanna „með fasteignaveði eða með handveði" komi: með fasteignaveði, handveði eða ríkisábyrgð.

Nd. 852. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI

Um lán til hreppsfélaga.

1. gr.

Handhafaskuldabréf Kreppulánasjóðs, sem afgangs verða þegar lokið er lánveitingastarfsemi sjóðsins, samkvæmt lögum nr. 78 1933 og síðari breytingum á þeim lögum, má verja til lánveitinga handa hreppsfélögum landsins og fyrirtækjum þeirra, öðrum en atvinnufyrirtækjum, til þess að ná hagkvæmum samningum um skuldir hreppsfélaga, sem eru stofnaðar fyrir 1. jan. 1936, þar með taldar fátækraskuldir milli sveitarfélaga og skuldir við sjúkrahús og heilsuhæli. Bréfin skulu vera gildur gjaldeyrir með nafnverði gagnvart innlendum lánardrottnum eða skuldaeigendum til greiðslu hverrar þeirrar skuldar, sem eldri er og ekki er tryggð með fasteignaveði, handveði eða ríkisábyrgð. Sama gildir um greiðslu víxla, sem gefnir hafa verið út eftir 1. janúar 1936, ef skuldin hefir upphaflega verið stofnuð fyrir þann tíma. Til greiðslu skulda, eldri en frá 1. jan. 1933, eru bréf þessi fullgildur gjaldeyrir, á sama hátt og önnur skuldabréf Kreppulánasjóðs. Bréfin skulu vera greinilega auðkennd frá þeim bréfum, sem áður hafa verið afhent eða afhent verða samkvæmt lögum nr. 78 1933 og breytingum á þeim lögum.

2. gr.

Vextir skuldabréfanna skulu vera 5% á ári, og skal innlausn þeirra fylgja sömu reglum og segir í 2. gr. laga nr. 78/1933 að því leyti, sem við á og ákveðið verður í reglugerð.

3. gr.

Í ársbyrjun 1936 skal stjórn Kreppulánasjóðs með auglýsingu leiða athygli allra hreppsnefnda landsins að heimild þeirri, er í 1. gr. segir, og láta þess jafnframt getið, að þau sveitarfélög, sem óski að nota þessa heimild, skuli senda stjórn sjóðsins beiðni um lán eins fljótt og við verður komið eftir að reikningi ársins 1935 er lokið, og eigi síðar en 1. maí 1936.

4. gr.

Stjórn Kreppulánasjóðs hefir heimild til að gera skuldajöfnuð í fátækraskuldum milli sveitarfélaga, þar sem því verður við komið, og ennfremur að ákveða, að þar til fengnu samþykki atvinnumálaráðherra, að felldar verði niður allt að 50% af fátækraskuldum þeirra sveitarfélaga, sem að dómi sjóðsstjórnarinnar eru svo illa stödd fjárhagslega, að þeim verður eigi talið kleift að rísa undir frekari skuldbindingum.

5. gr.

Telji sjóðsstjórnin, að fengnum öllum upplýsingum, nauðsynlegt að fá samningum um veðtryggð lán hreppsfélags breytt hvað vaxtakjör og greiðslutíma snertir, og ennfremur að eftirgjöf fáist að meira eða minna leyti á óveðtryggðum og veðtryggðum skuldum hreppsfélags, er henni skylt að gera það að skilyrði fyrir lánveitingu, að þær breytingar fáist, er hún telur nauðsynlegar, og skal sjóðsstjórnin, þegar svo stendur á, fara eftir fyrirmælum 8.—18. gr. Kreppulánasjóðslaganna, að því leyti sem við getur átt og við verður komið að hennar dómi.

6. gr.

Nú hefir stjórn sjóðsins gert þær tilraunir, er í hennar valdi standa, til þess að fá þær eftirgjafir og breytingar á skuldum sveitarfélags, sem hún telur við þurfa til þess að koma fjárhag sveitarfélags á heilbrigðan grundvöll, en það hefir eigi tekizt, og skal hún þá senda atvinnumálaráðuneytinu skýrslu um tilraunir sínar í þessu efni, og skal ráðuneytið þá gera ráðstafanir til að gera fjárhag þess sveitarfélags upp samkvæmt lögum nr. 63 frá 1933, um ráðstafanir út af fjárþröng hreppsfélaga, og er heimilt að veita hreppsfélagi lán úr sjóðnum til þess að greiða þann hluta skuldanna, sem því verður gert að greiða samkvæmt þessum lögum.

7. gr.

Vextir af lánum þessum skulu vera 5 af hundraði á ári. Skilyrði fyrir lánveitingu til hreppsfélags og gögn þau, sem fylgja eiga lánbeiðni, eru hin sömu og greind eru í 10. og 11. gr. þessara laga, eftir því sem við getur átt.

II. KAFLI

Um lán til bæjarfélaga.

8. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ákveða, að stjórn Kreppulánasjóðs (samkv. 14. gr.) gefi út sérstakan flokk handhafaskuldabréfa, að upphæð 1½ milljón króna.

Trygging fyrir skuldabréfum þessum skal vera:

1. Skuldabréf þau, er sjóðurinn fær frá lántakendum.
2. Ábyrgð ríkissjóðs.

Skuldabréfum þessum má verja til lánveitinga handa bæjarsjóðum kaup-

staða landsins utan Reykjavíkur, til þess að ná hagkvæmum breytingum á þeim lánum bæjarsjóða, hafnarsjóða og annara stofnana, sem reknar eru fyrir reikning bæjarsjóðs, en þó eigi atvinnufyrirtækja.

Fjármálaráðherra ákveður gerð bréfanna og fjárhæð þeirra.

Vextir skuldabréfa þessara skulu vera 5% á ári, og skal innlausn þeirra fylgja sömu reglum og segir í 2. gr. laga nr. 78/1933, að því leyti sem við á og ákveðið verður í reglugerð.

9. gr.

Skuldabréf þau, er í 8. gr. getur, skulu með nafnverði vera gildur gjaldeyrir til lánardrottins eða skuldareiganda á hverri þeirri skuld bæjarfélags og bæjarfyrirtækis, annars en atvinnufyrirtækis, sem eldri er en frá 1. janúar 1936 og ekki er með samningi tryggð með fasteignaveði, handveði eða ríkisábyrgð. Sama gildir um greiðslu á víxlum, sem gefnir hafa verið út eftir 1. janúar 1936, ef skuldin hefir upphaflega verið stofnuð fyrir þann tíma. Til greiðslu skulda eldri en frá 1. jan. 1933 eru bréf þessi fullgildur gjaldeyrir, á sama hátt og önnur skuldabréf Kreppulánasjóðs.

Þó eru bréf þessi eigi gildur gjaldeyrir til greiðslu þeirra lána, er veitt hafa verið sem rekstrarlán til atvinnufyrirtækja, er bæirnir reka sjálfir, eða hafa útvegað atvinnufyrirtækjum, sem rekin eru á vegum þeirra, né heldur til greiðslu vinnulauna og kaupgjalds. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um hreppsfélög samkv. I. kafla þessara laga.

10. gr.

Skilyrði fyrir lánveitingum úr Kreppulánasjóði til bæjarfélaga er, að þeim sé lánveitingin nauðsynleg, að dómi sjóðsstjórnarinnar, til að koma fjárhag sínum á heilbrigðan grundvöll, og að hvert þeirra um sig geti sett þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðsstjórnin tekur gilda.

Úrskurði sjóðsstjórnar má þó skjóta til atvinnumálaráðherra.

11. gr.

Lánbeiðni til Kreppulánasjóðs skal vera komin í hendur sjóðsstjórnarinnar eigi síðar en 1. marz 1936, og skulu henni fylgja eftirfarandi gögn:

1. Síðasti rekstrar- og efnahagsreikningur bæjarsjóðs og annara stofnana kaupstaðarins, og skulu reikningnum fylgja nákvæmar skýringar.
2. Sundurliðuð skrá yfir eignir bæjarfélagsins. Sé þar nákvæmlega tekið fram, hverjar fasteignirnar eru, hvert sé fasteignamat þeirra og hverjar breytingar hafa orðið frá síðasta fasteignamati, hvern arð eignirnar gefa, og ennfremur útistandandi kröfur og annað, sem máli skiptir.
3. Sundurliðuð skrá yfir lánardrottna bæjarfélagsins, og skal þá greina skuldarupphæð, hvort skuld sé tryggð með veði eða ábyrgð og hver tryggingin sé, gjalddaga, afborgunarskilmála, greiðslukjör o. fl.
4. Sundurliðuð skrá yfir ábyrgðir bæjarfélagsins, og skal þar greina, hverjar aðrar tryggingar eru fyrir ábyrgðarskuldum, og þess getið, hverjar líkur eru til, að ábyrgðirnar falli á bæjarsjóðinn.

5. Sundurliðuð skrá yfir skuldir og innieignir bæjarfélagsins hjá öðrum bæjar- og sveitarfélögum vegna fátækraframfærslu.
6 Aðrar upplýsingar, sem sjóðsstjórnin kann að óska eftir.

12. gr.

Nú telur sjóðsstjórnin, að fengnum öllum upplýsingum, að nauðsynlegt sé að fá samningum um eldri samningsbundin og veðtryggð lán bæjarfélags breytt, hvað vaxtakjör og greiðslutíma snertir, og er sjóðsstjórninni þá heimilt, að þar til fengnu samþykki atvinnumálaráðherra, að gera það að skilyrði fyrir lánveitingu, að skuldareigendur þeir, er í hlut eiga, breyti lánskjörunum eða greiðsluskilmálunum á þann hátt, sem sjóðsstjórnin telur við þurfa.

13. gr.

Vextir af lánum bæjarfélaga skulu vera 5 af hundraði á ári. Lánstíminn skal fara eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar, þó aldrei lengri en 42 ár.

Afborgunarskilmálum skal haga svo, að Kreppulánasjóður geti staðið straum af innlausn skuldabréfanna.

Gjalddagi skal vera 15. nóvember ár hvert, og fara fyrstu afborganir fram 15. nóvember 1937. Ef ekki eru gerð skil á árgjaldi fyrir 31. desember næst á eftir gjalddaga, er lánið allt fallið í gjalddaga, og ber stjórn sjóðsins þá að gera nauðsynlegar ráðstafanir til innheimtu þess.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

14. gr.

Meðan undirbúningur lánveitinga fer fram, og lánveitingar standa yfir, skal stjórn sjóðsins skipuð aðalbankastjóra Búnaðarbankans og tveim mönnum, er atvinnumálaráðherra skipar.

Þóknun til stjórnarinnar greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun atvinnumálaráðherra. Annar kostnaður vegna lánveitinga eftir lögum þessum greiðist úr Kreppulánasjóði, að því leyti sem hann er ekki greiddur annarsstaðar að.

Lánveitingum samkvæmt lögum þessum skal lokið fyrir árslok 1936. Frá þeim tíma annast stjórn Búnaðarbankans alla stjórn sjóðsins án endurgjalds.

15. gr.

Að því leyti sem ekki er annað ákveðið sérstaklega í lögum þessum, gilda um undirbúning undir lánveitingar og annað, er að lánunum og skuldabréfunum lýtur, ákvæði laga nr. 78 19. júní 1933, með síðari viðaukum, eftir því sem við á.

16. gr.

Með reglugerð má setja nánari ákvæði um fyrirkomulag og annað, er snertir lánveitingar til kaupstaða og sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **853. Lög**

um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

(Afgreidd frá Ed. 16. des.).

Samhljóða þskj. 536.

Ed. **854. Lög**

um breytingar á lögum nr. 75 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

(Afgreidd frá Ed. 16. des.).

Samhljóða þskj. 692.

Nd. **855. Lög**

um Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 16. des.).

Samhljóða þskj. 110, með þeirri leiðréttingu á 32. gr., að í stað „1935“ kemur: 1936.

Ed. **856. Frumvarp til laga**

um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 822 með þeirri breytingu, að 7. gr. hljóðar svo:

Almennt eftirlit með framkvæmd laga þessara hafa lögreglustjórar, hver á sínum stað, með aðstoð héraðslækna, heilbrigðisnefnda og tollvörzlumanna.

Ráðherra má auk þess, svo sem nauðsyn krefur, fela sérstökum eiðsvörnum kunnáttumönnum eða opinberum stofnunum, sem hafa kunnáttumönnum á að skipa, einstakar greinir eftirlitsins og jafnvel stjórn þess í heild. Hlutaðeigendum skal jafnan skylt að leyfa eftirlitsmönnum óhindraðan aðgang til eftirlits á þeim stöðum, þar sem matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur eru búnar til, eða þar sem um slíkar vörur er búið, þær geymdar, fluttar eða á annan hátt með þær farið, eða þar sem slíkar vörur eru hafðar á boðstólum, seldar eða látnar á annan hátt af hendi, svo og að láta eftirlitsmönnum ókeypis í té nauðsynleg sýnishorn til rannsóknar, gefa þeim, eftir því sem þörf krefur vegna eftirlitsins, upplýsingar um aðferðir við tilbúning, umbúnað, geymslu, flutning, afgreiðslu og aðra meðferð á slíkum vörum, heimila þeim aðgang að innkaupsreikningum og öðrum skjölum, er máli skipta fyrir starf þeirra, og að aðstoða þá í öllum greinum við framkvæmd eftirlitsins.

Ráðherra er heimilt að ákveða nánar í reglugerð um tilhögun eftirlitsins.

Í reglugerðinni má ákveða, hverjar aðferðir skuli viðhafðar við rannsóknir á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, til að sannreyna vörurnar. Kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði. Heimilt skal þó með reglugerðarákvæði að leggja gjald á vörur þær, sem eftirlitinu eru háðar, til greiðslu á þeim kostnaði, og skal það gjald miðað við verðmæti framleiðslunnar eða innflutningsins.

Ed. 857. Frumvarp til laga

um viðauka við og breyting á lögum nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Innkaupsreikninga yfir eftirtaldar vörur, sem fluttar eru hingað til lands og ekki eru af innlendum uppruna (endursendar íslenzkar afurðir) né teljast til farangurs ferðamanna, skal hlutaðeigandi lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, stimpla á þann hátt, sem segir í 1. gr. laga nr. 5 3. apríl 1928, með þeim hundraðshlutum af innkaupsverði þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands, sem hér greinir:

A. Með 100% stimplast reikningar yfir spil (playing cards).

B. Með 50% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Fatnaður úr silki, nema sokkar. Karlmannafatnaður búinn með silki eða skinni.

C. Með 30% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Albúm. Hanzkar úr skinni og silki. Skinntöskur, skinnveski, skinnbelti. Fatnaður úr skinni, öðru en loðskinni, og húfur allskonar, nema enskar húfur. Gólfklútar.

D. Með 15% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Botnvörpuhlerar og tilheyrandi. Bracket. Ístöð. Beizlisstengur og beizlismél. Túrbínupípur, túrbínur allt að 100 hestafla. Jarðstrengjamúffur fyrir rafkabala. Öryggisdósir. Stauraskór. Kolaausur. Strekkitengur. Þverslár á símastaura. Lausasmiðjur. Decimalvogir. Toppplötur á símastaura. Brunahanar. Brunnkarmar í holræsi og vatnsveitur. Hestrekur, Húsalistar, borðskápar og hillur í hús og annað smíði til húsa. Húsagrindur. Húsahlutar, hálf- eða altilbúnir. Blikkdósir, lóðaðar og smelltar. Gerduft. Strigaskór með gúmmísólum. Pappakassar, -öskjur, -hylki, -bakkar og pappírspokar. Pappír innbundinn og heftur, hverskonar áprentuð eyðublöð, áprentuð bréfsefni og umslög. Bréfsefni og umslög í öskjum. Prentaðir merkimiðar. Bundnar bækur, prentaðar eða ljósprentaðar erlendis fyrir ísl. útgefendur. Band af ísl. bókum, sem eru innbundnar erlendis.

E. Með 10% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Segl. Óbundnar bækur, sem eru prentaðar eða ljósprentaðar erlendis fyrir ísl. útgefendur. Þó er fjármálaráðherra heimilt að undanskilja frá

verðtolli fræðirit ljósprentuð erlendis og þær bækur, sem samið hefir verið um ljósprentun á erlendis fyrir árslok 1934.

F. Með 5% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Færi og fiskilínur, öngultaumar. Málning, oliurrifin málning. Kítti. Þerriolía. Lakkfernis. Lóðabelgir.

G. Verðtollsfrjáls: Hringjur. Beizliskeðjur. Björgunartæki allskonar. Taumlásar. Strigaborðar og strigagjarðir. Harpix. Penslar til málaraiðnar. Linoleum- og gúmmídúkalím. Flóki. Hnappar. Krókar. Smellur. Spennur. Kóssar. Vagnhjól, kerrur og heyvagnar. Vélar, sem eingöngu eru notaðar til iðju og iðnaðar, og varahlutar til þeirra.

Þar sem verðtollurinn er hærri eftir þessum lögum, er tollurinn eftir eldri verðtollslögum innifalinn í honum, en þar sem verðtollurinn er lægri, er tollurinn eins og segir í þessum lögum.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðuneytið um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að lækka eða fella niður verðtoll af útlendum vörum samskonar og þeim, sem framleiddar eru innanlands, ef verðlag á innlendu vörunni reynist, við rannsókn, er ráðherra lætur framkvæma á innlendu vörunni, hærra en honum þykir sanngjarnt í samanburði við verð á samskonar vöru innfluttri frá útlöndum, án verðtolls.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 5 1928, um sýning innkaupsreikninga, og ákvæði 2. gr. sömu laga og gildandi reglugerð um verðtoll gilda einnig um gjald og innheimtu samkvæmt 1. gr. þessara laga. Svo gilda og ákvæði laga nr. 82 26. apríl 1935 um verðtoll, sem ákveðinn er í 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um þetta gjald, og má þar ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum laganna eða reglugerðarinnar.

4. gr.

Ef óeðlilega lágt eða grunsamlegt verð er gefið upp á innfluttri verðtollsskyldri vöru, er tollheimtumanni rétt að ákveða sanngjarnt verð á þeirri vöru til verðtollsákvörðunar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og gilda til ársloka 1936.

Sþ. 858. Nefndarálit

um styrk til flóabátaferða.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samgöngumálanefndir beggja deilda hafa haldið sameiginlega fundi um úthlutun styrks til flóabáta. Flóabátastyrkurinn hefir í frumvarpi því, er fyrir

liggur, verið lækkaður niður í 75000 kr. úr 82000 kr., sem veittar eru á þessu ári. Með tilliti til örðugrar fjárhagsafkomu og nauðsynjar á sparnaði, telja nefndirnar sér ekki fært að leggja til, að sú heildarupphæð verði hækkuð um meira en 1000 kr., enda telja þær, að strandferðirnar séu nú í svo góðu horfi og samgöngur á landi hafi batnað það mikið, að flóabáta sé nú minni þörf en áður. Brtt. nefndanna er á öðru þingskj.

Fyrir nefndunum hafa legið skilagreinir um rekstur og ferðir ýmsra flóabáta. Hafa nefndirnar athugað þær og átt tal við forstjóra skipaútgerðar ríkisins og leitað umsagnar hans. Telja nefndirnar, að skilagreinum þessum sé enn nokkuð áfátt, enda vantar þær alveg frá sumum bátum, og verður að leggja áherzlu á, að styrkur sé eigi útborgaður nema tryggt sé, að hann komi að þeim notum, sem til er ætlazt. Leggja nefndirnar til, að ráðuneytið útborgi styrki á næsta ári eingöngu eftir tillögum skipaútgerðar ríkisins, eftir því sem nánar er tilgreint í nál.

Rétt þykir að lækka styrk til Borgarnesbáts um 5000 kr., með tilliti til þeirrar hjálpar, sem ríkið hefir veitt til að byggja Laxfoss, og þess, að aðstaðan til að annast ferðirnar hefir þar með batnað til mikilla muna. Norðurlandsbátur er hækkaður um 2000 kr., og byggist sú hækkun á gögnum, er fyrir liggja, enda eru á hann lagðar nokkuð meiri kvaðir en áður. Austfjarðabátur er lækkaður um 500 kr., enda falla niður ferðir hans að Skálum. Akranesbát er ætlaður styrkur í stað Hvalfjarðarbáts. Styrkir til Lagarfljótsbáts, Grímseyjarbáts og Rauðasandsbáts eru felldir niður og nokkrir aðrir styrkir lækkaðir örlítið.

Samkvæmt framanskráðu leggja nefndirnar til, að flóabátastyrknum verði skipt sem hér segir:

Djúpbátur	20000 kr.
Borgarnesbátur	15000 —
Norðurlandsbátur	13000 —

enda gangi báturinn milli Sauðárkróks og Skála á Langanesi (a. m. k. 6 ferðir að Skálum) og fari a. m. k. 5 ferðir til Grímseyjar.

Flateyjarbátur	7500 kr.
Sami til vélarkaupa	2000 —
Hornafjarðar—Austfjarðabátur	7500 —
Suðurlandsskip	3500 —
Akranesbátur	1500 —

Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samningar takist við bændur í nærsveitum Akraness um mjólkurflutninga.

Til bátaferða innan Austur-Skaftafellssýslu (þar af 800 kr. til Öræfa)	1500 kr.
Rangársandsbátur	700 —
Stykkishólmsbátur	2600 —

enda hafi báturinn minnst hálfsmánaðarlega viðkomu á einum til tveim stöðum á Skógarströnd.

Mýrabátur	500 kr.
Fljótabátur	400 —
Langeyjarnesbátur	300 —

Nefndirnar leggja áherzlu á, að ferðir flóabátanna verði samræmdar við áætlanir strandferðaskipanna, eftir því sem við verður komið, ennfremur að fargjöld og flutningsgjöld hinna einstöku báta verði samræmd.

Alþingi, 16. des. 1935.

Gísli Guðmundsson,
form. Nd.-nefndar, frsm.
Finnur Jónsson,
fundaskr. Nd.-nefndar, m. fyrirvara.
Gísli Sveinsson. Jón Ólafsson.

Sigurjón Á. Ólafsson,
form. Ed.-nefndar.
Páll Hermannsson,
fundaskr. Ed.-nefndar.
Þorbergur Þorleifsson.

Jón A. Jónsson,
með fyrirvara.

Sþ. **859. Nefndarálit**

um styrk til flóabátaferða.

Frá minni hluta samvinnunefndar samgöngumála.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um tillögur til úrlausnar á samgöngumálum Ísafjarðarsýslna að því er snertir framlag og ábyrgð til byggingar báts til þess að annast samgöngur, einkum í Norður-Ísafjarðarsýslu og að nokkru í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Það er öllum, sem til þekkja, vitanlegt, að samgöngur innan N.-Ísafjarðarsýslu verða að fara fram sjóleiðis, og að vegna þess að strandlengja þessarar sýslu er stórum lengri en nokkurrar annarar sýslu landsins, er ekki hægt að hafa nein not strandferðaskipanna, og einasta leiðin til þess að halda uppi samgöngum innan sýslunnar er að hafa sérstakan og vel útbúinn bát til þessara samgangna, en jafnframt getur sá bátur bætt mjög úr samgönguþörf Vestur-Ísafjarðarsýslu. Norður-Ísfirðingar hafa lagt mikið fé í kaup á flóabátum, svo og til rekstrarkostnaðar þessara báta, en einkum vegna þess að ekki hefir fengizt nægilegt fé til kaupa á hæfilegu skipi og að notast hefir orðið við lélega og óhentuga farkosti, hefir æðimikið af farþegaflutningum farið utan flóabátsins. Það er líka skiljanlegt, að fólk gerir það ekki ótilneytt að fara með skipi 10—16 tíma ferð á vondri sjóleið, þegar skipið hefir engin þægindi, jafnvel ekki svo mikil, að hægt sé að vera undir þiljum, hverju sem viðrar. Vegna þess, hversu strandlengjan er mikil og vogskorin, verða viðkomur margar og leiðin krókótt, sem fara verður í hverri ferð bátsins, og kjósa menn þá fremur að kaupa bát, þó lélegur sé, til þess að komast beinni leið og þar með flýta ferðinni, meðan svo er, að flóabáturinn hefir engin farrými handa farþegum. En við þetta tapar flóabáturinn miklum tekjum.

Norður-Ísafjarðarsýsla er þrískipt: Djúpið, Jökulfirðirnir með Aðalvík, og Austur- og Vestur-Strandir. Af þessu leiðir, að ferðir bátsins verða að vera mjög margar á ári hverju, því ekki er hægt að sameina í einni ferð þessa þrjá

hluta sýslunnar. Auk þess verður báturinn að fara ferðir í vestursýsluna og oft alla leið til Bíldudals í Barðastrandarsýslu. Báturinn verður ennfremur að annast allar póstferðir, nema örsmáar aukapóstferðir, innan norðursýslunnar, svo og til Súgandafjarðar í vestursýslunni. Allar þessar póstferðir verður að fara sjóleiðina, og verður því ódýrast að láta flóabátinn annast þær.

Báturinn hefir á undanförnum árum farið 218 til 231 ferð á ári, og telja þó héraðsbúar, að ekki sé vel séð fyrir samgöngunum í Norður-Ísafjarðarsýslu. Vegna þess að sífelldur rekstrarhalli er og hefir verið á útgerð bátsins, hefir hann orðið að taka að sér æðimargar aukaferðir á ári hverju. Ríkissjóðstillag til þessa báts hefir jafnan verið óverulegt, þegar litið er á samgönguþörfina og erfiðleika þá í samgöngum, sem strjálbýli og hin geysimikla strandlengja veldur héraðsbúum.

Allar aðrar sýslur landsins en Norður-Ísafjarðarsýsla hafa ýmist allar samgöngur eða mikinn hluta samgangnanna á landi.

Engin sýsla landsins hefir fengið eins lítið til samgangna sinna úr ríkissjóði eins og einmitt þessi sýsla, sem þó hefir meiri erfiðleika við að stríða í samgöngumálum en nokkur önnur. Til þess að taka af allan efa um, að hér sé rétt frá skýrt, skal hér birt skýrsla vegamálastjóra.

Um greiðslur úr ríkissjóði til vegamála árin 1876—1933 incl. skipt eftir sýslum.

1.	Gullbringusýsla	kr.	1324681.11
2.	Kjósarsýsla	—	1004105.22
3.	Borgarfjarðarsýsla	—	376601.30
4.	Mýrasýsla	—	1700122.69
5.	Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	—	545733.33
6.	Dalasýsla	—	417922.57
7.	Barðastrandarsýsla	—	185362.40
8.	Ísafjarðarsýsla	—	103544.77
9.	Strandasýsla	—	295598.95
10.	Húnavatnssýsla	—	1373795.84
11.	Skagafjarðarsýsla	—	1108104.47
12.	Eyjafjarðarsýsla	—	989173.22
13.	Suður-Þingeyjarsýsla	—	940087.95
14.	Norður-Þingeyjarsýsla	—	284511.67
15.	Norður-Múlasýsla	—	733812.18
16.	Suður-Múlasýsla	—	679378.39
17.	Austur-Skaftafellssýsla	—	205732.39
18.	Vestur-Skaftafellssýsla	—	745970.97
19.	Rangárvallasýsla	—	1356607.60
20.	Vestmannaeyjar	—	71868.17
21.	Árnessýsla	—	3210645.12
	Samtals	kr.	17653360.31

Reykjavík, 15. nóv. 1935.

Geir G. Zoëga.

Ennfremur birtist hér útdráttur yfir fjárframlög úr ríkissjóði til samgöngubóta árin 1924—1933 incl., einnig skipt eftir sýslum:

	Strandferðir þús. kr.	Flóabátastyrkir þús. kr.	Alls þús. kr.
Vestmannaeyjar	60	„	60
Rangárvallasýsla	„	15	15
Skaftafellssýslur	157	274	431
Múlasýslur	488	42	530
Þingeyjarsýslur	488	15	503
Eyjafjarðarsýsla	283	55	338
Skagafjarðarsýsla	283	10	293
Húnavatnssýslur	345	„	345
Strandasýsla	283	„	283
N.-Ísafjarðarsýsla og Ísafjörður	60	171	231
Vestur-Ísafjarðarsýsla	283	19	302
Barðastrandarsýsla	283	96	379
Dalasýsla	60	7	67
Snæfellsnessýsla	320	28	348
Mýrasýsla	„	120	120
Borgarfjarðarsýsla	„	80	80
	3393	932	4325

Við útreikning á strandferðastyrkjum hefir verið tekið tillit til viðkomustaðafjölda, flutninga og annara aðstæðna hinna ýmsu sýslna. Við flóabátastyrkina hefir verið tekið tillit til notkunar hinna ýmsu héraða af bátunum, t. d. jafnað niður styrkfjárhæð Hornafjarðarbáts á Skaftafells- og Múlasýslur, Djúpsbátsins á báðar Ísafjarðarsýslur, Borgarnesbáts á Mýra- og Borgarfjarðarsýslur og að litlu leyti á Snæfellsnes- og Dalasýslu.

Á þessu tíu ára tímabili hefir verið varið til samgangna á landi 11 millj. 622 þús. króna. Um þriðjungi þess fjár er varið til þeirra sýslna, sem ekki hafa neinar samgöngur á sjó, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu og Rangárvallasýslu. Til Ísafjarðarsýslna hefir verið veitt um 80 þús. kr., þar af mikill meiri hluti til Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Til þess að sanna, að Ísafjarðarsýsla og kaupstaður hafi lagt hlutfallslegan skerf til ríkisþarfa á við aðra landsmenn, skal ennfremur birtur

Útdráttur yfir innheimtu ríkistekna í hinum ýmsu sýslum og kaupstöðum 1926—1933 (talið í þús. kr.).

	1926	1927	1928	1929	1930	1931	1932	1933
Reykjavík	6,275	5,277	6,614	8,206	8,509	7,645	6,530	8,032
Mýra- og Borgarfj.	82	76	87	107	127	103	107	120
Snæfellsn.- og Hnappad.	75	81	100	101	85	75	55	64
Dalasýsla	22	15	21	23	21	21	15	15
Barðastrandarsýsla	114	125	160	171	160	121	95	98

Ísafj.s.- og Ísafjörður .	437	506	564	656	619	527	427	470
Strandasýsla	52	48	56	59	55	38	39	46
Húnavatnssýslur	109	90	100	122	117	91	61	62
Skagafjarðarsýsla	100	90	96	101	99	89	51	68
Eyjafjarðars. og Ak. ..	675	636	833	968	879	777	661	856
Þingeyjarsýslur	154	135	161	190	179	145	81	119
N.-Múlas. og Seyðisfj. .	223	190	181	193	163	155	103	126
S.-Múlasýsla	381	336	402	263	267	225	161	172
Skaftafellssýslur	61	46	60	60	50	49	25	37
Vestmannaeyjar	507	478	569	558	475	581	550	605
Rangárvallasýsla	27	23	26	23	25	26	22	16
Árnessýsla	47	49	52	43	52	54	76	76
Gbr.-, Kjósars. og Hfj. .	427	302	490	492	539	483	381	483
Siglufjörður	382	554	539	492	494	453	612	730
Vínveitingasalan	200	325	529	1,026	1,250			
Neskaupstaður				125	95	94	75	97

Reykjavík	57088
Mýra- og Borgarfjarðarsýsla	809
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	636
Dalasýsla	143
Barðastrandarsýsla	1044
Ísafjarðarsýslur	4206
Strandasýsla	393
Húnavatnssýslur	752
Skagafjarðarsýsla	694
Eyjafjarðarsýsla	6285
Þingeyjarsýslur	1164
Norður-Múlasýsla	1334
Suður-Múlasýsla	2207
Skaftafellssýslur	388
Vestmannaeyjar	4323
Rangárvallasýsla	188
Árnessýsla	449
Gullbringu- og Kjósarsýsla	3597
Siglufjörður	4256
Neskaupstaður	486

Nú er það engan veginn ætlunin, að lagt sé til samgöngubóta í hinum ýmsu héruðum í hlutfalli við framlag til ríkisþarfa, enda skal það viðurkennt, að sum héruð greiða meira til ríkissjóðs en innheimt er innan héraðsins, og önnur (og þá einkum Reykjavík og Siglufjörður) innheimta meira en héraðsbúar sjálfir greiða. Hinsvegar er það vitanlegt, að í Ísafjarðarsýslu og Ísafirði er gjaldið greitt af héraðsbúum, því þeir hafa ekki teljandi verzlunarviðskipti við utanhéraðsmenn.

Til samgangna, eins og annara þarfa landsmanna, ber aðeins að taka tillit

til þess, hversu þörfin er brýn á hverjum stað eða héraði, og miða ríkisframlag eingöngu við það.

Ísfirðingum hefir aldrei komið til hugar að metast um framlag til ríkisþarfa við önnur héruð, en þeim er hin mesta nauðsyn á að fá styrk til þess að geta haldið uppi sæmilegum samgöngum innan héraðsins, og ekki síst að eignast farkost til hinna erfiðu og hættulegu sjóferða, þar sem lífi og heilsu héraðsbúa er ekki stefnt í tvísýnu vegna óhæfilega lélegra skipa.

H/f Djúpbáturinn, sem haldið hafði uppi ferðum innan sýslunnar um 14 ára skeið, varð gjaldþrota á árinu 1933. Ísafjarðarkaupstaður og Norður-Ísafjarðarsýsla voru í ábyrgð fyrir félagið fyrir allstórum fjárhæðum og verða um áraskeið að standa undir þeim böggum. Hlutafé félagsins, sem bæði var frá sýslu, bæ, öllum sveitarfélögum innan sýslunnar, svo og einstökum mönnum, tapaðist og einstakir viðskiptamenn félagsins töpuðu fé við gjaldþrotið.

Nú hefir verið stofnað nýtt félag til þess að halda uppi samgöngunum og þegar fengizt loforð fyrir um 30 þús. kr. hlutafé, en félag þetta sér ekki fært að kaupa eða láta byggja farkost, sem við er hlítandi, nema ríkissjóður styrki félagið með einhverju fjárframlagi og ábyrgð.

Félagi þessu verður stjórnað af mönnum kjörnum af sýslunefnd, enda hefir sýslunefnd ávallt haft yfirstjórn þessara samgöngumála.

Það, sem ýtti undir þessa nýju félagsstofnun, voru undirtektir samgöngumálan. á aukaþinginu 1933, svo og þáverandi ríkisstjórnar, sem auk þess brást vel við nauðsyn héraðsbúa, þegar Djúpbátsfélagið varð gjaldþrota og missti bátinn, sem hafður var til ferðanna, og sendi vitaskipið Hermóð til þess að halda uppi ferðunum þar til sýslunefnd gat fengið mann til þess að taka að sér ferðirnar mestan hluta ársins 1934.

Sýslunefnd og héraðsfundir hafa farið fram á, að ríkissjóður legði fram til bátakaupanna 30 þús. kr. og gengi auk þess í ábyrgð fyrir 60 þús. kr. láni í sama skyni.

Sýslusjóður Norður-Ísafjarðarsýslu, bæjarsjóður Ísafjarðar og hreppar nir, sem lofað hafa meginhluta þess hlutafjár, sem þegar er fengið loforð fyrir, geta ekki innt greiðsluna af hendi nema á nokkrum árum. Sýslusjóður og nokkrir hreppanna verða á næstu árum að greiða skuldir hins eldra félags. Fyrir því er gert ráð fyrir, að hlutaféð til Vestfjarðabátsins h/f greiðist á 10 árum. Með ríkisábyrgð er gert ráð fyrir, að takast muni að fá lán til 10 ára. Af sömu ástæðum mundi nægilegt, að framlag ríkissjóðs til kaupa á bát greiddist á jafnmörgum árum. Ennfremur er líklegt, að hægt væri að komast af með ríkisábyrgð fyrir 30 þúsund króna láni handa félaginu.

Að sjálfsögðu yrði bakábyrgð sýslunefndar fyrir láninu.

Þar sem það er ljóst af öllum ástæðum, að ekki verður unnt að fá sæmilegan farkost til þessara ferða, sem eru lífsskilyrði héraðsbúa og atvinnuvega þeirra, án aðstoðar ríkissjóðs, bæði með framlagi og ábyrgð, og að það er hið mesta sanngirnismál af hendi héraðsbúa, að slík aðstoð verði veitt, leggur minni hluti samvinnunefndar samgöngumála Alþingis til, að í fjárlagafrv. því fyrir 1936, sem nú liggur fyrir Alþingi, verði samþykktar þessar tillögur, sem bornar verða fram á sérstöku þingskjali:

Styrkur til Vestfjarðabátsins h/f til bátskaupa, 1. greiðsla af 10 .. kr. 3000

Ríkisstjórninni heimilast fyrir hönd ríkissjóðs að taka ábyrgð á 30 þús. kr. láni, sem Vestfjarðabáturinn h/f kann að taka til bátskaupa, gegn endurábyrgð Norður-Ísafjarðarsýslu.

Alþingi, 16. des. 1935.

Jón Auðunn Jónsson.

Sþ. 860. Breytingartillögur

við tillögu til þingsályktunar um hækkun útsöluverðs áfengis á Siglufirði.

Frá Guðbr. Ísberg.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi heimilar fjármálaráðherra að samþykkja, að útsöluverð áfengis í Akureyrarkaupstað og Siglufjarðarkaupstað hækki frá því, sem nú er, um eina krónu hver lítri, og skal sú upphæð renna til bæjarsjóða nefndra kaupstaða, til nauðsynlegra útgjalda þeirra.
2. Fyrir orðin í fyrirsögn tillögunnar „á Siglufirði" komi: á Akureyri og Siglufirði.

Nd. 861. Nefndarálit

um frv. til l. um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Ég hefi ekki getað orðið samferða samnefndarmönnum mínum um afgreiðslu frumvarps þessa, en þeir mæla allir með því, að það nái fram að ganga, með meiri og minni breytingum þó. Ég er á móti flestum greinum frumvarpsins, þar sem ég tel, að af samþykkt þeirra mundi leiða verðhækkun þessarar nauðsynjavöru almennings, án þess að líklegt sé, að nokkuð vinnist á móti. Auk þess var á fyrri hluta þess þings, er nú situr, samþykkt löggjöf um sama efni (lög um sölu og flutning á kartöflum), og virðist þó vel mega við þau hlíta, a. m. k. til næsta þings, og legg ég því til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að á fyrri hluta þings þess, er nú á setu, var samþykkt löggjöf um sama efni, sem frumvarpið fjallar um, telur deildin eigi nauðsyn til bera að stofna nú þegar til nýrrar löggjafar um sama efni, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. des. 1935.

Guðbr. Ísberg.

Nd. **862. Frumvarp til laga**

um viðauka við lög nr. 85 26. apríl 1935, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

1. Á árinu 1936 leggur ríkissjóður ekki fram til Ræktunarsjóðs Íslands þann hluta útflutningsgjalds, sem ræðir um í 12. gr. laga nr. 63 28. janúar 1935.
2. Á árinu 1936 greiðir ríkissjóður dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og árið 1935.
3. Á árinu 1936 skal fella niður prentun umræðuparts Alþingistíðindanna, og tekur það einnig til umræðna frá Alþingi 1935.
4. Á árinu 1936 skal aðeins greiða prestum 35 þús. kr. þess embættiskostnaðar, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 36 8. sept. 1931.
5. Á árinu 1936 fellur niður starf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar, sbr. l. nr. 48 4. júní 1924 og l. nr. 9 27. maí 1925.
6. Á árinu 1936 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til verkfærakaupa, sbr. l. nr. 40 7. maí 1928 og l. nr. 75 19. júní 1933, en 60000 kr. Landbúnaðarráðherra setur reglur um skiptingu verkfærakaupastyrks, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.
7. Á árinu 1936 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til búfjárræktar, sbr. l. nr. 32 8. sept. 1931, en 42000 kr. Landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við Búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði verður náð.
8. Á árinu 1936 má ekki verja úr ríkissjóði meiru en 28000 kr. til kaupa á erlendum áburði, sbr. l. nr. 51 28. jan. 1935.
9. Á árinu 1936 leggur ríkissjóður ekki fram fé til bókasafna prestakalla, sbr. l. nr. 17 7. júlí 1931.
10. Á árinu 1936 greiðir ríkissjóður ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en það, sem ákveðið er til móts við 5% úr héruðum, sbr. l. nr. 102 19. júní 1933.
11. Fræðslumálastjórnin skal haustið 1936 sameina skólahéruð eða hluta úr þeim, þar sem því verður við komið, þannig að sami kennari hafi til kennslu og eftirlits ekki færri en 30 og ekki fleiri en 50 börn, enda njóti börnin að minnsta kosti 8 vikna kennslu eða kennslueftirlits í 24 vikur. Kennslumálaráðherra getur, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, hækkað laun þeirra kennara, sem þetta breytta fyrirkomulag nær til, um allt að 20%, miðað við aukningu barnafjöldans, og skiptist sú hækkun milli ríkissjóðs og hlutaðeigandi skólahéraðs eftir sömu hlutföllum og launin eru nú greidd af hvorum aðila.
12. Eftirlit það, sem ríkinu er ætlað að hafa eftir lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirkjun, fellur undir landssímann.
13. Alþingi heimilar ríkisstjórninni að selja eða leigja með þeim skilmálum, sem hún telur viðeigandi, skipin Óðin, Þór og Hermóð.

14. Frá 1. okt. 1936 fellur niður 1. bekkur kennaraskólans, sbr. lög nr. 63 22. nóv. 1907, enda breytir kennslumálaráðherra reglugerð skólans í samræmi við það.
15. Árið 1936 skulu ekki vera launaðir prófdómendur við ríkisskólana eða skóla, sem njóta ríkisstyrks, nema við embættispróf í háskólanum og burtfararpróf í menntaskólunum, kennaraskólanum, stýrimannaskólanum og vélstjóraskólanum, siglingafræðinámskeiðum og vélgæzlunámskeiðum.
16. Frá 1. júlí 1936 gilda um kvennaskólann í Reykjavík hin almennu ákvæði laga um gagnfræðaskóla, nr. 48 19. nóv. 1930, þó þannig, að skólinn starfar eingöngu fyrir konur, og kennslumálaráðherra getur heimilað, að núverandi skólanefnd haldi áfram að stjórna skólanum á sama hátt og áður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 863. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 748 (Framfærslulög).

Frá Emil Jónssyni.

Aftan við tölulið 4. bætist: og að matur skuli sendur heim þeim fjölskyldum, sem að dómi framfærslunefndar og héraðslæknis eiga erfitt um að sækja mat þangað.

Nd. 864. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 789 (Framfærslulög).

Frá Páli Zóphóníassyni.

Í stað „eða annara kunnugra“ komi: og annara kunnugra, telji hann þess þörf.

Nd. 865. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 826 (Framfærslulög).

Frá Finni Jónssyni.

1. málsl. orðist svo:
Framfærslunefnd skal skipuð 3 eða 5 mönnum.

Ed. **866. Lög**

um breyting á lögum nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 16. des.).

Samhljóða þskj. 433.

Nd. **867. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 748 (Framfærslulög).

Frá Héðni Valdimarssyni.

Við 4. Á undan orðinu „framfærsluþurfar" komi: einhleypir.

Nd. **868. Frumvarp til laga**

um loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að mæla svo fyrir, að hvert íslenzkt skip, sem í förum er milli Íslands og útlanda og hefir minnst 12 manna áhöfn, og hvert farþegaskip, sem siglir með ströndum fram og er meira en 200 rúmlestir, skuli hafa loftskeytastöð og að minnsta kosti einn skipverja með loftskeytaprófi.

Nú mælir ráðherra svo fyrir sem að ofan segir, og skal landssiminn þá leigja skipunum tæki gegn hæfilegri leigu, nema eigendur skipanna kjósi að sjá sjálfir fyrir tækjum.

2. gr.

Afl stöðvanna skal vera minnst 125 vatt í loftneti á 600 metra öldulengd og fullnægja að öðru leyti ákvæðum um loftskeytastöðvar í skipum.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur reglugerð um starfrækslu stöðvanna, en skilyrðum landssímans fyrir leyfisbréfum þeirra skal að öðru leyti fullnægt samkvæmt heimild í lögum nr. 82 14. nóv. 1917, um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi, og ákvæðum reglugerðar 27. okt. 1933, um loftskeytastöðvar í skipum, með tilliti til öryggis mannslífa á sjónum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 869. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson, Pétur Ottesen, Bjarni Ásgeirsson.

1. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   2. liður 30. gr. laganna orðist svo:
   Girðingar mega aldrei ná yfir meira en ⅓ hluta af breidd árinnar, og aldrei meira en ¼ hluta af breidd óss eða leiru. Aldrei má girða yfir aðalstraumlínu ár.
2. Við 8. gr.
   a. Framan við frumvarpsgreinina komi:
   Við 2. málsgr. 31. gr. laganna bætist: Frá ákvæðum þessarar málsgreinar er ráðherra þó heimilt, þegar sérstaklega stendur á og veiðimálastjóri mælir með, að veita undanþágu og leyfa, að fjarlægð milli fastra veiðivéla sé nokkru minni en hér er tiltekið.
   b. Upphaf frv.greinarinnar orðist svo:
   Aftan við sömu lagagrein bætist ný málsgrein:
   Nú hagar svo til, að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en svo, að heimilt sé eða leyft samkvæmt 2. málsgrein o. s. frv.

Nd. 870. Nefndarálit

um frumv. til l. um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin er klofin í málinu. Undirritaður meiri hluti leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmaður (EE) var fjarverandi og hefir óbundnar hendur.

Alþingi, 16. des. 1935.

Sig. Einarsson, form., frsm.	Jónas Guðmundsson, fundaskr.	Bjarni Bjarnason.

Ed. 871. Frumvarp til framfærslulaga.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI

Um framfærsluskyldu.

1. gr.

Framfærslustyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sér þess, er sjálfur

hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Framfærslustyrkur skal vera svo mikill sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar eða framfærslunefndar, og honum haga svo, sem hún telur rétt vera, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum.

2. gr.

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

3. gr.

Skylt er foreldrum í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og ala upp börn sín þangað til þau eru 16 ára.

4. gr.

Nú gengur maður að eiga konu þá, er átt hefir áður með öðrum manni barn eða börn, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, er ekki hafa náð þeim aldri, enda hafi hún foreldraráð yfir þeim, og helzt sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur, ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það söm og áður en konan giftist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sínu leyti hefir og kona við börn eiginmanns síns, þau er hann hefir átt, áður en hún giftist honum, með annari konu. Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aftur.

5. gr.

Skylt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafizt framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins, nema kjörforeldrin þrjóti.

6. gr.

Börn skulu, svo sem þau eru fær um, ala önn fyrir foreldrum sínum, og mega foreldrar ekki verða framfærsluþurfar, meðan þau eiga þau börn á lífi, sem eru þess umkomin að annast þau. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri.

7. gr.

Framfærslumaður á rétt á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sín og ala þar önn fyrir þeim, ef hann fer vel með þá. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rétt og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sér eða ráða verustað þess (sbr. þó 15. gr.).

Ef framfærsluþurfi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlag af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á framfærsluþurfi tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald, þar sem framfærsluþurfi á lögheimili eða er staddur, skera úr.

Nú vill framfærslumaður taka á heimili sitt framfærsluþurfa eldri en 16 ára, er honum er skylt fram að færa samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, en framfærsluþurfi vill eigi samþykkja þá ráðstöfun, og má þá eigi flytja framfærsluþurfann þangað án samþykkis hans. Skal þá framfærslumanni gert að greiða meðlag með styrkþega, samkvæmt fyrirmælum 8. gr., ef næg rök liggja til undanfærslu framfærsluþurfa, en sé ella laus undan framfærsluskyldu; eigi má ákvarðað meðlag hærra vera en sem nema mundi framfærslukostnaði styrkþega, ef hann dveldist á heimili framfærslumanns.

8. gr.

Nú fullnægir framfærslumaður eigi framfærsluskyldu sinni, eða hann fer illa með framfærsluþurfa sinn, og er þá dvalarsveitinni skylt að annast framfærsluna gegn endurgjaldi frá framfærslumanni, ef hann eftir úrskurði yfirvalds er fær um að greiða meðlagið, en úrskurði þeim má skjóta til atvinnumálaráðherra.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna í milli, barna yngri en 16 ára, né um framfærslu þá, er getur í 11. gr.

9. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum næstu greinar á undan, ákveður yfirvald, þar er framfærslumaður á heima, eða dvelur, ef hann á hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum eða kjörbörnum, hjóna hvors með öðru og upphæð barnsfararkostnaðar.

10. gr.

Nú er meðlagsúrskurður samkvæmt framansögðu löglega birtur og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rétt að taka fúlguna lögtaki samkv. lögum 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Ef ekki er greidd í gjalddaga fúlga sú, sem framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum, eða stjúpbarni sínu á sama aldri, þá skal um greiðslu fúlgunnar fara sem segir í lögum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu.

Þó á fráskilin kona eigi kröfu á að fá greitt af heimilissveit sinni hærri upphæð en sem svarar meðalmeðlagi fyrir það eða þau börn hennar, er hún hefir á framfæri.

11. gr.

1. Um réttindi og skyldur sveitarstjórna út af framfærslu hjóna og skilgetinna barna og óskilgetinna fer eftir sifjalögum, að því leyti, sem lög þessi ná ekki til.
2. Um framfærsluskyldu húsbænda gagnvart hjúum sínum fer eftir hjúalögum.
3. Um framfærsluskyldu útgerðarmanns gagnvart skipverjum fer eftir sjómannalögum.

4. Um framfærsluskyldu lærimeistara gagnvart iðnnemum fer eftir lögum um iðnaðarnám.

Framfærslumaður eða framfærslusveit hjúa, skipverja og iðnnema á sömu framfærslukröfu á hendur húsbónda, útgerðarmanni og lærimeistara eins og aðili sjálfur, ef hann neytir ekki réttar síns.

II. KAFLI

Um framfærslurétt.

12. gr.

Sérhver íslenzkur ríkisborgari, eldri en 16 ára, á framfærslurétt í heimilissveit sinni, en heimilissveit er sá kaupstaður eða hreppur, þar sem maður á lögheimili. Þar er lögheimili manns, er hann hefir fast aðsetur og greiðir almenn gjöld.

Verði eigi upplýst um lögheimili manns, er leitar framfærslustyrks, þá skal sú sveit, er hann dvelur í, þegar hann verður styrkþurfi, teljast framfærslusveit hans.

13. gr.

Nú flyzt maður milli sveita, og skal hann þá eiga framfærslurétt í þeirri sveit, er hann flytur í, þegar er hann hefir tekið sér þar fast aðsetur. Á þetta jafnt við um þá, sem framfærslustyrks hafa notið, þótt eigi sé endurgreiddur, og aðra. Enginn öðlast þó framfærslurétt í annari sveit með dvöl sinni þar í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli eða annari slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi. Meðan þeir dvelja þar eiga þeir framfærslurétt í þeirri sveit, er þeir áttu lögheimili í, þegar dvöl þeirra á stofnunum þessum hófst, en öðlast þegar framfærslurétt í þeirri sveit, er þeir taka sér bólfestu í, að dvölinni lokinni.

14. gr.

Um framfærslurétt hjóna, sem skilið hafa samvistir, gilda ákvæði 12. og 13. greinar. Skilgetin börn undir 16 ára aldri eiga framfærslurétt í heimilissveit foreldra sinna. Séu hjónin skilin eða sambúð þeirra slitið, á barnið framfærslurétt í heimilissveit þess foreldrisins, er foreldraráðin hefir, eða það fylgir, og helzt sá framfærsluréttur, þótt foreldrið deyi.

Nú hafa hjón skilið samvistir án þess að úrskurðað hafi verið um foreldraráð yfir barni þeirra, er hjá hvorugu dvelur, og á barnið þá framfærslurétt í heimilissveit föður síns, eða þeirri sveit, er hann átti síðast lögheimili í, sé hann dáinn.

Óskilgetin börn innan 16 ára aldurs eiga framfærslurétt í heimilissveit móður sinnar.

15. gr.

Nú hefir lögskyldur framfærslumaður barns komið því í fóstur, og þar er gefið með því samkvæmt meðlagsúrskurði, eða sveitarstjórn hefir ráðstafað barni með ákveðinni meðgjöf, og er þá eigi heimilt að taka barnið frá fóstur-

foreldri, ef þar fer vel um það, að dómi barnaverndarnefndar eða skólanefndar, þar sem barnið dvelur, og fósturforeldrarnir vilja halda barninu, enda krefjist þeir ekki af sveitarstjórn hærri meðgjafar en meðalmeðlags.

Nú vill foreldri barns, sem ráðstafað hefir verið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, taka barnið til sín, en fósturforeldrarnir vilja hafa það áfram, og þeir krefjast ekki meiri meðgjafar en meðalmeðlags, og skal þá barnaverndarráð úrskurða, að fengnum tillögum barnaverndarnefndar eða skólanefndar, þar sem barn og foreldri eiga heima, hjá hvorum aðila barnið skuli dvelja. Áfrýja má úrskurði barnaverndarráðs til ráðherra.

16. gr.

Nú verður barn munaðarlaust, en munaðarlaust telst það barn, sem engan lögskyldan framfærslumann á, þann er vitað sé um eða til verði náð, og er þá sveitarstjórn í dvalarsveit barnsins skylt að annast framfæri þess fyrst um sinn, þar til úr því er skorið, hver sé hin rétta framfærslusveit þess samkvæmt lögum þessum, og skal sú sveit þá taka við framfærslu barnsins, þó með þeim takmörkunum, er segir í næstu grein á undan.

Verði eigi úr því skorið, hver sé hin rétta framfærslusveit barns, er dvalarsveit þess skylt að annast framfærslu þess. Framfærslustyrkur veittur samkv. þessari grein telst styrkur veittur munaðarlausu barni.

17. gr.

Danskir ríkisborgarar, heimilisfastir hér á landi, eiga sama framfærslurétt sem íslenzkir ríkisborgarar meðan þeir dvelja hér.

Aðrir utanríkismenn eignast framfærslurétt hér á landi, þegar þeir fá íslenzkan ríkisborgararétt.

18. gr.

Maður, sem öðlazt hefir framfærslurétt á Íslandi, missir hann, þá er hann missir íslenzks ríkisfangs, enda hafi hann öðlazt ríkisborgararétt í öðru ríki. En öðlist hann aftur íslenzkan ríkisborgararétt, þá á hann framfærslu í heimilissveit sinni.

19. gr.

Nú verður maður, sem eigi á framfærslurétt hér á landi, þurfandi framfærslustyrks hér, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í heimilissveit hans eða dvalarsveit, en endurgreiða skal ríkissjóður framfærslustyrkinn.

20. gr.

Nú er þess krafizt frá útlöndum, að tekið verði hér við framfærslu íslenzks ríkisborgara, og ráðherra álítur, að ekki verði hjá því komizt að veita honum viðtöku, og er þá rétt, að ráðherra vísi honum með fjölskyldu, ef nokkur er, á þá sveit, er framfærsluþurfi til þess kýs, en styrkur sá, er sveitin veitir honum fyrsta árið, er hann dvelur þar, skal henni endurgoldinn úr ríkissjóði.

21. gr.

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur framfærslustyrkur erlendis, og er þá skylt að endurgreiða þann styrk úr ríkissjóði. Sömuleiðis greiðist úr ríkissjóði allur kostnaður við flutning þess styrkþurfa og skylduliðs hans frá útlöndum, ef til slíks flutnings kemur og kostnaðurinn fæst ekki á annan hátt endurgoldinn.

III. KAFLI

Um styrk með börnum ekkna.

22. gr.

Þegar ekkja, sem rétt á til framfærslu hér á landi og börn hefir á framfæri sínu, eitt eða fleiri, á við þau kjör að búa, að hún, að dómi valdsmanns þar, sem hún á heima, er ekki einfær um að kosta framfærslu og uppeldi þeirra, á hún rétt á, að valdsmaðurinn úrskurði henni meðlag samkvæmt lögum þessum. Leita skal valdsmaður álits framfærslunefndar eða hreppsnefndar þar, sem ekkjan á heima, og annara kunnugra, telji hann þess þörf, um hagi hennar, áður en úrskurður er upp kveðinn.

23. gr.

Kveða skal upp úrskurð um meðlag með hverju barni um sig, sem er innan 16 ára aldurs og á framfæri ekkjunnar. Þó skal valdsmaður ekki úrskurða meðlag með öllum börnunum, ef fleiri eru en eitt og hann telur, að meðlag með einu þeirra eða einhverjum muni nægja til þess að ekkjan geti kostað framfærslu allra barnanna. Sérhver úrskurður skal hljóða á nafn ákveðins barns, og séu ekki kveðnir upp úrskurðir með öllum börnunum, skulu úrskurðir hljóða á nafn hinna yngstu. Valdsmaður getur fjölgað úrskurðum og einnig fellt úrskurði úr gildi, ef honum þykir ástæða til, sökum breyttra ástæðna ekkjunnar. Neitun valdsmanns á að kveða upp úrskurð og niðurfelling úrskurðar má jafnan áfrýja til atvinnumálaráðherra.

24. gr.

Upphæð meðlags samkvæmt hverjum meðlagsúrskurði skal vera jöfn meðalmeðlagi í þeirri sveit eða kaupstað, þar sem ekkjan á heimili.

25. gr.

Meðlög með börnum ekkna samkvæmt lögum þessum greiðast af heimilissveit ekkjunnar, á sama hátt og meðlög með óskilgetnum börnum. Þó er heimilissveit ekki skylt að inna af höndum greiðslu, sem ekki er krafizt fyrr en ár er liðið frá því að hún varð gjaldkræf. Þegar greiðslu er krafizt, er skylt að sýna úrskurð og lífsvottorð barnsins, sé þess óskað.

26. gr.

Nú giftist ekkja, sem meðlög fær með börnum sínum samkvæmt fyrirmælum þessara laga, og falla þá meðlagsúrskurðirnir sjálfkrafa úr gildi.

IV. KAFLI

Um stjórn framfærslumála.

27. gr.

Ráðherra hefir yfirstjórn allra framfærslumála í landinu.

28. gr.

Framfærslumálum heima í héraði stjórna bæjarstjórnir og hreppsnefndir, hver í sínu umdæmi.

29. gr.

Í kaupstöðum kýs bæjarstjórn sérstaka nefnd, er nefnist framfærslunefnd, til þess að annast framkvæmdir framfærslumála kaupstaðarins.

Framfærslunefnd skal skipuð 3 eða 5 mönnum, er bæjarstjórn kýs með hlutfallskosningu. Heimilt skal formanni barnaverndarnefndar að sitja fundi framfærslunefndar og bera fram tillögur, er sérstaklega varða börn samkvæmt lögum um barnavernd.

Kjörtímabil framfærslunefndar er hið sama og kjörtímabil bæjarstjórnar. Nefndin kýs sér sjálf formann.

30. gr.

Hreppsnefndum er heimilt að kjósa framfærslunefnd, og fer þá um skipun hennar og verksvið eins og í kaupstöðum, nema að formaður skólanefndar kemur þar í stað formanns barnaverndarnefndar.

31. gr.

Í kaupstöðum og hreppum, þar sem framfærslunefndir eru, skal hver sá, er þarfnast opinberrar hjálpar, snúa sér til formanns framfærslunefndar, eða á skrifstofu nefndarinnar, og skýra frá ástæðum sínum. Framfærslunefnd skal þá, svo fljótt sem við verður komið, halda fund um málið, sé það þannig vaxið, að það geti eigi orðið afgreitt án sérstaks fundar eða beðið reglulegs fundar í nefndinni, og ákveða, hverja hjálp nauðsynlegt sé að veita, og skal sú hjálp látin í té af bæjar- eða sveitarsjóði eftir fyrirmælum nefndarinnar.

32. gr.

Framfærslunefnd skal eigi halda sjaldnar fundi en einu sinni í viku. Skal hún þá afgreiða öll þau erindi, er til hennar hafa borizt, og geta hvers einstaks erindis í gerðabók sinni og hvaða afgreiðslu það hafi hlotið.

Nú þykir styrkþega rétti sínum hallað eða eigi nógu vel fyrir þörfum sínum séð af framfærslunefnd, og má hann þá skjóta máli sínu til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Sérhverjum, er ekki vill una þeirri afgreiðslu, sem mál hans hefir fengið hjá bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er heimilt að áfrýja því til yfirstjórnar framfærslumálanna, er þá skal fullnaðarúrskurð á leggja.

33. gr.

Framfærslunefnd er skylt að veita hverjum þeim, sem til hennar leitar, allar upplýsingar og leiðbeiningar um framfærslumál, eftir því sem í hennar valdi stendur, og sjá um, að framfærsluþurfi fái komið fram réttmætum kröfum sínum eða fengið þann framfærslustyrk, sem honum ber, óskertan.

Hún skal einnig sjá um, að þeir, sem fara þurfa til dvalar á sjúkrahús eða aðra stofnun, fái ábyrgð fyrir dvöl sinni þar frá sveitarfélagi sínu, eða sjúkrasamlagi, nema því sé áður ráðstafað á annan hátt.

34. gr.

Skylt er framfærslunefnd að stuðla að því eftir megni, að fólk þurfi ekki að leita framfærslustyrks, svo sem með því að hvetja það til að sjúkratryggja sig, brýna fyrir því reglusemi, hjálpa því til að komast í atvinnu, benda hreppsnefnd, bæjarstjórn, atvinnubótanefnd eða vinnumiðlunarskrifstofu á, hvar svo bágar séu kringumstæður, að nauðsyn sé fyrir vinnu, koma börnum til sumardvalar á góð sveitaheimili og eiga frumkvæði að öðru því, er í einstökum tilfellum og almennt gæti orðið til þess að forða því frá að þiggja framfærslustyrk.

35. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur setur, að fengnum tillögum framfærslunefndar þar, nánari reglur um tilhögun á framkvæmdum framfærslumála í kaupstaðnum.

36. gr.

Í hreppum, sem eigi kjósa framfærslunefnd, annast hreppsnefnd framkvæmd framfærslumála og gegnir þar skyldum framfærslunefndar samkvæmt lögum þessum, svo sem við á þar.

V. KAFLI

Um tilhögun styrkveitinga.

37. gr.

Framfærslustyrk skal veita á þann hátt, að gætt sé hvorstveggja í einu, hagsmuna almennings og þarfa og velferðar styrkþega.

38. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu styrkþega.

39. gr.

Framfærsluþurfum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sé lagður þeim á heimili þeirra í matvælum, fatnaði og öðrum nauðsynjum, eða greiddur þeim í peningum, allt eftir því, sem framfærslunefnd eða hreppsnefnd telur bezt henta. Húsnæði, sem framfærsluþurfa er útvegað og fyrir er greitt af opinberu fé, eða sveitarstjórn leggur til, skal vera svo útbúið, að dómi héraðslæknis,

að heilsu þeirra, er þar eiga að búa, stafi eigi hætta af. Þar sem almenningsmötuneyti er starfrækt, er framfærslunefnd eða hreppsnefnd heimilt að mæla svo fyrir, að framfærsluþurfar skuli fá mat sinn þar, enda sé mötuneytið að dómi heilbrigðisnefndar að öllu svo útbúið, að sómasamlegt sé, og að matur skuli sendur heim þeim fjölskyldum, sem að dómi framfærslunefndar og héraðslæknis eiga erfitt um að sækja mat þangað.

40. gr.

Nú þarf að ráðstafa framfærsluþurfa, og skal honum þá komið fyrir á góðu heimili, þar sem vel fer um hann, hann látinn fara á sjúkrahús, ef læknir álítur þess þörf, eða honum komið fyrir á vinnuhæli eða framfærslu- eða atvinnustofnun, sem er undir opinberri umsjón.

41. gr.

Nú þurfa foreldrar að leita framfærslustyrks vegna ómegðar sinnar, og má þá hreppsnefnd eða framfærslunefnd koma börnum þeirra, svo mörgum sem þörf þykir, fyrir á góðum heimilum, hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum. Þó þarf samþykki foreldra til þess að taka börnin frá þeim, nema framfærslu og uppeldi barnanna sé áfátt á þann hátt, er segir í 42. gr.

Engu síður skal kosta kapps um að velja góð heimili handa munaðarlausum börnum, er sveitarstjórn annast framfærslu á.

Ekki má sveitarstjórn skilja hjón samvistum nema með leyfi þeirra.

42. gr.

Ef foreldrar, sem ekki þiggja framfærslustyrk, veita eigi börnum sínum, er hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi eða fara illa með þau, þá skal framfærslustjórnin koma börnunum burtu þaðan á góð heimili, þar sem þau fá góðan aðbúnað og lögskipaða fræðslu og venjast algengri vinnu. Meðgjöf með slíkum börnum skal talinn framfærslustyrkur, veittur foreldrum eða öðrum lögskyldum framfærslumönnum barnanna, nema hún sé þegar í stað endurgoldin.

43. gr.

Þegar um ráðstafanir er að ræða eftir 41. og 42. gr., skulu þær eigi framkvæmdar fyrr en barnaverndarnefndir í kaupstöðum og skólanefndir í sveitum hafa haft málið til meðferðar og reynt að leysa það samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, ef það fellur undir ákvæði þeirra, og skal farið eftir tillögum þeirra að því leyti, sem við verður komið. Hið sama gildir um ráðstöfun fávita og vanþroska unglinga, sem nauðsyn krefur, að hið opinbera ráðstafi eða hafi afskipti af.

44. gr.

Sóknarprestar, kennarar og héraðslæknar skulu líta eftir því, að vel sé farið með alla framfærsluþurfa í umdæmum þeirra. Þyki einhverjum ofangreindra aðilja misbrestur á því vera, og geti hann eigi með umvöndun komið lögun á það, ber þeim að kæra mál það fyrir lögreglustjóra, er halda á sveitarstjórn til að gæta skyldu sinnar.

Innansveitarmenn hafa einnig rétt til að kæra yfir vanrækslu í þessu efni, og er lögreglustjóra skylt að rannsaka kærur þær. Skulu slík mál sæta meðferð almennra lögreglumála.

45. gr.

Sveitarstjórn skal gera sér allt far um að stuðla að því, að börn, sem eru undir hennar umsjá, séu þannig upp alin, að þau geti séð fyrir sér sjálf, þá er þau hafa náð 16 ára aldri.

VI. KAFLI

Um vald sveitarstjórnar yfir styrkþegum.

46. gr.

Sá, sem þegið hefir framfærslustyrk, er endurgjalda skal, er háður valdi sveitarstjórnar að því leyti og á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

47. gr.

Fyrir áfallinni framfærsluskuld getur sveitarstjórn beiðzt lögtaks eftir fyrirmælum laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Lögtaksbeiðni er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

48. gr.

Sveitarstjórn getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn framfærslustyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eftirriti af uppskriftargerðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því er styrkinn snertir, leggst veðband á hina uppskrifuðu muni skuldinni til tryggingar, er gengur fyrir öllum öðrum kröfum.

Heimilt er sveitarstjórn að fara með fjárkröfur framfærsluþurfa á hendur öðrum mönnum, án þess samþykki hans komi til.

Verkfæri eða búsmunir, sem sveitarstjórn fær framfærsluþurfa í hendur, eru eftir sem áður eign sveitarinnar.

49. gr.

Sannist það fyrir ráðherra, að sá, er þiggur eða þegið hefir framfærslustyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða gefinn eftir, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal ráðherra, eftir beiðni sveitarstjórnar og tillögum lögreglustjóra, svipta hann fjárráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðunum er sviptur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að framfærslustyrkurinn sé endurgoldinn, skal ráðherra nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviptur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

50. gr.

Sá, sem þiggur framfærslustyrk og er þó vinnufær, er skyldur að fara í viðunanlega vist og vinna hverja þá vinnu, sem sveitarstjórn ákveður og honum er ekki um megn og greidd er með venjulegu kaupgjaldi á þeim stað, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur til að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sé viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra, er sker úr því, eftir að hafa leitað álits tveggja óvilhallra manna og verklýðsfélags á staðnum, ef slíkt er til.

Á sama hátt getur framfærslusveit barnsföður látið hann vinna af sér barnsfúlgu þá, er hún hefir orðið að borga, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og við skylduvinnu á vinnuhæli ríkisins, og ákveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til ríkissjóðs, enda greiði hann kostnað allan af fangelsisvistinni.

Nú hefir framfærslusveit ekki fengið meðlag greitt fyrir þá sök, að ókunnugt hefir verið um dvalarstað greiðanda eða hann hefir komizt undan lagaaðförum, og er þá þeirri sveit, sem ekki hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er greiðandi kemur síðar fram, að ganga að honum að lögum að því er meðlagið snertir.

51. gr.

Nú óhlýðnast þurfamaður skipun sveitarstjórnar, þeirri er getur um í næstu grein hér á undan, og má þá kæra hann um það fyrir lögreglustjóra, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist, með sektum eða fangelsi, eftir málavöxtum.

Með mál út af brotum gegn þessari grein skal fara sem almenn lögreglumál.

52. gr.

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefir vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærslusveit þeirra eða barnsmóðir heimtar, skyldur að setja viðunanlega tryggingu fyrir því, að vandamenn hans, er eftir verða, verði eigi sveitarfélaginu til þyngsla að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni lögreglustjóri utanförina, nema þessum skilyrðum sé fullnægt, að viðlögðu fangelsi samkvæmt 53. gr.

53. gr.

Nú sýnir framfærsluþurfi mikla óhlýðni eða þrjózku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í allt að 3 mánuðum, þó því aðeins, að lögreglustjóri veiti samþykki

sitt til þess í hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu, með samþykki lögreglustjóra og eftir reglum, er ráðherra þar um setur.

Kostnaður við fangelsisvist eftir grein þessari greiðist af ríkissjóði.

VII. KAFLI

Um viðskipti sveitarstjórna og endurgreiðslur framfærslustyrks.

54. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks, og skal hann þá veittur honum af heimilissveit hans.

55. gr.

Verði maður styrkþurfi utan heimilissveitar sinnar sökum slysa, veikinda, atvinnuleysis eða af öðrum orsökum, er dvalarsveitinni skylt að veita þá aðstoð, sem nauðsynleg er til þess að styrkþurfinn fái þá læknishjálp og hjúkrun, sem þarf, eða hann komist heim til sín, en endurgreiða skal heimilissveitin dvalarsveit þann kostnað að fullu.

56. gr.

Sá, sem þegið hefir framfærslustyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld, nema um styrk sé að ræða, sem eigi er endurkræfur eftir þessum lögum eða öðrum. Því aðeins er þó sveitarstjórn heimilt að gera fjárnám í eignum eða tekjum styrkþega, að afkomu hans framvegis sé með því eigi stefnt í þá hættu, að hann þurfi aftur á framfærslustyrk að halda.

Framfærslustyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barns innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í félagi, ef þau eru gift og bæði á lífi, en því foreldrinu, sem er á lífi, ef annað er dáið, og því foreldri, sem það er hjá, eða síðast var hjá, eða er á vegum þess, ef hjónabandi foreldranna er slitið að lögum.

Nú nægir eigi úrskurðað föðurmeðlag til þess að greiða kostnað við uppeldi og framfærslu barns, og skal þá telja þann styrk, sem umfram þarf að veita, veittan móður barnsins, sé hún á lífi.

57. gr.

Nú hefir einhver, sem samkvæmt dómi eða samningi er skyldur til framfærslugreiðslu lögum samkvæmt, vanrækt að gera skyldu sína í þessu efni, og framfærslustjórn hefir þess vegna orðið að greiða þeim, sem réttinn hefir, framfærslustyrk, og telst þá sá styrkur ekki framfærslustyrkur til framfærsluþurfa, ef styrkurinn fer ekki fram úr hinni umsömdu eða úrskurðuðu upphæð, heldur framfærslustyrkur til þess, sem vanrækt hefir greiðslur.

58. gr.

Nú hafa hjón komizt í sveitarskuld í félagi, eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana, báðum fyrir annað og öðru fyrir bæði; þó skal, ef annað þeirra deyr og ekki er fé til að greiða

skuldina, eigi hvíla á því eftirlifanda meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau þá voru í, og ekkert á ekkju, ef hún hefir einn eða fleiri skylduómaga.

Nú hefir dvalarsveit barnsmóður eða framfærslumanns barns greitt úrskurðað barnsmeðlag samkvæmt ákvæðum þessara laga og sifjalaga, og skal þá heimilissveit barnsföður skylt að endurgreiða dvalarsveitinni meðlagið að fullu, og skal telja það framfærslustyrk, veittan barnsföður.

Það sveitarfélag skal inna greiðsluna af hendi, þar sem barnsfaðirinn á lögheimili, þegar greiðslunnar er krafizt.

59. gr.

Skylt er barnsföður að endurgreiða meðlag heimilissveit sinni eða þeirri sveit, er greitt hefir það fyrir hann til dvalarsveitar barnsins, móður þess eða annars framfærslumanns, sé hann þess umkominn að dómi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar.

Heimilt er sveitarstjórn að leggja löghald á kaup barnsföður eða aðrar tekjur hans til greiðslu slíkra meðlaga, og má hvort heldur er skylda húsbónda hans eða atvinnurekanda þann, er barnsfaðirinn starfar hjá, til þess að halda eftir hluta af mánaðarkaupi mannsins eða allri fúlgunni, er honum ber að greiða.

60. gr.

Þegar dvalarsveit hefir greitt meðlag, sem innheimta ber hjá öðru sveitarfélagi, skal sveitarstjórn dvalarsveitar senda kröfu um endurgreiðsluna til síns lögreglustjóra, sem gerir ráðstafanir til þess, að meðlagið verði innheimt hjá heimilissveit barnsföður. Kröfunni skal fylgja kvittun barnsmóður eða annars framfærslumanns fyrir greiðslunni, afrit af meðlagsúrskurði og lífsvottorð barnsins.

61. gr.

Nú deyr barnsfaðir, er samkvæmt úrskurði yfirvalds átti að greiða meðlag með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, og fellur þá niður skylda heimilissveitar þeirrar, er hann síðast átti, til greiðslu meðlags með barni hans, en móðir barnsins eða framfærslumaður eiga rétt á, að heimilissveit þeirra greiði hið úrskurðaða barnsmeðlag, sem þá telst framfærslustyrkur veittur munaðarlausu barni.

62. gr.

Nú giftist móðir barns, er meðlag hefir tekið eftir dauða barnsföður samkvæmt 61. gr., og fellur þá sjálfkrafa úr gildi réttur hennar til að krefjast meðlagsgreiðslna af heimilissveit sinni, nema svo sé ástatt, sem segir í 25. gr. 4. mgr. laga nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

63. gr.

Ekki á sveitarstjórn rétt á að krefjast endurgreiðslu á styrk, veittum af sveitarfé, til að greiða:

1. Gjald fyrir nauðsynlegar bækur og kennsluáhöld handa börnum undir 14 ára aldri.

2. Greftrunarkostnað styrkþega, að því leyti sem eftirlátnar eignir þeirra hrökkva ekki til.
3. Fæðingarhjálp, sem barnsföður er ekki skylt að endurgreiða.
4. Meðlög, sem samkvæmt lögum þessum verða talin veitt munaðarlausum börnum.
5. Meðlög með börnum ekkna, úrskurðuð af valdsmanni.
6. Útgjöld vegna útbúnaðar og sendingar barns, sem komið er til dvalar af barnaverndarnefnd eða framfærslunefnd utan heimilissveitar sinnar.
7. Framfærslustyrk veittan mönnum 60 ára eða eldri.

Allur sá styrkur, sem hér um ræðir, skal þó í bókum sveitarinnar talinn framfærslustyrkur veittur á því ári, sem hann er greiddur úr sveitarsjóði.

64. gr.

Heimilt er bæjarstjórn og hreppsnefnd að gefa upp þeginn framfærslustyrk, þegar eitt ár er liðið frá því að styrkþurfa var síðast veittur framfærslustyrkur.

65. gr.

Nú hefir framfærslunefnd eða hreppsnefnd ráðstafað styrkþurfa til dvalar í aðra sveit, með eða án meðgjafar um lengri eða skemmri tíma, og ber þeirri sveit, sem ráðstafaði dvöl hans, þá að annast framfærslu styrkþurfans meðan hann þarf á óslitnu sveitarframlagi að halda.

66. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks áður en 4 mánuðir eru liðnir frá því hann fluttist til þess sveitarfélags, er hann á heima í, og skal þá hreppsnefnd eða framfærslunefnd láta valdsmann rannsaka eftirfarandi atriði:

1. Hvar framfærsluþurfi átti áður heimilissveit.
2. Hvort hann þáði þar framfærslustyrk, og hve mikinn.
3. Hvenær hann síðast þáði framfærslustyrk þar.
4. Hvort sveitarstjórn fyrrv. heimilissveitar hans eða einstakir sveitarstjórnarmenn, eða aðrir áhrifamenn, hafi hvatt styrkþega til að flytja búferlum, lagt fram fé í því skyni eða á annan hátt beint eða óbeint stutt að för hans, svo sem með gjöfum eða samskotum, svo af því megi ætla, að þær ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að losa fyrrverandi heimilissveit við verandi eða væntanleg þyngsli vegna styrkþegans eða fjölskyldu hans.
5. Önnur atriði, er sveitarstjórn eða framfærslunefnd telur nauðsynlegt að upplýsa í þessu sambandi.

67. gr.

Sannist það við rannsókn þessa, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar styrkþegans, eða einstakir áhrifamenn í sveitarfélaginu, hafi komið því til leiðar, að styrkþegi flutti búferlum í aðra sveit í þeim tilgangi að losa fyrrverandi heimilissveit hans við framfærslu styrkþegans, skal þeirri sveit skylt að endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hann eða fjölskylda hans þarf að þiggja í framfærslustyrk fyrstu 3 árin, sem styrkþegi dvelur í hinni nýju heimilissveit sinni.

Hið sama gildir, ef það sannast, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar hafi lagt fram fé, beint eða óbeint, til þess að styrkþegi gæti komizt hjá því að biðja um framfærsluhjálp hina tilskildu fyrstu 4 mánuði.

68. gr.

Nú verður sveitarstjórn uppvís að því að hafa stuðlað að flutningi manns til annars sveitarfélags í því augnamiði að komast hjá að framfæra hann, og skal þá ríkissjóður endurgreiða dvalarsveit styrkþegans allt, er hún leggur út hans vegna, og innheimta síðan upphæðina hjá fyrrverandi heimilissveit styrkþegans.

VIII. KAFLI

Um jöfnun framfærslukostnaðar.

69. gr.

Í lok hvers reikningsárs, og eigi síðar en 1. marz næsta ár, senda bæjarstjórnir og hreppsnefndir til atvinnumálaráðuneytisins skýrslu yfir framfærslukostnað í kaupstaðnum eða hreppnum umliðið ár og í því formi, sem ráðuneytið ákveður.

Skýrslunni skal fylgja vottorð, staðfest af bæjarfógeta, sýslumanni eða hreppstjóra, um, hve margir karlar og konur á aldrinum 18—60 ára eiga heimili í kaupstaðnum eða hreppnum.

70. gr.

Sýslumenn skulu fyrir 15. júnímánaðar ár hvert senda atvinnumálaráðuneytinu skýrslu um samanlagðar skattskyldar tekjur allra íbúa hvers einstaks hrepps sýslunnar samkvæmt skattskrá fyrir umliðið ár, svo og um skuldlausar eignir samkvæmt sömu skattskrá og loks um skattmat allra fasteigna í hverjum hreppi, sem skatt ber að greiða af síðastliðið ár. Á sama hátt ber bæjarfógetum í kaupstöðum og tollstjóranum í Reykjavík að senda ráðuneytinu tilsvarandi skýrslur úr umdæmum þeirra.

71. gr.

Framfærsluhéruðum landsins skal skipa í tvo flokka. Eru í öðrum flokknum allir kaupstaðirnir og kauptún þau, sem hafa yfir 500 íbúa og eru sérstök sveitarfélög, en í hinum flokknum eru öll önnur sveitarfélög.

72. gr.

Eftir skýrslum þeim, sem um getur í 70. gr., reiknar atvinnumálaráðuneytið út, hver er meðaltalsframfærslukostnaður í hvorum jöfnunarflokknum fyrir sig. Skal það gert á þann hátt, að miða að ⅓ hluta við tölu þeirra karla og kvenna, sem eru á aldrinum 18—60 ára, að ⅓ hluta við skattskyldar tekjur, að ⅙ hluta við skuldlausar eignir og ⅙ hluta við fasteignamat.

73. gr.

Nú fer samanlagður framfærslukostnaður sveitarfélags fram úr meðaltali framfærslukostnaðar í þeim jöfnunarflokki, sem sveitarfélagið tilheyrir, reiknað á sama hátt og segir í næstu grein á undan, og fá sveitarfélögin þá endurgreiðslu úr ríkissjóði eins og hér segir:

1. Reykjavík greiðir meðaltalsframfærslukostnað í flokki kaupstaðanna og fær endurgreidda ⅔ hluta þess, sem fram yfir er.
2. Aðrir kaupstaðir og kauptún í þeim flokki greiða meðaltalsframfærslukostnað í sínum flokki, að frádregnum 10%, og fá endurgreidda ⅔ þess, sem þar verður fram yfir.
3. Sveitarfélög í öðrum jöfnunarflokki greiða meðaltalsframfærslugjald þess flokks, að frádregnum 10%, og fá endurgreidda ⅔ þess, sem þar er fram yfir.

Minni upphæð en 100 krónur greiðist þó aldrei neinu bæjar- eða sveitarfélagi.

Endurgreiðslur úr ríkissjóði samkvæmt þessari grein skulu þó eigi fara fram úr 250 þús. krónum árlega, nema heimild komi til í fjárlögum. Hrökkvi sú upphæð ekki til þess að endurgreiða að fullu samkvæmt reglum þeim, sem settar eru hér að framan, breytast reglurnar þannig, að við meðaltalsframfærslukostnaðinn bætist 5%. Nægi það enn ekki til þess að endurgreiðslan færist niður í hámark, skal bæta við meðaltalsframfærslukostnaðinn öðrum 5%, og svo áfram unz hámarkinu er náð.

74. gr.

Nú eru skýrslur þær, er um getur í 69. gr., ekki komnar til atvinnumálaráðuneytisins fyrir lok marzmánaðar, og skal þá fela sýslumanni eða bæjarfógeta í viðkomandi sýslu eða bæjarfélagi — í Reykjavík tollstjóra — að útvega þær tafarlaust, að viðlögðum dagsektum, ef nauðsyn þykir á vera.

75. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skal hafa lokið skiptingu framfærslufjár milli bæjar- og sveitarfélaga í fyrsta flokki eigi síðar en 1. júlí og í öðrum flokki eigi síðar en 1. október.

76. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir úrskurðarvald um sérstaka reikninga yfir veittan framfærslustyrk og um reikninga sveitarfélaga yfir framfærslukostnað í heild sinni.

Sannist það á einhverja sveitarstjórn, að hún vísvitandi gefi rangar skýrslur eða upplýsingar í þeim tilgangi að öðlast endurgreiðslu frá ríkissjóði, missir viðkomandi sveitarfélag rétt til allrar endurgreiðslu úr ríkissjóði það ár, auk þeirrar hegningar, sem sveitarstjórnin kann að baka sér með slíku athæfi samkvæmt ákvæðum hinna almennu hegningarlaga.

IX. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

77. gr.

Nú hafa sveitarstjórnir gert samninga sín á milli um framfærslu styrkþega, áður en lög þessi koma til framkvæmda, og skulu þeir samningar þá haldast, ef þeir brjóta eigi í bág við ákvæði þessara laga.

Um styrkþurfa, sem ráðstafað hefir verið utan sveitar af sveitarstjórn, áður en lög þessi öðlast gildi, skal fara sem segir í 65. gr. þessara laga.

78. gr.

Nú verður ágreiningur sveitarfélaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá yfirvald skera úr ágreiningi þeim. Séu sveitarfélög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja yfirvald þar, er það sveitarfélag er, sem krafið er. Úrskurði yfirvalds má hvor málsparta skjóta til ráðherra á 6 vikna frests, talið frá þeim degi, er málsaðilja varð kunnugt um úrskurðinn, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á póststöð til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu ráðherra, ef ekki er sent með pósti.

Úr deilum út af sveitarframfæri milli sveitar hér á landi og sveitarfélags í Danmörku skal skorið með samkomulagi milli hlutaðeigandi íslenzks og dansks ráðherra.

79. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1936, og eru frá sama tíma úr gildi felld lög nr. 43 31. maí 1927, fátækralög, og lög nr. 68 23. júní 1932, um breyting á þeim lögum, svo og önnur ákvæði eldri laga, er brjóta í bága við þessi lög. Um alla þá, sem eru á sveitarframfæri við gildistöku laganna, koma ákvæði þeirra til framkvæmda þegar í stað.

Ed. 872. Nefndarálit

um frv. til l. um einkaleyfi til að vinna málningu úr íslenzkum hráefnum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 16. des. 1935.

Páll Hermannsson,	Ingvar Pálmason,	Guðrún Lárusdóttir,
form.	frsm.	fundaskr.

Nd. 873. Nefndarálit

um frumv. til l. um fóðurtryggingarsjóði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndinni hefir ekki unnizt tími til að fara yfir frumvarpið í einstökum atriðum, en nefndarmenn eru sammála um að mæla með því, að málið nái fram að ganga, en áskilja sér rétt til að koma með breytingartillögur við það síðar, eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 17. des. 1935.

Bjarni Ásgeirsson, form. Páll Zóphóníasson, fundaskr., Jón Pálmason, frsm.
Guðbr. Ísberg. Emil Jónsson.

Sþ. 874. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 860 (Hækkun útsöluverðs áfengis).

Frá Jóni A. Jónssyni.

1. Við 1. Í stað „og Siglufjarðarkaupstað“ komi: Siglufjarðarkaupstað og Ísafjarðarkaupstað.
2. Við 2. Fyrir „á Akureyri og Siglufirði“ komi: á Akureyri, Siglufirði og Ísafirði.

Sþ. 875. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 860 (Hækkun útsöluverðs áfengis).

Frá Jóhanni Jósefssyni.

1. Breytingartillagan orðist þannig:
   Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi heimilar fjármálaráðherra að samþykkja, að útsöluverð áfengis í Vestmannaeyjakaupstað, Akureyrarkaupstað og Siglufjarðarkaupstað hækki frá því, sem nú er, um eina krónu hver lítri, og skal sú upphæð renna til bæjarsjóða nefndra kaupstaða, til nauðsynlegra útgjalda þeirra.
2. Fyrir orðin í fyrirsögn tillögunnar „á Akureyri og Siglufirði“ komi: Í Vestmannaeyjum, á Akureyri og Siglufirði.

Nd. **876. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 46 15. júní 1926, um útsvör.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

2. töluliður 1. gr. laganna orðist þannig:

Tekjur aðila, þær er hann hafði síðastliðið ár, og að því leyti sem útlenda gjaldþegna varðar (6. gr. B. 1—2) á tekjur þær, er þeir hafa haft á gjaldárinu, nema á þá verði lagt útsvar á næsta ári eftir almennum reglum. Þá skal athuga, í hverju tekjurnar voru fólgnar, hversu mikil fyrirhöfn, kostnaður og áhætta var samfara öflun þeirra.

2. gr.

Í stað orðsins „gjaldárinu“ í 9. gr. 1. tölul. b og 2., 3. og 4. tölul. komi: útsvarsárinu.

3. gr.

12. gr. 2. og 3. mgr. falli burt.

4. gr.

14. gr. 2. mgr. orðist þannig:

Skjóta má málum þessum til ríkisskattanefndar.

5. gr.

24. gr. útsvarslaganna orðist þannig:

Sá gjaldandi og sú sveitarstjórn, er ekki vill hlíta úrskurði yfirskattanefndar, getur næstu 2 almanaksmánuði eftir dagsetningu úrskurðar hennar skotið honum til ríkisskattanefndar. Ríkisskattanefnd skal hafa lokið úrskurði eigi síðar en 2 mánuðum eftir að kæra kemur til nefndarinnar. Ríkisskattanefnd hefir sama rétt til þess að krefjast upplýsinga sem yfirskattanefnd, en nefndin breytir aðeins þeim útsvörum, sem úrskurður yfirskattanefndar hefir gengið um og síðan hefir verið áfrýjað til hennar.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð.

6. gr.

Á eftir 2. tölul. 25. gr. komi: sbr. 6. gr. B. 1—2.

7. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneyti“ í 26. gr. komi: ríkisskattanefnd.

8. gr.

28. gr. orðist þannig:

Hjón bera ábyrgð á útsvarsgreiðslu hvors annars, enda búi þau saman, þegar niðurjöfnun fer fram.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 10 9. jan. 1935.

10. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal fella texta þeirra, svo og laga nr. 59 1931 og laga nr. 51 1933 inn í meginmál laga nr. 46 1926, um útsvör, og gefa þau út þannig breytt, en jafnframt sé VI. kafli þeirra felldur úr textanum.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Um 1. og 2. gr.

Með breytingum þeim, sem felast í þessum greinum, er því slegið föstu, að aðeins þegar um menn er að ræða, sem búsettir eru erlendis, megi leggja á tekjur gjaldársins. Þó þykir eigi rétt að fastbinda, að svo skuli ætíð gert, ef niðurjöfnunarnefndir telja eigi ástæðu til að óttast, að útsvarið tapist, þó það sé lagt á eftir á.

Um 3. gr.

Hér er lagt til, að felldar séu úr gildi núgildandi reglur um það, hvernig kanna beri, hvort útsvör verði talin blutfallslega hærri eða lægri í einni sveit en annari. Reglur þessar eru óþarfar, vegna þess að auðvelt er að prófa þetta í einstökum tilfellum, með því t. d. að leggja á gjaldandann eftir álagningarreglum viðkomandi sveitarfélaga. Auk þess eru reglur þessar flóknar, og hefir það sýnt sig, að þær hafa verið misskildar af yfirskattanefndum. Er því lagt til, að þær séu úr gildi felldar, og það lagt á vald yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar, með hvaða aðferðum þeir leiti úrlausnar í þessu efni, enda virðist sú tilhögun í fullu samræmi við reglur laganna um ákvörðun útsvara.

Um 4. og 7. gr.

Hér er aðeins um orðabreytingar til samræmis að ræða.

Um 5. gr.

Þegar lög nr. 10 9. janúar 1935 voru sett, hefir án þess að til þess virðist hafa verið ætlazt verið breytt orðalagi 24. gr. útsvarslaganna á þá leið, að eftir breytinguna hafa sveitarstjórnir ekki rétt til þess að áfrýja til ríkisskattanefndar úrskurðum yfirskattanefnda, en þann rétt höfðu þær áður. Er lagt til, að þessu verði breytt í fyrra horf.

Um 6. gr.

Viðbótin er til skýringar og samræmis við breytinguna í 1. gr. frv.

Um 8. gr.

Það virðist eðlilegast, að hvort hjóna ábyrgist útsvarsgreiðslu hins, á sama hátt og nú er um tekju- og eignarskatt, og liggja sömu rök að þessari breyting-

artillögu og viðkomandi ákvæðum skattalaganna. Sú hefir og orðið raunin á, að þrátt fyrir heimild niðurjöfnunarnefndar til þess að ákveða ábyrgðina í hverju einstöku tilfelli, þá hafa bæjar- og sveitarsjóðir oftlega orðið fyrir útsvarstapi vegna þess, að lögmæltum skilyrðum til þess að beita þessari heimild hefir eigi verið fullnægt í tæka tíð, enda þótt raunverulegar ástæður gjaldþegnanna gæfu fullkomið tilefni til þess.

Nd. 877. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. Ed. og hefir verið til athugunar hjá sjútvn. Nd. Nefndin telur ákvæði 1. gr. frv. nauðsynleg meðan lög um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda eru í framkvæmd, og í annan stað verður að teljast nauðsynlegt, vegna veðhæfni veiðiskipa, að setja ákvæði um, að sjóveð geti eigi safnazt á veiðiskip vegna venjulegs útgerðarkostnaðar, en eins og frv. þetta er komið frá hv. Ed. er þetta ekki nægilega tryggt. Leggur n. því til, að frv. þetta verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Á eftir orðunum „vegna úttektar á“ komi: vistum.
2. Við 4. gr. Við greinina bætist: enda haldi skipið til heimferðar frá úttektarstað án nokkurra tafa, og telst það eigi heimferð, ef skip stundar veiðar eftir að úttekt hefir farið fram.

Alþingi, 17. des. 1935.

Finnur Jónsson, form., frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskrifari. Páll Þorbjörnsson.
Sigurður Kristjánsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 878. Breytingartillögur

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Frá Emil Jónssyni.

Við III. kafla. Á undan 14. gr. komi ný gr., sem verður 14. gr., svo hljóðandi:

Skuldabréf samkv. lögum þessum, sem eitt bæjar- eða sveitarfélag fær frá öðru, vegna skuldaskila þeirra í milli, skal vera fullgildur gjaldeyrir til greiðslu á skuldum þeirra sveitar- og bæjarfélaga, sem bréfin eignast, á sama hátt og þau væru veitt þeim sem lán samkv. lögum þessum.

Greinatalan breytist samkv. þessu.

Nd. 879. Breytingartillögur

við frv. til laga um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu).

Frá Bergi Jónssyni og Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr. 2. og 3. málsl. („Er heimilt .... eitruninni") falli niður.
2. Við 3. gr. Orðin „svo sem varúðarreglur gegn tjóni af eitrun" falli niður.
3. Við 4. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
   Nú er ákveðið í samþykkt, að eyða skuli svartbak með skotum, og greiðir þá ríkissjóður helming skotmannslauna, en sýslusjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður sinn fjórðung hvor. Þó er ríkissjóði eigi skylt að greiða meira en 20 aura fyrir hvern skotinn svartbak.
4. Við 5. gr. Greinin falli niður.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Hver sá, er hindrar skipaðar svartbaksskyttur að verki, sæti sektum frá 50—500 krónum.
6. Við 7. gr.
   a. Á eftir orðunum í 1. málsl. „ábýlisjarðar sinnar" komi: eða öðrum þeim löndum, sem hann hefir umráð yfir.
   b. Í stað „frá 20—200 krónum" í lok greinarinnar komi: frá 40—300 krónum.

Nd. 880. Nefndarálit

um frv. til l. um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Við leggjum til, að frv. verði ekki gert að lögum, þar sem fyrirsjáanlegt er,

að þær tekjur, sem frv. gerir ráð fyrir, muni hvergi nærri nægja til að fullnægja tilgangi frv. og

að lögin leiða óhjákvæmilega til aukinna og vaxandi útgjalda fyrir sveitar- og bæjarfélög í landinu, sem þegar eru flest í megnri fjárþröng.

Leggjum við til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem lög heimila yfirstjórn fræðslumála fullnægjandi eftirlit með frágangi og verði skólabóka við barnafræðslu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. des. 1935.

Pétur Halldórsson, frsm. Eiríkur Einarsson.

Sþ. **881. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1936.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 2. gr. 2. Nýr liður:
Hátekjuskattur 200000
2. — 2. — 10. Nýr liður:
Benzínskattur 250000
3. — 2. — 13. (Tóbakstollur).
Fyrir „1380000“ kemur 1200000
4. — 2. — 17. (Verðtollur).
Fyrir „1130000“ kemur 1000000
5. — 3. — A. 2. (Rekstrarhagn. landssímans).
Fyrir „458000“ kemur 473000
6. — 3. — A. 3. (Rekstrarhagn. áfengisverzl).
Fyrir „1000000“ kemur 1200000
7. — 3. — A. Sundurliðun 2. Landssíminn II. a. (Einkasímar í sveitum).
Fyrir „25000“ kemur 10000
8. — 3. — A. Sundurliðun 3. Áfengisverzl. I. (Tekjur).
Fyrir „1165000“ kemur 1365000
9. — 3. — A. Sundurliðun 5. Ríkisútvarp. II. 6.
Liðurinn orðist svo:
Til hleðslu- og viðgerðarstöðva og til að greiða fyrir útvarpsnotum 20000
10. — 11. — A. 8. (Skrifstofukostn. sýslum.).
Liðurinn orðist svo:
Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta .. 122100
Þar af 10 þús. kr., er skiptast milli bæjarfógeta eftir fyrirmælum dómsmálaráðherra.
11. — 11. — A. 9. (Landhelgisgæzla).
Fyrir „350000“ kemur 450000
12. — 12. — 3. (Læknisvitjanastyrkur).
a. Fyrir „8150“ kemur 8950
b. Fyrir „200“ til Eyrarsveitar kemur 500
c. Á undan „Í Hofsóshéraði“ kemur:
Í Sauðárkrókshéraði:
Skefilsstaðahreppur 200
d. Á eftir „Í Öxarfjarðarhéraði: Fjallahreppur“ kemur: Presthólahreppur, til læknisvitjana af Austur-Sléttu 300
13. — 12. — 18. c. Nýr liður:
Til fávitahælis á Sólheimum, byggingarstyrkur 3000

14. Við 12. gr. 18. j. Liðurinn orðist svo:
Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum, gegn $\frac{2}{3}$ hlutum annarsstaðar að 15000
Heilsuverndarstöð, sem styrks vill verða aðnjótandi, skal reka berklavarnastarfsemi undir yfirstjórn og eftirliti berklayfirlæknis ríkisins og haga störfum sínum öllum eftir reglum, er heilbrigðisstjórnin samþykkir.

15. — 12. — 18. q. (Ýmsir sjúklingar).
a. Fyrir „1500“ kemur 3500
b. Nýr liður:
Sjúkrastyrkur til séra Jakobs Ó. Lárussonar .. 2000

16. — 13. — A. II. a. 17. (Holtavörðuheiðarvegur).
Fyrir „40000“ kemur 30000

17. — 13. — A. II. a. 20. (Vatnsskarðsvegur).
Liðurinn orðist svo:
Til Húnvetningabrautar frá Hólabaki norðan Vatnsdalshóla að Hnausakvísl 6000

18. — 13. — A. II. a. 46. (Sogsvegur).
a. Liðurinn orðist svo:
Sogsvegur 15000
b. Nýr liður:
Til þjóðvega af benzínskatti:
a. Til malbikunar á Elliðaárvegi, allt að .. 50000
b. — Hafnarfjarðarvegar, allt að 50000
c. — Suðurlandsbrautar, allt að 70000
d. — Holtavörðuheiðarvegar, allt að 40000
e. — Austurlandsvegar, allt að 20000
f. — Geysisvegar, allt að 20000
250000

19. — 13. — A. IX. Nýr undirliður (2.) á eftir liðnum (sem verður 1.):
Til ferju á Hvítá hjá Auðsholti 100

20. — 13. — B. 1. a. (Ríkisskip).
a. Fyrir „400000“ kemur 330000
b. Aths. fellur niður.

21. — 13. — B. 1. c. (Skaftfellingur). Liðurinn orðist svo:
Til h/f Skaftfellings, allt að 22000

22. — 13. — C. IV. (Sjómerki). Á eftir liðnum, sem verður undirl. 1, kemur nýr liður (2):
Til að setja upp hljóð- og ljósdufl við Sandgerðissund, fyrsta greiðsla af fjórum 5000

23. — 13. — C. VII. 3. (Hafnargerð á Ísafirði).
Fyrir „8000“ kemur 20000

24. Við 13. gr. C. VII. 8. (Vestmannaeyjahöfn).
Liðurinn orðist svo:
Vestmannaeyjahöfn, til dýpkunar og uppfyllingar við höfnina, 1. greiðsla af fjórum 30000

25. — 13. — C. VIII. (Blönduós).
Fyrir „10000“ kemur 11000

26. — 13. — C. IX. (Bryggjugerðir og lendingarbætur).
Liðurinn orðist svo:
Til bryggjugerða og lendingarbóta, allt að ⅓ kostnaðar, gegn ⅔ annarsstaðar að, veitist:

1.	Til Hólmavíkur	15000
2.	— Hofsóss	8000
3.	— Þorlákshafnar	4000
4.	— Kirkjuvogs í Höfnum	3000
5.	— Unaóss	3000
6.	— Flateyjar á Breiðafirði	2000
7.	— Arnarstapa	1500
		36500

27. — 13. — C. XI. (Brimbrjótur í Bolungavík).
Liðurinn orðist svo:
Til aðgerða á brimbrjótnum í Bolungavík, gegn jöfnu framlagi annarsstaðar að, fyrsta greiðsla af 70 þús. kr. 30000

28. — 14. — A. b. 5. (Embættiskostnaður presta).
Fyrir „65000“ kemur 35000

29. — 14. — B. X. f. (Verkl. framhaldsnám).
Fyrir „10000“ kemur 6000

30. — 14. — B. XIII. 6. Nýr liður:
Til kennaranámskeiðs 2000

31. — 14. — B. XIV. 2. b. (Stofnkostn. héraðsskóla).
Fyrir „5000“ kemur 10500

32. — 14. — B. XIV. 5. (Byggingarstyrkur Flensborgarskóla).
Fyrir „15000“ kemur 30000

33. — 14. — B. XIV. 6. (Til unglingafræðslu utan kaupst.).
a. Fyrir „13000“ kemur 15000
b. Aths. á eftir:
Þar af til skóla Sigurðar Greipssonar í Haukadal 1000 kr.

34. — 14. — B. XIV. 9. Nýr liður:
Til alþýðuskólans í Reykjavík 2000

35. — 14. — B. XV. 3. (Kvenfél. Ósk).
Fyrir „5500“ kemur 6000

36. — 14. — B. XV. 5. Nýr liður:
Til Staðarfellsskólans, styrkur til raflýsingar 2500

37. Við 14. gr. B. XV. 6. (Húsmæðrask. á Laugalandi).
Fyrir „10000“ kemur 15000
38. — 14. — B. XVIII. 5. Nýr liður:
Til sjóvinnunámskeiðs 2000
39. — 14. — XXIV. Nýr liður:
Til Jóns Þorsteinssonar íþróttakennara, byggingarstyrkur 3000
40. — 15. — 33. Nýir liðir:
a. Til Árna Pálssonar prófessors, til þess að ljúka við samningu sagnarits um kirkjusögu Íslands á lýðveldistímanum 1200
b. Til Tómasar Guðmundssonar skálds 1000
c. Til séra Jóns Thórarensens, til ritstarfa 500
d. Til Helga Guðmundssonar kennara frá Austmannsdal, til þjóðsagnasöfnunar 500
e. Til Péturs Jónssonar söngvara 1000
f. Til Eggerts Stefánssonar söngvara 1000
41. — 15. — 40. Nýr liður:
Til Gunnlaugs Blöndals listamanns 1500
42. — 16. — 2. Nýr liður:
Til nýbýla og samvinnubyggða 180000
43. — 16. — 3. (Sandgræðsla).
Aftan við liðinn kemur aths.:
Þar af 3000 kr. upp í kostnað við framkvæmdir til verndar flæðiengjum Sandsbæja í Öxarfirði.
44. — 16. — 6. b. (Til Búnaðarb. af tekjum tóbakseinkasölu).
Aths. fellur niður.
45. — 16. — 9. (Tilbúinn áburður).
Fyrir „45000“ kemur 28000
46. — 16. — 10 (Garðyrkjufélag Ísl.). Nýir liðir:
a. Til kartöfluverðlauna 30000
b. Til fóðurtryggingarsjóða 15000
47. — 16. — 12. Nýir liðir:
a. Til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum 6000
b. Til Halldórs Pálssonar, til fjárræktarnáms 1000
48. — 16. — 13. f. Nýir stafliðir:
a. Til lækniskandidats, til þess að nema dýralækningafræði erlendis 2000
b. Til Ágústs Jónssonar, til að kaupa smásjá, gegn jafnmiklu framlagi frá Austur-Húnavatnssýslu 350
49. — 16. — 20. Nýr liður:
Til jöklarannsókna 4000
50. — 16. — 21 (Fiskifélagið).
Fyrir „80000“ kemur 72000

51. Við 16. gr. 43. Nýr liður:
Til Helgu Thorlacius, til að útbreiða þekkingu á íslenzkum nytjajurtum 500
52. — 16. — 46. Nýr liður:
Til mæðrastyrksnefndar 2000
53. — 16. — 60 (Mjólkurbú).
Fyrir „55000“ kemur 77000
54. — 17. — 2. Nýr liður:
Til alþýðutrygginga 110000
55. — 17. — 3. (Sjúkrasamlög).
Fyrir „25000“ kemur 10000
56. — 17. — 10. (Ellistyrktarsjóðir).
Liðurinn fellur niður.
57. — 18. — II. a. 5. (Sigurður Thoroddsen).
Fyrir „2000“ kemur 1600
58. — 18. — II. d. 15. (Guðfinna Jensdóttir).
Fyrir „183,04“ kemur 300,00
59. — 18. — II. g. Fyrirsögnin orðist svo:
Rithöfundar og listamenn.
60. — 18. — II. g. 22. Nýir liðir:
a. Til Jóns Stefánssonar málara 3000
b. Til Odds Oddssonar 500
61. — 18. — II. i. 31. (Einar Guðmundsson).
Liðurinn fellur niður.
62. — 18. — II. i. 66. (Ingveldur Guðmundsd.).
Liðurinn fellur niður.
63. — 18. — i. 74. Nýir liðir:
a. Til Jónatans Jónssonar 400
b. Til Kolbeins Kristinssonar 250
c. Til Tómasar Gunnarssonar fiskimatsmanns 200
d. Til Helga Árnasonar fyrrv. safnahúsvarðar 600
e. Til Einars Markússonar fyrrv. ríkisbókara 2000
64. — 22. — VII. Nýir liðir:
a. Að ábyrgjast allt að 35000 kr. lán fyrir Ísafjarðarkaupstað, til greiðslu skuldar vegna hafnargerðar.
b. Að ábyrgjast fyrir Hólshrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu 30000 króna lán til viðgerðar á brimbrjótnum í Bolungavík.
c. Að ábyrgjast fyrir Stokkseyrarhrepp allt að 3500 kr. til greiðslu ógoldinna vinnulauna vegna bryggjugerðar.
d. Að ábyrgjast fyrir tunnuverksmiðju Siglufjarðar allt að 150 þús. kr. rekstrarlán, gegn tryggingu, er stjórnin metur gilda, enda sé lánið greitt að fullu fyrir áramót.
e. Að ábyrgjast fyrir Akureyrarkaupstað allt að 150 þús. kr. til rekstrar tunnuverksmiðju þar, gegn þeim tryggingum, sem stjórnin metur gildar, enda greiðist lánið fyrir áramót.

f. Að ábyrgjast allt að 15 þús. kr. lán til vatnsveitu á Dalvík, gegn tryggingu, er stjórnin metur gilda.
g. Að endurgreiða toll af vínanda eða menguðum vínanda, sem fluttur er inn og notaður til sútunar á skinnum til fatnaðar, og undanþiggja þann vínanda álagningu.
h. Að undanþiggja aðflutningsgjöldum 4000 eintök af steinprentuðum myndum, sem nokkrir menn í Reykjavík hafa látið gera eftir andlitsteikningum Jóhannesar Kjarvals málara.
i. Að leggja fram á næstu 5 árum allt að 10 þús. krónum til kaupa á bókasafni Tryggva Þórhallssonar handa Reykholtsskóla, gegn 5000 króna framlagi frá skólanum sjálfum.
j. Að endurgreiða tolla, 150 krónur, af hljóðfæri, sem blindur maður hefir keypt og notar sér til lífsframfæris.
k. Að kaupa jarðirnar Keldudal, Álftagróf og Holt í Mýrdal, er sæta ágangi Hafursár vegna fyrirhleðslu, sem vegamálastjórnin hefir látið gera þar, við verði, sem Búnaðarfélag Íslands metur, enda greiðist það út á 4 næstu árum.
l. Að verja af tekjum landssímans allt að 5000 krónum til þess að smíða talstöðvar til að leigja íbúum afskekktra eyja á Breiðafirði.

65. Við 23. gr. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar:
a. Stjórn búnaðarbankans veitist heimild til þess að greiða frú Önnu Klemensdóttur, ekkju Tryggva Þórhallssonar bankastjóra, 25% af launum aðalbankastjóra búnaðarbankans og dýrtíðaruppbót að auki.
b. Stjórn sama banka veitist heimild til þess að greiða frú Aðalbjörgu Albertsdóttur, ekkju Þorsteins Sigurgeirssonar bankagjaldkera, 1000 kr.

Nd. 882. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 829 [Bráðabirgðatekjuöflun].

Frá Bjarna Ásgeirssyni og Emil Jónssyni.

a. Í stað „viðskiptagjaldi“ í meginmálsgr. tillögunnar komi: gjaldi samkv. lögum þessum.
b. Aftan við tillöguna bætist: sjóklæði, verkamannaföt og efnivörur í þau.

Nd. 883. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 824 [Bráðabirgðatekjuöflun].

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Á eftir 6. tölul. í brtt. komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
Til malbikunar á vegum í Vestmannaeyjum .. 5000.

Sþ. 884. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1936.

Frá minni hluta fjárveitinganefndar.

1. Við 16. gr. 1. Liðurinn orðist svo:
   Til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum 300000
   gegn tvöföldu framlagi frá bæjar- og sveitarfélögum, enda sé ríkisstjórninni heimilt að krefjast þess, að unnið sé að ⅓ við framkvæmdir fyrir ríkissjóð. Bæjar- og sveitarstjórnir skulu verja ¼ af atvinnubótafé því, sem þær hafa til umráða, til þess að kaupa innlendar matarafurðir til greiðslu upp í verkalaun við atvinnubótavinnu.
2. Við 16. gr. 63. Nýr liður:
   Til greiðslu upp í bátatjón á Ólafsfirði 15000
3. Við 16. gr. 64. Nýr liður:
   Til þess að bæta upp verð á kjöti af framleiðslu ársins 1935 120000

Sþ. 885. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1936.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Við 13. gr. B. 2. (Flóabátaferðir).
Fyrir „75000“ kemur 76000

Nd. 886. Breytingartillögur

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 85 26. apríl 1935, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá Héðni Valdimarssyni.

Við 1. gr.

a. Töluliður 3. falli niður.
b. Töluliður 11. falli niður.
c. Orðið „Þór“ í tölulið 13. falli niður.
d. Töluliður 14. falli niður.

Tala töluliðanna breytist samkv. þessu.

Sþ. 887. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 860 (Hækkun útsöluverðs áfengis).

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 1. Breytingartillagan orðist þannig:
   Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi heimilar fjármálaráðherra að samþykkja, að útsöluverð áfengis hækki frá því, sem nú er, um eina krónu hver lítri, og skal sú upphæð renna til bæjarsjóða þar, sem áfengisútsölurnar eru, til nauðsynlegra útgjalda þeirra.
2. Við 2. Breytingartillagan orðist þannig: Fyrirsögn þingsályktunartillögunnar orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um hækkun á útsöluverði áfengis í þágu bæjarsjóða.

Nd. 888. Breytingartillögur

við frv. til l. um loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Við 2. gr.

a. Fyrir „125 vatt“ komi: 75 vatt.
b. Á eftir orðunum „600 metra öldulengd“ komi: í skipum, sem sigla milli landa.

Ed. 889. Frumvarp til laga

um loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að mæla svo fyrir, að hvert íslenzkt skip, sem í förum er milli Íslands og útlanda og hefir minnst 12 manna áhöfn, og hvert farþegaskip, sem siglir með ströndum fram og er meira en 200 rúmlestir, skuli hafa loftskeytastöð og að minnsta kosti einn skipverja með loftskeytaprófi.

Nú mælir ráðherra svo fyrir sem að ofan segir, og skal landssíminn þá leigja skipunum tæki gegn hæfilegri leigu, nema eigendur skipanna kjósi að sjá sjálfir fyrir tækjum.

2. gr.

Afl stöðvanna skal vera minnst 75 vatt í loftneti á 600 metra öldulengd í skipum, sem sigla milli landa, og fullnægja að öðru leyti ákvæðum um loftskeytastöðvar í skipum.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur reglur um starfrækslu stöðvanna, en skilyrðum landssímans fyrir leyfisbréfum þeirra skal að öðru leyti fullnægt samkvæmt heimild í lögum nr. 82 14. nóv. 1917, um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi, og ákvæðum reglugerðar 27. okt. 1933, um loftskeytastöðvar í skipum, með tilliti til öryggis mannslífa á sjónum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 890. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1936 og við brtt. á þskj. 881 og 885.

I. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*

1. Við 3. gr. A. Sundurliðun 1. Póstsjóður.
Nýr liður, sem verður d. undir II. 1.:
Launabætur til Guðmundar Bergssonar og Magnúsar Jochumssonar, 1000 kr. til hvors 2000
Til vara: 600 kr. til hvors 1200

2. Við 3. gr. A. Sundurliðun 2. Landssíminn.
Athugasemdin á eftir II. b. 13. orðist svo:
Uppbætur á laun greiðast eftir sömu reglum og verið hefir.

II. Frá *Eiríki Einarssyni.*
Við 3. gr. A. Sundurliðun 2. Eignabreyt. Út III. (Nýjar símalínur).
Fyrir „50000“ kemur 55500
Hækkunin, 5500 kr., ætluð til nýrrar símalínu frá Ásum í Gnúpverjahreppi að Ásólfsstöðum.

III. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 10. gr. I. 1. b. (Risnufé ráðherra).
Fyrir „6000“ kemur 5500

IV. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*

1. Við 11. gr. A. 8. (Skrifstofukostn. sýslum. og bæjarfóg.).
a. Fyrir „112100“ kemur 130000
b. Við liðinn bætist aths.:
Skrifstofufé bæjarfógeta greiðist eftir reikningi, er fjármálaráðherra samþykkir.

2. Við 11. gr. A. 19. Nýr liður:
Uppbót á skrifstofufé bæjarfógetans á Ísafirði árið 1935 4100
Til vara 3000

V. Frá *Thor Thors.*
Við 12. gr. 3. (Læknisvitjanastyrkur).
a. Framlagið hækki um 300 kr.
b. Á eftir „Breiðavíkurhreppur" kemur: Neshreppur utan Ennis 300

VI. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 12. gr. 3. (Læknisvitjanastyrkur).
a. Framlagið hækki um 200 kr.
b. Á undan „Í Hofsóshéraði" kemur:
Í Blönduóshéraði:
Vindhælishreppur fyrir norðan Björg 200

VII. Frá *Garðari Þorsteinssyni.*
Við 12. gr. 18. q. Nýr liður:
Til Jóns Einarssonar í Rauðhúsum, styrkur til framfærslu fávita 300

VIII. Frá *Thor Thors.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 4. (Stykkishólmsvegur).
Fyrir „7500" kemur 15000
2. Við 13. gr. A. II. a. 5. (Ólafsvíkurvegur).
a. Fyrir „3000" kemur 4000
b. Nýr liður:
Hellusandsvegur 7500

IX. Frá *Þorsteini Briem.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 6. (Laxárdalsvegur).
Fyrir „1500" kemur 2500
2. Við 13. gr. A. II. a. 7. (Suðurdalavegur).
Fyrir „6000" kemur 8000
3. Við 13. gr. A. II. a. 8. (Saurbæjarvegur).
Fyrir „3000" kemur 4500

X. Frá *Gísla Sveinssyni.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 10. (Síðuvegur).
Fyrir „3000" kemur 6000
2. Við 13. gr. A. II. a. 11. (Mýrdalsvegur).
Fyrir „5000" kemur 8000

XI. Frá *Eiríki Einarssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 14. (Gnúpverjahreppsvegur).
Fyrir „5000" kemur 6200

XII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við brtt. 885 (Við 13. gr. B. 2., flóabátaferðir).
a. Framlagið hækki um 3000 kr.
b. Við liðinn kemur aths.:
Þar af til h/f Vestfjarðabátsins til bátskaupa, fyrsta greiðsla af tíu, 3000 kr.

XIII. Frá *Pétri Ottesen.*
Við brtt. 885 (við 13. gr. B. 2, flóabátaferðir).
Framlagið hækki um 1500 kr.
[Hækkunin bætist við Akranesbátinn].

XIV. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 13. gr. C. VII. 4. (Skagastrandarhöfn).
Fyrir „8000“ kemur 12000

XV. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við brtt. 881, 24 (Við 13. gr. C. VII. 8, Vestmannaeyjahöfn).
Á eftir liðnum komi nýr liður, svo hljóðandi:
Viðbótarstyrkur til dýpkunarframkvæmda á Vestmannaeyjahöfn árið 1936 15000

XVI. Frá *Thor Thors.*
Við 13. gr. C. VIII. (Hafnarbætur).
Fyrir „á Sandi 5000“ kemur:
á Sandi 7000

XVII. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 13. gr. C. VIII. (Hafnarbætur).
Fyrir „á Blönduósi 10000“ kemur:
á Blönduósi 19000
Til vara 13000

XVIII. Frá *Ólafi Thors.*
Við brtt. 881, 26 (Við 13. gr. C. IX.).
1. Við 4. (Kirkjuvogur í Höfnum).
Fyrir „3000“ kemur 5800
2. Við 7. Nýr liður:
Á Stafnesi, fyrri helmingur 2000

XIX. Frá *Eiríki Einarssyni.*
Við brtt. 881, 26,7. (Við 13. gr. C. IX.).
Nýr liður:
Til lendingarbóta á Stokkseyri 5000

XX. Frá *Ólafi Thors.*
Við 13. gr. C. XI. Nýr liður:
Til bryggjugerðar og lendingarbóta í Gerðavör, $^2/_3$ kostnaðar. Fyrsta greiðsla af fimm 5400

XXI. Frá *Sigurði Einarssyni* og *Emil Jónssyni.*
Við 14. gr. A. b. 5.
Aftan við liðinn bætist:
Skal, að svo miklu leyti sem við verður komið, haga úthlutun þessa fjár þannig, að prestar, sem ekki eru komnir í hæstu laun, skuli einskis í missa af embættiskostnaði, fyrr en laun og embættiskostnaður samanlagt fara fram úr hæstu prestslaunum.

XXII. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 14. gr. B. XII. 2. (Kvennaskólinn á Blönduósi).
a. Fyrir „11000“ kemur 12500
b. Við liðinn bætist:
Þar af til fjósbyggingar 1500 kr.

XXIII. Frá *Pétri Halldórssyni.*
Við 14. gr. B. XIII. 6. (Tímaritið „Menntamál“).
Fyrir „800“ kemur 1800

XXIV. Frá *Jakobi Möller.*
1. Við 14. gr. B. XXIV. Nýr rómv. liður:
Til Olympíunefndar Íslands 5000
Til vara 3500
2. Við 15. gr. 33. Nýr liður:
Til Einars Markans söngvara 2000

XXV. Frá *Eiríki Einarssyni, Jóni Ólafssyni* og *Pétri Magnússyni.*
Við 16. gr. 1. (Atvinnubætur).
Á eftir orðunum „að stofnun nýbýla“ í aths. komi: og 150000 krónur til vegagerðar samkv. l. nr. 25 23. júní 1932 (Hellisheiðarvegar). Skal sú vegagerð byrjuð austan frá, við Suðurlandsbraut í Ölfusi.
Til vara:
Fyrir „150000“ í ofanskráðri brtt. komi: 80000.

XXVI. Frá *Þorsteini Briem* og *Hannesi Jónssyni.*
Við 16. gr. 1. Nýir liðir:
a. Til sauðfjáreigenda, bætur fyrir þann halla, er þeir hafa orðið fyrir vegna takmörkunar á útflutningsleyfum á ull og gærum héðan til Þýzkalands, allt að 300000
b. Framlag til kjötverðjöfnunarsjóðs 150000
Nú verður ekki fé fyrir hendi til þessarar greiðslu, og má þá greiða upphæðina af fé því, sem veitt er til atvinnubóta.

XXVII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við brtt. 881, 47. a. (Ræktunarvegur í Vestmannaeyjum).
Í stað „6000“ kemur 9000

XXVIII. Frá *Þorsteini Briem.*
Við 16. gr. 12. Nýr liður:
Til Ingólfs Davíðssonar grasafræðings, til framhaldsnáms í jurtasjúkdómafræði 800

XXIX. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
Við 16. gr. 13. e. Nýr liður:
Til Ásgeirs Guðmundssonar í Æðey, til þess að stunda dýralækningar við Ísafjarðardjúp, gegn jafnháu framlagi annarsstaðar að 400

XXX. Frá *Pétri Ottesen.*
Við brtt. 881, 50. (Við 16. gr. 21, Fiskifélagið).
a. Fyrir „72000“ kemur 77000
b. Aftan við liðinn bætist svo hljóðandi athugasemd: og annist ennfremur birtingu útvarpaðra veðurfregna í verstöðvum landsins.

XXXI. Frá *Pétri Ottesen.*
Við 16. gr. 23. (Birting veðurfregna).
Liðurinn fellur niður.

XXXII. Frá *Gísla Sveinssyni.*
Við 16. gr. 34. (Kvenfélag Hvammshrepps).
Liðinn skal orða svo:
Til kvenfélaga í Vestur-Skaftafellssýslu, til þess að halda uppi kennslu í handavinnu 1000

XXXIII. Frá *Thor Thors.*
Við 16. gr. 41. (Samb. breiðf. kvenna).
Fyrir „250“ kemur 400

XXXIV. Frá *Magnúsi Torfasyni.*
Við 16. gr. 43. (Samb. sunnl. kvenna).
Við lesmálið bætist:
Þar af 1200 kr. til Árnýjar Filippusdóttur.

XXXV. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
1. Við 17. gr. 28. Nýir liðir:
a. Til sjúkra- og styrktarsjóðsins Líkn í Ögurhreppi .. 150
b. Til sjúkra- og styrktarsjóðsins Hjálp í viðlögum í Reykjarfjarðarhreppi 150
2. Við 18. gr. II. b. 32. Nýr liður:
Til Mörtu Þorvaldsson 340

XXXVI. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 18. gr. II. d. 3. (Guðrún Björnsdóttir).
Fyrir „500“ kemur 1000

XXXVII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við brtt. 881, 60. b. (Við 18. gr. II. g. 22).
Nýr liður:
Til Þórarins Jónssonar tónskálds 2000
Til vara 1800

XXXVIII. Frá *Hannesi Jónssyni.*
Við 18. gr. II. i. 74. Nýr liður:
Til Jóns L. Hanssonar frá Móakoti 500
Til vara 350

XXXIX. Frá *Jóni Baldvinssyni, Jónasi Jónssyni* og *Magnúsi Torfasyni.*
Við 22. gr. Á undan I. komi nýr liður (I.):
Að verja fé úr ríkissjóði til launagreiðslu tveggja dómara í hæsta-

rétti, ef dómurum verður fjölgað á árinu 1936 samkvæmt lögum um hæstarétt, nr. 112 14. maí 1935.

XL. Frá *Þorsteini Briem* og *Hannesi Jónssyni*.
Við 22. gr. II. Nýr liður:
Að festa kaup, ef viðunandi samningar takast, á jörðunum Vorsabæ, Yxnalæk og Saurbæ í Ölfusi, til viðbótar við Reykjatorfueignina, svo að hægt verði að reisa þar nýbýlahverfi.

XLI. Frá *Magnúsi Guðmundssyni* og *Jóni Sigurðssyni*.
Við 22. gr. VII. (Hafnargerð á Sauðárkróki).
Aftan við liðinn bætist: ef unnt er.

XLII. Frá *Jóhanni Jósefssyni*.
Við 22. gr. VII. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 40 þús. króna lán fyrir Vestmannaeyjakaupstað, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

Nd. 891. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 85 26. apríl 1935, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá Páli Þorbjörnssyni.

Töluliður 13. orðist svo:
Alþingi heimilar ríkisstjórninni að selja eða leigja með þeim skilmálum, sem hún telur viðeigandi, skipin Óðin og Hermóð, enda verði andvirði þeirra varið til kaupa á nýjum gæzlubátum, ef af sölu verður.

Ed. 892. Frumvarp til laga

um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Til þess að greiða með sérstök framlög úr ríkissjóði til atvinnuveganna, verklegra framkvæmda, nýbýlamyndunar og alþýðutrygginga er ríkisstjórninni heimilt að afla tekna á þann hátt, er greinir hér á eftir.

2. gr.

Með því að leggja á tekjuskatt á árinu 1936 eftir þeim skattstiga, sem hér fer á eftir, í stað þess skattstiga, sem greinir í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og þess viðauka, sem heimilaður er í 1. gr. laga nr. 82 26. apríl 1935:

Af	1000–	2000	kr.	skattskyldum	tekjum	greiðast	10	kr.	af	1000	kr.	og 2% af afg.
—	2000–	3000	—	—	—	—	30	—	–	2000	—	– 5— – —
—	3000–	4000	—	—	—	—	80	—	–	3000	—	– 7,5- – —
—	4000–	5000	—	—	—	—	155	—	–	4000	—	– 10— – —
—	5000–	6000	—	—	—	—	255	—	–	5000	—	– 15— —
—	6000–	7000	—	—	—	—	405	—	–	6000	—	– 20— – —
—	7000–	8000	—	—	—	—	605	—	–	7000	—	– 30— – —
—	8000–	9000	—	—	—	—	905	—	–	8000	—	– 31— – —
—	9000–	10000	—	—	—	—	1215	—	–	9000	—	– 31,5- – —
—	10000–	11000	—	—	—	—	1530	—	–	10000	—	– 32— – —
—	11000–	12000	—	—	—	—	1850	—	–	11000	—	– 33— – —
—	12000–	13000	—	—	—	—	2180	—	–	12000	—	– 34— – —
—	13000–	14000	—	—	—	—	2520	—	–	13000	—	– 35— – —
—	14000–	15000	—	—	—	—	2870	—	–	14000	—	– 36— – —
—	15000–	16000	—	—	—	—	3230	—	–	15000	—	– 37— – —
—	16000–	18000	—	—	—	—	3600	—	–	16000	—	– 38— – —
—	18000–	20000	—	—	—	—	4360	—	–	18000	—	– 39— – —
—	20000–	22000	—	—	—	—	5140	—	–	20000	—	– 40— – —
—	22000–	24000	—	—	—	—	5940	—	–	22000	—	– 41— – —
—	24000–	26000	—	—	—	—	6760	—	–	24000	—	– 42— – —
—	26000–	28000	—	—	—	—	7600	—	–	26000	—	– 42— – —
—	28000	og þar yfir	—	—	—	—	8460	—	–	28000	—	– 44— – —

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, er um ræðir í 3. gr. b-lið laga nr. 6 9. janúar 1935, greiðist 10%, ef skattskyldar tekjur þeirra nema 7000 kr. eða þar yfir.

Sá skattauki, sem lagður kann að verða á 6000 króna skattskyldar tekjur eða þar yfir samkvæmt þessum lögum, skiptist í tvo jafna hluta, og skal öðrum hlutanum varið til þeirra framkvæmda, sem taldar eru í 1. gr., en hinn hlutinn skal renna til bæjar- eða sýslusjóðs kaupstaðar þess eða þeirrar sýslu, þar sem skatturinn er á lagður.

3. gr.

Með því að innheimta á árinu 1936 gjald til ríkissjóðs af vörum þeim, sem fluttar eru hingað til lands og ekki eru undanþegnar því í þessum lögum. Gjaldið skal greiða af innkaupsverði varanna, kominna um borð í skip, sem flytja á vörurnar hingað til lands. Skal hlutaðeigandi lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, stimpla á þann hátt, er ræðir um í lögum nr. 75 27. júní 1921, innkaupsreikninga yfir vörurnar með þeim hundraðshlutum í gjald af innkaupsverðinu, sem hér greinir:

1. Með 2% stimplast reikningar yfir allar aðrar vörur en þær, sem tilgreindar eru í 2., 3. og 4. tölulið hér á eftir, eða eru sérstaklega undanþegnar samkv. næstsíðustu málsgr. þessarar greinar.
2. Með 5% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Bifhjól, blákka, borðbúnaður, annar en sá, er fellur undir 4. tölulið þessarar greinar. Burstavörur, búsáhöld allskonar, eldhúsáhöld allskonar, fólksflutningsbifreiðar,

fægiefni allskonar, glervarningur, greiður, hreinlætisvörur allskonar, húsgögn og húsgagnahlutar, kaffi, lásar, skrár, lamir og tilheyrandi, leirvarningur, postulínsvarningur, ræstiduft, sápa allskonar, sápuduft og spænir. Smávarningur úr alpakka, aluminium, beikalit, beini, blýi, eir, hvítmálmi, járni, látúni, málmblendingi, steintegundum, tini og tré. Speglar, stívelsi, straubretti, straujárn, sykur, tauklemmur, taurullur, tausnúrur, tauvindur, vogir og tilheyrandi, þvottabretti og þvottaefni allskonar.

3. Með 10% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Fatnaður allskonar, band, garn, kakaó, kryddvörur, sagó, skófatnaður annar en gúmmískófatnaður. Sýróp, te, vefnaðarvörur og vefnaður allskonar. Þó er vefnaður og fatnaður, sem tilgreindur er í viðskiptasamningi við Breta, undanþeginn þessum lið, svo lengi sem sá samningur er í gildi.
4. Með 25% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Ávaxtamauk, ávaxtasulta, ávextir niðursoðnir, ávextir nýir, ávextir þurrkaðir, brjóstsykur, grænmeti niðursoðið, grænmeti nýtt, grænmeti þurrkað, gullvarningur, gull og silfur óunnið, hljóðfæri og músikvörur, konfekt, leðurvörur, platínuvarningur, silfurvarningur, snyrtivörur, súkkulaði, úr og klukkur, vörur úr gull-, silfur- og platínu-pletti.

Undanþegnar gjaldi eru vörur þær, er nú skal greina: Áburðarefni, akkeri og akkerisfestar, baðlyf, björgunartæki, blýsökkur, blöð, bækur, tímarit, dráttartaugar fyrir plóga og herfi, endursendar íslenzkar afurðir, endursendar tómar umbúðir, fiskábreiður, fiskilínur, fiskinet, fiskmottur, fiskpressur, forardælur, frystivélar, fræ og trjáplöntur, girðingarefni, grastó, hafragrjón, hafrar, notaðir heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins og hafa verið minnst eitt ár búsettir erlendis, heyvinnsluvélar, hrífur, hrífutindaefni, hrísgrjón, húðir saltaðar, kjöttunnur og efni í þær, kjötumbúðir, kol, landbúnaðarvélar, ljáir og blöð, lóðarbelgir, lóðartaumar, lóðarteinar, lóðarönglar, lýsistunnur og efni í þær, manilla, mjaltavélar, mótorvélar, netagarn, netakork, netakúlur, notaðir munir, sem sendir hafa verið til aðgerðar, olíulampar og tilheyrandi, plógar og herfi, prjónavélar, rúgmjöl, rúgur, sáðvélar, salt, saumavélar, síldarkrydd, síldartunnur og efni í þær, skóflur og landbúnaðarverkfæri allskonar, sláttuvélar, smávarningur á og til fata, svo sem tölur, krókapör, smellur, spennur, leggingar, tvinni, snúrur og teygjubönd, smjörpappír, steinolía, umbúðastrigi, venjulegur farangur farþega, varahlutir til mótorvéla, veiðarfæri og efni í þau, vélaolíur í tunnum og brúsum, vörpugarn, vörpuhlerar, vörpujárn og vörpur. Ennfremur eru undanþegnar viðskiptagjaldi vörur þær, sem tilgreindar eru í auglýsingu um viðskiptasamkomulag milli Íslands og sameinaða konungsríkisins Stórabretlands og Norður-Írlands, nr. 106 29. júní 1933, þó ekki lengur en sá samningur er í gildi. Sömuleiðis eru undanþegnar gjaldinu vélar, tæki og efni vegna virkjunar Sogsins, samkv. lánssamningi, gerðum í Stockholm 8. desember 1934, svo og tæki og efni vegna rafveitu á Siglufirði, samkv. þegar gerðum sérleyfissamningi.

Heimilt er fjármálaráðherra að undanþiggja gjaldi samkv. lögum þessum vélar og áhöld allskonar til nýs atvinnurekstrar og nýrra rafstöðva, sjóklæði,

verkamannaföt og efnivörur í þau. Ennfremur er fjármálaráðherra heimilt að undanþiggja gjaldinu nýtt og þurrkað grænmeti og nýja og þurrkaða ávexti.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

4. gr.

Með því að innheimta á árinu 1936 8 aura innflutningsgjald af hverjum lítra af benzíni, í stað þess innflutningsgjalds, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932.

Nefnt 8 aura gjald skal einnig greiða af öllum benzínbirgðum, sem til eru í landinu þegar lög þessi öðlast gildi; þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda. Sé við gildistöku laganna þegar greitt af birgðum 4 aura gjald það, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, greiðist 4 aura gjald af birgðunum til viðbótar. Gjaldið skal greiða hvort heldur benzínið er í vörzlum eiganda sjálfs eða ekki. Sérhver sá, er á eða hefir umráð yfir 300 lítrum af benzíni eða meira þann dag, er lög þessi ganga í gildi, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Skal hann skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir hans og mæla, ef til kemur. Innheimtumaður getur krafizt upplýsinga hjá benzíninnflytjendum og benzínsölum um sölu samkvæmt verzlunarbókum til viðskiptamanna áður en lög þessi ganga í gildi.

Þeim tekjuauka, sem leiða kann af framangreindri hækkun innflutningsgjaldsins af benzíni, skal varið til að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega svo sem hér greinir:

1.	Til Suðurlandsbrautar	allt að 70000 kr.
2.	Til malbikunar á veginum frá Reykjavík að Elliðaám	— 50000 —
3.	Til Hafnarfjarðarvegar	— 50000 —
4.	Til Holtavörðuheiðarvegar	— 40000 —
5.	Til Austfjarðavegar	— 20000 —
6.	Til Geysisvegar frá Múla	— 20000 —

Það, sem ofangreindur tekjuauki kann að fara fram úr 250000 krónum, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 1937.

Endurgreiða skal innflutningsgjald af benzíni, sem umfram er 4 aura á lítra og notað er við akstur á efni til virkjunar Sogsins, eftir reglum, er fjármálaráðherra setur.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 84 6. júlí 1932 um innheimtu og endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni samkvæmt þessum lögum.

5. gr.

Lög þessi raska að engu leyti gildandi lögum um verðtoll. Ákvæðin um sýning innkaupsreikninga í 1. gr. laga nr. 5 3. apríl 1928, svo og ákvæðin í gildandi reglugerð um verðtoll og ákvæði 4.–15. gr. laga nr. 54 15. júní 1926 og 4. gr. laga nr. 11 2. júní 1933 skulu gilda, eftir því sem við á, um gjald samkv. 1. gr. þessara laga.

Sérstök skilagrein skal gerð fyrir þessu gjaldi. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um greiðslu gjaldsins af vörum, sem sendar eru til landsins í pósti, og um annað, er snertir framkvæmd laganna, og má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot á henni.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1936.

Nd. 893. Nefndarálit

um frv. til l. um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin er klofin í málinu. Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn (GÞ, TT) vill fella það.

Alþingi, 18. des. 1935.

Héðinn Valdimarsson, form., frsm. Bergur Jónsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Ed. 894. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á 1. grein laganna verði þessar breytingar:

1. *Ós í sjó.* Skilgreiningin breytist þannig: Það svæði, er liggur milli þess staðar, er straumur fellur niður í ánni um smástraumsflóð, og niður til þess staðar, er straumur fellur niður um smástraumsfjöru.
2. Í orðaskýringarnar bætist í rétta stafrófsröð:

   Áll: Þeir staðir langs eftir vatni eða á, þar sem dýpi er mest. Nú eru fleiri álar en einn, og heitir sá höfuðáll, sem dýpstur er.

   Kvísl: Þar, sem á fellur ekki í einu lagi, eða skiptist um hólma, sandeyrar, kletta eða grynnsli, kallast sá hluti vatns kvísl, sem fullur sér þegar vatnsborð er lægst.
3. Orðið „Vatn“ með skýringum falli niður, en í staðinn komi:

   Stöðuvatn: Öll þau vötn ofan ósa, sem eigi er meiri straumhraði í en 18 metrar á klukkustund, nema sá straumur, sem orsakast af sjávarföllum eða afrennsli í stórflóðum.

   Straumvötn: Öll þau vötn ofan ósa, sem meiri straumhraði er í en 18 metrar á klukkustund þegar enginn vöxtur er í vatni og um lágfjöru.

2. gr.

Fyrsti liður 16. greinar laganna orðist þannig:

Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 15. sept. ár hvert. Ráðherra getur þó, eftir tillögum veiðimálastjóra, heimilað stangarveiði til 20. september.

3. gr.

Síðasti málsliður 20. greinar laganna orðist þannig:

Skírteini um veiði til klaks heimilar þó eigi veiði í öðrum fiskihverfum en því, sem klakið er starfrækt við, nema með fullu samþykki veiðieigenda eða fiskiræktarfélaga, ef til eru, og má binda leyfið því skilyrði, að sleppt sé hæfilegri tölu seiða í það vatn, sem veitt var í.

4. gr.

Aftan við 1. lið 22. greinar laganna bætist:

Þó getur ráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef veiðimálastjóri mælir með því.

5. gr.

Fyrir „4,5 cm“ í 1. lið 28. greinar laganna komi: 3,5 cm.

6. gr.

Fyrir „4,5 cm“ í 1. lið 29. greinar laganna komi: 3,5 cm.

7. gr.

2. liður 30. gr. laganna orðist svo:

Girðingar mega aldrei ná yfir meira en $^1/_3$ hluta af breidd árinnar og aldrei meira en $^1/_4$ hluta af breidd óss eða leiru. Aldrei má girða yfir aðalstraumlínu ár.

8. gr.

Við 2. málsgr. 31. gr. laganna bætist: Frá ákvæðum þessarar málsgreinar er ráðherra þó heimilt, þegar sérstaklega stendur á og veiðimálastjóri mælir með, að veita undanþágu og leyfa, að fjarlægð milli fastra veiðivéla sé nokkru minni en hér er tiltekið.

Aftan við sömu lagagrein bætist ný málsgrein:

Nú hagar svo til, að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en svo, að heimilt sé eða leyft samkvæmt 2. málsgrein, og vill hvorugur víkja. Þá skal mat skera úr ágreiningi. Þar, sem fastar veiðivélar eru settar, skal lögnin vera löggilt af hlutaðeigandi lögreglustjóra í samráði við veiðimálastjóra. Nánari ákvæði um löggildingu lagna skulu sett með reglugerð, er landbúnaðarráðherra semur.

9. gr.

Aftan við 1. málsgr. 46. gr. laganna bætist: Þó má ákveða í samþykkt, að félagsfundir skuli vera fulltrúafundir, þar sem félagssvæði eru stór.

10. gr.

Fyrir „10 ára“ í 64. grein laganna komi: 30 ára.

11. gr.

Aftan við 84. grein laganna bætist ný grein, og breytist greinatala samkvæmt því. Greinin verði þannig:

1. Nú hefir einhver veiðieigandi, sá er veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana með öllu fyrir þá sök, að ákvæði laganna fyrirmuna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma, og skal hann þá eiga kröfu til skaðabóta eftir mati, sbr. 83. gr.

2. Kröfur um bætur skulu sendar ráðherra. Leitar hann um þær umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar og skipar matsmenn. Skaðabætur greiðist að ½ úr ríkissjóði og ½ úr sýslusjóði eða sýslusjóðum viðkomandi sýslu eða sýslna.

Sþ. 895. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1936 og við brtt. á þskj. 881.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 2. gr. 17. Nýr liður:
   Gjald af innfluttum vörum 750000
2. — 3. — A. 5. (Rekstrarhagn. ríkisútvarps).
   Fyrir „97000“ kemur 87000
3. — 12. — 18. b. (Skuldir vegna læknisbústaða o. fl.)
   Orðin „við landsverzlun“ í aths. falli niður.
4. — brtt. 881, 14. (Við 12. gr. 18. j. Heilsuverndarstöðvar).
   Fyrir „⅔ hlutum“ kemur: tvöföldu framlagi.
5. — 13. gr. A. 11. (Byggðar- og gistingastyrkur).
   Fyrir „3500“ kemur 3750
6. — brtt. 881, 26. (Við 13. gr. C. IX. (Bryggjugerðir og lendingarbætur).
   Tölul. 2. skal orða svo:
   Til Hofsóss, fyrsta greiðsla af fjórum 8000
7. — — 881, 26. (Við 13. gr. C. IX. Bryggjugerðir og lendingarbætur).
   Við liðinn bætist athugasemd:
   Ríkissjóðstillagið er bundið því skilyrði, að framlag sé tryggt á móti, ráðherra samþykki áætlun verksins og vitamálastjóri hafi eftirlit með framkvæmd þess.
8. — 14. gr. B. XVIII. 5. Nýr liður:
   Til sundskólahússins á Sveinseyri, byggingarstyrkur 500

9. Við brtt. 881, 38. (Nýr liður við 14. gr. B. XVIII. 5. Sjóvinnunámskeið).
Liðurinn verði nýr rómv. liður (XIX.) og orðist svo:
Til sjóvinnunámskeiðs 2000
Atvinnumálaráðherra ráðstafar styrknum, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands.

10. — — 881, 51 (Nýr liður við 16. gr. 43. Helga Thorlacius).
Liðinn skal orða svo:
Til Helgu Thorlacius, í viðurkenningarskyni fyrir að útbreiða þekkingu á íslenzkum nytjajurtum 500

11. — 18. gr. II. i. 34. (Ólafur Guðmundsson).
Fyrir „300“ kemur 400

12. — 20. gr. Út. I. 1. (Afborganir lána ríkissjóðs).
Liðinn skal orða svo:
Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:
1. Ríkissjóðslán:
a. Innlend lán 287400,00
b. Dönsk lán 325000,00
c. Ensk lán 316700,00
929100

13. — 20. — Út. III. (Vitabyggingar).
Fyrir „70000“ kemur 65000

14. — 22. — III. Nýr liður:
Að endurgreiða úr lífeyrissjóðum barnakennara og embættismanna eftirtöldum mönnum, án vaxta, það fé, sem þeir hafa lagt í sjóðina: Páli Kr. Pálssyni fyrrv. póstmanni í Reykjavík, Jónasi Hallgrímssyni fyrrv. póstmanni í Reykjavík, Gunnari Benediktssyni fyrrv. presti, Magnúsi Jónssyni fyrrv. kennara í Skógi á Rauðasandi, Þóri Tryggvasyni fyrrv. kennara í Reykjavík, Guðgeir Jóhannssyni fyrrv. kennara á Eiðum, Valdimar Sveinbjörnssyni kennara í Reykjavík, Gunnari A. Jóhannessyni fyrrv. kennara á Ísafirði, og Sólveigu Albertsdóttur fyrrv. kennslukonu á Patreksfirði.

15. — 22. — VII. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 18 þús. kr. lán til vatnsveitu í Skagastrandarkauptúni, gegn tryggingu, er stjórnin metur gilda.

Nd. 896. Breytingartillögur

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 85 26. apríl 1935, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá Jakob Möller.

Við 1. gr.
a. Töluliður 4. falli niður.
b. Töluliður 16. falli niður.

Ed. 897. Lög

um breyting á lögum nr. 48 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.).

Samhljóða þskj. 581.

Ed. 898. Lög

um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.).

Samhljóða þskj. 822 með þeirri breytingu, að 7. gr. hljóðar svo sem segir á þskj. 856.

Ed. 899. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 28. jan. 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina komi: Sérleyfi skal eigi veitt til fastra áætlunarferða á heildarleiðum: Reykjavík—Gullfoss, Reykjavík—Geysir, Reykjavík—Reykjanesviti, og á sumardögum Reykjavík—Þingvellir, en þó má veita sérleyfi á einstökum hlutum þessara leiða. Ráðherra getur ákveðið fargjöld á þessum leiðum. Veitt sérleyfi, sem kunna að koma í bága við ákvæði þessarar greinar, skulu hreyfast til samræmis við hana.
2. Á eftir 1. gr. frv. komi ný gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkv. því:

   3. gr. laganna orðist svo:

   Til þess að gera tillögur til póstmálastjórnarinnar um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt lögum þessum skal vera 5 manna nefnd, er sé þannig skipuð: Atvinnumálaráðherra skipar einn, er sé formaður nefndarinnar, Alþýðusamband Íslands einn, Bifreiðastjórafélagið „Hreyfill“ í Reykjavík einn og sérleyfishafar kjósa tvo samkvæmt reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Nefndin skal kosin og skipuð til eins árs í senn, og í fyrsta sinn þegar lög þessi öðlast gildi.
3. Við 3. gr. Í stað „póstmálastjóra“ komi: nefndar þeirrar, sem um getur í 2. gr. þessara laga.

Nd. **900. Nefndarálit**

um frv. til laga um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er eitt af þremur, sem nefndin hefir flutt eftir ósk atvinnumálaráðherra, og samið er af milliþinganefndinni, er samið hefir hin önnur frv. um hliðstæð efni.

Nefndin hefir rætt frv. á nokkrum fundum og borið undir álit skólastjóra stýrimannaskólans. Lagði hann ýmsar breytingartillögur fyrir nefndina.

Taldi hún, að athuguðu máli og fengnum upplýsingum, rétt að gera eina töluverða efnisbreytingu við 5. gr., sem er í því fólgin, að í stað sjóvinnunámskeiða sem inntökuskilyrða, þá verði kennt við skólann og námskeiðin í verklegri sjómennsku. Að vísu getur það haft í för með sér, að skólatíminn lengist nokkuð frá því, sem hann er nú. Hinsvegar telur nefndin nauðsyn vera á því, að stýrimanna- og skipstjóraefnum sé veitt fræðsla í þessum efnum, og telur, að rétt sé að gera þetta að skyldunámsgrein við skólann og námskeiðin, og um leið að prófsatriði. Á þennan hátt myndi skapast meiri festa í verklegri kunnáttu en fást mundi með stuttu námskeiði, og sennilega að einhverju leyti kostnaðarminna fyrir nemendurna. Fyrir því leggur nefndin til að fella niður 20. gr., um sjóvinnunámskeiðin.

Aðrar breytingartillögur eru litlar efnisbreytingar. Þar sem frv. þetta snertir allmikið og er í nánu sambandi við frv. til laga um atvinnu við siglingar, þá taldi nefndin rétt að láta það fá afgreiðslu áður þingi lyki, svo gagnrýni við tillögur hennar mætti við koma milli þinga.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Í stað „eins árs deild“ komi: minnst 4 mánaða deild.
2. Við 5. gr.
   a. Aftan við 5. tölul. undir **Siglingafræði** komi nýr liður, svo hljóðandi:
      Að kunna að nota sextant til þess að geta fundið stað skips með jarðlægum athugunum.
   b. Á eftir **Sjómennska** komi í stað „(munnleg)“: (munnleg og verkleg).
   c. Á eftir málsgr. „Auk þess .... almennri sjómennsku“ komi ný málsgr., svo hljóðandi:
      Skyn á hirðingu og meðferð á skipum, reiða, seglum, siglum, köðlum og vírum og samsetningu þeirra og öðru, sem þar að lýtur. Ennfremur meðferð og hirðing veiðarfæra.
3. Við 7. gr. Fyrir „**Sjómennska** (skrifleg og munnleg)“ komi: **Sjómennska** (skrifleg, munnleg og verkleg).
4. Við 12. gr. Tölul. 2. falli burt, og liðatölurnar breytist samkv. því.

5. Við 19. gr.
   a. 2. málsgr. orðist svo:
      Námskeiðin skulu haldin annaðhvert ár á hverjum stað, en þó eigi nema á tveim stöðum sama árið. Skulu þau standa frá byrjun októbermánaðar og eigi skemur en til janúarloka. Heimilt er að hafa námskeið á öðrum tíma árs, en jafnan skulu þau standa yfir minnst 4 mánuði.
   b. Í stað „kennari“ í 4. málsgr. komi: siglingafræðikennari.
   c. Aftan við 4. málsgr. bætist: Báðir þessir menn skulu vera dómendur við öll fiskimannaprófin utan Reykjavíkur. Þeir skulu og tiltaka öll skrifleg og munnleg verkefni við prófin.
   d. 5. málsgr. falli niður.
6. Við 20. gr. Greinin falli niður, og 21. gr. verði 20. gr.

Alþingi, 18. des. 1935.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari og frsm.	Jón A. Jónsson.

Nd. 901. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll.

Frá Sigurði Einarssyni, Páli Þorbjörnssyni og Finni Jónssyni.

Við 1. gr. F. Orðin „Færi og fiskilínur. Öngultaumar“ falli burt úr liðnum og bætist aftan við G-lið.

Nd. 902. Frumvarp til laga

um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sjóveðréttur samkvæmt 11. kap. siglingalaganna, nr. 56 30. nóv. 1914, fyrir kröfum skipstjóra og skipshafnar til kaups og annarar þóknunar, sem þeir eiga lögmætt tilkall til fyrir starf sitt í þjónustu skipsins, skal einnig ná til vátryggingarfjár skips og farmgjalds, meðan það er ekki af höndum greitt. Bætur skipverja samkvæmt 3. mgr. 41. gr. sjómannalaganna, nr. 41 19. maí 1930, skulu hafa lögveðsrétt í vátryggingarfé skips og farmgjalds og ganga á undan samningsbundnum veðum. Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi, og er vátryggingarsala þá óheimilt að láta vátryggingarféð af höndum fyrr en 2 mánuðir eru liðnir frá því að fyrsta sjópróf var haldið út af slysinu, eða frá því, að skip var dæmt óbætandi með löglegri skoðunargerð samkvæmt 4. gr. siglingalaganna.

2. gr.

Sjóveðsréttar njóta ekki kröfur, sem skipstjóri stofnar við menn eða stofnanir hér á landi í sambandi við útgerð skipa, sem heimilisföst eru hér á landi og eingöngu eða aðallega eru notuð til fiskveiða hér við land, vegna úttektar á vistum, veiðarfærum, hverskonar sem eru, beitu, ís, salti, tunnum, kolum, benzíni, hverskonar olíum og öðrum vélanauðsynjum. Kröfur þessar ábyrgist útgerðarmaður með öllum eignum sínum.

3. gr.

Nú hefir skipstjóri greitt eða tekið á sig ábyrgð á greiðslu úttektar samkvæmt 2. gr., og á hann þá ekki sjóveðsrétt fyrir endurgreiðslukröfu sinni á útgerð skipsins.

4. gr.

Ákvæði 2. og 3. greinar gilda ekki um kröfur, sem stofnaðar eru eingöngu vegna úttektar nauðsynja til heimferðar skips, enda haldi skipið til heimferðar frá úttektarstað án nokkurra tafa, og telst það eigi heimferð, ef skip stundar veiðar eftir að úttekt hefir farið fram.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 903. Nefndarálit

um frumvarp til framfærslulaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir haft frv. þetta til meðferðar á einum fundi, lesið það yfir, en engan tíma haft til verulegrar rannsóknar á jafnvandasömu og yfirgripsmiklu máli sem hér um ræðir.

Þótt orka kunni tvímælis um sum smærri atriði frv., vilja þeir fjórir nefndarmenn, er fund sóttu, leggja til, að það verði samþykkt. Einn þeirra (ÞBr) telur þó þörf nokkurra breytinga, og skrifar því undir nál. með fyrirvara. Einn nefndarmanna (MG) var ekki mættur á fundi og hefir þess vegna óbundið atkvæði.

Alþingi, 19. desember 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Páll Hermannsson, frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.
	Þorsteinn Briem, með fyrirvara.	

Nd. 904. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 85 26. apríl 1935, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá Sigurði Einarssyni og Emil Jónssyni.

Aftan við tölul. 4. bætist:

Skal, að svo miklu leyti sem við verður komið, haga úthlutun þessa fjár þannig, að prestar, sem ekki eru komnir í hæstu laun, skuli einskis í missa af embættiskostnaðargreiðslum fyrr en laun og greiðsla vegna embættiskostnaðar samanlagt fara fram úr hæstu prestslaunum.

Nd. 905. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við lög nr. 85 26. apríl 1935 um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Við 1. gr. 13. lið.

Aftan við liðinn bætist:

Enda verði það tryggt, ef til sölu kemur eða leigu á þessum skipum, að þá verði við landhelgisgæzlu ásamt Ægi að minnsta kosti 4 vopnaðir varðbátar eftir því sem þörf krefur á hverjum stað.

Nd. 906. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við lög nr. 85 26. apríl 1935, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

1. Á árinu 1936 leggur ríkissjóður ekki fram til Ræktunarsjóðs Íslands þann hluta útflutningsgjalds, sem ræðir um í 12. gr. laga nr. 63 28. janúar 1935.
2. Á árinu 1936 greiðir ríkissjóður dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og árið 1935.
3. Á árinu 1936 skal fresta prentun umræðuparts Alþingistíðindanna, og tekur það einnig til umræðna frá Alþingi 1935.
4. Á árinu 1936 skal aðeins greiða prestum 35 þús. kr. þess embættiskostnaðar, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 36 8. sept. 1931.
5. Á árinu 1936 fellur niður starf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar, sbr. l. nr. 48 4. júní 1924 og l. nr. 9 27. maí 1925.
6. Á árinu 1936 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til verkfærakaupa, sbr. l. nr. 40 7. maí 1928 og l. nr. 75 19. júní 1933, en 60000 kr.

Landbúnaðarráðherra setur reglur um skiptingu verkfærakaupastyrks, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

7. Á árinu 1936 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til búfjárræktar, sbr. l. nr. 32 8. sept. 1931, en 42000 kr. Landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við Búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði verður náð.
8. Á árinu 1936 má ekki verja úr ríkissjóði meiru en 28000 kr. til kaupa á erlendum áburði, sbr. l. nr. 51 28. jan. 1935.
9. Á árinu 1936 leggur ríkissjóður ekki fram fé til bókasafna prestakalla, sbr. l. nr. 17 7. júlí 1931.
10. Á árinu 1936 greiðir ríkissjóður ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en það, sem ákveðið er til móts við 5‰ úr héruðum, sbr. l. nr. 102 19. júní 1933.
11. Alþingi heimilar ríkisstjórninni að selja eða leigja með þeim skilmálum, sem hún telur viðeigandi, skipin Óðin, Þór og Hermóð.
12. Árið 1936 skulu ekki vera launaðir prófdómendur við ríkisskólana eða skóla, sem njóta ríkisstyrks, nema við embættispróf í háskólanum og burtfararpróf í menntaskólunum, kennaraskólanum, stýrimannaskólanum og vélstjóraskólanum, siglingafræðinámskeiðum og vélgæzlunámskeiðum.

Nd. 907. Nefndarálit

um frv. til l. um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Minni hluti allsherjarnefndar vill ekki fallast á frumvarp þetta í þeirri mynd, sem það nú er. Við teljum ekki, jafnvel þó að ríkið setti á stofn ferðamannaskrifstofu, að þá væri þar með nauðsyn á að svipta þá, sem þegar hafa rekið ferðamannaskrifstofur hér, rétti til að halda þeirri starfsemi áfram. Hinar erlendu ferðamannaskrifstofur eiga að ráða því sjálfar, hvaða umboðsmenn þær hafa hér, og það getur orðið mjög hættulegt, ef ríkisvaldið ætlar að þvinga erlendar ferðamannaskrifstofur til að hafa hér aðra umboðsmenn en þær sjálfar vilja hafa. Gæti það leitt til þess, að ferðamannastraumur hingað til landsins minnkaði, því augljóst er, að hinar erlendu ferðamannaskrifstofur ráða mjög miklu um ferðamannastrauminn.

Við teljum hinsvegar æskilegt, að sett sé löggjöf, sem gengur í þá átt að tryggja það, að auglýsingastarfsemi fyrir Ísland sé sem mest, og á þann veg séu gerðar frekari tilraunir til þess að fá ferðamenn til að koma hingað til landsins. Þessi starfsemi getur vitanlega átt sér stað, þó að ríkið reki ekki ferðamannaskrifstofu, eða heimili öðrum einnig að reka slíkar skrifstofur. Við teljum einnig þarflegt að setja löggjöf, sem má verða til verndar því, að útlendir ferðamenn fái hér sem beztan aðbúnað og beztar leiðbeiningar. Við myndum því vera fúsir til að samþykkja löggjöf, sem gengi í þessa átt, en með því að aðaltilgangur þessa frumvarps virðist vera sá, að svipta þá, sem þegar hafa sett

á stofn hér ferðamannaskrifstofur, rétti til að halda þeirri starfrækslu áfram, og skapa hér nýja ríkiseinokun, þá leggjum við til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 19. des. 1935.

Garðar Þorsteinsson, frsm. Thor Thors.

Nd. 908. Frumvarp til laga

um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka í sínar hendur innflutning á kartöflum og öðrum garðávöxtum frá 1. maí 1936, og er þá öllum öðrum óheimilt að flytja nefndar vörutegundir til landsins.

Lög þessi ná þó ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs kartöflur, ef birgðirnar eru, að áliti tollstjóra í Reykjavík og lögreglustjóra annarsstaðar, eigi meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum.

2. gr.

Stofnun, sem nefnist Grænmetisverzlun ríkisins, skal annast innflutning og verzlun kartaflna og annara garðávaxta samkvæmt lögum þessum.

Ríkissjóður leggur fram nauðsynlegt stofnfé til verzlunarinnar, og er ríkisstjórninni heimilt að taka lán í því skyni.

3. gr.

Grænmetisverzlun ríkisins er skylt að kaupa fyrir gildandi innkaupsverð samkvæmt 10. gr. allar þær kartöflur, sem framleiddar eru innanlands og fram eru boðnar á þeim stöðum, er hún ákveður, eftir því sem geymslurúm og markaðsþörf leyfir. Skal hún haga innkaupum og verzlun sinni þannig, að hver landshluti sé fyrst látinn fullnægja sínni neyzluþörf, eftir því sem við verður komið.

Eftir því sem fært þykir skulu þeir framleiðendur látnir sitja fyrir um kaup að haustlagi, sem erfiðast eiga um flutninga að vetrarlagi.

4. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Grænmetisverzlun ríkisins, að banna innflutning á þeim tegundum garðávaxta, sem framleiða má í landinu sjálfu og Grænmetisverzlun ríkisins annast ekki innflutning á, eftir því sem nauðsynlegt kann að verða til þess að tryggja markað fyrir innlenda framleiðslu.

5. gr.

Grænmetisverzlun ríkisins er heimilt að leigja eða láta reisa í Reykjavík geymslu- og markaðsskála fyrir kartöflur og aðra garðávexti, sem framleiddir eru í landinu og ætlaðir eru til sölu innanlands.

Stærð skálans skal við það miðuð, að hann rúmi til geymslu allt að 6000 tn. af garðávöxtum, en lóð þannig valin og byggingu þannig hagað, að auðvelt sé að stækka hann, ef þörf krefur.

Heimilt er Grænmetisverzlun ríkisins að láta reisa geymslur fyrir garðávexti á þeim stöðum úti um land, þar sem hún telur brýna þörf fyrir þær.

Í byggingar samkvæmt þessari grein má þó ekki ráðast nema með samþykki ríkisstjórnarinnar.

6. gr.

Grænmetisverzlun ríkisins selur til félaga, kaupmanna, kaupfélaga og annara, er hafa verzlunarleyfi, svo og til bæjar- og sveitarfélaga, en ekki í smásölu til neytenda. Þó skal henni heimilt að selja beint til neytenda í markaðsskála Grænmetisverzlunarinnar í Reykjavík og annarsstaðar, þar sem hún hefir sérstakar geymslur.

7. gr.

Innlendum framleiðendum er heimilt að selja framleiðslu sína hverjum sem vera skal. En hlíta skulu þeir því lágmarksverði, sem ákveðið er á hverjum tíma samkv. 10. gr. Þeir skulu eiga frjálsan aðgang að markaðsskála Grænmetisverzlunar ríkisins, og skal þeim heimilt að selja afurðir sínar þar gegn gjaldi og eftir reglum, sem ákveða má í reglugerð.

8. gr.

Allir garðávextir, sem Grænmetisverzlun ríkisins kaupir, skulu metnir af matsmönnum, sem landbúnaðarráðherra skipar samkvæmt tillögum verðlagsnefndar. Matsmenn skulu fá erindisbréf til þess að starfa eftir. Grænmetisverzlun ríkisins greiðir kostnað við matið.

9. gr.

Innkaupsverð og söluverð Grænmetisverzlunar ríkisins á garðávöxtum, svo og hámarksverð garðávaxta í smásölu skal ákveðið af 5 manna verðlagsnefnd. Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar, en Búnaðarfélag Íslands, S. Í. S., Verzlunarráð Íslands og Alþýðusamband Íslands hafa rétt til að tilnefna hvert sinn mann í nefndina. Tilnefni einhver aðili ekki nefndarmann, skipar ríkisstjórnin mann í hans stað. Nefndarmenn skulu starfa kauplaust.

10. gr.

Verðlag á innlendum garðávöxtum skal ákveðið þannig, að verð um uppskerutímann, frá 15. sept. til 1. nóv., skal lagt til grundvallar. Eftir það skal verðið fara hækkandi, svo að fullt tillit sé tekið til geymslukostnaðar þeirra garðávaxta, sem síðar verða seldir.

Nýir innlendir garðávextir, sem koma á markaðinn fyrir 15. sept., skulu

skráðir hærra verði, því fyrr sem þeir eru afhentir til sölu. Skal verðlagið miða að því, að tryggð verði framleiðsla snemmvaxinna garðávaxta.

Verðskráning garðávaxta skal aðallega miða við markaðsverð garðávaxta í nálægum löndum, að viðbættum flutningskostnaði. Þó skal þess gætt jafnframt, að framleiðendum sé tryggt hæfilegt framleiðsluverð.

Innflutta garðávexti má aldrei selja lægra verði en innlenda, miðað við sama tíma og sömu gæði.

Við ákvörðun útsöluverðs þeirra garðávaxta, sem Grænmetisverzlun ríkisins verzlar með, skal álagningin miðuð við það, að geymslu- og verzlunarkostnaður fáist greiddur.

11. gr.

Hagnaði, sem verða kann á rekstri Grænmetisverzlunar ríkisins, skal varið til þess að byggja geymslu- og markaðsskála, svo og til að tryggja framtíð stofnunarinnar, með því að koma upp nauðsynlegum varasjóði.

12. gr.

Ríkisstjórnin semur reglugerð fyrir Grænmetisverzlun ríkisins og skipar forstöðumann hennar og endurskoðendur. Heimilt er að fela einhverri ríkisstofnun eða Sambandi ísl. samvinnufélaga forstöðu verzlunarinnar.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100—1000 kr., ef ekki liggur þyngri refsing við samkvæmt lögum. Kartöflur og aðrir garðávextir, sem einkasala er á og inn eru fluttir í heimildarleysi, skulu gerðir upptækir og afhendast einkasölunni.

Með mál út af lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 100 frá 3. maí 1935.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða

Árin 1936, 1937 og 1938 er ríkisstjórninni heimilt að veita sérstök verðlaun fyrir aukna framleiðslu kartaflna, miðað við uppskeru haustsins 1935. Þetta kemur þó því aðeins til greina, að framleiðslan fari ekki fram úr eftirspurninni. Verðlaunin skulu því skilyrði bundin, að framleidd sé góð vara, og við þær aðstæður, að framleiðslan geti haldizt óbreytt áfram án sérstakra fríðinda, og að Búnaðarfélag Íslands mæli með því, að verðlaunin séu veitt. Skal framleiðanda skylt að færa sönnur á fyrir Búnaðarfélagi Íslands, að framleiðsluaukningin hafi átt sér stað, bæði með því að trúnaðarmenn félagsins hafi tekið garðalandið út á jarðabótaskýrslu og önnur skilyrði séu fyrir hendi um upp-

skeruaukninguna. Búnaðarfélagi Íslands er og heimilt að setja þau skilyrði fyrir meðmælum sínum, að garðalandið sé valið í samráði við trúnaðarmenn þess.

Má verja úr ríkissjóði til þessara verðlauna allt að 30000 kr. árið 1936, allt að 20000 kr. árið 1937 og allt að 10000 kr. árið 1938, og mega verðlaunin nema árið 1936 allt að kr. 3.00 á hverja tunnu umfram uppskeru 1935, árið 1937 kr. 2.00 á tn. umfram uppskeru 1936, og árið 1938 kr. 1.00 á tunnu umfram uppskeru 1937.

Eigi má veita verðlaun fyrir minni aukningu en 5 tunnur, ef um einstaka framleiðendur er að ræða, og eigi fyrir þá aukningu, sem er umfram 100 tunnur. Þó má veita einstaklingi framleiðsluverðlaun fyrir minni aukningu en 5 tunnur, ef um samfellda ræktun einstaklinga er að ræða, er nemi samtals 100 tunnum.

Bæjar- og sveitarfélögum og samvinnufélögum, er garðyrkju kunna að reka, má veita verðlaun fyrir meiri uppskeruaukningu en 100 tunnur.

Sþ. 909. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1936.

Frá meiri hluta fjárveitinganefndar.

Við 14. gr. B. XII. Liðurinn (1. a.–d.) orðist svo:

Til Kvennaskólans í Reykjavík	12000
Fjárveitingin er áætluð $^{2}/_{5}$ af rekstrarkostnaði skólans, og greiðist því aðeins öll, eða nokkur hluti hennar, að á móti komi $^{3}/_{5}$ frá Reykjavíkurbæ.	

Ed. 910. Lög

um nýbýli og samvinnubyggðir.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.).

Samhljóða þskj. 770.

Ed. 911. Lög

um alþýðutryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.).

Samhljóða þskj. 778.

Sþ. **912. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1936 og við brtt. á þskj. 881, 884 og 890.

I. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 12. gr. 10. Nýr liður:
Til utanferða héraðslækna 1200

II. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
Við 13. gr. B. 1. b. (Eimskipafélag Íslands).
Fyrir „150000“ kemur 200000

III. Frá *Gísla Guðmundssyni.*
1. Við 13. gr. B. 1. b. (Eimskipafélag Íslands).
Aftan við liðinn bætist:
Styrkurinn er ennfremur bundinn því skilyrði, að launagreiðslur fastra starfsmanna félagsins séu lækkaðar til samræmis við hliðstæðar launagreiðslur hjá Skipaútgerð ríkisins.
2. Við 13. gr. B. 2. (Flóabátaferðir).
Orðin í aths. „sem fara eftir fastri áætlun“ falli niður.

IV. Frá *Ólafi Thors.*
Við 14. gr. B. XXIV. Nýr rómv. liður:
Til íþróttaskólans á Álafossi 2000

V. Frá *Garðari Þorsteinssyni.*
Við brtt. 884, 2. (Nýr liður við 16. gr. 63. Bátatjón á Ólafsfirði).
Fyrir „15000“ kemur 21500

VI. Frá *Jakob Möller.*
Við 18. gr. II. d. 23. (Guðríður Helgadóttir).
a. Fyrir „132 kr.“ kemur: 282 kr.
b. Fyrir „232.00“ kemur 382,00

VII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Bjarna Bjarnasyni.*
Við 22. gr. I. Nýr liður:
Að kaupa Kaldaðarnestorfuna í Árnessýslu, ef aðgengilegir samningar takast um verð og greiðsluskilmála.

VIII. Frá *Pétri Ottesen.*
Við 22. gr. III. Nýr liður:
Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

IX. Frá *Einari Árnasyni* og *Bernh. Stefánssyni.*
Við 22. gr. VII. Nýr liður:
Að kaupa jörðina Syðstabæ í Hrísey, ef aðgengilegir samningar nást um verð og greiðsluskilmála.

X. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við brtt. 890, XLII. (Nýr liður við 22. gr. VII.).
Breytingartillöguna skal orða svo:
Við 22. gr. VII. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 40 þús. króna lán fyrir Vestmannaeyjakaupstað

til að eignast hús fyrir gagnfræðaskólann, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

IX. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við brtt. 881, 64. (Nýir liðir við 22. gr. VII.).

a. Við a. Liðurinn orðist svo:

Að ábyrgjast allt að 35000 kr. lán fyrir Ísafjarðarkaupstað til greiðslu á lausaskuldum bæjarsjóðs.

b. Við d. Liðurinn orðist svo:

Að ábyrgjast fyrir tunnuverksmiðju Siglufjarðar allt að 150 þús. kr. rekstrarlán, gegn ábyrgð Siglufjarðarkaupstaðar og öðrum þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, enda sé lánið greitt að fullu fyrir áramót.

2. Við brtt. 881, 65. (Við 23. gr.). Lið a. skal orða svo:

Stjórn Búnaðarbankans veitist heimild til þess að greiða frú Önnu Klemensdóttur, ekkju Tryggva Þórhallssonar bankastjóra, 25% af launum manns hennar sem aðalbankastjóra Búnaðarbankans, og dýrtíðaruppbót að auki.

Nd. 913. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 78 1933, um Kreppulánasjóð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og hefir orðið á eitt sátt um að leggja til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Ennfremur leggur hún til, að samþ. verði breytingartillaga á þskj. 878.

Alþingi, 19. des. 1935.

Héðinn Valdimarsson, form.	Bergur Jónsson, fundaskr., frsm.	Garðar Þorsteinsson.	Thor Thors.

Nd. 914. Breytingartillögur

við frumv. til l. um viðauka við l. nr. 78 1933, um Kreppulánasjóð (þskj. 852).

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Vextir bréfanna skulu vera 5½ af hundraði á ári, og skulu þau innleyst á þann hátt, að árlega sé varið sömu fastri upphæð til samanlagðra vaxta- og innlausnargreiðslna, samkvæmt útdrætti, er notarius publicus í

Reykjavík framkvæmir, þannig, að öll bréfin séu innleyst á 30 árum, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

2. Við 5. gr. Við greinina bætist: Til breytinga á lánskjörum veðtryggðra skulda og eftirgjafa á þeim þarf þó ætíð samþykki hlutaðeigandi veðhafa eða skuldareiganda.
3. Við 7. gr. Fyrir „5“ kemur: 5½.
4. Við 8. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:

Vextir skuldabréfa þessara skulu vera 5½ af hundraði á ári, og fer um innlausn þeirra samkv. 2. gr. laga þessara.

5. Við 9. gr.
   a. Á undan „lánardrottins“ í 1. mgr. kemur: innlends.
   b. Niðurlag greinarinnar orðist svo:

Lánardrottni eða skuldareiganda er þó eigi skylt að taka skuldabréf þessi með nafnverði til greiðslu á:

1. Lánum, sem veitt hafa verið sem rekstrarlán til atvinnufyrirtækja, er bæirnir reka sjálfir eða hafa útvegað atvinnufyrirtækjum, sem rekin eru á þeirra vegum.
2. Veðdeildarlánum og D-lánum Landsbanka Íslands, sem tryggð eru með veði í eignum og tekjum bæjarfélaga.
3. Bráðabirgðalánum og skuldum, sem stofnaðar hafa verið á árinu 1935 og greiðast skulu fyrir árslok 1936, að undanteknum skuldum við önnur sveitarfélög, kaupstaði og sjúkrahús, vegna fátækraframfæris.
4. Vinnulaunum og kaupgjaldi.

Ákvæðin í 1.—4. tölul. hér að framan gilda einnig um skuldabréf hreppsfélaga samkvæmt I. kafla þessara laga.

6. Við 13. gr.
   a. Fyrir „5“ kemur: 5½.
   b. Fyrir „42“ kemur: 30.

Ed. 915. Þingsályktun

um löggjöf um Menningarsjóð.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.).

Samhljóða þskj. 845.

Nd. 916. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 85 26. apríl 1935, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá Jóhanni Jósefssyni og Thor Thors.

Við 13. lið. Liðurinn orðist svo:

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að selja eða leigja skipið Hermóð með þeim kjörum, sem bezt eru fáanleg.

Nd. 917. Breytingartillögur

við frv. til l. um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti o. fl.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Innkaupsverð og söluverð Grænmetisverzlunar ríkisins á garðávöxtum, svo og hámarksverð garðávaxta í smásölu skal ákveðið af 3 manna verðlagsnefnd, er stjórn Búnaðarfélags Íslands skipar, að fengnum tillögum búnaðarsambandanna, og kýs nefndin sér sjálf formann. Hverjum nefndarmanni skal greidd 10 kr. þóknun fyrir hvern dag, sem hann situr á nefndarfundi, og greiðist sá kostnaður af Grænmetisverzlun ríkisins.
2. Við 10. gr.
   a. Fyrri málslið 1. málsgr. skal orða svo:
      Ákveða skal á hverju hausti verðlag það á innlendum garðávöxtum, er gilda skal um uppskerutímann, frá 15. sept. til 1. nóv.
   b. Þriðju málsgr. skal orða svo:
      Verðskráning innlendra garðávaxta skal miða við það, að framleiðendum sé tryggt hæfilegt framleiðsluverð.
3. Við ákvæði til bráðabirgða. Þriðju málsgrein skal orða svo:
   Eigi má veita verðlaun fyrir minni aukningu en 3 tunnur.

Ed. 918. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 899 (Skipulag á fólksflutningum með bifreiðum).

Frá Bernh. Stefánssyni.

Við 2. tölul. Á eftir orðunum „Bifreiðarstjórafélagið „Hreyfill ... er atvinnumálaráðherra setur“ komi: Verði myndað landssamband bifreiðarstjóra, kýs það einn mann í nefndina í stað Bifreiðarstjórafélagsins „Hreyfill“ í Reykjavík.

Nd. 919. Nefndarálit

um frumv. til laga um skipun prestakalla.

Frá 1. minni hluta launamálanefndar.

Fjórir nefndarmenn (SE var ekki á fundi) gátu ekki orðið ásáttir um afgreiðslu þessa máls. Við undirritaðir leggjum til, að prestum verði fjölgað lítið eitt frá því, er frv. gerir ráð fyrir, en GÍ og JónP vilja fjölga þeim miklu meira.

Það, sem veldur því fyrst og fremst, að við leggjum til, að prestum verði fjölgað, er, hve erfitt er að þjóna í sumum prestaköllunum. Eftir þessum tillögum verða prestaköll landsins mjög misfjölmenn, og einnig mjög misjafnlega erfið yfirferðar. En um slíkt er ekki hægt að fást. Og við teljum, að eftir þessum tillögum okkar verði mjög vel hægt að leysa prestsstörfin af hendi.

Verkefni prestanna í hinum fámennustu prestaköllum verða, við prestsverkin ein, hvergi nærri nóg fyrir menn á góðum aldri. Fyrir þá sök leggjum við til, að í fámennustu og minnstu prestaköllunum geti menntamálaráðherra falið prestunum að annast kennslu barnanna, án þess að presturinn fái nokkra verulega launahækkun fyrir það sérstaklega. Þetta má þó því aðeins gera, að fræðsla barnanna bíði ekki hnekki við það.

Annar undirritaður (JörB) efast þó mjög um, að þessi leið verði fær, án þess að miður verði gætt fræðslu barnanna, nema þá aðeins í fámennustu og minnstu prestaköllunum.

Um málið að öðru leyti erum við þeirrar skoðunar, að kirkjulíf í landinu bíði engan hnekki við þá prestafækkun, sem hér er gert ráð fyrir, heldur þvert á móti. Með stækkun prestakalla og fækkun kirkna allvíða um landið frá því, sem nú er, teljum við tvímælalaust, að auðveldara mundi að glæða kirkjulífið í landinu. Við kirkjur mundi miklu fjölmennara en nú tíðkast. Frágangur kirkna og aðbúnaður mundi verða með þessu móti miklu betri en nú gerist, og fólkinu viðráðanlegri. Það hefir vissulega sitt að segja, að messugerð fari fram við nokkurt fjölmenni og með þeim hátíðablæ og virðuleik, sem slíkri samkomu hæfir.

Við leggjum því til, að frumv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

I. Við 1. gr.

1. Við 20. tölul. Liðurinn orðist svo:
   Þingeyri: Hrauns, Þingeyrar, Mýra, Sæbóls og Núps sóknir.
2. Við 21. tölul. Orðið „Sæbóls“ falli burt.
3. Við 22. tölul. Liðurinn orðist svo:
   Ísafjörður: Hóls, Ísafjarðar og Eyrar sóknir.
4. Eftir 22. tölul. komi nýr liður, er verði 23. tölul. og orðist svo:
   Vatnsfjörður: Ögur, Vatnsfjarðar, Nauteyrar, Melgraseyrar og Unaðsdals sóknir.
   Töluliðir breytist eftir þessu.
5. Við 26. tölul., sem verður 27. tölul. Orðið „Glaumbæjar“ falli burt.
6. Við 27. tölul., sem verður 28. tölul. Liðurinn orðist svo:
   Mælifell: Glaumbæjar, Víðimýrar, Mælifells, Reykja, Goðdala og Ábæjar sóknir.
7. Við 28. tölul., sem verður 29. tölul. Liðurinn orðist svo:
   Víðvík: Silfrastaða, Miklabæjar, Flugumýrar, Hofstaða, Víðvíkur og Hóla sóknir.
8. Nýr liður, sem verður 30. tölul. og orðist svo:
   Hof: Hofs, Fells, Barðs og Knappstaðasóknir.
   Töluliðir breytast eftir þessu.

9. Nýr liður, er verði 33. tölul. og orðist svo:
Ólafsfjörður: Ólafsfjarðar og Kvíabekks sóknir.
Töluliðir breytast eftir þessu.
10. Við 31. tölul., sem verður 34. tölul. Orðið „Ólafsfjarðar“ falli burt, en í staðinn komi: Hríseyjar, Stærri-Árskógar.
11. Við 32. tölul., sem verður 35. tölul. Orðið „Stærra-Árskógs“ falli burt.
12. Við 37. tölul., sem verður 40. tölul. Orðin „Vetrarþjónusta á Víðihóli“ falli niður.
13. Við 38. tölul., sem verður 41. tölul. Í stað „Flateyjar“ komi: Brettingsstaða.
14. Við 39. tölul., sem verður 42. tölul. Í stað „Raufarhafnar sóknir. Sumarþjónusta á Víðihóli“ komi: Víðihóls sóknir.
15. Við 40. tölul., sem verður 43. tölul. Liðurinn orðist svo:
Raufarhöfn: Svalbarðs, Raufarhafnar og Sauðaness sóknir.
16. Nýr tölul., er verði 44. tölul. og orðist svo:
Skeggjastaðir: Skeggjastaða sóknir.
Röð töluliða breytist eftir þessu.
17. Við 42. tölul., er verður 45. tölul. Liðurinn orðist svo:
Kirkjubær: Eiríksstaða, Hofteigs, Kirkjubæjar, Hjaltastaðar og Sleðbrjóts sóknir.
18. Nýr liður, er verður 46. tölul. og orðist svo:
Desjarmýri: Desjarmýrar, Húsavíkur og Njarðvíkur sóknir.
19. Við 45. tölul., sem verður 49. tölul. Liðurinn orðist svo:
Nes: Brekku [í Mjóafirði] og Ness sóknir.
20. Við 46. tölul., er verður 50. tölul. Liðurinn orðist svo:
Eskifjörður: Búðareyrar og Eskifjarðar sóknir.
21. Nýr liður, er verði 51. tölul. Liðurinn orðist svo:
Búðakaupstaður: Búða og Kolfreyjustaða sóknir.
22. Kaflaskipti fyrstu greinar í þing falli burt.

II. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Í Reykjavík skulu vera tveir prestar, og skipar ríkisstjórnin í samráði við biskup fyrir um verkaskiptingu þeirra í milli.

III. Við 6. gr. Orðin „En auk hinna föstu launa“ o. s. frv. til enda greinarinnar falli burt.

IV. Ný grein, er verði 7. gr. Greinin orðist svo:
Skylt er prestum í Árnesi, Ólafsfirði, Skeggjastöðum og Miðgörðum að annast barnakennslu í sóknum sínum, ef kennslumálaráðherra mælir svo fyrir.
Ennfremur er kennslumálaráðherra heimilt að fela prestunum á Desjarmýri, Hofi í Vopnafirði, Nesi í Norðfirði, Stað í Aðalvík, Vestmannaeyjum, Dvergasteini og Siglufirði barnakennslu, eftir því sem við verður komið, ef sú ráðstöfun leiðir til verulegs sparnaðar í launagreiðslum, enda bíði fræðsla barnanna engan hnekki við það.

V. Ný grein, er verði 8. gr. Greinin orðist svo:
Prófastsembættin skulu lögð niður, en að því leyti sem störf þeirra mega ekki niður falla, skal biskup sjá um, að þau séu af hendi leyst.

VI. Við 7. gr., sem verður 9. gr. Aftan við greinina bætist: svo og önnur laga-ákvæði og fyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Alþingi, 19. des. 1935.

Jörundur Brynjólfsson, form. Páll Zóphóníasson, frsm.

Ed. 920. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 899 (Skipulag fólksflutninga með bifreiðum).

Frá Jóni A. Jónssyni

1. Við 1. Aftan við liðinn bætist:
   Þó mega fólksflutningsbifreiðar, sem rúma fleiri en 6 farþega, eigi hafa fastar áætlunarferðir til Þingvalla á sunnudögum, nema þeirra manna, sem sérleyfi hafa á þeirri leið aðra daga vikunnar.
2. Við 2.
   a. Orðin „Alþýðusamband Íslands einn“ falli niður.
   b. Fyrir „tvo“ kemur: þrjá.

Ed. 921. Lög

um iðnaðarnám.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.).

Samhljóða þskj. 595 með þeirri breytingu, að 8. gr. hljóðar svo sem segir á þskj. 611.

Ed. 922. Lög

um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skyldu-vinnu nemenda gegn skólaréttindum.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.).

Samhljóða þskj. 532.

Ed. 923. Lög

um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.).

Samhljóða þskj. 902.

Nd. **924. Lög**

um fangelsi.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.).

Samhljóða þskj. 268.

Ed. **925. Frumvarp til laga**

um viðauka við og breyting á lögum nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Innkaupsreikninga yfir eftirtaldar vörur, sem fluttar eru hingað til lands og ekki eru af innlendum uppruna (endursendar íslenzkar afurðir) né teljast til farangurs ferðamanna, skal hlutaðeigandi lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, stimpla á þann hátt, sem segir í 1. gr. laga nr. 5 3. apríl 1928, með þeim hundraðshlutum af innkaupsverði þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands, sem hér greinir:

A. Með 100% stimplast reikningar yfir spil (playing cards).

B. Með 50% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Fatnaður úr silki, nema sokkar. Karlmannafatnaður búinn með silki eða skinni.

C. Með 30% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Albúm. Hanzkar úr skinni og silki. Skinntöskur, skinnveski, skinnbelti. Fatnaður úr skinni, öðru en loðskinni, og húfur allskonar, nema enskar húfur. Gólfklútar.

D. Með 15% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Botnvörpuhlerar og tilheyrandi. Bracket. Ístöð. Beizlisstengur og beizlismél. Túrbínupípur, túrbínur allt að 100 hestafla. Jarðstrengjamúffur fyrir rafkabala. Öryggisdósir. Stauraskór. Kolaausur. Strekkitengur. Þverslár á símastaura. Lausasmiðjur. Decimalvogir. Toppplötur á símastaura. Brunahanar. Brunnkarmar í holræsi og vatnsveitur. Hestrekur, Húsalistar, borðskápar og hillur í hús og annað smíði til húsa. Húsagrindur. Húsahlutar, hálf- eða altilbúnir. Blikkdósir, lóðaðar og smelltar. Gerduft. Strigaskór með gúmmísólum. Pappakassar, -öskjur, -hylki, -bakkar og pappírspokar. Pappir innbundinn og heftur, hverskonar áprentuð eyðublöð, áprentuð bréfsefni og umslög. Bréfsefni og umslög í öskjum. Prentaðir merkimiðar. Bundnar bækur, prentaðar eða ljósprentaðar erlendis fyrir ísl. útgefendur. Band af ísl. bókum, sem eru innbundnar erlendis.

E. Með 10% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Segl. Óbundnar bækur, sem eru prentaðar eða ljósprentaðar erlendis fyrir ísl. útgefendur. Þó er fjármálaráðherra heimilt að undanskilja frá verðtolli fræðirit ljósprentuð erlendis og þær bækur, sem samið hefir verið um ljósprentun á erlendis fyrir árslok 1934.

F. Með 5% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Málning, olíurifin málning. Kítti. Þerriolía. Lakkfernis. Lóðabelgir.
G. Verðtollsfrjáls: Hringjur. Beizliskeðjur. Björgunartæki allskonar. Taumlásar. Strigaborðar og strigagjarðir. Harpix. Penslar til málaraiðnar. Linoleum- og gúmmídúkalím. Flóki. Hnappar. Krókar. Smellur. Spennur. Kóssar. Vagnhjól, kerrur og heyvagnar. Vélar, sem eingöngu eru notaðar til iðju og iðnaðar, og varahlutar til þeirra.

Þar sem verðtollurinn er hærri eftir þessum lögum, er tollurinn eftir eldri verðtollslögum innifalinn í honum, en þar sem verðtollurinn er lægri, er tollurinn eins og segir í þessum lögum.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðuneytið um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að lækka eða fella niður verðtoll af útlendum vörum samskonar og þeim, sem framleiddar eru innanlands, ef verðlag á innlendu vörunni reynist, við rannsókn, er ráðherra lætur framkvæma á innlendu vörunni, hærra en honum þykir sanngjarnt í samanburði við verð á samskonar vöru innfluttri frá útlöndum, án verðtolls.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 5 1928, um sýning innkaupsreikninga, og ákvæði 2. gr. sömu laga og gildandi reglugerð um verðtoll gilda einnig um gjald og innheimtu samkvæmt 1. gr. þessara laga. Svo gilda og ákvæði laga nr. 82 26. apríl 1935 um verðtoll, sem ákveðinn er í 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um þetta gjald, og má þar ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum laganna eða reglugerðarinnar.

4. gr.

Ef óeðlilega lágt eða grunsamlegt verð er gefið upp á innfluttri verðtollsskyldri vöru, er tollheimtumanni rétt að ákveða sanngjarnt verð á þeirri vöru til verðtollsákvörðunar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og gilda til ársloka 1936.

Ed. 926. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 85 26. apríl 1935, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

1. Á árinu 1936 leggur ríkissjóður ekki fram til Ræktunarsjóðs Íslands þann hluta útflutningsgjalds, sem ræðir um í 12. gr. laga nr. 63 28. janúar 1935.
2. Á árinu 1936 greiðir ríkissjóður dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og árið 1935.

3. Á árinu 1936 skal aðeins greiða prestum 35 þús. kr. þess embættiskostnaðar, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 36 8. sept. 1931. Skal, að svo miklu leyti sem við verður komið, haga úthlutun þessa fjár þannig, að prestar, sem ekki eru komnir í hæstu laun, skuli einskis í missa af embættiskostnaðargreiðslum fyrr en laun og greiðsla vegna embættiskostnaðar samanlagt fara fram úr hæstu prestslaunum.
4. Á árinu 1936 fellur niður starf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar, sbr. l. nr. 48 4. júní 1924 og l. nr. 9 27. maí 1925.
5. Á árinu 1936 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til verkfærakaupa, sbr. l. nr. 40 7. maí 1928 og l. nr. 75 19. júní 1933, en 60000 kr. Landbúnaðarráðherra setur reglur um skiptingu verkfærakaupastyrks, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.
6. Á árinu 1936 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til búfjárræktar, sbr. l. nr. 32 8. sept. 1931, en 42000 kr. Landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við Búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði verður náð.
7. Á árinu 1936 má ekki verja úr ríkissjóði meiru en 28000 kr. til kaupa á erlendum áburði, sbr. l. nr. 51 28. jan. 1935.
8. Á árinu 1936 leggur ríkissjóður ekki fram fé til bókasafna prestakalla, sbr. l. nr. 17 7. júlí 1931.
9. Á árinu 1936 greiðir ríkissjóður ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en það, sem ákveðið er til móts við 5% úr héruðum, sbr. l. nr. 102 19. júní 1933.
10. Árið 1936 skulu ekki vera launaðir prófdómendur við ríkisskólana eða skóla, sem njóta ríkisstyrks, nema við embættispróf í háskólanum og burtfararpróf í menntaskólunum, kennaraskólanum, stýrimannaskólanum og vélstjóraskólanum, siglingafræðinámskeiðum og vélgæzlunámskeiðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 927. Breytingartillaga

við frv. til l. um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá Jakob Möller.

9. gr. falli burt.

Ed. 928. Breytingartillaga

við frv. til laga um einkaleyfi til að vinna málningu úr íslenzkum hráefnum.

Frá Þorst. Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Frá gildistöku laga þessara veitist málarameisturunum Einari Gíslasyni og Ósvaldi Knudsen ásamt þeim Pétri kaupmanni Guðmundssyni og Trausta efna-

fræðingi Ólafssyni, öllum til heimilis í Reykjavík, næstu 5 ár einkaleyfi til þess að vinna málningu úr íslenzkum hráefnum (jarðefnum).

Sþ. 929. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1936 og við brtt. á þskj. 881 og 912.

I. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
Við brtt. 912, II. (Við 13. gr. B. 1. b. Eimskipafélag Íslands).
Tillöguna skal orða svo:
Fyrir „150000“ kemur 190000

II. Frá *Jakobi Möller.*
Við 15. gr. 40. Nýr liður:
Til Eggerts Guðmundssonar málara 1200
Til vara 1000

III. Frá *Sigurjóni Á. Ólafssyni* og *Héðni Valdimarssyni.*
Við 16. gr. 1. (Atvinnubætur).
Aftan við athugasemdina komi:
Ríkisstjórninni er heimilt að verja 25 þús. krónum af þessari upphæð til atvinnubóta fyrir unga menn og konur, enda leggi bæjar- og sveitarfélög hlutfallslega fram á móti.

IV. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 18. gr. II. i. 25. Nýr liður:
Til Kristínar Pálsdóttur ljósmóður 300

V. Frá *Gísla Guðmundssyni.*
Við brtt. 912, IX. (Nýr liður við 22. gr. VII. Syðstibær).
Aftan við liðinn bætist: og ennfremur jörðina Ás í Kelduhverfi, ef skógræktarstjóri og sandgræðslustjóri óska þess og aðgengilegir samningar nást um verð og greiðsluskilmála.

VI. Frá *Bjarna Ásgeirssyni* og *Pétri Magnússyni.*
Við brtt. 881, 65. b. (Ný málsgr. við 23. gr. Aðalbjörg Albertsdóttir).
Við tillöguna bætist: og til tveggja barna hennar innan 16 ára aldurs, 300 kr. til hvors.

Nd. 930. Nefndarálit

um frumvarp til laga um skipun prestakalla.

Frá 2. minni hl. launamálanefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Tveir nefndarmenn, þeir PZ og JörB, vildu sem minnst breyta ákvæðum 1. gr. frumvarpsins, og fækka prestum í landinu nálega eins og þar er lagt til. Við undirritaðir

nefndarmenn töldum einnig unnt að fækka prestum nokkuð, en ekki nálægt því eins mikið og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, og leggjum auk þess til, að prestum verði fjölgað í Rvík um 2. Neyddumst við því til að kljúfa nefndina.

Á móti þeirri fjölgun presta, sem við leggjum til frá því, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, kemur aftur það, að við viljum láta prestana annast barnafræðsluna í minnstu prestaköllum endurgjaldslaust, og spara þannig laun barnakennara á þeim stöðum. Lúta að því brtt. við 2. gr.

Leggjum við til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Á Íslandi skulu vera þessi prestaköll:
   1. *Útskálar:* Útskála, Hvalsness og Keflavíkur sóknir
   2. *Staður í Grindavík:* Staðar og Kirkjuvogs sóknir.
   3. *Garðar á Álftanesi:* Kálfatjarnar, Hafnarfjarðar og Bessastaða sóknir.
   4. *Mosfell í Mosfellssveit:* Þingvalla, Viðeyjar, Lágafells, Brautarholts, Saurbæjar (á Kjalarnesi) sóknir.
   5. *Akranes:* Garða og Innrahólms sóknir.
   6. *Saurbær á Hvalfjarðarströnd:* Saurbæjar, Leirár og Reynivalla sóknir.
   7. *Reykholt:* Reykholts, Stóraáss, Gilsbakka, Síðumúla, Norðtungu og Hjarðarholts sóknir.
   8. *Hestur:* Hvanneyrar, Bæjar, Lundar, Fitja og Hests sóknir.
   9. *Borg:* Borgar, Álftaness, Álftartungu, Stafholts og Hvamms sóknir.
   10. *Staðarhraun:* Staðarhrauns, Akra, Rauðamels og Kolbeinsstaða sóknir.
   11. *Staðarstaður:* Staðarstaðar, Búða, Hellna og Miklaholts sóknir.
   12. *Ólafsvík:* Ólafsvíkur, Fróðár og Ingjaldshóls sóknir.
   13. *Setberg:* Setbergssókn.
   14. *Helgafell:* Stykkishólms, Helgafells og Bjarnarhafnar sóknir.
   15. *Breiðabólsstaður á Skógarströnd:* Breiðabólsstaðar og Narfeyrar sóknir.
   17. *Hvammur í Hvammssveit:* Hvamms, Staðarfells og Dagverðarness sóknir.
   18. *Staðarhóll:* Staðarhóls, Skarðs og Garpsdals sóknir
   19. *Staður á Reykjanesi:* Staðar, Reykhóla og Gufudals sóknir.
   20. *Brjánslækur:* Brjánslækjar, Haga, Flateyjar og Skálmanesmúla sóknir.
   21. *Sauðlauksdalur:* Sauðlauksdals, Breiðavíkur og Saurbæjar sóknir.
   22. *Eyrar:* Eyra og Stóra-Laugardals sóknir.
   23. *Bíldudalur:* Bíldudals og Selárdals sóknir.
   24. *Rafnseyri:* Rafnseyrar og Álftamýrar sóknir.
   25. *Dýrafjörður:* Sanda, Hrauns, Mýra og Núps sóknir.
   26. *Holt í Önundarfirði:* Holts, Flateyrar, Kirkjubóls og Sæbóls sóknir.
   27. *Staður í Súgandafirði:* Staðarsókn í Súgandafirði
   28. *Ísafjörður.*
   29. *Bolungavík* og *Hólssókn.*

30. *Ögurþing:* Ögur og Eyrar sóknir.
31. *Vatnsfjörður:* Vatnsfjarðar, Nauteyrar og Unaðsdals sóknir.
32. *Staður í Grunnavík:* Staðar og Furufjarðar sóknir.
33. *Staður í Aðalvík:* Staðar og Hesteyrar sóknir.
34. *Árnes:* Árnessókn.
35. *Staður í Steingrímsfirði:* Staðar, Kaldrananess, Fells og Kollafjarðarness sóknir.
36. *Prestsbakki:* Prestsbakka, Óspakseyrar og Staðar sóknir.
37. *Melstaður:* Melstaðar, Kirkjuhvamms, Staðarbakka og Núps sóknir.
38. *Breiðabólsstaður:* Breiðabólsstaðar, Tjarnar, Vesturhópshóla og Víðidalstungu sóknir.
39. *Steinnes:* Undirfells, Þingeyra og Blönduóss sóknir.
40. *Æsustaðir:* Holtastaðar, Bólstaðarhlíðar, Bergstaða, Svínavatns og Auðkúlu sóknir.
41. *Skagaströnd:* Höskuldsstaða, Spákonufells og Hofs sóknir.
42. *Hvammur í Laxárdal:* Hvamms og Ketu sóknir.
43. *Sauðárkrókur:* Sauðárkróks, Reynistaðar, Glaumbæjar og Rípur sóknir.
44. *Mælifell:* Víðimýrar, Mælifells, Reykja, Goðdala og Ábæjar sóknir.
45. *Miklibær:* Silfrastaða, Miklabæjar, Flugumýrar og Hofstaða sóknir.
46. *Hólar:* Hofs, Viðvíkur og Hóla sóknir.
47. *Barð í Fljótum:* Barðs, Fells og Knappsstaða sóknir.
48. *Grímsey:* Miðgarðssókn í Grímsey.
49. *Siglufjörður:* Hvanneyrar sókn.
50. *Ólafsfjörður:* Ólafsfjarðar sókn.
51. *Vellir í Svarfaðardal:* Valla, Tjarna, Urða, Upsa, Hríseyjar og Stóra-Árskógs sóknir.
52. *Möðruvellir:* Möðruvalla, Bægisár, Bakka og Glæsibæjar sóknir.
53. *Akureyri:* Akureyrar og Lögmannshlíðar sóknir.
54. *Grundarþing:* Grundar, Munkaþverár, Kaupangs, Saurbæjar, Möðruvalla og Hóla sóknir.
56. *Vatnsendi:* Illugastaða, Hóls, Ljósavatns, Þóroddsstaða og Draflastaða sóknir.
57. *Skútustaðir:* Skútustaða, Reykjahlíðar, Þverár, Einarsstaða og Lundarbrekku sóknir.
58. *Húsavík:* Grenjaðarstaðar, Ness og Húsavíkur sóknir.
59. *Skinnastaðir:* Garðs, Skinnastaða, Presthóla og Víðihóls sóknir.
60. *Svalbarð í Þistilfirði:* Svalbarðs, Sauðaness og Raufarhafnar sóknir.
61. *Skeggjastaðir:* Skeggjastaða sókn.
62. *Hof í Vopnafirði:* Hofs og Vopnafjarðar sóknir.
63. *Kirkjubær:* Kirkjubæjar, Hjaltastaða, Eiða, Hofteigs og Möðrudals sóknir.
64. *Desjarmýri:* Desjarmýrar, Njarðvíkur og Húsavíkur sóknir.
65. *Vallanes:* Vallaness, Þingmúla, Valþjófsstaðar og Áss sóknir.
66. *Dvergasteinn:* Vestdalseyrar og Klippsstaða sóknir.
67. *Mjóifjörður:* Brekku sókn.

68. *Neskaupstaður:* Ness sókn.
69. *Eskifjörður:* Hólma og Eskifjarðar sóknir.
70. *Kolfreyjustaður:* Kolfreyjustaðar og Búða sóknir.
71. *Eydalir:* Eydala og Stöðvar sóknir.
72. *Hof í Álftafirði:* Hofs, Djúpavogs, Berufjarðar og Beruness sóknir.
73. *Bjarnanes:* Bjarnaness, Stafafells og Brunnhóls sóknir.
71. *Eydalir:* Eydala og Stöðvar sóknir.
75. *Sandfell:* Sandfells og Hofs sóknir.
76. *Prestsbakki:* Prestsbakka og Kálfafells sóknir.
77. *Þykkvabær:* Þykkvabæjar, Langholts og Grafar sóknir.
78. *Vík:* Reynis, Skeiðflatar og Víkur sóknir.
79. *Holt undir Eyjafjöllum:* Eyvindarhóla, Ásólfsskála, Stóradals og Kross sóknir.
80. *Breiðabólsstaður í Fljótshlíð:* Breiðabólsstaðar, Hlíðarenda, Sigluvíkur og Akureyjar sóknir.
81. *Oddi:* Odda, Stórólfshvols og Keldna sóknir.
82. *Skarð:* Skarðs, Haga og Marteinstungu sóknir.
83. *Kálfholt:* Kálfholts, Árbæjar og Hábæjar sóknir.
84. *Vestmannaeyjar:* Vestmannaeyja sókn.
85. *Eyrarbakki:* Gaulverjabæjar, Villingaholts, Stokkseyrar og Eyrarbakka sóknir.
86. *Hraungerði:* Hraungerðis, Laugardæla, Kotstrandar, Hjalla, Strandar og Úlfljótsvatns sóknir.
87. *Hruni:* Ólafsvalla, Stóra-Núps, Hrepphóla, Hruna og Tungufells sóknir.
88. *Mosfell í Grímsnesi:* Bræðratungu, Skálholts, Torfastaða, Haukadals, Úthlíðar, Miðdals, Mosfells, Klausturhóla og Búrfells sóknir.

89.—92. *Reykjavík.* Skipt í 4 prestaköll.

2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

Sóknarprestar skulu jafnframt vera barnakennarar, án sérstakra launa fyrir það starf, á þessum stöðum: Setbergi, Breiðabólsstað á Skógarströnd, Bíldudal, Stað í Súgandafirði, Bolungavík, Stað í Aðalvík, Árnesi, Hvammi í Laxárdal, Grímsey, Ólafsfirði, Skeggjastöðum, Mjóafirði, Neskaupstað, Sandfelli og Kálfholti.

Presturinn að Hólum í Hjaltadal skal kenna eina námsgrein, jafnaðarlega íslenzku, við bændaskólann á Hólum, án sérstakra launa.

3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 45 frá 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Alþingi, 20. des. 1935.

Guðbr. Ísberg, fundaskr., frsm. Jón Pálmason.

Nd. **931. Frumvarp til laga**

um viðauka við lög nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI

Um lán til hreppsfélaga.

1. gr.

Handhafaskuldabréf Kreppulánasjóðs, sem afgangs verða þegar lokið er lánveitingastarfsemi sjóðsins, samkvæmt lögum nr. 78 1933 og síðari breytingum á þeim lögum, má verja til lánveitinga handa hreppsfélögum landsins og fyrirtækjum þeirra, öðrum en atvinnufyrirtækjum, til þess að ná hagkvæmum samningum um skuldir hreppsfélaga, sem eru stofnaðar fyrir 1. jan. 1936, þar með taldar fátækraskuldir milli sveitarfélaga og skuldir við sjúkrahús og heilsuhæli. Bréfin skulu vera gildur gjaldeyrir með nafnverði gagnvart innlendum lánardrottnum eða skuldaeigendum til greiðslu hverrar þeirrar skuldar, sem eldri er og ekki er tryggð með fasteignaveði, handveði eða ríkisábyrgð. Sama gildir um greiðslu víxla, sem gefnir hafa verið út eftir 1. janúar 1936, ef skuldin hefir upphaflega verið stofnuð fyrir þann tíma. Til greiðslu skulda, eldri en frá 1. jan. 1933, eru bréf þessi fullgildur gjaldeyrir, á sama hátt og önnur skuldabréf Kreppulánasjóðs. Bréfin skulu vera greinilega auðkennd frá þeim bréfum, sem áður hafa verið afhent eða afhent verða samkvæmt lögum nr. 78 1933 og breytingum á þeim lögum.

2. gr.

Vextir bréfanna skulu vera 5½ af hundraði á ári, og skulu þau innleyst á þann hátt, að árlega sé varið sömu fastri upphæð til samanlagðra vaxta- og innlausnargreiðslna, samkvæmt útdrætti, er notarius publicus í Reykjavík framkvæmir, þannig, að öll bréfin séu innleyst á 30 árum, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

3. gr.

Í ársbyrjun 1936 skal stjórn Kreppulánasjóðs með auglýsingu leiða athygli allra hreppsnefnda landsins að heimild þeirri, er í 1. gr. segir, og láta þess jafnframt getið, að þau sveitarfélög, sem óski að nota þessa heimild, skuli senda stjórn sjóðsins beiðni um lán eins fljótt og við verður komið eftir að reikningi ársins 1935 er lokið, og eigi síðar en 1. maí 1936.

4. gr.

Stjórn Kreppulánasjóðs hefir heimild til að gera skuldajöfnuð í fátækraskuldum milli sveitarfélaga, þar sem því verður við komið, og ennfremur að ákveða, að þar til fengnu samþykki atvinnumálaráðherra, að felldar verði niður allt að 50% af fátækraskuldum þeirra sveitarfélaga, sem að dómi sjóðs-

stjórnarinnar eru svo illa stödd fjárhagslega, að þeim verður eigi talið kleift að rísa undir frekari skuldbindingum.

5. gr.

Telji sjóðsstjórnin, að fengnum öllum upplýsingum, nauðsynlegt að fá samningum um veðtryggð lán hreppsfélags breytt hvað vaxtakjör og greiðslutíma snertir, og ennfremur að eftirgjöf fáist að meira eða minna leyti á óveðtryggðum og veðtryggðum skuldum hreppsfélags, er henni skylt að gera það að skilyrði fyrir lánveitingu, að þær breytingar fáist, er hún telur nauðsynlegar, og skal sjóðsstjórnin, þegar svo stendur á, fara eftir fyrirmælum 8.—18. gr. Kreppulánasjóðslaganna, að því leyti sem við getur átt og við verður komið að hennar dómi. Til breytinga á lánskjörum veðtryggðra skulda og eftirgjafa á þeim þarf þó ætíð samþykki hlutaðeigandi veðhafa eða skuldareiganda.

6. gr.

Nú hefir stjórn sjóðsins gert þær tilraunir, er í hennar valdi standa, til þess að fá þær eftirgjafir og breytingar á skuldum sveitarfélags, sem hún telur við þurfa til þess að koma fjárhag sveitarfélags á heilbrigðan grundvöll, en það hefir eigi tekizt, og skal hún þá senda atvinnumálaráðuneytinu skýrslu um tilraunir sínar í þessu efni, og skal ráðuneytið þá gera ráðstafanir til að gera fjárhag þess sveitarfélags upp samkvæmt lögum nr. 63 frá 1933, um ráðstafanir út af fjárþröng hreppsfélaga, og er heimilt að veita hreppsfélagi lán úr sjóðnum til þess að greiða þann hluta skuldanna, sem því verður gert að greiða samkvæmt þessum lögum.

7. gr.

Vextir af lánum þessum skulu vera 5½ af hundraði á ári. Skilyrði fyrir lánveitingu til hreppsfélags og gögn þau, sem fylgja eiga lánbeiðni, eru hin sömu og greind eru í 10. og 11. gr. þessara laga, eftir því sem við getur átt.

II. KAFLI

Um lán til bæjarfélaga.

8. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ákveða, að stjórn Kreppulánasjóðs (samkv. 14. gr.) gefi út sérstakan flokk handhafaskuldabréfa, að upphæð 1½ milljón króna.

Trygging fyrir skuldabréfum þessum skal vera:

1. Skuldabréf þau, er sjóðurinn fær frá lántakendum.
2. Ábyrgð ríkissjóðs.

Skuldabréfum þessum má verja til lánveitinga handa bæjarsjóðum kaupstaða landsins utan Reykjavíkur, til þess að ná hagkvæmum breytingum á þeim lánum bæjarsjóða, hafnarsjóða og annara stofnana, sem reknar eru fyrir reikning bæjarsjóðs, en þó eigi atvinnufyrirtækja.

Fjármálaráðherra ákveður gerð bréfanna og fjárhæð þeirra.

Vextir skuldabréfa þessara skulu vera 5½ af hundraði á ári, og fer um innlausn þeirra samkv. 2. gr. laga þessara.

9. gr.

Skuldabréf þau, er í 8. gr. getur, skulu með nafnverði vera gildur gjaldeyrir til innlends lánardrottins eða skuldareiganda á hverri þeirri skuld bæjarfélags og bæjarfyrirtækis, annars en atvinnufyrirtækis, sem eldri er en frá 1. janúar 1936 og ekki er með samningi tryggð með fasteignaveði, handveði eða ríkisábyrgð. Sama gildir um greiðslu á víxlum, sem gefnir hafa verið út eftir 1. janúar 1936, ef skuldin hefir upphaflega verið stofnuð fyrir þann tíma. Til greiðslu skulda eldri en frá 1. jan. 1933 eru bréf þessi fullgildur gjaldeyrir, á sama hátt og önnur skuldabréf Kreppulánasjóðs.

Lánardrottni eða skuldareiganda er þó eigi skylt að taka skuldabréf þessi með nafnverði til greiðslu á:

1. Lánum, sem veitt hafa verið sem rekstrarlán til atvinnufyrirtækja, er bæirnir reka sjálfir eða hafa útvegað atvinnufyrirtækjum, sem rekin eru á þeirra vegum.
2. Veðdeildarlánum og D-lánum Landsbanka Íslands, sem tryggð eru með veði í eignum og tekjum bæjarfélaga.
3. Bráðabirgðalánum og skuldum, sem stofnaðar hafa verið á árinu 1935 og greiðast skulu fyrir árslok 1936, að undanteknum skuldum við önnur sveitarfélög, kaupstaði og sjúkrahús, vegna fátækraframfæris.
4. Vinnulaunum og kaupgjaldi.

Ákvæðin í 1.—4. tölul. hér að framan gilda einnig um skuldabréf hreppsfélaga samkvæmt I. kafla þessara laga.

10. gr.

Skilyrði fyrir lánveitingum úr Kreppulánasjóði til bæjarfélaga er, að þeim sé lánveitingin nauðsynleg, að dómi sjóðsstjórnarinnar, til að koma fjárhag sínum á heilbrigðan grundvöll, og að hvert þeirra um sig geti sett þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðsstjórnin tekur gilda.

Úrskurði sjóðsstjórnar má þó skjóta til atvinnumálaráðherra.

11. gr.

Lánbeiðni til Kreppulánasjóðs skal vera komin í hendur sjóðsstjórnarinnar eigi síðar en 1. marz 1936, og skulu henni fylgja eftirfarandi gögn:

1. Síðasti rekstrar- og efnahagsreikningur bæjarsjóðs og annara stofnana kaupstaðarins, og skulu reikningnum fylgja nákvæmar skýringar.
2. Sundurliðuð skrá yfir eignir bæjarfélagsins. Sé þar nákvæmlega tekið fram, hverjar fasteignirnar eru, hvert sé fasteignamat þeirra og hverjar breytingar hafa orðið frá síðasta fasteignamati, hvern arð eignirnar gefa, og ennfremur útistandandi kröfur og annað, sem máli skiptir.
3. Sundurliðuð skrá yfir lánardrottna bæjarfélagsins, og skal þá greina skuldarupphæð, hvort skuld sé tryggð með veði eða ábyrgð og hver tryggingin sé, gjalddaga, afborgunarskilmála, greiðslukjör o. fl.

4. Sundurliðuð skrá yfir ábyrgðir bæjarfélagsins, og skal þar greina, hverjar aðrar tryggingar eru fyrir ábyrgðarskuldum, og þess getið, hverjar líkur eru til, að ábyrgðirnar falli á bæjarsjóðinn.
5. Sundurliðuð skrá yfir skuldir og innieignir bæjarfélagsins hjá öðrum bæjar- og sveitarfélögum vegna fátækraframfærslu.
6. Aðrar upplýsingar, sem sjóðsstjórnin kann að óska eftir.

12. gr.

Nú telur sjóðsstjórnin, að fengnum öllum upplýsingum, að nauðsynlegt sé að fá samningum um eldri samningsbundin og veðtryggð lán bæjarfélags breytt, hvað vaxtakjör og greiðslutíma snertir, og er sjóðsstjórninni þá heimilt, að þar til fengnu samþykki atvinnumálaráðherra, að gera það að skilyrði fyrir lánveitingu, að skuldareigendur þeir, er í hlut eiga, breyti lánskjörunum eða greiðsluskilmálunum á þann hátt, sem sjóðsstjórnin telur við þurfa.

13. gr.

Vextir af lánum bæjarfélaga skulu vera 5½ af hundraði á ári. Lánstíminn skal fara eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar, þó aldrei lengri en 30 ár.

Afborgunarskilmálum skal haga svo, að Kreppulánasjóður geti staðið straum af innlausn skuldabréfanna.

Gjalddagi skal vera 15. nóvember ár hvert, og fara fyrstu afborganir fram 15. nóvember 1937. Ef ekki eru gerð skil á árgjaldi fyrir 31. desember næst á eftir gjalddaga, er lánið allt fallið í gjalddaga, og ber stjórn sjóðsins þá að gera nauðsynlegar ráðstafanir til innheimtu þess.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

14. gr.

Skuldabréf samkv. lögum þessum, sem eitt bæjar- eða sveitarfélag fær frá öðru, vegna skuldaskila þeirra í milli, skal vera fullgildur gjaldeyrir til greiðslu á skuldum þeirra sveitar- og bæjarfélaga, sem bréfin eignast, á sama hátt og þau væru veitt þeim sem lán samkv. lögum þessum.

15. gr.

Meðan undirbúningur lánveitinga fer fram, og lánveitingar standa yfir, skal stjórn sjóðsins skipuð aðalbankastjóra Búnaðarbankans og tveim mönnum, er atvinnumálaráðherra skipar.

Þóknun til stjórnarinnar greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun atvinnumálaráðherra. Annar kostnaður vegna lánveitinga eftir lögum þessum greiðist úr Kreppulánasjóði, að því leyti sem hann er ekki greiddur annarsstaðar að.

Lánveitingum samkvæmt lögum þessum skal lokið fyrir árslok 1936. Frá þeim tíma annast stjórn Búnaðarbankans alla stjórn sjóðsins án endurgjalds.

16. gr.

Að því leyti sem ekki er annað ákveðið sérstaklega í lögum þessum, gilda um undirbúning undir lánveitingar og annað, er að lánunum og skuldabréfunum lýtur, ákvæði laga nr. 78 19. júní 1933, með síðari viðaukum, eftir því sem við á.

17. gr.

Með reglugerð má setja nánari ákvæði um fyrirkomulag og annað, er snertir lánveitingar til kaupstaða og sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 932. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1936.

Frá Finni Jónssyni, Emil Jónssyni, Jóni Ólafssyni, Bjarna Ásgeirssyni og Bergi Jónssyni.

Við 18. gr. II. g. 22. Nýr liður:

Til Þórbergs Þórðarsonar 2500

Jafnframt fellur niður 28. liður 15. greinar.

Sþ. 933. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 895 (Fjárlög).

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 5. lið. (Við 13. gr. A. XI). Aftan við liðinn bætist:

Þar af til Sigurðar Kristjánssonar á Grímsstöðum á Fjöllum 500 kr.

Til vara: 300 kr.

Sþ. 934. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1936.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 22. gr. V. Nýr liður:

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eða leigja, ef viðunandi boð fást, skipin:

a. Óðin.
b. Þór.
c. Hermóð.

Ed. **935. Lög**

um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.).

Samhljóða þskj. 892.

Ed. **936. Lög**

um loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.).

Samhljóða þskj. 889.

Nd. **937. Nefndarálit**

um frumv. til l. um starfsmenn ríkisins og laun þeirra

Frá launamálanefnd.

Síðast á fyrri hluta þessa þings var launamálanefnd kosin, og fékk hún mál þetta til meðferðar, ásamt 8 öðrum frv., er meira og minna snerta launamálið. Nefndin hefir síðan í haust haldið fundi nær alla virka daga og unnið að þessum málum. Hefir hún nú afgreitt 7 þeirra til þingsins.

Nefndin hefir nú að kalla lokið athugun á þessu máli, og hefir fullgengið frá allmörgum breytingartillögum við launafrumvarpið. Átti aðeins eftir að leggja síðustu hönd á nokkur atriði málsins. Snemma á þessum hluta þingsins varð nefndin þess áskynja, að málið myndi ekki ná fram að ganga á þessu þingi. Leizt oss undirrituðum, að þá mundi lítið vera við það unnið, að afgreiða það til fulls til þingsins af vorri hálfu, þar sem fyrirsjáanlegt var, að það yrði alls ekkert rætt. Urðum vér undirritaðir ásáttir um það að skila ekki breytingartillögum við launafrumv. til þingsins nú. (Einn nefndarmanna (SE) hefir lítinn þátt tekið í störfum nefndarinnar).

Vér teljum sjálfsagt, að þetta mál verði tekið fyrir í byrjun næsta þings. Getur þá nefnd sú, sem fær málið til meðferðar, fengið gögn þau og tillögur við málið, er vér höfum undirbúið. Mun það flýta fyrir störfum nefndarinnar og létta henni starfið. Einmitt með því móti er mest von til þess, að málið hljóti fullnaðarafgreiðslu.

Alþingi, 21. des. 1935.

Jörundur Brynjólfsson, form. Páll Zóphóníasson. Jón Pálmason. Guðbr. Ísberg.

Ed. 938. Framfærslulög

(Afgreidd frá Ed. 21. des.).

Samhljóða þskj. 871.

Ed. 939. Framfærslulög.

um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka í sínar hendur innflutning á kartöflum og öðrum garðávöxtum frá 1. maí 1936, og er þá öllum öðrum óheimilt að flytja nefndar vörutegundir til landsins.

Lög þessi ná þó ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs kartöflur, ef birgðirnar eru, að áliti tollstjóra í Reykjavík og lögreglustjóra annarsstaðar, eigi meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum.

2. gr.

Stofnun, sem nefnist Grænmetisverzlun ríkisins, skal annast innflutning og verzlun kartaflna og annara garðávaxta samkvæmt lögum þessum.

Ríkissjóður leggur fram nauðsynlegt stofnfé til verzlunarinnar, og er ríkisstjórninni heimilt að taka lán í því skyni.

3. gr.

Grænmetisverzlun ríkisins er skylt að kaupa fyrir gildandi innkaupsverð samkvæmt 10. gr. allar þær kartöflur, sem framleiddar eru innanlands og fram eru boðnar á þeim stöðum, er hún ákveður, eftir því sem geymslurúm og markaðsþörf leyfir. Skal hún haga innkaupum og verzlun sinni þannig, að hver landshluti sé fyrst látinn fullnægja sinni neyzluþörf, eftir því sem við verður komið.

Eftir því sem fært þykir skulu þeir framleiðendur látnir sitja fyrir um kaup að haustlagi, sem erfiðast eiga um flutninga að vetrarlagi.

4. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Grænmetisverzlun ríkisins, að banna innflutning á þeim tegundum garðávaxta, sem framleiða má í landinu sjálfu og Grænmetisverzlun ríkisins annast ekki innflutning á, eftir því sem nauðsynlegt kann að verða til þess að tryggja markað fyrir innlenda framleiðslu.

5. gr.

Grænmetisverzlun ríkisins er heimilt að leigja eða láta reisa í Reykjavík geymslu- og markaðsskála fyrir kartöflur og aðra garðávexti, sem framleiddir eru í landinu og ætlaðir eru til sölu innanlands.

Stærð skálans skal við það miðuð, að hann rúmi til geymslu allt að 6000 tn. af garðávöxtum, en lóð þannig valin og byggingu þannig hagað, að auðvelt sé að stækka hann, ef þörf krefur.

Heimilt er Grænmetisverzlun ríkisins að láta reisa geymslur fyrir garðávexti á þeim stöðum úti um land, þar sem hún telur brýna þörf fyrir þær.

Í byggingar samkvæmt þessari grein má þó ekki ráðast nema með samþykki ríkisstjórnarinnar.

6. gr.

Grænmetisverzlun ríkisins selur til félaga, kaupmanna, kaupfélaga og annara, er hafa verzlunarleyfi, svo og til bæjar- og sveitarfélaga, en ekki í smásölu til neytenda. Þó skal henni heimilt að selja beint til neytenda í markaðsskála Grænmetisverzlunarinnar í Reykjavík og annarsstaðar, þar sem hún hefir sérstakar geymslur.

7. gr.

Innlendum framleiðendum er heimilt að selja framleiðslu sína hverjum sem vera skal. En hlíta skulu þeir því lágmarksverði, sem ákveðið er á hverjum tíma samkv. 10. gr. Þeir skulu eiga frjálsan aðgang að markaðsskála Grænmetisverzlunar ríkisins, og skal þeim heimilt að selja afurðir sínar þar gegn gjaldi og eftir reglum, sem ákveða má í reglugerð.

8. gr.

Allir garðávextir, sem Grænmetisverzlun ríkisins kaupir, skulu metnir af matsmönnum, sem landbúnaðarráðherra skipar samkvæmt tillögum verðlagsnefndar. Matsmenn skulu fá erindisbréf til þess að starfa eftir. Grænmetisverzlun ríkisins greiðir kostnað við matið.

9. gr.

Innkaupsverð og söluverð Grænmetisverzlunar ríkisins á garðávöxtum, svo og hámarksverð garðávaxta í smásölu skal ákveðið af 5 manna verðlagsnefnd. Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar, en Búnaðarfélag Íslands, S. Í. S., Verzlunarráð Íslands og Alþýðusamband Íslands hafa rétt til að tilnefna hvert sinn mann í nefndina. Tilnefni einhver aðili ekki nefndarmann, skipar ríkisstjórnin mann í hans stað. Nefndarmenn skulu starfa kauplaust.

10. gr.

Ákveða skal á hverju hausti verðlag það á innlendum garðávöxtum, er gilda skal um uppskerutímann, frá 15. sept. til 1. nóv. Eftir það skal verðið fara hækkandi, svo að fullt tillit sé tekið til geymslukostnaðar þeirra garðávaxta, sem síðar verða seldir.

Nýir innlendir garðávextir, sem koma á markaðinn fyrir 15. sept., skulu skráðir hærra verði, því fyrr sem þeir eru afhentir til sölu. Skal verðlagið miða að því, að tryggð verði framleiðsla snemmvaxinna garðávaxta.

Verðskráning garðávaxta skal aðallega miða við markaðsverð garðávaxta í nálægum löndum, að viðbættum flutningskostnaði. Þó skal þess gætt jafnframt, að framleiðendum sé tryggt hæfilegt framleiðsluverð.

Innflutta garðávexti má aldrei selja lægra verði en innlenda, miðað við sama tíma og sömu gæði.

Við ákvörðun útsöluverðs þeirra garðávaxta, sem Grænmetisverzlun ríkisins verzlar með, skal álagningin miðuð við það, að geymslu- og verzlunarkostnaður fáist greiddur.

11. gr.

Hagnaði, sem verða kann á rekstri Grænmetisverzlunar ríkisins, skal varið til þess að byggja geymslu- og markaðsskála, svo og til að tryggja framtíð stofnunarinnar, með því að koma upp nauðsynlegum varasjóði.

12. gr.

Ríkisstjórnin semur reglugerð fyrir Grænmetisverzlun ríkisins og skipar forstöðumann hennar og endurskoðendur. Heimilt er að fela einhverri ríkisstofnun eða Sambandi ísl. samvinnufélaga forstöðu verzlunarinnar.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100—1000 kr., ef ekki liggur þyngri refsing við samkvæmt lögum. Kartöflur og aðrir garðávextir, sem einkasala er á og inn eru fluttir í heimildarleysi, skulu gerðir upptækir og afhendast einkasölunni.

Með mál út af lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 100 frá 3. maí 1935.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða

Árin 1936, 1937 og 1938 er ríkisstjórninni heimilt að veita sérstök verðlaun fyrir aukna framleiðslu kartaflna, miðað við uppskeru haustsins 1935. Þetta kemur þó því aðeins til greina, að framleiðslan fari ekki fram úr eftirspurninni. Verðlaunin skulu því skilyrði bundin, að framleidd sé góð vara, og við þær aðstæður, að framleiðslan geti haldizt óbreytt áfram án sérstakra friðinda, og að Búnaðarfélag Íslands mæli með því, að verðlaunin séu veitt. Skal framleiðanda skylt að færa sönnur á fyrir Búnaðarfélagi Íslands, að framleiðsluaukningin hafi átt sér stað, bæði með því að trúnaðarmenn félagsins hafi tekið garðalandið út á jarðabótaskýrslu og önnur skilyrði séu fyrir hendi um uppskeruaukninguna. Búnaðarfélagi Íslands er og heimilt að setja þau skilyrði fyrir meðmælum sínum, að garðalandið sé valið í samráði við trúnaðarmenn þess.

Má verja úr ríkissjóði til þessara verðlauna allt að 30000 kr. árið 1936, allt að 20000 kr. árið 1937 og allt að 10000 kr. árið 1938, og mega verðlaunin nema árið 1936 allt að kr. 3.00 á hverja tunnu umfram uppskeru 1935, árið

1937 kr. 2.00 á tn. umfram uppskeru 1936, og árið 1938 kr. 1.00 á tunnu umfram uppskeru 1937.

Eigi má veita verðlaun fyrir minni aukningu en 3 tunnur.

Bæjar- og sveitarfélögum og samvinnufélögum, er garðyrkju kunna að reka, má veita verðlaun fyrir meiri uppskeruaukningu en 100 tunnur.

Ed. 940. Lög

um viðauka við og breyting á lögum nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.).

Samhljóða þskj. 925.

Ed. 941. Lög

um viðauka við lög nr. 85 26. apríl 1935, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.).

Samhljóða þskj. 926.

Ed. 942. Lög

um einkaleyfi til að vinna málningu úr íslenzkum hráefnum.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.).

Samhljóða þskj. 616.

Nd. 943. Breytingartillögur

við frv. til l. um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
   Heimilt er þó ráðherra að leyfa erlendum ferðaskrifstofum, sem áður hafa starfað hér á landi, að hafa umboðsmenn hér á landi, og setur hann reglur um starfssvið þeirra og eftirlit með starfsemi þeirra. Leyfi þetta skal veitt um ákveðið tímabil, en þó ekki lengur en til 5 ára í senn.
2. Við 3. gr. Síðasti málsliður falli burt.

3. Við 4. gr. Á eftir greininni komi nýr málsliður:
Nú virðist Ferðaskrifstofu ríkisins akstur með ferðamenn skiptast ójafnt milli fólksflutningastöðva, og hefir hún þá rétt til að setja reglur um skiptingu akstursins milli þeirra, enda komi samþykki ráðherra til.
4. Við 5. gr. Á eftir 3. málslið („.... reka þau") komi:
Á sama hátt hefir ríkisstjórnin heimild til, að fengnum tillögum ferðaskrifstofunnar, að svipta umboðsmenn fyrir erlendar ferðaskrifstofur, sem hér kunna að hafa fengið leyfi til að starfa, þessu starfsleyfi, ef þeir brjóta settar reglur í verulegum atriðum.

Ed. 944. Frumvarp til laga

um Ferðaskrifstofu ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn skrifstofu í Reykjavík, er nefnist Ferðaskrifstofa ríkisins, og skal hún starfa að því að veita fræðslu um landið innanlands og utan með fræðsluritum, útvarpserindum, fyrirlestrum, kvikmyndum, auglýsingum og á annan hátt, með það fyrir augum að vekja athygli ferðamanna á landinu og kynna það á þann hátt, að menn fái sem gleggsta hugmynd um lands- og þjóðarháttu, menningu, atvinnulíf og framleiðslu. Ferðaskrifstofa ríkisins hefir með höndum leiðbeiningar og fyrirgreiðslu innlendra og erlendra ferðamanna, og hefir hún ein rétt til þess að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn.

Heimilt er þó ráðherra að leyfa erlendum ferðaskrifstofum, sem áður hafa starfað hér á landi, að hafa umboðsmenn hér á landi, og setur hann reglur um starfssvið þeirra og eftirlit með starfsemi þeirra. Leyfi þetta skal veitt um ákveðið tímabil, en þó ekki lengur en til 5 ára í senn.

2. gr.

Nú takast samningar um gagnkvæm erindi og upplýsingar milli Ríkisútvarpsins og erlendra útvarpsstöðva, og skal þá starfsemi Ríkisútvarpsins í þessu efni jafnan hagað eftir samkomulagi við forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins.

3. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal jafnan veita ókeypis leiðbeiningar um ferðalög umhverfis landið og á landinu, um gistihús, farartæki, ákvörðunarstaði og annað, sem ferðamönnum er nauðsynlegt að fregna um, jafnframt því sem hún annast og sér um, að ferðamönnum, innlendum sem útlendum, er þess óska, sé veittur hverskonar fararbeini.

4. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal hafa rétt til þess að heimta gjaldskrár af gistihúsum, veitingahúsum og eigendum fólksflutningsbifreiða. Nú virðist einhver

liður gjaldskránna ósanngjarn, og hefir þá ferðaskrifstofan heimild til þess að breyta honum, að fengnum tillögum nefndar, er eigendur gistihúsa og veitingahúsa og eigendur fólksflutningsbifreiða hafa rétt til að útnefna menn í, samkvæmt reglugerð, er ríkisstjórnin gefur út. Nú virðist Ferðaskrifstofu ríkisins akstur með ferðamenn skiptast ójafnt milli fólksflutningastöðva, og hefir hún þá rétt til að setja reglur um skiptingu akstursins milli þeirra, enda komi samþykki ráðherra til.

5. gr.

Ferðaskrifstofan skal hafa eftirlit með hreinlæti á gistihúsum og veitingahúsum, prúðmannlegri umgengni og aðbúnaði ferðamanna. Finni ferðaskrifstofan ástæðu til umvöndunar, skal hún gera eigendum gistihúsanna og veitingahúsanna viðvart um það. Nú láta eigendur gistihúsa og veitingahúsa eigi skipast við umvöndun skrifstofunnar, og hefir þá ríkisstjórnin, að fengnum tillögum ferðaskrifstofunnar, heimild til þess að svipta eigendur gistihúsa og veitingahúsa réttinum til þess að reka þau. Á sama hátt hefir ríkisstjórnin heimild til, að fengnum tillögum ferðaskrifstofunnar, að svipta umboðsmenn fyrir erlendar ferðaskrifstofur, sem hér kunna að hafa fengið leyfi til að starfa, þessu starfsleyfi, ef þeir brjóta settar reglur í verulegum atriðum.

6. gr.

Laun forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins skulu ákveðin í launalögum, en þangað til það verður gert skal ráðherra sá, er ferðaskrifstofan heyrir undir, ákveða þau. Ráðherra ákveður í reglugerð nánar um fyrirkomulag og rekstur skrifstofunnar og um tölu, launakjör og starfsvið starfsmanna hennar, og um innheimtu stimpilgjalds, er ræðir um í 7. og 8. gr.

7. gr.

Til þess að afla skrifstofunni tekna skal greitt stimpilgjald af farseðlum með bifreiðum í áætlunarferðum, 5 aurar af hverri heilli krónu í andvirði seðilsins. Stimpilgjald þetta rennur til Ferðaskrifstofu ríkisins.

8. gr.

Skylt skal vera að afhenda jafnan farþega, er fluttur er í áætlunarbifreið gegn greiðslu, farseðil með áletraðri upphæð þeirri, er greiða ber, enda sé farseðillinn stimplaður svo sem mælt er fyrir í 7. gr.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100—1000 króna, nema þyngri refsingar liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skal fara með mál út af brotum sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 945. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 899 [Skipulag á fólksflutningum með bifreiðum]

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 2. lið. Meginmál tillögunnar orðist þannig:

Til þess að gera tillögur til póstmálastjórnarinnar um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt lögum þessum skal vera 6 manna nefnd, er sé þannig skipuð: Atvinnumálaráðherra skipar tvo, og skal annar þeirra vera formaður, Alþýðusamband Íslands einn, og sérleyfishafar kjósa þrjá samkv. reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Nefndin skal kosin og skipuð til eins árs í senn, og í fyrsta sinn þegar lög þessi öðlast gildi.

Sþ. 946. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1936 og við brtt. á þskj. 934.

I. Frá *atvinnumálaráðherra.*

1. Við 13. gr. B. 1. b. (Eimskip).
   Fyrir „150000“ kemur 180000
   Aftan við athugasemdina bætist: og greiði á árinu eftirstöðvar af skuld sinni við ríkissjóð vegna kaupa á Selfossi.
2. Við 21. gr. Inn. IV. (Andvirði seldra eigna).
   Fyrir „125000“ kemur 155000

II. Frá *Pétri Ottesen.*

Við brtt. 934. (Nýr liður við 22. gr. V. Sala eða leiga á varðskipum).
Aftan við liðinn bætist:
enda bíði landhelgisgæzlan ekki hnekki við breytinguna.

Nd. 947. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 62 28. janúar 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laganna hljóði svo:

Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi 6 farþega, nema hafa til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni. Slíkt sérleyfi þarf og til þess að hafa á hendi fastar ferðir eða áætlunarferðir til fólksflutninga með bifreiðum, er rúma 6 farþega eða færri. Nú verður ágreiningur um, hvað skuli telja fastar ferðir eða áætlunarferðir, og sker þá póstmálastjóri úr. Úrskurði þessum má áfrýja til atvinnumálaráðherra.

Póstmálastjórninni er heimilt að nota eigin bifreiðar á þeim leiðum, er henni þykir henta, enda fullnægi bifreiðar hennar settum reglum fyrir sérleyfishafa.

Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga endrum og sinnum með bifreiðum, sem skráðar eru til vöruflutninga, enda sé umbúnaður þeirra til öryggis og þæginda farþegum samkvæmt reglum, er ráðherra setur, og hafi bifreiðarstjóri þeirra rétt til að stýra leigubifreið til fólksflutninga.

Ráðherra getur undanþegið frá sérleyfisskyldu á vissum leiðum vörubifreiðar, er flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, en rúma auk þess allt að 8 farþegum, enda fullnægi þær að öðru leyti settum reglum fyrir fólksflutningum. Undanþágan skal veitt til ákveðins tíma í senn. Ennfremur er póstmálastjórninni heimilt að undanskilja sérleyfi fólksflutningsferðir endrum og sinnum á héraðsmót, fjölsóttar skemmtanir, hópferðir o. þ. l.

Sérleyfi skal eigi veitt til fastra áætlunarferða á heildarleiðum: Reykjavík—Gullfoss, Reykjavík—Geysir, Reykjavík—Reykjanesviti, og á sunnudögum Reykjavík—Þingvellir, en þó má veita sérleyfi á einstökum hlutum þessara leiða. Ráðherra getur ákveðið fargjöld á þessum leiðum. Veitt sérleyfi, sem kunna að koma í bága við ákvæði þessarar greinar, skulu hreyfast til samræmis við hana. Þó mega fólksflutningsbifreiðar, sem rúma fleiri en 6 farþega, eigi hafa fastar áætlunarferðir til Þingvalla á sunnudögum, nema þeirra manna, sem sérleyfi hafa á þeirri leið aðra daga vikunnar.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Til þess að gera tillögur til póstmálastjórnarinnar um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt lögum þessum skal vera 6 manna nefnd, er sé þannig skipuð: Atvinnumálaráðherra skipar tvo, og skal annar þeirra vera formaður, Alþýðusamband Íslands einn, og sérleyfishafar kjósa þrjá samkv. reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Nefndin skal kosin og skipuð til eins árs í senn, og í fyrsta sinn þegar lög þessi öðlast gildi.

3. gr.

g-liður 5. gr. laganna orðist svo:

að bifreiðarstjórar á bifreiðum, er lög þessi ná til, fullnægi skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um æfingu við akstur o. fl. til öryggis farþegum.

4. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný gr., er verði 8. gr., svo hljóðandi:

Nánari ákvæði um skipulagningu fólksflutninga með bifreiðum setur ráðherra í reglugerð, að fengnum tillögum nefndar þeirrar, sem um getur í 2. gr. þessara laga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **948. Lög**

um Ferðaskrifstofu ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.).

Samhljóða þskj. 944.

Ed. **949. Lög**

um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti o. fl

(Afgreidd frá Ed. 21. des.).

Samhljóða þskj. 939.

Ed. **950. Lög**

um viðauka við lög nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.).

Samhljóða þskj. 931.

Ed. **951. Lög**

um samþykkt á landsreikningnum 1933.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.).

Samhljóða þskj. 500.

Nd. **952. Lög**

um breyting á lögum nr. 62 28. janúar 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.).

Samhljóða þskj. 947.

Sþ. **953. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 895 (Fjárlög).

Frá Páli Hermannssyni.

Tillagan orðist svo:

Við 5. lið. (Við 13. gr. A. XI.). Aftan við greinina bætist:

Þar af til Sigurðar Kristjánssonar á Grímsstöðum á Fjöllum og Jóns A. Stefánssonar í Möðrudal 300 kr. til hvors.

Sþ.

954. Fjárlög

fyrir árið 1936.

(Afgreidd frá Sþ. 21. des.).

I. KAFLI.

Tekjur:

1. gr.

Árið 1936 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Ætlað er á, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur	380000	
2. Tekjuskattur og eignarskattur	1550000	
3. Hátekjuskattur	200000	
4. Lestagjald af skipum	50000	
		2180000
5. Aukatekjur	620000	
6. Erfðafjárskattur	50000	
7. Vitagjald	470000	
8. Leyfisbréfagjöld	25000	
9. Stimpilgjald	500000	
10. Stimpilgjald af ávísunum og kvittunum	100000	
11. Bifreiðaskattur	370000	
12. Benzínskattur	250000	
		2385000
13. Útflutningsgjald	700000	
14. Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	1000000	
Flyt ...	1700000	4565000

		kr.	kr.
	Flutt ...	1700000	4565000
15. Tóbakstollur		1200000	
16. Kaffi- og sykurtollur		900000	
17. Annað aðflutningsgjald		80000	
18. Vörutollur		1250000	
19. Verðtollur		1000000	
20. Gjald af innfluttum vörum		750000	
			6880000
21. Gjald af innlendum tollvörum			400000
22. Skemmtanaskattur			120000
23. Veitingaskattur			100000
	Samtals ...	... ...	12065000

3. gr.

		kr.	kr.
A.			
Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:			
1. Rekstrarhagnaður póstsjóðs		53860	
2. — landssímans		473000	
3. — áfengisverzlunar		1200000	
4. — tóbakseinkasölu		600000	
5. — ríkisútvarps		87000	
6. — ríkisprentsmiðju		60000	
7. — landssmiðju		10000	
8, — Vífilsstaðabús		5000	
9. — Kleppsbús		5000	
10. — Reykjabús		4000	
11. — bílaeinkasölu		75000	
12. — raftækjaverzlunar		50000	
	Samtals ...	... ...	2622860
Sundurliðun.			
1. Póstsjóður.			
I. Tekjur			650000
II. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Eftir launalögum	100000		
	Flyt ... 100000	... ...	650000

		kr.	kr.
Flutt ...	100000	... ...	650000
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	75000		
c. Bréfhirðingamenn	23000		
		198000	
2. Póstflutningar		250000	
3. Annar kostnaður:			
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík, eftir reikningi	22500		
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur	28500		
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	13000		
d. Önnur gjöld	80000		
e. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	4140		
		148140	
			596140
Fært á 3. gr. A. I. 1		... ...	53860
2. Landssíminn.			
I. Tekjur			2070000
II. Gjöld:			
a. Til einkasíma í sveitum		10000	
b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna	70000		
2. Ritsímastöðin í Reykjavík	175000		
3. Loftskeytastöðin í Reykjavík	35000		
4. Stuttbylgjustöð í Reykjavík	50000		
5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	500000		
6. Áhaldahúsið..	15000		
7. Ritsímastöðin á Akureyri	50000		
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	60000		
9. Ritsímastöðin á Ísafirði	33000		
10. Símastöðin á Borðeyri	16000		
11. Símastöðin í Vestmannaeyjum	30000		
12. Símastöðin á Siglufirði	30000		
13. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	130000		
		1194000	
Flyt ...		1204000	2070000

	kr.	kr.
Flutt ...	1204000	2070000
Uppbót á launum greiðist eftir sömu reglum sem verið hefir, önnur en símtalauppbót, er greiðist eftir reglum, er ráðherra setur, að fengnum tillögum fjárveitinganefndar, enda færist þær greiðslur á framangreinda liði viðkomandi stöðva.		
c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	55000	
d. Viðbót og viðhald stöðvanna	50000	
e. Kostnaður af ferðalögum etc.	10000	
f. Viðhald landssímanna...	220000	
g. Framhaldsgjald	23000	
h. Til kennslu handa símamönnum	2000	
i. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern	3000	
j. Yms gjöld	5000	
k. Fyrning á húsum og áhöldum...	25000	
		1597000
Fært á 3. gr. A. I. 2	... ...	473000
Eignabreytingar.		
Út.		
I. Afborgun af lánum L. M. Ericsson, Marconi o. fl.		210000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		45000
III. Til nýrra símalína		50000
að því tilskildu, að samkomulag náist við héruð, er hlut eiga að máli.		
Fært á 20. gr. Út I. 2. a og II. 1	... ...	305000
3. Áfengisverzlun ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó hagnaður)		1365000
II. Gjöld:		
Laun starfsmanna og vinnulaun	98500	
Útsvar og flutningsgjöld	35000	
Húsaleiga, ljós, hiti	6000	
Annar kostnaður	18000	
Fyrning á fasteign og áhöldum	7500	
		165000
Fært á 3. gr. A. I. 3	... ...	1200000

		kr.	kr.
4. Tóbakseinkasalan.			
I. Tekjur (brúttó hagnaður)			785000
II. Gjöld:			
Rekstrarkostnaður		140000	
Útsvar, áætlað tap á skuldum o. fl.		45000	
			185000
Fært á 3. gr. A. I. 4		... ...	600000
5. Ríkisútvarpið.			
I. Tekjur:			
a. Afnotagjöld		330000	
b. Ágóði viðtækjaverzlunar		75000	
c. Aðrar tekjur		40000	
d. Tekjur af viðgerðarstofu		30000	
			475000
II. Gjöld:			
a. Starfræksla:			
1. Starfsmannalaun	137000		
2. Útvarpsefni (1000 kr. á viku 52 vikur)	52000		
3. Skrifstofukostnaður	42000		
4. Húsaleiga, ljós, hiti	27000		
5. Útvarpsstöðin á Vatnsenda	45000		
6. Til hleðslu- og viðgerðarstöðva og til að greiða fyrir útvarpsnotum	20000		
7. Óviss útgjöld	15000		
		338000	
b. Afborgun og vextir		21000	
c. Fyrning á húsi og vélum		29000	
			388000
Fært á 3. gr. A. I. 5		... ...	87000
B.			
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:			
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs			20000
Flyt ...		... ...	20000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	20000
2. Arnarhvoll:			
a. Tekjur		60000	
b. Gjöld:			
1. Vextir (6,2% af 350000)	21700		
2. Ýmiskonar rekstrarkostnaður	30000		
3. Fyrning hússins (sjá 20. gr.)	3650		
		55350	
			4650
	Samtals ..	... ...	24650

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Vextir af bankavaxtabréfum og jarðræktarbréfum ...		20000
2. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af þrem millj.		180000
3. Vextir af veðd.bréfum Búnaðarbankans, 6% af 1410000		84600
4. Aðrir vextir		230875
Samtals ...	... ..	515475

5. gr.

Óvissar tekjur eru taldar 50000 kr.

II. KAFLI.

Gjöld:

6. gr.

Árið 1936 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		180700
2. Dönsk lán		82300
3. Ensk lán		1215500
4. Vextir af lausaskuldum		80000
Samtals		1558500

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfé Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		245000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		3750
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2170
Samtals		250920

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun	30000		
b. Til risnu	6000		
		36000	
2. Til utanferða ráðherra		6000	
3. Laun starfsmanna stjórnarráðsins		88000	
4. Annar kostnaður		65000	
5. Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum		38000	
6. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga		4000	
7. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.	700		
b. Til pappírs og prentunar	20000		
c. Til kostnaðar af sendingu með póstum	1000		
		21700	
8. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans		10000	
9. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)		2046	
			270746
II. Hagstofan:			
1. Laun		11000	
2. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		14000	
3. Prentun eyðublaða		2000	
4. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		6000	
5. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		25000	
			58000
III. Utanríkismál o. fl.			
1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendiherra	10000		
b. Húsaleiga	7000		
c. Kostnaður við embættið	25000		
d. Til skrifstofuhalds	20000		
		62000	
Flyt		62000	328746

	kr.	kr.
Flutt ...	62000	328746
2. Til meðferðar utanríkismála	17000	
3. Ríkisráðskostnaður	4000	
4. Kostnaður af sambandslaganefnd	2000	
5. — vegna samninga við erlend ríki... ...	60000	
		145000
Samtals ...	... ...	473746

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1. Hæstiréttur:		
a. Laun	26000	
b. Annar kostnaður	11000	
		37000
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra ...		126500
3. Laun hreppstjóra		22000
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
a. Laun 3 fulltrúa og 2 skrifara	23600	
b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	5500	
c. Ýms gjöld	6500	
		35600
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
a. Laun og aðstoð	103380	
b. Húsaleiga, ljós og hiti	8400	
c. Yms gjöld	14000	
		125780
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun 2 fulltrúa og 5 skrifara	34300	
b. Ljós, hiti og ræsting	4500	
c. Ýms gjöld	9000	
		47800
Flyt ...	... ...	394680

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	394680
7. Toll- og löggæzla		154000
8. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta ... Þar af 10 þús. kr., er skiptast milli bæjarfógeta eftir fyrirmælum dómsmálaráðherra.		122100
9. Til landhelgisgæzlu ... ... Þar af til landhelgissjóðs 20000 kr.		450000
10. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa ... ... (Þar af fyrning kr. 1770, sjá 20. gr.).		15000
11. Til vinnuhælisins á Litla-Hrauni... ... ... Þar af til endurbóta 5000 og til fyrningar 5300 (sjá 20. gr.).		55000
12. Sakamálakostnaður og lögreglumála		60000
13. Borgun til sjódómsmanna		2000
14. Borgun til setu- og varadómara		10000
15. Til endurskoðunar réttarfarslöggjafarinnar		3000
16. Kostnaður við löggildingu vogar- og mælitækja, samkv. lögum nr. 13 1924		5500
17. Til kaupa á nýjum löggildingartækjum		2500
18. Kostnaður við barnavernd, samkv. l. nr. 43 1932...		2000
19. Laun sáttasemjara í vinnudeilum, sbr. l. nr. 55 1925		1500
Samtals A ...	... ...	1277280
B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	55000	
b. Fyrir embættisskeyti	75000	
		130000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald nokkurra ríkisfasteigna		27000
3. Til embættiseftirlitsferða...		6000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		77000
5. Til ríkisskattanefndar		10000
6. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		34000
Samtals B. ...	... ...	284000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

		kr.	kr.
1. Laun			215000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi			8000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn, eftir reikningum			9450
Í Borgarneshéraði:			
Kolbeinsstaðahreppur	200		
Eyjahreppur	200		
Í Ólafsvíkurhéraði:			
Staðarsveit	200		
Breiðavíkurhreppur	300		
Neshreppur utan Ennis	300		
Í Stykkishólmshéraði:			
Eyrarsveit	500		
Miklaholtshreppur	200		
Í Dalahéraði:			
Klofningshreppur og Fellsstrandarhreppur utan Kjarlaksstaðaár	150		
Skarðshreppur	150		
Í Flateyjarhéraði:			
Múlahreppur	250		
Í Patreksfjarðarhéraði:			
Rauðasandshreppur	150		
Barðastrandarhreppur	150		
Í Flateyrarhéraði:			
Suðureyrarhreppur	200		
Í Ögurhéraði:			
Reykjarfjarðarhreppur	200		
Nauteyrarhreppur	300		
Snæfjallahreppur	250		
Í Hesteyrarhéraði:			
Grunnavíkurhreppur	300		
Sléttuhreppur	300		
Í Reykjarfjarðarhéraði:			
Árneshreppur (sé héraðið læknislaust)	600		
Í Miðfjarðarhéraði:			
Bæjarhreppur	300		
Flyt	5200	...	232450

		kr.	kr.
Flutt ...	5200	... ...	232450
Í Blönduóshéraði:			
Vindhælishreppur fyrir norðan Björg ...	200		
Í Sauðárkrókshéraði:			
Skefilsstaðahreppur	200		
Í Hofsóshéraði:			
Haganeshreppur	150		
Holtshreppur	150		
Í Húsavíkurhéraði:			
Flateyjarhreppur	200		
Grímseyjarhreppur...	400		
Í Öxarfjarðarhéraði:			
Fjallahreppur	200		
Presthólahreppur, til læknisvitjana af Austur-Sléttu	300		
Í Hróarstunguhéraði:			
Borgarfjarðarhreppur	300		
Í Fljótsdalshéraði:			
Jökuld.hr. (vegna byggðar i Möðrudalsheiði)	200		
Í Seyðisfjarðarhéraði:			
Loðmundarfjarðarhreppur	150		
Í Berufjarðarhéraði:			
Breiðdalshreppur	300		
Í Hornafjarðarhéraði:			
Hofshreppur	400		
Í Síðuhéraði:			
Skaftártunguhreppur	300		
Álftavershreppur	250		
Í Mýrdalshéraði:			
Austur-Eyjafjallahreppur	100		
Í Rangárhéraði:			
Vestur-Eyjafjallahreppur	100		
Í Eyrarbakkahéraði:			
Selvogshreppur	150		
Í Grímsneshéraði:			
Þingvallahreppur	200		
Samtals ...	9450	... ...	232450

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	232450
4.	Til læknis í Reykjavík, er skylt sé að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi, Mosfellssveit, Þingvallasveit og Reykjavíkurhéraði, utan kaupstaðarins, og fara eftir taxta héraðslækna		1200
5.	Til augnlækningaferða skv. l. nr. 12 1934		2400
6.	Styrkur til tannlæknis Vilhelms Bernhöfts í Reykjavík		800
7.	Styrkur til háls-, nef- og eyrnalæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		800
	Styrkur læknanna Vilhelms Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hvor um sig, segi stúdentum í læknadeild háskólans til í sinni sérfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 4 sinnum á mánuði, og gefi skýrslu um það.		
8.	Til að kaupa toracoskop		1600
9.	Til styrktar lækni til að nema lyfjafræði, gegn að minnsta kosti 1000 kr. framlagi annarsstaðar að, lokagreiðsla		2000
10.	Til lækniskandidats, til að nema geðveikrafræði erlendis		1500
11.	Landsspítalinn:		
	Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun lækna	42000	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun 96000		
	2. Matvæli 99000		
	3. Lyf og sáraumbúðir 21500		
	4. Ljós og eldsneyti 28000		
	5. Þvottur og hreinlætisvara 39000		
	6. Viðhald húsa og fastra muna 17000		
	7. — lausra muna (þar með fatnaður) 24000		
	8. Lóðin 1700		
	9. Skattar og tryggingar 5400		
	10. Sími og skrifstofa 7000		
	11. Röntgenfilmur og röntgenáhöld ... 20000		
	12. Ýms gjöld 6000		
	13. Fyrning 36500		
	Flyt ... 401100	42000	242750

			kr.	kr.
	Flutt ...	401100	42000	242750
Þar frá dregst:				
1. Meðlög sjúklinga	260000			
2. Geislalækn. (tekjur af röntgendeild)	54000			
3. Skurðstofugjald	9000			
4. Fæðingarstofugjald	4200			
5. Aukatekjur	400			
		327600		
	Mismunur ...		73500	
C. Til ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskólans, þar í fæði ljósmæðranema			9500	
			125000	
12. Holdsveikraspítalinn:				
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:				
A. Laun yfirlæknis			3600	
B. Önnur gjöld:				
1. Matvæli		15000		
2. Laun		11000		
3. Lyf og umbúðir		1500		
4. Ljós og eldsneyti		10500		
5. Þvottur og hreinlætisvara		1200		
6. Fatnaður allur		2000		
7. Viðhald húsa og fastra muna		6500		
8. Viðhald lausra muna		2000		
9. Sími		500		
10. Skattar og tryggingar		2800		
11. Flutningskostnaður		800		
12. Ýmisleg gjöld...		2000		
13. Fyrning		4482		
			60282	
			63882	
13. Geðveikrahælið á Kleppi:				
I. Gamli spítalinn:				
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:				
A. Laun yfirlæknis			5000	
B. Önnur gjöld:				
1. Matvæli		36500		
2. Laun		18500		
3. Lyf og umbúðir		800		
	Flyt	55800	5000	242750

		kr.	kr.
Flutt ...	55800	5000	242750
4. Ljós og hiti	10500		
5. Þvottur og hreinlætisvara	4500		
6. Viðhald húsa og fastra muna ...	9000		
7. Viðhald lausra muna	3000		
8. Sími og skrifstofa	1500		
9. Flutningskostnaður..	2000		
10. Skattar og tryggingar	2000		
11. Fatnaður allur	5000		
12. Ýms gjöld	3500		
13. Fyrning...	3064		
		99864	
		104864	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með sjúklingum		40000	
Mismunur ...		64864	
II. Nýi spitalinn.			
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun yfirlæknis		5000	
B. Önnur gjöld:			
1. Matvæli	62000		
2. Laun	18000		
3. Lyf og sáraumbúðir	7000		
4. Ljós og hiti	14000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	12500		
6. Viðhald húsa og fastra muna ...	5500		
7. Viðhald lausra muna	7500		
8. Sími og skrifstofa	2500		
9. Flutningskostnaður	2800		
10. Skattar og tryggingar	2200		
11. Fatnaður allur	7200		
12. Ýms gjöld	5000		
13. Fyrning	3355		
		179555	
Flyt ...		184555	242750

		kr.	kr.
	Flutt ...	184555	242750
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með sjúklingum		60000	
	Mismunur ...	124555	
14. Heilsuhælið á Vífilsstöðum:			
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun lækna		10000	
B. Önnur gjöld:			
1. Matvæli	115000		
2. Laun	53000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	13000		
4. Ljós og eldsneyti	28000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	22000		
6. Viðhald húsa og fastra muna	12000		
7. Viðhald lausra muna	15000		
8. Sími og skrifstofa	4500		
9. Flutningskostnaður (þar af ca. helmingur til kaupa á nýjum bíl)	8000		
10. Tryggingar	1200		
11. Ýms gjöld	5000		
12. Fyrning	3350		
		280050	
		290050	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með sjúklingum		272000	
	Mismunur ...	18050	
15. Heilsuhælið á Reykjum í Ölfusi:			
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		4500	
B. Önnur gjöld:			
1. Matvæli	24000		
2. Laun	17000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	2000		
	Flyt ..	43000	4500	242750

		kr.	kr.
Flutt ...	43000	4500	242750
4. Ljós	1000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	2000		
6. Viðhald húsa og fastra muna	5000		
7. Viðhald lausra muna	3500		
8. Sími	600		
9. Flutningar	1500		
10. Yms gjöld	2500		
11. Fyrning	1600		
		60700	
		65200	
Þar frá dregst:			
Daggjald sjúklinga, 14400 sjúkrad. á 4,50		64800	
Mismunur ...		400	
16. Heilsuhælið í Kristnesi:			
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis og kandidats		7450	
B. Önnur gjöld:			
1. Laun starfsmanna	26700		
2. Fæði...	46500		
3. Lyf og hjúkrunargögn...	5000		
4. Ljós og hiti	12500		
5. Þvottur og hreinlætisvara	4200		
6. Viðhald húsa og fastra muna	5500		
7. Viðhald lausra muna	5500		
8. Flutningskostnaður	3725		
9. Ýms gjöld	4200		
10. Fyrning	8370		
		122195	
		129645	
Þar frá dregst:			
Daggjald 71 sjúkl., 5 kr. á dag		129575	
Mismunur ...		70	
Flyt ...		... ...	242750

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	242750
17.	Kostnaður samkv. 12.—17. lið þessarar greinar er:		
	1. Landsspítalinn	443100	
	2. Holdsveikraspítalinn	63882	
	3. Kleppur, eldri spítalinn	104864	
	4. Kleppur, nýi spítalinn	184555	
	5. Vífilsstaðahælið	290050	
	6. Heilsuhælið á Reykjum	65200	
	7. Kristneshælið	129645	
		1281296	
	Frá dragast tekjur samkvæmt sömu liðum:		
	1. Landsspítalinn 327600		
	2. Holdsveikraspítalinn		
	3. Kleppur, eldri spítalinn 40000		
	4. Kleppur, nýi spítalinn 60000		
	5. Vífilsstaðahælið 272000		
	6. Heilsuhælið á Reykjum 64800		
	7. Kristneshælið 129575		
		893975	
		387321	
	Ennfremur dregst frá:		
	Áætlaður sparnaður á rekstri ofannefndra 7 spítala	128129	
		259192	
	Til gjalda færist því á þessum liðum		259192
18.	Önnur gjöld:		
	a. Styrkur til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli	16000	
	b. Styrkur til greiðslu vaxta af skuldum vegna læknisbústaða í Ögurhéraði og Grímsneshéraði, 1200 kr. til hvors, og til greiðslu vaxta og afborgana af skuld Reykhólahéraðs 1200 kr.	3600	
	c. Styrkur til fávita, er dvelja í hælum	5000	
	d. Til fávitahælis á Sólheimum, byggingarstyrkur	3000	
	e. Bólusetningarkostnaður	3500	
	f. Gjöld samkv. lögum nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	15000	
	g. Gjöld samkv. lögum nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands	2000	
	h. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	30000	
	Flyt ...	78100	501942

	kr.	kr.
Flutt ...	78100	501942
i. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	2000	
j. Til annara heilbrigðisráðstafana	2000	
k. Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að	15000	
Heilsuverndarstöð, sem styrks vill verða aðnjótandi, skal reka berklavarnastarfsemi undir yfirstjórn og eftirliti berklayfirlæknis ríkisins og haga störfum sínum öllum eftir reglum, er heilbrigðisstjórnin samþykkir.		
l. Til styrktar mænusóttarsjúklingum	10000	
m. Styrkur til Súgfirðinga til að hafa lærða hjúkrunarkonu	1000	
n. Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sér gervilimi	4000	
o. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launabót annarsstaðar að	300	
p. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2000	
q. Til Páls Sigurðssonar fyrrv. héraðslæknis, biðlaun	1800	
r. Til ýmsra sjúklinga, eftir úthlutun landlæknis ..	3500	
s. Sjúkrastyrkur til séra Jakobs Ó. Lárussonar ...	2000	
t. Til Jóns Einarssonar í Rauðhúsum, styrkur til framfærslu fávita	300	
		122000
19. Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra		65000
Samtals ...	... ...	688942

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Vegamál.		
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
1. Laun vegamálastjóra	6000	
2. Laun aðstoðarverkfræðings	5750	
Flyt ...	11750	

		kr.	kr.
	Flutt ...	11750	
3.	Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi	6000	
4.	Til aðstoðarmanna og mælinga	28000	
5.	Skrifstofukostnaður	18000	
			63750
II.	Þjóðvegir.		
a.	Til nýrra akvega:		
1.	Kjósarvegur	10000	
2.	Hafnarfjallsvegur	10000	
3.	Mýravegur	6000	
4.	Stykkishólmsvegur	7500	
5.	Ólafsvíkurvegur	3000	
6.	Laxárdalsvegur	1500	
7.	Suðurdalavegur	6000	
8.	Saurbæjarvegur	3000	
9.	Geiradalsvegur	3000	
10.	Patreksfjarðarvegur til Bíldudals ... Unnið sé fyrir sinn helming upphæðarinnar frá hvorum stað.	7500	
11.	Breiðadalsheiðarvegur	10000	
12.	Bolungavíkurvegur, gegn $^1/_4$ annarsstaðar að	4000	
13.	Langadalsvegur	4000	
14.	Steingrímsfjarðarvegur	3500	
15.	Kollafjarðarvegur	3000	
16.	Bitruvegur	4000	
17.	Holtavörðuheiðarvegur	30000	
18.	Hrútafjarðarvegur í Húnavatnssýslu	6000	
19.	Vesturhópsvegur	3000	
20.	Til Húnvetningabrautar frá Hólabaki norðan Vatnsdalshóla að Hnausakvísl	6000	
21.	Blönduhlíðarvegur	5000	
22.	Hofsósvegur	8000	
23.	Fljótavegur	4000	
24.	Siglufjarðarskarð	10000	
25.	Öxnadalsvegur	7000	
26.	Ljósavatnsskarðsvegur	15000	
27.	Raufarhafnarvegur	5000	
	Flyt ...	185000	 63750

		kr.	kr.
	Flutt ...	185000	 63750
28. Brekknaheiðarvegur		5000	
29. Bakkafjarðarvegur		3000	
30. Vopnafjarðarvegur		5000	
31. Jökulsárhlíðarvegur		3000	
32. Úthéraðsvegur		5000	
33. Fjarðarheiðarvegur		8000	
34. Norðfjarðarvegur		15000	
35. Skriðdalsvegur		5000	
36. Fáskrúðsfjarðarvegur frá Reyðarfirði		3000	
37. Breiðdalsvegur		6000	
38. Suðursveitarvegur		5000	
39. Öræfavegur		3000	
40. Síðuvegur		3000	
41. Mýrdalsvegur		5000	
42. Eyjafjallavegur		5000	
43. Landvegur		5000	
44. Gnúpverjahreppsvegur		5000	
45. Hrunamannahreppsvegur		8000	
46. Sogsvegur		15000	
			297000
b. Viðhald og umbætur			650000
c. Til þjóðvega af benzínskatti:			
1. Til malbikunar á Elliðaárvegi, allt að		50000	
2. — Hafnarfjarðarvegar, allt að ...		50000	
3. — Suðurlandsbrautar, allt að ...		70000	
4. — Holtavörðuheiðarvegar, allt að		40000	
5. — Austurlandsvegar, allt að		20000	
6. — Geysisvegar, allt að		20000	
			250000
			1197000
III. Til brúargerða			70000
IV. Fjallvegir			25000
V. 1. Til áhalda			15000
2. Til bókasafns verkamanna			300
3. Til fyrrverandi vegaverkstjóra, eftir tillögum vegamálastjóra			1000
			16300
	Flyt ...		 1372050

	kr.	kr.
Flutt ...	... ..	1372050
VI. Til sýsluvega:		
1. Tillög til akfærra sýsluvega, allt að ... ... gegn að minnsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.	12000	
2. Tillag til akfærra sýsluvega, af bifreiðaskatti ...	30000	
3. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923	70000	
		112000
VII. Til malbikunar á vegum í kaupstöðum og verzlunarstöðum, af bifreiðaskatti		30000
VIII. Til dragferjuhalds:		
1. Á Lagarfljóti	300	
2. - Blöndu	300	
		600
IX. 1. Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá	250	
2. Til ferju á Hvítá hjá Auðsholti	100	
		350
X. Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum:		
a. Hellisheiði	5000	
b. Holtavörðuheiði	1000	
		6000
XI. Styrkur til þess að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum ... ... Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskekktum bæjum í þjóðbraut.		3750
XII. Iðgjöld til slysatryggingar verkamanna samkv. lögum nr. 44 27. júní 1925		10000
XIII. Fyrning áhaldahússins (sjá 20. gr.)...		552
Samtals A. ...	... ..	1535302
B. Samgöngur á sjó.		
1. Til strandferða:		
a. Ríkissjóðs ... ... (Þar af fyrning kr. 50000, sjá 20. gr.).	330000	
b. Eimskipafélags Íslands ... ... enda haldi félagið uppi siglingum í sama horfi og áður og með eigi minni skipastól, ef efnahagur þess leyfir, og greiði á árinu eftirstöðvar af skuld sinni við ríkissjóð vegna kaupa á Selfossi.	180000	
Flyt ...	510000	

	kr.	kr.
Flutt ...	510000	
c. H/f Skaftfellings, allt að	22000	
d. H/f Skallagríms	10000	
		542000
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum		76000
Skipaútgerð ríkisins hefir yfirumsjón með ferðum flóabáta, sem fara eftir fastri áætlun. Skilyrði fyrir greiðslu styrksins er, að fyrir liggi efnahags- og rekstrarreikningur 1935 frá útgerð þessara báta, ef styrkupphæð til þeirra það ár hefir numið yfir 1000 kr. Ferðaáætlun 1936 og flutningagjaldskrá sé samþykkt af skipaútgerð ríkisins og reikningar ársins sendir henni, enda athugi hún, hversu rík sé þörf á ferðum hvers þess báts, er styrks nýtur úr ríkissjóði. Skip og bátar, sem njóta styrks úr ríkissjóði, eru skyld til að flytja póst endurgjaldslaust, sé þess krafizt.		
Samtals B. ...	... ...	618000
C.		
Vitamál og hafnargerðir.		
I. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
1. Laun vitamálastjóra	7200	
Þar af 1200 kr. persónuleg launaviðbót til núv. vitamálastjóra.		
Hann sé umsjónarmaður vitamála og hafnargerða og ókeypis ráðunautur landsstjórnar, héraðsstjórna og bæja í öllu því, er varðar vitamál og hafna.		
2. Laun aðstoðarverkfræðings	5750	
3. Húsaleiga, ljós og hiti	6000	
4. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi	9800	
5. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi	3000	
6. Til aðstoðarmanna og mælinga	8000	
		39750
II. Laun vitavarða, þar af uppbót á laun vitavarðar á Gróttu 300 kr.		32000
III. Rekstrarkostnaður vitanna		140000
Flyt ...	... ..	211750

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	211750
IV. 1. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa ...	10000	
2. Til að setja upp hljóð- og ljósdufl við Sandgerðissund, fyrsta greiðsla af fjórum	5000	
		15000
V. Til áhaldakaupa		7000
VI. Ýmislegt		20000
VII. Til hafnargerða:		
1. á Akranesi	25000	
2. - Húsavík	25000	
3. - Ísafirði	20000	
4. - Skagaströnd	8000	
5. - Sauðárkróki, 2. fjárveiting af 10, þó ekki alls yfir $^2/_5$ kostnaðar....	25000	
6. - Hornafirði	5000	
7. Vestmannaeyjahöfn, til dýpkunar og uppfyllingar við höfnina, fyrsta greiðsla af fjórum ...	30000	
		138000
VIII. Gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að veitist til hafnarbóta:		
í Ólafsvík	7500	
á Sandi	5000	
á Blönduósi	11000	
		23500
IX. Til bryggjugerða og lendingarbóta, allt að $^1/_3$ kostnaðar, gegn $^2/_3$ annarsstaðar að, veitist:		
1. Til Hólmavíkur	15000	
2. — Hofsóss, fyrsta greiðsla af fjórum	8000	
3. — Þorlákshafnar	4000	
4. — Kirkjuvogs í Höfnum	3000	
5. — Unaóss	3000	
6. — Flateyjar á Breiðafirði	2000	
7. — Arnarstapa	1500	
Ríkissjóðstillagið er bundið því skilyrði, að framlag sé tryggt á móti, ráðherra samþykki áætlun verksins og vitamálastjóri hafi eftirlit með framkvæmd þess.		36500
X. Til öldubrjóts austur af Siglufjarðareyri, gegn tvöföldu tillagi frá hafnarsjóði Siglufjarðar. Önnur greiðsla af fjórum...		50000
Flyt ...	... ...	501750

	kr.	kr.
Flutt ...	...	501750
XI. Til aðgerða á brimbrjótnum í Bolungavík, gegn jöfnu framlagi annarsstaðar að, fyrsta greiðsla af 70 þús. kr.		30000
XII. Til sjómælinga		10000
XIII. Fyrning (sjá 20. gr.), ...		80000
Samtals C. ...		621750

14. gr.

Til kirkju- og kennslumála er veitt:

	kr.	kr.
A. Kirkjumál.		
a. Biskupsdæmið:		
1. Laun biskups	7000	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi	4500	
		11500
b. Önnur gjöld:		
1. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	120	
2. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	8000	
3. Framlag til prestlaunasjóðs	260000	
4. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir...	1000	
5. Embættiskostnaður presta	35000	
6. Til húsabóta á prestssetrum	12000	
7. Kostnaður við kirkjuráð, samkv. lögum nr. 21 1931	500	
		316620
Samtals A. ...	... ...	328120
B.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	85000	
b. Til kennslu í augnlækningum (Kjartan Ólafsson)	700	
c. Til kennslu í réttarlæknisfræði	400	
d. Til kennslu í söng...	800	
e. Til kennslu í bókhaldi	400	
f. Námsstyrkur	15000	
g. Húsaleigustyrkur	9000	
Flyt ...	111300	

		kr.	kr.
	Flutt ...	111300	
h. Til kennsluáhalda læknadeildar		800	
i. Til kennslu í efnafræði		1600	
j. Hiti, ljós, ræsting og vélgæzla		5000	
k. Önnur gjöld:			
1. Til ritara og dyravarðar...	4000		
auk hlunninda, er dyravörður hefir áður notið.			
2. Ýms gjöld	10000		
	—	14000	
l. Ferðakostnaður vegna stúdentaskipta		750	
m. Til stúdentaráðs Háskóla Íslands, til þess að starfrækja leiðbeiningaskrifstofu		1000	
n. Til sendikennara í þýzku		1000	
o. Til sendikennara í frakknesku		1000	
p. Til sendikennara í ensku		1000	
q. Fyrning á Kirkjustræti 12 (sjá 20. gr.)		188	
			137638
II. Námsstyrkur erlendis:			
a. Til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum		19200	
b. Námsstyrkur samkvæmt ákvörðun menntamálaráðs...		10000	
Styrkinn má veita konum sem körlum til hvers þess náms, er menntamálaráðið telur nauðsyn að styrkja.			
			29200
III. Fræðslumálastjórnin:			
1. Laun fræðslumálastjóra		7000	
2. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, allt að ...		800	
3. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi		14000	
			21800
IV. Menntaskólinn almenni:			
a. Laun...		56300	
b. Húsaleiga rektors hálft árið		1250	
c. Önnur gjöld:			
1. Til bókasafns skólans	800		
2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	9500		
3. Til viðhalds	5000		
Flyt ...	15300	57750	188638

		kr.	kr.
Flutt ...	15300	57750	188638
4. Til stundakennslu, allt að ...	7000		
5. Húsaleigustyrkur handa 15 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum	1125		
6. Námsstyrkur	2800		
7. Til kennslutækja	1000		
8. Ýmisleg gjöld	3500		
9. Til verðlaunabóka	200		
10. Vegna kostnaðar við skólastjórn	2000		
11. Til bókasafnsins Íþöku	200		
12. Fyrning (sjá 20. gr.)	3540		
		36665	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sé venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.			94415
V. Menntaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		40000	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og stundakennslu	18000		
2. Vegna kostnaðar við skólastjórn	2000		
3. Til bóka og kennsluáhalda ...	1200		
4. Til eldiviðar og ljósa	10000		
5. Námsstyrkur	1000		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
6. Til dyravörzlu	2000		
7. Til viðhalds og endurbóta	6000		
8. Til ýmislegra gjalda	4500		
9. Til verðlaunabóka	200		
10. Fyrning (sjá 20. gr.)	3160		
		48060	
			88060
Flyt ...		... ...	371113

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	371113
VI. Kennaraskólinn:			
a. Laun		17000	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakennsla	5000		
2. Eldiviður og ljós	3000		
3. Bókakaup og áhöld	700		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til viðhalds	1000		
6. Ýmisleg gjöld	3500		
7. Fyrning (sjá 20. gr.)	1090		
		16790	
			33790
VII. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		14000	
b. Húsaleiga skólastjóra		2500	
c. Önnur gjöld:			
1. Til stundakennslu	2500		
2. Til eldiviðar og ljósa	1200		
3. Til Sveinbjarnar Egilson, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	2500		
5. Til áhaldakaupa	1000		
6. Fyrning (sjá 20. gr.)	700	8200	
			24700
VIII. Vélstjóraskólinn:			
a. Laun		13200	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakennslu	9200		
2. Húsnæði skólastjóra og skrifstofa skólans	3000		
3. Ljós, hiti og ræsting	2100		
4. Ýms gjöld	650		
5. Til áhaldakaupa	500		
		15450	
			28650
	Flyt ...	... ...	458253

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	458253
IX. Bændakennsla:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	7750		
b. Til smiða-, leikfimi- og dráttlistarkennslu	1450		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms ... 2000			
2. Til kennsluáhalda ... 600			
3. Til eldiviðar og ljósa 3500			
4. Ýmisleg gjöld 3000			
—	9100		
d. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	1034		
		19334	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	9440		
b. Til smiða- og leikfimikennslu ...	1300		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms ... 3500			
2. Til kennsluáhalda ... 500			
3. Til eldiviðar og ljósa 5000			
4. Ýmisleg gjöld 3500			
—	12500		
d. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	1790		
		25030	
			44364

Styrkurinn til verklegs náms í bændaskólunum á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám samkvæmt samningi, eigi skemur en 8 vikur á ári, og skila skólunum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, enda sjái skólastjóri nemendum fyrir ókeypis fæði og kennslu. Nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 18 kr. fyrir hverja viku námstímans.

Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sé í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.

	Flyt ...	... ...	502617

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	502617
X.	Iðnfræðsla:		
	a. Til iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6500	
	b. Til iðnaðarmannafélagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	2000	
	c. Til iðnaðarmannafél. á Ísafirði, til skólahalds	1500	
	d. Til iðnaðarmannafélagsins í Hafnarfirði, til kvöldskólahalds	1700	
	e. Til iðnaðarmannafélagsins í Vestmannaeyjum, til kvöldskólahalds	1700	
	Styrkurinn til þessara 5 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.		
	Skólar þessir skulu senda ráðuneytinu skýrslu um starf sitt.		
	f. Til verklegs framhaldsnáms erlendis	6000	
			19400
XI.	Verzlunarskólar o. fl.:		
	a. Til kaupmannafélagsins og verzlunarmannafélagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar ...	5000	
	b. Til sambands samvinnufélaganna, til þess að halda uppi verzlunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar	5000	
	c. Kostnaður við próf löggildra endurskoðenda, sbr. lög nr. 9 1926	500	
			10500
XII.	Kvennaskólar:		
	1. Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Húsnæðisstyrkur 5000		
	b. Rekstrarstyrkur 18000		
	c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið, allt að ... 4000		
	d. Námsstyrkur til sveitastúlkna — 1000		
		28000	
	2. Til kvennaskólans á Blönduósi	12500	
	Þar af til fjósbyggingar 1500 kr.		
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		40500
	Flyt ...	... ...	573017

		kr.	kr.
	Flutt ...		
	... ...		573017
XIII.	Almenn barnafræðsla:		
1.	Laun kennara í föstum skólum og dýrtíðaruppb.	440000	
2.	Laun farkennara og dýrtíðaruppbót	80000	
3.	Til farkennslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir	4000	
4.	Styrkur til byggingar barnaskóla utan kaupst.	30000	
5.	Til fyrrverandi barnakennara, eftir tillögum fræðslumálastjóra	2000	
6.	Styrkur til tímaritsins »Menntamál«	800	
7.	Til kennaranámskeiðs	2000	
			558800
XIV.	Unglinga- og alþýðuskólar:		
1.	Til alþýðuskólans á Eiðum:		
a.	Laun	10450	
	Þar af 700 kr. persónuleg launauppbót til núverandi skólastjóra.		
b.	Til hannyrða-, leikfimi- og smíðakennslu	3000	
c.	Önnur gjöld:		
	1. Til kennsluáhalda ... 800		
	2. Til eldiviðar og ljósa 2500		
	3. Ýmisleg gjöld 3500		
	4. Til viðhalds 1000		
	5. Til að ljúka við rafstöð skólans 27000		
		34800	
d.	Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	800	
			49050
2.	Til héraðsskóla samkv. l. nr. 32 1929		
a.	Rekstrarstyrkur	100000	
b.	Stofnkostnaður	10500	
			110500
3.	Til gagnfræðaskóla samkv. l. nr. 48 1930 ...		45000
4.	Til gagnfræðaskóla Reykvíkinga		2500
5.	Til Flensborgarskólans, byggingarstyrkur ...		30000
6.	Til unglingafræðslu utan kaupstaða, samkv. 20. gr. l. nr. 48 1930		15000
	Þar af til skóla Sigurðar Greipssonar í Haukadal 1000 kr.		
	Flyt ...	252050	1131817

	kr.	kr.
Flutt ...	252050	1131817
7. Til bókasafna við unglingaskóla	1600	
8. Ritstyrkur fyrir kennslubækur handa skólum	1600	
9. Til alþýðuskólans í Reykjavík	2000	
		257250
XV. Húsmæðrafræðsla:		
1. Til húsmæðrad. við alþýðuskóla Þingeyinga	5500	
2. Til húsmæðrafræðslu á Hallormsstað ...	9500	
Styrkir samkvæmt tölul. 1.—2. eru bundnir því skilyrði hvor um sig, að atvinnumálaráðherra samþykki reglugerðir skólanna.		
3. Til kvenfél. Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að	6000	
Noti félagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða í Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		
4. Til húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal	800	
5. Til rafveitu á Hallormsstað	5000	
6. Til Staðarfellsskóla, styrkur til raflýsingar ..	2500	
7. Til byggingar húsmæðraskóla á Laugalandi, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að ...	15000	
		44300
XVI. Til kennslu heyrnar- og málleysingja m. m. ...		40000
Þar af fyrning húss kr. 550,00 (sjá 20. gr.)		
Stjórnin annast um, að vandamenn nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. g.		
XVII. Til blindravinafélags Íslands		6500
Þar af 3000 kr. til að annast kennslu blindra barna.		
XVIII. Sundkennsla o. fl.:		
1. Til sundkennslu í Reykjavík	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kennsla þessi fari fram að minnsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfé, njóti kennslunnar ókeypis.		
Flyt ...	300	1479867

	kr.	kr.
Flutt ...	300	1479867
2. Laun Ólafs Pálssonar og Jóns Pálssonar fyrir sundkennslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	2400	
3. Til sundkennslu o. fl. annarsstaðar en í Rvík Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar að sé lagt til sundkennslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.	2400	
4. Styrkur til sundlaugar á Akureyri	5000	
5. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar og sundskýli, enda séu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, helmingur kostnaðar, allt að	5000	
6. Til sundskólahússins á Sveinseyri, byggingarstyrkur	500	
		15600
XIX. Til sjóvinnunámskeiðs ... ... Atvinnumálaráðherra ráðstafar styrknum, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands.		2000
XX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kennslu í teikningu og tréskurði í þjóðlegum stíl		1500
XXI. Til Geirs Þormars tréskurðarmeistara á Akureyri, til að halda uppi kennslu á Norðurlandi í teikningu og tréskurði í þjóðlegum stíl		600
XXII. Til Björns Jakobssonar á Laugarvatni, til íþróttakennslu og leikfimiprófs, samkv. l. nr. 24 1932		2400
XXIII. Til íþróttasambands Íslands		5000
XXIV. Til Skáksambands Íslands		1600
XXV. Til íþróttaskólans á Laugarvatni, til áhaldakaupa		1000
XXVI. Til Jóns Þorsteinssonar íþróttakennara, byggingarstyrkur		3000
XXVII. Til íþróttaskólans á Álafossi		2000
Samtals B. ...	... ...	1514567

15. gr.

Til vísinda, bókmennta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	20000	
b. Launabót til 2. bókavarðar, 1000 kr.	1000	
c. Til aðstoðar	4200	
d. Til þess að kaupa bækur og handrit og til bókbands	13000	
e. Til þess að semja spjaldskrá	800	
f. Til þess að semja og prenta skrá um handrit	2400	
g. Til ritaukaskrár	900	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	2000	
j. Ýmisleg gjöld	1500	
		46160
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	4950	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5000	
c. Ýms gjöld	1000	
		10950
3. Þjóðminjasafnið og verndun fornminja:		
a. Laun þjóðminjavarðar (fornminjavarðar)	5500	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi	2500	
c. Til þess að útvega forngripi	1200	
d. Til áhalda og aðgerða	1200	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	800	
f. Til kaupa og viðgerðar á Viðimýrarkirkju	2400	
Þjóðminjasafnið sé opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		13600
4. Náttúrufræðifélagið:		
a. Tillag	2000	
b. Til aðstoðarmanns	1400	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sé til sýnis almenningi, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		3400
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	5500	
b. Til viðhalds og áhalda	3800	
c. Fyrning (sjá 20. gr.)	3639	
		12939
Flyt ...	...	87049

	kr.	kr.
Flutt ..	... ...	87049
6. Til minningarbókasafns Matthiasar Jochumssonar á Akureyri, önnur greiðsla af þremur, gegn jafnmiklu framlagi frá Akureyrarbæ á sama tíma		10000
7. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		1800
8. Aukastyrkur til sex bókasafna:		
a. Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	2500	
b. Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	2500	
c. Til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði	1000	
d. Til bókasafns Hafnarfjarðar	1000	
e. Til bókasafns Neskaupstaðar	800	
f. Til iðnbókasafnsins í Reykjavík	1000	
		8800
9. Til Alþýðubókasafns Reykjavíkur		5000
10. Til bókasafns Flateyjar á 100 ára afmæli þess ...		500
11. Til sýslubókasafna, gegn eigi minna tillagi frá sýslusj.		2500
12. Til hins íslenzka bókmenntafélags ... ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenzka fornbréfasafns sem að undanförnu.		2800
13. Til Þjóðvinafélagsins		1400
14. Til Fornleifafélagsins		800
15. Til Sögufélagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2400
16. Til hins íslenzka fræðafélags, til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns		1000
17. Til Fornritaútgáfunnar		4000
18. Til Björns K. Þórólfssonar, til þess að semja skrá um skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn, enda fái Þjóðskjalasafnið eftirrit af skránni		1200
19. Til leikfélags Reykjavíkur, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur .. ... Styrkurinn er og því skilyrði bundinn, að menntamálaráðið samþykki starfsskrá félagsins.		4000
Flyt ...	... ...	133249

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	133249
20.	Til leikfélags Akureyrar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá Akureyrarkaupstað		1000
21.	Til leikfélags Ísafjarðar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		600
22.	Til Norræna félagsins		600
23.	Til tónlistarskólans, gegn að minnsta kosti 2000 kr. framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur		2500
24.	Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur og guðfræðinemum háskólans ókeypis kennslu í orgelleik, tóni, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum		2000
25.	Til Sambands íslenzkra karlakóra		4500
26.	Til styrktar sænsku vikunni 1936		1500
27.	Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers		5000
28.	Til útgáfu fransk-íslenzkrar orðabókar		2500
29.	Til Magnúsar Ásgeirssonar, til ljóðaþýðinga		1500
30.	Til Guðmundar Gíslasonar Hagalíns, til ritstarfa ...		1500
31.	Til Jóhannesar úr Kötlum		1000
32.	Til Guðmundar Finnbogasonar, til ritstarfa		1000
33.	Til Árna Pálssonar prófessors, til þess að ljúka við samningu sagnarits um kirkjusögu Íslands á lýðveldistímanum		1200
34.	Til Tómasar Guðmundssonar skálds		1000
35.	Til séra Jóns Thorarensens, til ritstarfa		500
36.	Til Helga Guðmundssonar kennara frá Austmannsdal, til þjóðsagnasöfnunar		500
37.	Til Péturs Jónssonar söngvara		1000
38.	Til Eggerts Stefánssonar söngvara		1000
39.	Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun	5000	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar	1000	
		... ...	6000
40.	Til Guðbrands Jónssonar, til þess að semja miðaldamenningarsögu		1500
41.	Til Frímanns B. Arngrímssonar		1200
42.	Til jöklamælinga		600
	Flyt ...	... ...	172949

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	172949
43. Til listasafnshúss Einars Jónssonar ... ... (Þar af fyrning kr. 711 (sjá 20. gr.)).		3711
44. a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara ... ... enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sé almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	5000	
b. Til sama, til aðstoðar...	1000	6000
45. Til Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara		2500
46. Til Gunnlaugs Blöndals listamanns		1500
47. Til Eggerts Guðmundssonar málara		1200
48. Til Búnaðarbanka Íslands, þriðja greiðsla vaxta og afborgana af viðlagasjóðslánum málaranna Ásgríms Jónssonar og Jóns Stefánssonar, með þeim skilyrðum, er segir í 57. lið 16. gr. fjárlaga 1934...		3300
49. Kostnaður við friðun Þingvalla, sbr. lög nr. 59 1928		5000
Samtals ..	... ...	196160

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum... ... gegn tvöföldu framlagi frá bæjar- og sveitarfélögum, enda sé ríkisstjórn heimilt að krefjast þess, að unnið sé að $^1/_3$ við framkvæmdir fyrir ríkissjóð og þar af fyrir 100000 krónur að stofnun nýbýla. Ennfremur sé það skilyrði fyrir framlagi, að hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag verji eðlilegri fjárhæð, að dómi ríkisstjórnarinnar, til verklegra framkvæmda auk atvinnubótafjársins.		500000
2. Til Búnaðarfélags Íslands ... ... Styrkurinn til búnaðarsambandanna lækki ekki um meira 10%.		180000
Flyt ...		680000

		kr.	kr.
	Flutt	... ...	680000
3.	Til nýbýla og samvinnubyggða		180000
4.	Til sandgræðslu		27000
	Þar af 3000 kr. upp í kostnað við framkvæmdir til verndar flæðiengjum Sandsbæja í Öxarfirði		
5.	Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum:		
	a. Jarðabótastyrkur	585000	
	b. Til verkfærakaupasjóðs	60000	
			645000
6.	Til búfjárræktar samkv. l. nr. 32 1931		42000
7.	Tillag til búnaðarbanka Íslands:		
	a. Til byggingar- og landnámssjóðs	200000	
	b. Til sama af tekjum tóbakseinkasölu	50000	
	c. Til ræktunarsjóðs:		
	1. Afgjöld þjóðjarða 20000		
	2. Kostnaðartillag 2000		
		22000	
			272000
8.	Tillag til kreppulánasjóðs		250000
9.	Tillag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna,		
	a. Samkv. lögum um verkamannabústaði, nr. 27 1931	100000	
	b. Af tekjum tóbakseinkasölu	30000	
			130000
10.	Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð, allt að		28000
11.	Til garðyrkjufélags Íslands:		400
12.	Til kartöfluverðlauna		30000
13.	Til fóðurtryggingarsjóða		15000
14.	Til skógræktar:		
	a. Laun	9300	
	Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
	b. Til skóggræðslu	23000	
	c. Til skógræktarfélags Íslands	2000	
	Ógreiddur kostnaður af Þingvallagirðingu greiðist úr kirkjujarðasjóði		34300
15.	Tillag til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu, samkv. l. nr. 68 1918 og l. nr. 10 1926		4000
16.	Til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum		6000
17.	Til Halldórs Pálssonar, til fjárræktarnáms		1000
18.	Til Ingólfs Davíðssonar grasafræðings, til framhaldsnáms í jurtasjúkdómafræði		800
	Flyt ...	... ...	2345500

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	2345500
19. Til dýralækninga:		
a. Laun handa 5 dýralæknum	19000	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700	
c. Til Guðmundar Andréssonar, til að stunda dýralækningar í Skagafirði og Austur-Húnavatnssýslu, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að	700	
d. Til Halldórs Jónss., til að stunda dýralækningar, gegn jafnmiklu framlagi frá Svarfaðardalshreppi	300	
e. Til Eggerts Magnússonar, til að stunda dýralækningar við Gilsfjörð, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að	200	
f. Til Ásgeirs Guðmundssonar í Æðey, til þess að stunda dýralækningar við Ísafjarðardjúp, gegn jafnháu framlagi annarsstaðar að	400	
g. Kostnaður við rannsókn á ormaveiki í sauðfé ...	1000	
h. Til lækniskandidats, til þess að nema dýralækningafræði erlendis	2000	
i. Til Ágústs Jónssonar, til að kaupa smásjá, gegn jafnmiklu framlagi frá Austur-Húnavatnssýslu ..	350	
		24650
20. Til kláðalækninga (útrýmingarböðun)		24000
21. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
a. Laun forstöðumanns, auk 10% af öllum tekjum stofnunarinnar, 4300 kr. með dýrtíðaruppbót ...	4800	
b. Til aðstoðar	5600	
c. Húsaleiga	3000	
d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
e. Til áhaldakaupa	3000	
		17600
22. Til veðurstofu Íslands:		
a. Laun forstöðumanns og fulltrúa	13300	
b. Til aðstoðar	18000	
c. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	12000	
d. Til veðurskeyta o. fl.	13500	
e. Til loftskeytatækja	1000	
f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	3600	
g. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	500	
h. Til jarðskjálftamælinga og vegna auka- og næturvinnu við móttöku og útvarp veðurfregna, til frú		
Flyt ...	61900	2411750

	kr.	kr.
Flutt ...	61900	2411750
Teresíu Guðmundsson, Björns L. Jónssonar og Jóns Eyþórssonar	1800	63700
23. Til Þykkbæinga, styrkur til að nota skurðgröfu við framræslu Safamýrar, enda fái þeir ekki styrk eftir lögum nr. 59 1930		5000
24. Gjöld vegna laga nr. 83 1932, um raforkuvirki ...		4000
25. Gjöld vegna laga um eftirlit með verksm. og vélum		600
26. Til landmælinga		40000
27. Til jöklarannsókna		4000
28. Til Fiskifélagsins, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins og félagið sjái um á sinn kostnað útgáfu fiskimanna-almanaks		72000
29. Kostnaður vegna laga nr. 61 1932, um lax- og silungsveiði		4000
30. Til þess að annast birtingu útvarpaðra veðurfregna í verstöðvum landsins		5000
31. Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
a. 5 fiskiyfirmatsmanna	22350	
b. Laun 4 ullarmatsmanna	2000	
c. Laun 4 kjötmatsmanna	2625	
d. — lýsismatsmanns, samkv. l. nr. 42 1933 ...	3000	
e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	12000	41975
32. Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra:		
a. Laun skipaskoðunarstjóra, enda hafi hann eftirlit með skipum ríkisins án sérstaks endurgjalds ...	6000	
b. Til skrifstofukostnaðar	8400	
c. Ferðakostnaður, allt að	2500	16900
33. Til fiskifulltrúa í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		8000
34. Kostnaður vegna laga um fiskimatsstjóra		10000
35. Kostnaður vegna sérstakra ráðstafana um inn- og útflutning, gegn jöfnu fjárframlagi annarsstaðar að ...		40000
36. Til Iðnsambands Íslands		1200
37. Til sambands íslenzkra heimilisiðnaðarfélaga		4000
38. Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til þess að halda uppi kennslu og námskeiðum í tréskurði og heimilisiðnaði		900
Flyt ...	... ...	2733025

		kr.	kr.
	Flutt ...		2733025
39.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að eflingu heimilisiðnaðar		1500
40.	Til Guðrúnar Finnsdóttur		300
41.	Til kvenfélags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kennslu í handavinnu kvenna		500
42.	Til kvenfélagasambands Íslands		1000
43.	Til sambands norðlenzkra kvenna		400
44.	Til sambands austfizkra kvenna		400
45.	Til sambands sunnlenzkra kvenna		400
46.	Til sambands vestfirzkra kvenna...		400
47.	Til kvenfélagasambands Mýra- og Borgarfjarðarsýslu		400
48.	Til sambands breiðfirzkra kvenna		400
49.	Til bandalags kvenna		400
50.	Til sambands sunnlenzkra kvenna, styrkur til að halda uppi námskeiðum fyrir húsmæður og húsmæðraefni		2500
51.	Til Helgu Thorlacius, í viðurkenningarskyni fyrir að útbreiða þekkingu á íslenzkum nytjajurtum ...		500
52.	Til kvenréttindafélags Íslands		400
53.	Til landssambands bænda		500
54.	Til vinnumiðlunar		7000
55.	Til mæðrastyrksnefndar		2000
56.	Til vörumerkjaskrásetjara		1600
57.	Handa ungmennafélagi Íslands, til eflingar íþróttum, skóggræðslu og bindindi ... ... Félagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fénu er varið.		4000
58.	Til bandalags skáta		400
59.	Til dýraverndunarfélags Íslands, til dýraverndunarstarfsemi		1000
60.	Til fiskræktarfélagsins Blöndu, 1/3 rekstrarkostnaðar, allt að		500
61.	Til fiskræktarfélags Fljótsdalshéraðs, 1/3 rekstrarkostnaðar, allt að		1000
62.	Húsameistari ríkisins:		
	a. Laun	6000	
	b. Skrifstofukostnaður 18000		
	Þar frá dregst:		
	Tekjur af teikningum, sem húsameistari		
	Flyt ... 18000	6000	2760525

		kr.	kr.
Flutt ..	18000	6000	2760525
lætur gera, 25% af venjulegum taxta húsameistara	10000	8000	
			14000
63. Til vatnsrennslismælinga			1000
64. Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að			5000
65. Til vatnsveitu í Hrísey, vegna jarðskjálftanna			3000
66. Til húsabygginga á Breiðumýri vegna jarðskjálfta 1934			2000
67. Til kaupa á spildu úr Hólalandi til handa Breiðumýri			1500
68. Til Skuldaskilasjóðs útvegsmanna			160000
69. Til mjólkurbúa			77000
70. Til greiðslu vaxta af fasteignaveðslánum bænda ...			75000
71. Til iðnlánasjóðs			25000
72. Til greiðslu ofviðristjóns á Norðurlandi			60000
73. Til greiðslu upp í bátatjón á Ólafsfirði			15000
74. Til frystihúsa			20000
75. Til skipulagsnefndar atvinnumála			5000
76. Kostnaður við eftirlit með opinberum sjóðum ...			1200
Samtals ...		... ...	3225225

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

		kr.	kr.
1. Styrkur til berklasjúklinga ... ... Af þessum lið má greiða laun læknis, sem heilbrigðisstjórnin ræður til þess að hafa yfirumsjón með öllum berklavörnum á landinu.		... ...	850000
2. Gjöld samkv. l. nr. 68 1932, um br. á fátækralögunum			200000
3. Til alþýðutrygginga			410000
4. Styrkur til sjúkrasamlaga			10000
Flyt ...		... ...	1470000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1470000
Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi hins ísl. prentarafélags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga.		
5. Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík		4000
6. Til verkakvennafélagsins Framtíðin í Hafnarfirði, til að halda uppi dagheimili fyrir börn		2000
7. Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		400
8. Til slysatryggingar samkv. 2. gr. laga nr. 73 1928 ...		13000
9. Til slysavarna		8000
enda sé stjórnarráðinu send skýrsla um starfsemina.		
10. Til þess að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis		1000
11. Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		15000
Þar af til sambands bindindisfélaga í skólum landsins 2500 kr.		
12. Til áfengismálaráðunautar		3000
13. Til Stórstúku Íslands:		
Styrkur til húsbyggingar		15000
14. Til slysatryggingarsjóðs félagsins Dagsbrúnar		400
15. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		300
16. Til sjúkrasjóðs Hofshrepps		300
17. Til sjúkrasjóðs Súgfirðinga		300
18. Til styrktar- og sjúkrasjóðs verkakvennafélagsins Framsóknar í Reykjavík...		600
19. Til sjúkrasjóðs Félags járnsmiðanema í Reykjavík		200
20. Til styrktarsjóðs verkamannafélagsins Snót í Vestmannaeyjum		300
21. Til styrktarsjóðs sjómannafélagsins Jötunn í Vestmannaeyjum		300
22. Til sjúkrasjóðs verklýðsfélags Akureyrar		300
23. Til styrktarsjóðs verklýðsfél. í Flatey á Breiðafirði		200
24. Til styrktarsjóðs sjómannafélagsins á Ísafirði		300
25. Til styrktarsjóðs verkamannafél. Baldur á Ísafirði		300
26. Til sjúkrasjóðs kvenfélagsins á Hellusandi		300
27. Til styrktarsjóðs verklýðsfélagsins á Patreksfirði ..		200
28. Til sjúkrasjóðs verkamannafélagsins á Þingeyri ...		300
29. Til sjúkra- og styrktarsjóðsins Líkn í Ögurhreppi ...		150
30. Til sjúkra- og styrktarsjóðsins Hjálp í viðlögum í Reykjarfjarðarhreppi		150
Flyt ..	... ...	1536300

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1536300
31. Til sjúkrasjóðs hjúkrunarfélags Ólafsvíkur		300
32. Til sjúkra- og styrktarsjóðs verkalýðsfélagsins á Seyðisfirði		300
33. Til Ekknasjóðs Vestmannaeyja		800
Fjárveitingarnar undir 14.—31. tölul. eru bundnar því skilyrði, að jafnmikið fé að minnsta kosti komi annarsstaðar að, og að stjórnarráðinu sé send skýrsla um starfsemina.		
34. Til gamalmennahælis á Ísafirði		1000
35. Til gamalmennahælis á Seyðisfirði		1000
Samtals ...	... ...	1539700

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

			kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:				
a. Embættismenn			69679,28	
b. Embættismannaekkjur og börn			15483,99	
c. Prestsekkjur			6835,76	
d. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49 1923...			2500,00	
e. — — — — 51 1921...			4090,00	
				98589,03
II. Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:				
a. Embættismenn:				
1. Til Sigurðar Magnússonar læknis ...		600,00		
2. — Sigurðar Kvarans héraðslæknis		405,00		
3. — Þorvalds Pálssonar læknis		300,00		
4. — prófessors Sæmundar Bjarnhéðinssonar		3650,00		
5. — Sigurðar Thoroddsens...		2000,00		
			6955,00	
b. Embættismannaekkjur og börn:				
1. Til Magneu Ásgeirsson		200		
2. — Ólivu Guðmundsson		175		
3. — Theodóru Thoroddsen...		800		
Flyt		1175	6955,00	98589,03

		kr.	kr.
Flutt ...	1175	6955,00	98589,03
4. Til Sigríðar Hjaltadóttur	400		
5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur ...	400		
6. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ...	450		
7. — Sigríðar Finnbogadóttur	800		
8. — Rannveigar Tómasdóttur	600		
9. — Önnu Gunnlaugsson	900		
10. — Kristbjargar Marteinsdóttur ...	1200		
11. — Kristínar Jacobson	600		
12. — Kirstínar Þ. Blöndal	400		
13. — Guðlaugar Magnúsdóttur	2000		
14. — barns hennar	100		
15. — Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju	600		
16. — Jenny Forberg	600		
17. — Ástu Hallgrímsson	600		
18. — Ástu Einarson	600		
19. — Aðalbjargar Sigurðardóttur... ...	1200		
20. — Dómhildar Jóhannsdóttur	1200		
21. — Önnu Þorgrímdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	1100		
22. — Soffíu Johnsen læknisekkju ...	500		
23. — Kristínar Þórarinsd. læknisekkju	400		
24. — Sigríðar Blöndal læknisekkju ...	300		
25. — Hrefnu Einarsdóttur læknisekkju	600		
26. — Sigríðar Jónsdóttur læknisekkju	400		
27. — Súsönnu Friðriksdóttur	500		
28. — Önnu Jónsson, ekkju Klemens Jónssonar...	450		
29. — Margrétar Lárusd. læknisekkju	400		
30. — Eríku Gíslason, ekkju Odds Gíslasonar bæjarfógeta	1000		
31. — Ingibjargar Jónsdóttur, ekkju Björns Magnússonar símstjóra ...	300		
32. — Sigrúnar Bjarnason	600		
33. — Mörtu Þorvaldsson	340		
		20715,00	
c. Uppgjafaprestar:			
1. Til Bjarna prófasts Einarssonar ...	780,00		
2. — Sigurðar prófasts Gunnarssonar	662,25		
Flyt ...	1442,25	27670,00	98589,03

			kr.	kr.
	Flutt...	1442,25	27670,00	98589,03
3.	Til Guttorms Vigfússonar	600,00		
4.	— Jóns Árnasonar	445,00		
5.	— Þórðar Ólafssonar	370,00		
6.	— Helga P. Hjálmarssonar	475,00		
7.	— Einars Pálssonar	430,00		
8.	— Kristins Daníelssonar	520,00		
9.	— Jóns Finnssonar	385,00		
10.	— Magnúsar prófasts Bjarnarsonar	355,00		
11.	— Pálma Þóroddssonar	265,00		
12.	— Árna Þórarinssonar	280,00		
13.	— Þorvarðar Þorvarðarsonar... ...	475,00		
14.	— Jakobs Lárussonar	3019,40		
15.	— Ólafs Sæmundssonar fyrrv. prests	340,00		
16.	— Þorvalds Jakobssonar	475,00		
17.	— Hálfdánar Guðjónssonar vígslu-biskups	800,00		
18.	— Gísla Einarssonar...	295,00		
19.	— Arnórs Árnasonar...	310,00		
20.	— Hallgríms Thorlacius	295,00		
21.	— Einars Thorlacius...	355,00		
22.	— Bjarna Þorsteinssonar...	295,00		
			12226,65	
d.	Prestsekkjur:			
1.	Til Auðar Gísladóttur	300,00		
2.	— Bjargar Einarsdóttur	500.00		
3.	— Guðrúnar Björnsdóttur	500,00		
4.	— Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
5.	— Guðrúnar Pétursdóttur	300,00		
6.	— Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
7.	— Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
8.	— Hlífar Bogadóttur	300,00		
9.	— Kirstínar Pétursdóttur	300,00		
10.	— Sigrúnar Kjartansdóttur	300,00		
11.	— Steinunnar Pétursdóttur	300,00		
12.	— Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
13.	— Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
14.	— Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
15.	— Guðfinnu Jensdóttur	300,00		
16.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
	Flyt ...	4848,17	39896,65	98589,03

		kr.	kr.
	Flutt ..	4848,17	39896,65	98589,03
17.	Til Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
18.	— Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
19.	— Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
20.	— Önnu Stefánsdóttur	200,00		
21.	— Helgu Skúladóttur...	227,06		
22.	— Guðríðar Ólafsdóttur	164,26		
23.	— Guðríðar Helgadóttur, ekkju Jóh. L.L.Jóhannssonar, 228 kr., auk 100 kr. með einu barni hennar í ómegð	382,00		
24.	— Arndísar Pétursdóttur	137,90		
25.	— Guðnýjar Þorsteinsdóttur	173,56		
26.	— Valgerðar K. Guðmundsdóttur frá Grenivík	135,37		
27.	— Jakobínu Sigurgeirsd. frá Borg	157,44		
28.	— Kristínar Jónsdóttur prófastsekkju á Brjánslæk	300,00		
29.	— Sigríðar Þórðardóttur	144,00		
30.	— Sigurlaugar Knudsen	300,00		
31.	— Þóru Jónsdóttur	217,28		
32.	— Margrétar Jónasdóttur	300,00		
33.	— Sigríðar Jónasdóttur	146,71		
34.	— Sigríðar Jóhannesdóttur	300,00		
35.	— Ástríðar Petersen prófastsekkju	200,00		
36.	— Margrétar Sigurðard. prófastsekkju	500,00		
37.	— Jóhönnu Magnúsd. prófastsekkju	300,00		
38.	— Guðrúnar Mettu Sveinsdóttur ...	300,00		
39.	— Vilborgar Jónsdóttur prestsekkju	300,00		
40.	— Lineyjar Sigurjónsd. prófastsekkju	500,00		
41.	— Bergljótar Blöndal	200,00		
42.	— Sigríðar Helgadóttur	300,00		
43.	— Steinunnar Eiríksdóttur	200,00		
44.	— Guðbj. Guðmundsdóttur, ekkju séra Gísla Kjartanssonar	400,00		
45.	— Bjargar Jónsdóttir frá Vallanesi	300,00		
			12221,01	
c.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1.	Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2.	— Guðlaugar Zakaríasdóttur	360,00		
	Flyt ...	660,00	52117,66	98589,03

		kr.	kr.
	Flutt ...	660,00	52117,66	98589,03
3.	Til Aðalbj. Steinsdóttur, ekkju Magnúsar Einarssonar	500,00		
4.	— Elínar Briem Jónsson	600,00		
5.	— Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
6.	— Guðmundar Björnssonar	300,00		
7.	— Baldvins B. Bárðdals	300,00		
8.	— Jóns Strandfelds	150,00		
9.	— Einars Hávarðssonar	150.00		
10.	— Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
11.	— Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
12.	— Ásdísar Þorgrímsdóttur, 300 kr., auk 100 kr. með einu barni hennar í ómegð	400,00		
13.	— Sigurjóns Rögnvaldssonar	200,00		
14.	— Ástu Magnúsdóttur kennaraekkju	200,00		
15.	— Ögmundar Sigurðssonar ...	3000.00		
16.	— Jósefs Björnssonar fyrrv. kennara	1577,14		
17.	— Cathincu Sigfússon	600,00		
18.	— Ragnh. Guðjónsdóttur	300,00		
19.	— Lárusar Rists kennara	600,00		
20.	— Jóhanns P. Péturssonar kennara	200,00		
21.	— Helgu Finnsdóttur	1200,00		
22.	— Ingivalds Nikulássonar kennara	300,00		
23.	— Victoriu Bjarnad. kennaraekkju	150,00		
			12537,14	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1.	Til Böðvars Jónssonar	400		
2.	— Þóru Matthíasdóttur	300		
3.	— Vigdísar Steingrímsdóttur	300		
4.	— Þórunnar Sigurðardóttur, ekkju Halldórs Bjarnasonar pósts ...	200		
5.	— Anínu Arinbjarnardóttur	200		
6.	— Eliesers Eirikssonar	200		
7.	— Jóhannesar Þórðarsonar	300		
8.	— Guðm. Kristjánssonar	300		
9.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
10.	— Höllu Árnadóttur, ekkju Böðvars Sigurðssonar pósts	300		
11.	— Halldórs Benediktssonar pósts ...	200		
	Flyt ...	3300	64654,80	98589,03

		kr.	kr.
Flutt ...	3300	64654,80	98589,03
12. Til Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs Jónssonar...	1000		
13. — Friðriks Jónssonar pósts	150		
14. — Einars Ólasonar fyrrum pósts ...	300		
15. — Þórodds Bjarnasonar pósts ...	600		
16. — Sigríðar Guðmundsdóttur, ekkju Böðvars Þorlákssonar	300		
17. — Kristjáns Jónssonar pósts	200		
18. — Hedvig Blöndal, ekkju Óla Blöndals póstritara, 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	500		
19. — Guðmundar Ólafssonar fyrrv. pósts á Akureyri	300		
20. — Torfa Sæmundssonar pósts ...	200		
21. — Guðjóns Kjartanssonar pósts ...	250		
22. — Jóns Jónssonar í Galtarholti f. pósts	300		
23. — Álfheiðar Blöndal, ekkju Kristjáns Blöndals póstafgreiðslumanns ...	300		
24. — Maríu Jónsdóttur, ekkju Fr. Klemenssonar	300		
25. — Jóhönnu Þ. Jónsdóttur, ekkju Steindórs Hinrikssonar pósts ..	200		
26. — Tryggva Hallgrímssonar pósts ...	200		
27. — Guðbjargar Olafsdóttur, ekkju Guðmundar Kristjánssonar pósts	300		
28. — Edvalds Eyjólfssonar pósts ..	500		
29. — Reynalds Kristjánssonar pósts ..	200		
30. — Árna Sigbjörnssonar pósts	200		
		9900,00	
g. Rithöfundar og listamenn:			
1. Til Indriða skrifstofustj. Einarssonar	3500		
2. — Einars Hjörleifssonar Kvarans ..	5000		
3. — Þorsteins Gíslasonar	2000		
4. — Guðmundar Friðjónssonar... ...	1800		
5. — dr. Helga Péturss	5000		
6. — Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu	1000		
7. — Einars Benediktssonar	5000		
8. — Sigurðar Sigurðssonar skálds ..	1000		
Flyt ...	24300	74554,80	98589,03

		kr.	kr.
Flutt ..	24300	74554,80	98589,03
9. Til Jakobs Thorarensens	1200		
10. — Sigurjóns Friðjónssonar	1000		
11. — Guðmundar Kambans	1800		
12. — Unnar Benediktsdóttur skáldkonu	1000		
13. — Brietar Bjarnhéðinsdóttur	1000		
14. — Herdísar Andrésdóttur	500		
15. — Halldórs Kiljan Laxness	5000		
16. — Indriða Þorkelssonar á Fjalli ...	500		
17. — Jóns Þorsteinssonar á Arnarvatni	500		
18. — Kristleifs Þorsteinssonar	500		
19. — Theodórs Friðrikssonar	500		
20. — Kristmanns Guðmundssonar ...	1800		
21. — Magnúsar Stefánssonar	1000		
22. — Sigurðar Nordals	2000		
23. — Þórbergs Þórðarsonar	2500		
24. — Jóns Stefánssonar málara	3000		
25. — Þórarins Jónssonar tónskálds ...	1800		
26. — Odds Oddssonar	500		
		50400,00	
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1. Til Jakobínu Pétursdóttur	200		
2. — Guðrúnar Jónsdóttur	300		
3. — Arnbjargar Einarsdóttur	300		
4. — Guðrúnar Sigurðardóttur	300		
5. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300		
6. — Eleanor Sveinbjörnsson	1200		
7. — Kristínar Jakobsdóttur	800		
8. — Sigríðar Jónsdóttur	500		
		3900,00	
i. Ýmsir starfsmenn og ekkjur;			
1. Til Petreu Jónsdóttur	300		
2. — Kristínar Sigurðardóttur júbil-ljósmóður	500		
3. — Matthildar Þorkelsd. júbilljósm.	500		
4. — Lússíu Þorsteinsd. júbilljósmóður	200		
5. — Þórunnar Gísladóttur ljósmóður	500		
6. — Önnu Þorsteinsdóttur ljósmóður	400		
7. — Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður	300		
8. — Sigurfljóðar Einarsd. ljósmóður	300		
Flyt ...	3000	128854,80	98589,03

			kr.	kr.
	Flutt ...	3000	128854,80	98589,03
9.	Til Jórunnar Guðmundsd. ljósmóður	300		
10.	— Margrétar Grímsdóttur ljósmóður	200		
11.	— Kristínar Guðmundsdóttur ljósm.	200		
12.	— Hólmfríðar Friðfinnsd. ljósmóður	200		
13.	— Áslaugar Bjarnadóttur ljósmóður	300		
14.	— Hildar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
15.	— Guðrúnar Guðmundsd. ljósmóður	300		
16.	— Halldóru Metúsalemsd. ljósmóður	300		
17.	— Jensínu Pálsdóttur ljósmóður ..	200		
18.	— Margrétar Jónsdóttur ljósmóður	200		
19.	— Guðrúnar Magnúsd. ljósmóður ..	200		
20.	— Gróu Jónsdóttur ljósmóður ...	200		
21.	— Guðríðar Guðmundsdóttur ljósmóður	200		
22.	— Guðrúnar Einarsdóttur ljósmóður	200		
23.	— Guðrúnar Jóhannesd. ljósmóður	300		
24.	— Sigríðar Narfadóttur ljósmóður	300		
25.	— Vilborgar Sigurðard. ljósmóður	200		
26.	— Kristínar Jónsdóttur ljósmóður	300		
27.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar	300		
28.	— Önnu Sigurðardóttur, Fjöllum ..	300		
29.	— Páls Erlingssonar	1200		
30.	— Ólafs Ísleifssonar, Þjórsártúni ..	600		
31.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
32.	— Ólafs Guðmundssonar, fyrrum ferjumanns	400		
33.	— Guðmundar Þorfinnssonar fyrrum ferjumanns	300		
34.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar	200		
35.	— Sigríðar Sveinsdóttur, ekkju Jakobs Björnssonar síldarmatsm.	300		
36.	— Kristólínu Kragh	300		
37.	— Árna Guðmundssonar, fyrrum fiskimatsmanns á Bíldudal ...	200		
38.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar...	400		
	Flyt ..	12200	128854,80	98589,03

			kr.	kr.
	Flutt ...	12200	128854,80	98589,03
39.	Til Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar	300		
40.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	600		
41.	— Margrétar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
42.	— Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
43.	— Halldóru Pétursdóttur Briem ...	600		
44.	— Kristjönu Benediktsdóttur	100		
45.	— Bjargar Gnðmundsdóttur	400		
46.	— Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti	400		
47.	— Henriette Kjær	600		
48.	— Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar	400		
49.	— Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með 3 börnum hennar í ómegð	2300		
50.	— Guðjóns Guðlaugssonar	1200		
51.	— Önnu Bjarnad., ekkju Hjálmars Lárussonar	300		
52.	— Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey	300		
53.	— Snæbjarnar Kristjánssonar hafnsögumanns í Hergilsey...	200		
54.	— Halldóru Þórðardóttur	600		
55.	— Vigdísar Bergsteinsdóttur fyrrv. spítalaráðskonu	300		
56.	— Sigríðar Magnúsd. hjúkrunarkonu	500		
57.	— Jónínu Marteinsd. hjúkrunarkonu	300		
58.	— Guðleifar Erlendsdóttur, fyrrv. hjúkrunarkonu	300		
59.	— Arndísar Sigurðardóttur, þvottakonu í Laugarnesspítala	300		
60.	— Sigurðar Péturssonar fangavarðar	1000		
61.	— Ragnheiðar Erlendsdóttur, ekkju Valdimars Daðasonar tollþjóns ..	300		
62.	— Susie Briem, ekkju Halld. Briems	800		
	Flyt ...	25200	128854,80	98589,03

		kr.	kr.
	Flutt ...	25200,00	128854,80	98589,03
63.	Til Valgerðar Steinsen fyrrv. spítalaráðskonu	500,00		
64.	— Benedikts Þ. Gröndals	800,00		
65.	— Jóns Runólfssonar sýsluskrifara	600,00		
66.	— Sigríðar Pálsdóttur, ekkju Gunnlaugs Indriðasonar	400,00		
67.	— Halldórs Brynjólfssonar blinda	350,00		
68.	— Halldórs Þórðarsonar fyrrv. dýravarðar Alþingis	300,00		
69.	— Friðfinns Guðjónssonar leikara	800,00		
70.	— Kofoed-Hansen skógræktarstjóra	1546,80		
71.	— Margrétar Vigfúsdóttur, ekkju Jóh. Baldvinssonar vitavarðar	300,00		
72.	— Sigríðar Gísladóttur, ekkju Kristjáns Kristjánssonar skjalavarðar Alþingis, 300 kr., og með hverju barni þeirra til 16 ára aldurs 100 kr.	1200,00		
73.	— Kristínar Guðmundsdóttur, ekkju Einars Helgasonar	600,00		
74.	— Jónatans Jónssonar	400,00		
75.	— Tómasar Gunnarss. fiskimatsm.	200,00		
76.	— Helga Árnas. fyrrv. safnahúsvarðar	600,00		
77.	— Einars Markúss. fyrrv. ríkisbókara	2000,00		
			35796,80	
	Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og á laun embættismanna.			
j.	Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000,00	
k.	Eftirlaun Sig. Sigurðssonar búnaðarmálastjóra ...		4500,00	
				172151,60
III.	Dýrtíðaruppbót			50680,37
	Samtals ...		... ...	321421,00

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

III. KAFLI.

Eignahreyfingar.

20. gr.

		kr.	kr.
	Inn.		
I.	Fyrningar:		
	1. Samkvæmt 3. gr. A.	65640	
	2. — 3. — B.	3650	
	3. — 9. —	2170	
	4. — 10. —	2046	
	5. — 11. —	7070	
	6. — 12. —	60721	
	7. — 13. —	130552	
	8. — 14. —	12852	
	9. — 15. —	4350	
			289051
II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum og veðdeildarbréfum		50000
III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		155000
	Samtals		504051
	Út.		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
	1. Ríkissjóðslán:		
	a. Innlend lán 287400,00		
	b. Dönsk lán 325000,00		
	c. Ensk lán 316700,00		
		929100	
	2. Lán ríkisstofnana:		
	Landssíminn (sjá 3. gr. A. 2.) 210000		
		210000	
			1139100
	Flyt		1139100

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ..	1139100
II.	Til eigna-aukningar ríkisstofnana:		
	1. Landssiminn (ný símakerfi o. fl.)	95000	
	2. Ríkisprentsmiðjan	20000	
	3. Landssmiðjan	10000	
			125000
III.	Til byggingar nýrra vita		65000
IV.	Til lögboðinna fyrirframgreiðsla		10000
	Samtals ...	... ...	1339100

21. gr
I. Rekstrar

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		12065000,00
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana	2622860	
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs	24650	
			2647510,00
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		515475,00
5. gr.	Óvissar tekjur		50000,00
	Samtals ...	... ...	15277985,00

II. Sjóðs-

			kr.
		Inn:	
2.—5.	gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	15277985,00
		Aðrar innborganir og fyrningar[1]):	
20. gr.	I.	Fyrningar	289051,00
—	II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum	50000,00
—	III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10000,00
—	IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	155000,00
		Greiðslujöfnuður	150697,00
		Samtals ...	15932733,00

1) Fyrningar færðar hér til jafnaðar sömu upphæð, sem talin er í rekstrarútgjöldum.

Yfirlit.
yfirlit.

			kr.	kr.
		Gjöld:		
7. gr.		Vextir		1558500,00
8. gr.		Borðfé konungs		60000,00
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		250920,00
10. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		473746,00
11. gr.	A.	Til dómgæzlu og lögreglustjórnar	1277280,00	
—	B.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	284000,00	
				1561280,00
12. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		688942,00
13. gr.	A.	Vegamál	1535302,00	
—	B.	Samgöngur á sjó	618000,00	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	621750,00	
				2775052,00
14. gr.	A.	Kirkjumál	328120,00	
—	B.	Kennslumál	1514567,00	
				1842687,00
15. gr.		Til vísinda, bókmennta og lista		196160,00
16. gr.		Til verklegra fyrirtækja		3225225,00
17. gr.		Til almennrar styrktarstarfsemi		1539700,00
18. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		321421,00
19. gr.		Óviss útgjöld		100000,00
		Rekstrarafgangur		684352,00
		Samtals		15277985,00

yfirlit.

			kr.
		Út:	
7.—19. gr.		Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	14593633,00
		Aðrar útborganir:	
20. gr.	I.	Afborganir lána	1139100,00
—	II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana	125000,00
—	III.	Til byggingar nýrra vita	65000,00
—	IV.	Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000,00
		Samtals	15932733,00

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að verja fé úr ríkissjóði til launagreiðslu tveggja dómara í hæstarétti, ef dómurum verður fjölgað á árinu 1936 samkvæmt lögum um hæstarétt, nr. 112 14. maí 1935.

II. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpsviðtæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins.

III. Að kaupa Kaldaðarnestorfuna í Árnessýslu, ef aðgengilegir samningar takast um verð og greiðsluskilmála.

IV. Að kaupa jörðina Syðstabæ í Hrísey, ef aðgengilegir samningar nást um verð og greiðsluskilmála.

V. Að kaupa jarðirnar Keldudal, Álftagróf og Holt í Mýrdal, er sæta ágangi Hafursár vegna fyrirhleðslu, sem vegamálastjórnin hefir látið gera þar, við verði, sem Búnaðarfélag Íslands metur, enda greiðist það út á 4 næstu árum.

VI. Að verja allt að 6000 kr. af tekjuafgangi landssmiðjunnar til að láta smíða þar ýmsa muni, er íslenzkir hugvitsmenn finna upp og líklegt þykir, að gagn megi að verða fyrir framleiðsluna í landinu, enda sé ríkisstofnunum og fyrirtækjum, sem njóta rekstrarstyrks af almannafé, skylt að skipta við landssmiðjuna, eftir því sem hún getur afkastað.

VII. Að gera ráðstafanir til þess að láta auka og endurbæta senditæki Ríkisútvarpsins, svo að þau fullnægi þörfum landsmanna. Skulu þær endurbætur fara eftir nánari ákvörðunum stjórnarinnar, enda beri Ríkisútvarpið sjálft allan kostnað af framkvæmdinni.

VIII. Að endurgreiða úr lífeyrissjóðum barnakennara og embættismanna eftirtöldum mönnum, án vaxta, það fé, sem þeir hafa lagt í sjóðina: Páli Kr. Pálssyni fyrrv. póstmanni í Reykjavík, Jónasi Hallgrímssyni fyrrv. póstmanni í Reykjavík, Gunnari Benediktssyni fyrrv. presti, Magnúsi Jónssyni fyrrv. kennara í Skógi á Rauðasandi, Þóri Tryggvasyni fyrrv. kennara í Reykjavík, Guðgeir Jóhannssyni fyrrv. kennara á Eiðum, Valdimar Sveinbjörnssyni kennara í Reykjavík, Gunnari A. Jóhannessyni fyrrv. kennara á Ísafirði, og Sólveigu Albertsdóttur fyrrv. kennslukonu á Patreksfirði.

IX. Að selja eða leigja, ef viðunandi boð fást, skipin Óðin og Hermóð, enda bíði landhelgisgæzlan ekki hnekki við breytinguna.

X. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

XI. Að undanþiggja aðflutningsgjöldum 4000 eintök af steinprentuðum myndum, sem nokkrir menn í Reykjavík hafa látið gera eftir andlitsteikningum Jóhannesar Kjarvals málara.

XII. Að leggja fram á næstu 5 árum allt að 10 þús. krónum til kaupa á bókasafni Tryggva Þórhallssonar handa Reykholtsskóla, gegn 5000 króna framlagi frá skólanum sjálfum.

XIII. Að endurgreiða tolla, 150 krónur, af hljóðfæri, sem blindur maður hefir keypt og notar sér til lífsframfæris.

XIV. Að verja af tekjum landssímans allt að 5000 krónum til þess að smíða talstöðvar til að leigja íbúum afskekktra eyja á Breiðafirði.

XV. Að ganga í ábyrgð fyrir allt að 350 þús. kr. láni fyrir innlent félag til þess að reisa síldarbræðslustöð á Seyðisfirði, er geti unnið úr ca. 600 málum síldar á sólarhring, enda fari lánið eigi fram úr 90% stofnkostnaðar, sé tryggt með 1. veðrétti í eigninni og ábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar, en samþykktir og starfsreglur félagsins og ráðning forstjóra þess háð samþykki atvinnumálaráðherra. (Endurveiting).

XVI. Að ábyrgjast fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, allt að 510 þús. kr. lán til rafvirkjunar, þó ekki yfir 85% kostnaðarverðs. (Endurveiting).

XVII. Að ábyrgjast fyrir Sauðárkrókshrepp allt að 270000 kr. lán, til hafnargerðar á Sauðárkróki, gegn því, að héraðsbúar útvegi óendurkræft framlag til verksins ekki undir 100000 kr., enda fari allur kostnaður ekki fram úr 620000 kr. Lánið verði tekið innanlands.

XVIII. Að ábyrgjast allt að 35000 kr. lán fyrir Ísafjarðarkaupstað til greiðslu á lausaskuldum bæjarsjóðs.

XIX. Að ábyrgjast fyrir tunnuverksmiðju Siglufjarðar allt að 150 þús. kr. rekstrarlán, gegn ábyrgð Siglufjarðarkaupstaðar og öðrum þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, enda sé lánið greitt að fullu fyrir áramót.

XX. Að ábyrgjast fyrir Hólshrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu 30000 króna lán til viðgerðar á brimbrjótnum í Bolungavík.

XXI. Að ábyrgjast fyrir Stokkseyrarhrepp allt að 3500 kr. til greiðslu ógoldinna vinnulauna vegna bryggjugerðar.

XXII. Að ábyrgjast fyrir Akureyrarkaupstað allt að 150 þús. kr. til rekstrar tunnuverksmiðju þar, gegn þeim tryggingum, sem stjórnin metur gildar, enda greiðist lánið fyrir áramót.

XXIII. Að ábyrgjast allt að 15 þús. kr. lán til vatnsveitu á Dalvík, gegn tryggingu, er stjórnin metur gilda.

XXIV. Að ábyrgjast allt að 18 þús. kr. lán til vatnsveitu í Skagastrandarkauptúni, gegn tryggingu, er stjórnin metur gilda.

XXV. Að krefjast þeirra trygginga, sem stjórnin metur gildar, fyrir hverri ábyrgð, sem hún gengur í f. h. ríkissjóðs, enda séu allar slíkar lántökur framkvæmdar af ráðuneytinu, eða Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands í samráði við ráðuneytið. Þó getur ráðuneytið falið einstökum mönnum útvegun lánanna.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1936, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu sem bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

Stjórninni er heimilt að greiða Jóni Bergsteinssyni, fyrrverandi bústjóra á Kleppi, 300 kr. auk dýrtíðaruppbótar, og sé upphæðin færð á reikning Kleppsbúsins.

Stjórn Búnaðarbankans veitist heimild til þess að greiða frú Önnu Klemensdóttur, ekkju Tryggva Þórhallssonar bankastjóra, 25% af launum manns hennar sem aðalbankastjóra Búnaðarbankans, og dýrtíðaruppbót að auki.

Stjórn sama banka veitist heimild til þess að greiða frú Aðalbjörgu Albertsdóttur, ekkju Þorsteins Sigurgeirssonar bankagjaldkera, 1000 kr., og til tveggja barna hennar innan 16 ára aldurs, 300 kr. til hvors.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1935 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Sþ. 955. Fjáraukalög

fyrir árið 1934.

(Afgreidd frá Sþ. 21. des.)

Samhljóða þskj. 501.

Sþ. 956. Fjáraukalög

fyrir árið 1933.

(Afgreidd frá Sþ. 23. des.).

Samhljóða þskj. 412, með þeirri tölubreytingu, er greinir á þskj. 818.

Sþ.

957. Nefndaskipun 1935
(49. löggjafarþing).

I.
Fastanefndir.

A.
Í sameinuðu þingi.

1. Fjárveitinganefnd:

Jónas Jónsson, formaður,
Pétur Ottesen,
Jónas Guðmundsson,
Jón Sigurðsson,
Þorbergur Þorleifsson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Sigurður Einarsson, fundaskrifari,
Bjarni Bjarnason,
Magnús Guðmundsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1936 (1, n. 671).
   Frsm. fyrsta kafla: Jónas Guðmundsson.
   Frsm. annars kafla: Bjarni Bjarnason.
   Frsm. þriðja kafla: Þorbergur Þorleifsson.
2. Till. til þál. um landhelgisgæzlu, björgunarmál og skipaskoðun (24, n. 262).
   Frsm.: Pétur Ottesen.
3. Till. til þál. um leigu talskeytastöðva í fiskiskip (26, n. 171).
   Frsm.: Þorbergur Þorleifsson.
4. Till. til þál. um endurbætur á öldubrjótnum í Bolungavík (67).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Till. til þál. um kaup á hvernum Grýtu í Ölfusi (149, n. 312 (meiri hl.) og 316 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Þorbergur Þorleifsson.
   Frsm. minni hl.: Pétur Ottesen.
6. Till. til þál. um framlag úr ríkissjóði til verðuppbótar á útflutt kjöt 1934 (250, n. 300).
   Frsm.: Jónas Jónsson.

*) Tölurnar innan sviga tákna númer á þingskjölum, og eru ekki talin önnur þingskjalanúmer en þau, sem málið bar, þá er því var til nefndar vísað, svo og þau, er nefndarálit (skammstafað: n.) hlutu. Sama er um mál, er nefndirnar flytja.

7. Till. til þál. um ábyrgð á þýzkum ríkismörkum (341).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1933 (412, n. 818).
   Frsm.: Sigurður Einarsson.
9. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1934 (501, n. 819).
   Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
10. Till. til þál. um afnotagjald útvarpsnotenda (453, n. 832 (minni hl.) og 833 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Þorsteinn Þorsteinsson
   Frsm. meiri hl.: Sigurður Einarsson.
11. Till. til þál. um innlenda sementsgerð (660).
   Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

1. Till. til þál. um fjárframlög úr ríkissjóði vegna skaða af ofviðri 26. og 27. okt. síðastl. o. fl. (333).
   Frsm.: Jónas Jónsson.
2. Till. til þál. um landhelgisgæzlu (415).
   Frsm.: Jónas Jónsson.

2. *Utanríkismálanefnd:*
   Bjarni Ásgeirsson, formaður,
   Ólafur Thors,
   Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari,
   Magnús Jónsson,
   Jónas Jónsson,
   Pétur Magnússon,
   Stefán Jóh. Stefánsson.

3. *Kjörbréfanefnd:*
   Bergur Jónsson, formaður,
   Gísli Sveinsson,
   Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskrifari,*)
   Pétur Magnússon,
   Einar Árnason.

Nefndin tók til íhugunar fram komna kæru um kjörgengi 2. landsk. þm. (MT).

Álit meiri og minni hl. nefndarinnar lágu ekki fyrir prentuð á þingskjölum, en tillögur beggja nefndarhluta komu fram í ræðum framsögumanna og verða prentaðar í B-deild.

Frsm. meiri hl.: Bergur Jónsson.
Frsm. minni hl.: Gísli Sveinsson.

*) Meðan Stefán Jóh. Stefánsson var ókominn til þings eftir þinghlé, átti sæti í nefndinni í hans stað Jónas Guðmundsson.

Fastanefndir Sþ.: Þingfararkaupsnefnd. — *Ed.:* Fjárhagsnefnd.

4. Þingfararkaupsnefnd:
Bergur Jónsson, formaður,
Pétur Ottesen,
Jónas Guðmundsson,
Jakob Möller, fundaskrifari,
Páll Zóphóníasson.

B.
Í efri deild.

1. Fjárhagsnefnd:
Jón Baldvinsson, formaður,
Magnús Jónsson,
Bernharð Stefánsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um afnám l. nr. 19 9. jan. 1935, um lántöku fyrir ríkissjóð (11, nr. 59).
   Frsm.: Jón Baldvinsson.
2. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina að innheimta ýms gjöld 1936 með viðauka (2, n. 66).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
3. Frv. til l. um breyt. á 22. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935 „Tekjuskattur og eignarskattur“ (4, n. 58).
   Frsm.: Jón Baldvinsson.
4. Frv. til l. um framlenging á gildi l. um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll (3, n. 94).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
5. Frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga (5, n. 93).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 9. jan. 1935, um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald (28, n. 95).
   Frsm.: Jón Baldvinsson.
7. Frv. til l. um ríkisgjaldanefnd (48, n. 145 (1. minni hl.) og 165 (2. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Magnús Jónsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Jón Baldvinsson.
   Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.
8. Frv. til l. um eftirlit með sjóðum og sjálfseignarstofnunum (63, n. 189 (meiri hl.) og 218 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Bernharð Stefánsson.
   Frsm. minni hl.: Magnús Jónsson.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands (64, n. 126 (meiri hl.) og 136 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Bernharð Stefánsson.
   Frsm. minni hl.: Magnús Jónsson.

10. Frv. til l. um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði (153, n. 215 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
11. Frv. til l. um breyt. nokkurra laga, sem varða sölu og meðferð íslenzkra afurða (115, n. 254).
    Frsm.: Jón Baldvinsson.
12. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 19. júní 1933, um breyt. á l. nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum (62, n. 349 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
13. Frv. til l. um bæjargjöld á Ísafirði o. fl. (286, n. 373 (meiri hl.) og 423 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
    Frsm. minni hl.: Magnús Jónsson.
14. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenzkum afurðum (397, n. 439 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
15. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald (432, n. 606).
    Frsm.: Jón Baldvinsson.
16. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 29. des. 1934, um breyt. á 1. gr. tolllaga (493, n. 605).
    Frsm.: Bernharð Stefánsson.
17. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana (542, n. 720 (meiri hl.) og 721 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Bernharð Stefánsson.
    Frsm. minni hl.: Magnús Jónsson.
18. Frv. til l. um bráðabirgðabreyting l. nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald (575, n. 719).
    Frsm.: Magnús Jónsson.
19. Frv. til l. um samþykkt á landsreikningnum 1933 (500, n. 723).
    Frsm.: Jón Baldvinsson.
20. Frv. til l. um heimild fyrir hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps til álagningar vörugjalds (573, n. 717 (meiri hl.) og 718 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
    Frsm. minni hl.: Magnús Jónsson.
21. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (664, n. 722).
    Frsm.: Magnús Jónsson.

Nefndin flutti:

Frv. til l. um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa (426).
Frsm.: Jón Baldvinsson.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs (631).
Frsm.: Jón Baldvinsson.

2. *Samgöngumálanefnd:*
Sigurjón Á. Ólafsson, formaður,
Jón Auðunn Jónsson,
Páll Hermannsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 28. jan. 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum (511).
Nefndarálit kom ekki, en meiri hl. n. flutti brtt. á þskj. 899.
Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
Í samvinnu við samgöngumálanefnd Nd. tók nefndin til íhugunar styrk til flóabátaferða. Er álit samvinnunefndarinnar um það efni á þskj. 858 (frsm.: Gísli Guðmundsson), og ennfremur frá minni hl. nefndarinnar (JAJ) á þskj. 859.

3. *Landbúnaðarnefnd:*
Bernharð Stefánsson, formaður,
Pétur Magnússon,
Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 40 7. maí 1928, um breyt. á l. nr. 43 20. júní 1923 „Jarðræktarlög“ (16. n. 451 (meiri hl.) og 486 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
Frsm. minni hl.: Pétur Magnússon.
2. Frv. til l. um breyt. á l. um bændaskóla, nr. 51 19. maí 1930 (17).
Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til l. um breyt. á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins (41, n. 86).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
4. Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 43 20. júní 1923 (46, n. 120 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Bernharð Stefánsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
5. Frv. til l. um tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins (50).
Nefndarálit kom ekki.
6. Frv. til l. um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins og um eftirlit með innflutningi trjáfræs (29, n. 256).
Frsm.: Jón Baldvinsson.
7. Frv. til l. um klaksjóð og heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta reisa klakstöðvar (73, n. 596).
Frsm.: Jón Baldvinsson.

8. Frv. til l. um útrýmingu fjárkláðans (130, n. 264).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson:
9. Frv. til l. um sölu og flutning á kartöflum (212, n. 258).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson:
10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði (378, n. 402).
   Frsm.: Pétur Magnússon.
11. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl. (324, n. 417 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Bernharð Stefánsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
12. Frv. til l. um gelding húsdýra (403, n. 477).
   Frsm.: Jón Baldvinsson.
13. Frv. til l. um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti (440, n. 571).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
14. Frv. til l. um verzlun með kartöflur og grænmeti og um framleiðsluverðlaun á kartöflum (441).
   Nefndarálit kom ekki.
15. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð (481, n. 556).
16. Frv. til l. um erfðaábúð og óðalsrétt (516 (sbr. 498), n. 569).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
17. Frv. til l. um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar (547, n. 639).
   Frsm.: Jón Baldvinsson.
18. Frv. til l. um búreikningaskrifstofu ríkisins (540, n. 644)
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
19. Frv. til l. um nýbýli og samvinnubyggðir (770, n. 849).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.

4. Sjávarútvegsnefnd:
   Ingvar Pálmason, formaður,
   Jón Auðunn Jónsson,
   Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.
Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum (38, n. 371 (meiri hl.) og 425 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
   Frsm. minni hl.: Jón Auðunn Jónsson.
2. Frv. til l. um hafnsögu í Ísafjarðarkaupstað (47, n. 119).
   Frsm.: Jón Auðunn Jónsson.
3. Frv. til l. um viðauka við l. 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. (111, n. 144).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

Fastanefndir Ed.: Sjávarútvegsnefnd.

4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar (84, n. 298).
   Frsm.: *Jón Auðunn Jónsson.*
5. Frv. til l. um almenn gæðamerki (172, n. 289).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
6. Frv. til l. um breyt. á tilsk. fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót, frá 12. febr. 1872 (192, n. 285 (meiri hl.) og 395 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
   Frsm. minni hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
7. Frv. til l. um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum (118, n. 284).
   Frsm.: Jón Auðunn Jónsson.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 19. júní 1933, um breyt. á l. nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi (274).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Frv. til l. um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda (302, n. 335 (minni hl.) og 336 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: *Jón Auðunn Jónsson.*
   Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 76 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. (398, n. 460).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.
11. Frv. til l. um breyt. á. l. nr. 58 8. sept. 1931 „Útflutningsgjald af síld o. fl." (413, n. 579).
    Frsm.: Jón Auðunn Jónsson.
12. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat (521, n. 572).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.
13. Frv. til l. um breyt. á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914 (543, n. 617).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um eftirlit með skipum (208).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 99 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda (393).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
3. Frv. til l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum (429).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

Frá nefndinni kom álit um málið á þskj. 818.
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

4. Frv. til l. um stýrimannaskólann í Reykjavík (461).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

Frá nefndinni kom álit um málið á þskj. 900.
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

5. Frv. til l. um kennslu í vélfræði (462).
Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
Frá nefndinni kom álit um málið á þskj. 836.
Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

5. Iðnaðarnefnd:
Ingvar Pálmason,
Guðrún Lárusdóttir, fundaskrifari,
Páll Hermannsson, formaður.
Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um einkaleyfi til að flytja út vikur og vörur, unnar úr vikri, og selja á erlendum markaði (345, n. 370).
Frsm.: Páll Hermannsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum (519, n. 625).
Frsm.: Páll Hermannsson.
3. Frv. til l. um iðnaðarnám (611 (sbr. 595), n. 834)).
Frsm.: Páll Hermannsson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll (633, n. 725).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
5. Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll (642, n. 810).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
6. Frv. til l. um einkaleyfi til að vinna málningu úr íslenzkum hráefnum (616, n. 872).
Frsm.: Ingvar Pálmason.

6. Menntamálanefnd:
Jónas Jónsson, formaður,
Guðrún Lárusdóttir, fundaskrifari,
Bernharð Stefánsson.
Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um ríkisútgáfu skólabóka (6, n. 125 (meiri hl.) og 176 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jónas Jónsson.
Frsm. minni hl.: Guðrún Lárusdóttir.
2. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 29 7. maí 1928 Prentsmiðjur (42, n. 92).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 1930, um gagnfræðaskóla (357, n. 480).
Frsm.: Jónas Jónsson.
4. Frv. til l. um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum (532, n. 784 (meiri hl.) og 786 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Guðrún Lárusdóttir.
Frsm. minni hl.: Jónas Jónsson.

5. Frv. til l. um breytingar á l. nr. 75 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra (692, n. 785).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
   Nefndin flutti:
   Frv. til l. um Háskóla Íslands (110).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.

7. Allsherjarnefnd:
Sigurjón Á. Ólafsson, formaður,
Magnús Guðmundsson,
Ingvar Pálmason, fundaskrifari,
Páll Hermannsson,
Þorsteinn Briem.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um varnir gegn vörusvikum (7, n. 418).
   Frsm.: Magnús Guðmundsson.
2. Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði (36, n. 160).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 15. júní 1926, um útsvör (39).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna (43, n. 88).
   Frsm.: Magnús Guðmundsson.
5. Frv. til l. um yfirstjórn nokkurra ríkiseigna í Ölfusi (52).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Frv. til l. um virkjun Fljótaár (72, n. 287).
   Frsm.: Þorsteinn Briem.
7. Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (65, n. 158).
   Frsm.: Magnús Guðmundsson.
8. Frv. til l. um fangelsi (91, n. 227).
   Frsm.: Magnús Guðmundsson.
9. Frv. til l. um breyt. á póstlögum, nr. 5 7. maí 1921, sbr. l. nr. 3 27. marz 1925 (51, n. 164).
   Frsm.: Páll Hermannsson.
10. Frv. til l. um löggilding verzlunarstaðar í Hraunhöfn á Melrakkasléttu (27, n. 159).
    Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
11. Frv. til l. um fávitahæli (138, n. 455).
    Frsm.: Þorsteinn Briem.
12. Till. til þál. um drykkjumannahæli (197, n. 470).
    Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
13. Till. til þál. um uppeldisstofnun fyrir vangæf börn og unglinga (198, n. 469).
    Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

14. Frv. til l. um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands (240, n. 308 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
15. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 6. okt. 1919, um hæstarétt, og l. nr. 37 4. júní 1924, um breyt. á þeim l. (257).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum (282, n. 309).
    Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
17. Frv. til l. um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu) (396, n. 447).
    Frsm.: Þorsteinn Briem.
18. Frv. til l. um Ferðaskrifstofu ríkisins (504, n. 657 (meiri hl.) og 675 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
    Frsm. minni hl.: Þorsteinn Briem.
19. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna (557, n. 589).
    Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
20. Frv. til l. um sameining Blönduóskauptúns í eitt hreppsfélag (593, n. 647 (meiri hl.) og 669 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
    Frsm. minni hl.: Þorsteinn Briem.
21. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands (433, n. 733).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.
22. Frv. til l. um samþykktir um lokunartíma sölubúða (586, n. 743).
    Frsm.: Magnús Guðmundsson.
23. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla (536, n. 776).
    Frsm.: Þorsteinn Briem.
24. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað (581, n. 817).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.
25. Frv. til l. um alþýðutryggingar (778, n. 841 (meiri hl.) og 846 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
    Frsm. minni hl.: Magnús Guðmundsson
26. Frv. til framfærslulaga (871, n. 903).
    Frsm.: Páll Hermannsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands og Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um erfðir og skipti á dánarbúum (25).
    Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

Fastanefndir Ed.: Allsherjarnefnd. — *Nd.:* Fjárhagsnefnd.

2. Till. til þál. um undirbúning lagasetningar um heimilisfang (87).
   Frsm.: Magnús Guðmundsson.
3. Frv. til l. um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, allskonar eldvopnum og hlutum og efni í þau (427)
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
4. Frv. til l. um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga (428).
   Frsm.: Magnús Guðmundsson.
5. Frv. til l. um viðauka við lög nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð (777).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til l. um Ferðaskrifstofu ríkisins (504).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

C.
Í neðri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Sigfús Jónsson, formaður,
Ólafur Thors,
Stefán Jóh. Stefánsson,
Jakob Möller, fundaskrifari,
Ásgeir Ásgeirsson.[1])

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll (3, n. 34).
   Frsm.: Sigfús Jónsson.
2. Frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga (5, n. 35).
   Frsm.: Stefán Jóh. Stefánsson.
3. Frv. til l. um innlánsvexti og vaxtaskatt (15).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki (61).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 19. júní 1933, um breyt. á l. nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum (62, n. 142 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
6. Frv. til l. um bæjargjöld á Ísafirði (69, n. 139 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Stefán Jóh. Stefánsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

[1]) Í stað ÁÁ, sem ekki sat á síðari hluta þingsins, tók sæti í n. Jörundur Brynjólfsson.

7. Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 48 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverzlun og breyt. á þeim lögum (85).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Frv. til l. um breyt. á 22. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935 „Tekjuskattur og eignarskattur“ (4, n. 237 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Sigfús Jónsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
9. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina að innheimta ýms gjöld 1936 með viðauka (103, n. 140 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Sigfús Jónsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
10. Frv. til l. um bæjargjöld á Akureyri (100, n. 141 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
11. Frv. til l. um kaup á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f (147).
   Nefndarálit kom ekki.
12. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands (64, n. 295 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Sigfús Jónsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hluta.
13. Frv. til l. um eftirlit með atvinnurekstri (340).
   Nefndarálit kom ekki.
14. Frv. til l. um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa (449, n. 499).
   Frsm.: Sigfús Jónsson.
15. Frv. til l. um heimild fyrir hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps til álagningar vörugjalds (467, n. 548 (meiri hl.) og 558 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Sigfús Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Stefán Jóh. Stefánsson.
16. Frv. til l. um samþykkt á landsreikningnum 1933 (500, n. 588).
   Frsm.: Sigfús Jónsson.
17. Frv. til l. um landssmiðju (518, n. 649 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl. Stefán Jóh. Stefánsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
18. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (604, n. 650).
   Frsm.: Stefán Jóh. Stefánsson.
19. Frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs (709, n. 760 (meiri hl. og 787 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Stefán Jóh. Stefánsson.
   Frsm. minni hl.: Ólafur Thors.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 9. jan. 1935, um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald (28).
   Frsm.: Sigfús Jónsson.

Fastanefndir Nd.: Fjárhags-, samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald (432).
   Frsm.: Sigfús Jónsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 29. des. 1934, um breyt. á 1. gr. tolllaga (493).
   Frsm.: Jakob Möller.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 15. júní 1926, um útsvör (876).
   Frsm.: Jakob Möller.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

1. Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll (112).
   Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll (113).
   Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
3. Frv. til l. um breyt. nokkurra laga, er varða sölu og meðferð íslenzkra afurða (115).
   Frsm.: Sigfús Jónsson.
4. Frv. til l. um bráðabirgðabreyting laga nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald (575).
   Frsm.: Sigfús Jónsson.

2. *Samgöngumálanefnd:*
   Gísli Guðmundsson, formaður,
   Gísli Sveinsson,
   Finnur Jónsson, fundaskrifari,
   Jón Ólafsson,
   Þorbergur Þorleifsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933 (114, n. 730).
   Frsm.: Gísli Sveinsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir (520, n. 780 (minni hl.) og 796 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Gísli Guðmundsson.
   Frsm. meiri hl.: Finnur Jónsson.

Um samvinnu við samgöngumálanefnd Ed. sjá bls. 1657.

3. *Landbúnaðarnefnd:*
   Páll Zóphóníasson, fundaskrifari,
   Jón Pálmason,
   Emil Jónsson,
   Guðbrandur Ísberg,
   Bjarni Ásgeirsson, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 43 20. júní 1923 (12, n. 30).
   Frsm.: Jón Pálmason.

2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 19. júní 1933, um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar (19).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til l. um nýbýli (20).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um afnám l. nr. 31 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, og l. nr. 50 16. okt. 1907, um sölu kirkjujarða (14).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 20. júní 1923, um sandgræðslu (32, n. 680).
   Frsm.: Guðbrandur Ísberg.
6. Frv. til l. um ættaróðal og óðalsrétt (40).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til l. um bygging og ábúð jarða, sem eru almannaeign (44).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. (68, n. 252).
   Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.
9. Frv. til l. um sauðfjárbaðanir (131, n. 681).
   Frsm.: Jón Pálmason.
10. Frv. til l. um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar (117, n. 468).
    Frsm.: Emil Jónsson.
11. Frv. til l. um breyt. á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins (207, n. 266).
    Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.
12. Frv. til l. um nýbýli og samvinnubyggðir (109, n. 673).
    Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.
13. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa jörðina Ás í Kelduneshreppi (271, n. 443).
    Frsm.: Guðbrandur Ísberg.
14. Frv. til l. um sölu á prestsmötu (409, n. 739).
    Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.
15. Frv. til l. um garðyrkjuskóla ríkisins (419).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Frv. til l. um búreikningaskrifstofu ríkisins (422, n. 513).
    Frsm.: Páll Zóphóníasson.
17. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði (378, n. 686).
    Frsm.: Jón Pálmason.
18. Frv. til l. um garðyrkjuskóla (438).
    Nefndarálit kom ekki.

19. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim (459, n. 737).
Frsm.: Páll Zóphóníasson.
20. Frv. til l. um breyt á l. nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð (481, n. 630).
Frsm.: Jón Pálmason.
21. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma (591).
Nefndarálit kom ekki.
22. Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 68 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann (654, n. 738).
Frsm.: Páll Zóphóníasson.
23. Frv. til l. um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti (668, n. 800 (meiri hl.) og 861 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Bjarni Ásgeisson.
Frsm. minni hl.: Guðbrandur Ísberg.
24. Frv. til l. um áburðarverksmiðju ríkisins (655).
Nefndarálit kom ekki.
25. Frv. til l. um fóðurtryggingarsjóði (701, n. 873).
Frsm.: Páll Zóphóníasson.
26. Frv. til l. um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til eignarnáms í því skyni (699).
Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um útrýmingu fjárkláðans (33).
Frsm.: Jón Pálmason.
2. Frv. til l. um sölu og flutning á kartöflum (99).
Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.
3. Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti (217).
Frsm.: Páll Zóphóníasson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl. (324).
Frsm.: Páll Zóphóníasson.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

1. Frv. til l. um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins, og um eftirlit með innflutningi trjáfræs (29).
Frsm.: Jón Pálmason.
2. Frv. til l. um geldingu húsdýra (245).
Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.
3. Frv. til l. um erfðaábúð og óðalsrétt (444).
Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.

4. Sjávarútvegsnefnd:
Finnur Jónsson, formaður,
Jóhann Jósefsson,
Gísli Guðmundsson, fundaskrifari,
Sigurður Kristjánsson,
Páll Þorbjörnsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um hafnsögu í Ísafjarðarkaupstað (21, n. 37).
   Frsm.: Finnur Jónsson.
2. Frv. til l. um frystigjald beitusíldar (22, n. 235 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Gísli Guðmundsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
3. Frv. til l. um almenn gæðamerki (53, n. 135).
   Frsm.: Finnur Jónsson.
4. Frv. til l. um útgerðarsamvinnufélög (55, n. 698).
   Frsm.: Gísli Guðmundsson.
5. Frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað (71, n. 273).
   Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar (84, n. 133).
   Frsm.: Páll Þorbjörnsson.
7. Frv. til l. um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda (97, n. 206 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Finnur Jónsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
8. Frv. til l. um viðauka við l. 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. (111).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Frv. til l. um eftirlit með skipum (208, n. 377).
   Frsm.: Páll Þorbjörnsson.
10. Frv. til l. um Skuldaskilasjóð útgerðarmanna (184).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands (187).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Frv. til l. um rekstrarlánafélög (186).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 76 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. (398, n. 411).
    Frsm.: Finnur Jónsson.
14. Frv. til l. um breyt. á tilsk. fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót, frá 12. febr. 1872 (192, n. 466 (meiri hl.) og 482 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Sigurður Kristjánsson.
    Frsm. minni hl.: Gísli Guðmundsson.
15. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi (408).
    Nefndarálit kom ekki.

Fastanefndir Nd.: Sjávarútvegsnefnd.

16. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 99 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda (393, n. 489).
    Frsm.: Finnur Jónsson.
17. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 8. sept. 1931 [Útflutningsgjald af síld o. fl.] (413, n. 435).
    Frsm.: Jóhann Jósefsson.
18. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald (430, n. 608 (minni hl.) og 609 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Páll Þorbjörnsson.
    Frsm. meiri hl.: Finnur Jónsson.
19. Frv. til l. um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum (434, n. 623 (minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Jóhann Jósefsson.
    Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
20. Frv. til l. um markaðssjóð saltfisks (458).
    Nefndarálit kom ekki.
21. Frv. til l. um útgerð ríkis og bæja (476, n. 774 (minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Finnur Jónsson.
    Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
22. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenzkum afurðum (497, n. 592).
    Frsm.: Jóhann Jósefsson.
23. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 76 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. (492).
    Nefndarálit kom ekki.
24. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 9. maí 1930, um Fiskveiðasjóð Íslands (514).
    Nefndarálit kom ekki.
25. Till. til þál. um auknar strandvarnir við Vestmannaeyjar (531, n. 684).
    Frsm.: Páll Þorbjörnsson.
26. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 9. jan. 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins (562, n. 775 (minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Gísli Guðmundsson.
    Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
27. Frv. til l. um loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum (437, n. 661 (1. minni hl.) og 812 (2. minni hl.)).
    Frsm. 1. minni hl.: Páll Þorbjörnsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Sigurður Kristjánsson
    Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.
28. Frv. til l. um breyt. á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914 (651, n. 877).
    Frsm.: Finnur Jónsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum (118).
    Frsm.: Finnur Jónsson.

2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat (416).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.

5. Iðnaðarnefnd:
Bjarni Ásgeirsson,
Guðbrandur Ísberg,
Emil Jónsson, fundaskrifari,
Jakob Möller,
Páll Zóphóníasson, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um iðnaðarnám (49, n. 275 (meiri hl.) og 566 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Emil Jónsson.
Frsm. minni hl.: Guðbrandur Ísberg.
2. Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll (112, n. 529).
Frsm.: Emil Jónsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll (113, n. 530).
Frsm.: Emil Jónsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um einkaleyfi til að flytja út vikur og vörur unnar úr vikri og selja á erlendum markaði (276).
Frsm.: Emil Jónsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum (519).
Frsm.: Emil Jónsson.
3. Frv. til l. um einkaleyfi til að vinna málningu úr íslenzkum hráefnum (616).
Frsm.: Guðbrandur Ísberg.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til l. um landssmiðju (518).
Frsm.: Emil Jónsson.

6. Menntamálanefnd:
Ásgeir Ásgeirsson, formaður,[1])
Pétur Halldórsson,
Sigurður Einarsson, fundaskrifari,
Gunnar Thoroddsen,[1])
Bjarni Bjarnason.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um námsskeið fyrir atvinnulausa unglinga í bæjum og kaupstöðum (31, n. 156 (1. minni hl.), n. 168 (2. minni hl.) og 179 (meiri hl.)).

1) Sæti Gunnars Thoroddsens tók á síðari hluta þingsins Eiríkur Einarsson, skv. 144. gr. l. nr. 18 25. jan. 1933, en fyrir Ásgeir Ásgeirsson átti sæti í nefndinni eftir þinghlé Jónas Guðmundsson.

Frsm. 1. minni hl.: Bjarni Bjarnason.
Frsm. 2. minni hl.: Pétur Halldórsson.
Frsm. meiri hl.: Sigurður Einarsson.

2. Frv. til l. um Háskóla Íslands (110, n. 781).
Frsm.: Sigurður Einarsson.
3. Frv. til l. um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum (421, n. 450).
Frsm.: Eiríkur Einarsson.
4. Frv. til l. um skipun barnakennara og laun þeirra (464, n. 607 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Bjarni Bjarnason.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
5. Frv. til l. um ríkisútgáfu námsbóka (782, n. 870 (meiri hl.) og 880 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Sigurður Einarsson.
Frsm. minni hl.: Pétur Halldórsson.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 1930, um gagnfræðaskóla (155).
Frsm.: Sigurður Einarsson.

7. *Allsherjarnefnd:*
Héðinn Valdimarsson, formaður,
Thor Thors,[1])
Bergur Jónsson, fundaskrifari,
Garðar Þorsteinsson,
Stefán Jóh. Stefánsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um sveitarstjórnarkosningar (13, n. 137).
Frsm.: Stefán Jóh. Stefánsson.
2. Frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt (18).
Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til l. um löggilding verzlunarstaðar í Hraunhöfn á Melrakkasléttu (27, n. 96).
Frsm.: Bergur Jónsson.
4. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands og Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um erfðir og skipti á dánarbúum (25, n. 121).
Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 23. júní 1932, um barnavernd (54, n. 534).
Frsm.: Héðinn Valdimarsson.

1) Framan af síðari hluta þingsins, meðan Thor Thors var ókominn til þings, gegndi störfum hans í nefndinni Jakob Möller.

6. Frv. til l. um fyrning verzlunarskulda, vaxtatöku af verzlunarskuldum o. fl. (60).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 6. okt. 1919, um hæstarétt, og lögum nr. 37 4. júní 1924, um breyting á þeim lögum (98, n. 152).
   Frsm.: Bergur Jónsson.
8. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur] (124, n. 767).
   Frsm.: Thor Thors.
9. Frv. til l. um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna (116, n. 202).
   Frsm.: Thor Thors.
10. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 24 frá 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum (122, n. 203).
   Frsm.: Héðinn Valdimarsson.
11. Frv. til l. um stofnun atvinnudeildar og rannsóknarstofnunar við Háskóla Íslands (105, n. 230 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Thor Thors.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
12. Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði (233, n. 279 (minni hl.) og 280 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Héðinn Valdimarsson.
   Frsm. meiri hl.: Bergur Jónsson.
13. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum (205, n. 311).
   Frsm.: Thor Thors.
14. Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (234, n. 442).
   Frsm.: Bergur Jónsson.
15. Frv. til l. um opinberan ákæranda (175).
   Nefndarálit kom ekki.
16. Frv. til l. um fangelsi (268, n. 799 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Stefán Jóh. Stefánsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
17. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 27. júní 1921, um samvinnufélög (318).
   Nefndarálit kom ekki.
18. Frv. til l. um heimild til að taka eignarnámi land handa kaupfélagi Rangæinga á Rauðalæk (226).
   Nefndarálit kom ekki.
19. Frv. til framfærslulaga (407, n. 715).
   Frsm.: Bergur Jónsson.
20. Frv. til l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla (406, n. 666 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Stefán Jóh. Stefánsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.

Fastanefndir Nd.: Allsherjarnefnd.

21. Frv. til l. um alþýðutryggingar (405, n. 667 (meiri hl.) og 688 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Héðinn Valdimarsson.
Frsm. minni hl.: Thor Thors.
22. Frv. til l. um sameining Blönduóskauptúns í eitt hreppsfélag (410, n. 555).
Frsm.: Jakob Möller.
23. Frv. til l. um eftirlit með vörum (431, n. 766).
Frsm.: Stefán Jóh. Stefánsson.
24. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands (433, n. 553).
Frsm.: Héðinn Valdimarsson.
25. Frv. til l. um afhending dómkirkjunnar til safnaðarins í Reykjavík og fjölgun sókna og presta í Reykjavík og öðrum kaupstöðum (436).
Nefndarálit kom ekki.
26. Frv. til l. um meðferð einkamála í héraði (448).
Nefndarálit kom ekki.
27. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna (452, n. 535).
Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
28. Frv. til l. um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu) (463).
Nefndarálit kom ekki.
29. Frv. til l. um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga (473 (sbr. 428), n. 554).
Frsm.: Stefán Jóh. Stefánsson.
30. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla (536, n. 632).
Frsm.: Bergur Jónsson.
31. Frv. til l. um fávitahæli (524, n. 679).
Frsm.: Thor Thors.
32. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað (581, n. 652).
Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
33. Frv. til l. um lokunartíma sölubúða (586, n. 635).
Frsm.: Thor Thors.
34. Frv. til l. um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, allskonar sprengjum og hlutum og efni í þau (594, n. 793 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Bergur Jónsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
35. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og l. nr. 20 24. marz 1920, um breyt. á þeim l. (622, n. 714 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Stefán Jóh. Stefánsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
36. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð (852, n. 913).
Frsm.: Bergur Jónsson.

Fastanefndir Nd.: Allsherjarnefnd. — *Vinnunefndir beggja deilda.* — *Lausanefnd í Nd.:* Launamálanefnd.

37. Frv. til l. um Ferðaskrifstofu ríkisins (744, n. 893 (meiri hl.) og 907 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Héðinn Valdimarsson.
    Frsm. minni hl.: Garðar Þorsteinsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á póstlögum, nr. 5 7. maí 1921, sbr. l. nr. 3 27. marz 1925 (51).
    Frsm.: Thor Thors.
2. Frv. til l. um Líftryggingarstofnun ríkisins (170).
    Frsm.: Héðinn Valdimarsson.
3. Frv. til l. um sjóði líftryggingarfélaga og stofnana og eftirlit með þeim (306).
    Frsm.: Héðinn Valdimarsson.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til l. um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands (102).
    Frsm.: Héðinn Valdimarsson.

D.
Vinnunefndir.

Auk framantalinna nefnda skipuðu formenn fastanefnda, forseti og fyrri varaforseti eina nefnd í hvorri deild, *vinnunefnd.*

Vinnunefndir gerðu skrá um fundastaði og fundatíma fastanefnda, er fjölrituð var og útbýtt meðal þingmanna.

II.
Lausanefnd.
Í neðri deild.

Launamálanefnd:

Jörundur Brynjólfsson, formaður,
Jón Pálmason,
Sigurður Einarsson,
Guðbrandur Ísberg, fundaskrifari,
Páll Zóphóníasson.

Nefndin kosin til að íhuga:

Frv. til l. um starfsmenn ríkisins og laun þeirra (80, n. 937).
    Frsm. var ekki kosinn.

Til hennar var síðan vísað:

1. Frv. til l. um skipun prestakalla (75, n. 919 (1. minni hl.) og 930 (2. minni hl.)).

Launanefnd í Nd.: Launamálanefnd

Frsm. 1. minni hl.: Páll Zóphóníasson.
Frsm. 2. minni hl.: Guðbrandur Ísberg
Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.

2. Frv. til l. um skipun lögsagnarumdæma (78, n. 792).
Frsm.: Guðbrandur Ísberg.
3. Frv. til l. um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl. (79, n. 804).
Frsm.: Jón Pálmason.
4. Frv. til l. um einkasölu ríkisins (76).
Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi (77, n. 814).
Frsm.: Páll Zóphóníasson.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 15. júní 1926, um fræðslu barna (82, n. 802).
Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
7. Frv. til l. um skrifstofufé sýslumanna (81).
Nefndarálit kom ekki.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands (83, n. 803).
Frsm.: Jón Pálmason.

Sþ. .

958. Skrá
um erindi þau, er bárust Alþingi 1935
(49. löggjafarþingi).

Raðað eftir stafrófsröð.

Afnotagjald útvarpsnotenda, sjá Útvarp 6.

Afurðasala landbúnaðarins.

1. Almennur bændafundur á Hvítárvöllum 30. nóv. sendir Alþingi ýmsar tillögur um afurðasölumál bænda og gjaldeyrismál. (Db. 785).
2. Almennur bændafundur á Grund í Skorradal 8. des. sendir Alþingi ýmsar tillögur um sömu mál. (Db. 786).
3. Almennur bændafundur á Skarði í Lundarreykjadal 9. des. sendir Alþingi ýmsar tillögur um sömu mál. (Db. 787).
4. Atv.- og samgmrn. sendir landbn. Nd. erindi frá nefnd bænda, sem kosin var á bændafundi að Brúarlandi 25. okt., varðandi afurðasölumál bænda. Bréf 14. des. 7 fskj. (Db. 791).
5. Búnaðarmálastjóri sendir Alþingi álit og tillögur búnaðarþings um framkvæmd afurðasölulaganna frá síðasta Alþingi. Bréf 11. marz. (Db. 143).

Agnar Eldberg Kofoed-Hansen, sjá Námsstyrkur 1.

Alþingi. Tillögur skrifstofustjóra Alþingis um breyt. á fjárlagafrv. fyrir árið 1936 frá fjárhæðum þeim, sem Alþingi varða í fjárlögum fyrir árið 1935. Bréf 8. jan. (Db. 19, XVII).

Alþingistíðindi.

1. Stjórn Félags ísl. prentsmiðjueigenda og stjórn Hins ísl. prentarafélags mótmæla framkomnum tillögum um að fella niður prentun á umræðuparti þingtíðindanna árin 1934 og 1935. Bréf 1. apríl. (Db. 229).
2. Innanþingsskrifarar mótmæla tillögu fjvn. um að fella niður þingskriftir og prentun á umræðuparti Alþingistíðinda. (Db. 760).
3. 11 prentsmiðjustjórar og fulltrúar prentara í Reykjavík skora á Alþingi fyrir hönd hinnar íslenzku prentarastéttar að fella brtt. á þskj. 755 um að fella niður prentun á umræðuparti Alþingistíðinda. Bréf 12. des. (Db. 776).

Alþýðubókasafn Reykjavíkur, sjá Bókasöfn 2.

Alþýðuskólinn í Reykjavík sækir um styrk til starfsemi sinnar. Bréf 10. des. 1 fskj. (Db. 784).

Alþýðutryggingar, sjá Ábyrgðir 11, Tryggingarmál 4, 9, 10, 11, 12.

Amtsbókasafnið á Akureyri, sjá Bókasöfn 5.

Anna Klemensdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 1.

Arnór Sigurjónsson, sjá Íbúðarhús á Breiðumýri.

Atvinna við siglingar, sjá Siglingar.

Atvinnubætur.

1. Sjómannafélag Reykjavíkur skorar á Alþingi og ríkisstjórn að skylda bæjarstjórn Reykjavíkur til að leggja fram til atvinnubóta í Reykjavík tvöfalda upphæð á við framlag ríkissjóðs. Bréf 19. febr. (Db. 32).
2. Sigurður Einarsson, 9. landsk. þm., leggur fyrir Alþingi erindi hreppsnefndar Suðurfjarðahrepps, er í felst beiðni um, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að kaupa eignir Ágústs Sigurðssonar á Bíldudal, leggja fram allt að 60 þús. kr. til umbóta á þeim og leigja þær hreppnum til atvinnurekstrar. Bréf ódags. (Db. 69).
3. Félag ungra jafnaðarmanna skorar á Alþingi að gera ráðstafanir til að bæta út atvinnuleysi verkalýðsins. Bréf 1. marz (Db. 102).

Sjá ennfr. Ábyrgðir 5, Framfærsla þurfamanna 4, Tekjustofnar sveitar- og bæjarfélaga 1, Tryggingarmál 1, 13, Vegamál 3.

Atvinnudeild við Háskóla Íslands, sjá Háskólinn 4.

Atvinnulausir unglingar, sjá Námskeið.

Atvinnuleysistryggingar, sjá Tryggingarmál 1, 2, 13, Tollar og tollgæzla 4.

Austur-Síða, sjá Vegamál 4, 20.

Áburðareinkasala ríkisins. Samband ísl. samvinnufélaga sendir fjvn. skýrslu um kostnað við áburðareinkasölu ríkisins árið 1934. Bréf 10. okt. (Db. 365).

Ábyrgðir.

1. Sigurður Einarsson, 9. landsk. þm., leggur fyrir Alþingi erindi hreppsnefndar Suðurfjarðahrepps, er í felst beiðni um, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hreppinn allt að 50 þús. kr. lán til kaupa á þrem mótorbátum. Bréf ódags. (Db. 69).
2. Fjmrn. sendir fjvn. skrá um lán, sem ríkissjóður hefir ábyrgzt greiðslu á. Bréf 26. febr. (Db. 71).
3. Fundur sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu 30. apríl skorar á Alþingi að ákveða að veita allt að 60 þús. kr. ríkisábyrgð og allt að 30 þús. kr. fjárstyrk til byggingar vélbáts til að annast ferðir um Ísafjarðardjúp og Vestfirði o. fl. Bréf 26. ágúst. (Db. 290).
4. Bernharð Stefánsson og Einar Árnason, þm. Eyf., senda fjvn. bréf oddvitans í Ólafsfjarðarhreppi, dags. 20. sept., um að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast 25 þús. kr. lán vegna Ólafsfjarðarhrepps, til greiðslu á byggingarkostnaði læknisbústaðarins og sjúkraskýlisins í Ólafsfirði. Bréf 28. okt. (Db. 486).
5. Hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps skorar á Alþingi að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast lán fyrir Eskifjarðarhrepp til kaupa á botnvörpungi, og einnig að ábyrgjast lán til ræktunar í kauptúninu. Ennfremur skorar hreppsnefndin á Alþingi að ákveða að veita fé til sjúkrahúss á Eskifirði og 50 þús. kr. til atvinnubóta þar. Bréf 25. okt. (Db. 487).
6. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. bréf sóknarprestsins í Laufásprestakalli, séra Þorv. G. Þormars, dags. 10. okt., er í felst beiðni hans um, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast lán til byggingar prestssetursins í Laufási. Bréf 30. okt. (Db. 504).
7. Bæjarstjórn Akureyrar skorar á Alþingi að heimila ríkisstjórninni að

ábyrgjast árlega allt að 300 þús. kr. rekstrarlán fyrir Akureyrarbæ til tunnugerðar. Bréf 22. okt. (Db. 507).

8. Síldarútvegsnefnd skorar á Alþingi að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 300 þús. kr. lán innanlands fyrir síldarútvegsmenn. Bréf 10. nóv. (Db. 597).
9. Vitamálastjóri sendir fjvn. upplýsingar um, á hvaða lánum vegna hafnargerðar Skagastrandar sé ríkisábyrgð. Bréf 29. nóv. (Db. 719).
10. Fundur síldarframleiðenda á Akureyri og við Eyjafjörð sendir Alþingi áskoranir um 1) að samþykkja tillögu síldarútvegsnefndar um ríkisábyrgð á 300 þús. kr. láni til útgerðarmanna og síldarsaltenda, 2) að komið verði á stofn lánsstofnun fyrir síldarútveginn, 3) að tollur verði afnuminn af öllum útfluttum sjávarafurðum, 4) að ekki verði hækkuð hafnargjöld á Siglufirði og 5) að norsku samningunum verði sagt upp. Bréf 30. nóv. (Db. 734).
11. Atv.- og samgmrn. sendir Alþingi áskoranir verklýðsfélags Álftfirðinga til Alþingis um að það heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast fé til kaupa á vélbát fyrir héraðið og til vegagerðar í héraðinu, ásamt meðmælum félagsins með frv. til laga um alþýðutryggingar. Bréf 5. des. (Db. 749).

Sjá ennfr. Bæjarstjórn Akureyrar, Hafnir og lendingarbætur 15, Karlakórar 1, Síld 3.

Áfengismál, sjá Drykkjumannahæli.

Áfengisverzlun ríkisins. Guðbrandur Magnússon, forstjóri Áfengisverzlunar ríkisins, fer þess á leit við fjvn., að hún mæli með því, að honum verði greidd þóknun fyrir þá vinnu, sem hann hefir lagt fram í þarfir verzlunarinnar út af málarekstri Lárusar Jóhannessonar hrm. Bréf 25. marz. (Db. 240). Sjá ennfr. Launamál 8, Tollar og tollgæzla 7.

Ágúst Jónsson, sjá Sauðfjársjúkdómar 2.

Ágúst Sigurðsson, sjá Atvinnubætur 2.

Álafoss, sjá Íþróttakennsla 3.

Árni Sigbjörnsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 2.

Árný Filippusdóttir, sjá Húsmæðrafræðsla 11.

Ás við Hafnarfjörð, sjá Erfðafesta.

Ás í Kelduhverfi, sjá Jarðakaup ríkissjóðs 3, 6.

Ásgeir L. Jónsson, sjá Tjón af völdum Þverár.

Ásgeir Ó. Einarsson, sjá Dýralækningar 2, 3, 4.

Ásláksstaðir í Glæsibæjarhreppi. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. til umsagnar bréf hjónanna Snæbjörns Þórðarsonar og Guðrúnar Árnadóttur, dags. 6. febr., og bjóða þau þar ríkissjóði að gjöf eignarjörð sína, Ásláksstaði í Glæsibæjarhreppi, gegn tilgreindum skilyrðum. Bréf 8. marz. 9 fskj. (Db. 257).

Ásmundur Sveinsson, sjá Myndlist 1.

Ástríður Jónsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 3.

Áveitur.

1. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ., fer þess á leit við fjvn., að hún leggi til, að tekinn verði upp í fjárlagafrv. fyrir árið 1936 styrkur til greiðslu

kostnaðar við verndun áveituengis í Öxarfirði, er nemi $^{2}/_{3}$ verðs. Bréf 29. okt. 3 fskj. (Db. 489).

2. Sami sendir Alþingi erindi 7 bænda í Öxarfjarðarhreppi um styrk úr ríkissjóði til greiðslu kostnaðar við verndun áveituengis í Öxarfirði. Bréf 29. okt. 2 fskj. (Db. 488).

Baldur m/b, sjá Strandferðir 2.
Bandalag ísl. listamanna, sjá Norrænt ritliöfundaþing, Prentsmiðjur 3.
Bankaráð, sjá Launamál 25, 40.
Barnafræðsla, sjá Fræðslumál.
Barnakennarar.

1. Samband íslenzkra barnakennara fer þess á leit, að utanfararstyrkur barnakennara megi haldast óbreyttur í næsta árs fjárlögum. Bréf 25. jan. (Db. 19, IV).
2. Sama sendir Alþingi mótmæli sín gegn þeirri brtt. fjvn. við næsta árs fjárlagafrv., að felldur verði niður utanfararstyrkur til barnakennara. Bréf 11. des. (Db. 768).
3. Sama sendir Alþingi tillögur fulltrúaþings sambandsins 1935, varðandi menntun kennaraefna, og mótmælir því jafnframt, að menntunarskilyrði kennara séu á nokkurn hátt rýrð frá því, sem nú er. Bréf 16. des. 1 fskj. (Db. 796).
4. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. bréf barnaverndarráðs og fulltrúa síðasta kennaraþings, dags. 13. nóv., er í felst beiðni um, að utanfararstyrkur kennara verði hækkaður um 2000 kr. í næsta árs fjárlögum, í því skyni, að maður verði styrktur til þess að kynna sér erlendis meðferð vangæfra barna og unglinga og rekstur uppeldisstofnana fyrir þau. Bréf 23. nóv. (Db. 682).
5. Stéttarfélag barnakennara í Reykjavík skorar á Alþingi að samþykkja frv. til l. um skipun barnakennara og laun þeirra, en mótmælir jafnframt frv. til l. um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu). Bréf 30.nóv. (Db.724).

Sjá ennfr. Fræðslumál 4, 7, Kennaraskólinn 5, Launamál 36, Lífeyrissjóður, Ríkisútgáfa skólabóka, Sameining lögsagnarumdæma.
Barnavernd.

1. Barnaverndarráðið sækir um 20 þús. kr. til starfsemi sinnar. Bréf 15. jan. (Db. 19, I).
2. Sama sendir allshn. Nd. umsögn sína um frv. til l. um breyt. á l. um barnavernd, sem liggur fyrir þinginu. Bréf 25. marz. (Db. 208).
3. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur sendir allshn. Nd. umsögn sína um sama frv. Bréf 26. sept. (Db. 308).
4. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. til athugunar erindi Barnaverndarráðs Íslands, dags. 3. júní, er í felst umsókn um 20 þús. kr. styrk úr ríkissjóði til barnaverndar og áskorun til ríkisstjórnarinnar um að áætla í næsta árs fjárlögum styrk til þess að reisa hæli fyrir vangæf börn. Bréf 12. okt. 1 fskj. (Db. 371).

Sjá ennfr. Drykkjumannahæli, Fangahús 1.

Barnsfeður, sjá Barnsmeðlög.
Barnsmeðlög. Sameiginlegur fundur hreppsnefnda í Vestur-Húnavatnssýslu 8. og 9. apríl skorar á Alþingi og ríkisstjórn að ákveða að lækka meðalmeðlög barnsfeðra með óskilgetnum börnum. Bréf ódags. (Db. 259).
Báran, verklýðsfélagið, sjá Sjúkrastyrkur og styrktarstarfsemi 2.
Bátaformenn. 8 formenn og bátaeigendur á Stokkseyri fara þess á leit við Alþingi, að það veiti formönnum á Stokkseyri heimild til að stýra bátum, sem eru allt að 16 smálestir að stærð. Bréf 10. nóv. (Db. 628).
Benjamín Eggertsson, sjá Sjúkrastyrkur og styrktarstarfsemi 6.
Benzín, sjá Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, Olía, Tollar og tollgæzla 9, 10, 11, 12.
Berklavarnir.
1. Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu sendir Alþingi útdrátt úr fundargerð aðalfundar sýslunefndar Skagafjarðarsýslu, er í felast ályktanir fundarins um frv. til l. um breyt. á l. um berklavarnir, frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. um fasteignaskatt, frv. til l. um breyt. á l. um útsvör og frv. til l. um sveitarstjórnarkosningar, sem öll liggja fyrir þinginu. Bréf 12. apríl. (Db. 253).
2. Fundur sýslunefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu 11. maí skorar á Alþingi að lögfesta frv. til l. um breyt á l. nr. 60 1929, um varnir gegn berklaveiki, og frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 1921, um fasteignaskatt, sem liggur fyrir Alþingi. Bréf 21. ágúst. (Db. 286).
3. Fundur sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu 2. maí skorar á Alþingi að lögfesta frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1929, um varnir gegn berklaveiki, frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 1921, um fasteignaskatt, frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 1926, um útsvör o. fl. Bréf 26. ágúst. (Db. 289).
4. Aðalfundur sýslunefndar Dalasýslu 13. maí skorar á Alþingi að breyta berklavarnalögunum á þann veg, að afnumið verði berklavarnagjald sýslnanna. Ennfremur mótmælir fundurinn þeirri breytingu á sveitarstjórnarlögunum, að sýslunefndarmenn verði kosnir af hreppsnefndum, og loks mótmælir fundurinn því, að Dalasýsla verði sameinuð öðrum lögsagnarumdæmum. Bréf ódags. (Db. 372).
5. Landlæknir sendir fjvn. afrit af bréfi berklayfirlæknis landsins, dags. 24. sept., er í felst beiðni til landlæknis um að beita sér fyrir því, að keypt verði lækningaáhald það, er nefnt er thoracoscop, og fer landlæknir þess á leit við fjvn., að hún leggi til, að veittar verði í næsta árs fjárlögum 1600 kr. í þessu skyni. Bréf 9. okt. (Db. 375).
6. Sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu skorar á Alþingi að breyta berklavarnalögunum á þá leið, að afnumið verði berklavarnagjald sýslnanna, og ennfremur að beita sér fyrir því, að sýslusjóðunum verði séð fyrir álitlegum tekjustofnum umfram það, sem þeir hafa nú. Bréf 12. sept. (Db. 387).
7. Landlæknir sendir fjvn. afrit af bréfi berklayfirlæknis, dags. 30. okt., varðandi nauðsyn berklavarnastöðva í kaupstöðum landsins, og leggur til, að veittar verði úr ríkissjóði 30 þús. kr. til slíkra stöðva, gegn ⅔ hlutum annarstaðar frá. Bréf 30. okt. (Db. 502).

8. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu sendir Alþingi útdrátt úr sýslufundargerð sýslunefndar Norður-Þingeyjarsýslu 4. júní 1935, er í felst áskorun sýslunefndarinnar til Alþingis um að það létti af sýslusjóðnum kostnaði við berklavarnir, og ennfremur mótmæli sýslunefndarinnar gegn því fyrirkomulagi, að sýslunefndarmenn séu kosnir af hreppsnefndum, en ekki beint af kjósendum. Bréf 26. nóv. (Db. 709).

Bifreiðaeinkasala ríkisins. Forstjóri Bifreiðaeinkasölu ríkisins sendir fjvn. áætlun um brúttósölu, brúttóágóða, rekstrarkostnað og nettóágóða einkasölunnar árið 1936. Bréf 1. nóv. (Db. 525). Sjá ennfr. Launamál 16, Viðtækjaverzlun.

Bilstjóraverkfall, sjá Tollar og tollgæzla 10.

Bjarni Guðjónsson, sjá Myndlist 2.

Bjarni Jónsson, sjá Sauðfjársjúkdómar 1.

Bjarni Jósefsson efnafræðingur sækir um 3000 kr. utanfararstyrk. Bréf 4. marz. (Db. 104).

Bjarni M. Gíslason. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. bréf Bjarna M. Gíslasonar, dags. 21. sept., er í felst beiðni um 1500—2000 kr. styrk til þess að kynna Ísland erlendis. Bréf 18. okt. 2 fskj. (Db. 432).

Bjarni Sæmundsson, sjá Fiskirannsóknir.

Bjarni Þorsteinsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 5, 6.

Björgunarmál, sjá Landhelgisgæzla 1, 3, 4, 5, 10, 12, Tollar og tollgæzla 5.

Björn Eiríksson, sjá Skaðabætur 3.

Björn Haraldsson, sjá Jarðakaup ríkissjóðs 3.

Björn K. Þórólfsson, sjá Ritstyrkur 1.

Blindir menn. Blindravinafélag Íslands sendir fjvn. skrá um blinda menn, sem á þessu ári hafa fengið viðtæki að láni fyrir milligöngu fjvn. Bréf 16. nóv. (Db. 644).

Blóma- og trjárækt. Blóma- og trjáræktarfélag Ísfirðinga sækir um 1000 kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 3. marz. (Db. 214).

Blönduóskauptún.

1. Hannes Jónsson, þm. V.-Húnv., sendir Alþingi mótmæli Engihlíðarhrepps gegn sameiningu Blönduóskauptúns norðan Blöndu við Blönduóshrepp, dags. 6. nóv. Bréf 26. nóv. 1 fskj. (Db. 697).
2. Sameiningarnefnd Blönduóskauptúns skorar á Alþingi f. h. Blönduósbúa, að það samþykki lög um stækkun Blönduóshrepps. Bréf 15. okt. 6 fskj. (Db. 428).
3. Sama sendir Alþingi nokkrar leiðréttingar við erindi hreppsnefndar Engihlíðarhrepps, dags. 6. nóv., er í felast mótmæli hreppsnefndarinnar gegn sameiningu Blönduóskauptúns norðan Blöndu við Blönduóshrepp. Bréf 18. nóv. 1 fskj. (Db. 699).

Blönduósskóli, sjá Húsmæðrafræðsla 2.

Bogi A. J. Þórðarson, sjá Geysir í Ölfusi, Jarðakaup ríkissjóðs 4.

Bókasöfn.

1. Bókasafn Flateyjar á Breiðafirði sækir um 500 kr. styrk. Bréf 20. febr. (Db. 60).

2. Sigurgeir Friðriksson bókavörður sækir um allt að 10 þús. kr. fjárveitingu til Alþýðubókasafns Reykjavíkur. Bréf 20. marz. (Db. 306).
3. Bergur Jónsson, þm. Barð., sendir fjvn. umsókn stjórnenda bókasafns Bilddælinga um 600 kr. styrk í næsta árs fjárlögum. Bréf 19. okt. (Db. 419).
4. Sigurður Einarsson, 9. landsk. þm., sækir um 500 kr. styrk í næsta árs fjárlögum til bókasafnsins í Flatey og 500 kr. styrk til lestrarfélagsins á Bíldudal. Bréf 9. nóv. (Db. 581).
5. Stjórnarnefnd Amtsbókasafnsins á Akureyri sækir um 1000 kr. styrk í næsta árs fjárlögum. Bréf 26. nóv. (Db. 712).
6. Sjúklingar á Reykjahæli í Ölfusi sækja um 300 kr. styrk til bókakaupa. Bréf 6. des. (Db. 748).

Sjá ennfr. Fangahús 1., Lestrarfélag Patreksfjarðar.

Bókmenntafélagið. Forseti bókmenntafélagsins sækir um 4000 kr. styrk til útgáfu Íslendingaæfa. Bréf 12. jan. (Db. 19, VI).

Bóksalafélagið, sjá Prentsmiðjur 1.

Bragi Steingrímsson, sjá Dýralækningar 1.

Breiðafjarðarbátur, sjá Strandferðir 2, 15, 16.

Breiðamýri, sjá Íbúðarhús.

Brekknaheiði, sjá Vegamál 5, 6, 9.

Brimbrjóturinn í Bolungavík, sjá Hafnir og lendingarbætur 5, 17, 21, 28, 31.

Brunabótafélag Íslands, sjá Launamál 5, 27, Tryggingarmál 5, 6.

Brúargerðir.

1. Almennur sveitarfundur í Biskupstungnahreppi skorar á Alþingi að ákveða að veita fé til endurbyggingar brúar á Tungufljót. Bréf 14. febr. (Db. 105).
2. Nefnd, kosin til undirbúnings stofnunar mjólkurbús á svæðinu frá Hítará að Arnarstapa í Breiðuvík, skorar á Alþingi að hlutast til um, að Staðará í Staðarsveit verði brúuð á næsta sumri og vegurinn um Breiðuvík tekinn í þjóðvegatölu. Bréf 5. marz. (Db. 170).
3. Almennur bændafundur í Fljótshlíðarhreppi 19. marz skorar á Alþingi að ákveða að veita nægilegt fé til byggingar brúa á Torfastaðagróf og Kvoslækjará. Bréf ódags. (Db. 226).
4. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ., fer þess á leit við fjvn., að hún mæli með því, að í næsta árs fjárlögum verði veittar 7000 kr. til að byggja brú yfir Sauðanesós í Norður-Þingeyjarsýslu. Bréf 10. okt. (Db. 363).
5. Almennur sveitarfundur að Skeggjastöðum í Norður-Múlasýslu 2. nóv. skorar á Alþingi að veita í næsta árs fjárlögum fé til byggingar brúa á Bakkaá og Staðará og vegar um Brekknaheiði og Bakkafjörð. Bréf 2. nóv. (Db. 587).

Bryggjufélag útgerðarmanna á Stokkseyri, sjá Hafnir og lendingarbætur 1.

Bryggjugerðir, sjá Hafnir og lendingarbætur.

Brynjólfur Stefánsson, sjá Tryggingarmál 5, 6.

Búnaðarbanki Íslands. Atv.- og samgmrn. tilkynnir fjvn., að áætla megi, að vaxtatillag ríkissjóðs til Búnaðarbanka Íslands nemi í ár 130 þús.—150 þús.

kr. og næsta ár ekki minna en 100 þús. kr. Bréf 21. okt. (Db. 429). Sjá ennfremur Launamál 26.

Búnaðarfélag Íslands. Tillögur búnaðarmálastjóra um útgjöld Búnaðarfélags Íslands árið 1936. Bréf 15. jan. (Db. 19, LV).

Byrgi í Kelduhverfi, sjá Skógrækt 7.

Bændaflokkurinn, sjá Miðstjórn.

Bæjargjöld á Ísafirði.

1. 152 húseigendur í Ísafjarðarkaupstað mótmæla frv. til l. um bæjargjöld á Ísafirði o. fl. Bréf 13. marz. (Db. 178).
2. 36 húseigendur í Ísafjarðarkaupstað mótmæla frv. til l. um bæjargjöld á Ísafirði o. fl. Bréf 15. marz. (Db. 207).
3. Afgreiðslumenn Eimskipafélags Íslands, Sameinaða gufuskipafélagsins og Bergenska gufuskipafélagsins á Ísafirði mótmæla frv. til l. um bæjargjöld á Ísafirði o. fl., sem liggur fyrir þinginu. Bréf 30. marz. (Db. 239).

Bæjargjöld í Vestmannaeyjum. 241 borgari í Vestmannaeyjum mótmælir frv. til l. um breyt. á l. um bæjargjöld í Vestmannaeyjum, sem liggur fyrir þinginu. Undirskriftaskjal dags. 8. okt. (Db. 417).

Bæjarstjórn Akureyrar skorar á Alþingi að samþykkja þau fjárframlög og á-byrgðarheimildir, er bæjarstjórnin fór fram á við síðasta Alþingi, sem sé beiðni um styrk 1) til sundlaugar á Akureyri, 2) til skólabyggingar á Akureyri, 3) til síldarbræðsluverksmiðju á Akureyri, 4) til rannsókna á raforkumöguleikum á Akureyri, 5) beiðni um 500 þús. kr. ríkisábyrgð fyrir láni til spítalabyggingar á Akureyri. Bréf 26. febr. (Db. 115).

Bændaskólar.

1. Áætlun skólastjóra bændaskólans á Hólum um útgjöld skólans árið 1936, dags. 14. jan. (Db. 19, XLIV).
2. Áætlun skólastjóra bændaskólans á Hvanneyri um útgjöld skólans árið 1936, dags. 8. jan. (Db. 19, XLV).
3. Búnaðarmálastjóri sendir Alþingi áskorun búnaðarþings um að Alþingi samþykki frv. til l. um framhaldsnám við annanhvorn bændaskólann. Bréf 11. marz. (Db. 144).

Dagheimili.

1. Barnavinafélagið Sumargjöf sækir um 3000 króna rekstrarstyrk til dagheimilis félagsins í Grænuborg. Bréf 8. marz. 2 fskj. (Db. 132).
2. Erindi frá sama, sama efnis. Bréf 19. nóv. (Db. 675).

Dagsbrún, verkamannafélagið, sjá Tryggingarmál 1.

Dalvík, sjá Hafnir og lendingarbætur 20.

Daufdumbraskólinn.

1. Tillögur forstöðumanns daufdumbraskólans í Reykjavík um fjárveitingar til skólans árið 1936, dags. 15. jan. (Db. 19, XLVIII).
2. Fræðslumálastjóri sendir fjvn. tillögur sínar til fjárveitinga til kennslu heyrnar- og málleysingja o. fl. Bréf 19. okt. 2 fskj. (Db. 434).

Davíð Jónsson, sjá Húsmæðrafræðsla 5.

Djúpbátur, sjá Strandferðir 8, 9.

Dómkirkjan í Reykjavík, sjá Kirkjumál 4.

Dragnótaveiðar í landhelgi.

1. 29 fiskimenn við Eyjafjörð skora á Alþingi að ákveða að veita undanþágu frá l. nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, þannig að veiða megi kola í Eyjafirði frá 15. júní til 1. des. árlega. Bréf 10. marz. (Db. 185).
2. 36 sjómenn í Ólafsvík skora á Alþingi að breyta l. um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi á þá leið, að bönnuð sé veiði á svæðinu frá Rifi að Búlandshöfða öllum bátum nema opnum vélbátum, sem hafa fast aðsetur í næstu veiðistöð. Bréf 29. marz. (Db. 232).
3. Almennur sveitarfundur á Þingeyri 26. október mótmælir frv. til l. um afnám laga nr. 55 7. maí 1928, um dragnótaveiði í landhelgi. Símsk. 29. okt. (Db. 493).
4. Almennur borgarafundur á Flateyri 1. nóv. skorar á Alþingi að afnema úr lögum heimild einstakra héraða til að banna dragnótaveiðar í fjörðum og flóum. Símsk. 2. nóv. (Db. 528).
5. Aðalfundur verklýðsfélagsins Hvatar á Hvammstanga skorar á Alþingi að fella frv. til l. um breyt. á l. um dragnótaveiði í landhelgi. Bréf 4. nóv. (Db. 574).
6. Almennur borgarafundur á Flateyri 1. nóv. skorar á Alþingi að afnema nú þegar heimild einstakra héraða til að banna dragnótaveiði í fjörðum og flóum. Bréf 2. nóv. (Db. 586.
7. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ., sendir Alþingi útdrátt úr aðalfundargerð fiskifélagsdeildar Þórshafnar, er í felast mótmæli fundarins gegn frv. til l. um breyt. á gildandi l. um dragnótaveiði í landhelgi. Bréf 14. nóv. (Db. 602).
8. Hreppsnefnd Kirkjuhvammshrepps í Vestur-Húnavatnssýslu mótmælir frv. til l. um breyt. á gildandi l. um dragnótaveiði í landhelgi. Símsk. 16. nóv. (Db. 624).

Sjá ennfr. Tekjustofnar sveitar- og bæjarfélaga 1.

Drangey, póstbátur, sjá Strandferðir 6, 7.

Drykkjumannahæli.

1. Barnaverndarráð Íslands sendir allshn. Ed. umsögn sína um till. til þál. um drykkjumannahæli. Bréf 5. nóv. 1 fskj. (Db. 575).
2. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. erindi ráðunauts ríkisstjórnarinnar í áfengismálum, dags. 8. nóv., varðandi stofnun drykkjumannahælis. Bréf 5. des. 1 fskj. (Db. 746).

Dyrhólahreppur, sjá Skaðabætur 2.

Dýrafjarðarþing, sjá Kirkjumál 2.

Dýralækningar.

1. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi Braga Steingrímssonar dýralæknis, dags. 19. febr., er í felst beiðni um a. m. k. 2500 kr. árlegan styrk honum til handa til þess að geta stundað dýralækningar í Reykjavík og nágrenni hennar. Bréf 13. marz. (Db. 160).
2. Sama sendir landbn. Nd. til umsagnar bréf Ásgeirs Ó. Einarssonar dýra-

læknis, dags. 18. sept., er í felast tillögur hans um meðferð fjárkláða á Austurlandi. Bréf 5. okt. (Db. 314).

3. Sama sendir landbn. Nd. til umsagnar bréf Ásgeirs Ó. Einarssonar dýralæknis, dags. 18. sept., er í felst beiðni um, að ríkið leggi honum til hluta af einhverri ríkisjörð á Héraði. Bréf 5. okt. (Db. 315).
4. Sama sendir fjvn. bréf frá Ásgeiri Ó. Einarssyni dýralækni, dags. 19. sept., er í felst beiðni um 1000 kr. styrk í næsta árs fjárlögum til rannsókna á ormaveiki í sauðfé. Bréf 5. okt. (Db. 327).
5. Landlæknir fer þess á leit við fjvn., að hún leggi til, að tekinn verði upp í næsta árs fjárlagafrv. 1500 kr. styrkur til kandidats í læknisfræði til náms í dýralæknavísindum erlendis. Bréf 22. okt. (Db. 437).
6. Sýslunefnd Árnessýslu skorar á Alþingi að ákveða að veita styrk til dýralæknisbústaðar við Ölfusá. (Db. 461).

Dýraverndunarfélag Íslands, sjá Eyðing svartbaks 2.

E*fnarannsóknarstofa ríkisins.* Tillögur forstöðumanns efnarannsóknarstofu ríkins um útgjöld stofnunarinnar árið 1936, dags. 14. jan. (Db. 19, LIX).

Eftirgjöf á láni.

1. Hreppsnefnd Saurbæjarhrepps í Dalasýslu sækir um eftirgjöf á viðlagasjóðsláni, að upphæð kr. 2142.00. Bréf 12. febr. (Db. 56).
2. Fjmrn. sendir fjvn. bréf atv.- og samgmrn., dags. 29. marz, varðandi eftirgjöf á hluta af láni, er Grunnavíkurhreppur fékk árið 1919 úr ríkissjóði. Bréf 2. apríl. (Db. 235).
3. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. bréf Búnaðarbanka Íslands, dags. 18. okt., ásamt bréfi sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 2. okt., varðandi eftirstöðvar af viðlagasjóðsláni Árnessýslu vegna svonefndrar Miklavatnsmýraráveitu. Bréf 2. nóv. (Db. 536).

Eftirlaun og styrktarfé.

1. Atv.- og samgmrn. tjáir fjvn., að það hafi lagt svo fyrir, að Búnaðarbankinn skuli fyrst um sinn greiða frú Önnu Klemensdóttur árleg eftirlaun, er nemi 25% af launum manns hennar, auk dýrtíðaruppbótar, og ennfremur, að bankinn skuli greiða ekkju Þorsteins Sigurgeirssonar féhirðis 2000 kr. á ári. Bréf 1. nóv. (Db. 535).
2. Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M., og Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ., sækja um eftirlaun til handa Árna Sigbjörnssyni fyrrv. pósti. Bréf 22. nóv. (Db. 667).
3. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf., fer þess á leit við Alþingi, að það ákveði að veita Ástríði Jónsdóttur fyrrv. yfirsetukonu 300 kr. árleg eftirlaun. Bréf 20. okt. (Db. 554).
4. Biskupinn gerir tillögur um viðbótareftirlaun til nokkurra presta og prestsekkna. Bréf 24. nóv. (Db. 681).
5. Bjarni Þorsteinsson fyrrv. prestur sækir um hækkun á eftirlaunum sínum. Bréf 3. des. (Db. 735).
6. Bernharð Stefánsson og Einar Árnason, þm. Eyf., fara þess á leit við fjvn., að hún leggi til, að tekinn verði upp í 18. gr. fjárlaganna 2400 kr.

styrkur til séra Bjarna Þorsteinssonar í viðurkenningarskyni fyrir störf hans í þágu íslenzkrar sönglistar. Bréf 28. okt. (Db. 485).

7. Einar Markússon ríkisbókari sækir um eftirlaun við burtför sína úr ríkisbókaraembættinu. Bréf 7. okt. (Db. 337).
8. Elín Guðbjörg Guðmundsdóttir prestsekkja sækir um hækkun á eftirlaunum sínum upp í 600 kr. á ári. Bréf 28. okt. (Db. 483).
9. Guðfinna Jónsdóttir prestsekkja sækir um hækkun á eftirlaunum sínum. Bréf 10. sept. (Db. 318).
10. Guðjón L. Jónsson, hafnsögumaður á Ísafirði, sækir um eftirlaun. Bréf 9. okt. (Db. 376).
11. Guðrún Lárusdóttir, 5. landsk. þm., sækir fyrir hönd Guðrúnar Björnsdóttur prestsekkju um hækkun á eftirlaunum hennar. Bréf 20. nóv. (Db. 670).
12. Guðrún H. Cýrusdóttir, fyrrv. ljósmóðir, sækir um eftirlaun. Bréf 22. okt. (Db. 455).
13. Harriet Jónsson sækir um hækkun á eftirlaunum sínum. Bréf 16. jan. (Db. 19, VII).
14. Bergur Jónsson, þm. Barð., sendir fjvn. umsókn Helgu Þórðardóttur, fyrrv. ljósmóður, um 600 kr. árlegan styrk í viðurkenningarskyni fyrir 40 ára ljósmóðurstörf. Bréf 18. okt. (Db. 413).
15. Dóms- og kirkjumrn. tjáir fjvn., að Helgi Árnason, dyravörður Landsbókasafnshússins, hafi fengið lausn frá starfi sínu, og mælir með því, að honum verði veitt eftirlaun. Bréf 26. febr. (Db. 79).
16. Sama sendir fjvn. til athugunar bréf fyrrv. dyravarðar við Landsbókasafnshúsið, Helga Árnasonar, dags. 24. sept., er í felst beiðni um 1200 kr. eftirlaun. Bréf 10. okt. (Db. 358).
17. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við frv. til fjárlaga árið 1936 tillögu um að ætla Helga Árnasyni safnahúsverði 1800 kr. í 18. gr. fjárlaganna. Bréf 3. marz. (Db. 813).
18. Helgi Péturss dr. phil. sækir um hækkun á styrk sínum upp í 12 þús. kr. Bréf 14. nóv. 2 fskj. (Db. 612).
19. Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu sendir Alþingi bréf Ingibjargar Jósefsdóttur yfirsetukonu, dags. 25. ágúst, er í felst umsókn um eftirlaun henni til handa. Bréf 23. okt. (Db. 469).
20. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf., sendir fjvn. meðmæli sín með umsókn Ingibjargar Jósefsdóttur yfirsetukonu um eftirlaun henni til handa. Bréf 1. nóv. (Db. 519).
21. Ingivaldur Nikulásson sækir um hækkun á eftirlaunum sínum. Bréf 15. febr. (Db. 66).
22. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. ódags. erindi Jóhannesar Þórðarsonar, fyrrv. pósts, þar sem hann fer þess á leit, að eftirlaun sín verði hækkuð um kr. 200 á ári. Bréf 22. marz. (Db. 814).
23. Jón Lárus Hansson sækir um árlegan lífeyri. Bréf 16. des. 1 fskj. (Db. 792).

24. Jón Stefánsson málari sækir um 3600 króna árlegan styrk. Bréf 21. nóv. (Db. 672).
25. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. afrit af bréfi vitamálastjóra, dags. 18. febr., er í felst beiðni f. h. Jónatans Jónssonar vitavarðar um lausn frá starfi hans og 500 kr. viðbótarlífeyri honum til handa. Bréf 23. febr. (Db. 72).
26. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., sendir fjvn. erindi Jónatans Jónssonar fyrrv. vitavarðar, dags. 23. okt., er í felst umsókn um eftirlaun honum til handa. Bréf 25. okt. (Db. 460).
27. Klásína Eiríksdóttir fyrrv. ljósmóðir sækir um eftirlaun. Bréf 25. okt. (Db. 505).
28. Fjmrn. spyrst fyrir um það hjá fjvn., hvernig á því standi, að eftirlaun og lífeyrir Kofoed-Hansens, fyrrv. skógræktarstjóra, nema meiru en hann hefði fengið í laun, ef hann hefði setið í embætti. Bréf 29. marz. (Db. 223).
29. Sama tjáir fjvn., að nauðsyn muni bera til að breyta orðalagi 18. gr. l. 74. í fjárlögum fyrir árið 1935, vegna þess að þar eru ekki rétt talin eftirlaun Kofoed-Hansens, fyrrv. skógræktarstjóra. Bréf 16. apríl (Db. 252).
30. Kofoed-Hansen fyrrv. skógræktarstjóri sækir um, að sú breyting verði gerð á eftirlaunagreiðslu til sín, að sér verði í eitt skipti fyrir öll greiddar kr. 6200.00. Bréf 8. nóv. (Db. 666).
31. Búnaðarmálastjóri fer þess á leit við fjvn. f. h. Búnaðarfélags Íslands, að hún taki upp í tillögur sínar við næsta árs fjárlagafrv. ríflegan lífeyri til Kristínar Guðmundsdóttur, ekkju Einars Helgasonar garðyrkjustjóra. Bréf 14. nóv. (Db. 613).
32. Búnaðarsamband Kjalarnesþings skorar á fjvn. að beita sér fyrir því, að Kristínu Guðmundsdóttur, ekkju Einars Helgasonar garðyrkjustjóra, verði veitt sem ríflegust eftirlaun. Bréf 25. nóv. (Db. 691).
33. Kristján Kristjánsson, símaverkstjóri á Akureyri, sækir um eftirlaun. Bréf 13. nóv. 1 fskj. (Db. 633).
34. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ., fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við næsta árs fjárlagafrv. 300 kr. styrk til Margrétar Vigfúsdóttur, ekkju Jóhanns Baldvinssonar, fyrrv. vitavarðar á Rifi á Melrakkasléttu. Bréf 29. okt. (Db. 491).
35. Landlæknir mælir með því, að hækkuð verði eftirlaun Mörthu Þorvaldsson læknisekkju. Bréf 18. jan. 1 fskj. (Db. 19, IX).
36. Matthías Eggertsson, sóknarprestur í Grímsey, sækir um að fá að halda launum sínum óskertum, þegar hann lætur af embætti. Bréf 4. marz. (Db. 184).
37. Jón Baldvinsson, 4. landsk. þm., sendir fjvn. erindi Odds Valentínussonar, hafnsögumanns í Stykkishólmi, um 800—1000 kr. styrk á ári honum til handa. Bréf 2. nóv. (Db. 545).
38. Ólafur Ólafsson prestur sækir um hækkun á eftirlaunum sínum. Bréf ódags. (Db. 74).
39. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. erindi landlæknis, dags. 2. nóv., varð-

andi eftirlaun til handa Ólínu Sigurðardóttur ljósmóður. Bréf 20. nóv. 1 fskj. (Db. 653).

40. Pétur Á. Jónsson óperusöngvari sækir um að fá að halda styrk þeim, sem honum var veittur í fjárlögum fyrir árið 1935. Bréf 25. febr. (Db. 78).
41. Bergur Jónsson, þm. Barð., sendir fjvn. umsókn Reinalds Kristjánssonar, fyrrv. pósts, um 300 kr. árleg eftirlaun. Bréf 18. okt. (Db. 406).
42. Sigrún H. Bjarnason sækir um hækkun á eftirlaunum sínum. Bréf 4. nóv. (Db. 539).
43. Fjmrn. sendir fjvn. upplýsingar um eftirlaun Sigurðar Thoroddsens yfirkennara. Bréf 12. des. (Db. 772).
44. 7 nafngreindir menn í Reykjavík fara þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við fjárlagafrv. 3000 kr. lífeyri handa Þórarni Jónssyni tónskáldi í Berlín. Bréf 11. marz. (Db. 152).
45. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. erindi Þórðar Jenssonar, fyrrv. aðstoðarmanns í stjórnarráðinu, dags. 29. ágúst, er í felst beiðni um viðbót við eftirlaun hans. Bréf 18. sept. 1 fskj. (Db. 300).
46. Þórunn Magnúsdóttir ljósmóðir, Keiksbakka á Skógarströnd, sækir um 500 kr. árleg eftirlaun. Bréf 3. okt. 1 fskj. (Db. 316).
47. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. bréf Þorvaldar Pálssonar, fyrrv. héraðslæknis, dags. 6. des., varðandi eftirlaun honum til handa. Bréf 18. des. (Db. 800).

Egill Árnason, sjá Hrafntinna.

Egill Thorarensen, sjá Sandgræðsla 2, 3.

Eiðaskóli. Tillögur skólastjóra alþýðuskólans á Eiðum um fjárveitingar til skólans árið 1936, dags. 12. jan. (Db. 19, XLIX).

Eignarnám.

1. Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetinn í Hafnarfirði sendir landbn. Nd. álit sýslunefndar Gullbringu- og Kjósarsýslu um frv. til l. um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar. Bréf 15. apríl. 2 fskj. (Db. 251).
2. Hreppsnefnd Garðahrepps í Gullbringusýslu sendir landbn. Nd. mótmæli sín gegn frv. til l. um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar. Bréf 25. júní (Db. 271).

Sjá ennfr. Klakstöðvar.

Eimskipafélag Íslands. Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps skorar á fjvn. og Alþingi að samþykkja ekki lækkun á styrk til Eimskipafélags Íslands h/f. Símsk. 6. des. (Db. 755). Sjá ennfr. Siglingar 1.

Einar Arnórsson, sjá Launamál 2.

Einar M. Jónasson.

1. Einar M. Jónasson fyrrv. sýslumaður leitar ásjár allsherjarnefndar út af veðrétti í fasteign o. fl. Bréf 20. febr. 7 fskj. (Db. 10).

2. Sami fer þess á leit, að fjárhagsnefndir rétti hluta sinn í ágreiningsmáli milli hans og skiptaráðandans í Barðastrandarsýslu um fjárkröfu, er Einar M. Jónasson telur sig eiga samkv. samningi við Hannes B. Stephensen, en skiptaráðandi hafi að engu haft. Bréf 21. febr. (Db. 45).
3. Sami sendir allsherjarnefndum ýms skjöl varðandi málameðferð út af embættisrekstri hans í Barðastrandarsýslu. Bréf 1. marz. (Db. 99).
4. Sami leitar ásjár allshn. Ed. út af málameðferð viðvíkjandi embættisrekstri hans í Barðastrandarsýslu og beiðist þess, að nefndin samþykki, að honum verði greidd úr ríkissjóði embættislaun fyrir des. 1927 og jan. 1928. Bréf 10. okt. 3 fskj. (Db. 353).
5. Sami sendir Alþingi erindi, dags. 14. okt., út af viðskiptum sínum og ríkissjóðs, og leitar ásjár Alþingis í því efni. Bréf 15. okt. (Db. 382).
6. Sami krefst þess, að Alþingi veiti sér fulla kvittun fyrir öllum reikningsskilum í sambandi við embættisfærslu hans í Barðastrandarsýslu. Bréf 18. okt. (Db. 410).
7. Sami skrifar Alþingi út af málameðferð viðvíkjandi embættisfærslu hans í Barðastrandarsýslu. Bréf 24. okt. (Db. 454).
8. Sami leitar ásjár fjvn. út af málameðferð varðandi embættisfærslu hans í Barðastrandarsýslu. Bréf 25. okt. 2 fskj. (Db. 687).
9. Dóms- og kirkjumrn. sendir allsherjarnefndum skýrslu Björns E. Árnasonar endurskoðanda um viðskipti Einars M. Jónassonar við ríkissjóð. Bréf 25. okt. 11 fskj. (Db. 476).
10. Fjmrn. sendir allshn. Ed. bréf Einars M. Jónssonar til ráðuneytisins, dags. 21. okt., ásamt greinargerð, er fylgdi því bréfi, og umsögn Björns E. Árnasonar endurskoðanda, dags. 31. okt. Bréf 1. nóv. (Db. 527).

Einar Markan sækir um 3000 kr. styrk til að halda söngskemmtanir á Norðurlöndum. Bréf 14. okt. 1 fskj. (Db. 373).

Einar Markússon, sjá Eftirlaun og styrktarfé 7.

Einkaleyfi, sjá Hrafntinna, Hvalveiðar, Iðnaðarmál 10.

Einkasölur.

1. Verzlunarráð Íslands sendir Alþingi áskorun verzlunarþings í Reykjavík 10.—13. nóv. til Alþingis um að það felli einkasölufrv., er fyrir þinginu liggja, og afnemi jafnframt gildandi lög um einkasölur. Bréf 20. nóv. (Db. 660).
2. Jón Leifs tónskáld sendir Alþingi afrit af bréfum sínum til útvarpsráðsins og kennslumálaráðherra um að hann telji nauðsynlegt að setja á stofn ríkiseinkasölu á grammófónplötum, með tilmælum um, að Alþingi beiti sér fyrir því, að komið verði á slíkri einkasölu og viðtækjaverzluninni falið að annast hana. Bréf 25. sept. (Db. 303).

Sjá ennfr. Fóðurmjöl og fóðurbætir.

Elín Guðbjörg Guðmundsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 8.

Elín Sigurðardóttir, sjá Sjúkrastyrkur 11.

Elliheimili. Kvenfélagið Kvik á Seyðisfirði sækir um 1000 kr. styrk til starfrækslu elliheimilisins Hafnar s. st. Bréf 18. febr. (Db. 156).

Emil Thoroddsen, sjá Sjúkrastyrkur og styrktarstarfsemi 14.

Erfðafesta. Atv.- og samgmrn. óskar umsagnar landbn. Nd. um bréf Búnaðarfélags Íslands, dags. 8. nóv., varðandi staðfestingu á erfðaleigusamningum nokkurra manna, sem óskað hafa eftir erfðaleigu á ræktunarlóðum í landi jarðarinnar Áss við Hafnarfjörð. Bréf 15. nóv. 1 fskj. (Db. 626).

Erfðafé. Garðar Þorsteinsson, 8. landsk. þm., leitar ásjár fjvn. út af greiðslu á erfðafé eftir Ingibjörgu Guðjónsdóttur, er andaðist í Kaupmannahöfn árið 1920, en réttur erfingi er Gústaf Ágústsson stúdent frá Hrísey. Bréf 28. marz. (Db. 241).

Eyðing svartbaks.

1. Fundur bænda í Flateyjarhreppi 19. okt. sendir Alþingi meðmæli sín með frv. til l. um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu). Bréf ódags. (Db. 497).
2. Dýraverndunarfélag Íslands mótmælir frv. til l. um eyðingu svartbaks. Bréf 9. nóv. 1 fskj. (Db. 588).

Sjá ennfr. Barnakennarar 5.

Eyjólfur Guðmundsson, sjá Sandgræðsla 1.

Fagranes m/s, sjá Strandferðir 1, 5.

Fangahús.

1. Dómsmrn. sendi fjvn. upplýsingar um, hvað greitt hafi verið á árinu 1934 vegna hegningarhússins í Reykjavík, endurskoðunar réttarfarslöggjafarinnar, barnaverndar og bókasafna prestakalla. Bréf 7. okt. (Db. 340).
2. Fjmrn. sendir fjvn. reikning hegningarhússins í Reykjavík árið 1934. Ódags. (Db. 364).
3. Lögreglustjórinn í Reykjavík sendir fjvn. afrit af reikningi um kostnað við hegningarhúsið í Reykjavík árið 1934. 4 fskj. (Db. 379).

Sjá ennfr. Lögreglustjórinn í Reykjavík 2.

Fasteignamat. Fjmrn. sendir fjhn. Nd. til umsagnar erindi félags fasteignaeigenda á Eskifirði, dags. 12. apríl 1934, er í felst beiðni um, að fram fari endurmat á nokkrum tilteknum fasteignum á Eskifirði. Bréf 18. febr. 2 fskj. (Db. 33). Sjá ennfr. Landbúnaðarmál 3.

Fasteignaskattur, sjá Berklavarnir 1, 2, 3, Skattamál 2.

Fasteignaveðslán, sjá Landbúnaðarmál 1, 3.

Fátækramál, sjá Framfærsla þurfamanna.

Fávitar.

1. Jón Einarsson, bóndi í Rauðhúsum í Eyjafirði, sækir um styrk til framfærslu sonar síns, sem er fáviti. Bréf 10. okt. 2 fskj. (Db. 559).
2. Sesselja H. Sigmundsdóttir sækir um 5000 kr. styrk til fávitahælisins að Hverakoti í Grímsnesi. Bréf 8. nóv. (Db. 596).
3. Sigurberg Einarsson og Guðrún Gamalielsdóttir sækja um 1000 kr. styrk til framfærslu dóttur sinnar, Ólínu Sóleyjar, sem er fáviti. Bréf 14. marz. 2 fskj. (Db. 191).

Félag íslenzkra hjúkrunarkvenna, sjá Sjúkrastyrkur og styrktarstarfsemi 13.

Félag prentsmiðjueigenda, sjá Alþingistíðindi 1, Prentsmiðjur 2.

Félag styrkþega í Reykjavík, sjá Framfærsla þurfamanna 2, 3.
Félag tónlistar Jóns Leifs, sjá Jón Leifs 1.
Félag ungra jafnaðarmanna, sjá Atvinnubætur 3.
Ferðafélag Íslands sækir um 1000 kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 23. okt. (Db. 462).
Ferðaskrifstofa ríkisins. Fundur í bifreiðastjórafélaginu Hreyfli 26. nóv. skorar á Alþingi að samþykkja frv. til laga um Ferðaskrifstofu ríkisins. Bréf 26. nóv. (Db. 703).
Ferjur. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við fjárlagafrv. fyrir árið 1936 250 kr. fjárveitingu til ferju á Hvítá í Auðsholti í Biskupstungum. Bréf 31. okt. (Db. 511).
Fiskbein, sjá Fiskiveiðar 3, Útflutningsgjald af sjávarafurðum 3.
Fiskideild Vestfjarða, sjá Fiskiveiðar 1.
Fiskifélag Íslands.
1. Tillögur forseta Fiskifélags Íslands um fjárveitingar til félagsins árið 1936, dags. 15. jan. (Db. 19, LXIII).
2. Fiskifélag Íslands sendir áskorun fjórðungsþings fiskideildar Norðlendingafjórðungs 23.—25. nóv. til Alþingis um, að það ákveði að veita Fiskifélagi Íslands svo ríflegan fjárstyrk, að félagið geti framvegis veitt hverjum landsfjórðungi jafnháan styrk og undanfarin ár. Bréf 4. des. (Db. 742).

Fiskimat.
1. Finnur Jónsson, þm. Ísaf., fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við fjárl.frv. 2000 kr. styrk til útbýtingar milli fyrrv. fiskimatsmanna, sem stundað hafa starf sitt í 25 ár eða lengur. Bréf 17. marz. (Db. 177).
2. Atv.- og samgmrn. sendir sjútvn. Nd. til athugunar bréf fiskimatsstjóra, dags. 22. þ. m., ásamt frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 8. sept. 1931, um fiskimat. Bréf 26. okt. (Db. 477).

Fiskimálanefnd, sjá Launamál 28.
Fiskimálastjóri. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. bréf fiskimálastjóra, dags. 25. sept., er í felst greinargerð fyrir starfi hans og beiðni um, að honum verði lagður til skrifstofukostnaður. Bréf 7. okt. (Db. 338).
Fiskirannsóknir. Bjarni Sæmundsson sækir um 1000 kr. styrk til að standast útgjöld við fiskirannsóknir sínar. Bréf 17. jan. (Db. 19, LIV).
Fiskirækt. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. bréf Búnaðarfélags Íslands, dags. 5. okt., ásamt skýrslu um greiðslur vegna fiskiræktar til 1. okt. þ. á. og upplýsingum um styrk úr ríkissjóði til mjólkurbúa. Bréf 9. okt. (Db. 349).
Fiskiveiðar.
1. Fundargerð fjórðungsþings fiskideilda Vestfjarða 7.—9. okt. (Db. 467).
2. 16 menn í Breiðafjarðareyjum skora á Alþingi að banna með lögum bátum, sem eru meira en 6 rúmlestir að stærð, að leggja flyðrulóðir innan ákveðinnar línu frá Oddbjarnarskeri að Höskuldsey. Undirskriftaskjal ódags. (Db. 498).

3. 18 fulltrúar útgerðarmanna af Suðurnesjum, frá Reykjavík, Akranesi og víðar senda Alþingi áskoranir um, að afnumið verði tillag útgerðarmanna til markaðsleitar- og verðjöfnunarsjóðs, og ennfremur, að útflutningsgjald af fiski verði afnumið, en lækkað af fiskbeinum, að hafnargjöld á Siglufirði verði ekki hækkuð, o. fl. Bréf ódags. 1 fskj. (Db. 538).
4. 20 menn við Breiðafjörð skora á Alþingi að banna með lögum bátum, sem eru meira en 6 rúmlestir að stærð, að leggja flyðrulóðir innan ákveðinnar línu frá Oddbjarnarskeri að Höskuldsey. Undirskriftaskjal dags. 21. sept. (Db. 614).
5. Sameiginlegur fundur fiskideildarinnar Neptunus og útgerðarmanna og sjómanna í Neskaupstað skorar á Alþingi að hlutast til um, að þegar verði afnumið verðjöfnunarsjóðs- og markaðsleitarsjóðsgjald af saltfiski. (Db. 616).

Fiskiveiðar Norðmanna, sjá Útflutningur á fiski.

Fjárkláði, sjá Dýralækningar 2, Rannsóknir í þarfir atvinnuveganna.

Flaga í Skaftártungu, sjá Skaðabætur 1.

Fleurus e/s, sjá Skipakaup ríkisins.

Flock, Erling W., sjá Skipakaup ríkisins.

Flóabátar, sjá Strandferðir.

Flugnám, sjá Skaðabætur 3.

Flyðrulóðir, sjá Fiskiveiðar 2, 4.

Formenn, sjá Bátaformenn.

Fornminjar. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. afrit af 2 bréfum þjóðminjavarðar, dags. 8. jan. og 26. febr., varðandi þátttöku norrænna fornfræðinga í rannsóknum á fornum íslenzkum bæjarleifum og aukna fjárveitingu í sambandi við það mál. Bréf 23. marz. (Db. 209).

Fóðurmjöl og fóðurbætir. Búnaðarmálastjóri sendir Alþingi tillögur og álit búnaðarþings varðandi einkasölu ríkisins á fóðurmjöli og fóðurbæti. Bréf 11. marz. (Db. 146).

Fóðurrannsóknir. Búnaðarmálastjóri sendir Alþingi áskorun búnaðarþings um að Alþingi hlutist til um, að rannsakað verði fóðurgildi innlendra fóðurefna. Bréf 9. marz. (Db. 140).

Framfærsla þurfamanna.

1. Sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu skorar á Alþingi að breyta fátækralöggjöfinni eftir tillögum hennar. Bréf 26. ágúst. (Db. 291).
2. Félag styrkþega í Reykjavík sækir um a. m. k. 1000 kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 26. okt. (Db. 484).
3. Sama gerir kröfu til Alþingis um, að ákveðnir styrkir séu óafturkræfir, um að styrkþurfi eigi framfærslurétt á dvalarstað, um lágmark styrkupphæðar o. fl. Bréf 30. okt. (Db. 499).
4. Verkamannafélagið Dagsbrún sendir Alþingi tillögur sínar varðandi fátækramál, atvinnubætur, tryggingarmál o. fl. Bréf 29. okt. (Db. 517).
5. Verkalýðsfélag Bolungavíkur skorar á Alþingi að samþykkja frv. til framfærslulaga, frv. til laga um alþýðutryggingar, frv. til laga um ríkis-

framfærslu sjúkra manna og örkumla og frv. til laga um ríkisútgáfu skólabóka, sem liggja öll fyrir þinginu. Bréf 17. nóv. (Db. 685).

Framsagnarlist, sjá Námsstyrkur 10, 11, 12, 13, 14.

Friðjón Á. Jóhannsson, sjá Örkumla menn 1.

Frystihús.

1. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi Sigurðar Steinþórssonar og Sigurðar Ágústssonar, dags. 4. nóv. 1934, er í felst beiðni f. h. samvinnufélagsins Frystihússins í Gröf um, að úr ríkissjóði verði greiddur ¼ hluti kostnaðar við byggingu frystihúss félagsins á landi jarðarinnar Grundar í Grundarfirði. Bréf 17. okt. 8 fskj. (Db. 416).
2. Kaupfélag Flateyjar sækir um styrk til frystihússbyggingar í Flatey, allt að ⅓ kostnaðar. Bréf 27. nóv. (Db. 707).

Sjá ennfr. Síld 3.

Fræðafélagið. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. erindi Hins ísl. fræðafélags í Kaupmannahöfn, dags. 18. febr., varðandi útgáfu Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Bréf 18. marz. (Db. 188).

Fræðslumál.

1. Tillögur fræðslumálastjóra um fjárveitingar til almennrar barnafræðslu árið 1936, dags. 17. jan. (Db. 19, XL)
2. Fræðslunefnd Skarðsfræðsluhéraðs í Dalasýslu sendir menntmn. Nd. athugasemdir sínar við frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 15. júní 1926, um fræðslu barna, sem liggur fyrir þinginu. Bréf ódags. (Db. 243).
3. Fræðslumálastjóri sendir fjvn. áætlun um kostnað vegna fræðslumálanna. Bréf 14. okt. (Db. 378).
4. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ., sendir Alþingi meðmæli kennarafélags Norður-Þingeyinga með frv. því til fræðslulaga, sem milliþinganefnd í fræðslumálum hefir samið, og ennfremur meðmæli félagsins með tillögum minni hluta milliþinganefndar í launamálum. Bréf 14. nóv. (Db. 603).
5. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. bréf fræðslumálastjóra, dags. 13. nóv., varðandi styrk til unglingaskóla í fjárlögum fyrir árið 1936. Bréf 19. nóv. (Db. 651).
6. Fræðslumálastjóri sendir fjvn. umsögn sína um tillögur hennar varðandi barnafræðsluna í landinu. Bréf 23. nóv. (Db. 674).
7. Samband íslenzkra barnakennara sækir um hækkun á styrk til útgáfu tímaritsins Menntamála upp í 2000 kr. Bréf 12. nóv. (Db. 689).
8. Fræðslumálastjóri sendir menntmn. Ed. umsögn sína um frv. til l. um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum. Bréf 26. nóv. (Db. 700).
9. Sami ritar fjvn. um möguleika á því, að draga úr kostnaði ríkissjóðs við skólahald. Bréf 31. okt. (Db. 810).

Sjá ennfr. Ríkisútgáfa skólabóka, Skólakvikmyndir, Sumarferðalög skólabarna.

Frönsk-íslenzk orðabók. Páll Sveinsson menntaskólakennari sækir um styrk til útgáfu frakknesk-íslenzkrar orðabókar. Bréf 14. jan. (Db. 19, LIII).

Fyrirlestrahald. Kirkjuráðið sendir fjvn. meðmæli sín með umsókn Péturs Sigurðssonar um styrk til fyrirlestrahalds. Bréf 31. okt. (Db. 514).
Fyrning skulda, sjá Verzlunarskuldir.

Gagnfræðaskóli í Vestmannaeyjum. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., sækir um 20 þús. kr. styrk til byggingar gagnfræðaskóla í Vestmannaeyjum. Bréf 11. marz. 1 fskj. (Db. 150).
Garðávextir. Fundur sýslunefndar Suður-Múlasýslu 29. marz skorar á Alþingi að hlutast til um, að komið verði upp geymslu fyrir garðávexti og að flutningskostnaður á þeirri vöru lækki að miklum mun. Bréf 8. apríl. (Db. 248). Sjá og Grænmeti.
Garðyrkjufélagið. Hið íslenzka garðyrkjufélag sækir um allt að 5000 kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 15. nóv. 1 fskj. (Db. 630).
Geir Gígja, sjá Skordýrarannsóknir.
Gerðavör, sjá Hafnir og lendingarbætur 11.
Geysir í Haukadal. 12 menn og konur í Reykjavík skora á Alþingi að sýna þeim Jóni Jónssyni frá Laug, Guðmundi Gíslasyni lækni og Trausta Einarssyni stjörnufræðingi viðurkenningu fyrir það, að þeim tókst að vekja Geysi í Haukadal aftur til lífs. Bréf ódags. (Db. 405). Sjá ennfr. Lánbeiðnir 3.
Geysir í Ölfusi. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. bréf Boga A. J. Þórðarsonar, dags. 22. okt., er í felst sölutilboð á Geysi í Ölfusi til handa ríkinu. Bréf 25. okt. (Db. 475).
Gistihús. Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri sækir f. h. Kolbeins Kristinssonar á Skriðulandi í Kolbeinsdal um 400 kr. styrk til þess að taka á móti ferðamönnum á Skriðulandi. Bréf 16. okt. (Db. 385). Sjá ennfr. Lánbeiðnir 3.
Gjaldeyrismál, sjá Afurðasala 1, 2, 3.
Grammófónplötur, sjá Einkasölur 2.
Grenivík, sjá Hafnir og lendingarbætur 3, 10.
Grunnavíkurhreppur, sjá Eftirgjöf á láni 2.
Grænaborg, sjá Dagheimili.
Grænmeti, sjá Húsmæðrafræðsla 10, Tollar og tollgæzla 8.
Guðbrandur Magnússon, sjá Áfengisverzlun ríkisins.
Guðfinna Jónsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 9.
Guðgeir Jóhannsson, sjá Lífeyrissjóður embættismanna 1.
Guðjón Guðjónsson, sjá Skólakvikmyndir.
Guðjón L. Jónsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 10.
Guðmundur Bergsson, sjá Launamál 35.
Guðmundur Finnbogason, sjá Ritstyrkur 2.
Guðmundur Gíslason, sjá Geysir í Haukadal.
Guðmundur Hannesson, sjá Heilbrigðismál 2.
Guðmundur J. Einarsson, sjá Símamál 12.
Guðmundur Jónsson frá Narfeyri, sjá Strandferðir 2.
Guðmundur Jónsson í Nesi, sjá Sandgræðsla 6.
Guðmundur Kristjánsson, sjá Námsstyrkur 2.

Guðrún Árnadóttir, sjá Áslaksstaðir.
Guðrún Björnsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 11.
Guðrún H. Cýrusdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 12.
Guðrún Gamalielsdóttir, sjá Fávitar 3.
Gunnar Benediktsson, sjá Lífeyrissjóður embættismanna 2.
Gunnar A. Jóhannesson, sjá Lífeyrissjóður barnakennara 1.
Gunnlaugur Blöndal listmálari sækir um 3000 kr. styrk til dvalar í Parísarborg. Bréf 14. nóv. (Db. 617).
Gunnlaugur Kristmundsson, sjá Sandgræðsla 5.
Gústaf Ágústsson, sjá Erfðafé.
Gutenberg, sjá Launamál 17, 19.

Hafnarfjarðarkaupstaður, sjá Eignarnám 1, 2.
Hafnargjöld á Siglufirði, sjá Ábyrgðir 10, Fiskiveiðar 3.
Hafnir og lendingarbætur.

1. Vitamálastjóri sendir Alþingi afrit af bréfi bryggjufélags útgerðarmanna á Stokkseyri til atv.- og samgmrn., dags. 1. febr., varðandi styrk til að fullgera bryggjuna þar, ásamt meðmælum sínum. Bréf 13. febr. (Db. 8).
2. Sami sækir um 3000 kr. viðbótarstyrk til dýpkunar hafnarinnar á Hornafirði. Bréf 11. jan. (Db. 19, XXXIII).
3. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi vitamálastjóra, dags. 9. febr., ásamt lýsingu og uppdrætti af fyrirhuguðum hafnarmannvirkjum í Grenivík við Eyjafjörð. Bréf 18. febr. (Db. 39).
4. Hreppsnefnd Flateyjarhrepps sækir um 2000 kr. lokastyrk til bryggjugerðarinnar í Flatey. Bréf 20. febr. (Db. 59).
5. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf., sækir um styrk til endurbóta á öldubrjótnum í Bolungavík og til framlengingar á bryggjunni í Hnífsdal. Bréf 19. febr. (Db. 63).
6. Hreppsnefnd Hofshrepps sækir um 20 þús. kr. styrk til hafnarbóta í Hofsósi. Bréf 23. febr. 1 fskj. (Db. 67).
7. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi bæjarstjórans í Vestmannaeyjum, dags. 16. febr., um 80 þús. kr. styrk úr ríkissjóði til hafnargerðar í Vestmannaeyjum. Bréf 23. febr. (Db. 73).
8. Hreppsnefnd og hafnarnefnd Ólafsvíkur sækja um 15 þús. kr. styrk til hafnargerðar í Ólafsvík. Bréf 26. febr. 1 fskj. (Db. 77).
9. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. fundargerð fundar hreppsnefndar og hafnarnefndar Ólafsvíkur 18. febr., út af hafnarbótum í Ólafsvík. Bréf 27. febr. (Db. 81).
10. 18 konur og 33 karlar í Grenivík (nöfnin vélrituð) skora á Alþingi og ríkisstjórn að hlutast til um, að á næstkomandi sumri verði byggður sjóvarnargarður í Grenivík. Bréf ódags. (Db. 82).
11. Oddviti Gerðahrepps sækir f. h. hreppsins um framlag til bryggjugerðar við Gerðavör, er nemi ⅔ kostnaðar. Bréf 21. febr. (Db. 91).
12. Jón Á. Guðmundsson, vitavörður á Reykjanesi, sækir um 5000 króna

styrk til framhaldsbyggingar bátabryggju í Höfnum. Bréf 5. marz. (Db. 107).

13. Oddviti hreppsnefndar Neshrepps utan Ennis sækir f. h. hreppsnefndarinnar um 6000 kr. styrk til að fullgera bryggjuna í Krossavík. Bréf 28. febr. (Db. 127).
14. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. bréf vitamálastjóra, dags. 19. febr., varðandi framhald á hafnargerð á Skagaströnd. Bréf 8. marz. 4 fskj. (Db. 124).
15. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., sækir um 80 þús. kr. styrk til framhalds hafnargerðar í Vestmannaeyjum og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast allt að 93 þús. kr. lán til efniskaupa til hafnargerðarinnar. Bréf 11. marz. 3 fskj. (Db. 149).
16. Garðar Þorsteinsson, 8. landsk. þm., fer þess á leit við fjvn., að hún mæli með því, að veittar verði nú þegar 1000—1500 kr. til bryggjugerðar á Litla-Árskógssandi. Bréf 26. marz. (Db. 217).
17. Vitamálastjóri sendir fjvn. skrá um greiðslur úr ríkissjóði vegna öldubrjótsins í Bolungavík, ásamt skýrslu um rannsókn á skemmdum, er á honum hafa orðið í vetur, og kostnaðaráætlun um viðgerð á honum. Bréf 29. marz. 1 fskj. (Db. 224).
18. Ólafsvíkurhreppur sækir um 15 þús. kr. styrk til hafnargerðar í Ólafsvík. Bréf 1. apríl. (Db. 230).
19. Hreppsnefnd Hofshrepps fer þess á leit við fjvn., að hún leggi til, að í næsta árs fjárlögum verði ákveðinn ríflegur styrkur til hafnar- og lendingarbóta á Nöf við Hofsós. Bréf 9. okt. (Db. 371).
20. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. til athugunar erindi hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps, dags. 9. okt., er í felst umsókn um styrk til hafnargerðarinnar á Dalvík. Bréf 18. okt. 1 fskj. (Db. 422).
21. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf., fer þess á leit f. h. hreppsnefndarinnar í Hólshreppi, að fjvn. leggi til, að í næsta árs fjárlögum verði veittar 75 þús. kr. til öldubrjótsins í Bolungavík. Bréf 22. okt. (Db. 415).
22. Fiskifélagsdeild Stokkseyrar sækir um 6000 króna styrk til framhalds lendingarbóta á leiðinni um Stokkseyrarsund til lands. Bréf 18. okt. (Db. 450).
23. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ., fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við næsta árs fjárlagafrv. 10 þús. kr. fjárveitingu til lendingarbóta á Þórshöfn, og sé það fyrsta fjárveiting af þremur. Bréf 29. okt. (Db. 492).
24. 5 nafngreindir menn í Hafnahreppi í Gullbringusýslu sækja um 8000 kr. styrk til þess að standast kostnað við byggingu steinsteypubryggju í Kirkjuvogshverfi. Bréf 20. okt. (Db. 547).
25. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf., sendir fjvn. beiðni hreppsnefndar Sléttuhrepps, dags. 8. nóv., um að Alþingi ákveði að veita í næsta árs fjárlögum allt að 15 þús. kr. til lendingarbóta að Látrum í Aðalvík. Bréf 14. nóv. (Db. 610).
26. Finnur Jónsson, þm. Ísaf., sendir fjvn. erindi bæjarstjórans á Ísafirði,

varðandi framlag ríkissjóðs til hafnarumbóta á Ísafirði. Bréf 16. nóv. 1 fskj. (Db. 623).

27. Hafnarnefnd Skagastrandar fer þess á leit við Alþingi, að það ákveði að leggja fram það, sem ógreitt er af framlagi ríkissjóðs til hafnargerðarinnar á Skagaströnd. Bréf 17. nóv. (Db. 669).
28. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf., fer þess á leit við fjvn., að hún beiti sér fyrir því, að fé verði veitt úr ríkissjóði til fullnaðarviðgerðar á öldubrjótnum í Bolungavík. Bréf 23. nóv. 1 fskj. (Db. 671).
29. Vitamálastjóri sendir fjvn. yfirlit um fjárhag hafnargerðar Skagastrandar. Bréf 26. nóv. (Db. 706).
30. Almennur borgarafundur á Sauðárkróki 12. nóv. skorar á Alþingi og ríkisstjórn að ákveða að leggja fram fé til hafnargerðarinnar á Sauðárkróki, svo að framkvæmdir geti hafizt þar þegar á næsta vori. Bréf 15. nóv. (Db. 711).
31. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. bréf vitamálastjóra, dags. 21. nóv., varðandi fjárveitingu til að fullgera brimbrjótinn í Bolungavík. Bréf 29. nóv. (Db. 720).
32. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. bréf vitamálastjóra, dags. 20. nóv., varðandi umsókn hreppsnefndar Flateyrarhrepps um framhaldsstyrk til sjóvarnargarðsins á Flateyri. Bréf 29. nóv. 2 fskj. (Db. 721).
33. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv., sendir fjvn. afrit af bréfi bryggjunefndar Blönduósbryggju, dags. 2. des., varðandi kostnað við viðgerð á Blönduósbryggju, og fer þess jafnframt á leit við nefndina, að hún taki upp í tillögur sínar við næsta árs fjárlagafrv. styrk til viðgerðarinnar, sem nemi ⅓ kostnaðar. Bréf 8. des. (Db. 752).
34. Páll Hermannsson og Páll Zóphóníasson, þm. N.-M., senda fjvn. bréf hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps, dags. 27. nóv., varðandi styrk úr ríkissjóði til bryggjugerðar í Vopnafjarðarkauptúni. Bréf 10. des. (Db. 761).
35. 50 alþingiskjósendur í Húnavatnssýslu skora á Alþingi að gera nú þegar ráðstafanir til, að greitt verði það, sem ógreitt er af hluta ríkissjóðs vegna hafnargerðarinnar á Skagaströnd. Bréf 26. nóv. (Db. 794).
36. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv., skorar á fjvn. að gera sitt til þess, að ríkissjóður leggi fram á næsta sumri ⅓ kostnaðar við aðgerð bátabryggjunnar á Blönduósi, og að vitamálastjóra verði falin umsjón með framkvæmd verksins. Bréf 18. marz. (Db. 815).

Sjá ennfr. Ábyrgðir 9.

Hafursá, sjá Skaðabætur 2.

Hagstofan. Tillögur hagstofustjóra um fjárveitingar til hagstofunnar árið 1936, dags. 19. jan. (Db. 19, XVIII).

Halldór Bjarnarson frá Presthólum sækir um 10 þús. kr. bætur fyrir órétt, sem hann telur sig hafa verið beittan af stjórnarvöldum landsins. Bréf 20. marz. (Db. 194).

Halldór Magnússon, sjá Skaðabætur 4.

Halldór Pálsson, sjá Kjöt 2, Námsstyrkur 3.

Hallormsstaður, sjá Húsmæðrafræðsla 1.
Hallærislán, sjá Lánbeiðnir 1.
Harriet Jónsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé.
Hákon Bjarnason, sjá Skógrækt.

Háskóli Íslands.

1. Rektor Háskóla Íslands fer þess á leit, að styrkur til stúdentaráðsins til að starfrækja leiðbeiningarskrifstofu verði hækkaður. Bréf 25. jan. 1 fskj. (Db. 19, III).
2. Tillögur háskólarektors um fjárveitingar til háskólans árið 1936, dags. 16. jan. (Db. 19, XXXV).
3. Áætlun forstöðumanns rannsóknarstofu háskólans um tekjur og gjöld stofunnar árið 1936, dags. 14. jan. (Db. 19, XXXVII).
4. Almennur fundur kennara Háskóla Íslands 24. marz lýsir fylgi sínu við frv. til l. um stofnun atvinnudeildar og rannsóknarstofnunar við Háskóla Íslands, en nái það frv. eigi fram að ganga, krefst fundurinn þess, að gerðar verði ýmsar breytingar á frv. til l. um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands, og séu þær breytingar skilyrði fyrir fjárframlögum af hálfu háskólans til rannsóknarstofnunarinnar. Bréf 25. marz. (Db. 213).
5. Rektor háskólans gerir fjvn. grein fyrir, hvernig varið hefir verið því fé, sem háskólanum er ætlað í gildandi fjárlögum. Bréf 23. okt. (Db. 463).
6. Forstöðumaður rannsóknarstofu háskólans sendir fjvn. áætlun um tekjur og gjöld rannsóknarstofunnar árin 1935 og 1936. Bréf 31. okt. (Db. 523).
7. Landlæknir tjáir fjvn., að hann hafi lagt fyrir framkvæmdarstjóra ríkisspítalanna að sjá um, að fjvn. verði send greinargerð um rekstur rannsóknarstofu háskólans. Bréf 8. nóv. (Db. 570).
8. Háskóli Íslands sendir fjvn. umsagnir háskólaráðs og hinna einstöku deilda háskólans um það, hvort takmarka beri nemendafjölda í sérskólum landsins. Bréf 16. nóv. (Db. 637).
9. Byggingarnefnd stúdentagarðsins skýrir fjvn. frá, að hún hafi frá fyrstu gert ráð fyrir því, að ríkissjóður stæði að öllu leyti straum af 50 þús. kr. láni, sem byggingarnefndin tók hjá Útvegsbanka Íslands h/f árið 1934. Bréf 26. nóv. 2 fskj. (Db. 713).
10. Rektor háskólans sendir Alþingi ályktun háskólaráðs út af tillögu fjvn. um að námsstyrkur og húsaleigustyrkur stúdenta við háskólann verði lækkaður um helming, gegn því, að jafnmikið framlag komi úr sáttmálasjóði. Bréf 5. des. (Db. 740).
11. Almennur fundur háskólastúdenta 11. des. skorar á Alþingi að lækka ekki stúdentastyrki frá því, sem verið hefir. Bréf 11. des. (Db. 770).
12. Fjmrn. skrifar fjvn. út af styrk úr ríkissjóði til byggingar stúdentagarðsins. Bréf 12. des. 1 fskj. (Db. 774).
13. Almennur nemendafundur í menntaskólanum 12. des. sendir Alþingi mótmæli sín gegn þeirri till. fjvn. að lækka námsstyrk til stúdenta við háskólann. Ennfremur skorar fundurinn á Alþingi að beita sér fyrir stofnun atvinnudeildar við Háskóla Íslands. Bréf 12. des. (Db. 777).

14. Kennarar menntaskólans á Akureyri mæla á móti lækkun á styrk til háskólastúdenta. Bréf 20. des. (Db. 803).

Hegningarhús, sjá Fangahús.

Heilbrigðismál.

1. Landlæknir fer þess á leit, að tekin verði upp í fjárlagafrv. fyrir árið 1936 2000 kr. fjárveiting til ýmiskonar heilbrigðismálaframkvæmda. Bréf 24. jan. (Db. 19, XXX).
2. Atv.- og samgmrn. sendir landbn. Nd. erindi Guðmundar Hannessonar prófessors, dags. 19. febr., varðandi lagasetningu um salerni í sveitum. Bréf 24. júlí. 5 fskj. (Db. 274).
3. Landlæknir sendir fjvn. yfirlit um þá sjúklinga, sem lamazt hafa af mænusóttarfaraldri þeim, sem hefir gengið yfir landið á yfirstandandi ári. Bréf 23. nóv. (Db. 679).
4. Dóms- og kirkjumrn. sendir allshn. Nd. bréf bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, dags. 7. nóv., er í felst tillaga til breytinga á 23. gr. laga um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins. Bréf 23. nóv. (Db. 683).

Sjá ennfr. Sveitarstjórnarmál 1.

Helga Thorlacius, sjá Húsmæðrafræðsla 10.

Helga Þórðardóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 14.

Helgafell, sjá Jarðakaup ríkissjóðs 8.

Helgi Árnason, sjá Eftirlaun og styrktarfé 15, 16, 17.

Helgi Guðmundsson, sjá Þjóðsögur.

Helgi Hannesson, sjá Námsstyrkur 4.

Helgi Pétursson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 18.

Hemluengjar, sjá Tjón af völdum Þverár.

Héraðssaga Borgarfjarðar. Útgáfunefnd héraðssögu Borgarfjarðar sækir um 2000 króna styrk til útgáfu héraðssögunnar. Bréf 20. febrúar. 1 fylgiskjal. (Db. 51).

Héraðsskólar. Fjármálarh. sendir fjvn. bréf frá formönnum skólanefnda Reykholtsskóla og Laugaskóla, dags. 1. og 14. nóv., er í felast umsóknir um greiðslu á hluta ríkissjóðs á eftirstöðvum byggingarkostnaðar nefndra skóla. Bréf 14. nóv. (Db. 607).

„Hjálp í viðlögum", sjúkrasjóður, sjá Sjúkrastyrkur og styrktarstarfsemi 7.

Hleðslustöðvar, sjá Útvarp 7.

Hobbs, Evelyn Þóra, Helga og Josephina, sjá Ríkisborgararéttur.

Hólar í Hjaltadal, sjá Bændaskólar 1, Kirkjur og kirkjumál 3.

Hólar í Reykjadal, sjá Jarðakaup ríkissjóðs 1, 2.

Hrafntinna. Egill Árnason sækir um einkaleyfi, er gildi í næstu 10 ár, til að vinna hrafntinnu á Íslandi til útflutnings. Bréf 19. febr. (Db. 29).

Húsmæðrafræðsla.

1. Fjmrn. sendir fjvn. erindi byggingarnefndar húsmæðraskólans á Hallormsstað, dags. 31. jan., um styrk úr ríkissjóði til skólans. Bréf 19. febr. (Db. 35).
2. Sama sendir fjvn. áskorun sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu til

Alþingis um hækkun á styrk til kvennaskólans á Blönduósi. Bréf 20. febr. 2 fskj. (Db. 37).

3. Jón A. Jónsson alþm. sækir f. h. kvenfélagsins Óskar á Ísafirði um hækkun á ríkisstyrk til skólans. Bréf 10. marz. (Db. 128).
4. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. bréf framkvæmdarnefndar í húsmæðraskólamáli Eyfirðinga, dags. 4. febr., er í felst beiðni um, að ríkið leggi skólanum til ókeypis land á Syðra-Laugalandi og að húsameistara ríkisins verði falið að gera teikningu að fyrirhuguðu skólahúsi. Bréf 9. marz (Db. 133).
5. Sama sendir fjvn. erindi Davíðs Jónssonar, dags. 10. febr., f. h. nefndar í húsmæðraskólamáli Eyfirðinga, er í felst beiðni um framhaldsstyrk til skólabyggingarinnar. Bréf 13. marz. (Db. 161).
6. Finnur Jónsson, þm. Ísaf., sækir um hækkun á styrk til húsmæðraskólans á Ísafirði upp í 7000 kr. Bréf 30. okt. (Db. 518).
7. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. símskeyti sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu, dags. 28. okt., varðandi fjárveitingu til hins fyrirhugaða húsmæðraskóla á Laugalandi í Eyjafirði. (Db. 544).
8. Kvenfélagið Ósk á Ísafirði sækir um hækkun á styrk til húsmæðraskóla félagsins upp í allt að 12 þús. kr. Bréf ódags. (Db. 584).
9. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk., sendir fjvn. umsókn kvenfélagsins Hvatar í Hörgslandshreppi um 300 kr. styrk til að halda uppi saumanámskeiði, sækir jafnframt um samskonar styrk handa kvenfélaginu í Skaftártunguhreppi og áréttar umsókn sína til fjvn. frá síðasta þingi um hækkun á styrk til kvenfélaga sýslunnar. Bréf 20. nóv. (Db. 646).
10. Helga Thorlacius sækir um 2000 kr. styrk til að halda uppi kennslu í matreiðslu og hagnýtingu ísl. matjurta. Bréf 25. nóv. 3 fskj. (Db. 690).
11. Magnús Torfason, 2. landsk. þm., sendir fjvn. erindi Árnýjar Filippusdóttur kennslukonu, dags. 26. nóv., er í felst beiðni um 1800 kr. styrk til húsmæðrafræðslu í Árnes- og Rangárvallasýslum. 3 fskj. (Db. 696).

Hvalfjarðarbáturinn, sjá Strandferðir 3.

Hvalveiðar. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. til umsagnar afrit af erindi Þorvalds Guðjónssonar, dags. 9. des., er í felst beiðni um, að honum verði veitt sérleyfi til hvalveiða hér við land. Bréf 10. des. (Db. 763).

Hvanneyri, sjá Bændaskólar 2.

Hvöt, kvenfélag, sjá Húsmæðrafræðsla 9.

Hvöt, verklýðsfélag, sjá Dragnótaveiði í landhelgi 5, Tryggingarmál 2.

Hæstiréttur. Fundur í Málaflutningsmannafélagi Íslands 18. marz tilkynnir allshn. Nd., að hann líti svo á, að nema beri úr gildi þau ákvæði l. nr. 22 frá 1919, um hæstarétt, sem gera I. einkunn við lagapróf að skilyrði fyrir því, að menn geti orðið hæstaréttarmálaflutningsmenn. Bréf 19. marz. (Db. 190). Sjá ennfr. Launamál 12.

Iðnaðarmál.

1. Bræðurnir Ormssynir fara þess á leit við iðnn. Nd., að hún hlutist til um, að þeim verði veitt heimild til innflutnings á efni í rafmagnsvélar, sem

þeir smíða sjálfir, en til vara, að Raftækjaeinkasala ríkisins selji þeim slíkar vörur án álagningar. Bréf 18. okt. (Db. 443).
2. Fjármálaráðuneytið tilkynnir iðnn. Nd., að það hafi svarað tilmælum frá hinum íslenzku efnaverksmiðjum um undanþágu frá aðflutningsgjöldum af hráefnum í innlendar framleiðsluvörur á þá leið, að ráðuneytið gæti ekki sinnt beiðni þeirra. Bréf 28. okt. 2 fskj. (Db. 494).
3. Hinar íslenzku efnaverksmiðjur fara þess á leit við Alþingi, að það hlutist til um, að þeim verði veitt leyfi til þess að flytja inn hráefni til starfsemi sinnar án þess að greiða af þeim innflutningstolla. Bréf 30. okt. 1 fskj. (Db. 496).
4. Landssamband iðnaðarmanna sækir um hækkun á styrk til starfsemi sinnar upp í 20 þús. kr. Bréf 20. nóv. (Db. 677).
5. Chr. Fr. Nielsen sækir um fjárhagslegan stuðning til þess að framleiða kaffibæti úr íslenzkum jurtum. Bréf 26. nóv. 2 fskj. (Db. 692).
6. Sami fer þess á leit við iðnaðarnefndir, að þær hlutist til um, að settar verði reglur um meðferð og sölu íslenzks kaffibætis. Bréf 4. des. (Db. 739).
7. Vinnuveitendafélag Íslands sendir iðnn. Ed. brtt. við frv. til l. um iðnaðarnám, sem liggur fyrir þinginu. Bréf 29. nóv. (Db. 717).
8. Félag íslenzkra iðnrekenda sendir iðnn. Ed. mótmæli sín gegn frv. til l. um iðnaðarnám. Bréf 9. des. (Db. 759).
9. Formenn 5 iðnaðarmannafélaga í Reykjavík og fulltrúi járniðnaðarmanna í Reykjavík senda iðnn. Ed. tillögur til breytinga á frv. til l. um iðnaðarnám. Bréf 11. des. (Db. 775).
10. Ólafur Jóhannesson kaupmaður sækir um einkaleyfi til þess að vinna málningu úr íslenzkum hráefnum til útflutnings. Bréf 13. des. 2 fskj. (Db. 783).

Sjá ennfr. Tollar og tollgæzla 7.

Ingibjörg Guðjónsdóttir, sjá Erfðafé.

Ingibjörg Jósefsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 19, 20.

Ingivaldur Nikulásson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 21.

Innflutnings- og gjaldeyrisnefnd. Gjaldeyris- og innflutningsnefnd sendir sjútvn. Nd. upplýsingar um það, hversu víðtæk innflutnings- og gjaldeyrisleyfi á olíu og benzíni hún hafi veitt frá 1. jan.—31. okt. 1935. Bréf 15. nóv. (Db. 620). Sjá ennfr. Iðnaðarmál 1, 3, Launamál 14, Lánbeiðnir 2, Olía 1, 2, 3, 5.

Innflutningshöft, sjá Lánbeiðnir 2, Vegamál 18.

Innflutningur grænmetis, sjá Tollar og tollgæzla 8.

Íbúðarhús á Breiðumýri. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. afrit af erindi Arnórs Sigurjónssonar, fyrrv. skólastjóra, og Jónasar Þorbergssonar útvarpsstjóra, dags. 12. marz, er í felst beiðni um 4000 kr. styrk úr ríkissjóði til byggingar íbúðarhúss á Breiðumýri í Þingeyjarsýslu. Bréf 16. maí (Db. 267).

Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn sækir um 1000 kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 16. nóv. (Db. 658).

Íslendingaæfir, sjá Bókmenntafélagið.

Íslenzkar matjurtir, sjá Húsmæðrafræðsla 10.

Íslenzkur lektor í Berlín. Kristján Albertson fer þess á leit, að veittar verði í fjárlögum næsta árs 2000 kr. til íslenzks lektors í Berlín. Bréf 2. marz (Db. 90).

Íþróttakennsla.

1. Jón Þorsteinsson íþróttakennari sækir um 7500 kr. styrk til byggingar íþróttahúss í Reykjavík. Bréf 4. marz. 1 fskj. (Db. 108).
2. Íþróttasamband Íslands sækir um 3500 kr. styrk til þess að senda fimleikaflokk til Ollerup í sumar. Bréf 26. marz. 1 fskj. (Db. 215).
3. Sigurjón Pétursson sækir um allt að 14500 kr. styrk til íþróttaskólans og sundlaugarinnar á Álafossi. Bréf 23. okt. (Db. 451).
4. Olympiunefndin sækir um 8000 kr. styrk til þess að undirbúa þátttöku íslenzkra íþróttamanna í Olympíuleikunum í Berlín á komandi sumri, gegn jafnmiklu framlagi annarstaðar frá. Bréf 26. nóv. (Db. 693).

Jakob Ó. Lárusson, sjá Sjúkrastyrkur 5.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sjá Fræðafélagið.

Jarðakaup ríkissjóðs.

1. Hreppstjóri Reykdælahrepps í Suður-Þingeyjarsýslu skorar á Alþingi að heimila ríkisstjórninni að kaupa spildu úr svo nefndu Hólalandi og leggja undir Breiðumýri. Símsk. 21. marz. (Db. 196).
2. Atv.- og samgmrn. beiðist umsagnar fjvn. um bréf hreppstjórans í Reykdælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu, dags. 24. nóv. f. á., til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, er í felst tillaga um, að ríkissjóður kaupi land undan Hólum í Reykjadal og landið verði lagt til Breiðumýrar. Bréf 21. marz. (Db. 199).
3. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. bréf Björns Haraldssonar f. h. hreppsnefndar Kelduneshrepps, dags. 15. marz, þar sem ríkissjóði er boðin til kaups jörðin Ás í Kelduneshreppi. Bréf 5. apríl. (Db. 242).
4. Atv.- og samgmrn. tilkynnir fjvn., að ráðuneytið hafi f. h. ríkissjóðs tekið tilboði Boga A. J. Þórðarsonar um kaup á hluta af jörðinni Vorsabæ í Ölfusi, ef Alþingi fallist á kaupin. Bréf 7. okt. (Db. 336).
5. Oddviti Hríseyjarhrepps fer þess á leit við Alþingi, að það heimili ríkisstjórninni að kaupa jörðina Syðstabæ í Hrísey. Bréf 18. okt. 1 fskj. (Db. 412).
6. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ., sendir landbn. Nd. umsögn sandgræðslustjóra um frv. sitt um heimild handa ríkisstjórninni til þess að kaupa jörðina Ás í Kelduneshreppi. Bréf 21. okt. (Db. 430).
7. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk., sendir fjvn. tilmæli um, að nefndin leggi til, að tekin verði upp í næsta árs fjárlagafrv. heimild handa ríkisstjórninni til þess að kaupa 3 jarðir í Mýrdal. Bréf 26. okt. 2 fskj. (Db. 470).
8. Þorgeir Jónasson, Helgafelli í Helgafellssveit, býður ríkinu til kaups jörðina Helgafell fyrir 16 þús. kr. Bréf 2. nóv. (Db. 585).

Jarðhitarannsóknir. Skipulagsnefnd atvinnumála mælir með því við fjvn., að í næstu fjárlögum verði veittar allt að 40 þús. kr. til þess að kaupa fyrir jarðbor til rannsókna á jarðhitasvæðum. Bréf 19. nóv. (Db. 639).

Jarðræktarlög. Búnaðarmálastjóri sendir Alþingi álit og tillögur búnaðarþings um breytingar og viðauka við jarðræktarlög o. fl. Bréf 9. marz (Db. 141).
Jarðviðnámsmælir, sjá Rafmagnseftirlit ríkisins 2.
Jens Hermannsson, sjá Ritstyrkur 3.
Johansen, Kári, sjá Ríkisborgararéttur.
Jóh. Ragúels, sjá Lánbeiðnir 2.
Jóhann Sveinsson, sjá Ritstyrkur 4.
Jóh. Teitsson, sjá Örkumla menn 2.
Jóhannes úr Kötlum, sjá Ritstyrkur 5.
Jóhannes Þórðarson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 22
Jón Árnason, sjá Símamál 4.
Jón E. Bergsveinsson, sjá Landhelgisgæzla 4.
Jón Einarsson, sjá Fávitar 1.
Jón Eyþórsson, sjá Vatnajökull 1.
Jón Á. Guðmundsson, sjá Hafnir og lendingarbætur 12.
Jón Hallvarðsson, sjá Launamál 4.
Jón Lárus Hansson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 23.
Jón Jónsson, sjá Geysir í Haukadal.
Jón Leifs. Félag tónlistar Jóns Leifs fer þess á leit við Alþingi, að styrkur til prentunar á verkum Jóns Leifs, að upphæð 1500 kr., megi halda sér í næsta árs fjárlögum. Bréf 24. sept. (Db. 304). Sjá ennfr. Einkasölur 2.
Jón Sigurðsson, sjá Námsstyrkur 5.
Jón Stefánsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 24.
Jón Þorsteinsson, sjá Íþróttakennsla 1.
Jónas Hallgrímsson, sjá Lífeyrissjóður embættismanna 3
Jónas Þorbergsson, sjá Íbúðarhús á Breiðumýri.
Jónatan Hallvarðsson, sjá Launamál 33.
Jónatan Jónsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 25, 26.
Jötunn, sjómannafélag, sjá Verklegt nám sjómanna.

Kaffibætir, sjá Iðnaðarmál 5, 6.
Karlakórar.
1. Karlakór Reykjavíkur fer þess á leit við fjvn., að hún hlutist til um, að kórnum verði veitt ábyrgð á 5 þús. kr. til þess að standast kostnað af söngför til Norðurlanda í vor. Bréf 26. febr. (Db. 88).
2. Sami sækir um 3000 kr. styrk vegna fjárhagslegs halla af söngför kórsins til Norðurlanda síðastl. sumar. Bréf 23. okt. (Db. 472)
3. Samband íslenzkra karlakóra sækir um hækkun á styrk til söngkennslu innan sambandskóranna. Bréf 1. okt. 1 fskj. (Db. 312)

Kelduneshreppur, sjá Jarðakaup ríkissjóðs 3, 6.
Kennarafélag Norður-Þingeyinga, sjá Fræðslumál 4.
Kennaraskólinn.
1. Tillögur skólastjóra kennaraskólans um fjárveitingar til skólans árið 1936, dags. 14. jan. (Db. 19, XLI).
2. Fjmrn. sendir fjvn. til fyrirgreiðslu bréf dóms- og kirkjumrn., dags. 8.

júlí, ásamt afriti af bréfi skólastjóra kennaraskólans, dags. 25. júní, varðandi kostnað við rekstur skólans. Bréf 11. júlí. 1 fylgiskjal. (Db. 272).

3. Skólastjóri kennaraskólans sendir fjvn. skýrslu um stundakennslu í kennaraskólanum. Bréf 24. okt. (Db. 473).
4. Áætlun skólastjóra kennaraskólans um fjárveitingu til skólans árið 1936. Bréf 14. nóv. (Db. 608).
5. Samband íslenzkra barnakennara sendir Alþingi samskonar mótmæli frá stéttarfélagi barnakennara í Reykjavík og ennfremur mótmæli sama félags gegn því, að niður verði felldur 1. bekkur kennaraskólans. Bréf 11. des. (Db. 769).
6. Skólastjóri kennaraskólans sendir Alþingi umsögn sína um framkomna tillögu um að leggja niður 1. bekk kennaraskólans. Bréf 17. des. (Db. 797).

Kennslubók í ítölsku. Þórhallur Þorgilsson sækir um 2000 kr. styrk til útgáfu 2.—4. heftis kennslubókar sinnar í ítölsku. Bréf 16. marz. (Db. 169).

Kirkjur og kirkjumál.

1. Tillögur biskups um fjárveitingar til kirkjumála árið 1936, dags. 15. jan. (Db. 19, XXXVI).
2. 141 alþingiskjósandi í Dýrafjarðarþingaprestakalli skorar á Alþingi að láta Dýrafjarðarþingaprestakall haldast sem sjálfstætt prestakall. Bréf 15. okt. 4 fskj. (Db. 377).
3. Dóms- og kirkjumrn. sendir allsherjarnefndum bréf sóknarnefndar Hólasóknar, dags. 1. okt., um að Hólar í Hjaltadal verði gerðir að prestssetri. Bréf 31. okt. (Db. 512).
4. Formaður sóknarnefndar dómkirkjusafnaðarins í Reykjavík sendir Alþingi áskorun safnaðarfundar 1. des. til Alþingis um að samþykkja frv. til laga um afhending dómkirkjunnar til safnaðarins í Reykjavík og fjölgun sókna og presta í Reykjavík og öðrum kaupstöðum. Bréf 4. des. (Db. 737).
5. Biskup sendir landbn. Nd. skrá um óseldar prestsmötur 1. des. 1935. Bréf 3. des. (Db. 741).
6. Sami sendir fjvn. útskrift úr gerðabók kirkjuráðs hinnar íslenzku þjóðkirkju, er í felst áskorun frá kirkjuráðinu til Alþingis varðandi embættiskostnað presta. Bréf 10. des. (Db. 756).
7. Sami sendir allshn. Nd. umsögn sína um frv. til laga um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla. Bréf 9. des. (Db. 757).

Sjá ennfr. Ábyrgðir 6, Sameining lögsagnarumdæma 1.

Kirkjuráðið, sjá Fyrirlestrahald, Kirkjur og kirkjumál 6.

Kirstín Blöndal, sjá Sjúkrastyrkur og styrktarstarfsemi 1.

Kjöt.

1. Áætlun um kostnað við kjötverðlagsnefndina árið 1936. Bréf 15. jan. (Db. 19, II).
2. Atv.- og samgmrn. óskar álits fjvn. um það, hve mikinn styrk hún telur rétt að veita til utanferðar þriggja manna til Englands til þess að

læra slátrun og meðferð á kjöti, og ennfremur fer ráðuneytið þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við fjárlagafrv. styrk til Halldórs Pálssonar til sauðfjárræktarnáms í Edinborg. Bréf 25. marz. (Db. 219).

3. Sama tilkynnir landbúnaðarnefndum, að stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga æski þeirrar breytingar á kjötmatslögunum, að skipaðir verði 3—4 yfirkjötmatsmenn, og fer þess á leit við nefndirnar, að þær flytji frv. til l. um breyt. á kjötmatslögunum í samræmi við þá ósk. Bréf 25. marz. (Db. 220).
4. Sama sendir landbn. Nd. erindi Búnaðarfélags Íslands, dags. 23. sept., varðandi breyt. á l. nr. 39 1933, um kjötmat. Bréf 28. sept. 1 fskj. (Db. 310).

Sjá ennfr. Landbúnaðarmál 3, Tollar og tollgæzla 4.

Kjötmat, sjá Kjöt.

Kjötverðlagsnefnd, sjá Kjöt 1, Launamál 29.

Klakstöðvar. 17 búendur í Kjósarhreppi mótmæla frv. til l. um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta reisa klakstöðvar og til eignarnáms í því skyni. Bréf 24. nóv. (Db. 778). Samskonar mótmæli frá hreppsnefnd Kjósarhrepps. Bréf 27. nóv. (Db. 779).

Klásína Eiríksdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 27.

Kleppur, sjá Sjúkrahús 6, 7, 12.

Kofoed-Hansen, sjá Eftirlaun og styrktarfé 28, 29, 30, Lífeyrissjóður embættismanna 4.

Kofoed-Hansen, Agnar Eldberg, sjá Námsstyrkur 1.

Kolbeinn Kristinsson, sjá Gistihús.

Kolbeinsstaðahreppur, sjá Landbúnaðarmál 2.

Kópaskersvegur, sjá Vegamál 15.

Kreppulánasjóður, sjá Launamál 26.

Kristín Guðmundsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 31, 32.

Kristján Albertson, sjá Íslenzkur lektor í Berlín.

Kristján Grímsson, sjá Námsstyrkur 6, 7.

Kristján Kristjánsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 33.

Kristmann Guðmundsson, sjá Ritstyrkur 6.

Kristneshæli, sjá Sjúkrahús 3.

Kristófer Finnbogason, sjá Námsstyrkur 8.

Krossanesverksmiðjan, sjá Síld 4.

Krossavík, sjá Hafnir og lendingarbætur 13.

Kvenfélag Hvammshrepps. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk., sækir um 500 kr. hækkun á styrk til Kvenfélags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal. Bréf 28. marz. (Db. 221).

Kvennaskólinn í Reykjavík. Forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík sækir um hækkun á rekstrarfé til skólans. Bréf 15. jan. (Db. 19, XLVI).

Kvenréttindafélag Íslands, sjá Kvenréttindamál, Vinnumiðstöð kvenna.

Kvenréttindamál. Stjórn Kvenréttindafélags Íslands sækir um hækkun á styrk til starfsemi sinnar. Bréf 9. marz. (Db. 181).

Kvik, kvenfélagið, sjá Elliheimili.
Kvoslækjará, sjá Brúargerðir 3.

Lagadeild háskólans, sjá Meðferð einkamála.
Landbúnaðarmál.

1. Búnaðarmálastjóri sendir Alþingi tillögur og álit búnaðarþings í málum, er fyrir búnaðarþingi hafa legið og varða ráðstafanir vegna fjárkreppunnar og fasteignaveðslán landbúnaðarins. Bréf 9. marz. 1 fskj. (Db. 139).
2. 16 bændur í Kolbeinsstaðahreppi í Hnappadalssýslu beiðast ásjár Alþingis um að það geri ráðstafanir til að leysa fjárhagsleg vandræði þeirra, svo að þeim verði fært að reka búskap framvegis sem atvinnugrein. Bréf ódags. 1 fskj. (Db. 710).
3. Almennur fundur bænda í Kjósarhreppi 8. des. skorar á Alþingi að beita sér fyrir: 1) að mjólkurframleiðendum á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar verði frá næstu áramótum afhent umráð yfir sölu mjólkur samkvæmt lögum nr. 1 1935. 2) Að verðjöfnunargjald af mjólk verði lækkað úr 8% í 5%. 3) Að verðlag á framleiðsluvörum landbúnaðarins verði sett það hátt á innlendum markaði, að það veiti bændum skilyrði til lífvænlegrar afkomu. 4) Að vextir af fasteignalánum verði færðir niður í 4½%. 5) Að fasteignamat jarða verði endurskoðað. 6) Að verðjöfnunargjald af kjöti verði fært niður í 6 aura pr. kg. Bréf 8. des. (Db. 780).

Landbúnaður Norðmanna. Utanríkismálaráðuneytið sendir landbúnaðarnefndum afrit af skýrslu frá danska sendiráðinu í Oslo, dags. 7. febr., um tillögur, sem lagðar hafa verið fyrir norska Stórþingið, varðandi afkomu landbúnaðarins í Noregi. Bréf 15. marz. (Db. 176).

Landhelgisgæzla.

1. Fiskifélag Íslands sendir fjvn. umsögn sína um till. til þál. um landhelgisgæzlu, björgunarmál og skipaskoðun. Bréf 14. marz. (Db. 165).
2. Fundur fiskideildar Ólafsfjarðar 3. febr. skorar á Alþingi og ríkisstjórn að hlutast til um, að athugaðir verði möguleikar á að friða fyrir ágangi togara norðursjó Íslands að Íshafslínu og samvinnu leitað við aðrar þjóðir um það mál. Bréf 10. febr. (Db. 172).
3. Skipaskoðunarstjóri sendir fjvn. umsögn sína um till. til þál. um landhelgisgæzlu, björgunarmál og skipaskoðun. Bréf 14. marz. (Db. 174).
4. Jón E. Bergsveinsson sendir fjvn. umsögn sína um till. til þál. um landhelgisgæzlu, björgunarmál og skipaskoðun. Bréf 18. marz. (Db. 189).
5. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. umsagnir og tillögur forstöðumanna skipaútgerðar ríkisins, Slysavarnafélags Íslands, skipaskoðunar ríkisins og Fiskifélags Íslands og tveggja skipstjóra á varðbátum ríkisins um tilhögun landhelgisgæzlu, björgunarmála og skipaskoðunar. Bréf 14. okt. (Db. 389).

6. Forstjóri Skipaútgerðar ríkisins sendir fjvn. áætlun um fyrirkomulag og kostnað við landhelgisgæzluna á næsta ári. Bréf 17. okt. (Db. 400).
7. 40 alþingiskjósendur á Hellissandi skora á Alþingi að hlutast til um, að 25—30 tonna vélbátur verði hafður við landhelgisgæzlu við Snæfellsnes á næstu vetrarvertíð. Bréf 18. okt. (Db. 442).
8. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. afrit af bréfi hreppsnefndarinnar í Neshreppi utan Ennis, varðandi landhelgisgæzlu við Snæfellsnes, dags. 30. sept., ásamt afriti af umsögn skipaútgerðar ríkisins um málið, dags. 25. okt. Bréf 31. okt. (Db. 534).
9. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. útdrátt úr fundargerð almenns hreppsfundar að Arnarstapa 12. okt., er í felst samþykkt fundarins um að skora á Alþingi að hlutast til um, að varðbátur verði hafður við landhelgisgæzlu undan Snæfellsjökli ákveðinn tíma. Bréf 5. nóv. (Db. 556).
10. Sjómannafélagið Jötunn í Vestmannaeyjum mótmælir væntanlegri sölu varðskipsins Þórs, nema því aðeins að annað jafngilt skip annist björgunarstarfsemi og landhelgisgæzlu við Vestmannaeyjar. Símsk. 20. des. (Db. 801).
11. Stjórn Sjómannafélags Vestmannaeyja og stjórn Verkamannafélagsins Drífandi mótmæla sölu Þórs. Símsk. 21. des. (Db. 805).
12. Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum, útvegsbændafélag Vestmannaeyja, Björgunarfélag Vestmannaeyja og Slysavarnadeildin Eykyndill skora á Alþingi að fella hverja þá tillögu, sem fram kemur og fer í þá átt að selja varðskipið Þór eða draga úr björgunarstarfinu. Símsk. 21. des. (Db. 806).

Landlæknir.

1. Bréf landlæknis út af fjárveitingum til skrifstofukostnaðar við landlæknisembættið árið 1936, dags. 24. jan. (Db. 19, XXV).
2. Sami sendir fjvn. reikning um skrifstofukostnað sinn árið 1934. Bréf 8. nóv. (Db. 569).

Landmælingar.

1. Áætlun vegamálastjóra um útgjöld vegna landmælinga árið 1936, dags. 19. jan. 1 fskj. (Db. 19, LXII).
2. Vegamálastjóri sendir fjvn. afrit af bréfi frá sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, dags. 15. júní, varðandi fjárveitingar til landmælinga á Íslandi. Bréf 19. nóv. 3 fskj. (Db. 645).

Landsbanki Íslands, sjá Launamál 25, 34.

Landsbókasafnið. Tillögur landsbókavarðar um fjárveitingar til landsbókasafnsins árið 1936, dags. 12. jan. (Db. 19, L).

Landskjálftamælingar, sjá Veðurstofan 2.

Landsreikningurinn. Jón Guðmundsson endurskoðandi skýrir fjvn. frá því, að á landsreikningnum fyrir árið 1934 sé símakostnaður og burðargjald af tilteknum ástæðum tilfært 32 þús. kr. hærra en gera má ráð fyrir að verði framvegis. Bréf 5. okt. (Db. 324).

Landssamband iðnaðarmanna, sjá Iðnaðarmál 4, Varnir gegn vörusvikum 1.

Landssamband íslenzkra bænda.

1. Landsfundur bænda skorar á Alþingi að ákveða að veita 15 þús. kr. styrk til utanfara minnst 10 bænda á hverju ári. Bréf 18. okt. (Db. 407).
2. Stjórn Landssambands íslenzkra bænda sækir um 1500 kr. styrk til starfsemi félagsins. Bréf 18. okt. (Db. 408).
3. Landssamband íslenzkra bænda sendir Alþingi tillögur, samþykktar á 3. fundi Landssambands íslenzkra bænda, varðandi ýms fjárhags- og framleiðslumál bænda. Bréf 18. okt. (Db. 409).

Landssíminn, sjá Símamál.

Landssmiðja Íslands, sjá Launamál 11.

Landsspítalinn, sjá Sjúkrahús 2, 4, 14.

Landþurrkunarfélag Safamýrar sækir um styrk til starfsemi sinnar. Bréf 26. febr. (Db. 106).

Laufás, sjá Ábyrgðir 6.

Laufey Valdimarsdóttir. Stjórn Kvenréttindafélags Íslands fer þess á leit við Alþingi, að það ákveði að veita Laufeyju Valdimarsdóttur 2500 kr. í næsta árs fjárlögum, í viðurkenningarskyni fyrir starf hennar í þágu bágstaddra kvenna. Bréf 14. marz. (Db. 182).

Laugaland í Eyjafirði, sjá Húsmæðrafræðsla 4, 5, 7.

Laugarnes, sjá Sjúkrahús 5, 12, 13.

Laugaskóli, sjá Héraðsskólar.

Launamál.

1. Fjmrn. sendir fjvn. bréf dóms- og kirkjumrn., dags. 4. febr., ásamt erindi Sveins Benediktssonar, hreppstjóra í Búðahreppi í Fáskrúðsfirði, um launaviðbót sér til handa. Bréf 15. febr. 1 fskj. (Db. 16).
2. Einar Arnórsson hæstaréttardómari sendir launamn. nokkrar athugasemdir við frv. milliþinganefndar í launamálum um starfsmenn ríkisins og laun þeirra. Bréf 6. apríl (Db. 245).
3. Atv.- og samgmrn. sendir launamn. til athugunar bréf vitamálastjóra, dags. 25. marz, er í felast ýmsar athugasemdir hans við frv. til l. um starfsmenn ríkisins og laun þeirra, að því er snertir starfsmenn vitamálastjórnarinnar. (Db. 246).
4. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. afrit af bréfi fulltrúa bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, Jóns Hallvarðssonar, dags. 19. ágúst, er í felst beiðni um launahækkun honum til handa. Bréf 10. sept. (Db. 296).
5. Forstjóri Brunabótafélags Íslands sendir fjvn. skrá um launagreiðslur starfsmanna þar. Bréf 27. sept. (Db. 321).
6. Útvarpsstjóri sendir fjvn. skrá um starfsmenn við ríkisútvarpið og launakjör þeirra. Bréf 5. okt. (Db. 325).
7. Lögmaðurinn í Reykjavík sendir fjvn. skýrslu um launagreiðslur í skrifstofu sinni. Bréf 6. okt. (Db. 330).
8. Forstjóri Áfengisverzlunar ríkisins sendir fjvn. skrá um laun starfsmanna verzlunarinnar og afrit af kostnaðarreikningi hennar árið 1934. Bréf 7. okt. (Db. 334).
9. Skrá um launagreiðslur starfsmanna stjórnarráðsins 1935. Bréf 7. okt. (Db. 339).

10. Skýrsla um laun starfsmanna Landssimans árið 1935. Bréf 10. okt. 3 fskj. (Db. 350).
11. Landssmiðjan sendir fjvn. skrá um laun fastra starfsmanna sinna. Bréf 9. okt. (Db. 355).
12. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. til athugunar erindi hæstaréttar, dags. 4. okt., varðandi hækkun á launum hæstaréttarritara. Bréf 10. okt. (Db. 356).
13. Skattstofa Reykjavíkur sendir fjvn. yfirlit um launagreiðslur til starfsmanna skattstofunnar og ríkisskattanefndar árið 1935. Bréf 11. okt. (Db. 361).
14. Gjaldeyris- og innflutningsnefnd sendir fjvn. yfirlit um kostnað við starfsemi nefndarinnar frá ársbyrjun 1935 til septemberloka s. á., ásamt skrá um laun starfsmanna nefndarinnar. Bréf 14. okt. (Db. 367).
15. Gjaldkeri ríkisspítalanna sendir fjvn. áætlanir um launagreiðslur til starfsfólks ríkisspítalanna og skrifstofu þeirra. Bréf 15. okt. (Db. 386).
16. Forstjóri Viðtækjaverzlunar ríkisins og Bifreiðaeinkasölu ríkisins sendir fjvn. skrá um starfsmenn viðtækjaverzlunarinnar og bifreiðaeinkasölunnar og mánaðarlaun þeirra. Bréf 18. okt. (Db. 401).
17. Forstjóri ríkisprentsmiðjunnar Gutenbergs sendir fjvn. skrá um launakjör starfsmanna í skrifstofu prentsmiðjunnar. Bréf 18. okt. 1 fskj. (Db. 414).
18. Atv.- og samgmrn. tjáir fjvn., að laun póst- og símamálastjóra hafi ekki verið endanlega ákveðin, en ráðuneytið telji sanngirni mæla með því, að þau verði ákveðin álíka há og laun póstmálastjóra voru. Bréf 19. okt. (Db. 433).
19. Forstjóri ríkisprentsmiðjunnar Gutenbergs sendir fjvn. skrá um laun starfsmanna prentsmiðjunnar, þeirra er ráðnir eru samkv. samningum við verklýðsfélög. Bréf 22. okt. (Db. 440).
20. Forstjóri Skipaútgerðar ríkisins sendir fjvn. skrá um mánaðarkaup skipverja á ríkisskipunum. Bréf 23. okt. (Db. 447).
21. Sami sendir fjvn. samrit af samningi milli skipaútgerðar ríkisins og Vélstjórafélags Íslands, um launakjör vélstjóra. Bréf 24. okt. (Db. 449).
22. Útvarpsstjóri sækir um 2500 króna persónulega launauppbót. Bréf 24. okt. 1 fskj. (Db. 453).
23. Sami sendir fjvn. tillögur um það, hversu ákveða skuli laun starfsmanna við ríkisútvarpið í fjárlögum fyrir árið 1936. Bréf 28. okt. (Db. 479).
24. Stjórnarnefnd ríkisspítalanna sendir fjvn. skrá um áætluð laun starfsmanna við heilsuhælin í Kristnesi og að Reykjum í Ölfusi árið 1936. Bréf 28. okt. (Db. 500).
25. Bankaráð Landsbanka Íslands sendir fjvn. skrá um laun starfsmanna bankans og bankaráðsmanna. Bréf 2. nóv. (Db. 529).
26. Búnaðarbanki Íslands sendir fjvn. skýrslu um laun starfsmanna bankans og kreppulánasjóðs. Bréf 1. nóv. (Db. 533).

27. Brunabótafélag Íslands sendir fjvn. skýrslu um laun fyrir eftirvinnu í skrifstofum félagsins árin 1934 og 1935. Bréf 2. nóv. (Db. 537).
28. Fiskimálanefnd sendir fjvn. skrá um launagreiðslur til starfsmanna nefndarinnar. Bréf 7. nóv. (Db. 561).
29. Kjötverðlagsnefnd sendir fjvn. skrá um laun starfsmanna nefndarinnar. Bréf 7. nóv. (Db. 565).
30. Formaður ríkisskattanefndar sendir fjvn. upplýsingar varðandi launagreiðslur til nefndarmanna og starfsmanna nefndarinnar. Bréf 7. nóv. (Db. 576).
31. Skólameistari menntaskólans á Akureyri sendir fjvn. skrá um laun kennara skólans. Símsk. 9. nóv. (Db. 589).
32. Sölusamband ísl. fiskframleiðenda sendir fjvn. skrá um laun starfsmanna sinna. Bréf 11. nóv. (Db. 592).
33. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. erindi Jónatans Hallvarðssonar fulltrúa, dags. 29. okt., er í felst umsókn um, að launakjör hans verði bætt. Bréf 12. nóv. (Db. 600).
34. Skrá um laun starfsmanna í útibúum Landsbanka Íslands árið 1935. Ódags. (Db. 650).
35. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. bréf póst- og símamálastjóra, dags. 15. nóv., varðandi erindi Guðmundar Bergssonar póstfulltrúa, dags. 27. júlí, um að honum verði bætt fjárhagslegt tjón, er hann hafi beðið við að vera fluttur til Reykjavíkur frá Akureyri. Bréf 20. nóv. 1 fskj. (Db. 654).
36. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk., sendir Alþingi ályktun fundar Kennarafélags Vestur-Skaftafellssýslu um endurbætur á launakjörum barnakennara. Bréf 24. nóv. (Db. 684).
37. Mjólkursamsalan sendir fjvn. skrá um laun starfsmanna í stjórn samsölunnar og í skrifstofu hennar. Bréf 8. nóv. (Db. 568).
38. Skipaútgerð ríkisins sendir fjvn. skýrslur um laun háseta á strandferða- og varðskipum ríkisins, yfirmanna á strandferðaskipunum, yfirmanna á varðskipunum og skipshafnarinnar á vitaskipinu Hermóði, og ennfremur skýrslu um laun starfsmanna í skrifstofu og við vöruafgreiðslu skipaútgerðarinnar, svo og um árlegar greiðslur fyrir aukastörf í þágu skipaútgerðarinnar. Bréf ódags. (Db. 563).
39. Tollstjóri sendir fjvn. skýrslu um laun starfsmanna við tollgæzluna og við tollstjóraskrifstofuna. Bréf 6. okt. (Db. 331).
40. Útvegsbanki Íslands h/f sendir fjvn. skrá um laun bankaráðsmanna og starfsmanna bankans. Bréf ódags. (Db. 631).
41. Sami sendir fjvn. skrá um laun starfsmanna útibúa bankans á Akureyri, Ísafirði, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum. Bréf ódags. (Db. 668).
42. Síldarútvegsnefnd sendir fjvn. skrá um laun nefndarmanna og starfsmanna nefndarinnar. Bréf 7. nóv. (Db. 564).
43. Forstjóri Skipaútgerðar ríkisins sendir fjvn. upplýsingar um kaupgjald á hinum vopnuðu varðbátum ríkisins. Bréf 19. okt. (Db. 425).

Sjá ennfr. Fræðslumál 4, Tóbakseinkasala 2, Viðskiptagjald.

Lax- og silungsveiði. Búnaðarmálastjóri sendir Alþingi áskorun búnaðarþings um að Alþingi láti koma til fullra framkvæmda l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði. Bréf 11. marz. (Db. 147).

Lánbeiðnir.

1. Hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps í Barðastrandarsýslu sækir um 10 þús. kr. hallærislán f. h. hreppsins vegna langvarandi atvinnuleysis þar. Símsk. 21. marz. (Db. 195).
2. Jóh. Ragúels fer þess á leit við Alþingi, að það beiti sér fyrir því, að honum verði leyft að flytja inn vörur fyrir 20 þús. kr. á ári meðan innflutningshöftin eru í gildi, og ennfremur að honum verði veitt 16 þús. kr. lán úr ríkissjóði. Bréf 28. okt. (Db. 508).
3. Sigurður Greipsson í Haukadal fer þess á leit við Alþingi, að það heimili ríkisstjórninni að veita honum 4000 króna lán vegna byggingar gistihúss við Geysi. Bréf 20. nóv. (Db. 680).

Lárus Daníelsson, sjá Strandferðir 12, 14.

Lárus Jóhannesson, sjá Áfengisverzlun ríkisins.

Leiðarmerki, sjá Vitamál.

Leiðbeiningarskrifstofa, sjá Háskólinn 1.

Leifur Ásgeirsson sækir um 1200 kr. styrk til stærðfræðilegra rannsókna. Bréf 7. febr. (Db. 53).

Leifur Böðvarsson, sjá Strandferðir 4.

Leikstarfsemi.

1. Leikfélag Akureyrar sækir um 1000 kr. styrk. Bréf 4. marz. (Db. 121).
2. Leikfélag Reykjavíkur fer þess á leit við fjvn., að hún beiti sér fyrir því, að félagið verði undanþegið skemmtanaskatti, eða að öðrum kosti, að ríkissjóðsstyrkur til félagsins verði hækkaður um það, sem skattinum nemur. Bréf 5. nóv. (Db. 552).
3. Leikfélag Ísafjarðar sækir um hækkun á styrk til starfsemi sinnar. Bréf 14. nóv. (Db. 625).

Lestrarfélag Patreksfjarðar. Fjmrn. sendir fjvn. erindi Lestrarfélags Patreksfjarðar, dags. 13. febr., er í felst beiðni um styrk til félagsins. Bréf 19. febr. (Db. 36).

Lifrarbræðslustöð, sjá Síld 3.

Litla-Hraun, sjá Vinnuhæli.

Litli-Árskógssandur, sjá Hafnir og lendingarbætur 16.

Lífeyrissjóður barnakennara.

1. Finnur Jónsson, þm. Ísaf., fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við næsta árs fjárlagafrv. endurgreiðslu á iðgjöldum í lífeyrissjóð kennara til Gunnars A. Jóhannessonar á Ísafirði. Bréf 13. des. 1 fskj. (Db. 781).
2. Bergur Jónsson, þm. Barð., sendir fjvn. umsókn Magnúsar Jónssonar í Skógi á Rauðasandi, um endurgreiðslu úr lífeyrissjóði barnakennara á kr. 105.00, sem hann hefir greitt í sjóðinn. Bréf 15. marz. 3 fskj. (Db. 183).
3. Valdimar Sveinbjörnsson kennari sækir um endurgreiðslu á fé því, sem hann hefir greitt í lífeyrissjóð barnakennara. Bréf 4. nóv. (Db. 542).

Lífeyrissjóður embættismanna.

1. Guðgeir Jóhannsson, fyrrv. kennari á Eiðum, sækir um endurgreiðslu á fé því, sem hann hefir greitt í lífeyrissjóð embættismanna. Bréf 16. okt. (Db. 395).
2. Gunnar Benediktsson, fyrrv. prestur, sækir um endurgreiðslu á því fé, sem hann hefir greitt í lífeyrissjóð embættismanna. Bréf 10. marz. (Db. 136).
3. Jónas Hallgrímsson sækir um endurgreiðslu á því fé, sem hann hefir greitt í lífeyrissjóð embættismanna. Bréf 5. marz. (Db. 95).
4. Kofoed-Hansen, fyrrv. skógræktarstjóri, sækir um endurgreiðslu á því fé, sem hann hefir greitt í lífeyrissjóð embættismanna. Bréf 15. marz. (Db. 168).
5. Páll Kr. Pálsson sækir um endurgreiðslu á því fé, sem hann hefir greitt í lífeyrissjóð embættismanna. Bréf 28. febr. (Db. 86).
6. Þórir Tryggvason sækir um endurgreiðslu úr lífeyrissjóði embættismanna á því fé, sem hann hefir greitt í sjóðinn. Bréf 11. jan. (Db. 19, VIII).

Líftryggingar, sjá Tryggingarmál.

Líkn í Ögurhreppi, sjá Sjúkrastyrkur og styrktarstarfsemi 7.

Loftskeytastöðvar, sjá Símamál 9, 12, 14, 15.

Lýðskóli, sjá Fræðslumál 8.

Læknafélag Akureyrar, sjá Sjúkrahús 10.

Læknisbústaðir og sjúkraskýli.

1. Oddviti Ytri-Akraneshrepps sækir f. h. hreppsnefndarinnar um styrk til byggingar sjúkraskýlis á Akranesi, að upphæð kr. 18333,33. Bréf 22. marz. (Db. 205).
2. Þórhallur Sigtryggsson frá Djúpavogi sækir um styrk handa Berufjarðarlæknishéraði til kaupa á læknisbústað í héraðinu. Bréf 21. marz. (Db. 206).

Sjá ennfr. Ábyrgðir 4.

Læknisvitjanastyrkur.

1. Hreppsnefnd Skaftártunguhrepps í Vestur-Skaftafellssýslu sækir um a. m. k. 300 króna árlegan styrk til læknisvitjana. Bréf 2. jan. (Db. 131).
2. Landlæknir sendir fjvn. afrit af bréfi héraðslæknisins í Öxarfjarðarhéraði, dags. 2. nóv., um erfiðleika íbúa Raufarhafnar við að leita sér læknishjálpar, og mælir landlæknir með því, að Alþingi ákveði að veita nokkra fjárupphæð til læknisvitjana handa þorpinu. Bréf 19. nóv. (Db. 640).

Löggildingarstofan. Fjármálaráðuneytið sendir fjvn. bréf löggildingarstofunnar, dags. 16. nóv., er í felst beiðni um, að löggildingarstofan megi kaupa áhöld fyrir allt að 5000 kr. Bréf 18. nóv. (Db. 638).

Lögmaðurinn í Reykjavík. Áætlun lögmannsins í Reykjavík um skrifstofukostnað við lögmannsembættið árið 1936. Bréf 15. jan. (Db. 19, XIX). Sjá ennfr. Launamál 7.

Lögreglustjórinn í Reykjavík.
1. Áætlun lögreglustjórans í Reykjavík um skrifstofukostnað við lögreglustjóraembættið árið 1936, dags. 15. jan. (Db. 19, XXI).
2. Tillögur sama um fjárveitingar til rekstrar hegningarhússins í Reykjavík árið 1936, dags. 15. jan. (Db. 19, XXII).
3. Sami sendir fjvn. skýrslu um skrifstofukostnað embættisins 1934. Bréf 7. okt. (Db. 335).
4. Sami sendir fjvn. yfirlit um skrifstofukostnað embættisins árið 1934 o. fl. Bréf 8. okt. (Db. 345).
5. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. erindi lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 14. nóv., varðandi kostnað við að gefa út sögu lögreglunnar í Reykjavík. Bréf 25. nóv. (Db. 702).

Sjá ennfr. Fangahús 3.

Magnús Andrésson, bóndi á Ytra-Hóli í Vestur-Landeyjum, sækir um 2500 kr. styrk til þess að flytja bæ sinn. Bréf ódags. (Db. 116).

Magnús Jónsson fyrrv. sýslumaður. Sjö nafngreindir menn í Gullbringu- og Kjósarsýslu beiðast umsagnar fjvn. um ýms atriði í sambandi við embættisrekstur Magnúsar Jónssonar fyrrv. sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Bréf 4. marz. (Db. 94).

Magnús Jónsson í Skógi, sjá Lífeyrissjóður barnakennara 2.

Magnús Stefánsson, sjá Ritstyrkur 7.

Magnús Torfason, sjá Miðstjórn.

Margrét Vigfúsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 34.

Markaðsleit, sjá Fiskiveiðar 3.

Markaðsleitarsjóðsdeild, sjá Fiskiveiðar 5.

Martha Þorvaldsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 35.

Matsveina- og veitingaþjónafélag Íslands sækir um 2000 kr. styrk. Bréf 5. okt. 1 fskj. (Db. 323). Sjá ennfr. Sjúkrastyrkur og styrktarstarfsemi 10.

Matthías Eggertsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 36.

Matthías Jónasson, sjá Námsstyrkur 9.

Matvælaeftirlit. Atv.- og samgmrn. gefur fjvn. skýrslu um kostnað við eftirlit með smjörlíkisgerðum, matvælarannsóknir og undirbúning matvælaeftirlits. Bréf 8. okt. (Db. 346).

Málaflutningsmannafélag Íslands, sjá Hæstiréttur.

Málleysingjar, sjá Daufdumbrakennsla.

Meðalmeðlag, sjá Barnsmeðlög.

Meðferð einkamála. Lagadeild Háskóla Íslands, sem allshn. Nd. hefir leitað álits hjá um frv. til l. um meðferð einkamála í héraði, telur athugun málsins taka svo langan tíma, að æskilegt sé, að afgreiðslu þess sé frestað til næsta þings. Bréf 15. nóv. (Db. 629).

Menningarsjóður. Menntamálaráð Íslands fer þess á leit við Alþingi, að það beiti sér fyrir því, að Menningarsjóði Íslands verði framvegis tryggðar a. m. k. 50 þús. kr. árlegar tekjur. Bréf 18. nóv. (Db. 635).

Menntamál, tímarit, sjá Fræðslumál 7.

Menntamálaráð, sjá Menningarsjóður.
Menntaskólinn á Akureyri.
1. Tillögur skólastjóra menntaskólans á Akureyri um fjárveitingar til skólans árið 1936. Símsk. 15. jan. (Db. 19, XXXIX).
2. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. afrit af bréfi landlæknis til ráðuneytisins, dags. 9. maí, er í felast meðmæli hans með ósk skólameistara menntaskólans á Akureyri um 500 kr. árlega fjárveitingu vegna tannlækninga við skólann. Bréf 16. okt. 3 fskj. (Db. 397).

Sjá ennfr. Launamál 31.
Menntaskólinn í Reykjavík.
1. Tillögur rektors menntaskólans í Reykjavík um fjárveitingar til skólans árið 1936, dags. 13. jan. (Db. 19, XXXVIII).
2. Rektor menntaskólans í Reykjavík fer þess á leit við Alþingi, að það hlutist til um, að rektor skólans verði séð fyrir húsnæði utan skólans, en íbúð sú, sem hann hefir í skólahúsinu, verði notuð fyrir kennslustofur. Bréf 17. nóv. 1 fskj. (Db. 665).

Miðstjórn Bændaflokksins krefst þess, að Alþingi úrskurði, að þingmennskuumboð Magnúsar Torfasonar sé niður fallið, en að Stefáni Stefánssyni beri að taka sæti á Alþingi. Bréf 8. okt. 3 fskj. (Db. 332).
Miklavatnsmýraráveita, sjá Eftirgjöf á láni 3.
Mjólk.
1. 2619 húsmæður í Reykjavík senda Alþingi ályktanir húsmæðrafunda í Reykjavík í janúar og febrúar 1935 út af mjólkursölulögunum og framkvæmd þeirra. (Db. 52).
2. Borgarstjórinn í Reykjavík sendir Alþingi áskorun bæjarstjórnar Reykjavíkur um, að það samþykki ýmsar breytingar á l. um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. Bréf 8. marz. (Db. 129).
3. Mjólkursölunefndin sendir fjvn. skýrslu um greiðslur vegna fundahalda nefndarinnar frá 1. jan. til 1. sept. 1935. Ódags. (Db. 649).

Sjá ennfr. Landbúnaðarmál 3, Tollar og tollgæzla 4.
Mjólkurbú, sjá Fiskirækt.
Mjólkursamsalan, sjá Launamál 37.
Mjólkursölunefnd, sjá Mjólk 3.
Myndlist.
1. Ásmundur Sveinsson myndhöggvari fer þess á leit við fjvn., að styrkur sá, sem honum var veittur í síðustu fjárlögum, megi haldast framvegis. Bréf 16. okt. 1 fskj. (Db. 403).
2. Páll Þorbjörnsson, 3. landsk. þm., fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við næsta árs fjárlagafrv. 1500 kr. styrk til Bjarna Guðjónssonar myndskera í Vestmannaeyjum. Bréf 25. nóv. (Db. 695).
3. Myndlistaskólinn í Reykjavík sækir um 3000 kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 26. okt. 3 fskj. (Db. 686).
4. Ríkarður Jónsson myndhöggvari gerir fjvn. tilboð um að gera myndir af forsetum Alþingis. Bréf 9. des. (Db. 762).

5. Sigurjón Ólafsson myndhöggvari sækir um 4000 kr. styrk. Bréf 22. febr. 3 fskj. (Db. 111).

Mænusótt, sjá Heilbrigðismál 3.

Námskeið fyrir atvinnulausa unglinga. Skólanefnd Reykjavíkur sendir menntmn. Nd. umsögn sína um frv. til l. um námskeið fyrir atvinnulausa unglinga í bæjum og kaupstöðum. Bréf 12. marz. (Db. 153).

Námsstyrkur.

1. Agnar Eldberg Kofoed-Hansen sækir um 8000 kr. styrk til framhaldsnáms við flugskóla danska flotans. Bréf 5. febr. (Db. 11).
2. Guðmundur Kristjánsson söngvari sækir um eftirgjöf á 1200 kr. láni, er honum var veitt til söngnáms árið 1924, ásamt vöxtum. Bréf 20. jan. (Db. 22).
3. Halldór Pálsson sækir um 2000 kr. styrk til framhaldsnáms í sauðfjárrækt við háskólann í Edinborg. Bréf 13. okt. (Db. 391).
4. Helgi Hannesson kennari sækir um 1500 kr. utanfararstyrk. Bréf 12. febr. 1 fskj. (Db. 228).
5. Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M., sendir fjvn. umsókn Jóns Sigurðssonar á Vopnafirði, dags. 9. okt., um 800 kr. styrk til framhaldsnáms í menntaskólanum á Akureyri. Bréf 21. okt. 2 fskj. (Db. 435).
6. Grímur Sigurðsson sækir f. h. sonar síns, Kristjáns Grímssonar læknis, um 1500 kr. styrk til framhaldsnáms erlendis í handlæknisfræði. Bréf 14. febr. 2 fskj. (Db. 23).
7. Sami ítrekar umsókn sína frá 14. febr. Bréf 18. okt. (Db. 411).
8. Kristófer Finnbogason frá Hítardal sækir um styrk til framhaldsnáms í verzlunarvísindum. Bréf 2. marz. (Db. 118).
9. Þórhallur Ásgeirsson afturkallar fyrir hönd Matthíasar Jónassonar uppeldisfræðings styrkbeiðni hans frá síðastl. vori. Bréf 21. sept. (Db. 301).
10. Sigurður Skúlason magister sækir um 3000 kr. styrk til framhaldsnáms í framsagnarlist erlendis. Bréf 17. febr. 2 fskj. (Db. 49).
11. 80 útvarpshlustendur á Húsavík skora á Alþingi að verða við beiðni Sigurðar Skúlasonar magisters um styrk til framhaldsnáms í framsagnarlist. Símsk. 23. febr. (Db. 65).
12. Sigvaldi Kaldalóns læknir skorar á fjvn. f. h. 40 útvarpsnotenda í Grindavíkurhreppi að leggja til, að Sigurði Skúlasyni magister verði veittur umbeðinn styrkur til framhaldsnáms í framsagnarlist. Bréf 2. marz. (Db. 96).
13. 11 menn skora á Alþingi að ákveða að veita Sigurði Skúlasyni magister umbeðinn 3000 kr. utanfararstyrk. Bréf 28. febr. (Db. 125).
14. 33 útvarpsnotendur á Bíldudal skora á fjvn. að taka upp í tillögur sínar við fjárlagafrv. styrk til Sigurðar Skúlasonar magisters til náms í framsagnarlist erlendis. Bréf ódags. (Db. 200).
15. Emil Jónsson, þm. Hafnf., fer þess á leit við fjvn., að hún leggi til, að Svanhvíti Egilsdóttur í Hafnarfirði verði á næsta ári veittur 1000–1500 kr. styrkur til söngnáms í Vínarborg. Bréf 23. okt. 1 fskj. (Db. 459).

16. Svavar Guðnason sækir um 2000 kr. styrk til framhaldsnáms í málaralist erlendis. Bréf 24. okt. 3 fskj. (Db. 594).

Sjá ennfr. Háskólinn 10, 11, 13, 14, Verklegt nám sjómanna.

Náttúrufræðifélagið. Hið íslenzka náttúrufræðifélag sækir um 3400 kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 17. jan. (Db. 19, XLVII).

Nes í Norðfirði, sjá Þjóðjarðasala.

Nielsen, Chr. Fr., sjá Iðnaðarmál 5, 6.

Norðri, Breiðafjarðarbátur, sjá Strandferðir 15.

Norræna félagið, sjá Norrænt ritþöfundaþing.

Norrænt ritþöfundaþing. Utanríkismálaráðuneytið sendir fjvn. afrit af erindi Bandalags íslenzkra listamanna og Norræna félagsins um 3000 kr. styrk úr ríkissjóði til þess að halda hér á landi í sumar þing norrænna ritþöfundafélaga. Bréf 27. marz. (Db. 222).

Norsku samningarnir. Fiskifélag Íslands sendir áskorun fjórðungsþings fiskideilda Norðlendingafjórðungs 23.—25. nóv. til Alþingis, um að segja upp norsku samningunum. Bréf 4. des. (Db. 742).

Nöf við Hofsós, sjá Hafnir og lendingarbætur 19.

Oddur Valentínusson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 37.

Olía.

1. Olíufélagið Atlantic h/f fer þess á leit við sjútvn. Nd., að hún hlutist til um, að félaginu verði séð fyrir innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir olíu, eftir þörfum viðskiptamanna félagsins. Bréf 5. nóv. 1 fskj. (Db. 540).
2. Sama sendir sjútvn. Nd. afrit af fundargerð fundar útgerðarmanna 12. okt., er í felast tillögur fundarins varðandi innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til olíukaupa landsmanna. Bréf 6. nóv. (Db. 551).
3. Sama sendir sjútvn. Nd. 3 synjanir gjaldeyrisnefndar á innflutnings- og gjaldeyrisleyfum til félagsins og viðskiptamanna þess. Bréf 8. nóv. (Db. 566).
4. Sama sendir sjútvn. Nd. upplýsingar um verð á olíu hjá sér. Bréf 16. nóv. 5 fskj. (Db. 636).
5. Erindi frá sama, sama efnis. Bréf 21. nóv. (Db. 673).
6. Sama leitar ásjár sjútvn. Nd. út af því, að innflutnings- og gjaldeyrisnefnd hafi ekki veitt því leyfi til innflutnings á olíu á borð við önnur olíufélög. Bréf 22. nóv. (Db. 661).
7. Fiskifélag Íslands sendir áskorun fjórðungsþings fiskideilda Norðlendingafjórðungs 23.—25. nóv. til Alþingis um að það beiti sér fyrir verðlækkun á hráolíu. Bréf 4. des. (Db. 742).

Sjá ennfr. Innflutnings- og gjaldeyrisnefnd.

Olympíuleikar, sjá Íþróttakennsla 4.

Ommundsson, Ole, sjá Ríkisborgararéttur.

Opinber gjöld, sjá Skattamál 1.

Opinberir sjóðir.

1. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. skrá um sjóði þá, sem eru í vörzlu ráðuneytisins. Bréf ódags. (Db. 359).

2. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. skrá um sjóði þá, sem eru í vörzlu ráðuneytisins. Bréf ódags. (Db. 360).

Ormaveiki í sauðfé, sjá Dýralækningar 4, Sauðfjársjúkdómar 2.
Ormsbræður, sjá Iðnaðarmál 1, Rafmagnsvélar.
Óðalsréttur, sjá Ættaróðul.
Ólafsfjarðarhreppur, sjá Ásbyrgi 4, Tjón af völdum ofviðris 2, 3.
Ólafsvík, sjá Hafnir og lendingarbætur 8, 9, 18.
Ólafur Jóh. Sigurðsson, sjá Ritstyrkur 8.
Ólafur Jóhannesson, sjá Iðnaðarmál 10.
Ólafur Ólafsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 38.
Ólína Sóley Sigurbergsdóttir, sjá Fávitar 3.
Ólína Sigurðardóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 39.
Óshólar, sjá Vitamál 5.
Ósk, kvenfélagið, sjá Húsmæðrafræðsla 3, 8.
Óskilgetin börn, sjá Barnsmeðlög.

Páll Kr. Pálsson, sjá Lífeyrissjóður embættismanna 5.
Páll Sveinsson, sjá Frönsk-íslenzk orðabók.
Pedersen, Martin Schönning Kristian, sjá Ríkisborgararéttur.
Pedersen Simson, Jens Kristian Martinus, sjá Ríkisborgararéttur.
Pétur Á. Jónsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 40.
Pétur Sigurðsson, sjá Fyrirlestrahald.

Póstmál.

1. Áætlun póstmálastjóra um útgjöld við póstmálastjórnina árið 1936. Bréf 14. jan. (Db. 19, XIII).
2. Áætlun póstmálastjóra um tekjur póstsjóðs árið 1936. Bréf 18. jan. (Db. 19, XII).

Sjá ennfr. Launamál 18, 35.

Prentsmiðjur.

1. Íslenzka bóksalafélagið mótmælir frv. til l. um viðauka við l. nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur] og brtt. við það frv. á þskj. 124. Bréf 16. marz. (Db. 171).
2. Stjórn Félags íslenzkra prentsmiðjueigenda mótmælir sama frv. Bréf 20. marz. (Db. 202).
3. Ritháfundadeild Bandalags íslenzkra listamanna mótmælir sama frv. Bréf 27. marz. (Db. 218).

Sjá ennfr. Alþingistíðindi 1, 3.

Rafmagnseftirlit ríkisins.

1. Tillögur forstöðumanns rafmagnseftirlits ríkisins um tekjur og gjöld rafmagnseftirlitsins árið 1936, dags. 14. jan. (Db. 19, LVIII).
2. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. afrit af bréfi rafmagnseftirlits ríkisins, dags. 10. okt., varðandi heimild því til handa til þess að kaupa einn jarðviðnámsmæli fyrir háspennu- og lágspennuraforkuvirki. Bréf 17. okt. (Db. 420).

Rafmagnsvélar. Ormsbræður sækja um 8000 kr. styrk til að smíða rafmagnsvélar, sérstaklega gerðar fyrir íslenzka staðhætti. Bréf 4. marz. 1 fskj. (Db. 114).

Rafstöðvar. Bergur Jónsson, þm. Barð., sendir fjvn. fundargerð millifundanefndar úr sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, með tillögum og skýrslum um fjárreiður rafveitu Suðurfjarðahrepps. Bréf 22. marz. (Db. 202).

Rafveita, sjá Bæjarstjórn Akureyrar.

Rannsóknarstofa háskólans, sjá Háskólinn 3, 6, 7.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Búnaðarmálastjóri sendir Alþingi tillögur búnaðarþings um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og um ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum. Bréf 11. marz. (Db. 148). Sjá ennfr. Háskólinn 4.

Rauðikross Íslands. Rauðakrossdeild Akureyrar sækir um 3000 kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 21. okt. 1 fskj. (Db. 501).

Reinald Kristjánsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 41.

Reykholtsskóli, sjá Héraðsskólar.

Reykjahæli, sjá Bókasöfn 6, Sjúkrahús 3, 17.

Reykjatangi, sjá Þjóðjarðasala.

Réttarfarslöggjöf, sjá Fangahús 1.

Rithöfundafélög, sjá Norrænt rithöfundaþing.

Ritstyrkur.

1. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. bréf Björns K. Þórólfssonar dr. phil., dags. 6. febr., er í felst beiðni um, að styrkur sá, sem hann hefir notið undanfarin ár, megi haldast í næsta árs fjárlögum. Bréf 19. febr. (Db. 50).
2. Guðmundur Finnbogason landsbókavörður sækir um 2000 króna launahækkun eða ritstyrk. Bréf 16. okt. (Db. 384).
3. Sigurður Einarsson, 9. landsk. þm., sækir um 500 kr. ritstyrk til handa Jens Hermannssyni, skólastjóra á Bíldudal. Bréf 26. febr. (Db. 76).
4. Jóhann Sveinsson frá Flögu sækir um 1000 kr. styrk til vísnasöfnunar. Bréf 5. nóv. 1 fskj. (Db. 560).
5. Jóhannes úr Kötlum sækir um 2000 kr. styrk til ritstarfa. Bréf 3. nóv. (Db. 541).
6. Kristmann Guðmundsson rithöfundur sækir um 4000 króna árlegan styrk til ritstarfa. Bréf 5. okt. 1 fskj. (Db. 319).
7. 21 nafngreindur maður fer þess á leit við fjvn., að hún leggi til, að Magnúsi skáldi Stefánssyni verði í næsta árs fjárlögum veittur 1000 kr. styrkur í viðurkenningarskyni fyrir skáldskap hans. Bréf 30. okt. (Db. 515).
8. Ólafur Jóh. Sigurðsson sækir um 800 kr. styrk til ritstarfa. Bréf ódags. (Db. 320).
9. Sigurður Nordal prófessor sækir um, að sá ritstyrkur, sem hann hefir notið úr ríkissjóði undanfarin ár, 2000 kr. auk verðstuðulsuppbótar, verði fluttur í 18. gr. fjárlaganna. Bréf 2. nóv. (Db. 530).
10. Sigurður Sigurðsson frá Arnarholti sækir um hækkun á styrk þeim, er hann nýtur úr ríkissjóði, upp í 1200 kr. á ári. Bréf 10. okt. (Db. 354).

11. Arnór Sigurjónsson sækir um hækkun á ritstyrk til handa Theodór Friðrikssyni. Bréf 26. okt. (Db. 178).
12. Tómas Guðmundsson skáld sækir um 1500 kr. ritstyrk. Bréf 3. des. (Db. 738).
13. Þórbergur Þórðarson fer þess á leit við fjvn., að hún hlutist til um, að styrkur sá, sem hann hefir notið að undanförnu til orðasöfnunar og ritstarfa, verði fluttur yfir í 18. gr. fjárlaganna. Bréf 2. des. (Db. 733).
14. Helgi Péturss dr. phil. sækir um 500 kr. styrk til handa Þorsteini Jónssyni skáldi, Geirshlíðarkoti í Flókadal. Bréf 11. nóv. (Db. 598).
15. Sigurgeir Friðriksson bókavörður fer þess á leit við Alþingi, að það ákveði að veita Þorsteini Þ. Þorsteinssyni rithöfundi 1500 kr. í næsta árs fjárlögum í viðurkenningarskyni fyrir starf hans í þágu íslenzkra bókmennta vestan hafs. Bréf 5. nóv. (Db. 550).

Ríkisborgararéttur. Umsóknir um íslenzkan ríkisborgararétt frá Evelyn Þóru Hobbs, Helgu Hobbs, Jósephinu A. Hobbs (Db. 197), Kára Johansen (Db. 474), Ole Ommundsson (Db. 718), Martin Schönning Kristian Pedersen (Db. 548), Johan Schröder (Db. 698), Jens Kristian Martinus Pedersen Simson (Db. 723), Olaf Olsen Visnes (Db. 197) og Johannes Wæhle (Db. 204).

Ríkisféhirðir sendir fjvn. ýmsar brtt. við frv. til fjárlaga fyrir árið 1936. Bréf ódags. (Db. 396).

Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla. Landlæknir sendir allshn. Nd. breytingartillögur við frv. til laga um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Bréf 15. nóv. (Db. 618).

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, sjá Launamál 17, 19.

Ríkisskattanefnd. Skattstjórinn í Reykjavík sendir fjvn. upplýsingar um kostnað við ríkisskattanefnd, annan en launagreiðslur. Bréf 19. okt. (Db. 417). Sjá ennfr. Launamál 13.

Ríkisspítalar, sjá Sjúkrahús.

Ríkisútgáfa skólabóka.

1. Stjórn Sambands íslenzkra barnakennara mótmælir brtt. meiri hl. menntmn. Ed. við frv. til l. um ríkisútgáfu skólabóka, á þskj. 125. Bréf 16. marz. (Db. 179).
2. Sama sendir Ed. meðmæli sín með brtt. 4. landsk. þm. (JBald) og 4. þm. Reykv. (SÁÓ) við frv. til l. um ríkisútgáfu skólabóka. Bréf 12. nóv. (Db. 663).
3. Sama sendir Alþingi umsagnir nokkurra kennara um frv. til l. um ríkisútgáfu skólabóka og áskoranir nokkurra kennarafélaga til Alþingis um að samþykkja það. Bréf 30. nóv. (Db. 725).

Ræktunarvegir, sjá Vegamál 17.

Röntgentæki, sjá Sjúkrahús 1.

Safamýri, sjá Landþurrkunarfélag.

Saga lögreglunnar í Reykjavík, sjá Lögreglustjórinn í Reykjavík 5.

Salerni í sveitum, sjá Heilbrigðismál 2.

Samband ísl. barnakennara, sjá Ríkisútgáfa skólabóka.

Samband íslenzkra karlakóra, sjá Karlakórar.
Samband norðlenzkra kvenna. Stjórn Sambands norðlenzkra kvenna sækir um 2000 kr. styrk til starfsemi sambandsins. Bréf 17. febr. (Db. 237).
Sameining lögsagnarumdæma.
1. Sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu skorar á Alþingi að lögfesta ekki sameiningar á lögsagnarumdæmum, prestaköllum eða skólahéruðum, án þess að leita álits viðkomandi sýslunefndar og hreppsnefndar. Bréf 21. ágúst. (Db. 285).
2. Sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu mótmælir tillögum launamálanefndar um fækkun lögsagnarumdæma, stækkun skólahéraða og fækkun kennara. Bréf 12. sept. (Db. 388).

Sjá ennfr. Berklavarnir 4.
Samgöngur, sjá Vegamál.
Sandgræðsla.
1. Tillögur búnaðarmálastjóra um fjárveitingar til sandgræðslu árið 1936. Bréf 15. jan. (Db. 19, LVI).
2. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. bréf Egils Thorarensens, f. h. Kaupfélags Árnesinga, er í felst umsókn f. h. jarðeigenda á sandgræðslusvæðinu vestan Ölfusár um 10 þús. kr. fjárveitingu til sandgræðslu á nefndu svæði. Bréf 9. marz. (Db. 134).
3. Sama sendir fjvn. bréf sama manns, dags. s. d., er í felst umsókn Kaupfélags Árnesinga um styrk til girðinga vegna sandgræðslu vestan Ölfusár. Bréf 9. marz. 3 fskj. (Db. 135).
4. Sama sendir fjárveitinganefnd bréf Búnaðarfélags Íslands, dags. 9. ágúst, ásamt erindi Eyjólfs Guðmundssonar, bónda að Hvoli í Mýrdal, dags. 4. júní, er í felst umsókn um, að tekin verði til sandgræðslu tiltekin svæði úr Hvolslandi. Bréf 23. ágúst. (Db. 283).
5. Sama sendir fjárveitinganefnd bréf Gunnlaugs Kristmundssonar sandgræðslustjóra, dags. 10. og 28. júlí, varðandi framkvæmdir til varnar sandfoki á Hvolslandi í Mýrdal. Bréf 8. ágúst. 1 fskj. (Db. 280).
6. Guðmundur Jónsson, bóndi í Nesi í Selvogi, sækir um 5000 kr. styrk upp í kostnað við girðingu vegna sandgræðslu í Neslandi. Bréf 22. okt. 2 fskj. (Db. 446).
7. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk., skrifar fjvn. út af fjárframlögum til landvarna og sandgræðslu í Meðallandi. Bréf 26. okt. (Db. 471).

Sauðanesós, sjá Brúargerðir 4.
Sauðfjárræktarnám, sjá Kjöt 2.
Sauðfjársjúkdómar.
1. Bjarni Jónsson í Kálfárdal í Austur-Húnavatnssýslu sækir um 1500 kr. styrk vegna tjóns, er hann hefir orðið fyrir af skjögurveiki í sauðfé sínu. Bréf 1. marz. 3 fskj. (Db. 97).
2. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv., fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við næsta árs fjárlagafrv. 350 kr. styrk handa Ágúst Jónssyni, bónda að Hofi í Vatnsdal, til áhaldakaupa vegna rannsókna hans á ormaveiki í sauðfé í Húnavatnssýslu. Bréf 13. des. 1 fskj. (Db. 782).

Sjá ennfr. Dýralækningar.

Saumanámskeið, sjá Húsmæðrafræðsla 9.
Saurbæjarhreppur, sjá Eftirgjöf á láni 1.
Schröder, Johan, sjá Ríkisborgararéttur.
Sesselja H. Sigmundsdóttir, sjá Fávitar 2, Símamál 10.
Sigfús Einarsson, sjá Söngflokkur.
Siglingar.
1. Vélstjórafélag Íslands sendir sjútvn. Ed. umsögn sína um erindi h/f Eimskipafélags Íslands, dags. 16. nóv., um að frv. til l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum verði breytt á þann hátt, að ekki verði lögboðin fjölgun starfsmanna á skipum félagsins. Bréf 19. nóv. (Db. 641).
2. Sameiginlegur fundur skipstjórafélagsins Öldunnar í Reykjavík, Skipstjóra- og stýrimannafélags Reykjavíkur, Stýrimannafélags Íslands, Reykjavík, skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis, Reykjavík, og skipstjóra- og stýrimannafélagsins Kára í Hafnarfirði sendir Alþingi brtt. við frv. til l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum. Bréf ódags. 1 fskj. (Db. 662).
3. Skipstjórafélagið Bylgjan á Ísafirði sendir sjútvn. Ed. meðmæli sín með frv. til l. um atvinnu við siglingar. Bréf 9. des. (Db. 766).
Sigríður Kjartansdóttir, sjá Sjúkrastyrkur og styrktarstarfsemi 5.
Sigrún H. Bjarnason, sjá Eftirlaun og styrktarfé 42.
Sigurberg Einarsson, sjá Fávitar 3.
Sigurður Ágústsson, sjá Frystihús 1.
Sigurður Fjeldsted, sjá Útvarp 4.
Sigurður Greipsson, sjá Lánbeiðnir 3.
Sigurður Nordal, sjá Ritstyrkur 9.
Sigurður Sigurðsson frá Arnarholti, sjá Ritstyrkur 10.
Sigurður Skúlason, sjá Námsstyrkur 10, 11, 12, 13, 14.
Sigurður Steinþórsson, sjá Frystihús 1.
Sigurður Thoroddsen, sjá Eftirlaun og styrktarfé 43.
Sigurður Þorkelsson, sjá Örkumla menn 2.
Sigurður Þórðarson, sjá Skaðabætur 1.
Sigurgeir Friðriksson, sjá Bókasöfn 2.
Sigurjón Ólafsson, sjá Myndlist 5.
Sigurjón Pétursson, sjá Íþróttakennsla 3.
Sigvaldi Kaldalóns, sjá Námsstyrkur 12.
Silungsveiði, sjá Lax.
Simson, Jens Kristian Martinus Pedersen, sjá Ríkisborgararéttur.
Síld.
1. 25 kjósendur í Mjóafirði skora á Alþingi að afnema lög nr. 54 frá 1935, um breyt. á tilskipun um síldar- og ufsaveiði með nót. Símsk. 28. febr. (Db. 85).
2. 47 alþingiskjósendur í Mjóafirði fara þess á leit við Alþingi, að það felli úr gildi lög nr. 54 28. jan. 1935, um breyt. á tilsk. fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót frá 12. febr. 1872. Bréf 8. marz. (Db. 157).

3. Haraldur Guðmundsson atvmrh., þm. Seyðf., fer þess á leit við fjvn., að hún fallist á, að frystihús og lifrarbræðslustöð á Seyðisfirði verði sameinuð fyrirhugaðri síldarbræðslustöð og ábyrgðarheimild ríkisstjórnarinnar vegna síldarbræðslustöðvarinnar taki til allra fyrirtækjanna. Bréf 14. okt. (Db. 368).
4. Verkamannafélag Glæsibæjarhrepps skorar á Alþingi að heimila ríkisstjórninni að kaupa Krossanesverksmiðjuna við Eyjafjörð, en til vara að leigja hana til rekstrar. (Db. 522).

Sjá ennfr. Ábyrgðir 8, 10, Launamál 42.

Síldarbræðsluverksmiðja, sjá Bæjarstjórn Akureyrar, Síld 3, 4.

Síldarmjöl. Fundur sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu 2. maí skorar á Alþingi að ákveða að veita bændum í sýslunni helmingsafslátt á andvirði þess síldarmjöls, sem ríkisstjórnin hefir af hendi látið til þeirra. Bréf 26. ágúst. (Db. 288).

Síldarútvegsnefnd, sjá Ábyrgðir 8, Launamál 42.

Símamál.

1. Áætlun landssímastjóra um tekjur og gjöld landssímans árið 1936. Bréf 15. jan. (Db. 19, XIV).
2. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf., sækir um styrk til símalínu frá Sandeyri að Hesteyri. Bréf 19. febr. (Db. 63).
3. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi landssímastjóra, dags. 13. febr., ásamt erindi oddvita Þingeyrarhrepps, dags. 5. febr., er í felst beiðni um að landssíminn taki við símalínunni frá Þingeyri til Haukadals. Bréf 25. febr. (Db. 75).
4. Sama sendir fjvn. erindi Jóns Árnasonar, framkvæmdarstjóra, dags. 7. marz, er í felst beiðni fyrir hönd Kaupfélags Saurbæinga í Dalasýslu um, að lögð verði símalína frá Stórholti að Tjaldanesi í Dalasýslu. Bréf 13. marz. (Db. 162).
5. Bergur Jónsson, þm. Barð., sendir fjvn. beiðni 8 manna í Trostansfirði, um að fyrirhuguð símalína til Dufansdals verði látin ná alla leið til Trostansfjarðar, og beiðni 45 manna í Út-Tálknafirði, um að í vor verði lagður sími frá Sveinseyri að Bakka í Tálknafirði. Bréf 11. marz. (Db. 138).
6. Sami sendir fjvn. erindi hreppsnefndar Rauðasandshrepps, dags. 30. sept., er í felst beiðni til þingmannsins um að beita sér fyrir því, að í stað símalínu frá Breiðuvík til Kollsvíkur komi lína frá Örlygshöfn um Hænuvík til Kollsvíkur. Bréf 15. okt. (Db. 381).
7. Sami sendir fjvn. erindi hreppsnefndar Rauðasandshrepps, dags. 30. sept., er í felst beiðni til þingmannsins um að beita sér fyrir því, að þegar næsta vor verði lögð símalína frá Hvalskeri til Saurbæjar á Rauðasandi. Bréf 15. okt. (Db. 380).
8. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ., fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við næsta árs fjárlagafrv. fjárveitingu til lagningar símalínu frá Skinnastað um Kelduhverfi að Víkingavatni og frá Skinnastað að Austaralandi. Bréf 29. okt. (Db. 490).

9. Póst- og símamálastjóri sendir sjútvn. Ed. umsögn sína um fram komnar brtt. við frv. til l. um loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum. Bréf 8. nóv. (Db. 572).
10. Sami sendir fjvn. afrit af erindi Sesselju H. Sigmundsdóttur, dags. 13. nóv., er í felst umsókn um, að lögð verði símalína frá Minniborg til barnaheimilisins Sólheima. Bréf 13. nóv. 1 fskj. (Db. 601).
11. Sami skorar á fjvn. að taka upp í till. sínar við næsta árs fjárlagafrv. 3500 kr. til lagningar símalínu frá Laxamýri í Suður-Þingeyjarsýslu um Sílalæk að Sandi. Bréf 10. des. (Db. 765).
12. Guðmundur J. Einarsson, bóndi í Hergilsey, leitar ásjár fjvn. út af styrk til að koma upp talstöðvum handa bændum í Flateyjarhreppi. Bréf 22. nóv. (Db. 676).
13. Jón Baldvinsson, 4. landsk. þm., sendir Alþingi beiðni 36 Breiðfirðinga til Alþingis um að það ákveði að veita í næsta árs fjárlögum fé til símalínu út í Brokey á Breiðafirði. Bréf 21. okt. (Db. 705).
14. Eimskipafélagið Ísafold h/f og Eimskipafélag Reykjavíkur h/f senda sjávarútvegsnefndum umsögn sína um frv. til l. um loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum. Bréf ódags. 3 fskj. (Db. 729).
15. Tillögur framkvæmdarstjóra Eimskipafélags Íslands til sjútvn. Ed. varðandi frv. til l. um loftskeytastöðvar á íslenzkum skipum. Bréf 16. nóv. (Db. 811).

Sjá ennfr. Launamál 10, 18, Slysavarnir.

Sjómannafélag Reykjavíkur, sjá Atvinnubætur 1, Skipaskoðun.

Sjómannafélag Vestmannaeyja, sjá Viðskiptagjald.

Sjóvarnargarður, sjá Hafnir og lendingarbætur.

Sjúkrahús.

1. Landlæknir sækir um styrk til handa sjúkraskýlinu í Vík til kaupa á röntgentækjum. Bréf 16. jan. 2 fskj. (Db. 19, X).
2. Tillögur sama um fjárveitingar til landsspítalans árið 1936. Bréf 16. jan. (Db. 19, XXIV).
3. Sami sendir fjvn. kostnaðaráætlun heilsuhælanna á Reykjum og í Kristnesi fyrir árið 1936. Bréf 21. okt. (Db. 448).
4. Sami sendir fjvn. yfirlit um kostnað við rekstur ríkisspítalanna síðastliðið ár. Bréf 8. nóv. (Db. 571).
5. Kostnaðaráætlun holdsveikraspítalans í Laugarnesi fyrir árið 1936, dags. 15. jan. (Db. 19, XXVI).
6. Ráðsmaður eldri spítalans á Kleppi sendir kostnaðaráætlun spítalans fyrir árið 1936, dags. 15. jan. (Db. 19, XXVII).
7. Kostnaðaráætlun yfirlæknis nýja spítalans á Kleppi um rekstur spítalans árið 1936, dags. 15. jan. (Db. 19, XXVIII).
8. Kostnaðaráætlun yfirlæknis heilsuhælisins á Vífilsstöðum um rekstur hælisins árið 1936, dags. 15. jan. (Db. 19, XXIX).
9. Framsóknarfélagið á Akureyri skorar á Alþingi að ákveða að veita í næsta árs fjárlögum ríflegan styrk til byggingar sjúkrahúss á Akureyri. Bréf 7. febr. (Db. 42).

10. Læknafélag Akureyrar skorar á Alþingi að ákveða að veita Akureyrarkaupstað umbeðinn styrk til að reisa sjúkrahús á Akureyri. Bréf 5. febr. (Db. 58).
11. Almennur verklýðsfundur á Akureyri 10. febr. skorar á Alþingi að ákveða að veita nægilegt fé til byggingar sjúkrahúss á Akureyri. Bréf 1. marz. (Db. 163).
12. Dóms- og kirkjumrn. beiðist umsagnar fjvn. um erindi landlæknis, dags. 9. marz, um heimild ráðuneytisins til þess að flytja nokkra rólega sjúklinga frá Kleppsspítala yfir í Laugarnesspítala og rýma þannig fyrir óðum sjúklingum, sem þarfnast spítalavistar. Bréf 23. marz. (Db. 210).
13. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. til athugunar bréf yfirlæknisins við Laugarnesspítala, dags. 14. júní, varðandi málningu spítalans að utan. Bréf 10. okt. 2 fskj. (Db. 357).
14. Stjórnarnefnd ríkisspítalanna sendir fjvn. fjárhagsáætlanir fyrir ríkisspítalana. Bréf 9. okt. (Db. 347).
15. Framkvæmdastjórn sameignarfélagsins „Sjúkrahússins í Húsavík" sækir um 20 þús. kr. styrk í næsta árs fjárlögum til sjúkrahússins í Húsavík. Bréf 21. okt. (Db. 481).
16. Gjaldkeri heilsuhælisins á Vífilsstöðum sendir fjvn. upplýsingar varðandi legudagafjölda sjúklinga þar o. fl. Bréf 25. okt. (Db. 466).
17. Sjúklingar á Reykjahæli í Ölfusi sækja um 500 kr. styrk til þess að halda uppi kennslu í ýmsum námsgreinum á hælinu. Bréf 23. nóv. (Db. 688).
18. Héraðslæknirinn í Reykjavík sækir um allt að 10 þús. kr. fjárveitingu til viðhalds og aðgerða sóttvarnahússins í Reykjavík. Bréf 27. nóv. 2 fskj. (Db. 730).

Sjá ennfr. Ábyrgðir 5, Bæjarstjórn Akureyrar, Launamál 15, 24.

Sjúkrasjóðir, sjá Sjúkrastyrkur og styrktarstarfsemi.

Sjúkraskýli, sjá Ábyrgðir 4, Læknisbústaðir.

Sjúkrastyrkur og styrktarstarfsemi.

1. Kirstín Blöndal læknisekkja sækir um 600 kr. árlegan sjúkrastyrk. Bréf 18. febr. 1 fskj. (Db. 55).
2. Verklýðsfélagið Báran á Eyrarbakka sækir um 300 kr. styrk til styrktarsjóðs félagsins. Bréf 24. febr. (Db. 68).
3. Verkamannafélagið Þróttur á Siglufirði sækir um 500 kr. styrk til styrktar- og sjúkrasjóðs félagsins. Bréf 25. febr. (Db. 70).
4. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. erindi Sæunnar Sæmundsdóttur, dags. 14. febr., er í felst beiðni um 400 króna styrk vegna sjúkleika sonar hennar, Sæmundar Finnbogasonar. Bréf 26. febr. 1 fskj. (Db. 80).
5. Sigríður Kjartansdóttir fer þess á leit við fjvn., að n. hlutist til um, að sér verði gefin eftir rúmlega 2000 króna skuld við geðveikrahælið á Kleppi, og að maður hennar, Jakob Ó. Lárusson fyrrv. prestur, fái þar ókeypis vist á meðan hann þarf á að halda. Bréf 4. marz. (Db. 93).
6. Emil Jónsson, þm. Hafnf., fer þess á leit við fjvn., að hún leggi til, að

Benjamín Eggertssyni í Hafnarfirði verði í næsta árs fjárlögum veittur 1200 kr. sjúkrastyrkur. Bréf 23. okt. (Db. 458).

7. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf., fer þess á leit við fjvn. f. h. sjúkrasjóðanna „Hjálpar í viðlögum“ í Reykjarfjarðarhreppi og „Líknar“ í Ögurhreppi, að hún mæli með því, að sjóðunum verði í næsta árs fjárlögum veittur 300 kr. styrkur hvorum. Bréf 28. okt. (Db. 480).
8. Verkamannafélag Glæsibæjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu sækir um 200 kr. styrk handa sjúkrasjóði félagsins. Bréf 22. okt. (Db. 521).
9. Verkamannafélag Húsavíkur sækir um 300 kr. árlegan styrk til styrktarsjóðs félagsins. Bréf 4. nóv. 1 fskj. (Db. 577).
10. Matsveina- og veitingaþjónafélag Íslands sækir um 300 kr. styrk til sjúkrasjóðs félagsins. Bréf 28. okt. 1 fskj. (Db. 578).
11. Elín Sigurðardóttir sækir um 1200 kr. sjúkrastyrk í næsta árs fjárlögum. Bréf 6. okt. (Db. 593).
12. Páll Þorbjörnsson, 3. landsk. þm., sendir fjvn. erindi verkakvennafélags Siglufjarðar, dags. 27. nóv., er í felst umsókn um 300 kr. styrk til sjúkrasjóðs félagsins. Bréf 29. nóv. (Db. 715).
13. Félag íslenzkra hjúkrunarkvenna sækir um 500 kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 20. nóv. (Db. 701).
14. Útvarpsstjóri sækir um 2000 kr. styrk handa Emil Thoroddsen píanóleikara útvarpsins til þess að leita sér lækningar erlendis. Bréf 21. nóv. 2 fskj. (Db. 659).

Skaðabætur.

1. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk., fer þess á leit, að endurnýjuð verði heimild handa ríkisstjórninni til þess að greiða Vigfúsi Gunnarssyni á Flögu eftirstöðvar af skaðabótum vegna brunans á Flögu 1930. Bréf 8. jan. (Db. 19, XI).
2. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. bréf Búnaðarfélags Íslands, dags. 16. júlí, er í felast tillögur félagsins um bætur úr ríkissjóði vegna skemmda á þremur jörðum í Dyrhólahreppi af völdum Hafursár. Bréf 23. ágúst. (Db. 284).
3. Björn Eiríksson sækir til Alþingis um skaðabætur fyrir fjárútlát og atvinnumissi, sem hann hefir orðið fyrir vegna flugnáms síns. Bréf 1. nóv. (Db. 520).
4. Jörundur Brynjólfsson og Bjarni Bjarnason, þm. Árn., fara þess á leit, að Halldóri Magnússyni, Vindheimum í Ölfushreppi, og Sigurði Þórðarsyni, Hlíðarenda í sama hreppi, verði bætt tjón, sem þeir hafa orðið fyrir af völdum jarðskjálfta. Bréf 14. nóv. 2 fskj. (Db. 609).
5. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. bréf sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, dags. 4. okt., varðandi umsókn oddvita Ólafsfjarðarhrepps, dags. 26. sept., um styrk úr ríkissjóði til þeirra manna í Ólafsfirði, sem urðu fyrir eignatjóni af völdum ofviðris 9. júní. Bréf 29. nóv. 3 fskj. (Db. 722).

Skaftártunguhreppur, sjá Læknisvitjanastyrkur 1.
Skaftfellingur m/b, sjá Strandferðir 13.
Skagnes, sjá Þjóðjarðasala.

Skallagrímur h/f, sjá Strandferðir 16.
Skattamál.
1. Fjmrn. sendir fjhn. Nd. til athugunar bréf bæjarfógetans á Siglufirði, dags. 26. nóv. 1934, ásamt frv. til l. um innheimtu opinberra gjalda, sem bæjarfógeti hefir samið. Bréf 19. febr. (Db. 34).
2. Vegamálastjóri sendir fjvn. upplýsingar um, hverju það mundi muna um framlag ríkissjóðs til sýsluvegasjóða, ef sett yrði í fjárlög fyrir árið 1936 ákvæði um, að fasteignaskatturinn megi ekki fara fram úr 5%, eða jafnvel 4%. Bréf 20. nóv. (Db. 647).

Skattstofan. Skattstjórinn í Reykjavík sendir fjvn. upplýsingar um rekstrarkostnað skattstofunnar, annan en launagreiðslur. Bréf 19. okt. (Db. 426). Sjá ennfr. Launamál 13.
Skáldastyrkur, sjá Ritstyrkur.
Skálm í Álftaveri. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. 2 bréf frá Búnaðarfélagi Íslands, dags. 29. apríl og 4. maí, er í felast meðmæli með beiðni sýslumannsins í Skaftafellssýslu, dags. 25. marz, um fjárveitingu úr ríkissjóði til fyrirhleðslu við Skálm í Álftaveri. Bréf 19. júlí. 1 fskj. (Db. 273).
Skemmtanaskattur. Kvennadeild Slysavarnafélags Íslands í Reykjavík sækir um undanþágu frá að greiða skemmtanaskatt af fé því, sem kvennadeildir slysavarnafélagsins safna saman til eflingar slysavörnum hér við land. Bréf 18. nóv. (Db. 678). Sjá ennfr. Leikstarfsemi 2.
Skipaeftirlit. Áætlun skipaskoðunarstjóra um gjöld úr ríkissjóði vegna eftirlits með skipum og bátum og vegna skipaskráningar árið 1936, dags. 15. jan. (Db. 19, LXIV).
Skipakaup ríkisins. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. til athugunar bréf Erlings W. Flock, Bergen, dags. 25. apríl, en í bréfi þessu býður hann ríkisstjórninni til kaups gufuskipið „Fleurus". Bréf 12. okt. 1 fskj. (Db. 370).
Skipaskoðun. Sjómannafélag Reykjavíkur skorar á Alþingi að endurskoða alla löggjöf, sem snertir öryggi skipa. Bréf 19. febr. (Db. 32). Sjá ennfr. Landhelgisgæzla 1, 3, 4, 5.
Skipaútgerð ríkisins. Áætlun forstjóra skipaútgerðar ríkisins um tekjur og gjöld strandferðaskipanna árið 1936, dags. 15. jan. (Db. 19, XXXI). Sjá ennfremur Landhelgisgæzla 5, 6, 8, Launamál 20, 21, 38, 43, Strandferðir 11.
Skipulag kauptúna. Tillögur vegamálastjóra um fjárveitingar til framkvæmdar laga um skipulag kauptúna og sjávarþorpa. Bréf 19. jan. (Db. 19, LXV).
Skipulagsnefnd atvinnumála, sjá Jarðhitarannsóknir.
Skjögurveiki, sjá Sauðfjársjúkdómar 1.
Skordýrarannsóknir.
1. Geir Gígja kennari sækir um 1000 kr. styrk til framhaldsrannsókna á skordýralífi Íslands. Bréf 14. marz. 3 fskj. (Db. 211).
2. Búnaðarþing 1935 skorar á Alþingi að ákveða að veita Geir Gígju kennara styrk til framhaldsrannsókna á íslenzku skordýralífi. Bréf 6. marz. (Db. 110).

Skógarstrandarhreppur, sjá Strandferðir 10.

Skógrækt.

1. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi Skógræktarfélags Íslands, dags. 25. jan., er í felst beiðni um fjárstyrk til félagsins. Bréf 12. febr. (Db. 17).
2. Tillögur Hákonar Bjarnasonar skógræktarfræðings um fjárveitingar til skógræktar árið 1936. Bréf 20. jan. 1 fskj. (Db. 19, LVII).
3. Sami sendir landbn. Nd. athugasemdir sínar við frv. til l. um einkarétt ríkisstjórnarinnar til að flytja trjáplöntur til landsins og um eftirlit með innflutningi trjáfræs. Bréf 18. febr. (Db. 30).
4. Skógræktarstjóri fer þess á leit við fjvn., að hún hlutist til um, að kvöðum þeim, sem hvíla á skógræktinni vegna friðunar Þingvalla, verði af henni létt. Bréf 18. marz. (Db. 180).
5. Sami skýrir fjvn. frá högum skógræktar ríkisins og sækir um hækkun á framlagi til skógræktarinnar upp í 25 þús. kr. Bréf 18. nóv. (Db. 656).
6. Sami sendir fjvn. bréf Skógræktarfélags Eyfirðinga, dags. 23. okt., um að ríkið kaupi skógargirðingu félagsins í Vaglalandi á Þelamörk, og mælir með kaupunum. Bréf 18. nóv. 2 fskj. (Db. 657).
7. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. bréf skógræktarstjóra, dags. 13. okt., er í felast tilmæli hans um það, að jörðin Byrgi í Kelduhverfi verði lögð undir skógrækt ríkisins. Bréf 30. okt. (Db. 524).

Skógræktarfélag Eyfirðinga, sjá Skógrækt 6.

Skólahéruð, sjá Sameining lögsagnarumdæma 1, 2.

Skólahúsbygging, sjá Bæjarstjórn Akureyrar.

Skólakvikmyndir. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. erindi Guðjóns Guðjónssonar, skólastjóra við barnaskólann í Hafnarfirði, dags. 30. sept., um skólakvikmyndir. Bréf 18. okt. 1 fskj. (Db. 431).

Skrifstofufé embættismanna.

1. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. til athugunar skýrslu um rekstrar- og skrifstofukostnað sýslumannsembættisins í Norður-Múlasýslu og bæjarfógetaembættisins á Seyðisfirði árið 1934, ásamt skýringum. Bréf 30. marz. (Db. 234).
2. Sama sendir fjvn. erindi bæjarfógetans á Siglufirði, dags. 31. ágúst, er í felst umsókn um hækkun á skrifstofufé til bæjarfógetaembættisins á Siglufirði. Bréf 16. sept. 3 fskj. (Db. 299).
3. Sama sendir fjvn. erindi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetans í Hafnarfirði, dags. 15. okt., varðandi skrifstofukostnað við bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði og sýslumannsembættið í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Bréf 15. okt. 1 fskj. (Db. 383).
4. Sama sendir fjvn. bréf sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, dags. 21. okt., er í felast tillögur hans varðandi skrifstofukostnað sýslumannsembættisins. Bréf 30. okt. (Db. 503).
5. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. afrit af bréfi sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, dags. 10. nóv., er í felst beiðni um hækkun á skrifstofufé til embættisins. Bréf 5. des. 2 fskj. (Db. 745).
6. Bæjarfógetinn á Ísafirði sækir um hækkun á skrifstofufé sínu upp í 23 þús. kr. á ári. Bréf 6. nóv. (Db. 591).

7. Sigurður Eggerz bæjarfógeti sendir fjvn. erindi 5 nafngreindra bæjarfógeta, dags. 5. des., er í felst beiðni um, að skrifstofufé þeirra verði greitt eftir reikningi. Bréf 6. des. 1 fskj. (Db. 742).
8. Héraðslæknirinn í Reykjavík sækir um allt að 2000 kr. til skrifstofuhalds, gegn jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Bréf 10. des. (Db. 771).

Slysavarnir. Aðalfundur Slysavarnafélags Íslands skorar á Alþingi að samþykkja lög um, að öll millilandaskip og skip, er flytja farþega innanlands, skuli skyldug að hafa loftskeytatæki og a. m. k. einn loftskeytamann. Bréf 26. febr. (Db. 87). Sjá ennfr. Landhelgisgæzla 1, 3, 4, 5, 10, 12, Skemmtanaskattur, Tollar og tollgæzla 5.

Smjörlikisgerð, sjá Matvælaeftirlit.

Snæbjörn Þórðarson, sjá Ásláksstaðir.

Snæfellsnesbraut, sjá Vegamál 11, 14.

Sóttvarnahúsið í Reykjavík, sjá Sjúkrahús 18.

Stefán Stefánsson, sjá Miðstjórn.

Steingrímsfjarðarheiði, sjá Vegamál 7.

Steinolía, sjá Olía, Tollar og tollgæzla 5.

Stjórnarráðið, sjá Launamál 9.

Strandferðir.

1. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf., fer þess á leit, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast 90 þús. kr. lán fyrir h/f Vestfjarðabátinn. Bréf 19. febr. (Db. 44).
2. Guðmundur Jónsson frá Narfeyri sækir um 4000 kr. styrk til að halda uppi reglubundnum ferðum um innanverðan Breiðafjörð með m/b Baldri, Stykkishólmi. Bréf 1. marz. (Db. 155).
3. Pétur Ottesen, þm. Borgf., sendir samgmn. Nd. umsókn oddvita Hvalfjarðarstrandarhrepps, dags. 17. febr., um 1200 kr. styrk til Hvalfjarðarbátsins. Bréf 15. marz. (Db. 186).
4. Sami sendir samgmn. Nd. umsókn Leifs Böðvarssonar á Akranesi um allt að 5000 kr. styrk til bátsferða milli Reykjavíkur og Akraness með m/s Fagranesi. Bréf 15. marz. 1 fskj. (Db. 187).
5. Sami sendir samgmn. Nd. erindi 15 búenda í Hvalfjarðarstrandarhreppi og 69 manna á Akranesi, er í felast áskoranir til Alþingis um, að það ákveði að veita á næsta ári styrk til ferða m/s Fagraness milli Akraness og Reykjavíkur. Bréf 31. okt. (Db. 506).
6. Útgerðarfélag Póstbátsins, Akureyri, sækir um a. m. k. 11 þús. kr. styrk til þess að halda uppi póst- og farþegaflutningi með póstbátnum Drangey frá Selvík að Þórshöfn. Bréf 15. marz. (Db. 244).
7. Sama félag sækir um 16 þús. kr. í næstu fjárlögum til þess að halda uppi póstferðum við Norðurland með gufuskipinu Drangey. Bréf 16. okt. 2 fskj. (Db. 513).
8. Sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu skorar á Alþingi að ákveða að veita sem riflegastan styrk í næsta árs fjárlögum til byggingar nýs Djúpbáts og ennfr. að hækka styrk til rekstrar bátsins. Bréf 26. ágúst. (Db. 292).

9. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. bréf sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, dags. 26. ágúst, varðandi áskorun sýslunefnda Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslu til Alþingis um að það ákveði að veita styrk í næsta árs fjárlögum til byggingar og rekstrar nýs Djúpbáts. Bréf 10. sept. (Db. 297).
10. Hreppsnefndin í Skógarstrandarhreppi í Snæfellsnessýslu skorar á Alþingi að ákveða að veita 800 kr. styrk í næsta árs fjárlögum til þess að halda uppi áætlunarferðum með mótorbát frá Stykkishólmi og inn á Skógarströnd. Bréf 15. sept. (Db. 404).
11. Skipaútgerð ríkisins sendir fjvn. tillögur sínar um skiptingu á ríkisstyrk til flóabáta. Bréf 4. nóv. (Db. 543).
12. Lárus Daníelsson, Akureyjum í Dalasýslu, sækir um 600 kr. styrk til vélbátaferða um Gilsfjörð. Bréf 20. nóv. (Db. 648).
13. Samgöngumálanefndir Alþingis senda fjvn. tillögur sínar varðandi rekstur m/b Skaftfellings. Bréf 28. nóv. 1 fskj. (Db. 708).
14. 12 bændur á Reykjanesi í Reykhólasveit fara þess á leit við Alþingi, að það ákveði að veita Lárusi Daníelssyni, Akureyjum, styrk til að halda uppi ferðum um Gilsfjörð. Simsk. 29. nóv. (Db. 714).
15. Bergur Jónsson, þm. Barð., skorar á samgöngumálanefndir að lækka ekki styrk til vélakaupa fyrir h/f Breiðafjarðarbátinn Norðra. Bréf 14. des. (Db. 789).
16. Erindi h/f Skallagríms til fjvn. varðandi Breiðafjarðarferðir félagsins. Bréf 18. nóv. (Db. 812).

Sjá ennfr. Ábyrgðir 3, Skipaútgerð ríkisins, Launamál 38.

Stúdentagarður, sjá Háskólinn.

Stúdentar, sjá Háskólinn.

Stýrimannaskólinn.

1. Tillögur skólastjóra stýrimannaskólans um fjárveitingar til skólans árið 1936, dags. 14. jan. (Db. 19, XLII).
2. Sami sendir fjvn. afrit af bréfi sínu til dóms- og kirkjumrn., dags. 14. jan., er í felast tillögur hans um fjárveitingar til stýrimannaskólans árið 1936. Bréf 12. nóv. (Db. 604).

Suðurfjarðahreppur, sjá Atvinnubætur 2, Lánbeiðnir 1.

Sumarferðalög skólabarna. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. erindi fræðslumálastjóra, dags. 23. apríl, varðandi fjárveitingar til sumarferðalaga skólabarna. Bréf 15. nóv. (Db. 627).

Sumargjöf, barnavinafélag, sjá Dagheimili.

Sundlaugar og sundskálar. Bergur Jónsson, þm. Barð., sendir fjvn. umsókn ungmennafélagsins Arnar í Bíldudal um 500 kr. styrk til sundlaugarbyggingar í Reykjarfirði í Suðurfjörðum. Bréf 11. marz. (Db. 137). Sjá ennfr. Bæjarstjórn Akureyrar, Íþróttakennsla 3.

Svanhvít Egilsdóttir, sjá Námsstyrkur 15.

Svarfaðardalshreppur, sjá Hafnir og lendingarbætur 20.

Svartbakur, sjá Eyðing Svartbaks.

Svavar Guðnason, sjá Námsstyrkur 16.

Sveinn Benediktsson, sjá Launamál 1.
Sveitarstjórnarmál.
1. Dóms- og kirkjumrn. sendir Alþingi útskriftir úr gerðabókum sýslunefnda Mýra- og Borgarfjarðarsýslna, er í felast tillögur sýslunefndanna í sveitarstjórnarmálum, heilbrigðismálum o. fl. Bréf 29. júli. (Db. 277).
2. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu sendir Alþingi útdrátt úr sýslufundargerð Vestur-Barðastrandarsýslu, er í felast tillögur sýslunefndar í sveitarstjórnarmálum o. fl. Bréf 24. okt. (Db. 468).

Sjá ennfr. Berklavarnir 1, 4.
Syðra-Laugaland, sjá Húsmæðrafræðsla 4, 5, 7.
Syðstibær í Hrísey, sjá Jarðakaup ríkissjóðs 5.
Sýslunefndarmenn, sjá Berklavarnir 4.
Sæmundur Finnbogason, sjá Sjúkrastyrkur og styrktarstarfsemi 4.
Sýsluvegasjóðir, sjá Skattamál 2.
Sænska vikan. Forsætisráðherra fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við næsta árs fjárlagafrv. 2000 kr. styrk vegna komu sænsks söngflokks hingað á næsta ári í sambandi við sænsku vikuna í Reykjavík. Bréf 2. nóv. (Db. 546).
Sæunn Sæmundsdóttir, sjá Sjúkrastyrkur og styrktarstarfsemi 4.
Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, sjá Launamál 32.
Söngflokkur karla og kvenna í Reykjavík (stjórnandi Sigfús Einarsson) sækir um 2500 kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 27. nóv. 1 fskj. (Db. 726).
Söngnám, sjá Námsstyrkur 2, 15.

Takmörkun nemendafjölda í sérskólum, sjá Háskóli Íslands 8.
Talstöðvar, sjá Símamál.
Tannlækningar, sjá Menntaskólinn á Akureyri 2.
Tekjustofnar sveitar- og bæjarfélaga.
1. Jónas Guðmundsson, 6. landsk. þm., sendir Alþingi áskoranir bæjarstjórnar Neskaupstaðar varðandi útvegun nýrra tekjustofna handa bæjar- og sveitarfélögum, atvinnubótamál og dragnótaveiði í landhelgi. Bréf 4. nóv. (Db. 532).
2. Sami sendir Alþingi símskeyti frá almennum alþýðuflokksfundi í Neskaupstað 12. nóv., er í felst áskorun til Alþingis um að það beiti sér fyrir því, að þurfandi bæjarfélög fái allt að ¾ af tollum og öðrum ríkissjóðstekjum, sem til falla í bæjarfélaginu, til þjargar sér. Bréf 15. nóv. (Db. 615).
3. Fundur sýslunefndar Suður-Múlasýslu 29. marz skorar á Alþingi að veita sveitar- og bæjarfélögum með nýrri löggjöf verulega nýja tekjustofna eða losa þau við þungbær, lögboðin gjöld. Bréf 8. apríl. (Db. 247).

Sjá ennfr. Berklavarnir 6, Vörugjald.
Theodór Friðriksson, sjá Ritstyrkur 11.
Thoracoscop, sjá Berklavarnir 5.
Thule, sjá Tryggingarmál 3.

Tjón af völdum ofviðris.

1. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, dags. 20. júní, ásamt erindi hreppsnefndar Ólafsfjarðarhrepps, dags. 15. s. m., er í felst beiðni um styrk úr ríkissjóði vegna tjóns af brimi, sem Ólafsfjarðarkauptún varð fyrir s.l. vor. Bréf 27. sept. 6 fskj. (Db. 307).
2. Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu sendir fjvn. afrit af bréfi frá hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps til forsrh., dags. 15. júní, er í felst skýrsla um tjón á eignum manna í Ólafsfjarðarkauptúni s.l. vor af völdum óveðurs. Bréf 4. okt. 3 fskj. (Db. 322).

Sjá og Skaðabætur 5.

Tjón af völdum Þverár. Atv.- og samgmrn. sendir landbn. Nd. bréf Búnaðarfélags Íslands, dags. 25. júlí, ásamt skýrslu Ásgeirs L. Jónssonar, dags. 24. s. m., um skemmdir af völdum Þverár á Hemluengjum í Landeyjum. Bréf 29. júlí. (Db. 276).

Tollar og tollgæzla.

1. Áætlun tollstjórans í Reykjavík um skrifstofukostnað við tollstjóraembættið árið 1936. Bréf 20. jan. (Db. 19, XX).
2. Áætlun sama um skrifstofukostnað við embættið árið 1936 og um kostnað við toll- og löggæzlu í Reykjavík. Dags. 6. okt. (Db. 341).
3. Fundur í verklýðs- og smábændafélagi Hrútfirðinga 10. febr. mótmælir tollum á nauðsynjavörum og krefst þess, að Alþingi samþykki lög um 8000 kr. hámarkslaun og lög um stóríbúðaskatt. Bréf 20. febr. (Db. 92).
4. Verklýðsfundur á Akureyri 17. febr. skorar á Alþingi að afnema tolla á nauðsynjavörum, samþykkja lög um fullkomnar atvinnuleysistryggingar, afnema verðjöfnunargjald á fiski, kjöti og mjólk o. fl. Bréf 1. marz. (Db. 164).
5. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., sendir Alþingi útskrift úr fundargerð Útvegsbændafélags Vestmannaeyja 1. nóv., er í felast áskoranir til Alþingis um að afnema og færa niður ýms opinber gjöld af sjávarútvegsvörum, beita sér fyrir verðlækkun á steinolíu og ennfremur hlutast til um, að björgunar- og eftirlitsstarfinu við Vestmannaeyjar verði haldið áfram. Bréf 8. nóv. (Db. 579).
6. Fiskifélag Íslands sendir áskorun fjórðungsþings fiskideilda Norðlendingafjórðungs 23.—25. nóv. til Alþingis um, að það lögfesti toll á sjávarafurðir, sem útlendingar, aðrir en Danir, leggja hér á land. Bréf 4. des. (Db. 742).
7. Fjmrn. sendir fjvn. afrit af bréfi Áfengisverzlunar ríkisins, dags. 2. des., og afrit af bréfi Sambands ísl. samvinnufélaga til áfengisverzlunarinnar, dags. 30. nóv., og fer þess jafnframt á leit við fjvn., að hún flytji brtt. við fjárlagafrv. þess efnis, að ríkisstjórninni sé heimilt að endurgreiða toll af vínanda, sem fluttur er inn og notaður til sútunar á skinnum til fatnaðar, og undanþiggja þann vínanda álagningu. Bréf 12. des. (Db. 773).
8. Læknafélag Reykjavíkur mótmælir eindregið, að lagðir verði nýir skattar á grænmetistegundir og ávexti, en skorar hinsvegar á þing og stjórn

að sjá um, að tollum verði létt af þeim og innflutningurinn gefinn sem frjálsastur. Bréf 14. des. (Db. 788).

9. Sameiginlegur fundur vörubílastöðvarinnar Þróttar og bifreiðastjórafélagsins Hreyfils mótmælir fyrirhugaðri hækkun á benzínskatti. Bréf 16. des. (Db. 795).
10. Vörubílastöðin Þróttur tilkynnir efri deild Alþingis, að bílstjórar og bílaeigendur hafi gert með sér víðtæk samtök um að mótmæla viðbótarbenzínskatti, og sé nú svo komið, að ef Alþingi samþykki þessa verðhækkun, bendi allt til þess, að verkfall skelli á í fyrramálið, 21. des., eða í síðasta lagi 1. jan. 1936, og muni taka þátt í því allir bílstjórar og bílaeigendur á öllu Suðurlandi og ef til vill víðar, enda verði þá algerð stöðvun á vöru- og fólksflutningum. Bréf 20. des. (Db. 802).
11. Bifreiðastjórar við mjólkurflutninga til Mjólkursamlags Kaupfélags Eyfirðinga á Akureyri mótmæla hækkun benzínskatts. Símsk. 21. des. (Db. 804).
12. Verkamannafélag Akureyrar mótmælir harðlega hækkun benzíntollsins og krefst þess, að hækkunin verði tafarlaust afnumin. Símsk. 22. des. (Db. 807).

Sjá ennfr. Ábyrgðir 10, Launamál 39.

Torfastaðagróf, sjá Brúargerðir 3.

Tóbakseinkasala ríkisins.

1. Tillögur forstjóra Tóbakseinkasölu ríkisins um tekjur einkasölunnar árið 1936, dags. 12. jan. (Db. 19, XVI).
2. Rekstrar- og efnahagsreikningur fyrir Tóbakseinkasölu Íslands 31. des. 1934, ásamt skrá um laun starfsmanna stofnunarinnar. Bréf ódags. (Db. 326).

Tómas Guðmundsson, sjá Ritstyrkur 12.

Tónlistarskólinn. Stofnendur, ábyrgðarmenn og skólastjóri Tónlistarskólans fara þess á leit við Alþingi, að það hlutist til um, að skólinn verði rekinn sem ríkisskóli frá lokum yfirstandandi skólaárs. Bréf 25. marz. (Db. 216).

Trausti Einarsson, sjá Geysir í Haukadal.

Trausti Ólafsson, sjá Varnir gegn vörusvikum.

Tryggingarmál.

1. Verkamannafélagið Dagsbrún skorar á Alþingi að samþykkja nú þegar fullkomnar atvinnuleysistryggingar og ennfremur að gera ýmsar ráðstafanir til að bæta úr atvinnuleysi í bæjum og kauptúnum. Bréf 18. febr. (Db. 24).
2. Almennur fundur í Verklýðsfélaginu Hvöt á Hvammstanga 3. marz skorar á Alþingi að samþykkja fullkomnar atvinnuleysistryggingar. Bréf ódags. (Db. 231).
3. Atv.- og samgmrn. sendir allshn. Nd. álit Árna Björnssonar cand. polit. á athugasemdum lífsábyrgðarfélagsins Thule um frumvörp skipulagsnefndar atvinnumála um líftryggingarstofnun ríkisins og eftirlit með líftryggingarstarfsemi hér á landi. Bréf 20. nóv. (Db. 652).

4. Verkakvennafélag Siglufjarðar skorar á Alþingi að samþykkja frv. til l. um alþýðutryggingar, sem liggur fyrir þinginu. Bréf 27. nóv. (Db. 716).
5. Brynjólfur Stefánsson framkvæmdarstjóri sendir allshn. Ed. ýmsar athugasemdir við frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands. Bréf 29. nóv. (Db. 728).
6. Brunabótafélag Íslands sendir allshn. Ed. umsögn sína um álit og athugasemdir Brynjólfs Stefánssonar framkvæmdarstjóra, dags. 29. nóv., um frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands. Bréf 2. des. (Db. 727).
7. Fiskifélag Íslands sendir áskorun fjórðungsþings fiskideilda Norðlendingafjórðungs 23.—25. nóv. til Alþingis, um að gera ákveðnar breytingar á frv. til laga um alþýðutryggingar. Bréf 4. des. (Db. 742).
8. Sama sendir áskorun fjórðungsþings fiskideilda Norðlendingafjórðungs 23.—25. nóv. til Alþingis um, að það láti nú þegar koma til framkvæmda lög nr. 20 9. jan. 1935, um vátryggingu opinna vélbáta, með ákveðnum breytingum. Bréf 4. des. (Db. 742).
9. Samband íslenzkra barnakennara sendir allshn. Nd. ýmsar athugasemdir við frv. til laga um alþýðutryggingar. Bréf 8. des. (Db. 751).
10. Sama sendir Alþingi ýmsar athugasemdir við frv. til l. um alþýðutryggingar. Bréf 8. des. (Db. 758).
11. Sama sendir Alþingi samþykktir stéttarfélags barnakennara í Reykjavík, varðandi frv. til laga um alþýðutryggingar. Bréf 16. des. (Db. 793).
12. Verklýðsfélag Patreksfjarðar skorar á Alþingi að samþykkja frv. til l. um alþýðutryggingar, frv. til framfærslulaga, frv. til l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla og frv. til l. um útgerð ríkis og bæja. Bréf 25. nóv. (Db. 754).
13. Verkamannafélag Siglufjarðar skorar á Alþingi að afgreiða frv. til l. um atvinnuleysistryggingar og ennfremur að ákveða að hækka framlag ríkissjóðs til atvinnubóta. Bréf ódags. (Db. 123).

Sjá ennfr. Framfærsla þurfamanna 4, 5.

Tungufljót, sjá Brúargerðir 1.

Tunnugerð á Akureyri, sjá Ábyrgðir 7.

Túnrækt. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. útdrátt úr bréfi vitamálastjóra, dags. 13. nóv., um að veittur verði styrkur til vitavarðarins á Rifi á Melrakkasléttu til túnræktunar. Bréf 20. nóv. 2 fskj. (Db. 655).

Unglingaskólar, sjá Fræðslumál 5.

Ungmennafélagsskapur. Ungmennafélag Íslands sækir um 6000 kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 21. jan. (Db. 19, V).

Ufsaveiði, sjá Síld 1, 2.

Utanfararstyrkur héraðslækna. Læknafélag Íslands skorar á fjvn. og Alþingi að ákveða að veita styrk í fjárlögum til utanferða héraðslækna. Bréf 15. des. (Db. 790).

Útflutningsgjald af sjávarafurðum.

1. Fiskifélag Íslands sendir sjútvn. Nd. umsögn sína um frv. til laga um breyt. á l. nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald. Bréf 19. nóv. (Db. 643).
2. Sama sendir áskorun fjórðungsþings fiskideilda Norðlendingafjórðungs 23.—25. nóv. til Alþingis um að það afnemi útflutningsgjald af sjávarafurðum. Bréf 4. des. (Db. 742).
3. Oddviti Gerðahrepps fer þess á leit við Alþingi, að það beiti sér fyrir lækkun á útflutningsgjaldi af hertum fiskbeinum. Bréf 15. okt. (Db. 444).

Sjá ennfr. Fiskiveiðar.

Útflutningur á fiski. Utanríkismálaráðuneytið sendir sjávarútvegsnefndum afrit af skýrslu frá Vilh. Finsen viðskiptafulltrúa um frv. norsku ríkisstjórnarinnar um fjárveitingar til styrktar fisk- og síldveiðum Norðmanna. Bréf 21. marz. (Db. 198).

Útgerð ríkis og bæja. Sjómannafélag Reykjavíkur skorar á Alþingi að samþ. frv. til l. um útgerð ríkis og bæja. Bréf 15. nóv. (Db. 621). Sjá ennfr. Tryggingarmál 2.

Útsvör, sjá Berklavarnir 3.

Útvarp.

1. Áætlun útvarpsstjóra um tekjur og gjöld ríkisútvarpsins árið 1936, dags. 16. jan. (Db. 19, XV).
2. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. bréf útvarpsráðs, dags. 16. sept., um kostnaðaráætlun um dagskrárefni útvarpsins árið 1936 o. fl. Bréf 4. okt. 4 fskj. (Db. 313).
3. Afrit af starfssamningi Vilhjálms Þ. Gíslasonar við ríkisútvarpið. (Db. 464).
4. Sigurður Fjeldsted, bóndi í Ferjukoti, krefst þess, að Alþingi fari þess á leit við útvarpsráð, að til þingfréttaflutnings í útvarpið verði fenginn hæfari maður en gegnir starfinu nú. Bréf 23. okt. (Db. 465).
5. Útvarpsráðið skorar á Alþingi að ákveða að veita fé í fjárlögum næsta árs til þess að auka og endurbæta senditæki ríkisútvarpsins. Bréf 6. nóv. (Db. 573).
6. Útvarpsstjóri sendir fjvn. umsögn sína um till. til þál. um afnotagjald útvarpsnotenda, sem liggur fyrir þinginu. Bréf 6. des. 1 fskj. (Db. 750).
7. Sami sendir fjvn. skrá um styrkveitingar til að koma upp hleðslustöðvum þar, sem örðugt er að ná til rafmagns, og skrá um nöfn þeirra manna, sem sótt hafa námskeið útvarpsins til þess að læra að fara með útvarpstæki, og fer þess á leit við nefndina, að hún taki upp í till. sínar við fjárlagafrv. allt að 25 þús. kr. fjárveitingu til að greiða fyrir útvarpsnotum í landinu. Bréf 11. des. (Db. 767).
8. Sami tilkynnir Alþingi, að útvarpið muni því aðeins annast flutning frétta frá næsta þingi, að Alþingi sjálft skili handriti að fréttunum. Bréf 18. des. (Db. 799).

Sjá ennfr. Launamál 6, 22, 23.

Útvegsbanki Íslands, sjá Launamál 40, 41.
Útvegsbændafélag Vestmannaeyja, sjá Tollar og tollgæzla 5.

Valdimar Sveinbjörnsson, sjá Lífeyrissjóður barnakennara 3.
Vangæf börn, sjá Barnakennarar 4, Barnavernd 4.
Varðskip, sjá Landhelgisgæzla, Launamál 38.
Varnir gegn næmum sjúkdómum, sjá Heilbrigðismál 4.
Varnir gegn vörusvikum.
1. Landssamband iðnaðarmanna sendir allshn. Ed. umsögn sína um frv. til l. um varnir gegn vörusvikum. Bréf 11. marz. (Db. 151).
2. Trausti Ólafsson efnafræðingur sendir allshn. Ed. umsögn sína um frv. til l. um varnir gegn vörusvikum. Bréf 14. marz. (Db. 175).
3. Verzlunarráð Íslands tilkynnir allsherjarnefnd efri deildar, að það geti ekki að svo komnu sent nefndinni umbeðna umsögn um frv. til laga um varnir gegn vörusvikum, en muni gera það síðar. Bréf 28. marz. (Db. 225).

Vatnafélag Rangæinga. Aðalfundur Vatnafélags Rangæinga 23. nóv. skorar á Alþingi að ákveða að veita fé í næsta árs fjárlögum til þess að gera garð norðan við Stóra Dímon, er veiti Álunum í Markarfljót, og gera Markarfljótsgarðinn hjá Seljalandsmúla öruggan, þó að vatnsmagn aukist í Markarfljóti, og ennfremur að veita 4000 kr. til Innhliðarvegar. Bréf 24. nóv. (Db. 704).

Vatnajökull.
1. Jón Eyþórsson veðurfræðingur fer þess á leit við fjvn. að hún taki upp í tillögur sínar við næsta árs fjárlfrv. nokkurn fjárstyrk honum til handa til þess að stofna til vísindalegra rannsókna á Vatnajökli í samvinnu við sænskan vísindamann. Bréf 21. nóv. (Db. 664).
2. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. afrit af bréfi sænska konsúlsins í Reykjavík, dags. 26. nóv., varðandi þátttöku íslenzka ríkisins í rannsóknarleiðangri til Vatnajökuls næsta sumar. Bréf 30. nóv. 1 fskj. (Db. 736).

Vátrygging, sjá Tryggingarmál.
Veðurathuganir, sjá Veðurstofan.
Veðurstofan.
1. Áætlun veðurstofustjóra um útgjöld veðurstofunnar árið 1936, dags. 15. jan. (Db. 19, LX).
2. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi veðurstofustjóra, dags. 5. febr., er í felst beiðni um, að á árinu 1935 megi verja 4000 kr. umfram fjárlög til veðurathugana utan Reykjavíkur og 300 kr. umfram fjárlög til landskjálftamælinga. Bréf 21. febr. (Db. 57).
3. Veðurstofustjóri sendir fjvn. skýrslu um vinnutíma starfsmanna veðurstofunnar. Bréf 5. nóv. (Db. 549).
4. Sami sendir fjvn. ýmsar upplýsingar varðandi kostnað við móttöku veðurskeyta. Bréf 11. nóv. (Db. 605).

Vegamál.

1. Tillögur vegamálastjóra um fjárveitingar til vegamála árið 1936, dags. 23. jan., ásamt greinargerð. (Db. 19, XXXII).
2. Sami sendir samgmn. Nd. tillögur sínar til breytinga á vegalögunum. Bréf 29. okt. (Db. 516).
3. Verkamannafélag Skeggjastaðahrepps í Norður-Múlasýslu sækir um 10 þús. kr. atvinnubótafé til viðhalds og endurbóta á Bakkafjarðarvegi. Símsk. 21. febr. (Db. 43).
4. Hreppsnefnd Hörgslandshrepps í Vestur-Skaftafellssýslu skorar á Alþingi að ákveða að veita fé til að fullgera vegi á Austur-Síðu. Bréf 14. febr. (Db. 112).
5. Hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps í Norður-Múlasýslu skorar á Alþingi að ákveða að veita 25—30 þús. kr. til vegar yfir Brekknaheiði og allt að 10 þús. kr. til framhalds þjóðvegarins um sýsluna. Bréf ódags. (Db. 158).
6. 75 kjósendur og verkamenn í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu skora á Alþingi að ákveða að veita minnst 10 þús. kr. til vegagerða í hreppnum og ennfremur 25—30 þús. kr. til vegar yfir Brekknaheiði. Bréf 26. febr. (Db. 227).
7. Fundur sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu 2. maí skorar á Alþingi að ákveða að veita fé til vegarlagningar um Steingrímsfjarðarheiði. Bréf 26. ágúst. (Db. 287).
8. Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M., fer þess á leit við fjvn., að hún leggi til, að í næsta árs fjárlögum verði veittar 10 þús. kr. til að gera bílfæran veg frá Austurlandsvegi til Vopnafjarðar. Bréf 7. sept. (Db. 294).
9. Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M., og Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ., fara þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við fjárlfrv. fyrir árið 1936 10 þús. kr. fjárveitingu til vegar yfir Brekknaheiði. Bréf 28. sept. (Db. 309).
10. Magnús Torfason, 2. landsk. þm., sendir Alþingi beiðni 18 búenda í Selvogshreppi um að ríkissjóður leggi fram fé til vegar úr Ölfusi til Selvogs. Bréf 12. okt. (Db. 362).
11. 109 alþingiskjósendur í Neshreppi utan Ennis skora á Alþingi að taka svokallaða Snæfellsnesbraut í tölu þjóðvega. Bréf 19. okt. (Db. 441).
12. Verkamannafélag Skeggjastaðahrepps í Norður-Múlasýslu fer þess á leit við Alþingi, að það ákveði að veita 10 þús. kr. í næsta árs fjárlögum til lagningar vegar frá Þorvaldsstöðum að Staðará. Bréf 21. október. (Db. 482).
13. Hreppsbúar í Skógarstrandarhreppi í Snæfellsnessýslu fara þess á leit, að vegurinn frá Skógstagli í Miðdölum til Stykkishólms verði tekinn í þjóðvegatölu. Bréf 5. okt. (Db. 531).
14. Atv.- og samgmrn. sendir Nd. útdrátt úr fundargerð almenns hreppsfundar að Arnarstapa 12. okt., er í felst samþykkt fundarins um að skora á Alþingi að ákveða að taka Snæfellsnesbraut í þjóðvegatölu. Bréf 5. nóv. (Db. 555).
15. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ., fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í

tillögur sínar við næsta árs fjárlagafrv. 5000 kr. framlag til Kópaskersvegar. Bréf 8. nóv. (Db. 567).

16. Pétur Magnússon, 2. þm. Rang., sendir Alþingi útskrift úr gerðabók Landmannahrepps í Rangárvallasýslu, er í felst umsókn um fjárstyrk úr ríkissjóði til vegarlagningar á þjóðleiðinni í Landmannahreppi. Bréf 9. nóv. (Db. 580).
17. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., fer þess á leit við fjvn., að hún hlutist til um, að í næsta árs fjárlögum verði veitt nokkurt fé til framhaldslagningar ræktunarvega í Vestmannaeyjum. Bréf 9. nóvember (Db. 582).
18. Hermann Jónasson, þm. Str., sendir Alþingi fundargerð almenns landsmálafundar að Kaldrananesi í Strandasýslu 19. okt., er í felast áskoranir fundarins til Alþingis varðandi samgöngumál sýslunnar, fátækramál, fjárkláðamál og innflutningshöft á óþörfum varningi. Bréf 9. nóvember. (Db. 583).
19. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf., fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við næsta árs fjárlagafrv. 6000 kr. fjárveitingu til vegagerðar á þjóðveginum milli Ísafjarðar og Bolungavíkur. Bréf 13. nóv. (Db. 611).
20. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk., sendir fjvn. erindi hreppsnefndar Hörgslandshrepps, dags. 27. nóv., er í felst beiðni um fjárframlag til framhalds vegarlagningar á Austur-Síðu og byggingu brúar á Eldvatnið. Bréf 6. des. (Db. 711).

Sjá ennfr. Ábyrgðir 11, Brúargerðir, Landmælingar.

Veiðibjalla, sjá Eyðing svartbaks.

Verðjöfnunargjald, sjá Fiskiveiðar 3, 5, Landbúnaðarmál 3, Tollar og tollgæzla 4.

Verkamannafélag Akureyrar, sjá Tollar og tollgæzla 12.

Verkamannafélag Glæsibæjarhrepps, sjá Sjúkrastyrkur og styrktarstarfsemi 8.

Verkamannafélag Húsavíkur, sjá Sjúkrastyrkur og styrktarstarfsemi 9.

Verkfall bílstjóra, sjá Tollar og tollgæzla 10.

Verklegt nám sjómanna. Páll Þorbjörnsson, 3. landsk. þm., fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við næsta árs fjárlagafrv. 2000 kr. styrk til sjómannafélagsins Jötuns í Vestmannaeyjum, til að standast kostnað við verklegt nám sjómanna. Bréf 25. nóv. (Db. 694).

Verklýðs- og smábændafélag Hrútafjarðar, sjá Tollar og tollgæzla 3.

Verksmiðju- og vélaeftirlitið. Áætlun vegamálastjóra um útgjöld vegna verksmiðju- og vélaeftirlits árið 1936, dags. 19. jan. (Db. 19, LXI).

Verzlunarráð Íslands, sjá Varnir gegn vörusvikum 3.

Verzlunarskuldir. Búnaðarmálastjóri sendir Alþingi álit og tillögur búnaðarþings um frv. til l. um fyrning verzlunarskulda og um vaxtatöku af þeim. Bréf 9. marz. (Db. 142).

Verzlunarþing í Reykjavík, sjá Einkasölur.

Vestfjarðabáturinn h/f, sjá Strandferðir 1.

Vélbátaferðir, sjá Strandferðir.

Vélstjórafélag Íslands, sjá Skipaútgerð ríkisins 21.

Vélstjóraskólinn.
1. Tillögur skólastjóra vélstjóraskólans um fjárveitingar til skólans árið 1936, dags. 14. jan. 6 fskj. (Db. 19, XLIII).
2. Skólastjóri vélstjóraskólans sendir fjvn. áætlun um kostnað við skólann árið 1936. Bréf 12. nóv. (Db. 599).

Viðlagasjóður. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. til athugunar bréf sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 27. sept., varðandi viðlagasjóðslán Árnessýslu út af endurbyggingu Flóavegarins. Bréf 17. okt. 2 fskj. (Db. 415). Sjá ennfr. Eftirgjöf á láni 1, 3.

Viðskiptagjald. Sjómannafélag Vestmannaeyja mótmælir frv. um viðskiptagjald og skorar á Alþingi að fella þetta frv., en afla í þess stað teknanna með hækkuðum sköttum á hátekjumenn og lækkun á launum hálaunaðra embættismanna. Bréf 17. des. (Db. 808).

Viðtækjaverzlun ríkisins. Forstjóri Viðtækjaverzlunar ríkisins og Bifreiðaeinkasölu ríkisins sendir fjvn. rekstrar- og efnahagsreikning viðtækjaverzlunarinnar 1934, ásamt áætlun um tekjur viðtækjaverzlunarinnar og bifreiðaeinkasölunnar árið 1936. Bréf 17. okt. (Db. 394). Sjá ennfr. Launamál 16.

Vigfús Gunnarsson, sjá Skaðabætur 1.

Vilh. Finsen, sjá Útflutningur á fiski.

Vilhjálmur Þ. Gíslason, sjá Útvarp 3.

Vinnuhæli.
1. Tillögur forstöðumanns vinnuhælisins á Litla-Hrauni um fjárveitingar til vinnuhælisins árið 1936, dags. 24. jan. (Db. 19, XXIII).
2. Sami sendir fjvn. áætlun um rekstrarkostnað vinnuhælisins árið 1935 og rekstrarreikning þess pr. 31. des. 1934. Bréf 12. okt. (Db. 392).
3. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. bréf forstjóra vinnuhælisins á Litla-Hrauni, dags. 20. ágúst, um viðbót við húsrúm hælisins o. fl. Bréf 30. sept. 2 fskj. (Db. 311).

Vinnumiðstöð kvenna. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. bréf Kvenréttindafélags Íslands, dags. 12. okt., varðandi styrk til vinnumiðstöðvar kvenna í þessa árs fjárlögum. Bréf 17. okt. (Db. 421).

Vinnuveitendafélag Íslands sendir Alþingi tilkynningu um stofnun félagsins. Bréf 8. jan. 1 fskj. (Db. 4). Sjá ennfr. Iðnaðarmál 7.

Visnes, Olaf Olsen, sjá Ríkisborgararéttur.

Vitamál.
1. Tillögur vitamálastjóra um útgjöld til vitamála árið 1936. Bréf 14. jan. (Db. 19, XXXIV).
2. Sami sendir fjvn. tillögur sínar um fjárveitingar til vitanna árið 1936, ásamt yfirliti um kostnað við vita árin 1931—35. Bréf 6. nóv. (Db. 557).
3. Sami sendir sjútvn. Nd. umsögn sína um erindi skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis, dags. 14. nóv., um leiðarmerki á Húnaflóa. Bréf 9. des. (Db. 753).
4. Sami sendir sjútvn. Nd. umsögn sína um erindi sjómanna í Sandgerði og víðar, um að sett verði hljóð- og ljósbauja við Sandgerðissund. Bréf 6. nóv. (Db. 558).

5. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf., sækir um styrk til landtökuvita á Óshólum. Bréf 19. febr. (Db. 63).
6. Stjórn fiskideildar Ólafsfjarðar skorar á Alþingi og ríkisstjórn að hlutast til um, að á þessu ári verði reistur viti í nánd við Þyrstlinga við austanverðan Eyjafjörð og einnig á Hrólfsskeri við Eyjafjörð. Bréf 10. febr. (Db. 173).
7. Stýrimanna- og skipstjórafélagið Ægir fer þess á leit við Alþingi, að það hlutist til um, að á næsta vori verði sett leiðarmerki á tilteknum stöðum á Húnaflóa. Bréf 14. nóv. (Db. 619).
8. Sjútvn. Nd. sendir fjvn. bréf vitamálastjóra, dags. 6. nóv., er í felst umsögn hans um erindi sjómanna í Sandgerði og víðar, um að sett verði hljóð- og ljósbauja við Sandgerðissund. Bréf 15. nóv. (Db. 622).
9. Hermann Jónasson, þm. Str., sendir Alþingi símskeyti, dags. 28. okt., er í felst áskorun fundar að Árnesi í Strandasýslu 26. okt. um að þingmaðurinn beiti sér fyrir því, að á næsta vori verði byggður innsiglingarviti fyrir Ingólfsfirði. Bréf 18. nóv. (Db. 634).
10. Skipstjórafélagið Kári í Hafnarfirði fer þess á leit við sjútvn. Nd., að hún hlutist til um, að á næsta vori verði sett leiðarmerki á tilteknum stöðum á Húnaflóa. Bréf 30. nóv. (Db. 731).
11. Samtrygging íslenzkra botnvörpunga sendir sjútvn. Nd. meðmæli sín með erindi skipstjórafélagsins Ægis til nefndarinnar, dags. 14. nóv., um að sett verði leiðarmerki á tilteknum stöðum á Húnaflóa. Bréf 22. nóv. (Db. 732).
12. Fiskifélag Íslands sendir áskorun fjórðungsþings fiskideilda Norðlendingafjórðungs 23.—25. nóv. til Alþingis, um að það beiti sér fyrir því, að á næsta sumri verði byggðir vitar á Grenjanesi við Þistilfjörð og á Hrólfsskeri í Eyjafirði og ljósmerki á Látrum. Bréf 4. des. (Db. 742).

Sbr. og Eftirlaun og styrktarfé 25, 26.

Vitavörðurinn á Rifi, sjá Túnrækt.

Vífilsstaðir, sjá Sjúkrahús 8, 16.

Vísnasöfnun, sjá Ritstyrkur 4.

Vorsabær, sjá Jarðakaup ríkissjóðs 4.

Vörugjald. Fundur sjálfstæðismanna í Vestmannaeyjum 13. okt. skorar á Alþingi að samþykkja lög um framlenging heimildar fyrir bæjarstjórn Vestmannaeyja til þess að taka vörugjald í bæjarsjóð. (Db. 457).

Wæhle, Johannes, sjá Ríkisborgararéttur.

Þingfréttir útvarpsins, sjá Útvarp 4, 8.

Þingmálafundargerðir. Úr Dalasýslu, ein (Db. 348). Úr Eyjafjarðarsýslu, ein, 31. jan. (Db. 41). Úr Austur-Húnavatnssýslu, fjórar, 27. og 30. jan., 1. febr., ein ódags. (Db. 83, 402). Úr Vestur-Húnavatnssýslu, ein, 9. febr. (Db. 31). Frá Ísafirði, ein, 9. febr. (Db. 20). Úr Norður-Ísafjarðarsýslu, ein, Fundargerð 8. þing- og héraðsmálafundur N.-Ísf.) 5.—8. febr. (Db. 10). Úr Vestur-Ísafjarðarsýslu, ein (Fundargerð 36. þing- og héraðsmálafundar V.-Ísf.) 26.—29. jan. (Db. 12). Úr Mýrasýslu, ein, 13. febr. (Db. 54). Úr Rangárvalla-

sýslu, ein, 2. júní (Db. 418). Úr Vestmannaeyjum, ein, 7. okt. (Db. 456). Frá Raufarhöfn, ein, 3. febr. (Db. 117). Úr Norður-Þingeyjarsýslu, fimm, 3. og 9. febr. (Db. 25), tvær ódags. (Db. 351).

Þingmennskuumboð Magnúsar Torfasonar, sjá Miðstjórn.

Þingskrifarar, sjá Alþingistíðindi 2.

Þingvellir, sjá Skógrækt 4.

Þjóðjarðasala. Atv.- og samgmrn. sendir Alþingi skjöl um sölu þjóðjarða þeirra, sem seldar hafa verið síðan 1930, en þær eru þessar: 1) Skagnes II í Hvammshreppi í Vestur-Skaftafellssýslu, 2) Reykjatangi í Reykjalandi í Hrútafirði, 3) 340 landskuldarálnir úr jörðinni Nesi í Norðfirði. Bréf 13. marz. (Db. 159).

Þjóðminjasafnið. Tillögur þjóðminjavarðar um fjárveitingar til þjóðminjasafnsins árið 1936, dags. 12. jan. (Db. 19, LII).

Þjóðminjavörður, sjá Fornminjar.

Þjóðskjalasafnið. Þjóðskjalavörður sækir um hækkun á styrk til þjóðskjalasafnsins. Bréf 15. jan. (Db. 19, LI).

Þjóðsögur.

1. Helgi Guðmundsson frá Austmannsdal sækir um 1000 króna styrk til þjóðsagnasöfnunar. Bréf 1. marz. 1 fskj. (Db. 89).
2. Sami gerir frekari grein fyrir umsókn sinni til fjvn. um styrk til þjóðsagnasöfnunar. Bréf 5. okt. (Db. 328).

Þorgeir Jónasson, sjá Jarðakaup ríkissjóðs 8.

Þorsteinn Jónsson, sjá Ritstyrkur 14.

Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, sjá Ritstyrkur 15.

Þorvaldur Guðjónsson, sjá Hvalveiðar.

Þorvaldur Pálsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 17.

Þorv. G. Þormar, sjá Ábyrgðir 6.

Þór, sjá Landhelgisgæzla.

Þórarinn Jónsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 41.

Þórbergur Þórðarson, sjá Ritstyrkur 13.

Þórður Jensson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 45.

Þórhallur Sigtryggsson, sjá Læknisbústaðir og sjúkraskýli 2.

Þórhallur Þorgilsson, sjá Kennslubók í ítölsku.

Þórir Tryggvason, sjá Lífeyrissjóður embættismanna 6.

Þórunn Magnúsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 46.

Þróttur, verkamannafélagið, sjá Sjúkrastyrkur og styrktarstarfsemi 3.

Þýzk ríkismörk. Nefnd, kosin á almennum fundi togaraeigenda 15. marz, skorar á Alþingi að samþykkja nú þegar till. til þál. um ábyrgð á þýzkum ríkismörkum, sem liggur fyrir Alþingi. Bréf 2. apríl. (Db. 236).

Ægir, stýrimanna- og skipstjórafélag, sjá Vitamál 3.

Ættaróðal og óðalsréttur. Búnaðarmálastjóri sendir Alþingi meðmæli búnaðarþings með frv. til l. um ættaróðal og óðalsrétt. Bréf 11. marz. (Db. 145).

Öldubrjóturinn í Bolungavík, sjá Hafnir og lendingarbætur 5, 17, 21, 28, 31.
Örkumla menn.
1. Friðjón A. Jóhannsson sækir um 3000 kr. styrk vegna örkumla. Bréf 22. okt. (Db. 452).
2. Jóh. Teitsson, Látrum í Aðalvík, sækir um 1500 kr. styrk til handa Sigurði Þorkelssyni, s. st., sem er handarvana. Bréf 3. nóv. 1 fskj. (Db. 590).

Sjá ennfr. Ríkisframfærsla, Tryggingarmál 12.
Örn, ungmennafélag, sjá Sundlaugar og sundskálar.
Öryggi skipa, sjá Skipaskoðun.

Sþ. 959. Þingmannaskrá með bústöðum o. fl. [Fyrir þinghlé.]

Skammstafanir: a. = allsherjarnefnd, fjh. = fjárhagsnefnd, fjv. = fjárveitinganefnd, i. = iðnaðarnefnd, k. = kjörbréfanefnd, l. = landbúnaðarnefnd, m. = menntamálanefnd, sa. = samgöngumálanefnd, sj. = sjávarútvegsnefnd, u. = utanríkismálanefnd. A. = Alþýðuflokkur, B. = Bændaflokkur, F. = Framsóknarflokkur, S. = Sjálfstæðisflokkur, U. = utan flokka

Tala	Nöfn þingmanna og staða	Kjördæmi	Fæðingardagur og ár	Heimili	Dvalarstaður um þingtímann og sími	Í hverjum fastanefndum	Tala áður setinna þinga	Þingflokkur	Þingdeild	Tala
1	Ásgeir Ásgeirsson, fræðslumálastjóri	Vestur-Ísafjarðarsýsla	13/6 '94	Reykjavík	Sjafnargata 12 4300	fjh.; m.	13	U	Nd.	1
2	Bergur Jónsson, sýslumaður	Barðastrandarsýsla	24/9 '98	Patreksfjörður	Njálsgata 78 4920	a.; k.	5	F	Nd.	2
3	Bernharð Stefánsson, útibússtjóri	Eyjafjarðarsýsla, 1. þm.	8/1 '91	Akureyri	Ásvallagata 64 3924	fjh.; l.; m.	13	F	Ed.	3
4	Bjarni Ásgeirsson, bóndi, 1. varaforseti Sþ.	Mýrasýsla	1/8 '91	Reykir í Mosfellssveit	Vesturgata 27 3723	u.; l.; i.	9	F	Nd.	4
5	Bjarni Bjarnason, skólastjóri, skrifari í Sþ.	Árnessýsla, 2. þm.	21/10 '89	Laugarvatn	Laufásvegur 71 4964	fjv.; m.	1	F	Nd.	5
6	Einar Árnason, bóndi, forseti efri deildar	Eyjafjarðarsýsla, 2. þm.	27/11 '75	Eyrarland	Kirkjustræti 8 B 1709	k.	22	F	Ed.	6
7	Emil Jónsson, bæjarstjóri, 2. varaforseti Sþ.	Hafnarfjarðarkaupstaður	27/10 '02	Hafnarfjarðarkaupstaður	Hafnarfj.kaupst. 9181 9113	l.; i.	1	A	Nd.	7
8	Eysteinn Jónsson, fjármálaráðherra	Suður-Múlasýsla, 1. þm.	13/11 '06	Reykjavík	Ásvallagata 67 3277 1147		2	F	Nd.	8
9	Finnur Jónsson, forstjóri	Ísafjarðarkaupstaður	28/9 '94	Ísafjörður	Skólavörðustígur 38 2866	sa.; sj.	2	A	Nd.	9
10	Garðar Þorsteinsson, hæstaréttarmálaflutningsmaður	8. landskjörinn þm.	20/10 '98	Reykjavík	Vesturgata 19 3442 4400	a.	1	S	Nd.	10
11	Gísli Guðmundsson, ritstjóri	Norður-Þingeyjarsýsla	2/12 '03	Reykjavík	Tjarnargata 39 4245 4373	sa.; sj.	1	F	Nd.	11
12	Gísli Sveinsson, sýslumaður	Vestur-Skaftafellssýsla	7/12 '80	Vík í Mýrdal	Hótel Borg	sa.; k.	9	S	Nd.	12
13	Guðbrandur Ísberg, sýslumaður,	Akureyri	28/5 '93	Blönduós	Suðurgata 5 3688	l.; i.	5	S	Nd.	13
14	Guðrún Lárusdóttir, frú	5. landskjörinn þm.	8/1 '80	Reykjavík	Sólvallagata 23 3236	i ; m.	6	S	Ed.	14
15	Gunnar Thoroddsen, lögfræðingur, skrifari í Nd.	11. landskjörinn þm.	29/12 10	Reykjavík	Fríkirkjuvegur 3 3227	m.	1	S	Nd.	15
16	Hannes Jónsson, bóndi	Vestur-Húnavatnssýsla	17/11 '93	Kirkjuhvammur	Oldugata 11 2715		9	B	Nd.	16
17	Har ldur Guðmundsson, atvinnumálaráðherra	Seyðisfjarðarkaupstaður	26/7 '92	Reykjavík	Freyjugata 42 4521		9	A	Ed.	17
18	Hermann Jónasson, forsætisráðherra	Strandasýsla	25/12 '96	Reykjavík	Tjarnargata 32 2291		1	F	Ed.	18
19	Héðinn Valdimarsson, forstjóri	Reykjavík, 2. þm.	26/5 '92	Reykjavík	Sjafnargata 14 3682 1690	u.; a.	10	A	Nd.	19
20	Ingvar Pálmason, bóndi, 2. varaforseti Ed.	Suður-Múlasýsla, 2. þm	26/7 73	Neskaupstaður	Laufásvegur 19 2828	sj.; i.; a.	13	F	Ed.	20
21	Jakob Möller	Reykjavík, 3. þm.	12/7 '80	Reykjavík	Hólatorg 2 3117	fjh ; i.	13	S	Nd	21
22	Jóhann Jósefsson, kaupmaður, útgerðarmaður	Vestmannaeyjar	17/6 '86	Vestmannaeyjar	Hótel Borg	sj.	13	S	Nd.	22
23	Jón Auðunn Jónsson, forstjóri, skrifari í Sþ. og Ed.	Norður-Ísafjarðarsýsla	17/7 '78	Ísafjörður	Suðurgata 18 3520	sa.; sj.	15	S	Ed.	23
24	Jón Baldvinsson, bankastjóri, forseti sameinaðs þings	4. landskjörinn þm.	20/12 '82	Reykjavík	Miðstræti 10 3989	fjh.; l.	16	A	Ed.	24
25	Jón Ólafsson, bankastjóri	Rangárvallasýsla, 1. þm.	16/10 '69	Reykjavík	Laufásvegur 55 3415 3495	sa.	10	S	Nd.	25
26	Jón Pálmason, bóndi	Austur-Húnavatnssýsla	28/11 '88	Akur í Torfalækjarhreppi	Hringbraut 112 4425 3643	l.	2	S	Nd.	26
27	Jón Sigurðsson, bóndi	7. landskjörinn þm.	13/3 '88	Reynistaður í Skagafirði	Stýrimannastígur 9 3033	fjv.	14	S	Nd.	27
28	Jónas Guðmundsson, forstjóri, skrifari í Nd.	6. landskjörinn þm.	11/6 '98	Neskaupstaður	Suðurgata 14 2580 3318	fjv.;	1	A	Nd.	28
29	Jónas Jónsson, skólastjóri	Suður-Þingeyjarsýsla	1/5 '85	Reykjavík	Sambandshúsið 3603	fjv.; u.; m.	14	F	Ed.	29
30	Jörundur Brynjólfsson, bóndi, forseti neðri deildar	Árnessýsla, 1. þm.	21/2 '84	Skálholt í Biskupstungum	Lækjargata 6A 4854		18	F	Nd.	30
31	Magnús Guðmundsson, hæstaréttarmálaflutningsmaður	Skagafjarðarsýsla, 1. þm.	6/2 79	Reykjavík	Staðastaður 3034	fjv.; a.	22	S	Ed.	31
32	Magnús Jónsson, guðfræðiprófessor	Reykjavík, 1. þm	26/11 '87	Reykjavík	Laufásvegur 63 3877	u.; fjh.	16	S	Ed.	32
33	Magnús Torfason, sýslumaður	2. landskjörinn þm.	12/5 '68	Eyrarbakki	Laugavegur 40 1897		17	B	Nd.	33
34	Ólafur Thors, forstjóri	Gullbringu- og Kjósarsýsla	10/1 '92	Reykjavík	Garðastræti 41 3551	u.; fjh.	11	S	Nd.	34
35	Páll Hermannsson, bóndi, skrifari í Ed.	Norður-Múlasýsla, 1. þm.	28/4 '80	Eiðar í Eiðaþinghá	Hótel Borg	sa.; i.; a.	9	F	Ed.	35
36	Páll Zóphóníasson, ráðunautur, 2. varaforseti Nd.	Norður-Múlasýsla, 2. þm.	18/11 86	Reykjavík	Ránargata 6A 2278 1957	l.; i.	1	F	Nd.	36
37	Páll Þorbjörnsson, kaupfélagsstjóri	3. landskjörinn þm.	7/10 '06	Vestmannaeyjar	Grettisgata 16 4963	sj.	1	A	Nd.	37
38	Pétur Halldórsson, bóksali	Reykjavík, 5. þm.	26/1 '87	Reykjavík	Túngata 38 3135 3733	m.	3	S	Nd.	38
39	Pétur Magnússon, hæstaréttarmálaflutningsmaður	Rangárvallasýsla, 2. þm.	10/1 88	Reykjavík	Suðurg. 20 4811 3602 3533	u.; l.; k.	6	S	Ed.	39
40	Pétur Ottesen, bóndi	Borgarfjarðarsýsla	2/8 '88	Ytri-Hólmur á Akranesi	Stýrimannastígur 9 3033	fjv.	22	S	Nd.	40
41	Sigfús Jónsson, kaupfélagsstjóri	Skagafjarðarsýsla, 2. þm.	21/8 '66	Sauðárkrókur	Tjarnargata 10	fjh.	1	F	Nd.	41
42	Sigurður Einarsson, kennari	9. landskjörinn þm.	20/10 98	Reykjavík	Laugavegur 42 2766	fjv.; m.	1	A	Nd.	42
43	Sigurður Kristjánsson, ritstjóri	Reykjavík, 6. þm.	11/1 '85	Reykjavík	Oldugata 59 4020	sj.	1	S	Nd.	43
44	Sigurjón Á. Ólafsson, afgreiðslumaður, 1. varaforseti Ed.	Reykjavík, 4. þm.	20/10 '84	Reykjavík	Hverfisgata 44 1735	sa.; sj.; a.	5	A	Ed.	44
45	Stefán Jóh. Stefánsson, hæstaréttarmflm., 1. varaforseti Nd.	1. landskjörinn þm.	20/7 '94	Reykjavík	Ásvallagata 54 2077 4277	u.; fjh.; a.; k	1	A	Nd.	45
46	Thor Thors, lögfræðingur	Snæfellsnessýsla	26/11 '03	Reykjavík	Hringbraut 118 3511 1050	a.	2	S	Nd.	46
47	Þorbergur Þorleifsson, bóndi	Austur-Skaftafellssýsla	18/6 '90	Hólar í Hornafirði	Hótel Borg	fjv ; sa.	1	F	Nd.	47
48	Þorsteinn Briem, prófastur	10. landskjörinn þm.	3/7 85	Akranes	Holtsgata 16 2765	a.	1	B	Ed.	48
49	Þorsteinn Þorsteinsson, sýslumaður	Dalasýsla	23/12 '74	Búðardalur	Hótel Borg	fjv.	2	S	Ed.	49

Sþ. Þingmannaskrá með bústöðum o. fl. [Eftir þinghlé.]

Skammstafanir: a. = allsherjarnefnd, fjh. = fjárhagsnefnd, fjv. = fjárveitinganefnd, i. = iðnaðarnefnd, k. = kjörbréfnefnd, l. = landbúnaðarnefnd, m. = menntamálanefnd, sa. = samgöngumálanefnd, sj. = sjávarútvegsnefnd, u. = utanríkismálanefnd. A. = Alþýðuflokkur, B. Bændaflokkur, F. = Framsóknarflokkur, S. = Sjálfstæðisflokkur, U. = utanflokka

Tala	Nöfn þingmanna og staða	Kjördæmi	Fæðingardagur og ár	Heimili	Dvalarstaður um þingtímann og sími	Í hverjum fastanefndum	Tala áður setinna þinga	Þingflokkur	Þingdeild	Tala
1	Ásgeir Ásgeirsson, fræðslumálastjóri	Vestur-Ísafjarðarsýsla	13/5 '94	Reykjavík	Sjafnargata 12 4300	fjh.; m.	13	U	Nd.	1
2	Bergur Jónsson, sýslumaður	Barðastrandarsýsla	24/9 '98	Hafnarfjörður	Hafnarfj.kaupst. 9234	a.; k.	5	F	Nd.	2
3	Bernharð Stefánsson, útibússtjóri	Eyjafjarðarsýsla, 1. þm.	8/1 '91	Akureyri	Hótel Borg 1440	fjh.; l.; m.	13	F	Ed.	3
4	Bjarni Ásgeirsson, bóndi, 1. varaforseti Sþ.	Mýrasýsla	1/8 '91	Reykir í Mosfellssveit	Vesturgata 27 3723	u.; l.; i.	9	F	Nd.	4
5	Bjarni Bjarnason, skólastjóri, skrifari í Sþ.	Árnessýsla, 2. þm.	23/10 '89	Laugarvatn	Barónsstígur 65 1748	fjv ; m.	1	F	Nd.	5
6	Einar Árnason, bóndi, forseti efri deildar	Eyjafjarðarsýsla, 2. þm.	27/11 '75	Eyrarland	Öldugata 2 1623	k.	22	F	Ed.	6
7	Eiríkur Einarsson, fulltrúi, skrifari í Nd.	11. landsk. (vara)þm.	2/3 '85	Reykjavík	Hringbraut 64 3869	m.	5	S	Nd.	7
8	Emil Jónsson, bæjarstjóri, 2. varaforseti Sþ.	Hafnarfjarðarkaupstaður	27/10 '02	Hafnarfjarðarkaupstaður	Hafnarfj.kaupst. 9181 9113	l.; i.	1	A	Nd.	8
9	Eysteinn Jónsson, fjármálaráðherra	Suður-Múlasýsla, 1. þm.	13/11 '06	Reykjavík	Ásvallagata 67 3277 1147		2	F	Nd.	9
10	Finnur Jónsson, forstjóri	Ísafjarðarkaupstaður	28/9 '94	Ísafjörður	Skólavörðustígur 38 1749	sa.; sj.	2	A	Nd.	10
11	Garðar Þorsteinsson, hæstaréttarmálaflutningsmaður	8. landskjörinn þm.	29/10 '98	Reykjavík	Vesturgata 19 3442 4400	a.	1	S	Nd.	11
12	Gísli Guðmundsson, ritstjóri	Norður-Þingeyjarsýsla	2/12 '03	Reykjavík	Seljavegur 5 4245	sa.; sj.	1	F	Nd.	12
13	Gísli Sveinsson, sýslumaður	Vestur-Skaftafellssýsla	7/12 '80	Vík í Mýrdal	Hótel Borg	sa.; k.	9	S	Nd.	13
14	Guðbrandur Ísberg, sýslumaður	Akureyri	28/5 '93	Blönduós	Suðurgata 5 3688	l.; i.	5	S	Nd.	14
15	Guðrún Lárusdóttir, frú	5. landskjörinn þm.	8/1 '80	Reykjavík	Sólvallagata 23 3236	i.; m.	6	S	Ed.	15
16	Hannes Jónsson, bóndi	Vestur-Húnavatnssýsla	17/11 '93	Kirkjuhvammur	Sóleyjargata 13 3519		9	B	Nd.	16
17	Haraldur Guðmundsson, atvinnumálaráðherra	Seyðisfjarðarkaupstaður	26/7 '92	Reykjavík	Freyjugata 42 4521		9	A	Ed.	17
18	Hermann Jónasson, forsætisráðherra	Strandasýsla	25/12 '96	Reykjavík	Tjarnargata 32 2291		1	F	Ed.	18
19	Héðinn Valdimarsson, forstjóri	Reykjavík, 2. þm.	26/5 '92	Reykjavík	Sjafnargata 14 3682 1690	u.; a.	10	A	Nd.	19
20	Ingvar Pálmason, bóndi, 2. varaforseti Ed.	Suður-Múlasýsla, 2. þm.	26/7 '73	Neskaupstaður	Laufásvegur 19 2828	sj.; i.; a.	13	F	Ed.	20
21	Jakob Möller	Reykjavík, 3. þm.	12/7 '80	Reykjavík	Hólatorg 2 3117	fjh.; i.	13	S	Nd.	21
22	Jóhann Jósefsson, kaupmaður, útgerðarmaður	Vestmannaeyjar	17/6 '86	Reykjavík	Bergstaðastræti 86 4884	sj.	13	S	Nd.	22
23	Jón Auðunn Jónsson, forstjóri, skrifari í Sþ. og Ed.	Norður-Ísafjarðarsýsla	17/7 '78	Ísafjörður	Suðurgata 18 3520	sa.; sj.	15	S	Ed	23
24	Jón Baldvinsson, bankastjóri, forseti sameinaðs þings	4. landskjörinn þm.	20/12 '82	Reykjavík	Miðstræti 10 3989	fjh.; l.	16	A	Ed.	24
25	Jón Ólafsson, bankastjóri	Rangárvallasýsla, 1. þm.	16/10 '69	Reykjavík	Laufásvegur 55 3415 3495	sa.	10	S	Nd.	25
26	Jón Pálmason, bóndi	Austur-Húnavatnssýsla	28/11 '88	Akur í Torfalækjarhreppi	Hringbraut 112 4425 3643	l.	2	S	Nd.	26
27	Jón Sigurðsson, bóndi	7. landskjörinn þm.	13/3 '88	Reynistaður í Skagafirði	Stýrimannastígur 9 3033	fjv.	14	S	Nd.	27
28	Jónas Guðmundsson, forstjóri, skrifari í Nd.	6. landskjörinn þm.	11/6 '98	Neskaupstaður	Laufásvegur 3 1207	fjv.	1	A	Nd	28
29	Jónas Jónsson, skólastjóri	Suður-Þingeyjarsýsla	1/5 '85	Reykjavík	Sambandshúsið 3603	fjv.; u.; m.	14	F	Ed.	29
30	Jörundur Brynjólfsson, bóndi, forseti Nd.	Árnessýsla, 1. þm.	21/2 '84	Skálholti í Biskupstungum	Lækjargata 6 A 4854		18	F	Nd.	30
31	Magnús Guðmundsson, hæstaréttarmálaflutningsmaður	Skagafjarðarsýsla, 1. þm.	9/2 '79	Reykjavík	Staðastaður 3034	fjv.; a.	22	S	Ed.	31
32	Magnús Jónsson, guðfræðiprófessor	Reykjavík, 1. þm.	20/11 '87	Reykjavík	Laufásvegur 63 3877	u.; fjh.	16	S	Ed.	32
33	Magnús Torfason, sýslumaður	2. landskjörinn þm.	12/5 '68	Eyrarbakki	Laugavegur 40 1897		17	B	Nd.	33
34	Ólafur Thors, forstjóri	Gullbringu- og Kjósarsýsla	14/1 '92	Reykjavík	Garðastræti 41 3551	u.; fjh.	11	S	Nd.	34
35	Páll Hermannsson, bóndi, skrifari í Ed.	Norður-Múlasýsla, 1. þm.	28/4 '80	Eiðar í Eiðaþinghá	Tjarnargata 28 3255	sa.; i.; a.	9	F	Ed	35
36	Páll Zóphóníasson, ráðunautur, 2. varaforseti Ed.	Norður-Múlasýsla, 2. þm.	18/11 '86	Reykjavík	Ránargata 6 A 2278 1957	l.; i.	1	F	Nd.	36
37	Páll Þorbjörnsson, kaupfélagsstjóri	3. landskjörinn þm.	7/10 '06	Vestmannaeyjar	Hótel Borg 1440	sj.	1	A	Nd.	37
38	Pétur Halldórsson, borgarstjóri	Reykjavík, 5. þm.	26/1 '87	Reykjavík	Túngata 38 3135 3733	m.	3	S	Nd.	38
39	Pétur Magnússon, hæstaréttarmálaflutningsmaður	Rangárvallasýsla, 2. þm.	10/1 '88	Reykjavík	Suðurg. 20 4811 3602 3533	u.; l.; k.	6	S	Ed.	39
40	Pétur Ottesen, bóndi	Borgarfjarðarsýsla	2/8 '88	Vtrihólmur á Akranesi	Stýrimannastígur 9 3033	fjv.	22	S	Nd.	40
41	Sigfús Jónsson, kaupfélagsstjóri	Skagafjarðarsýsla, 2. þm.	21/8 '66	Sauðárkrókur	Hótel Skjaldbreið 3549	fjh.	1	F	Nd.	41
42	Sigurður Einarsson, kennari	9. landskjörinn þm.	20/10 '98	Reykjavík	Laugavegur 42 2766	fjv.; m.	1	A	Nd.	42
43	Sigurður Kristjánsson, ritstjóri	Reykjavík, 6. þm.	14/4 '85	Reykjavík	Öldugata 59 4020	sj.	1	S	Nd.	43
44	Sigurjón Á Ólafsson, afgreiðslumaður, 1. varaforseti Ed.	Reykjavík, 4. þm.	29/10 '81	Reykjavík	Hverfisgata 44 1735	sa.; sj.; a.	5	A	Ed.	44
45	Stefán Jóh. Stefánsson, hæstaréttarmálfl., 1. varaforseti Nd.	1. landskjörinn þm.	20/7 '94	Reykjavík	Ásvallagata 54 2077 4277	u.; fjh.; a.; k.	1	A	Nd.	45
46	Thor Thors, lögfræðingur	Snæfellsnessýsla	26/11 '03	Reykjavík	Hringbraut 118 3511 1050	a.	2	S	Nd.	46
47	Þorbergur Þorleifsson, bóndi	Austur-Skaftafellssýsla	18/6 '90	Hólar í Hornafirði	Hótel Borg 1440 1677	fjv.; sa.	1	F	Nd.	47
48	Þorsteinn Briem, prófastur	10. landskjörinn þm.	1/7 '85	Akranes	Holtsgata 16 2765	a.	1	B	Ed.	48
49	Þorsteinn Þorsteinsson, sýslumaður	Dalasýsla	27/12 '84	Búðardalur	Hótel Borg 1440 1676	fjv.	2	S	Ed.	49